571	Vextir, lánagjöld	27 000	
51–57	Viðhald	6 000	
593	Afskriftir	21 640	
5	Gjöld samtals	200 950	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	155 000	
4810	Framlög úr ríkissjóði	37 000	
471	Vaxtatekjur	1 400	
49	Aðrar tekjur	28 850	
4	Tekjur samtals	222 250	
	Mismunur		21 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	37 840	
18	Fjárfestingar	5 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	21 640	
39	Ráðstöfun eigin fjár	21 300	
30–331 Vitamálastjórn, áhaldahús			
51	Laun	12 532	
52–57	Rekstrargjöld	6 868	
535	Hráefni og vörur til endursölu	2 300	
51–57	Viðhald	3 300	
5	Gjöld samtals	25 000	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	25 000	
4	Tekjur samtals	25 000	
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	10 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala á eignum	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnarbótasjóður**		
52–57	Rekstrargjöld	470	
571	Vextir, lánagjöld	1 575	
59	Yfirfærslur	7 000	
5	Gjöld samtals	9 045	
4810	Framlög úr ríkissjóði	10 000	
471	Vaxtatekjur	3 134	
4	Tekjur samtals	13 134	
	Mismunur		4 089
	Fjármunahreyfingar út:		
16	Veitt lán	6 978	
26	Afborganir lána	2 272	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	5 161	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 089	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	2 208	
52–57	Rekstrargjöld	1 691	
571	Vextir, lánagjöld	266	
593	Afskriftir	601	
5	Gjöld samtals	4 766	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	7 250	
4810	Framlög úr ríkissjóði	1 957	
471	Vaxtatekjur	629	
49	Aðrar tekjur	76	
4	Tekjur samtals	9 912	
	Mismunur		5 146
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborganir lána	691	
18	Fjárfestingar	5 056	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	601	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 146	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	4 798	
52–57	Rekstrargjöld	665	
571	Vextir, lánagjöld	211	
51–57	Viðhald	4 000	
593	Afskriftir	1 244	
5	Gjöld samtals	10 918	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	9 463	
4810	Framlög úr ríkissjóði	1 639	
4	Tekjur samtals	11 102	
	Mismunur		184
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborganir lána	1 428	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	1 244	
39	Ráðstöfun eigin fjár	184	
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	990	
52–57	Rekstrargjöld	759	
571	Vextir, lánagjöld	156	
593	Afskriftir	100	
5	Gjöld samtals	2 005	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	1 900	
4810	Framlög úr ríkissjóði	2 804	
471	Vaxtatekjur	5	
4	Tekjur samtals	4 709	
	Mismunur		2 704
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborganir lána	1 148	
18	Fjárfestingar	1 656	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 704	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–671	**Umferðarmiðstöðin**		
51	Laun	145	
52–57	Rekstrargjöld	350	
5	Gjöld samtals	495	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	540	
49	Aðrar tekjur	455	
4	Tekjur samtals	995	
	Mismunur		500
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	3 500	
	Fjármunahreyfingar inn:		
26	Tekin lán	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	500	
30–672	**Sérleyfissjóður**		
51	Laun	700	
52–57	Rekstrargjöld	500	
5	Gjöld samtals	1 200	
4810	Framlög úr ríkissjóði	1 000	
49	Aðrar tekjur	200	
4	Tekjur samtals	1 200	
30–673	**Ferðaskrifstofa ríkisins**		
51	Laun	8 362	
52–57	Rekstrargjöld	9 860	
5	Gjöld samtals	18 222	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	17 466	
471	Vaxtatekjur	556	
49	Aðrar tekjur	200	
4	Tekjur samtals	18 222	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	79 761	
52–57	Rekstrargjöld	107 263	
535	Hráefni og vörur til endursölu	28 641	
571	Vextir, lánagjöld	47 434	
51–57	Viðhald	38 700	
593	Afskriftir	51 700	
5	Gjöld samtals	353 499	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	357 025	
49	Aðrar tekjur	800	
4	Tekjur samtals	357 825	
	Mismunur		4 326
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborganir lána	25 643	
18	Fjárfestingar	15 000	
32	Annað	15 383	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	51 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 326	
31–233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	29 202	
52–57	Rekstrargjöld	8 724	
535	Hráefni og vörur til endursölu	12 512	
571	Vextir, lánagjöld	2 579	
51–57	Viðhald	460	
593	Afskriftir	5 070	
5	Gjöld samtals	58 547	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	62 845	
471	Vaxtatekjur	103	
4	Tekjur samtals	62 948	
	Mismunur		4 401

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	1 359	
18	Fjárfestingar	2 800	
32	Annað	5 312	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 070	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 401	

31–311 Landsvirkjun

51	Laun	130 000	
52–57	Rekstrargjöld	223 000	
535	Hráefni og vörur til endursölu	156 000	
571	Vextir, lánagjöld	1 313 000	
51–57	Viðhald	90 000	
593	Afskriftir	710 000	
5	Gjöld samtals	2 622 000	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	2 711 000	
4	Tekjur samtals	2 711 000	
	Mismunur		89 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	799 000	
18	Fjárfestingar	1 400 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	1 400 000	
19	Afskriftir	710 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	89 000	

31–314 Kröfluvirkjun

51	Laun	14 500	
52–57	Rekstrargjöld	32 000	
571	Vextir, lánagjöld	253 050	
5	Gjöld samtals	299 550	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	145 000	
4	Tekjur samtals	145 000	
	Mismunur		−154 550
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborganir lána	245 450	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	400 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−154 550	

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	110 000	
52–57	Rekstrargjöld	165 000	
535	Hráefni og vörur til endursölu	952 300	
571	Vextir, lánagjöld	213 200	
593	Afskriftir	237 200	
5	Gjöld samtals	1 677 700	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	1 320 900	
49	Aðrar tekjur	356 800	
4	Tekjur samtals	1 677 700	
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborganir lána	109 600	
18	Fjárfestingar	185 000	
32	Annað	127 600	
	Fjármunahreyfingar inn:		
26	Tekin lán	175 000	
19	Afskriftir	237 200	
32	Annað	10 000	
31–331	**Jarðboranir ríkisins**		
51	Laun	16 368	
52–57	Rekstrargjöld	14 485	
535	Hráefni og vörur til endursölu	4 000	
571	Vextir, lánagjöld	41	
593	Afskriftir	14 273	
5	Gjöld samtals	49 167	
43–44	Seldar vörur og þjónusta	48 667	
471	Vaxtatekjur	200	
49	Aðrar tekjur	300	
4	Tekjur samtals	49 167	
	Fjármunahreyfingar út:		
26	Afborganir lána	103 229	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	14 273	
32	Annað	88 956	

				Þús. kr.	Þús. kr.
31–332	**Jarðvarmaveitur ríkisins**				
52–57	Rekstrargjöld			3 120	
571	Vextir, lánagjöld			7 980	
51–57	Viðhald			477	
5	Gjöld samtals			11 577	
43–44	Seldar vörur og þjónusta			11 577	
4	Tekjur samtals			11 577	
	Fjármunahreyfingar út:				
26	Afborganir lána			60 000	
18	Fjárfestingar			234	
	Fjármunahreyfingar inn:				
32	Annað			60 234	
31–369	**Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar**				
	Fjármunahreyfingar út:				
18	Fjárfestingar			8 000	
	Fjármunahreyfingar inn:				
32	Annað			8 000	
31–371	**Orkusjóður**				
52–57	Rekstrargjöld			600	
571	Vextir, lánagjöld			472 281	
59	Yfirfærslur:				
	Verðjöfnunargjald af raforku:				
	Rafmagnsveitur ríkisins	336 000			
	Orkubú Vestfjarða	84 000	420 000		
	Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar:				
	Sveitarafvæðing	5 000			
	Einkarafstöðvar	3 000	8 000	428 000	
5	Gjöld samtals			900 881	
4810	Framlög úr ríkissjóði			581 600	
471	Vaxtatekjur			418 886	
4	Tekjur samtals			1 000 486	
	Mismunur				99 605

			Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:				
16	Veitt lán:			
	Jarðhitaleitarlán	15 000		
	Hitaveitulán	10 000	25 000	
26	Afborganir lána		273 405	
18	Fjárfestingar:			
	Styrking dreifikerfa í sveitum		20 000	
Fjármunahreyfingar inn:				
16	Innheimtar afborganir		198 800	
26	Tekin lán:			
	Hitaveitulán	10 000		
	Jarðhitaleitarlán	10 000	20 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár		99 605	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1985 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1985 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1985 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands á árinu 1985 ríkisskuldabréf, spariskírteini og/eða ríkisvíxla að fjárhæð allt að 550 m.kr.

2.2 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1985 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf aðflutningsgjalda og sölugjalds:

3.1 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar), þ. e. í þeim iðngreinum sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til stofnlína fyrir 132 kV spennu og hærri, svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði og efni til mengunarvarna sem sett eru upp að kröfu Siglingamálastofnunar:

a. Fleytibúnaði til þess að ná upp olíu sem flýtur á sjó.
b. Flotgirðingum til að hefta útbreiðslu olíu sem flýtur á sjó.
c. Svokölluðum dreifiefnum sem eru sérstaklega gerð til að sundra olíuflekk sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.5 Að endurgreiða sölugjald af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87.02.43, svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í sjúkrabifreiðar, svo og bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjúkra- og leitarbifreiðum í eigu björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær og öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra- og millibylgjur (VHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna fjarskiptatækja sem sett kunna að verða upp í Loðmundarfirði, svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða) sem notaðir eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.8 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af reiðhjólum í tollskrárnúmeri 87.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.10 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi útvarps, svo og óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir útvarp. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hljóðfærum, svo og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00 og 92.10.00, sem tollafgreidd verða á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.12 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum, véla- og varahlutum, svo og búrum, efnivörum í þau, hreiðurkössum og gildrum til nota við framleiðslu á loðdýraafurðum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.13 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af kornskurðarvélum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.14 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kunna að kaupa á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til byggingar saltverksmiðju á Reykjanesi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.17 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21 sem verða tollafgreidd á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.18 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af jafnmörgum talstöðvum og skráðar voru í bifreiðum áður en breytingar Póst- og símamálastofnunar á fjarskiptakerfi fyrir þessar bifreiðar komu til framkvæmda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.19 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af innanhússsímum fyrir sjúkrahús og aðrar hjúkrunarstofnanir. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.20 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af neyðar- og kallkerfum sem sett verða upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 92/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.21 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af eftirtöldum búnaði til björgunarsveita:

a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum til nota við björgun manna úr sjávarháska.
b. Utanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.
c. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá strönduðum skipum.
d. Sérhönnuðum „neyðarleifturljósum“ (strobe-light) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
e. Sérhönnuðum björgunarbátum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.22 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af hjartaþræðingartæki sem fyrirhugað er að kaupa fyrir Landspítalann.

3.23 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.24 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af varahlutum til snjóbifreiða sem annast reglulega fólksflutninga. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.25 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af blásturshljóðfærum sem Tónlistarfélag Sandgerðis hefur keypt.

3.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.27 Að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda af lyftibúnaði sem sérstaklega er hannaður til uppsetningar á hafnarsvæðum og til nota þar við lestun og losun skipa enda flokkist hann undir tollskrárnúmer 84.22.21 eða 84.22.29. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.28 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af skíðalyftum.

3.29 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af orgelum til notkunar í kirkjum.

3.30 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstækjum og upptökutækjum sem grunnskólarnir á Blönduósi og Húnavöllum hafa fengið að gjöf.

3.31 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjóbifreið ásamt fylgihlutum sem Austfjarðaleið hf. hefur keypt til þess að sinna sérleyfisakstri milli Egilsstaða og Norðfjarðar.

3.32 Að undanþiggja sölugjaldi sölu Listasafns Íslands á 30 glermyndum eftir Leif Breiðfjörð.

3.33 Að fella niður og endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af bryggjukrana til notkunar á Bakkafirði.

3.34 Að fella niður aðflutningsgjöld af ljósastjórnbúnaði fyrir Leikfélag Reykjavíkur.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds:

4.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

4.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

4.3 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af veðskuldabréfi útgefnu af International Lease Finance Corporation til Bank of America National Trust and Savings með veði í flugvélinni TF—VLT. Umrædda flugvél leigir Arnarflug af ILFC og er hún skráð hérlendis á meðan leigutíminn varir og því er veðum sem á henni hvíla jafnframt þinglýst hérlendis.

4.4 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna:

5.1 Að selja húseignir Ríkisútgáfu námsbóka að Brautarholti 6 og Tjarnargötu 10, Reykjavík.

5.2 Að selja hluta ríkissjóðs í húseigninni Blátúni, Eyrarbakka.

5.3 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

5.4 Að selja hluta ríkissjóðs í húsnæði Iðnskólans við Sigtún 1, Selfossi.

5.5 Að selja varðskipið Þór.

5.6 Að selja hluta ríkissjóðs í gamla barnaskólahúsinu á Borðeyri.

5.7 Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði.

5.8 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi.

5.9 Að hafa makaskipti á hluta af svonefndum Torfulóðum við Lækjargötu í Reykjavík og lóðum í nágrenni Alþingishússins.

5.10 Að selja íbúð á 1. hæð að Hörðuvöllum 6 og húseignina að Hrísholti 8, Selfossi, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða byggja skrifstofuhúsnæði og lögreglustöð á Selfossi, svo og að taka nauðsynleg lán í því sambandi.

5.11 Að selja fasteignirnar að Suðurgötu 8 og Brekkugötu 1, Hafnarfirði, og verja andvirði þeirra til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, svo og að taka nauðsynleg lán í því sambandi.

5.12 Að selja íbúð í eigu Húsabakkaskóla í Svarfaðardal og verja andvirðinu til að byggja nýja.

5.13 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Sólvöllum 3, Selfossi.

5.14 Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.

5.15 Að selja jörðina Gilá í Áshreppi.

5.16 Að selja eignarhlut ríkisins í húseigninni Laufskógum 37, Hveragerði.

5.17 Að selja Hvammstangahreppi hluta af eignarlóð Póst- og símamálastofnunar að Lækjargötu 2, Hvammstanga.

5.18 Að selja dýralæknisbústað að Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi, og verja andvirði hússins til kaupa á húsnæði fyrir dýralækni í Mýrasýsluumdæmi og taka jafnframt nauðsynleg lán til kaupanna.
5.19 Að selja dýralæknisbústað að Höfðagötu 27, Stykkishólmi.
5.20 Að afsala í makaskiptum 2,6 ha spildu úr landi Húsatófta í Gullbringusýslu í skiptum fyrir grasbýlið Vindheima við Húsatóftir.
5.21 Að selja húseignina Suðurgötu 88, Akranesi.
5.22 Að selja húseignina Lagarás 4, Egilsstöðum, og verja andvirði hennar til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir Skattstofu Austurlands.
5.23 Að selja eignarhluta ríkisins í Krísuvíkurskóla.
5.24 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík, og verja andvirði hennar til kaupa eða byggingar á húsnæði fyrir útsölu ÁTVR.
5.25 Að selja húseignina Hrannargötu 2, Ísafirði, og verja andvirði hennar til kaupa á nýjum embættisbústað fyrir sýslumann og bæjarfógeta á Ísafirði.
5.26 Að selja húseignina Ægisbraut 7, Búðardal, og verja andvirðinu til kaupa á nýjum embættisbústað fyrir sýslumann Dalasýslu og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
5.27 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27 á Siglufirði og verja andvirðinu til kaupa á nýjum embættisbústað fyrir bæjarfógeta á Siglufirði, svo og að taka nauðsynleg lán í því sambandi.
5.28 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.
5.29 Að kaupa Ingólfsskála við Reykjavíkurhöfn til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina og taka til þess lán ef nauðsynlegt reynist.
5.30 Að selja Andakílsárvirkjun u. þ. b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu. Enn fremur að selja Andakílsárvirkjun aðveitustöð við Akranes, land, hús og búnað, sem er eign Rafmagnsveitna ríkisins.
5.31 Að selja prestsbústaðinn við Skólaveg 28, Keflavík.
5.32 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka nauðsynleg lán í því skyni.
5.33 Að selja húseignina Sunnubraut 7 í Búðardal og verja andvirði hennar til að kaupa eða endurbyggja nýjan embættisbústað fyrir heilsugæslulækni þar.
5.34 Að selja fasteign Póst- og símamálastofnunarinnar að Austurgötu 11, Hafnarfirði.
5.35 Að selja fasteign Póst- og símamálastofnunarinnar að Hjalteyrargötu 2, Akureyri.
5.36 Að gera makaskiptasamning um kaup á fasteigninni Austurvegi 8, Hrísey, fyrir fasteignina Lambhaga 19, sama stað, vegna Einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey.
5.37 Að kaupa húsnæði til nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
5.38 Að selja vitaskipið Árvakur og verja andvirðinu að hluta til kaupa á krana og tækjabúnaði til vitaþjónustu.
5.39 Að selja 15 ha landspildu úr landi Fitjakots á Kjalarnesi og skal andvirði hennar renna í Ferðamálasjóð.
5.40 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Norðurgötu 2b á Akureyri.
5.41 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Selási 8 og geymsluhús að Lyngási á Egilsstöðum.
5.42 Að hafa makaskipti á 180 m^2 skemmu Vegagerðar ríkisins á Þórshöfn á Langanesi og 100 m^2 skemmu Kaupfélags Langnesinga, ásamt tilheyrandi lóðum.
5.43 Að selja húsið Kópavogsbraut 9, Kópavogi.

Fasteignakaup og lántökuheimildir:

6.1 Að taka lán til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands.
6.2 Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.
6.3 Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir borgardómaraembættið í Reykjavík.
6.4 Að taka lán til kaupa á geymsluhúsnæði fyrir Orkustofnun.
6.5 Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík (98m² geymsluhúsnæði).
6.6 Að taka lán til kaupa á húseigninni Ægisbyggð 4, Ólafsvík.
6.7 Að kaupa, ef um semst, 5. hæð hússins Laugavegur 105, Reykjavík, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.
6.8 Að kaupa Kirkjugötu 13, Hofsósi, fyrir dýralæknisbústað í Hofsósumdæmi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.9 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
6.10 Að kaupa af Reykjavíkurborg jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem borgin á á jörðinni. Heimildin nær til að kaupa þessar eignir í makaskiptum fyrir fasteignir í eigu ríkisins og taka nauðsynleg lán.
6.11 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík og verja andvirði þess til að kaupa eða byggja skrifstofuhús og lögreglustöð fyrir embættið og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir:

7.1 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd útgjöld til að bæta fjarskipti ef til fækkunar loftskeytamanna á stórum togurum kemur.
7.2 Að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna.
7.3 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintök af hverju blaði, umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. fjárlaga.

1 Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Það sem af er starfstíma núverandi ríkisstjórnar hefur mikið áunnist á sviði efnahagsmála þrátt fyrir að ytri aðstæður þjóðarbúsins hafi um margt verið erfiðari en áður.

Því fer þó fjarri að nokkrum endanlegum markmiðum hafi verið náð. Sá árangur sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna mun ótvírætt auðvelda eflingu atvinnulífs landsmanna og leiða af sér aukna verðmætasköpun, sem ein getur tryggt varanlega bætt lífskjör almennings í landinu.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum í maí 1983 blasti við geigvænlegur vandi hvert sem litið var á sviði efnahagsmála. Verðbólga var meiri en nokkru sinni frá því skipulegar verðbólgumælingar hófust hér á landi og atvinnubrestur framundan. Þjóðin glímdi samtímis við minnkandi þjóðartekjur, viðskiptahalla og alvarlega skuldasöfnun í útlöndum. En einna alvarlegast var ástandið á sviði ríkisfjármála, þar sem mikill halli blasti við ríkissjóði á árinu 1983.

Eins og kunnugt er tókst ekki að draga að marki úr þeim rekstrarhalla sem fyrirsjáanlegur var á ríkissjóði á árinu 1983. Hins vegar voru fjárlög fyrir 1984 afgreidd með verulega minni halla en varð 1983. Við endurskoðun á afkomuhorfum ríkissjóðs sl. vor og með afgreiðslu frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum í maí sl. tryggði ríkisstjórnin að ríkisfjármálin færu ekki úr böndunum og nú er útlit fyrir að rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs í ár verði lítill sem enginn.

Ríkisfjármálin hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þeirri efnahagsstefnu sem framfylgt hefur verið og verður svo áfram, eins og þetta frumvarp ber með sér. Skattar til ríkissjóðs voru lækkaðir allverulega á árunum 1983 og 1984 til að koma til móts við almenning og bætur auknar til hinna verst settu. Þá hefur verið unnið skipulega að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs þannig að ríkisfjármálin hefðu ekki óheppileg þensluáhrif í þjóðfélaginu.

Það fjárlagafrumvarp sem hér er lagt fram ber merki þeirra miklu efnahagserfiðleika sem við er að etja í þjóðarbúskap Íslendinga um þessar mundir. Frumvarpið einkennist af aðhaldi og viðleitni til að draga úr útgjöldum ríkisins og skapa þannig aukið svigrúm til athafna fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landinu. Samkvæmt þessu frumvarpi verða útgjöld ríkissjóðs á næsta ári 29,2% af þjóðarframleiðslu sem er lægra hlutfall en verið hefur frá 1981.

Fjárlagafrumvarpið fyrir 1985 mótast í meginatriðum af þeirri umgjörð efnahagsmála sem stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um og kynnt var í samkomulagi flokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum í byrjun september sl. Þar er miðað við það markmið, að verðbólga í lok ársins 1985 verði ekki yfir 10 af hundraði, gengi krónunnar verði ekki breytt um meira en 5 af hundraði að hámarki á næsta ári og almennar launahækkanir verði innan þeirra marka sem þessar tölur setja. Til samræmis við þessar ákvarðanir er í fjárlagafrumvarpinu miðað við að kauptaxtar verði að meðaltali 5% hærri 1985 en þeir verða í árslok 1984.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna um efnahagsmarkmið er stefnt að því að það svigrúm sem er til erlendrar lántöku á

næsta ári umfram afborganir eldri lána verði nýtt til að auka framleiðslu og framleiðni hjá atvinnuvegunum og til nýsköpunar í atvinnulífinu. Af þessu leiðir að rekstur ríkissjóðs verður að vera sem næst í jafnvægi.

Miðað við hverjir tekjumöguleikar ríkissjóðs eru í dag, eru hér settar mjög þröngar skorður, einkum með tilliti til útgjaldaskuldbindinga sem Alþingi hefur með samþykkt laga lagt ríkissjóði á herðar. Hefur nú sem oft áður orðið að lækka eða fella niður ýmis lögbundin framlög og verður að venju leitað lagaheimildar fyrir slíkri skerðingu í frumvarpi til lánsfjárlaga. Nánar er gerð grein fyrir þessu síðar í athugasemdum með þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu er í aðalatriðum gert ráð fyrir óbreyttum tekjustofnum ríkissjóðs. Þó er gerð sú meginbreyting, að áætlaðar tekjur af tekjusköttum einstaklinga eru lækkaðar um 600 milljónir króna. Er hér um að ræða fyrsta áfanga af þremur í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur af neysluköttum aukist að sama skapi. Í þingbyrjun munu lögð fram sérstök lagafrumvörp þar sem nánari útfærsla á þessari skattbreytingu verður kynnt, þar með talin tillaga um skattvísitölu fyrir árið 1985. Þá mun á komandi þingi lagt fram yfirgripsmikið frumvarp um breytta skipan tollamála þar sem m.a. er gert ráð fyrir einföldun og hagræðingu í framkvæmd þeirra mála. Ekki er gert ráð fyrir að þær breytingar sem af því leiða hafi áhrif á heildartekjur ríkissjóðs og er áætlað til samræmis við það í tekjuáætlun frumvarpsins.

Við núverandi aðstæður þykir ekki fært að leggja niður hinn sérstaka skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og er áformum í því efni því enn skotið á frest.

Í fjárlögum yfirstandandi árs var gripið til ýmissa sparnaðarráðstafana í rekstri hins opinbera. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1984 komu fram ýmis stefnumarkandi áform um samdrátt útgjalda auk viðleitni til að tryggja að almenn rekstrarframlög endurspegluðu raunverulegt rekstrarumfang, sem oft var verulegur misbrestur á áður. Almennt má segja að þessi viðleitni hafi borið sæmilegan ávöxt.

Að meginstefnu til er í frumvarpinu nú ekki gert ráð fyrir nýjum stöðum né verkefnum hjá ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum. Þó eru í frumvarpinu aukin framlög til iðnþróunarmála, m.a. til Iðntæknistofnunar og hlutafjárframlag til hins fyrirhugaða þróunarfélags nemur 50 milljónum króna.

Þrátt fyrir að framlög til atvinnuvegasjóða séu felld niður, eins og í ár, er gert ráð fyrir 28,5 milljóna króna fjárveitingu til nýrrar deildar Iðnlánasjóðs í samræmi við nýsamþykkt lög um samruna Iðnlánasjóðs og Iðnrekstrarsjóðs. Framlög til annarra sjóða en atvinnuvegasjóða eru almennt mjög takmörkuð.

Ákveðið hefur verið að endurgreiða frá og með næsta ári söluskatt í sjávarútvegi og gæti sú fjárhæð numið 380-400 milljónum króna á árinu 1985. Ekki hefur enn verið ákveðið með hvaða hætti þessi endurgreiðsla fer fram.

Til samræmis við viðleitni ríkisstjórnarinnar í þá átt

að láta fjárveitingar til embætta og stofnana endurspegla raunverulega starfsemi þeirra hefur átt sér stað meiri háttar endurskipulagning á framlögum til embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Leiðir þessi breyting af sér mikla hækkun framlaga til þessarar starfsemi miðað við fjárlög undanfarinna ára en í raun er hér aðeins verið að færa fjárveitingarnar til samræmis við þann raunveruleika sem fram hefur komið í ríkisreikningi. Samtímis þessari breytingu hafa í samráði við dómsmálaráðuneytið og félag sýslumanna verið gerðar ráðstafanir til þess að skilja að innheimtustarfsemi og rekstur embættanna.

Vegna þeirrar aðhaldsstefnu, sem nauðsynlegt hefur verið að fylgja við gerð þessa frumvarps, hefur verið óhjákvæmilegt að draga mjög úr framlögum til framkvæmda. Verður því að fresta eða hægja á ýmsum þörfum framkvæmdum á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur frá upphafi lagt mesta áherslu á tvo höfuðþætti er snerta framkvæmdir, annars vegar húsnæðismál, en hins vegar vegagerð. Verður því minni samdráttur á þessum sviðum en öðrum. Framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna eru raunar tvöfölduð í krónutölu í frumvarpinu frá í ár og nema alls 800 milljónum króna. Nokkur óvissa ríkir um öflun lánsfjár til þessa þáttar á næsta ári. Þannig er ekki endanlega ákveðið hvert verður heildarráðstöfunarfé hins opinbera húsnæðislánakerfis.

Framlög til vegagerðar miðast við að til vegamála renni um 2% af þjóðarframleiðslu á næsta ári. Nú er áætlað að sambærileg tala fyrir 1984 verði 2,08%, enda varð nokkur magnaukning í vegaframkvæmdum á þessu ári vegna aukinna framlaga og hagkvæmra tilboða í ýmsar nýframkvæmdir.

Framlög til tryggingamála miðast við að hlutfallsleg þátttaka sjúklinga í læknis- og lyfjakostnaði verði óbreytt frá því sem nú er.

Í frumvarpi þessu er nokkuð dregið úr tilfærslum til atvinnurekstrar og einstaklinga. Þannig er gert ráð fyrir minni útflutningsuppbótum 1985 en ráðgert er að greiða í ár og er það í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna um efnahags- og atvinnumál. Niðurgreiðslur, bæði á vöruverði og orkukostnaði, lækka lítillega miðað við núverandi niðurgreiðslustig og framlag til olíustyrkja lækkar með fækkun styrkþega. Alls er fyrirhugað að verja 1.260 milljónum króna til þessara fjögurra þátta.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna miðast við 7% fjölgun lánþega milli ára og nemur fjárveitingin 481 milljónum króna. Auk þess er gert ráð fyrir 300 milljóna króna lántöku.

Með þessu frumvarpi er gert visst átak til þess að fækka ýmsum smáliðum sem verið hafa í fjárlögum og eru margir slíkir liðir ýmist felldir niður eða sameinaðir öðrum. Má í þessu sambandi m.a. benda á, að viðfangsefnum, sem heyra undir menntamála-, félags- og dómsmálaráðuneyti, hefur verið fækkað verulega með þessu móti.

Fjallað verður um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á Alþingi samhliða fjárlagafrumvarpi, en það er forsenda þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peningamálum og fjármálum hins opinbera.

Sýnt er að lántökuþörf A-hluta ríkissjóðs verður mikil á árinu 1985 eða 1.852 milljónir króna eins og fram kemur í 1.

gr. frumvarpsins. Fyrirhugað er að afla 550 milljóna króna innanlands og verða því erlendar lántökur A-hlutans 1.302 milljónir króna. Afborganir lána verða aftur á móti 1.236 milljónir króna og hlutafjárframlög 135 milljónir króna. Vaxtagreiðslur á rekstrarreikningi í A-hluta eru 1.349 milljónir króna og hafa hækkað úr áætluðum 920 milljónum króna 1984.

Nánari grein verður gerð fyrir hinni opinberu lánsfjárþörf í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Hin hefðbundna skipting fjármála ríkissjóðs á A- og B-hluta, sem lengi hefur verið stuðst við hér á landi, svo og tengsl lánsfjáráætlunar við A- og B-hluta ríkissjóðs eru um margt ófullkomin. Hefur á undanförnum árum iðulega verið að því fundið, jafnt af fagmönnum sem stjórnmálamönnum, að sú uppsetning ríkisfjármálanna, sem mest er stuðst við, þ.e. A-hluti hins eiginlega ríkissjóðs, gefi ekki rétta mynd af heildaráhrifum ríkisbúskaparins í efnahagslífinu.

Þessi gagnrýni á um margt við rök að styðjast. Því hefur verið ákveðið í tilraunaskyni að sýna búskap ríkisins samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu í sérstökum kafla í athugasemdum frumvarpsins. fylgiskjali með frumvarpi þessu. Ef þessi nýbreytni gefur góða raun kemur til greina að leita samþykkis Alþingis fyrir breytingum á þeim lagaákvæðum sem kveða á um þá framsetningu sem nú er stuðst við.

Þótt leitast sé við með þessari nýbreytni að auðvelda skilning á heildarsamhengi ríkisfjármálanna, er þó sú formbreyting sem þar er bryddað á að sjálfsögðu ekki aðalatriði þess frumvarps, sem hér er lagt fram. Kjarni frumvarpsins er sá efnislegi þáttur, sem áður hefur verið lýst og felst í því mikla aðhaldi, er þar kemur fram. Með þessu aðhaldi munu fjármál ríkissjóðs áfram vera veigamikill þáttur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem miðar að því að draga úr erlendri skuldasöfnun og undirbúa nýja lífskjarasókn á grundvelli nýsköpunar í atvinnulífi.

2 Yfirlit og samanburður við fjárlög 1984 og endurskoðaða áætlun um afkomu ríkissjóðs 1984

Almennar athugasemdir með þessu frumvarpi eru nú settar fram með nokkuð öðrum hætti en verið hefur í fjárlagafrumvörpum undanfarinna ára. Athugasemdirnar eru í aðalatriðum þríþættar: Í fyrsta lagi er fjallað um meginforsendur frumvarpsins um laun og verðlag, ásamt helstu niðurstöðum tekna, gjalda og lánsfjármála. Þá er sérstakur greinargerðarhluti um nýjan bókhaldslykil og breytta framsetningu frumvarpsins. Í öðrum hluta athugasemdanna er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og stofnana. Loks er í þriðja hluta athugasemdanna sérstakur kafli um breyttan uppgjörsmáta ríkisfjármálanna. Þar með er leitast við að koma til móts við óskir ýmissa aðila um framsetningu fjárlaga sem gefi skýrari mynd en nú er af heildaráhrifum ríkisfjármálanna á efnahagsstarfsemina.

2.1 Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarp, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis á árunum 1984 og 1985. Til grundvallar liggur sú stefna sem mörkuð er í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá 7. september sl. Áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggir á því, að kauptaxtar ríkisstarfsmanna verði um 9,5% hærri að jafnaði 1985 en þeir eru 1984. Í þessu felst, að laun hækka í samræmi við kjarasamninga fjármálaráðherra, BSRB og BHM frá því í febrúar og mars út árið 1984 og að þau verði að meðaltali 5% hærri á árinu 1985 en laun verða í árslok 1984. Kauptaxtabreytingar allra launþega eru metnar þær sömu og hjá opinberum starfsmönnum en ráðstöfunartekjur heimilanna í heild eru taldar aukast um 13-13,5% milli ára og hefur þá verið tillit tekið til lækkunar tekjuskatts. Þá er reiknað með að verðlag í landinu verði um 13-14% hærra að jafnaði 1985 en það er talið verða 1984. Út frá þessum forsendum er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann haldist óbreyttur milli ára.

Stefna ríkisstjórnarinnar í gengismálum er sú, að gengislækkun krónunnar verði haldið innan 5% marka frá upphafi til loka árs 1985. Því er talið að verðlag almenns vöruinnflutnings verði að jafnaði 10% hærra en 1984. Um þrjú prósent má rekja til verðhækkana í helstu viðskiptalöndum okkar og sex til sjö prósent skýrast af breyttu gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Í tekjuáætlun frumvarpsins er reiknað með að viðskiptavelta 1985 aukist um 1-2% milli ára. Reiknað er með að innflutningur olíuvara aukist um 2% að magni til. Hins vegar er ekki reiknað með verðhækkun olíu á erlendum mörkuðum.

Tekjuáætlun frumvarpsins einkennist fyrst og fremst af því að öllum skatta- og tekjustofnum ríkissjóðs er haldið óbreyttum frá árinu 1984. Undantekning er að áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga er 600 m.kr. lægri en ella væri vegna fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskattsálagningar á almennar launatekjur. Áætlaðar tekjur af sölugjaldi hækka aftur á móti um sömu fjárhæð.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af aðhaldssemi í fjárframlögum. Leitast hefur verið við að meta almennar

rekstrarfjárveitingar sem raunhæfast. Markvisst hefur verið dregið úr framlögum til framkvæmdaverkefna og hvers konar starfsemi sem ríkissjóður er óbundinn af. Þannig eru fjölmargar stofnkostnaðarfjárveitingar óbreyttar að krónutölu eða jafnvel lægri en er í fjárlögum 1984. Þá hefur viðfangsefnum undir safnliðum ráðuneyta verið stórfækkað.

Um einstaka liði tekju-, gjalda- og lánsfjáráætlunar A- og B-hluta frumvarpsins vísast til greinargerðarinnar hér á eftir. Um rekstur B-hluta fyrirtækja mun að venju verða nánar fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis.

2.2 Afkoma ríkissjóðs 1984 og 1985

Rekstrarafkoma ríkissjóðs í árslok 1984 er nú talin verða nokkru betri en áætlað var við gerð fjárlaga. Skýrist það bæði af auknum tekjum sem rekja má til meiri veltu og almennrar eftirspurnar í landinu en áður var talið og ýmissa stjórnvaldsákvarðana á árinu 1984. Fyllri grein er gerð fyrir þessum atriðum í greinargerðinni hér á eftir. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins samanborið við fjárlög 1984 og áætlun í september um afkomu ríkissjóðs 1984:

	Fjárlög 1984 M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
1. Tekjur	17.895	19.512	21.981
2. Gjöld	18.284	19.582	22.513
3. Rekstrarjöfnuður	**- 389**	**- 70**	**- 532**
4. Lánahreyfingar, útstreymi			
Hlutafé, stofnfjárframlög	- 76	- 76	- 135
Afborganir af lánum			
Seðlabanki Íslands	-	-	- 160
Aðrir	- 1.152	- 1.274	-1.076
5. Viðskiptareikningar	- 20	- 100	- 120
6. Fjárþörf	**- 1.637**	**- 1.520**	**- 2.023**
7. Lánahreyfingar, innstreymi			
Innheimtar afborganir	110	110	190
Lántökur ríkissjóðs			
Innlend lán	945	230	550
Erlend lán	588‡	1.180	1.302
8. Breytt greiðslustaða	6	-	19

‡ Lántaka A-hluta hækkaði um 17 m.kr. frá fjárlögum til lánsfjárlaga vegna tækjakaupa flugmálastjórnar.

Tekju- og gjaldaáætlun ríkissjóðs hefur verið endurmetin reglulega á árinu. Í maí sl. var í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl. birt endurskoðun gjaldaáætlunar, sem síðan hefur verið endurmetin í september. Allar horfur eru taldar á því að gjöld verði um 19.582 m.kr., en það er 7,1% hærri niðurstaða en fjárlög gerðu ráð fyrir. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið 19.512 m.kr. en það er um 9% hærri fjárhæð en í fjárlögum

1984. Mikillar óvissu gætir um lánsfjármál ríkissjóðs 1984 og 1985. Í fjárlögum 1984 og með afgreiðslu lánsfjárlaga 1984 var stefnt að 945 m.kr. innlendri fjáröflun og 588 m.kr. erlendri lántöku A-hluta ríkissjóðs. Nú er hins vegar talið að einungis takist að afla 230 m.kr. innanlands. Af þessu leiðir, að þó svo rekstrarafkoma ríkissjóðs verði allnokkru betri en fjárlög gerðu ráð fyrir þá verður erlend lántaka veruleg. Um lánsfjármál og skuldastöðu ríkissjóðs er sérstaklega fjallað síðar í athugasemdum þessum.

2.3 Tekjuhlið

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1985 er að venju gerð í þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er meðal annars reist á forsendum þjóðhagsáætlunar, sem getið er um hér að framan, og áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs á árinu 1984. Í samræmi við kröfur nýs bókhaldslykils ríkissjóðs hefur uppröðun tekjuliða í 3. gr. frumvarpsins breyst frá fjárlögum 1984, en í þessari greinargerð er þeirri röð þó ekki fylgt af fyllstu nákvæmni. Jafnframt er vísað í töfluyfirlit síðast í þessum kafla.

Árið 1985 er áætlað að heildarinnheimta tekna ríkissjóðs nemi 21.981 m.kr., samanborið við 19.512 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984 og 17.895 m.kr. í fjárlögum 1984. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1985 nemur 2.469 m.kr., eða 12,7%, frá endurskoðaðri áætlun 1984, en 22,8% frá fjárlögum 1984.

Til samanburðar má nefna að meðalhækkun verðlags milli 1984 og 1985 er talin 13-14%, þannig að á þennan mælikvarða felst í áætlun fjárlagafrumvarpsins nokkur samdráttur ríkissjóðstekna að raungildi á næsta ári. Annar mælikvarði á umsvif ríkisins er hlutfall tekna af þjóðarframleiðslu. Á þennan mælikvarða lækka tekjur hlutfallslega úr 29% 1984 í 28,5% samkvæmt áætlun fyrir 1985. Með samanburði við fyrri ár kemur í ljós að á þessu ári eru innheimtar tekjur ríkissjóðs taldar hækka um 28,8% frá 1983, en næstu þrjú árin á undan hækkuðu tekjur ríkissjóðs um nálægt 60% á ári að jafnaði.

	1981	1982	1983	Áætlun 1984	Frumvarp 1985
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.....	5.995	9.389	15.144	19.512	21.981
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	56,6	61,3	28,8	12,7

Hér á eftir er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun helstu tekjustofna ríkissjóðs árið 1984 og áætlun fyrir árið 1985.

Eignarskattar

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga árið 1984 276 m.kr., eða 17,5% meira en árið áður. Álagning eignarskatts á félög hækkaði mun meira, eða um 38% milli 1983 og 1984. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1984 yrði samkvæmt þessu 26% hærri en 1983.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1985 er miðuð við þá meginforsendu að skattbyrði milli áranna 1984 og 1985 aukist ekki og verður skattvísitala og aðrir þættir, sem álagningu eignarskatts varða, ákveðnir í samræmi við það,

meðal annars með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að álagning eignarskatta hækki um 12,5% á árinu 1985, eða helmingi minna en milli 1983 og 1984. Vegna áætlaðra eftirstöðva ógreiddra skatta í árslok 1984 er gert ráð fyrir að innheimta eignarskatts hækki meira en sem svarar hækkun álagningar milli ára, eða um rúmlega 17% hjá einstaklingum og 21% hjá félögum. Samkvæmt þessu yrði innheimta eignarskatts einstaklinga 305 m.kr. 1985 en innheimta eignarskatts félaga yrði um 200 m.kr.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði nemi um 68 m.kr. Í tekjuáætlun 1985 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir 1985 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í þessu felst að innheimta skattsins nemi 85 m.kr. 1985, að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með að innheimta erfðafjárskatts verði um 40 m.kr. Hinn 25. maí síðastliðinn voru sett ný lög um erfðafjárskatt, þar sem meðal annars var ákveðin mikil hækkun á viðmiðunarfjárhæðum, en þær höfðu verið óbreyttar um nokkurra ára skeið. Í þessu felst veruleg lækkun álagningar erfðafjárskatts, en afar erfitt er að meta tekjuáhrifin nákvæmlega. Hér er miðað við að tekjutapið nemi um þriðjungi teknanna, þ.e. um 15 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt þessu yrði innheimtan á næsta ári um 25 m.kr. Þessi áætlun er þó afar óviss.

Tekjuskattar

Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1984, brúttó, þ.e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 3.276 m.kr. Hækkun frá frumálagningu í fyrra er rétt tæplega 30%. Á hinn bóginn hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur um 52% frá 1983, og gætti þar meðal annars áhrifa laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., þar sem ákveðin var sérstök hækkun barnabóta og persónuafsláttar við álagningu árið 1984. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hækkaði því mun minna en brúttóálagningin, eða um tæplega 20% frá 1983. Árið 1984 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga verði um 1.725 m.kr., miðað við svipað innheimtuhlutfall og í fyrra.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. september síðastliðnum er gert ráð fyrir afnámi tekjuskatts af almennum tekjum í áföngum og jafnframt ákveðið að fyrsti áfangi komi til framkvæmda við álagningu árið 1985. Lækkun tekjuskatts í þessum áfanga er talin nema um 600 m.kr. Samkvæmt þessu lækkaði brúttóálagning tekjuskatts á árinu 1985 um 10% frá 1984. Þar sem jafnframt er gert ráð fyrir 12,5% hækkun barnabóta og persónuafsláttar felst í þessu um 20% lækkun nettóálagningar. Að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára lækkaði nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga minna, eða um 11% á árinu 1985, eða úr 1.725 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir 1984 í 1.535 m.kr. 1985.

Áætlun um álagt sjúkratryggingagjald á næsta ári er miðuð við þær forsendur að skattbyrði verði óbreytt á árinu 1985. Í þessu felst að álagningin hækkar um 12,5%, en innheimta gjaldsins að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára hækkaði um 16% og yrði samkvæmt því 145 m.kr.

1985, samanborið við 125 m.kr. í áætlun fyrir árið 1984.

Sérstakur skattur á innlánsstofnanir, sem hefur verið innheimtur mánaðarlega sem 0,06% af bindiskyldum innlánum, er talinn skila um 130 m.kr. á þessu ári. Með lögum nr. 51/1984 var ákveðið að frá og með árinu 1985 skyldi gjaldhlutfallið lækka um helming. Á þessum forsendum er áætlað að skatturinn geti skilað um 75 m.kr. árið 1985. Frá og með álagningu ársins 1984 kemur þessi skattur til frádráttar álögðum tekju- og eignarskatti á innlánsstofnanir, þannig að frá álagningu þessa árs skal draga álagðan sérstakan skatt á innlánsstofnanir á árinu 1983. Hið sama gildir um álagningu tekjuskatts á árinu 1985, þá kemur álagning sérstaka skattsins 1984 til frádráttar álögðum tekju- og eignarskatti á innlánsstofnanir.

Nokkur óvissa ríkir um endanlegar álagningartölur tekjuskatts félaga á þessu ári. Miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að frumálagningartölur eigi eftir að lækka töluvert að kærumeðferð lokinni. Árið 1984 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts félaga, þ.e. að frádregnum sérstökum skatti á innlánsstofnanir, geti numið um 335 m.kr. Er þá gengið út frá svipuðum forsendum um innheimtuhlutfall og 1983. Árið 1985 er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga verði 385 m.kr., eða 15% hærri en 1984. Þessar tölur eru þó nokkuð óvissar vegna þess sem áður var nefnt um breytingar milli frumálagningar og endanlegrar álagningar.

Gjöld af innflutningi

Í fjárlögum 1984 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 1.935 m.kr. Var þar gert ráð fyrir talsverðum samdrætti í veltu og innflutningi á árinu. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984 eru tolltekjur hins vegar taldar geta orðið um 2.210 m.kr. Ástæðan fyrir þessari miklu hækkun frá fjárlögum er fyrst og fremst mun meiri innflutningur en gert var ráð fyrir. Munar þar mestu um aukinn bílainnflutning. Árið 1983 námu tolltekjur ríkissjóðs rétt um 1.800 m.kr., og hækkunin milli 1983 og 1984 er áætluð um 400 m.kr., eða 22,5%. Þar af er áætlað að nær 60% stafi af meiri bílainnflutningi nú en í fyrra. Sem dæmi um vægi tolla af bílum í almennum tolltekjum ríkissjóðs má nefna að 1983 námu þeir um fjórðungi tolltekna en um þriðjungi í áætlun fyrir árið 1984.

Árið 1985 er gert ráð fyrir að tolltekjur ríkissjóðs verði 2.385 m.kr., eða um 8% meiri en á þessu ári. Er þá reiknað með svipuðum bílainnflutningi og á árinu 1984 en að almennur vöruinnflutningur dragist lítillega saman.

Áhrifa meiri bílainnflutnings á tekjur ríkissjóðs gætir einnig í innheimtu innflutningsgjalds af bílum. Í fjárlögum ársins 1984 voru innheimtar tekjur af þessu gjaldi áætlaðar 64 m.kr., en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 87 m.kr. Í áætlun fyrir árið 1985 er sem fyrr segir reiknað með svipuðum bílainnflutningi og að óbreyttu gjaldhlutfalli gætu tekjur af þessu gjaldi numið 105 m.kr.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 663 m.kr. árið 1984, eða óbreytt frá fjárlögum. Árið 1985 er áætlað að innflutningsgjald af bensíni gæti numið 760 m.kr. Er þá reiknað með um 2% aukningu bensínsölu frá 1984 og að gjaldið breytist í samræmi við byggingarvísitölu svo sem verið hefur.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 3.241 m.kr. á

þessu ári, samanborið við 2.869 m.kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1983 er um 27%, samanborið við 46% hækkun milli 1982 og 1983. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 3.596 m.kr., eða tæplega 11% meiri en á þessu ári. Í þessu felst nánast óbreytt velta frá 1984, og er þá miðað við um 6% hækkun á verði erlends gjaldeyris að meðaltali á næsta ári og 3% verðhækkun innflutnings í erlendri mynt. Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld um 16,4% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1985, eða svipað hlutfall og á þessu ári. Er það heldur lægra en 1983, en tveimur til þremur hundraðshlutum færra en 1981 og 1982. Ástæðuna fyrir þessari hlutfallslegu lækkun má meðal annars rekja til lækkunar tolla á ýmsum vöruflokkum og nær helmings lækkunar innflutningsgjalds af bílum á árinu 1983.

Skattar af framleiðslu

Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 1.360 m.kr. á þessu ári, eða 15% hærri en 1983. Í áætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að heildartekjur af framleiðslu geti numið 1.500 m. kr., eða 10% hærra en í áætlun fyrir 1984.

Skattar af seldri vöru og þjónustu

Heildartekjur undir þessum lið voru í fjárlögum 1984 áætlaðar 9.148 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1984 eru tekjurnar taldar verða 9.936 m.kr., eða 8,4% hærri en í fjárlögum og 34% hærri en 1983. Áætlunin fyrir árið 1985 er meðal annars reist á þeim þjóðhagsforsendum sem raktar eru hér að framan. Heildartekjur af þessum gjöldum á næsta ári eru áætlaðar 11.622 m.kr., eða 17% hærri en í áætlun fyrir 1984.

Hér veldur mestu 15,5% hækkun söluskattstekna, en þær eru nálægt þremur fjórðu hlutum tekna undir þessum lið. Þessi hækkun er nokkuð umfram almennar verðbreytingar á næsta ári. Ástæðan er sú, að hér hefur með hliðsjón af því sem segir í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. september síðastliðnum verið gert ráð fyrir sérstökum tekjuauka til þess að mæta tekjutapi vegna lækkunar tekjuskatts á næsta ári, annað hvort með almennri hækkun söluskatts eða viðtækari álagningargrunni. Ennfremur má nefna, að á næsta ári er gert ráð fyrir verulegri aukningu á rekstrarhagnaði ÁTVR.

Aðrir óbeinir skattar

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 1.476 m.kr. á þessu ári, eða 18% hærri en í fjárlögum. Hér veldur mestu veruleg hærri tekjur af stimpilgjaldi en gert var ráð fyrir við fjárlagagerðina. Ennfremur er talið að skattar af bifreiðum skili nokkru meiri tekjum en upphaflega var áætlað. Árið 1985 er áætlað að tekjur undir þessum lið nemi rúmlega 1.707 m.kr., eða 15,5% hækkun frá áætlun fyrir 1984. Hér vega þyngst skattar af bifreiðum, stimpilgjöld og verðjöfnunargjald af raforku.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða um 75 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir talsverðri hækkun, í 106 m.kr., einkum vegna aukinna tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Ýmsar tekjur eru áætlaðar 529 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1985 er gert ráð fyrir talsverðri hækkun, eða 22%, í 644 m.kr. Hér vega langþyngst vaxtatekjur ríkissjóðs, sem

taldar eru hækka úr 350 m.kr. á þessu ári í 485 m.kr. á næsta ári.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1985 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1984 og endurskoðaða áætlun fyrir árið 1984. Þar kemur meðal annars fram að hlutur beinna skatta lækkar úr 14,8% í 12,8% af heildartekjum ríkissjóðs vegna lækkunar tekjuskatts einstaklinga á næsta ári. Til samanburðar má nefna að árið 1983 var vægi beinna skatta 15,8% í heildartekjum ríkissjóðs. Á móti kemur síðan aukið vægi óbeinna skatta, úr 81% af heildartekjum ríkissjóðs árið 1983 í 82% 1984 og tæplega 84% í áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985.

	Fjárlög 1984	Áætlun 1984	Frumvarp 1985	Hlutfallsleg breyting frá áætlun 1984 til frumvarps 1985	Hlutfallsleg skipting tekna	
					Áætlun 1984	Frumvarp 1985
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	%	%	%
Tekju- og eignarskattar.....	2.916	2.894	2.805	-3,1	14,8	12,8
Gjöld af innflutningi.....	2.869	3.241	3.596	11,0	16,6	16,3
Skattar af framleiðslu.....	1.258	1.360	1.500	10,3	7,0	6,8
Skattar af seldri vöru og þjónustu.....	9.148	9.936	11.622	17,0	50,9	52,9
Aðrir óbeinir skattar.....	1.250	1.476	1.708	15,7	7,6	7,8
Arðgreiðslur og ýmsar tekjur...	454	605	750	24,0	3,1	3,4
Heildartekjur ríkissjóðs.....	**17.895**	**19.512**	**21.981**	**12,7**	**100,0**	**100,0**
Þar af beinir skattar.....	2.916	2.894	2.805	-3,1	14,8	12,8
Þar af óbeinir skattar.....	14.525	16.013	18.426	15,1	82,1	83,8

2.4 Gjaldahlið

Heildarútgjöld ríkissjóðs 1985 eru áætluð 22.513 m.kr. og er það 23,1% hækkun frá fjárlögum ársins 1984 en aðeins 15% hækkun frá áætlaðri útkomu ársins 1984.

Endurskoðuð áætlun um afkomu ríkissjóðs 1984 er reist á athugunum frá því í maí og september sl. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, var talið að rekstrarhalli ríkissjóðs gæti án nokkurra aðgerða numið 1.910 m.kr. Með þeim aðgerðum sem í lögum nr. 43/1984 fólust voru taldar horfur á að hallinn gæti orðið rúmur einn milljarður króna. Meðal aðgerða var lækkun ríkisútgjalda um 900 m.kr., þ.á.m. var lækkun niðurgreiðslna og niðurskurður framkvæmda, alls 370 m.kr. Þá voru framlög til ýmissa verkefna s.s. Lánasjóðs íslenskra námsmanna og til útflutningsuppbóta 1984 takmörkuð við tiltekna hámarksfjárhæð. Auk þessa var m.a. þátttaka sjúklinga í kostnaði við læknisþjónustu hækkuð. Án þessara aðgerða hefðu erlendar lántökur aukist um einn milljarð króna.

Nýr bókhaldslykill og breytt merking viðfangsefna dregur skýrar fram en áður skiptingu útgjalda ríkissjóðs í almennar rekstrarfjárveitingar, viðhaldsverkefni og framkvæmdir og framkvæmdatilfærslur, en ný flokkun gjalda torveldar fyrsta árið nákvæman samanburð nokkurra gjaldaflokka milli ára. Í yfirlitinu hér á eftir eru útgjöld ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1984 og endurskoðaðri áætlun um gjöld ríkissjóðs 1984 sýnd til samanburðar við gjaldatölur frumvarpsins fyrir 1985. Á eftir fer stutt greinargerð um einstaka gjaldaflokka.

		Fjárlög 1984 M.kr. (1)	Endursk. áætl. 1984 M.kr. (2)	Frumvarp 1985 M.kr. (3)	Hækkun (3):(1) %	Hækkun (3):(2) %
1	**Rekstur og rekstrartilfærslur:**	**14.851**	**16.301**	**18.615**	**23,5**	**14,2**
	Laun	4.911	5.240	5.944	21,0	13,4
	Önnur gjöld/rekstrargjöld	1.877	2.047	2.452	30,6	19,8
	Vextir	840	920	1.349	60,6	46,6
	Almannatryggingar	4.623	5.373	6.040	30,7	12,4
	Niðurgreiðslur	945	760	630	-	-
	Útflutningsuppbætur	280	468	380	35,7	-
	Niðurgreiðslur á rafhitun	230	310	200	-	-
	Verðjöfnunargjald af raforku	360	360	420	16,7	16,7
	Sölusk. í sjávarútv., endurgreiðslur	-	-	380	-	-
	Lánasjóður ísl. námsmanna	400	400	481	20,3	20,3
	Ýmsar rekstrartilfærslur	904	963	1.042	15,3	8,2
	Frá dragast sértekjur stofnana	- 519	- 540	- 703	35,5	30,6
5	**Viðhaldsverkefni:**	**614**	**614**	**595**	-	-
	Vegaviðhald	465	465	489	5,2	5,2
	Annað viðhald	149	149	106	-	-
6	**Framkvæmdir og framkvæmdafræðslög:**	**2.818**	**2.667**	**3.303**	**17,2**	**23,8**
	Framkvæmdir og stofnbúnaður	1.261	-	1.306	3,6	-
	Fjármagnstilfærslur	1.557	-	1.997	28,3	-
	Útgjöld samtals (1+5+6)	18.283	19.582	22.513	23,1	15,0

Laun. Launaliður frumvarpsins, þ.e. vegna reksturs, nemur 5.944 m.kr. og er það 21% hækkun frá fjárlögum 1984, en 13,4% hækkun frá áætlaðri útkomu 1984. Laun einstakra stofnana eru áætluð á verðlagi ársins 1985 miðað við launabreytingar sem nú verða skýrðar. Launaliðir stofnana í fjárlögum 1984 eru við það miðaðir að laun hækki um 4% að meðaltali á árinu 1984. Samkvæmt aðalkjarasamningum fjármálaráðherra og BSRB og BHM frá því í febrúar og mars sl. hækkuðu laun ríkisstarfsmanna almennt um 5% frá gildistöku samninga. Þá hækkuðu laun um 2% 1. júní 1984. Í þessu frumvarpi er gengið út frá því að laun hækki um 3% 1. september 1984 og að ekki komi til frekari launahækkana út árið. Á árinu 1985 er reiknað með 5% meðalhækkun launa. Auk launahækkana, sem þegar eru skýrðar, hafa laun hækkað nokkuð vegna flokkatilfærslna og ákvæða í sérkjarasamningum. Þessi hækkun er mjög breytileg eftir starfsstéttum og ríkisstofnunum og liggur á bilinu 2,0 - 4,5%. Samkvæmt því lætur nærri að launaliður einstakra stofnana í A-hluta hækki frá fjárlögum um 13 - 15%.

Almannatryggingar. Heildarframlag til almannatrygginga er áætlað 6.040 m.kr. og hækkar um 30,7% frá fjárlögum og 12,4% frá endurskoðaðri áætlun um framlög 1984. Gengið er út frá sömu forsendu um hækkun bóta og annarra útgjaldaþátta og á við um laun og almennt verðlag samkvæmt aðalforsendum frumvarpsins. Áætlun um útgjöld 1985 byggir á rauntölum útgjalda fyrstu fimm mánuði ársins í ár og á mati á áhrifum sérstakrar hækkunar á þætti sjúklinga í sjúkrakostnaði. Áætlað er fyrir 2,0% fjölgun bótaþega lífeyristrygginga en aftur á móti ekki fyrir aukningu í útgjöldum sjúkratrygginga. Jafnframt er gengið út frá því að hlutfallsleg þátttaka sjúklinga í læknis- og lyfjakostnaði haldist óbreytt frá því sem hún er nú.

Niðurgreiðslur. Framlag til þessa liðar nemur alls 630 m.kr. en hliðstæð fjárhæð í fjárlögum 1984 nam 945 m.kr. Af fjárveitingu ársins 1985 renna 80 m.kr. til lífeyrissjóðs bænda og 550 m.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands nema ársútgjöld vegna niðurgreiðslna rúmlega 600 m.kr. að óbreyttu.

Útflutingsuppbætur. Fjárlög ársins 1984 gera ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir að fjárhæð 280 m.kr. Áætlað er að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu verðlagsársins 1983/84 nemi um 4.500 m.kr. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl. er ákveði þess efnis að greiðsla ríkissjóðs vegna útflutingsuppbóta skuli að hámarki verða 468 m.kr. 1984. Óvíst er hver útflutingsuppbótaþörfin vegna verðlagsársins 1984/85 verður. Í þessu frumvarpi er miðað við að úr ríkissjóði verði eigi greidd hærri fjárhæð en 380 m.kr. vegna þessa.

Niðurgreiðsla á rafhitun. Í fjárlögum 1984 voru 230 m.kr. ætlaðar til þessa verkefnis. Hluti ráðstafana í ríkisfjármálum í vor sem leið var að auka þessa fjárhæð þannig að greiðsluheimild 1984 nemur alls 310 m.kr. Á árinu 1985 er ráðgert að verja alls 200 m.kr. til þessa verkefnis. Á öðrum fjárlagalið er áætlað fyrir 50 m.kr. til niðurgreiðslu á olíu vegna húshitunar. Samtals fara því 250 m.kr. til lækkunar á húshitunarkostnaði.

Verðjöfnunargjald af raforku. Samkvæmt lögum nr. 83/1974,sbr. lög nr. 78/1983, nemur verðjöfnunargjald af raforku 19,0% af smásöluverði hennar. Alls er talið að á árinu 1985 aflist 420 m.kr. en gjaldinu er ráðstafað að 80 hundraðshlutum til Rafmagnsveitna ríkisins og 20 hundraðshlutum til Orkubús Vestfjarða.

Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla. Samkvæmt ákvörðun stjórnarflokkanna frá 7. september sl. mun söluskattur í sjávarútvegi endurgreiddur á árinu 1985. Alls er þessi þáttur í kostnaði sjávarútvegsins metinn 380-400 m.kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Framlag úr A-hluta til LÍN er samkvæmt frumvarpinu 481 m.kr. en að auki er sjóðnum ætluð lántaka að upphæð 300 m.kr. Fjáröflun til sjóðsins miðar við 7% fjölgun lánveitinga og að námslán 1985 verði 95% af umframfjárþörf námsmanna eins og er 1984.

Hækkun launaliðar vegna fjölgunar á stöðugildum er óveruleg eins og frumvarpið ber með sér í athugasemdunum hér á eftir. Óhjákvæmilegt er þó að taka tillit til þeirra stöðugilda sem heimiluð voru við afgreiðslu fjárlaga ársins 1984 en falla ekki að öllu leyti til á því ári. Á þetta einkum við um stöður á stofnunum fatlaðara, en þar varð nokkur fjölgun starfsmanna vegna nýrra stofnana sem heimiluð var starfræksla á. Auk þess verða nokkrar stofnanir fullbúnar til starfrækslu á árinu 1985. Launaliður bæjarfógeta og sýslumannsembætta hækkar mjög mikið, eða um 54%, vegna þess að nú er áætlað fyrir launum í samræmi við nauðsynlegt starfsumfang embættanna. Í þessu felst að nú er áætlað fyrir launum 72,7 staða, þ.e. 50 -55 m.kr. með yfirvinnu og launatengdum gjöldum sem ekki hefur áður verið gert. Í framhaldi af endurskoðun á launa- og rekstrarfjárveitingum til embættanna hefur verið ákveðið að aðskilja fjárhag þeirra frá innheimtustarfsemi. Þá hefur áætlaður hundraðshluti vegna yfirvinnu- og álagsgreiðslna á sjúkrahúsum verið endurskoðaður og hækkar nú úr 44,1% í 46,1%. Skýrist þetta af ýmsum ákvæðum kjarasamninga og leiðir af sér um 15 m.kr. hækkun launa. Vert er að nefna að uppbætur á lífeyri hækka um 26,5% frá fjárlögum. Hækkunin stafar bæði af því að liðurinn tekur til sín hámarkshækkun launataxta svo og því að samkvæmt reynslu fyrstu 6 mánaða þessa árs verður mikil hækkun á greiðslum til sjóðsins.

Launaliðurinn í heild er talinn hækka um 13,4% frá áætlaðri útkomu 1984.

Önnur gjöld/önnur rekstrargjöld. Útgjöld í þessum gjaldaflokki eru ekki fyllilega sambærileg milli ára eins og áður hefur komið fram. Til annarra gjalda telst nú margs konar minni háttar viðhald í rekstri stofnana. Þessi gjaldaliður verður því hærri en ella. Hjá nokkrum stofnunum hefur reynst nauðsynlegt að hækka rekstrarfé umfram það sem forsendur um breytingu verðlags gefur tilefni til. Þetta á við um embætti sýslumanna og bæjarfógeta af ástæðu sem þegar er skýrð. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til reksturs ríkisspítala, vegna stöðu spítalanna á miðju ári 1984. Nýjar stofnanir fatlaðra sem þegar er getið krefjast einnig nokkurs rekstrarfjár.

Þá hafa í nokkrum tilvikum verið gerðar bókhaldsleiðréttingar þannig að bruttófjárhæðir eru taldar til gjalda en endurgreiðslur frá öðrum aðilum sem sértekjur.

Stofnanir og ráðuneyti áætluðu rekstrarfjárþörf 1985 miðað við verðalag í maí/júní sl. Rekstrargjöld eru færð upp um 11% frá áætlunarverðlagi þessu til verðlags ársins 1985. Uppfærslan er í samræmi við almenna verðlagsforsendu frumvarpsins, en sérstakt mat hefur verið lagt á verðbreytingu stærstu útgjaldaliða í almennum rekstri stofnana.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á árinu 1985 eru áætlaðar 1349 m.kr. eða 60,6% hærri fjárhæð en í fjárlögum og 46,6% hærri fjárhæð en fram kemur í endurskoðaðri áætlun 1984. Áætlunin byggist á forsendum frumvarpsins um þróun verðlags og gengis. Sá þáttur sem mestu veldur um hækkun vaxta eru verulega auknar greiðslur til Seðlabankans og greiðslur af erlendum lánum. Í kafla 2.7, Skuldastaða ríkissjóðs, er gerð grein fyrir vöxtum og afborgunum af lánum ríkissjóðs.

Ymsar rekstrartilfærslur. Alls nema aðrar rekstrartilfærslur 1042 m.kr., en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1984 nam 904 m.kr. Hér er um að ræða tilfærslur til neyslu og reksturs sem ekki eru tilfærðar annars staðar í yfirlitinu hér á undan. Þyngst vega framlög til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frumvarpsins, eins og til þjóðleikhúss, Sinfóníuhljómsveitar, strandferða o.fl.

Sértekjur. Áætlaðar sértekjur stofnana A-hluta ríkissjóðs nema alls 703 m.kr. og er það 35,5% hækkun frá áætluðum sértekjum í fjárlögum 1984. Á hliðstæðan hátt og við á um launa- og aðrar rekstrarfjárveitingar hafa sértekjur verið færðar upp til verðlags næsta árs með 9% hækkun. Samkvæmt bókhaldsreglum á að færa gjöld og tekjur á brúttógrunni. Í samræmi við þetta eru gerðar nokkrar breytingar. Þar má nefna að heildargjöld Gjaldheimtunnar í Reykjavík eru nú færð í frumvarpinu og þáttur Reykjavíkurborgar er aftur á móti bókaður sem sértekjur. Sama máli gegnir um liðinn uppbætur á lífeyri, þar eru vextir og verðbætur af lánum, sem lífeyrirsjóður opinberra starfsmanna hefur veitt opinberum fjárfestingarlánasjóðum, fært til tekna.

Viðhald. Viðhaldsfjárveiting árið 1985 nemur alls 595 m.kr. og er það hækkun frá fjárlögum 1984 af ástæðum sem þegar er getið. Af viðhaldsfjárveitingunni renna 489 m.kr., eða um 82%, til vegaviðhalds. Til meiri háttar viðhalds fasteigna og tækja í eigu ríkissjóðs er varið 106 m.kr.

Framkvæmdaframlög. Til stofnkostnaðar teljast tveir meginflokkar, þ.e. verklegar framkvæmdir auk stofnbúnaðarkaupa ríkisins og fjármagnstilfærslna. Þessar fjármagnstilfærslur renna til B-hluta fyrirtækja og sjóða, sveitarfélaga og atvinnuvega og einstaklinga. Alls eru veittar 1.306 m.kr. til framkvæmda og stofnbúnaðarkaupa ríkisins. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt við ákvörðun um framlög til framkvæmda, að þar sem gerðir hafa verið bindandi verksamningar er við það miðað að unnt verði að uppfylla ákvæði þeirra samninga. Á hinn bóginn hækka fjárveitingar til helstu framkvæmdaflokka mjög mismikið eins og fram kemur í eftirfarandi yfirlititi:

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
Vegagerð ríkisins	680,0 *	603,7
Bygging grunnskóla	115,5	100,0
Flugmál	51,3	55,0
Háskóli Íslands	62,3	57,0
Ríkisspítalar	55,7	48,8
Íþróttakennaraskóli Íslands	7,7	13,3
Listasafn Íslands	6,0	7,3
Fiskvinnsluskólinn	10,0	10,0
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu	7,0	7,0
Landgræðslu- og landverndaráætlun	26,4	13,0
Annað	239,1	390,9
Samtals	1.261,0	1.306,0

* Skilgreining er ekki fyllilega sambærileg 1984 og 1985.

Fjármagnstilfærslur nema alls 1.997 m.kr. Framlög til fjárfestingarsjóða eru fyrst og fremst til húsbyggingarsjóðanna, Byggðasjóðs, Orkusjóðs og nokkurra minni sjóða. Framlög til atvinnuvegasjóða hafa svo til með öllu verið felld niður. Fjármagnstilfærslur til sveitarfélaga þ.e. til byggingar sjúkrahúsa, til hafnarframkvæmda, íþróttamála o.fl. breytast mjög mismikið milli ára eins og eftirfarandi yfirlit ber með sér:

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
Byggingarsjóður ríkisins	200,0	550,0
Byggingarsjóður verkamanna	200,0	250,0
Vegagerð, þéttbýlisvegafé og sýsluvegir	127,0	130,0
Orkusjóður, lánagreiðslur	170,0	128,0
Jarðræktarframlög o.fl.	118,9	130,0
Byggðasjóður	83,8	78,4
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	110,3	55,0
Dagvistarheimili	31,6	30,0
Íþróttasjóður	20,5	30,0
Iðnlánasjóður	-	28,5
Annað	494,9	587,1
Samtals	1.557,0	1.997,0

2.5 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar A- og B-hluta ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfing viðskiptareikninga.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. er sýnd heildarfjáröflun til A- og B-hluta ríkissjóðs og er hún áætluð alls 3.800 m.kr. Ætlanir um innlenda fjáröflun eru einkar ótryggar fyrir árið 1985. Áætlun um innlausn og sölu spariskírteina ríkissjóðs 1984 hafur tekið miklum breytingum frá því sem áætlað var við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Á árinu 1984 eru horfur á að sala spariskírteina ríkissjóðs geti alls numið 260 m.kr. og að sambærileg fjárhæð 1985 geti orðið 350 m.kr. Í fjárlögum 1984 var reiknað með að innheimta umfram innlausn eldri spariskírteina næmi 467 m.kr. Í kjölfar vaxtabreytinga og aukinnar samkeppni innlánsstofnana

um sparifé hefur reynst nauðsynlegt að endurskoða þessar áætlanir, sbr. eftirfarandi yfirlit.

	Lánsfjár-lög 1984 M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.
1. Spariskírteini ríkissjóðs	**667**	**40**	**350**
Ný útgáfa spariskírteina	200	260	350
Innheimta endurlánaðra spariskírteina	637	680	650
Innlausn eldri spariskírteina	-170	-900	-650
2. Önnur innlend fjáröflun	**278**	**190**	**200**
Ríkisvíxlar o.fl.	158	70	200
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	120	120	-
Samtals (1+2)	945	230	550

Erfitt er að segja fyrir um hver innlausn spariskírteina kann að verða 1985. Vitað er að tveir spariskírteinaflokkar gjaldfalla á árinu en mikil óvissa ríkir um innlausn bréfa þeirra. Alls nemur innlausnarverðmæti þessarra flokka um 790 m.kr., en þeir voru gefnir út 1980 og 1982. Auk þessa eru fjölmargir eldri spariskírteinaflokkar endurgreiðsluhæfir. Það eru væntanlega fyrst og fremst raunávöxtun fjármagns í innlánsstofnunum og á verðbréfamörkuðum sem ræður innlausn spariskírteina 1985. Í frumvarpsáætluninni er við það miðað að innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé fyrri ára hrökkvi fyrir innlausn bréfa. Hér er um 650 m.kr. að ræða.

Á árinu 1984 munu lífeyrissjóðir kaupa skuldabréf ríkissjóðs fyrir 120 m.kr. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður keppi um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna á árinu 1985. Þess í stað er að því stefnt að lífeyrirsjóðir beini alfarið kaupum sínum til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Samkvæmt lögum nr. 79/1983 er fjármálaráðherra m.a. heimilað að selja ýmiss konar skuldaviðurkenningar ríkissjóðs. Ríkisvíxlar hafa verið boðnir út reglubundið frá því snemma árs 1984. Alls hafa verið seldir ríkisvíxlar fyrir 162 m.kr. til 15. september, en þeir endurgreiðast þrem mánuðum frá sölu. Nettó hafa með þessum hætti aflast um 58 m.kr. til ríkissjóðs. Í áætlun um fjáröflun 1985 er reiknað með því að með sölu ríkisvíxla og með nýjum fjáröflunarleiðum innanlands aflist nettó 200 m.kr.

Erlend lántaka er alls fyrirhuguð 1.302 m.kr. vegna A-hluta ríkissjóðs og 1.298 m.kr. vegna framkvæmda og annarra verkefna hjá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta fjárlaga. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985, sem lögð verður fram innan skamms, mun gerð grein fyrir erlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs í samhengi við erlenda lánsfjáröflun þjóðarbúsins í heild.

Á undanförnum árum hafa ýmis raforkuvirki og orkurannsóknir verið seld Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Innheimtur af lánum sem veitt hafa verið í þessu sambandi, svo og öðrum lánum sem ríkissjóður hefur veitt, eru taldar nema 190 m.kr. á árinu 1985. Heildar-

innstreymi á lánahreyfingum til A-hluta nemur því 2.042 m.kr. Heimildar til innlendrar lántöku umfram þá sem aflað er samkvæmt 6. gr. frumvarpsins og heimildar til erlendrar lántöku mun leitað í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Lánahreyfingar út

Útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs er tvíþætt: Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs og afborganir af áhvílandi lánum. Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 135,0 m.kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1) Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbankans í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7,5 m.kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta fjórða greiðsla af tólf.

2) Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur alls 20,5 m.kr. Hér er um að ræða fyrstu greiðslu af þrem, alls 75,0 m.kr. sem er vegna ákvörðunar aðildarríkja Alþjóðabankans um 9 milljarða dala framlag til þróunaraðstoðar á næstu árum.

3) Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutafjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984-1987 verður hlutafjárframlag Íslands 11,9 m.kr., föst upphæð á ári hverju.

4) Norðurlandaráð ákvað 1983 að auka hlutafé Norræna fjárfestingarbankans úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR. Framlag Íslands þarf að nema jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984-1986. Hlutafjárframlag Íslands er í samræmi við þetta áætlað 3,4 m.kr.

5) Samkvæmt lögum nr. 49/1984 er ríkistjórninni heimilað að greiða helming afborgana og vaxta af 80,0 m.kr. láni sem Áburðarverksmiðja ríkisins tók á árinu 1983 og skyldi lítið á þær greiðslur sem stofnfjárframlag ríkissjóðs til saltpéturssýruverksmiðju. Greiðslur af þessu láni með vöxtum og verðbótum eru áætlaðar 25,5 m.kr. 1984, og 28,15 m.kr. á árinu 1985.

6) Samkvæmt lögum nr. 61/1981 er ríkissjóði heimiluð hlutahafaþátttaka í steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Í samræmi við áætlun fyrirtækisins um innköllun hlutafjár 1985 nema greiðslur ríkissjóðs, en þær eru 40% heildarhlutafjár, 12,0 m.kr.

7) Í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna um stofnun hlutafélags til eflingar iðnþróun, tækninýjungum og rannsóknum er í frumvarpinu áætlað fyrir 50,0 m.kr. hlutafjárframlagi í hinu nýja félagi.

8) Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum, sem það á aðild að, í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 1,55 m.kr.

Áætlaðar afborganir ríkissjóðs af áhvílandi lánum nema alls 1.236,0 m.kr. Afborgun af innlendum og erlendum lánum öðrum en í Seðlabanka Íslands nema alls 1.076,0 m.kr., þ.a. eru 617,0 m.kr. af erlendum lánum. Í fjárlögum 1984 var ekki rúm til neinna endurgreiðslna af lánum í Seðlabanka. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1985 er stefnt að því að greiða af umsömdum lánum alls 160,0 m.kr., samanber kafla 2.7.

Hér á eftir fer skipting lánsfjáröflunar til A-hluta ríkissjóðs og B-hluta fyrirtækja samkvæmt lánsfjárlögum 1984 og frumvarpi til fjárlaga 1985. Sérstök grein er gerð fyrir hverjum lið um sig varðandi lántökuáform á árinu 1985.

	Lánsfjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp til fjárlaga 1985 M.kr.
A-hluti	**1.550 ‡**	**1.852**
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	1.550	1.852
B-hluti	**1.125**	**1.298**
Byggðasjóður	120	120
Bjargráðasjóður	60	-
Byggingarsjóður ríkisins, orkusparnaður	-	150
Landakaup kauptúna og kaupstaða	1	-
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	14	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	258	300
RARIK, almennar framkvæmdir	168	175
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	358	400
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10
" , jarðhitaleit	10	10
" , sveitarafvæðing	7	-
Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma	30	30
Umferðarmiðstöð	-	3
Flugstöð Keflavík	89	100
Samtals A- og B-hluti	2.675	3.150

‡ Lántaka A-hluta hækkaði um 17,0 m.kr. frá fjárlögum vegna lántöku til tækjakaupa flugmálastjórnar.

A-hluti fjárlaga

Í athugasemdum með frumvarpinu hefur komið fram að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs verður veruleg á árinu 1985, og hefur hún þegar verið skýrð.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Á árinu 1984 er sjóðnum heimiluð lántaka alls 120,0 m.kr. Stefnt er að því að lántaka sjóðsins 1985 nemi sömu fjárhæð. Auk lántökunnar er sjóðnum ætlað framlag úr A-hluta fjárlagafrumvarpsins að fjárhæð 78,4 m.kr.

Byggingarsjóður ríkisins, orkusparnaður. Leitað er heimildar til 150,0 m.kr. lántöku sjóðsins til þess að endurlána húseigendum sem hyggja á orkusparandi endurbætur eldri húsa. Settar verða reglur um útlán og lánskjör.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Heildarfjárþörf sjóðsins er

áætluð 781,2 m.kr. og er henni mætt með 300,0 m.kr. lántöku sjóðsins og 481,2 m.kr. fjárveitingu. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneytinu.

RARIK, almennar framkvæmdir. Framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1985 eru fyrirhugaðar fyrir alls 185,0 m.kr. Fjármögnun framkvæmda Rafmangnsveitnanna er annars vegar með öflun lánsfjár að fjárhæð 175,0 m.kr. og hins vegar eru áætlaðar tekjur af heimtaugargjöldum 10,0 m.kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Yfir standa viðræður og samningar um yfirtöku Landsvirkjunar á eignum og rekstri Kröfluvirkjunar. Niðurstöður þeirra viðræðna liggja ekki fyrir, en vonast er til að þeim ljúki fyrir nk. áramót. Með tilliti til þessa er sótt um heimild til lántöku til þess að standa straum af afborgunum og vöxtum lána sem ýmist hafa verið tekin til framkvæmda eða til að greiða af teknum lánum á liðnum árum. Alls er talið að vextir og afborganir áhvílandi lána nemi 498,5 m.kr. á árinu 1985. Gengið er út frá að fyrirtækið skili úr rekstri minnst 98,5 m.kr. til þessa en að því verði jafnframt heimiluð lántaka að hámarki 400,0 m.kr.

Orkusjóður, hitaveitulán. Leitað er heimildar til 10,0 m.kr. lántöku Orkusjóðs sem um árabil hefur endurlánað nokkurt fé til framkvæmda við hita- og fjarvarmaveitur.

Orkusjóður, jarðhitaleit. Gert er ráð fyrir að útlánageta sjóðsins til jarðhitaleitar nemi alls 15,0 m.kr. og er það sama fjárhæð og 1984. Fjármögnun vegna þessa verkefnis er 5,0 m.kr. fjárveiting úr A-hluta ríkissjóðs, auk 10,0 m.kr. lántökuheimildar.

Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma. Með lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma í sveitum var Póst og símamálastofnuninni veitt heimild til allt að 20,0 m.kr. lántöku árlega í 5 ár á verðlagi 1981, til fjármögnunar framkvæmda við lagningu sjálfvirks síma. Í lánsfjáráætlunum undanfarinna ára hefur verið gengið út frá lántöku í þessum tilgangi. Framkvæmdum miðar vel og hefur tekist að flýta framkvæmdum umfram það sem gert var ráð fyrir við setningu laganna. Í ljósi þessa og miðað við ríkjandi aðstæður þykir rétt að takmarka lántökur á árinu 1985 við 30,0 m.kr.

Umferðarmiðstöð. Umferðarmiðstöðin við Hringbraut er í eigu ríkissjóðs. Leitað hefur verið heimildar til lántöku vegna nauðsynlegra endurbóta og viðhalds á byggingunni. Áætluð fjárþörf vegna þessa er 3,0 m.kr.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Fyrirhugaðar framkvæmdir við flugstöð á Keflavíkurflugvelli nema alls 271,0 m.kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða framhald framkvæmda við flugstöðvarbygginguna sem hófust haustið 1983, en í ár nemur kostnaður við þessar framkvæmdir alls 239,7 m.kr. eins og fram kemur í athugasemdum lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Fjármögnun framkvæmda 1985 skiptist þannig að hlutur Bandaríkjamanna nemur alls 171,0 m.kr. og hlutur Íslendinga

100,0 m.kr.

Í þessari greinargerð er ekki fjallað sérstaklega um lánsfjármál Landsvirkjunar, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, enda mun samkvæmt venju gerð grein fyrir fjármálum þessara aðila í lánsfjáráætlun fyrir árið 1985.

2.6 Breyting á lögum

Frá 1978 hefur árlega í lánsfjárlögum verið veitt heimild til skerðingar á lögbundnum framlögum til ýmissa verkefna. Til skýringar er nú sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að forsendur fjárlagafrumvarpsins standist.

Byggðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins er framlag ríkissjóðs sett að hámarki 78,5 m.kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 72/1982, sbr. lög nr. 2/1984, skal hundraðshluti námslána og námsstyrkja af svokallaðri umframfjárþörf hækka úr 95% í 100% 1. janúar 1985. Í þessu frumvarpi er hins vegar við það miðað að útgjöld sjóðsins 1985 fari ekki yfir samanlagða fjárveitingu og lántöku sjóðsins að upphæð 781,0 m.kr.

Kvikmyndasjóður. Samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984 skal árlegt framlag úr ríkissjóði nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum skv. mati Hagstofunar. Þrátt fyrir ákvæði þessarra laga er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að eigi hærri fjárhæð en 8,0 m.kr. renni til sjóðsins.

Ríkisútvarp, sjónvarp. Í lánsfjárlögum 1979 og 1981 var ríkisútvarpinu heimiluð tiltekin lántaka. Jafnframt er í umræddum lögum kveðið svo á að ríkisjóður skuli árlega endurgreiða ríkisútvarpinu vexti og afborganir umræddra lána. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lögum verði breytt þannig að framvegis greiði ríkisútvarpið af umræddum lánum og að ekki komi til fjárveitingar úr ríkissjóði.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar ekki nema hærri fjárhæð en 30,8 m.kr. og er framlagið vegna lífeyrissjóðs bænda, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,0% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Í 12. gr. laga nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins er heimilað að greiða framlög úr ríkissjóði vegna þess halla sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings landbúnaðarafurða. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga er við það miðað í fjárlagafrumvarpinu að eigi hærri fjárhæð en 380,0 m.kr. renni til þessa verkefnis á árinu 1985.

Fiskveiðasjóður Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 44/1976 og laga nr. 2/1982 og annarra tengdra laga skal framlag til

Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1985.

Aflatryggingasjóður. Framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs er ákveðið í lögum nr. 51/1983 og lögum nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður með öllu.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki fara yfir 19,8 m.kr. og er framlagið eingöngu vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem ríkissjóður er skuldbundinn til að standa straum af.

Erfðafjársjóður. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1952 skulu tekjur af erfðafjárskatti renna í Erfðafjársjóð. Þrátt fyrir þetta ákvæði laganna verður framlag ríkissjóðs til Erfðafjársjóðs að hámarki 19,4 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra verður beint framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki hærra en 40,0 m.kr. á árinu 1985.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbankans er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar 1985 fremur en 1984.

Hafnarbótasjóður. Um Hafnarbótasjóð gilda lög nr. 45/1973, sbr. lög nr. 83/1976. Þar er tilgreint að framlag til sjóðsins skuli vera 12% af fjárveitingu til almennrar hafnargerðar í landinu. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framlagið verði eigi hærri fjárhæð en 10,0 m.kr.

Eftirlaunasjóður aldraðra. Um Eftirlaunasjóð aldraðra gilda lög nr. 97/1979. Fjárframlagið í frumvarpinu er miðað við að ákvæði gildandi laga verði framlengd.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-hluta 3. gr. laga nr.55/1984 verður framlag ríkissjóðs á árinu 1985 eigi hærri fjárhæð en 28,5 m.kr.

Rafmagnseftirlitsgjald. Þrátt fyrir lög nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins skal einungis sú fjárhæð sem áætluð er í 4. gr. frumvarpsins renna til stofnunarinnar en það sem umfram innheimtist rennur í ríkissjóð.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til þessara mála eigi nema hærri fjárhæð en 8,5 m.kr.

Þéttbýlisvegafé. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 90,0 m.kr. á árinu 1985.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnun-

arsjóðs sveitarfélaga á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 580,0 m.kr.

Félagsheimilasjóður. Þrátt fyrir 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri upphæð en 7,0 m.kr. á árinu 1985.

Héraðslæknar og heilsugæslulæknar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 59/1983 komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1985, þ.e.a.s. bráðabirgðaákvæði laga nr. 59/1983 verði framlengt.

2.7 Skuldastaða A-hluta ríkissjóðs

Fram hefur komið að afborganir og vextir af ríkissjóðslánum eru umtalsverðar fjárhæðir 1985. Hér fer á eftir yfirlit um skuldastöðu ríkissjóðs 1977-1983 og eru skuldatölur sýndar á verðlagi hvers árs svo og verðlagi í árslok 1983.

	Skuld við Seðlabanka Íslands		Skuld við aðra innlenda og erlenda aðila		Heildarskuld ríkissjóðs	
Ár	Staða, verðlag í lok hvers árs	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða, verðlag í lok hvers árs	Staða, verðlag í árslok 1983	Staða, verðlag í árslok 1983	% af VÞF
1977	151,7	2.086,7	205,6	2.828,2	4.914,9	9,4
1978	272,6	2.649,2	362,4	3.521,8	6.171,0	11,0
1979	295,9	1.815,4	547,7	3.360,1	5.175,5	10,0
1980	330,5	1.280,0	923,5	3.576,7	4.856,7	9,3
1981	250,1	677,6	1.515,8	4.106,7	4.784,3	8,6
1982	204,6	345,6	3.224,7	5.446,2	5.791,8	11,0
1983	1.540,4	1.540,4	7.982,0 ‡	7.982,0	9.522,4	17,8

‡ Hækkun skýrist m.a. af yfirtöku byggðalínulána og lána vegna virkjunarrannsókna, sem áður færðust með B-hluta.

Áætlaðir vextir og afborganir af umsömdum lánum A-hluta ríkissjóðs nema 2.884,4 m.kr. þ.a. vextir 1.183,4 m.kr. og afborganir 1.701,0 m.kr. Að auki er áætlað fyrir 166,0 m.kr. vegna yfirdráttarvaxta ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands sem stafa af árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkissjóðs. Eins og þegar er fram komið er fyrirhuguð afborgun af lánum ríkissjóðs hjá Seðlabanka 160,0 m.kr. en samkvæmt útgefnum skuldabréfum ætti afborgun alls að nema 625,0 m.kr. Ráðgert er því að semja um framlengingu lána hjá bankanum að fjárhæð 465,0 m.kr. Þess er þá að geta að vegna mjög erfiðrar greiðslufjárstöðu ríkissjóðs síðari hluta árs 1983 var tekið 619,2 m.kr. lán fyrir milligöngu bankans. Það lán er bundið við SDR og endurgreiðist á árunum 1985-1986. Eftir áramót 1983/1984 var síðan tekið annað sams konar lán til þess að standa reikningsskil á yfirdrætti ríkissjóðs í árslok 1983. Það lán er að fjárhæð 678,0 m.kr. og endurgreiðist á árunum 1986-1989. Afborganir eldri lána í Seðlabankanum sem gjaldfalla á árinu 1985 nema 271,4 m.kr. og eru sem næst lokagreiðslur allra eldri bréfa.

Verður nú vikið að greiðslum af fjármagnsskuldbindingum sem á ríkissjóði hvíla með einum eða öðrum hætti á árinu 1985.

Samkvæmt fjárhagsskuldbindingum nemur beinn fjármagnskostnaður A-hluta ríkissjóðs 2.884,4 m.kr. Við þetta bætast síðan fjárveitingar til stofnana til að standa straum af fjármagnsútgjöldum. Stærstu liðirnir í þessu tilliti, sem koma fram í gjaldahlið frumvarpsins, eru:

1) Framlag til Orkusjóðs að upphæð 128,0 m.kr. til greiðslu á mismuni afborgana og vaxta af teknum lánum sjóðsins umfram innheimtu hans af veittum lánum.

2) Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs að upphæð 134,4 m.kr. til greiðslu afborgana og vaxta af ýmsum lánum sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir á liðnum árum, en ekki hefur verið staðið í skilum með af hlutaðeigandi aðilum.

3) Greiðslur að upphæð 81,4 m.kr. af lánum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem tekin voru 1981 og 1982 vegna útflutningsuppbóta.

4) Afborganir og vextir að upphæð 3,9 m.kr. af lánum sem tekin voru vegna framkvæmda við landshafnir.

5) Afborgun og vextir af láni sem Bjargráðasjóður tók vegna harðæris og búsifja nema 19,8 m.kr. og er þessi fjárveiting í samræmi við yfirlýsingu fyrrverandi ríkisstjórnar.

6) Að lokum má nefna að í 1. gr. frumvarpsins er áætlað fyrir 28,2 m.kr. vegna vaxta og afborgana af láni vegna Áburðarverksmiðju ríkisins eins og þegar hefur verið getið.

Samtals nema því útgjöld ríkissjóðs sem tengjast greiðslu fjármagnsútgjalda um 3.280,1 m.kr. og að viðbættum 166,0 m.kr. yfirdráttarvöxtum nemur fjárhæðin 3.446,1 m.kr. Þetta jafngildir því að um 15,7% af heildartekjum ríkissjóðs fari til greiðslu fjármagnskostnaðar. Þar sem endurgreiðsla til Seðlabankans verður 160 m.kr. eins og áður sagði nemur heildarfjárhæðin 2.981,1 m.kr., eða 13,6% af heildartekjum ríkissjóðs.

Í eftirfarandi yfirliti eru sýndir vextir og afborganir lána ríkissjóðs skv. fjárlögum 1984 og formlegar skuldbindingar 1985.

	Fjárlög 1984		Skuldbindingar 1985	
	Vextir M.kr.	Afborganir M.kr.	Vextir M.kr.	Afborganir M.kr.
Seðlabanki Íslands	**139,0**	**- ‡**	**354,0**	**625,0**
Skuldabréf	9,0	-	188,0	625,0
Yfirdráttur innan ársins	130,0	-	166,0	-
Önnur innlend lán	**323,6**	**963,2**	**220,4**	**459,0**
Óverðtryggð lán	26,1	25,4	25,0	25,0
Verðtryggð skv. byggingarvísitölu	42,7	77,7	59,0	109,2
Verðtryggð skv. lánskjaravísitölu	201,0	293,5	124,0	196,0
Verðtr. skv. framfærsluvísitölu	22,3	288,8	10,9	22,0
Verðtryggð skv. framfærsluv. á höfuðst.	1,5	227,8	1,5	56,8
Ótilgreint	30,0	50,0	-	50,0
Erlend lán	**377,4**	**189,0**	**775,0**	**617,0**
Erlend lán og gengistryggð	377,4	189,0	775,0	617,0
Samtals	840,0	1.152,2	1.349,4	1.701,0

‡ Engar afborganir eru áætlaðar í fjárlögum 1984.

2.8 Framsetning fjárlaga og ríkisreiknings

Á árunum 1982-1984 hefur verið unnið að endurskoðun á ýmsum mikilvægum þáttum er varða ríkisreikning og fjárlög og framsetningu þeirra. Endurskoðun hefur leitt til þess að ákveðið er að gera nokkra breytingu á framsetningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985. Jafnframt mun ríkisbókhaldið taka upp sams konar framsetningu í ríkisreikningi fyrir árið 1985. Í höfuðatriðum felur þetta í sér þrjár meginbreytingar auk þess að framvegis verður fullt samræmi á tölusetningu stofnana og viðfangsefna í fjárlögum og ríkisreikningi.


Í fyrsta lagi er ákveðið að taka upp nýjan bókhaldslykil fyrir ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Núverandi lykill hefur verið í notkun frá árinu 1973. Með breyttum aðstæðum og þörfum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja þótti tími til kominn að endurskoða lykilinn. Jafnframt var haft að leiðarljósi að bókhaldslykillinn yrði þannig úr garði gerður að hann væri markvissari en nú er og gæti uppfyllt ýmsar sérþarfir stofnana. Fjölgað er gjaldategundum, m.a. vegna starfsemi á sviði framleiðslu og framkvæmda, en á móti hafa aðrir liðir verið felldir niður eða dregnir saman í ljósi reynslunnar sem fengist hefur af núgildandi bókhaldslykli. Flokkaskipan tekna og gjalda er einnig breytt. Fjárlagagerð fyrir árið 1985 byggir á hinum nýja lykli og er ákveðið að bókhald allra ríkisstofnana og fyrirtækja fylgi hinum nýja bókhaldslykli frá ársbyrjun 1985.

Í öðru lagi er þess að geta að nýtt véltækt bókhalds- og áætlanakerfi verður tekið í notkun hjá öllum A-hluta stofnunum 1985. Núverandi kerfi er að stofni til frá árinu 1973. Hið nýja bókhaldskerfi verður í sívinnslu og bókhaldsupplýsingar verða færðar oftar inn í kerfið en nú er. Með þessu er stefnt að því að gera bókhaldið að virkara eftirlits- og stjórnunartæki. Nýja bókhaldskerfið hefur verið notað í tilraunaskyni hjá nokkrum stórum ríkisstofnunum á árinu

1984. Eiginleikar nýja bókhaldslykilsins og bókhaldskerfisins koma í fjárlagafrumvarpinu fyrst og fremst fram í aukinni áherslu á umfjöllun um fjárframlög til viðfangsefna hjá stofnunum. Af þessari ástæðu fjölgar viðfangsefnum nokkuð í fjárlagafrumvarpinu en gjaldategundum fækkar, enda minna upp úr þeim lagt þegar fjárframlög eru ákveðin. Liður í þessari breytingu er að nú eru viðfangsefni sýnd á öllum stofnunum A-hluta fjárlaga. Uppröðun á tegundasundurliðun og viðfangsefnum er nú víxlað frá því sem hefur verið í fyrri fjárlögum og ríkisreikningi, þ.e.a.s. fjárveiting til einstakra viðfangsefna er sýnd á undan skiptingu útgjalda á útgjaldategundir. Í hinu nýja bókhaldskerfi eru fyrstu fimm tölusætin ætluð til auðkenningar á númeri ráðuneytis og stofnunar. Er þetta eins og verið hefur. Næsta tölusæti, þ.e. sjötti stafur, sem jafnframt er fyrsti stafur í viðfangsefnisnúmeri, sýnir hvort um er að ræða efnahag, rekstrar-, viðhalds- eða stofnkostnaðarviðfangsefni. Fyrsti stafur í viðfangsefnanúmeri merkir sem hér segir:

0	efnahagur
1,2,3 eða 4	rekstrarviðfangsefni
5	viðhaldsviðfangsefni
6,7 eða 8	stofnkostnaðarviðfangsefni

Bókhaldsmerking viðfangsefnis er því þannig í öllum tilvikum:



Í gjaldahlið frumvarpsins er almennt notað 1, 5 eða 6 sem fyrsta sæti í viðfangsefni. Eftir standa þá sex sæti til auðkenningar á hinu eiginlega viðfangsefni. Í frumvarpinu er markvisst að því stefnt að nota einungis tvö fyrstu sætin til auðkenningar á megin viðfangsefni. Eftir standa því fjögur sæti til frekari sundurliðunar fyrir ríkisbókhald og stofnanirnar til þess að gegna ýmsum sérþörfum sem stofnanir kunna að hafa eða upp kunna að koma. Ríkisbókhaldið mun setja nánari reglur um þessar bókhaldsmerkingar.

Í 4. gr. frumvarpsins koma fram allar fjárveitingar ríkissjóðs. Til þess að gefa skýrari mynd en nú er af starfsemi stofnana eru fjárveitingar til aðalgjaldaflokka dregnar saman þannig að heildarrekstrarfjárveiting er sýnd með samtölu, svo og viðhald og stofnkostnaður með sama hætti. Á undanförnum árum hefur verið stigið skref í þá átt að skipta ekki viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingum í fjárlögum á einstakar deildir þegar um deildarskiptar stofnanir er að ræða. Sama gildir þrátt fyrir breytta framsetningu, en þetta hindrar ekki að stofnanir geti bókfært gjöldin inn á einstök undirviðfangsefni eftir þeim reglum sem ríkisbókhaldið ákveður.

Í þriðja lagi hefur verið tekin upp ný skilgreining á því sem telst til rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Gerður er greinarmunur á minni háttar viðhaldi sem færist með rekstrargjöldum og meiri háttar viðhaldsverkefnum sem sýnd eru sem sérstök viðfangsefni. Minni háttar viðhald er í mörgum tilfellum reglubundið, samningsbundið eftirlit og viðgerðir á skrifstofuvélum, lyftum í húsum, bílum og öðrum tækjum. Sama máli gegnir um minni háttar lagfæringar á fasteignum, t.d. málning á hluta fasteigna, rafmagnsviðgerðir o.fl. Til meiri háttar viðhaldsverkefna telst m.a. þegar húsnæði er tekið til gagngerra endurbóta. Sama máli gegnir um klössun skipa og stórra véla. Líkt og á við um viðhald er gerður svipaður greinarmunur á fjárveitingu til stofnkostnaðar. Til rekstrargjalda eru nú færð minni háttar kaup á skrifstofubúnaði og skrifstofuvélum. Slík kaup voru áður færð með gjaldfærðum stofnkostnaði. Til stofnkostnaðar færast allar nýbyggingar, fasteignakaup og kaup stærri tækja, véla og áhalda.

Í stuttu máli má segja að endurskoðun á tegundarsundurliðun gjalda og viðfangsefnaskiptingu frumvarpsins endurspegli breyttar áherslur í framsetningu fjárlaga. Nú er lögð höfuðáhersla á til hvaða verkefnis fjárveitingu er ætlað að renna í stað gjaldategundar áður. Þá er tegundarsunduliðunin hrein, en ekki sambland af eðli gjalda og tegund gjalda eins og verið hefur. Tilgangurinn er sá að draga fram eðli fjárveitingar ótvíræðar en nú er, þ.e.a.s. hvort um er að ræða fjárveitingu til hefðbundins rekstrar, viðhalds eða stofnkostnaðar. Með þessum hætti á að fást betra aðhald og eftirlit með tilliti til áætlanagerðar og bókhalds.

3 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1984. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1984. Í öðrum hluta athugasemda frumvarpsins er gerð grein fyrir breytingum á framsetningu frumvarpsins og öðrum almennum breytingum á framlögum sem rekja má til launa- og verðlagsþróunar. Ekki þykir ástæða til að endurtaka skýringar af almennum toga í greinargerð um einstakar stofnanir.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Æðsta stjórn ríkisins	127.672	144.428	16.756	13,1

201 Alþingi.

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 97.875 þús. kr. í 109.136 þús. kr., eða um 11,5%. Laun nema 79.972 þús. kr. en voru 69.044 þús. kr. í fjárlögum 1984. Aðrir útgjaldaliðir hækka um 333 þús. kr. og verða 29.164 þús. kr. Þar sem engar fjárlagatillögur bárust fyrir Alþingi er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá 1984 að öllu leyti.

301 Ríkisstjórn.

Framlag ríkissjóðs nemur 19.486 þús. kr. en var 16.530 þús. kr. í fjárlögum 1984. Hækkun framlagsins nemur 2.956 þús. kr., eða 17,9%. Laun hækka um 14,6% og verða 14.380 þús. kr. Ekki er um breytingu á starfsmannafjölda að ræða og er áætlað fyrir launum 10 ráðherra, 10 bifreiðastjóra og 6 aðstoðarmanna ráðherra. Önnur gjöld hækka úr 3.984 þús. kr. í 5.106 þús. kr., eða um 28,2%.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	17.997	23.753	5.756	32,0
Annað	99.890	94.147	- 5.743	- 5,7
Samtals	117.887	117.900	13	0
Þar af markaður tekjustofn	30.500	33.000	2.500	8,2

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

Nú verður gerð nánari grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

Framlag til aðalskrifstofunnar nemur 23.753 þús. kr. og hækkar um 5.756 þús. kr. frá fjárlögum 1984, eða um 32,0%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1984, frumvarpi 1985 og breytingin milli ára.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	7.301	11.226	53,8
Stjórnarráðshús	1.547	829	- 46,4
Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald	150	-	- 100,0
Ráðherrabústaður Tjarnargötu, rekstur	561	791	41,0
Ráðherrabústaður Þingvöllum	258	286	10,9
Hrafnseyri	150	500	233,3
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	6.530	7.467	14,3
Öryggismálanefnd	1.200	1.332	11,0
Gjöf Jóns Sigurðssonar	300	300	-
Fálkaorðan	-	222	
Viðhaldsverkefni (Stjórnarráðshús)	-	800	
Gjöld samtals	17.997	23.753	32,0

Framlag til yfirstjórnar hækkar úr 7.301 þús. kr. í 11.226 þús. kr. og veldur þar mestu framlag að fjárhæð 2.192 þús. kr. vegna gerðar framtíðarspár. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá árinu 1984.

Í fjárlögum 1984 var sú breyting gerð að áætlað var fyrir kostnaði vegna fálkaorðunnar undir embætti forseta Íslands, en áður hafði verið áætlað fyrir honum undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins. Í þessu frumvarpi er horfið til eldra fyrirkomulags og því eru veittar 222 þús. kr. til viðfangsefnisins **fálkaorðan.**

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.

Fjárveiting lækkar úr 5.542 þús. kr. í 5.199 þús. kr., eða um 343 þús. kr. Laun vegna almenns reksturs hækka úr 1.823 þús. kr. í 2.057 þús. kr., eða um 12,8%. Önnur útgjöld lækka úr 4.196 þús. kr. í 3.796 þús. kr. og munar þar mest um lækkun fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna úr 2.939 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 1.840 þús. kr. í frumvarpinu. Loks skal getið að sértekjur hækka úr 477 þús. kr. í 654 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	30.716	36.534	5.818	18,9
Fræðslumál	2.613.481	3.070.013	456.532	17,4
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	241.538	265.169	23.631	10,3
Samtals	2.885.735	3.371.716	485.981	16,8
Þar af markaðir tekjustofnar	30.470	43.030	12.560	41,2

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands verður 13.630 þús. kr. og hækkar um 5.760 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilasjóðs, hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 26.000 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs hækkar um 800 þús. kr. og verður 3.400 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

201 Háskóli Íslands.

Rekstrarfjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 29.476 þús. kr. og verður 278.236 þús. kr., sem er hækkun um 11,9% frá fjárlögum ársins 1984. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun vegna reksturs skólans hækka um 34.874 þús. kr. eða 19,8% frá fjárlögum 1984. Önnur gjöld til rekstrar verða 82.672 þús. kr. og er það hækkun um 18.656 þús. kr. eða 29,1%. Stofnkostnaður verður samtals 57.000 þús. kr. og er það lækkun um 5.275 þús. kr. Þá hækka **sértekjur** um 18.779 þús. kr. eða 35% frá fjárlögum 1984. Launaliður hækkar umfram launaforsendur frumvarpsins og eru skýringar þess í aðalatriðum eftirfarandi. Teknar eru inn í frumvarpið átta nýjar stöður, samtals að fjárhæð 2.700 þús. kr. Þetta eru þrjár stöður við yfirstjórn, tvær stöður við námsbraut í hjúkrunarfræði innan læknadeildar, en þessar stöður töldust áður til grunnheimilda hjá Hjúkrunarskóla Íslands, prófessorsstaða við lyfjafræði lyfsala, dósentstaða í frönsku og ein staða bókavarðar við Háskólabókasafn. Þá er gert ráð fyrir að tvær dósentsstöður við stærðfræðiskor í verkfræði- og raunvísindadeild breytist í prófessorsstöður. Önnur hækkun launa er vegna aukinnar kennslu í lyfjafræði og hjúkrunarfræði og til starfsemi málvísindastofu heimspekideildar. Þá hefur framlag til stundakennslu í deildum og námsbrautum verið hækkað þar sem höfð hefur verið hliðsjón af kennslumagni skólaárið 1983-1984. Við áætlun á rekstrargjöldum var tekið mið af reikningsniðurstöðum ársins 1983 ásamt útkomu á fyrri hluta árs 1984. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um framlög til einstakra deilda skólans, þar sem hækkanir umfram verðlagsforsendur skiptast nokkuð jafnt á einstakar deildir skólans.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup: Ætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 57.000 þús. kr. á árinu 1985. Gert er ráð fyrir

að fjármögnun og ráðstöfun fjárins verði með eftirfarandi hætti:

		þús. kr.
Fjármögnun:		
Inneign 1. janúar 1985		1.000
Framlag H.Í.		56.000
	Samtals	57.000
Ráðstöfun:		
A. Almennt		
Viðhald húsa og lóða		8.400
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu		5.500
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð		600
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar		1.000
Húsnæði og búnaður námsbrauta		2.000
Úrbætur í síma- og öryggismálum		500
	Samtals	18.000
B. Nýbyggingar		
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð		39.000
	Samtals A og B	57.000

Bein fjárveiting til framkvæmda fellur nú niður þar sem fyrirheit þau sem gefin voru af fjárveitingarnefnd Alþingis í október 1978 hafa verið uppfyllt af hálfu ríkissjóðs, en þar var gert ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda við háskólann að jafnvirði 9.000 þús. kr. miðað við verðlag í október 1978.

203 Raunvísindastofnun háskólans.

Framlag ríkissjóðs nemur 31.670 þús. kr. og hækkar um 40,0% frá fjárlögum 1984. Fjárframlagið miðast við óbreytta starfsemi á stofnuninni með tveimur undantekningum. Viðfangsefnið **sameiginleg verkefni** er fellt niður, en 750 þús. kr. voru veittar til þessa viðfangsefnis í fjárlögum 1984. Fjárveiting til viðfangsefnisins **rekstur fasteigna** hækkar úr 3.066 þús. kr. í 8.361 þús. kr., enda skal 6.000 þús. kr. varið til byggingar fyrsta áfanga nýrrar þakhæðar og gagngerra endurbóta á húsi stofnunarinnar.

207 Íslensk málnefnd.

Sérstök lög um Íslenska málnefnd voru samþykkt á Alþingi á s.l. vori. Í 4. grein þeirra laga segir m.a.: "Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérstakur forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu." Hér er því áætlað fyrir einni fastri stöðu til viðbótar við þau laun sem fyrir voru sem samsvöruðu u.þ.b. 1,5 stöðu aðstoðarmanns á öðrum dagvinnulaunum. Samtals nemur framlag til nefndarinnar 1.049 þús. kr. og hækkar um 538 þús. kr. frá fjárlögum gildandi árs. Stafar þessi hækkun af ofansögðu, auk almennra launa- og verðlagshækkana.

208 Örnefnastofnun.

Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, en framlag til stofnunarinnar var áður áætlað undir fjárlagalið 02-902 Þjóðminjasafn sem sérstakt viðfangsefni. Hækkun frá fjárlögum er 168 þús. kr. eða um 16%. Launaliður byggir á einni heimilli stöðu og er hækkun í samræmi við launaforsendur frumvarpsins. Önnur gjöld hækka einnig í samræmi við forsendur og fellur viðhald nú undir rekstrargjöld en er ekki áætlað sérstaklega.

231 Náttúrufræðistofnun.

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar er 7.233 þús. kr. og hækkar um 1.142 þús. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, eða um 18,7%. Laun hækka um 543 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur gjöld til rekstrar nema 2.078 þús. kr. og hækka um 524 þús. kr. sem er töluvert umfram almennar verðlagshækkanir en skýringin er aukið húsrými stofnunarinnar. Framlag til stofnkostnaðar er 1.125 þús. kr., þar af eru 875 þús. kr. vegna búnaðar í nýjan sýningarsal.

232 Rannsóknaráð ríkisins.

Fjárveiting til Rannsóknaráðs ríkisins nemur 5.819 þús. kr. og hækkar um 912 þús. kr. frá fjárlögum 1984, eða um 8,3%. Laun hækka úr 2.554 þús. kr. í 2.978 þús. kr. og önnur gjöld hækka úr 3.070 þús. kr. í 3.785 þús. kr. Nokkur áherslubreyting kemur fram í starfi stofnunarinnar í þessu fjárlagafrumvarpi. Þannig fellur fjárveiting til viðfangsefnisins **sameiginleg hagsmunamál** niður og fjárveiting til viðfangsefnisins **rannsóknir og þróunarstarfsemi** lækkar úr 560 þús. kr. í 333 þús. kr. Hins vegar hækka fjárveitingar til viðfangsefnanna **skipulags- og þróunarmál** og **nýting náttúruauðæfa.**

Í eftirfarandi yfirliti sést framlag ríkissjóðs til þeirra rannsóknastofnana, sem um er fjallað í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, að viðbættum Raunvísindastofnun háskólans og Tilraunastöð háskólans á Keldum.

	Fjárlög 1984		Frumvarp 1985		Hækkun
	Framlag Þús. kr	Sértekjur % af gjöldum	Framlag Þús. kr.	Sértekjur % af gjöldum	framlags %
Tilraunastöð háskólans á Keldum....	5.953	67,3	7.503	65,0	26,1
Raunvísindastofnun háskólans.....	22.954	14,2	31.670	12,7	38,0
Rannsóknastofnun landbúnaðarins....	29.779	10,4	32.720	10,4	9,9
Veiðimálaskrifstofan.....	8.447	8,4	8.586	8,9	1,6
Hafrannsóknastofnun.....	91.027	2,3	115.440	0,3	26,8
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins....	15.033	18,1	17.664	27,0	17,5
Iðntæknistofnun Íslands.....	18.559	43,9	34.085	37,6	83,7
Rannsóknastofnun byggingariðn.....	11.789	47,6	14.271	45,0	21,1
Orkustofnun.....	73.205	37,8	87.690	31,4	19,8
Samtals	276.746	25,6	349.629	22,7	26,3

Eins og fram kemur á yfirlitinu, helst hlutfall sértekna af heildargjöldum allra stofnananna sem næst óbreytt milli ára. Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Framlag úr A-hluta til sjóðsins nemur alls 13.630 þús. kr. og er jafnhátt mörkuðum tekjum sjóðsins og hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Tekjur sjóðsins í fjárlögum 1984 námu alls 9.870 þús. kr., þ.a. voru 2.000 þús. kr. vegna sérstaks framlags ríkissjóðs vegna greiðslu eftirstöðva af söluandvirði hluta Iðntæknistofnunar í húseigninni Skipholt 37, sem ríkissjóður yfirtók. Ráðstöfunarfé sjóðsins 1985 fer í að greiða afborgun og vexti af eldri lánum og til áframhaldandi byggingarframkvæmda á Keldnaholti.

301-307 Menntaskólar.

Fjallað verður hér um alla menntaskóla sameiginlega eins og í tveimur síðustu fjárlagafrumvörpum. Nemendafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, eða um 3.600 - 3.700 nemendur samtals og byggir áætlunin á því. Heildarfjárveiting er 168.664 þús. kr. og hækkar um 22% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli gjaldategunda.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun	115.184	133.392	18.208
Önnur gjöld	16.624	22.491	5.867
Stofnkostnaður	10.664	16.150	5.486
Viðhald		1.500	1.500
Gjöld samtals	142.472	173.533	31.061
Sértekjur	4.180	4.869	689
Mismunur	138.292	168.664	30.372

Helstu stofnkostnaðarframlög eru eftirfarandi: Til Menntaskólans á Akureyri 550 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu, til Menntaskólans við Hamrahlíð 500 þús. kr. vegna endurbóta á húsnæði skólans. Til Menntaskólans á Ísafirði 2.000 þús. kr. vegna framkvæmda við nýbyggingu og til Menntaskólans á Egilsstöðum 1.000 þús. kr. vegna tækja og búnaðar. Meiri háttar viðhald, 1.500 þús. kr., er vegna Menntaskólans við Sund og þar er einnig áætlað fyrir 11.600 þús. kr. stofnkostnaðarframlagi. Þar af eru 11.200 þús. kr. vegna uppgjörs við Reykjavíkurborg. Nýlega var ákveðið að þetta uppgjör fari fram á árinu 1984 í samræmi við heimild í 6. gr. fjárlaga, lið 7.6. Framlaginu í frumvarpinu, 11.200 þús. kr., verður ráðstafað til hækkunar á eftirtöldum stofnkostnaðarliðum: Til Fjölbrautaskólans á Selfossi 6.500 þús. kr. hækkun vegna bóknámshúss. Kennaraháskóli Íslands 2.000 þús. kr. hækkun vegna búnaðar í nýbyggingu og hækkun um 2.700 þús. kr. til Listskreytingarsjóðs.

308,351-358 Fjölbrautaskólar.

Hér verður fjallað um fjölbrautaskóla sameiginlega. Auk þeirra skóla sem bera nafnið fjölbrautaskólar flokkast framhaldsskólarnir í Neskaupstað og Vestmannaeyjum einnig undir fjölbrautaskóla svo og Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. Nemendafjölgun hefur orðið mikil í þessum skólum á undanförnum árum. Áætlun þessi byggir á um 5.100 nemendum samtals en þeir voru rúmlega 4.900 skólaárið 1983-1984 og um 4.700 skólaárið 1982-1983. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun milli gjaldategunda og samanburð við fjárlög yfirstandandi árs. Þess skal getið vegna hækkunar á öðrum rekstrargjöldum að allt minni háttar viðhald færist nú sem rekstrargjöld og mikil aukning er vegna þess hve margir skólar eru nýjir og vaxandi ár frá ári.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun	134.591	156.829	22.238
Önnur gjöld	12.079	17.219	5.140
Stofnkostnaður	39.282	27.000	-12.282
Viðhald	916	-	-916
Gjöld samtals	186.868	201.048	14.180

Framlag til stofnkostnaðar skiptist þannig: Til Menntaskólans í Kópavogi, fjölbrautar, 2.000 þús. kr. þar af er 1.000 þús. kr. vegna hönnunar á nýju húsi fyrir kennslu í matvæla- og framreiðslufræði og 1.000 þús. kr. vegna endurbóta á skólahúsnæðinu. Framlag að fjárhæð 2.800 þús. kr. er til fjölbrautaskóla í Reykjavík og fer allt til Fjölbrautaskólans í Breiðholti vegna innréttinga og búnaðar. Til Flensborgarskóla renna 1.800 þús.kr., þar af 1.623 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu. Til Fjölbrautaskóla Suðurnesja fara 600 þús. kr. vegna tækjakaupa og 8.500 þús. kr. til Fjölbrautaskólans á Akranesi vegna byggingar heimavistar. Til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum eru 500 þús. kr. ætlaðar til tækjakaupa og til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki er framlagið 7.800 þús. kr. Þar af eru 6.300 þús. kr. vegna heimavistarhúsnæðis, 1.200 þús. kr. vegna innréttinga á kennsluhúsnæði sem tekið er á leigu og 300 þús. kr. vegna kennslutækja. Til Framhaldsskólans í Neskaupstað renna 1.000 þús. kr. vegna lokafrágangs 1. hæðar og búnaðar og til Fjölbrautaskólans á Selfossi eru áætlaðar 2.000 þús. kr. vegna bóknámshúss auk framlags sem getið er um í greinargerð 301-307.

319 Framhaldsskólar, almennt.

Heildarfjárveiting er 25.380 þús. kr. en var 23.952 þús. kr.í fjárlögum 1984. Laun lækka frá fjárlögum um 2.254 þús. kr. sem skýrist af því að gert er ráð fyrir helmingi lægri útgjöldum vegna nemendafjölgunar en í fjárlögum yfirstandandi árs. Nú er áætlað fyrir rúmlega 4.000 þús. kr. vegna þessa í stað 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1984. Aðrir þættir á launalið eru eftirfarandi: 1) Sameiginleg þjónusta, 2) prófdæming 3) orlof kennara og 4) forfallakennsla. Hækka þessir þættir í samræmi við almennar launahækkanir á tímabilinu. Önnur rekstrargjöld hækka um 220 þús. kr. og nema 2.220 þús. kr. Tilfærslur nema 722 þús. kr. og eru vegna endurmenntunarnámskeiða og námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum. Viðhald hækkar um 700 þús. kr. og er samtals 4.200 þús. kr. þar af eru 150 þús. kr. áætlaðar til að skoða og gera áætlun um viðhaldsmál skóla í eigu ríkis og sameign ríkis og annarra. Til stofnkostnaðar er framlagið 5.000 þús. kr. og er það til að styrkja tölvukaup framhaldsskólanna.

321 Kennaraháskóli Íslands.

Fjárveiting til skólans nemur að þessu sinni 46.752 þús. kr. og hækkar um 3.994 þús. kr. eða 9,3% frá gildandi fjárlögum. Sú breyting hefur orðið frá síðustu áætlun að Rannsóknastofnun uppeldismála, sem áætlað hefur verið fyrir undir þessum fjárlagalið, er nú á sérstökum fjárlagalið 02-323 og vísast til sérstakrar greinargerðar varðandi það. Launaliður nemur 34.118 þús. kr. og hækkar um 6.607 þús. kr. Ætlað er fyrir einni stöðu í viðbót við það sem gert var á sl. ári og er það staða æfingastjóra sem flutt hefur verið frá Æfinga- og tilraunaskólanum. Önnur rekstrargjöld nema 9.707 þús. kr. og er minni háttar viðhald ætlað þar með. Til meiri háttar viðhalds áætlast 400 þús. kr. og til stofnkostnaðar 3.500 þús. kr. Þar af eru 2.000 þús. kr. vegna búnaðar í nýbyggingu, 1.000 þús. kr. til kennslutækja og 500 þús. kr. vegna breytinga á eldra húsnæði. Sértekjur áætlast 973 þús. kr. Sjá auk þess greinargerð 301-307.

323 Rannsóknarstofnun uppeldismála.

Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 38/1971 skal hlutverk Rannsóknarstofnunar uppeldismála vera eftirfarandi: "a) Vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi. b) Veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda." Að stofnuninni standa Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands og Menntamálaráðuneytið. Stofnunin fékk eigið húsnæði snemma á árinu 1984 og er nú í fyrsta sinn áætlað fyrir framlagi til hennar á sérstöku fjárlaganúmeri, en sl. tvö ár hefur fjárveiting til hennar verið hluti af fjárveitingu til Kennaraháskóla Íslands. Launaáætlun byggir á 0,33 stöðu forstöðumanns, 1,0 stöðu sérfræðings og 0,5 stöðu ritara. Þar af er einungis 0,5 staða ritara heimiluð af ráðninganefnd ríkisins þar sem hinar stöðurnar eru tímabundnar. Sérfræðingsstaðan er tímabundin miðað við þau verkefni sem eru á dagskrá hverju sinni en forstöðumaðurinn er kosinn til þriggja ára til skiptis frá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 534 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag er 170 þús. kr.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands.

Framlag til skólans nemur alls 18.299 þús. kr. Rekstrarframlag nemur alls 5.049 þús. kr og hækkar um 17,2% frá fjárlögum 1984. Til áframhaldandi byggingarframkvæmda við íþróttahús eru veittar 12.750 þús. kr. og 500 þús. kr. til tækja- og búnaðarkaupa.

359 Verkmenntaskóli á Akureyri.

Nú er í fyrsta skipti áætlað fyrir launum og öðrum rekstrargjöldum við þennan skóla en undanfarin ár hafa einungis verið stofnkostnaðarframlög á þessum fjárlagalið. Skóli þessi sameinar þrjá skóla á Akureyri, Iðnskólann, Húsmæðraskólann og Gagnfræðaskóla Akureyrar. Við áætlunina hefur verið stuðst við upplýsingar um þessa skóla varðandi nemendafjölda og fjárþörf á liðnum árum. Launaliður áætlast 21.242 þús kr. og rekstrargjöld 2.775 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar nemur 11.000 þús. kr. og er vegna framkvæmda við bóknámsálmu. Samtals er fjárveiting því 35.017 þús. kr.

422 Námsgagnastofnun.

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 20.762 þús. kr., sem er 67,1% hækkun frá fjárlögum 1984. Gert er ráð fyrir eftirtöldum breytingum á viðfangsefnum í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um starfsemi stofnunarinnar: a) Skólavörubúð sem áður var í B-hluta fjárlaga er lögð niður, en í stað stofnuð afgreiðslu- og söludeild sem annast innkaupa- og pöntunarþjónustu fyrir grunnskóla. b) Námsefnisgerð flyst til stofnunarinnar af fjárlagalið 02-423. c) Kennslumiðstöð er nýtt viðfangsefni. Launakostnaður

hækkar um 8.335 þús. kr., en þegar tekið er tillit til lækkana á öðrum viðfangsefnum er hækkunin 3.029 þús. kr. Hækkunin er vegna lausráðinna starfsmanna en laun þeirra voru áður greidd af rekstrarfé stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði 39 talsins auk afleysingafólks, þar af eru 10 heimiluð stöðugildi. Almenn rekstrargjöld eru áætluð með hliðsjón af raunverulegum rekstrarkostnaði á síðustu árum og aukinni útgáfustarfsemi í samræmi við tillögur nefndar. Til útgáfu kennsluefnis eru ætlaðar 39.923 þús. kr.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni.

Fjárlagaliður þessi hét áður Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi en fær nú nýtt nafn vegna ýmissa breytinga sem gerðar hafa verið að tillögu nefndar sem fjallaði um starfsemi Námsgagnastofnunar. Ýmis sérverkefni, sum tímabundin, falla undir þennan lið en segja má að námsskrár, námsstjórn og þróunarverkefni á grunnskóla- og framhaldsskólastigi séu verkefni sem falla hér undir. Fjárveiting til viðfangsefnisins lækkar um 1.903 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Lækkunin stafar af flutningi námsefnisgerðar til Námsgagnastofnunar. Miðað er við að námsstjórar verði 8,98 talsins eins og fyrr, en að auki verði lausráðnir 1,52 námsstjórar vegna tímabundinna verkefna. Önnur rekstrargjöld eru hækkuð um 633 þús. kr. og stafar hækkunin einkum af aukinni áherslu á heimsóknir námsstjóra í skóla.

515 Iðnskólar utan Reykjavíkur.

Fjárveiting til iðnskóla utan Reykjavíkur er samtals 12.298 þús. kr. og lækkar frá gildandi fjárlögum um 7.204 þús. kr. Framlag til Iðnskóla Akureyrar fellur niður þar sem hann sameinast nú Verkmenntaskóla á Akureyri. Fjárveitingin skiptist með eftirfarandi hætti: Til Iðnskólans í Hafnarfirði 6.005 þús. kr., til annarra iðnskóla 3.717 þús. kr., vegna sveinsprófa 2.112 þús. kr. og vegna endurmenntunar 464 þús. kr.

518 Fiskvinnsluskólinn.

Framlag til Fiskvinnsluskólans nemur 14.677 þús. kr. Launaliður er 3.096 þús. kr. og hækkar um 18,8% frá fjárlögum. Rekstrarkostnaður er áætlaður 2.601 þús. kr. og sértekjur 1.020 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag vegna byggingarframkvæmda er 10.000 þús. kr.

521 Hjúkrunarskóli Íslands.

Allt grunnnám í hjúkrunarfræði á að færast til Háskóla Íslands og verða því ekki teknir nýir hjúkrunarnemar inn í Hjúkrunarskóla Íslands frá og með hausti 1984. Starfsemin mun því dragast saman smátt og smátt sem er skýring á því að framlag til skólans lækkar frá fjárlögum yfirstandandi árs. Heildarfjárveiting er 8.018 þús. kr. og lækkar um 1.871 þús. kr. Sú lækkun er fyrst og fremst á launalið eða 1.855 þús. kr., enda falla niður störf eða flytjast til Háskóla Íslands.

601-609 Héraðsskólar.

Hér verður fjallað um alla héraðsskóla sameiginlega eins og fjallað er um menntaskóla og fjölbrautaskóla. Nemendum fækkar í héraðsskólum landsins og kennslumagn, þ.e. kenndar stundir á viku, minnkar einnig. Hlutfall framhaldsnáms hefur þó aukist í þessum skólum á undanförnum árum og er sú kennsla dýrari á hvern nemanda en kennsla á grunnskólastigi. Samdráttur kennslumagns hefur því ekki í för með sér lækkun kennslukostnaður svo neinu nemi. Í þessari áætlun er tekið tillit til framhaldsnáms og miðað við nemendafjölda eins og hann hefur verið síðustu ár. Umtalsverð hækkun er á öðrum rekstrargjöldum ef miðað er við fjárlög 1984, sem þó tóku mið af reikningi 1982. Miklar hækkanir hafa orðið á rekstrargjöldum í flestum þessum skólum milli áranna 1982 og 1983, sérstaklega á orkulið. Tekið er tillit til þessara hækkana en jafnframt þarfnast þetta nánari skoðunar. Í töflunni hér á eftir kemur fram samanburður við fjárlög 1984.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun	28.185	31.752	3.567
Önnur gjöld	10.509	15.800	5.291
Gjöld samtals	38.694	47.552	8.858
Sértekjur	1.559	1.726	167
Mismunur	37.135	45.826	8.691

610 Héraðsskólar, almennt.

Framlag á þessum fjárlagalið hækkar um 700 þús. kr. og verður alls 10.400 þús. kr. Af fjárveitingunni renna 8000 þús. kr. til stofnkostnaðarverkefna en 2.400 þús. kr. til viðhalds í héraðsskólum. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700 - 707 Grunnskólar, rekstur.

Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 170.572 þús. kr., eða 20,4% frá fjárlögum 1984. Laun hækka um 148.104 þús. kr., eða um 19,2%, og verða 919.637 þús. kr. Helstu hækkunarvaldar eru þessir frá fjárlögum 1984: 1. Lækkun kennsluskyldu hjá kennurum í forskóla til 6. bekkjar úr 30,5 stundum í 30 stundir á viku veldur 6.400 þús. kr. hækkun launa. 2. Fjölgun skiptistunda við verklega kennslu í heimilisfræðum og handavinnu (áætlað í 1. til 8. bekk) veldur 14.300 þús. kr. hækkun launa. 3. Aukin kennsla forskólabarna úr 0,75 stundum í 1,0 stund á viku veldur 9.300 þús. kr. hækkun launa. Samtals valda þessir liðir 30.000 þús. kr. hækkun launa. Að frátöldum þessum hækkunum er launahækkun í grunnskólum 15,3% frá fjárlögum 1984. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi fræðsluskrifstofa og sálfræðiþjónustu frá fjárlögum 1984. Rekstrargjöld hækka um 22.399 þús. kr. og eru áætluð 85.084 þús. kr. Tilfærslur, sem er framlag ríkissjóðs til reksturs fræðsluskrifstofa

samkvæmt 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, verða 3.691 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum 1984 er aðeins 69 þús. kr. og skýrist af því að framlaginu til Reykjavíkur er skipt milli launa og rekstrargjalda undir grunnskólum Reykjavíkur í samræmi við samning milli borgarinnar og menntamálaráðuneytisins frá miðju ári 1984 um breytt skipulag fræðsluskrifstofunnar. Það er reiknað út á sama hátt og áður og nemur um 970 þús. kr.

720 Grunnskólar, almennt.

Heildarframlög nema 40.152 þús. kr. og hækka um 9.132 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Fjögur ný viðfangsefni eru tekin upp en fækkað er um eitt eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Framhaldsdeildir í grunnskólum	18.609	22.043	3.434
Umferðarfræðsla í skólum	626	729	103
Sundskylda í skólum	10.000	10.900	900
Skíðakennsla í skólum	65	76	11
Unglingafræðsla	30	55	25
Rannsókn á áhrifum skólaskyldu	281	-	- 281
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	707	841	134
Unglingaheimili, skóli	702	1.078	376
Safnakennsla	-	293	293
Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum	-	959	959
Mötuneyti vegna nemenda í 9. bekk grunnskóla	-	1.901	1.901
FM-heyrnartæki við kennslu	-	1.277	1.277
Samtals	31.020	40.152	9.132

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög.

Fjárveiting lækkar um 15.450 þús. kr. frá fjárlögum 1984 og nemur hún alls 100.000 þús. kr. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlags til einstakra framkvæmda.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn.

Liðurinn hækkar um 18.582 þús. kr. frá fjárlögum 1984 og verður 81.944 þús. kr. Laun hækka um 11.015 þús. kr. eða 26,2% og verða 53.102 þús. kr. Er það nokkuð umfram almennar launahækkanir og stafar af þremur ástæðum. Er fyrst að nefna aukið kennslumagn vegna þess að fleiri nemendur eiga við meiri fötlun að stríða en áður var talið og eykur þessi aukning kennslukostnað um 2.232 þús. kr. Teknir eru inn tveir nýir liðir, forfallakennsla 668 þús. kr. og orlof kennara 425 þús. kr. Samtals valda þessir þrír liðir hækkun er nemur 3.325 þús. kr. Eftir er þá hækkun sem nemur 7.690 þús. kr. eða 18,3% og er þar meðtalin nokkur aukning á kvótastörfum, ræstingarlaunum og lítils háttar launaskrið. Rekstrargjöld verða 13.067 þús. kr. Er þetta hækkun um 2.927 þús.kr. eða 28,9% frá fjárlögum og því nokkuð umfram almenna verðlagshækkun. Fyrir utan 400 þús. kr. hækkun á rekstrargjöldum þjálfunarskólans á Akureyri (Sólborg) vegna leigu í nýju húsnæði, stafar hækkunin af því að tekið var mið af reikningstölum fyrir árið 1983. Rekstrargjöldin skiptast þannig á einstök viðfangsefni (í þús. kr.): 29

Öskjuhlíðarskóli	2.385
Kjarvalshús, greiningarstöð	927
Þjálfunarskólar	2.462
Dagvistun forskólabarna	44
Sameiginleg þjónusta	7.304
Samtals	13.122

Eins og sést af þessu yfirliti er stærsti liðurinn undir viðfangsefninu **sameiginleg þjónusta** og skiptist hann þannig eftir kostnaðartegundum (í þús. kr.)

Akstur skólabarna	5.983
Fargjöld	235
Tannlæknaþjónusta	278
Fjölskylduheimili, Reynilundi 4	499
Skóladagheimili Lindarflöt	309
Samtals	7.304

Tilfærslur hækka um 4.610 þús. kr. eða 44,2% og verða 15.030 þús. kr. Liðirnir eru þessir: Undir viðfangsefninu **dagvist forskólabarna** 10.305 þús. kr. og eru það greiðslur fyrir kostnað við vist og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum reknum af sveitarfélögum. Þessi liður var 7.187 þús. kr. í fjárlögum 1984. Undir viðfangsefni **sameiginleg þjónusta** eru tveir liðir. Til greiðslu á dvalarkostnaði þroskaheftra sem vistuð eru hjá vistforeldrum eru ætlaðar 3.035 þús. kr. en voru 2.693 þús. kr. í fjárlögum 1984. Liðurinn tekur sömu breytingum og laun. Til sumardvalar þroskaheftra barna eru ætlaðar 1.635 þús. kr. en er 500 þús. kr. í fjárlögum 1984. Reyndist sú fjárhæð ófullnægjandi. Til **Bliss-nefndar** eru ætlaðar 55 þús. kr. en voru 40 þús. kr. í fjárlögum 1984. Undir viðfangsefninu **sameiginleg þjónusta** eru tveir sértekjuliðir, samtals 610 þús. kr. Eru það endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna tannlækninga að fjárhæð 71 þús. kr. og vistana 539 þús. kr. Skipting stöðugilda og kostnaður eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	Sértekjur	Fjárveiting þús. kr.
Öskjuhlíðarskóli	**46,04**	**19.057**		**19.057**
Kjarvalshús, greiningarstöð	**13,00**	**5.332**	**55**	**5.277**
Þjálfunarskólar	**87,54**	**31.283**		**31.283**
Kópavogshæli	23,67	7.671		7.671
Sólheimar	2,00	1.372		1.372
Geðdeild Hringsins	9,67	3.345		3.345
Bjarkarás	8,17	2.860		2.860
Safamýri	29,50	10.245		10.245
Tjaldanes	1,70	790		790
Sólborg	12,83	5.000		5.000
Dagvistun forskólabarna	**1,00**	**10.703**		**10.703**
Sameiginleg þjónusta	**4,33**	**15.755**	**610**	**15.145**
Sameiginlegur kostnaður		6.496	71	6.425
Dvalarkostnaður, vistun		3.035	539	2.496
Fjölskylduheimili, Reynilundi. 4	2,50	1.860		1.860
Skóladagheimili, Lindarflöt	1,83	1.638		1.638
Sumardvöl		1.635		1.635
Forfallakennsla		666		666
Orlof kennara		425		425
Blissnefnd		**55**		**55**
Fasteign (Öskjuhlíðarskóli)		**200**		**200**
Hjálpartæki (Öskjuhlíðarskóli)		**240**		**240**
Samtals	151,91	82.625	665	81.960

1 þessari upptalningu stöðugilda eru bæði heimilaðar stöður og "reiknuð stöðugildi", einkum kennarastöðugildi miðuð við kennslumagn. Fjölgun þeirra er 9,55.

802 Vernd barna og ungmenna.

Fjárveiting skiptist á þrjú meginviðfangsefni. Fjárveiting til **Barnaverndarráðs** og **til sumardvalarheimila** fela í sér óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1984. Framlag til **meðferðarheimilisins Torfastöðum** er tvískipt. Annars vegar eru veittar 850 þús. kr. til lokaframkvæmda við húsbyggingu á staðnum og hins vegar 1.090 þús. kr. til reksturs heimilisins í samræmi við samning þar um.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.

Fjárveiting nemur 30.000 þús. kr. og lækkar um 1.640 þús. kr. frá fjárveitingu í fjárlögum 1984. Fjárveitinganefnd Alþingis mun venju samkvæmt gera tillögu um skiptingu fjárins til einstakra framkvæmda.

871 Unglingaheimili ríkisins.

Framlag verður 5.770 þús. kr. sem er 161,2% hækkun frá fjárlögum 1984. Í kjölfar athugunar sem gerð var á stofnuninni er gert ráð fyrir skipulagsbreytingum, þannig að meiri áhersla verður lögð á skyndivistun en verið hefur. Þá er gert ráð fyrir möguleika til að vista unglinga á heimilum í ríkari mæli. Útgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar munu ekki aukast af þessum sökum. Þá er fjárveiting alls 3.500 þús. kr. ætluð til að bæta húsnæðisaðstöðu neyðarathvarfs og meðferðarheimilis.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Í fjárlögum 1984 og lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá 1 maí s.l. var ákveðið 658.000 þús kr. hámark á lántökum og fjárveitingu til sjóðsins á árinu 1984. Fjárveiting og lánsfjáröflun til sjóðsins 1985 byggir á lánveitingum á árinu 1984. Jafnframt er gert ráð fyrir 7% fjölgun lánþega. Fjárveiting í þessu frumvarpi nemur alls 481.241 þús. kr. og hækkar um 20,5% frá fjárlögum. Auk þess er stefnt að 300.000 þús. kr. lántöku sjóðsins þannig að samanlögð fjárveiting og lánsfé verður 781.240 þús. kr. Er það 18,7% hærri fjárhæð er 1984.

881 Náms-og fræðimenn, framlög.

Heildarfjárveiting er 10.860 þús. kr. Viðfangsefni eru nú sjö talsins en voru þrettán í fjárlögum 1984. Fækkunin er vegna þess að viðfangsefni eru sameinuð og þeim fækkað í samræmi við stefnu frumvarpsins þar um. Eitt viðfangsefni flyst á fjárlagalið 02-984 Norræn samvinna, er það **styrkur til færeysks fræðimanns.**

901 Landsbókasafn.

Heildarfjárveiting nemur 10.549 þús. kr. og hækkar um 1.975 þús. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Laun og rekstrargjöld hækka í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir en auk þess er áætlað fyrir einni nýrri stöðu lausráðins bókavarðar. Nokkur aukning verður á framlagi til stofnkostnaðar. Munar þar mestu um 1.200 þús. kr. framlag til bókakaupa, en til annarra eignakaupa eru 150 þús. kr. Minni háttar eignakaup og minniháttar viðhald færist nú með öðrum gjöldum. Sértekjur áætlast 305 þús. kr.

902 Þjóðminjasafn.

Heildarfjárveiting nemur 12.620 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1984 um 1.088 þús. kr. Sú breyting hefur verið gerð að Örnefnastofnun er ekki lengur eitt af viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar, heldur er áætlað fyrir henni á fjárlagalið 02-208. Eftir eru tvö viðfangsefni **Þjóðminjasafn** og **Sjóminjasafn.** Til Sjóminjasafns er fjárveitingin 1.500 þús. kr. sem eru tilfærslur. Laun nema 6.693 þús. kr. og er það allt vegna Þjóðminjasafns, þar sem heimilaðar stöður eru 11,5. Önnur rekstrargjöld eru 2.331 þús. kr. og hækka um 454 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Til meiri háttar viðhalds áætlast 1.750 þús. kr., þar af eru 1.200 þús. kr. vegna viðhalds á Þjóðminjasafnshúsi. Stofnkostnaðarframlag er 500 þús. kr. og sértekjur áætlast 174 þús. kr.

907 Listasafn Íslands.

Framlag til safnsins er 13.509 þús. kr. og er hækkunin frá fjárlögum 2.736 þús. kr. eða um 25%. Launaáætlun byggir á 4,76 stöðuheimildum og nemur 2.400 þús. kr. Önnur rekstrargjöld nema 1.854 þús. kr. og er hækkun launa og annarra rekstrargjalda í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Stofnkostnaðarframlag er 9.800 þús. kr. Þar af er 2.500 þús. kr. vegna listaverkakaupa en 7.300 þús. kr. er til byggingarframkvæmda í samræmi við þann verkáfanga sem nú er unnið að. Sértekjur áætlast 545 þús. kr.

931 Náttúruverndarráð.

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru nú 7 talsins en voru 11 í fjárlögum yfirstandandi árs. Eftirtaldir liðir falla niður sem sérstök viðfangsefni: **Náttúruminjaskrá, útivist, náttúruverndarstofur** og **náttúruverndarþing.** Þrír fyrstu liðirnir eru sameinaðir undir viðfangsefninu **friðlýst svæði, merkingar og eftirlit,** en **náttúruverndarþing** fellur niður. Heildarframlag nemur 8.673 þús. kr., þar af er 1.500 þús. kr. stofnkostnaðarframlag vegna þjónustumiðstöðvar í Jökulsárgljúfrum.

972 Ríkisútvarp, sjónvarp.

Framlag úr ríkissjóði nam 6.700 þús. kr. í fjárlögum 1984 og er til greiðslu vaxta- og afborgana af lánum sem tekin voru á árunum 1979-81. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlagi til þessa, sbr. kafla 2.6 í athugasemdum.

977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu.

Fjárveiting til framkvæmda er 7.000 þús. kr. sem er sama upphæð og í gildandi fjárlögum og er til áframhaldandi byggingarframkvæmda.

981 Kvikmyndasjóður.

Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, en framlag til sjóðsins var áður viðfangsefni á fjárlagalið **02-982 Listir, framlög.** Heildarframlag nú nemur 8.000 þús. kr. en var 6.500 þús. kr. í fjárlögum 1984. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 94/1984. Framlag ársins 1985 er skert í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um takmörkun ýmissa framlaga.

Málefni sjóðsins munu koma til endurskoðunar síðar í haust með tilliti til umsókna um fjárstuðning á árinu 1985. Í þessu sambandi mun leitað heimildar í 6. gr. til greiðslu úr sjóðnum umfram þær 8.000 þús. kr. sem nú eru gjaldfærðar.

982 Listir, framlög.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið leitast við að fækka viðfangsefnum á öllum svokölluðum safnliðum. Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru 49 í gildandi fjárlögum, en með sameiningu hefur þeim verið fækkað í 22. Má nefna sem dæmi að á viðfangsefninu **til listasafana** eru framlög sameinuð, en Listasafn alþýðu er með 900 þús. kr. af því framlagi í fjárlögum 1984. Gert er ráð fyrir áframhaldandi framlagi til safnsins. Viðfangsefnið **Kvikmyndasjóður** sem var með hæsta framlagið í fjárlögum 1984 fellur hér niður og færist á sérstakt fjárlaganúmer 02-981 eins og fram hefur komið. Heildarfjárveiting nemur 42.127 þús. kr. og hækkar um 4.065 þús. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldu framlagi til Kvikmyndasjóðs.

983 Ýmis vísindaleg starfsemi.

Í fjárlögum 1984 eru sjö viðfangsefni á þessum fjárlagalið. Í frumvarpinu nú er lagt til að aðeins verði eitt viðfangsefni, **vísinda- og fræðistörf.** Fjárveiting til þessa liðar nemur 234 þús. kr. í fjárlögum en er nú 250 þús. kr.

984 Norræn samvinna.

Viðfangsefnum hefur verið fækkað með sameiningu úr níu í fimm. Heildarjárveiting nemur 4.594 þús. kr. en var 4.421 þús. kr. í fjárlögum 1984. Framlög til ýmissa smærri og óreglulegra verkefna hafa verið sameinuð undir viðfangsefninu **norrænt samstarf.**

985 Félagsheimilasjóður.

Framlag lækkar um 5.400 þús. kr. og nemur 7.000 þús. kr. Leitað mun lagaheimildar til skerðingar þessa framlags eins og fram hefur komið í kafla 2.

986 Íþróttasjóður.

Framlag til sjóðsins hækkar um 9.500 þús. kr. úr 22.000 þús. kr. í 31.500 þús. kr. Hækkunin er öll vegna byggingarframkvæmda en rekstrarstyrkir eru óbreyttir frá fyrra ári, 1.500 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögur um skiptingu framlags til byggingarframkvæmda.

988 Æskulýðsmál.

Heildafjárveiting nemur 4.890 þús. kr. og hækkar um 521 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Viðfangsefnum fækkar um tvö og er það vegna sameiningar framlags til KFUM og KFUK undir eitt viðfangsefni í stað þriggja í gildandi fjárlögum.

989 Ýmis íþróttamál.

Fjárveiting til ýmissa íþróttamála hækkar um 6.184 þús. kr. og nemur 19.630 þús. kr. Viðfangsefni eru níu talsins og falla þrjú niður en þau eru: Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum, útgáfa handbókar um skólaíþróttir og Taflfélag Reykjavíkur.

991 Húsfriðun.

Framlag nemur alls 6.839 þús. kr. en nam 6.835 þús. kr. í fjárlögum 1984. Eitt viðfangsefni fellur nú niður, þ.e. Bernhöftstorfa 900 þús. kr. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni **"Húsið" Eyrarbakka** með 700 þús. kr. fjárveitingu. Framlag til Viðeyjarstofu og Nesstofu er óbreytt 750 þús. kr. og til Byggða- og minjasafna renna 3.950 þús. kr. sem er óbreytt fjárhæð frá 1984.

999 Ýmislegt.

Með sameiningu hinna ýmsu viðfangsefna fækkar þeim úr 48 eins og þau eru í gildandi fjárlögum í 11 í þessu frumvarpi. Flest voru þessi framlög mjög lág allt niður í 2 þús. kr. þannig að segja má að engin ástæða sé til þess að hafa sérstök viðfangsefni fyrir svo lág framlög. Heildar-fjárveiting er 6.390 þús. kr. og hækkar um 371 þús. kr. frá fjárlögum.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	38.742	47.663	8.921	23,0
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	34.610	39.678	5.068	14,6
Sendiráð	93.057	99.391	6.334	6,8
Alþjóðastofnanir	62.365	64.819	2.454	3,9
Samtals	228.774	251.551	22.777	9,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa.

Fjárveiting til aðalskrifstofunnar nemur 42.331 þús. kr., en var 34.712 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun hækka úr 11.014 þús. kr. í 12.723 þús. kr., eða um 15,5% og fjárveiting til almenns reksturs nemur 29.804 þús. kr. samanborið við 23.657 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar á hin ýmsu viðfangsefni.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	25.355	31.005	22,3
Samningar við erlend ríki	258	311	20,5
Alþjóðaráðstefnur	4.123	5.439	31,9
Kjörræðismenn	309	333	7,8
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	1.176	1.221	3,8
Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráðin til landkynningar	206	333	61,7
Markaðsmál	3.464	3.885	12,2
Gjöld samtals	34.891	42.527	21,9
Sértekjur	179	196	9,5
Mismunur	34.712	42.331	21,9

Eins og sjá má á þessu yfirliti stafar hækkun heildarfjárveitingar til þessa fjárlagaliðar að verulegu leyti af hækkun fjárveitingar til viðfangsefnisins yfirstjórn. Á launalið er áætlað fyrir einni stöðu færra en var árið 1984, þar sem einn starfsmaður af aðalskrifstofu hefur flust á varnarmáladeild, sbr. athugasemd hér á eftir. Á árinu 1983 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun grunnheimilda á aðalskrifstofu um hálfa stöðu sendifulltrúa og eru grunnheimildir nú 25,0.

102 Varnarmáladeild.

Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar nemur 5.332 þús. kr., en var 4.030 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun hækka úr 2.113 þús. kr. í 2.983 þús. kr., eða um 41,2%. Tvennt veldur þessari miklu hækkun. Í fyrsta lagi hefur einn starfsmaður flust af aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins til varnarmáladeildar og hækka laun vegna þess um 320 þús. kr. Í öðru lagi er veitt fjárveiting að upphæð 249 þús. kr. til að lausráða ritara á ráðningarstofu á Keflavíkurflugvelli. Önnur útgjöld hækka úr 2.012 þús. kr. í 2.453 þús. kr., eða um 21,9%.

301-313 Sendiráðin.

Fjárveiting til sendiráða Íslands erlendis nemur 99.391 þús. kr. og hækkar um 6.334 þús. kr., eða 6,8%, frá fjárlögum 1984. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra sendiráða í fjárlögum 1984 og í þessu frumvarpi. Breytingar á fjárveitingum til einstakra sendiráða má rekja til gengisbreytinga íslensku krónunnar, en starfsmannafjöldi sendiráðanna er óbreyttur frá árinu 1984. Breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum er mjög mismunandi. Gagnvart sumum Evrópumyntum hefur gengi krónunnar ýmist staðið í stað eða jafnvel hækkað. Eins og í fjárlögum 1984 er áætlað fyrir viðhaldi og stofnkostnaði sendiráðanna undir liðnum **sendiráð, almennt.** Til viðhalds eru ætlaðar 3.500 þús. kr. og 2.000 þús. kr. til kaupa á ýmsum stofnbúnaði.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Sendiráð Íslands í Bonn, fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði	6.261	6.014	-247
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	6.774	6.534	-240
Sendiráð Íslands í London	8.056	7.924	-132
Sendiráð Íslands í Moskvu	7.144	6.641	-503
Sendiráð Íslands í Ósló	6.751	6.936	185
Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	8.179	8.367	188
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	5.434	5.948	514
Sendiráð Íslands í Washington	10.568	12.875	2.307
Fastanefnd Íslands hjá S.Þ., aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York	13.549	16.261	2.712
Sendiráð Íslands í Brussel, fastanefnd Íslands hjá NATO	8.449	8.302	-147
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	7.896	8.089	193
Sendiráð, almennt	3.996	5.500	1.504
Gjöld samtals	93.057	99.391	6.334

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Framlag til stofnunarinnar nemur 13.000 þús. kr., sem er 641 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1984. Fjárveitingin rennur til áframhaldandi starfsemi á Grænhöfðaeyjum og til annarra þróunarverkefna, sem stofnunin hefur gerst aðili að.

399 Utanríkismál, ýmis starfsemi.

Framlag ríkissjóðs nemur 5.250 þús. kr., en var 4.185 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Lögberg-Heimskringla	244	184	-60
Samskipti við Vestur-Íslendinga	166	166	-
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	3.775	4.900	1.125
Gjöld samtals	4.185	5.250	1.065

Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna hækkar um 1.125 þús. kr., eða 29,8%, og skýrist þessi hækkun af minnkandi hlutdeild Sameinuðu þjóðanna í rekstri skólans.

401 Alþjóðastofnanir.

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 44.539 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 46.569 þús. kr., eða um 4,6%. Þessi hækkun og breyting á framlagi til einstakra stofnana stafar af breytingu á gengi íslensku krónunnar og breytingu á kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum. Tekin eru upp tvö ný viðfangsefni, þ.e. **sjóður Sameinuðu þjóðanna til styrktar fórnarlömbum pyntinga** og **Atlantshafslaxverndarstofnunin (NASCO)**. Til fyrra viðfangsefnisins eru veittar 60 þús. kr., en 240 þús. kr. til hins síðara.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnafokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	16.079	15.866	- 213	- 1,3
Búnaðarmál	640.437	824.153	183.716	28,7
Skólar	40.702	49.551	8.849	21,7
Samtals	697.218	889.570	192.352	27,6

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofna.

Fjárveiting til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins verður 10.531 þús. kr. og hækkar um 1.452 þús. kr. Launaliður nemur 6.639 þús. kr. og hækkar um 48,5% vegna þess að bætt er á launaskrá ráðuneytisins þrem stöðum, en ákveðið er að leggja Landnám ríkisins niður og yfirtekur ráðuneytið nokkur verkefni sem áður voru þar. Önnur gjöld til reksturs lækka um 715 þús. kr. og nema 3.892 þús. kr. Skýringin á lækkuninni er fyrst og fremst sú að 1984 var sérstök fjárveiting 1.360 þús. kr. vegna ráðstefnu FAO hér á landi.

171 Jarðeignir ríkisins.

Framlag ríkissjóðs verður 4.905 þús. kr. sem er lækkun um 845 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð. Framlagið er miðað við gerðar skuldbindingar.

172 Jarðasjóður.

Framlag ríkissjóðs verður 430 þús. kr. og lækkar um 820 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum. Framlagið er miðað við gerðar skuldbindingar.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Framlag til stofnunarinnar verður 32.720 þús. kr., og er það hækkun um 2.941 þús. kr. eða 9,9% frá fjárlögum. Nokkur breyting er á framsetningu frumvarpsins frá fjárlögum og þarfnast það skýringar. Framlög til almennrar rannsóknastarfsemi eru í öllum meginatriðum með óbreyttu sniði. Rekstrarframlög til þessara þátta nema alls 28.567 þús. kr. Gengið er út frá óbreyttum starfsmannafjölda 1985 og var 1984. Áætluð laun fastráðinna starfsmanna hækka þó

sem einni stöðu nemur en það er staða á viðfangsefninu **fæðurannsóknir**. Ein staða á þessu viðfangsefni hefur verið greidd af styrktarfé frá Kelloggsstofnuninni. Sá styrkur er nú fallinn niður, þess í stað er gert ráð fyrir fjárveitingu til starfsins sem nemur 450 þús. kr. Meginbreyting í framsetningu frumvarpsins er að nú er ekki áætlað fyrir framlagi til tilraunastöðvanna. Í samráði við RALA er sá háttur nú á hafður að áætla fyrir launum og rekstrarfé tilraunastjóra og rannsóknamanna á stofnunni en ekki á einstökum tilraunabúum. Búunum er því ekki ætluð fjárveiting til reksturs. Stöðugildi sem tilraunastöðvunum tengjast eru sem hér segir:

	Stöðugildi á launum	Laun þús. kr.	Rekstrarfé þús. kr.	Stofnkostn. þús. kr.	Framlag samtals þús. kr.
Tilraunab. Hesti.....	2,00	606	482	-	1.088
Tilraunast. Reykhólum.....	1,00	433	111	-	544
Tilraunast. Möðruvöllum.....	2,00	656	222	500	1.378
Tilraunast. Skriðuklaustri.....	2,00	637	111	-	748
Tilraunast. Sámsstöðum.....	2,50	818	167	500	1.485
Samtals	9,50	3.150	1.093	1.000	5.243

Rekstrartilhögun á tilraunastöðinni að Möðruvöllum er nú breytt frá því sem var í fjárlögum 1984. Samningur hefur verið gerður um það að Ræktunarsamband Norðurlands reki stöðina með hliðstæðum hætti og Búnaðarsamband Suðurlands rekur tilraunastöðina að Stóra-Ármóti. Tilraunafjós eru í byggingu á báðum stöðvunum og eru veittar 500 þús. kr. til byggingar hvors þeirra. Tilraunastöðin að Sámsstöðum hefur nokkra sérstöðu vegna frætilrauna og -framleiðslu. Samkvæmt frumvarpinu er fjárveiting til nýs starfsmanns við frætilraunir 370 þús. kr. Einnig eru ætlaðar 500 þús. kr. til kaupa á fræhreinsitækjum á Sámsstöðum.

207 Forfalla- og afleysingarþjónusta í sveitum.
Framlag nemur alls 11.203 þús. kr. og hækkar um 17,4% frá fjárlögum. Gengið er út fá 50 heilsársmönnum í starfi en það er sami fjöldi og var áætlað fyrir í fjárlögum 1984.

231 Skógrækt ríkisins.
Framlag til stofnunarinnar nemur alls 19.891 þús. kr. og hækkar það um 14,7% frá fjárlögum 1984. Launaliður nemur alls 14.391 þús. kr. og hækkar um 17,8% frá fjárlögum. Ekki er miðað við neina breytingu á starfsmannahaldi aðra en þá að nú er áætlað fyrir stöðu rannsóknarmanns að Mógilsá, á föstum launum, en fjárveiting til stöðunnar hefur um árabil verið áætluð sem önnur dagvinnulaun. Þá er á launalið tilraunastöðvarinnar að Mógilsá 100 þús. kr. til áframhaldandi söfnunar á borsýnum og til rannsókna á árhringjum trjáa. Framlög til viðfangsefnisins **tilraunir með rótarskóga** er óbreytt fjárhæð frá 1984, 100 þús. kr., en framlag til viðfangsefnisins **nytjaskógar** hækkar úr 500 þús. kr í 750 þús. kr. Framlag til viðhaldsverkefna, þ.e. tækja og húseigna nemur alls 1.400 þús. kr. en nam í fjárlögum 1.254 þús. kr. Til stofnkostnaðarviðfangsefna renna 1.816 þús. kr. Þar af eru 576 þús. kr. ætlaðar til byggingar plöntugeymslu að Mógilsá og 1.000 þús. kr. vegna starfsmannahúss í Þjórsárdal.

241 Landnám ríkisins.

1 fjárlögum 1984 nam framlag til þessarar stofnunar 2.433 þús. kr. Áður er komið fram að stofnunin hefur verið lögð niður en hluti af verkefnum hennar felld undir aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins.

243 Sauðfjárveikivarnir.

Framlag til sauðfjárveikivarna nemur alls 18.099 þús. kr. en í fjárlögum var framlagið 7.051 þús. kr. Launaliður nemur alls 4.526 þús. kr. og er það hækkun um 13,4% frá fjárlögum. Á viðfangsefninu **sauðfjárveikivarnir** eru einnig gjaldfærðar bætur vegna búfjárniðurskurðar, 10.700 þús. kr. Fjárveiting þessi er miðuð við gerðar skuldbindingar. Að síðustu er að nefna að veittar eru 1.920 þús. kr. til viðhalds og endurbóta sauðfjárveikigirðinga en hliðstæð fjárveiting 1984 nemur 2.000 þús. kr.

246 Veiðimálaskrifstofan.

Framlag til stofnunarinnar nemur alls 8.586 þús. kr. en nam 8.447 þús. kr í fjárlögum 1984. Lítil hækkun á framlagi skýrist af því að nú er ekki reiknað með neinu framlagi til laxeldistöðvarinnar í Kollafirði en fjárveiting nam 1.406 þús. kr. 1984 og var vegna greiðslu vaxta og afborgunar af láni sem tekið var til jarðhitaleitar á staðnum. Framlag til Fiskræktarsjóðs nemur 600 þús. kr. og er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1984, en sjóðurinn styrkir byggingu fiskræktar- og fiskeldismannvirki. Að síðustu er að nefna að sértekjur veiðimálaskrifstofunnar eru áætlaðar 839 þús. kr. en þær eru taldar nema 773 þús. kr. árið 1984.

247 Yfirdýralæknir.

Framlag 1985 nemur alls 14.197 þús. kr. en framlag í fjárlögum 1984 nam 12.149 þús. kr. Hækkunin er 16,8%. Framlag til viðfangsefnanna **yfirstjórn** og **héraðsdýralæknar** er miðuð við óbreytta starfsemi en héraðsdýralæknar eru alls 28 á launum. Eitt viðfangsefni, **júgurbólgurannsóknir**, er fellt niður en fjárveiting 1984 nam 120 þús. kr.Þá er fjárveiting til viðfangsefnisins **búfjársjúkdómar** óbreytt þ.e. 60 þús. kr., og framlag til **eftirlits og eftirlitsferða** hækkar um 16 þús. kr. Til **viðhalds og byggingar dýralæknisbústaða** renna alls 1.600 þús. kr. og hækkar fjárveitingin um 250 þús. kr. frá fjárlögum.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar verður skv. frumvarpinu 18.000 þús. kr. en var 32.597 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlagafrumvarpi 1985 og hins vegar í fjárlögum 1984:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting Þús. kr.
Landgræðsluáætlun, RALA	2.218	1.100	- 1.118
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	4.052	2.000	- 2.052
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	19.294	9.500	- 9.794
Landgræðsluáætlun, Ýmis starfsemi	818	400	- 418
Fyrirhleðslur	5.280	4.000	- 1.280
Sjóvarnargarðar	935	1.000	65
Samtals	32.597	18.000	-14.597

286 Landbúnaður, framlög.

Í fjárlögum 1984 var fjárveiting á þessum lið til tveggja viðfangsefna, þ.e. **jarðræktar- og húsgerðarsamþykktir** 130 þús. kr. og **framleiðnisjóður** landbúnaðarins 750 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir neinu framlagi á þessum lið 1985.

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Framlag til hinnar almennu starfsemi Stofnlánadeildarinnar fellur niður og er það í samræmi við menginstefnu frumvarpsins að fella að mestu niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Framlag ríkissjóðs er nú 30.600 þús. kr. og rennur óskipt til Lífeyrissjóðs bænda en samkvæmt II. kafla laga um lífeyrissjóðinn greiðir ríkissjóður 35% útgjalda hans til ársloka 1985.

288 Jarðræktarframlög.

Í fjárlögum 1984 eru fjögur viðfangsefni á þessum lið og heildarfjárveiting 126.609 þús. kr. Í þessu frumvarpi eru viðfangsefni einungis tvö þ.e. **ráðunautar** með 8.954 þús. kr. og liðurinn **jarðræktarframlög o. fl.** 130.000 þús. kr. Fjárveiting til fyrra viðfangsefnisins hækkar um 16,2% og til hins síðara um 9,3%

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Útflutningsuppbætur 1984 nema að hámarki 468.000 þús. kr., en talið er að framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara framleiðsluárið 1983/84 nemi 4,5 milljörðum króna. Óvíst er hvert framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara verður framleiðsluárið 1984/85. Fjárveiting 1985 skv. frumvarpinu er við það miðuð að hámarksgreiðsla útflutningsuppbóta verði eigi hærri fjárhæð en 380.000 þús. kr.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.

Fjárveiting nemur alls 82.899 þús. kr., þar af eru 81.499 þús. kr. vegna liðarins **lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982.** Hliðstæð fjárveiting 1984 nam 40.405 þús. kr. Framlag **til tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands** nemur 200 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984. Til **Skógræktarfélags Íslands** eru ætlaðar 300 þús. kr.en í fjárlögum eru nú 140 þús. kr. Framlög til annarra viðfangsefna á þessum lið falla niður að frátöldum liðnum **ýmis verkefni.** Fjárveiting til hans nemur 950 þús. kr. en sambærileg fjárveiting í fjárlögum nam 260 þús. kr. Af óskiptri fjárhæð eru 400 þús. kr. ætlaðar til samtakanna Landvernd.

501 Bændaskólinn Hvanneyri.

Fjárveiting verður 23.596 þús. kr. og hækkar um 25,1% frá fjárlögum 1984. Ekki þykir sérstök ástæða til umfjöllunar um almennan rekstur skólans en hækkun fjárveitingar skýrist í aðalatriðum af auknum framlögum til stofnkostnaðar. Stofnkostnaður nam 5.850 þús. kr. í fjárlögum 1984, en meirihluti fjárveitingarinnar rann til byggingar rannsóknarhúss. Í frumvarpinu fyrir 1985 skiptist stofnkostnaðarfjárveitingin þannig á stærstu liði: Rannsóknarhús 4.300 þús. kr., gamla skólahúsið 500 þús. kr., bútæknisafn 200 þús. kr. og til kaupa á tölvum, bílum og vélum 625 þús. kr. Loks er þess að geta að sértekjur eru nú áætlaðar 11.441 þús kr. en þær námu 10.705 þús. kr. í fjárlögum 1984, hækkunin er 6,9%

502 Bændaskólinn Hólum.

Fjárveiting til skólans verður 14.754 þús. kr. og hækkar um 21,6% frá gildandi fjárlögum. Launa- og rekstrargjaldaframlög til almennrar starfsemi nema 9.019 þús. kr. og er það um 40% hækkun frá fjárlögum. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af því að útgjöld til starfsemi við tilraunir og búrekstur hafa verið endurmetin. Má í því sambandi nefna kennslu í loðdýrafræðum og við fiskeldi og fiskrækt. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur samtals 5.735 þús. kr. og skiptist þannig að 2.385 þús. kr. eru til áframhaldandi viðhalds gamla skólahússins og 3.350 þús. kr. eru ætlaðar til stofnkostnaðarverkefna þ.á.m. kennaraíbúða.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins.

Fjárveiting til skólans verður 11.201 þús. kr. og hækkar hún um 15,4% frá fjárlögum 1984. Framlag til almenns reksturs hækkar í öllum menginatriðum í samræmi við verðlagsbreytingar og krefst því ekki sérstakrar skýringar. Til viðhalds gróðurhúsa og annarra eigna eru ætlaðar 1.000 þús. kr. og er það nokkurn veginn sama fjárhæð og 1984. Til stofnkostnaðar eru nú áætlaðar 2.400 þús.kr. og er það hækkun um 385 þús. kr. frá fjárlögum. Helstu framkvæmdir á vegum skólans er áframhaldandi endurbygging á gróðurhúsum og nýbygging heimavistar. Loks er þess að geta að sértekjur eru áætlaðar 1.308 þús. kr. og hækka um 9,8%. Þar sem ásigkomulagi gróðurhúsa hefur hrakað á undanförnum árum hefur reynst erfitt að afla þeirra tekna sem að var stefnt.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	10.534	12.472	1.938	18,4
Útvegsmál	199.936	590.006	390.070	195,1
Annað	12.198	17.731	5.533	45,4
Samtals	222.668	620.209	397.541	178,5
Þar af markaður tekjustofn	5.400	5.400	-	-

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem er 5.400 þús. kr. Gjaldið skiptist þannig milli viðtakenda: Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging fær 320 þús. kr., sem er hækkun um 260 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Ríkismat sjávarafurða fær 5.080 þús. kr. og er það lækkun um 260 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

202 Hafrannsóknastofnun.

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 91.027 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 115.440 þús. kr., eða um 26,8%. Á árinu 1983 voru sett lög er taka til starfsemi Hafrannsóknastofnunar. Jafnframt hefur verið unnið að endurskoðun á starfsháttum og skipulagi stofnunarinnar. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að eftirtalin viðfangsefni verði sameinuð í eitt viðfangsefni sem nefnt er **rannsóknasvið: uppsjávarfiskadeild, svif- og botndýradeild, sjórannsóknadeild, veiðarfæradeild, plöntusvifdeild, botnfiskadeild** og **flatfiskadeild.** Fjárveiting til þessarar starfsemi er í frumvarpinu alls áætluð 21.615 þús. kr. en í fjárlögum 1984 nam fjárveiting til hliðstæðs rannsóknastarfs 18.598 þús. kr. Hækkun nemur því 3.017 þús. kr., eða 16,2%. Fjáveitingin er miðuð við óbreyttan fjölda grunnheimilda á stofnuninni, þ.e. 54 grunnheimildir.

Skiparekstur stofnunarinnar á árinu 1985 miðast við 10 mánaða úthald á hvoru skipi, R/S Bjarna Sæmundssyni og R/S Árna Friðrikssyni, og 10 mánaða úthald á skipi af svipaðri stærð og R/S Dröfn. Ekki er sérstaklega veitt fé til úthalds á R/S Dröfn, enda óvissa um framtíð þess skips í starfi stofnunarinnar.

Í 6. gr. fjárlaga 1984 var veitt heimild til þess að kosta endurbætur á rannsóknaskipunum Bjarna Sæmundssyni og Árna Friðrikssyni. Í því skyni var veitt aukafjárveiting 1984 að upphæð 9.800 þús. kr. til að kosta fyrri hluta nauðsynlegra endurbóta. Á árinu 1985 er ráðgert að verja 10.000 þús. kr. til áframhaldandi viðhalds skipanna. Jafnhárri upphæð verður varið til stofnbúnaðarkaupa og er þar um ýmsan tækjabúnað að ræða.

Fjárveiting til viðfangsefnisins **veiðarfærakostnaður**

hækkar um 1.209 þús. kr. og nemur alls 4.059 þús. kr. og er nú gert átak til þess að efla ýmsar rannsóknir á því sviði. Fjárframlag til viðfangsefnisins **tímabundin verkefni** er í meginatriðum óbreytt frá fyrra ári, en rétt er að geta þess að veittar eru 350 þús. kr. til sérstakra tímabundinna verkefna, saga hafrannsókna á Íslandi og stofnstærðarmælingar.

Loks er þess að geta að sértekjur stofnunarinnar nema einungis 328 þús. kr. en voru áætlaðar 2.155 þús. kr. í fjárlögum 1984.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 15.033 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 17.664 þús. kr., eða um 17,5%. Einstakar gjaldategundir, þ.á.m. sértekjur, hækka þó verulega meira þar sem nú hefur verið komið til móts við óskir stofnunarinnar um rétt mat á umfangi reksturs. Laun hækka um 3.358 þús. kr. og verða 16.404 þús. kr. Fjárveiting til almenns reksturs nemur 5.902 þús. kr., en var 4.220 þús. kr. í fjárlögum 1984. Til stofnkostnaðarverkefna eru veittar 1.500 þús. kr., en í fjárlögum 1984 nam gjaldfærður stofnkostnaður 805 þús. kr. Heildargjöld stofnunarinnar nema því 24.205 þús. kr. og hækka um 5.839 þús. kr. frá fjárlögum 1984, eða um 31,8%. Sértekjur hækka úr 3.333 þús. kr. í 6.541 þús. kr.

215 Ríkismat sjávarafurða.

Samkvæmt lögum nr. 53/1984 er sett á laggir ný stofnun, Ríkismat sjávarafurða. Þessi nýja stofnun tók við starfi Framleiðslueftirlits sjávarafurða í ágúst 1984. Í kjölfar þess hófst endurskipulagning á starfseminni. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 40.612 þús. kr. og mun sú fjárhæð þarfnast endurskoðunar fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

274 Aflatryggingasjóður.

Í fjárlögum 1984 var áætlað fyrir framlagi til Aflatryggingasjóðs á þessum fjárlagalið. Nú er það framlag fellt niður eins og fram kemur í kafla 2.6 í greinargerðinni.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar verður söluskattur í sjávarútvegi endurgreiddur frá ársbyrjun 1985. Áætlað er að þetta nemi 380.000 þús. kr.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu.

Fjárveitingu ársins 1984 hefur m.a. verið ráðstafað til tilraunaveiða og vinnslu kolmunna og til rækjuleitar. Þá hafa rannsóknir á kúfiski og ýmsum krabbategundum verið styrktar. Fjárveiting 1985 nemur 5.358 þús. kr. og breytist því ekki frá fjárlögum 1984.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi.

Framlag ríkissjóðs nemur 14.508 þús. kr., en nam 21.453 þús. kr. í fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hver breyting fjárveitinga til einstakra viðfangsefna er frá fjárlögum 1984 til þessa frumvarps.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Sjóvinnunámskeið	242	-	-242
Skólabátar	200	-	-200
Sjóvinnukennsla	-	500	500
Hvalvinnslustöðvar, eftirlit	200	175	-25
Veiðieftirlit	5.811	9.833	4.022
Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum	500	-	-500
Mörkun fiskveiðistefnu	1.500	2.000	500
Stjórn fiskveiða	5.000	2.000	-3.000
Hafrannsóknir á djúpslóð	8.000	-	-8.000
Gjöld samtals	21.453	14.508	-6.945

Viðfangsefnin **sjóvinnunámskeið** og **skólabátar** í fjárlögum 1984 hafa verið sameinuð og nefnist nýja viðfangsefnið **sjóvinnukennsla**. Fjárveiting til viðfangsefnisins **veiðieftirlit** hækkar úr 5.811 þús. kr. í 9.833 þús. kr., eða um 4.022 þús. kr. Þessi mikla hækkun stafar að nokkru leyti af fjölgun lausráðinna veiðieftirlitsmanna um þrjá, en laun þeirra voru áður greidd af fjárveitingu viðfangsefnisins **stjórn fiskveiða**. Þá er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til viðfangsefnisins **hafrannsóknir á djúpslóð**.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Framlag til stofnunarinnar eykst úr 12.198 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 17.731 þús. kr., eða um 45,4%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstök viðfangsefni í fjárlögum 1984 og þessu frumvarpi, svo og hækkunin milli ára.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	3.864	5.717	47,9
Skúlagata 4	2.664	4.379	64,4
Keldnaholt	6.200	8.332	34,4
Gjöld samtals	12.728	18.428	44,8
Sértekjur	530	697	31,5
Mismunur	12.198	17.731	45,4

Laun hækka úr 4.770 þús. kr. í 6.363 þús. kr., eða um 33,4%. Rekstrarfé hækkar úr 7.063 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 11.145 þús. kr., eða um 57,8%. Þessar hækkanir eru meiri en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til. Vegna yfirtöku stofnunarinnar á fjármálum hafrannsóknaskipanna heimilaði ráðninganefnd ríkisins á árinu 1984 ráðningu fulltrúa til eins árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir launum þessa fulltrúa árið 1985. Af sömu ástæðu hefur þörf-

in á yfirvinnu aukist nokkuð. Allt minni háttar viðhald og minni háttar tækjakaup eru nú talin með rekstrargjöldum. Þá veldur mikil hækkun á verði heits vatns og hækkun fasteignagjalda hækkun á rekstrargjöldum. Veittar eru 550 þús. kr. til kaupa á tölvubúnaði og er það sett upp sem sérstakt viðfangsefni. Í fjárlögum 1984 voru 260 þús. kr. veittar til stofnkostnaðar. Þá eru 370 þús. kr. ætlaðar til meiri háttar viðhalds á húsum rannsóknastofnana á Keldnaholti.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	15.460	18.190	2.730	17,7
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.	699.595	1.027.345	327.750	46,8
Þjóðkirkjan	85.830	108.908	23.078	26,9
Samtals	800.885	1.154.443	353.558	44,1

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík.

Framlag ríkissjóðs nemur 166.785 þús. kr. og hækkar um 24.457 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Laun hækka úr 121.276 þús. kr. í 144.874 þús. kr., eða um 19,5%. Hluti þessarar hækkunar stafar af því að laun bifvélavirkja eru nú talin með launum, en þau voru áður talin með viðhaldskostnaði. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 672 þús. kr. og nemur 4.000 þús. kr. Af þessari upphæð skal 3.000 þús. kr. varið til kaupa á bifreiðum og bifhjólum. Veitt eru 1.420 þús. kr. til viðhaldsverkefna og skal 1.000 þús. kr. varið til viðgerða á sprunguskemmdum á aðallögreglustöðinni við Hverfisgötu og 420 þús. kr. til að mála sama húss að utan.

211-237 Bæjarfógetar og sýslumenn.

Fjárveitingar hækka um 133.707 þús. kr. og verða samtals 366.986 þús. kr. Skipting fjárveitingarinnar á gjaldategundir kemur fram á meðfylgjandi töflu:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Laun	165.421	255.169	89.748
Annað	71.736	118.453	46.717
Gjöld samtals	237.157	373.622	136.465
Sértekjur	3.878	6.636	2.758
Mismunur	233.279	366.986	133.707

Framlög hækka um rúm 57%. Hækkunin er einvörðungu fram komin vegna þeirrar endurskoðunar á rekstrarkostnaði embættanna sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Hvað verklegar framkvæmdir áhrærir eru þær heldur minni en verið hefur undanfarin ár. Helstu verkefni eru sem hér segir:

	Þús. kr.
Búðardalur, stjórnsýsluhús	3.200
Ólafsfjörður, skrifstofuhúsnæði	160
Akureyri, vegna lögreglustöðvar á Dalvík	1.560
Akureyri, vegna endurbóta skrifstofuhúsnæðis	3.100
Hvolsvöllur, vegna innréttingar lögreglustöðvar	300
Selfoss, vegna breytinga á skrifstofuhúsnæði	1.000
Selfoss, vegna hönnunar á lögreglustöð	750
Hafnarfjörður, lögreglustöð	3.500
Kópavogur, frágangur á lóð við skrifstofu bæjarfógeta	1.500

Föstum stöðugildum fjölgar verulega frá því sem nú er eins og meðfylgjandi yfirlit ber með sér. Hér er þó ekki um raunverulega fjölgun stöðugilda að ræða. Sýslumenn og bæjarfógetar sinna störfum innheimtumanna ríkissjóðs, auk annarra verkefna. Nú hefur verið tekið upp nýtt fyrirkomulag uppgjörs sýslumanna á ríkissjóðstekjum, þar sem m.a. er gert ráð fyrir fjárhagslegum aðskilnaði innheimtu og annarra þátta embættisrekstursins. Í kjölfar þessarar breytingar var rekstrarkostnaður embættanna gaumgæfilega yfirfarinn í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar annars vegar og dóms-og kirkjumálaráðuneytisins hins vegar. Fjárlaga-áætluninni er nú ætlað að vera í samræmi við það umfang rekstrar er nauðsynlegur er talinn af dómsmálaráðuneyti að gefnum þeim skorðum er greiðslugeta ríkissjóðs setur starfsemi af þessu tagi.

Fjárlaganúmer	Embætti	Fjölgun staða	Stöður samtals
06-212-01	Akranes, yfirstjórn	1,25	8,75
06-212-20	Akranes, löggæsla	2,00	10,00
06-213-01	Borgarnes, yfirstjórn	2,00	5,00
06-214-01	Stykkishólmur, yfirstjórn	1,00	8,50
06-214-20	Stykkishólmur, löggæsla	1,00	3,00
06-214-21	Stykkishólmur, löggæsla á Grundarfirði	1,00	2,00
06-214-22	Stykkishólmur, löggæsla í Ólafsvík og á Hellissandi	1,00	4,00
06-215-20	Búðardalur, löggæsla	0,50	0,50
06-216-20	Patreksfjörður, löggæsla	1,00	3,00
06-218-01	Ísafjörður, yfirstjórn	1,00	11,00
06-218-20	Ísafjörður, löggæsla	5,00	11,00
06-219-01	Hólmavík, yfirstjórn	0,50	2,50
06-221-20	Blönduós, löggæsla	1,00	4,00
06-222-01	Sauðárkrókur, yfirstjórn	1,00	7,50
06-222-20	Sauðárkrókur, löggæsla	2,00	6,00
06-225-01	Akureyri, yfirstjórn	2,90	27,50
06-225-20	Akureyri, löggæsla	3,00	27,00
06-226-01	Húsavík, yfirstjórn	1,50	11,00
06-226-20	Húsavík, löggæsla	1,00	6,00
06-227-01	Seyðisfjörður, yfirstjórn	1,00	6,50
06-229-01	Eskifjörður, yfirstjórn	1,50	8,50
06-229-21	Eskifjörður, löggæsla á Egilsstöðum	1,00	2,00
06-230-20	Höfn í Hornafirði, löggæsla	1,00	3,00
06-231-20	Vík í Mýrdal, löggæsla	1,00	1,00
06-232-20	Hvolsvöllur, löggæsla	2,00	4,00
06-233-20	Vestmannaeyjar, löggæsla	-1,00	9,00
06-234-01	Selfoss, yfirstjórn	4,00	15,00
06-234-20	Selfoss, löggæsla	6,00	20,00
06-235-01	Keflavík, yfirstjórn	4,00	21,00
06-235-20	Keflavík, löggæsla	6,00	20,00
06-236-01	Hafnarfjörður, yfirstjórn	2,50	33,00
06-236-20	Hafnarfjörður, löggæsla	6,00	36,00
06-237-01	Kópavogur, yfirstjórn	4,00	21,50
06-237-20	Kópavogur, löggæsla	4,00	24,00
	Samtals	72,65	382,75

242 Vinnuhælið Litla-Hrauni.

Fjárveiting til vinnuhælisins nemur 29.905 þús. kr. og er það 9,5% hækkun frá gildandi fjárlögum. Launaliður vegna rekstrar hækkar um 3.725 þús. kr. og byggir á sama fjölda starfsmanna og í fjárlögum 1984, eða 29 heimiluðum stöðum. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 1.788 þús. kr. og er hvort tveggja í hátt við almennar launa-og verðlagshækkanir. Minni háttar viðhald er nú fært með öðrum rekstrargjöldum og skýrir það hækkun þeirra umfram verðlagsforsendur. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 2.220 þús. kr. sem veitt var á árinu 1984 til kaupa á bifreið og endurbóta á skrifstofuaðstöðu. Meiri háttar viðhald áætlast 420 þús. kr. sem er vegna viðgerðar á þaki gamla fangahússins, eldvarnarmálningu á göngum og hurðum og til endurnýjunar á rúmdýnum. Sértekjur áætlast 5.995 þús. kr.

251 Landhelgisgæsla Íslands.

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur alls 266.227 þús. kr. og er það 126.368 þús. kr. eða 90,4% hækkun frá fjárlögum 1984. Hækkunin skýrist að mestu af auknum fjárveitingum til fluggæslu eða úr 35.696 þús. kr. í 157.158 þús. kr. Hér er um að ræða 98.150 þús. kr. til kaupa á nýrri Dauphin þyrlu til björgunar- og gæslustarfa. Jafnframt er gert ráð fyrir 11.876 þús. kr. vegna viðhalds á TF-SYN og 8.234 þús. kr. vegna endurbyggingar á flugskýli 2 á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir rekstri þriggja flugvéla í alls 1.200 flugstundir á árinu 1985. Áætlun um skiparekstur stofnunarinnar fyrir árið 1985 byggir á svipuðum forsendum og fjárlög 1984. Miðað er við rekstur þriggja skipa í alls 33 mánuði, þ.e. Ægir og Týr í 12 mánuði hvort skip og Óðinn í 9 mánuði. Framlag til Landhelgissjóðs í fjárlögum 1984 nemur 11.558 þús. kr. til að standa straum af lánum sjóðsins sem tekin hafa verið í tengslum við skipa- og flugvélakaup stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn falli niður þar sem ríkissjóður hefur yfirtekið áhvílandi lán sjóðsins. Jafnframt er miðað við að fé til kaupa á nýrri þyrlu verði bein fjárveiting til stofnunarinnar. Að öðru leyti er fjárveiting til Landhelgisgæslunnar miðuð við hefðbundinn rekstur utan þess að heimiluð er 419 þús. kr. fjárveiting til viðfangsefnisins **sjómælingar og sjókortagerð** til kaupa á framköllunarvél við sjókortagerð.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.

Heildarfjárveiting nemur 40.938 þús. kr. og er það 15.139 þús. kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af framlagi til stofnkostnaðar sem hækkar um 7.710 þús. kr. og nemur 9.000 þús. kr. Þar af eru 8.000 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda við Bildshöfða 4 og 6, en 1.000 þús. kr. er vegna frágangs á húsnæði á Selfossi. Hækkun launa og annarra rekstrargjalda er í samræmi við launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins.

301 Biskup Íslands.

Viðfangsefni eru þrjú talsins, yfirstjórn, æskulýðsstarf og biskupsbústaður. Hér verður fjallað um fjárlagaliðinn í heild. Launaliður nemur 3.402 þús. kr. og hækkar um 620 þús. kr. Heimilaðar stöður eru sjö talsins, fjórar á yfirstjórn og þrjár við æskulýðsstörf og er þetta sami stöðufjöldi og í fjárlögum 1984. Önnur rekstrargjöld lækka um 293 þús. kr. sem skýrist af því að gert var ráð fyrir 600 þús. kr. sérstöku framlagi í fjárlögum 1984 vegna uppgjörs við Ýmsa sjóði. Að því frátöldu hækka rekstrargjöld um 307 þús. kr. sem er umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Er það vegna þess að minni háttar viðhald færist nú með öðrum rekstrargjöldum. Sértekjur áætlast 414 þús. kr. sem er endurgreiddur skrifstofukostnaður frá Ýmsum sjóðum í vörslu embættisins.

303 Prestaköll og prófastdæmi.

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins en voru sex í fjárlögum yfirstandandi árs. Viðfangsefnið **útihús á prestsetrum** fellur niður en í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1984.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Prestar og prófastar	49.486	62.507	13.021
Byggingar á prestsetrum	4.250	4.000	- 250
Kaup á eignum á kirkjujörðum	100	500	400
Viðhald embættisbústaða	12.200	15.000	2.800
Útihús á prestsetrum	250	-	- 250
Byggingareftirlit	118	194	76
Samtals	66.404	82.201	15.797

Hækkun fjárveitingar frá fjárlögum 1984 er um 24% og er fyrst og fremst á viðfangsefninu **prestar og prófastar** eins og kemur fram í töflunni. Nýjar reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta tóku gildi 1. apríl 1984 og eru skýring á þessari hækkun. Þessar reglur eru um greiðslu húsaleigustyrks, símkostnaðar, prestsklæða o.fl. Á launalið viðfangsefnisins er áætlað fyrir 120 stöðum. 4.000 þús. kr. eru til kaupa á fasteignum, 1.500 þús. kr. til útborgunar og endurbóta á húsi á Suðureyri og 2.500 þús. kr. vegna prestsbústaðar á Þórshöfn. Þá er töluverð hækkun á viðhaldi embættisbústaða eða úr 12.200 þús. kr. í 15.000 þús. kr.

304 Ýmis kirkjuleg málefni.

Framlag er samtals 12.562 þús. kr. og hækkar um 3.683 þús. kr. eða um 50%. Það eru fyrst og fremst framlög til tveggja viðfangsefna sem valda þessari miklu hækkun, framlag til **Hallgrímskirkju** og hækkun á **Ýmsum framlögum**, en þar er m. a. áætlað fyrir 500 þús. kr. vegna kirkjuhúss við Suðurgötu í Reykjavík. Til skýringar er sýndur samanburður við gildandi fjárlög í eftirfarandi töflu, en viðfangsefni hafa verið sameinuð til fækkunar eins og á öðrum safnliðum í frumvarpinu.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Kirkjugarðaeftirlit	315	327	12
Skálholtsstaður	450	450	-
Hallgrímskirkja	4.300	6.500	2.200
Húsmæðraskólinn að Löngumýri	433	370	- 63
Kirkjuorgel, lokagreiðsla	1.300	1.417	117
Ýmislegt	2.081	3.498	1.417
Samtals	8.879	12.562	3.683

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	9.148	12.516	3.368	36,8
Húsnæðismál	400.000	800.000	400.000	100,0
Önnur félagsmál	294.181	358.937	64.756	22,0
Samtals	703.329	1.171.453	468.124	66,6
Þar af markaðir tekjustofnar	229.400	284.400	55.000	24,0

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir frá fjárlögum 1984: Markaður tekjustofn til Byggingarsjóðs verkamanna verður 250.000 þús. kr., sem er hækkun um 50.000 þús. kr. Skipulagsgjald, sem rennur til Skipulagsstjóra ríkisins, hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 15.000 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti, sem fer til Erfðafjársjóðs nemur 19.400 þús. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1984. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa.

Framlag til aðalskrifstofunnar nemur alls 12.516 þús. kr. og deilist á tvö viðfangsefni, **yfirstjórn** og **gagnavinnsla vinnumiðlunar**. Framlag til reksturs skrifstofu ráðuneytisins nemur 11.016 þús. kr. og hækkar um 1.868 þús. kr. eða 20,4%. Gengið er út frá óbreyttri starfsemi og á árinu 1984 og miðast föst laun við grunnheimildir. Framlag til **gagnavinnslu vinnumiðlunar** nemur 1.500 þús. kr. Á árinu 1984 hefur verið unnið að tölvutæku kerfi til skráningar á ýmsum þáttum er að atvinnu- og vinnumálum snúa. Áætlaður stofnkostnaður við kaup og uppsetningu á kerfinu nemur 3.000 þús. kr. Áætlað er að aðrir notendur þess, s.s. Atvinnuleysistryggingasjóður og sveitarfélög, taki þátt í stofnkostnaði og rekstri þessa kerfis.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna.

Fjárveiting til byggingarsjóðanna nemur alls 800.000 þús. kr. og er það tvöfalt hærri fjárhæð en var í fjárlögum 1984. Í B-hluta frumvarpsins kemur fram sundurliðun á fjáröflun og fjárráðstöfun sjóðanna 1985. Í eftirfarandi yfirliti eru sýnd fjáröflun og nettó ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna í m.kr.:

	Lánsfjárlög 1984 m.kr.	Frumvarp 1985 m.kr.
Byggingarsjóður ríkisins:		
Eigið fé, nettó	82.000	- 42.000
Ríkisframlag	200.000	550.000
Lánsfé	885.000	1.092.000*
Til útlána	1.167.000	1.600.000
Byggingarsjóður verkamanna:		
Eigið fé, nettó	3.000	- 30.000
Sveitarfélög	38.000	80.000
Ríkisframlag	200.000	250.000
Lánsfé	165.000	305.000
Til útlána	406.000	605.000

* Þar af 150.000 m.kr. til orkusparandi aðgerða í íbúðarhúsnæði.

399 Vatnsveitur.

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga nemur 5.000 þús. kr. og lækkar um 3.500 þús. kr. frá fjárlögum 1984.

700 - 708 Málefni fatlaðra.

Sú breyting er gerð á framsetningu þessa málaflokks að honum er skipt á níu fjárlagaliði 700 - 708. Á lið 700 er kostnaður við stjórnarnefnd, samráðsnefnd og samráðsnefnd um ferlimál, vistanir, og útgjöld samkvæmt 10. gr. og 19. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Á liðunum 701 - 708 er kostnaði skipt eftir landssvæðum, eins og þau eru tilgreind í 4. gr. áðurnefndra laga. Einstök heimili eru rekin með mismunandi hætti, þ.e. af viðkomandi svæðisstjórn, félagsskap, sveitarfélagi eða heimilið er sjálfseignarstofnun. Í upptalningu viðfangsefna er ekki gerður greinarmunur á rekstrarliðum.

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðra hækkar úr 150.391 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 217.129 þús. kr., eða um 44,4%. Tekin er inn fjárveiting til níu nýrra heimila fyrir fatlaða og eins nýs leiktækjasafns. Af þessum heimilum eru tvö rekin af Reykjavíkurborg og fjárveiting því talin sem tilfærsla. Kostnaður við þessa nýju starfsemi er áætlaður 9.197 þús. kr. Laun hækka úr 103.707 þús. kr. í 148.157 þús. kr. Auk almennra launahækkana eru laun á áðurnefndum nýjum viðfangsefnum að upphæð 4.648 þús. kr. og aukning á starfsemi þeirra stofnana, sem voru í fjárlögum 1984, en hana má meta um 8.500 þús. kr. Ástæðan fyrir þessari aukningu er fyrst og fremst sú, að í fjárlögum 1984 var gert ráð fyrir, að mörg heimili hæfu rekstur á því ári, en eru reiknuð með rekstur allt árið 1985. Fjölgun reiknaðra stöðugilda vegna þessa er 21,66 og reiknuð stöðugildi á nýjum heimilum er 17,75. Alls fjölgar því reiknuðum stöðugildum um 39,41 frá fjárlögum 1984 og eru nú 384,71 á öllum stofnunum. Það skal tekið fram, að reiknuð stöðugildi og stöðuheimildir eru ekki það sama.

Rekstrargjöld hækka úr 52.019 þús. kr. í 83.815 þús. kr., eða um 31.796 þús. kr. Munar þar mestu, að rekstrargjöld hjá sex vernduðum vinnustöðum hækka um 12.595 þús. kr. og fjórum vistheimilum um 10.639 þús. kr, eða samtals um 23.234 þús. kr. Á móti hækka sértekjur þessara sömu heimila um 19.546 þús. kr. Rekstrargjöld hjá svæðisstjórnum hækka um 2.569 þús. kr. og verða samtals 4.765 þús. kr. Stafar það af auknum umsvifum svæðisstjórnanna, svo sem auknum ferðakostnaði og húsaleigu, en í fjárlögum 1984 var þessi kostnaður vanmetinn miðað við að reiknað var með að starfslið þeirra væri 15,05 stöðugildi og fjölgar nú um eitt hjá svæðisstjórninni á Reykjanesi.

Tilfærslur verða 17.877 þús. kr. og skiptast þannig:

	Þús. kr.
1. Kostnaður skv. 10. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra	10.900
2. Kostnaður skv. 19. gr. sömu laga	2.180
3. Vistanir	610
4. Kostnaður við atvinnuleit fyrir fatlaða	545
5. Þátttaka í rekstri tveggja sambýla á vegum Reykjavíkurborgar (85%)	3.642
Samtals	17.877

Yfirfærslur í fjárlögum 1984 voru 5.489 þús. kr., allt samkvæmt ákvæðum 10. gr. laganna. Þar er um að ræða styrki að tillögu svæðisstjórna til fatlaðra barna, sem dvelja í heimahúsum og njóta þar sérstakrar umönnunar eða gæslu. Þessi fjárhæð er hækkuð um 5.411 þús. kr. að fenginni reynslu. Samkvæmt 19. gr. laganna er heimilt að tillögu svæðisstjórnar að veita þeim styrki til framfærslu er lögin ná til, svo og lán til verkfæra- og tækjakaupa og til greiðslu námskostnaðar. Liður 3, vistanir, er nýr liður, svo og 4. liður, kostnaður við atvinnuleit fatlaðra. Í 22. grein fyrrnefndra laga segir að þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfræki sérstaka deild fyrir öryrkja skv. lögum nr. 52/1966 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar. Fjárhæðin skiptist þannig að 436 þús. kr. fara til Reykjavíkursvæðisins og 109 þús. kr. fara til Reykjanessvæðisins. Að 5. lið hefur áður verið vikið.

Í eftirfarandi yfirliti sést skipting reiknaðra stöðugilda, gjalda samtals, sértekna og fjárveitinga á einstaka fjárlagalið og viðfangsefni.

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals Þús. kr.	Sértekjur Þús. kr.	Fjárveiting Þús. kr.
700 Málefni fatlaðra		**15.038**		**15.038**
Stjórnarnefnd		364		364
Samráðsnefnd		402		402
Samráðsnefnd um ferlimál		582		582
Kostnaður skv. 10. gr.		10.900		10.900
‡ Kostnaður skv. 19. gr.		2.180		2.180
‡ Vistanir		610		610
701 Málefni fatlaðra í Reykjavík	**95,78**	**55.219**	**3.262**	**51.957**
Svæðisstjórn	3,50	2.824		2.824
‡ Atvinnuleit		436		436
Sambýli Drekavogi 6	4,00	1.800		1.800
‡ Sambýli Akurgerði (Reykjavíkurborg)		1.258		1.258
‡ Sambýli Geðverndar	1,25	393		393
Trönuhólar 1 (einhverf börn)	13,80	7.297		7.297
‡ Vistheimili fyrir fjölfötluð börn	1,00	179		179
‡ Skammtímavistun Dalbraut (Reykjav.)		2.384		2.384
Styrktarfélag vangefinna:				
Sambýli Háteigsvegi 6	1,51	622		622
Sambýli Sigluvogi 5	3,19	1.119		1.119
Sambýli Auðarstræti 15	3,60	1.428		1.428
Sambýli Víðihlíð 11	4,05	1.661		1.661
‡ Sambýli Víðihlíð 7	2,30	435		435
‡ Sambýli Víðihlíð 5	2,30	435		435
Vinnustofan Ás	4,00	5.796	2.834	2.962
Skammtímavistun Víðihlíð 9	4,90	2.897	428	2.469
Dagvistun Lækjarási	7,63	6.066		6.066
Dagvistun Bjarkarási	14,00	7.984		7.984
Dagvistun Lyngási	24,75	10.205		10.205
702 Málefni fatlaðra á Reykjanesi	**105,00**	**57.964**	**1.937**	**56.027**
Svæðisstjórn	2,50	1.986		1.986
‡ Atvinnuleit		109		109
Sambýli Kópavogi (I)	6,50	2.707		2.707
‡ Sambýli Kópavogi (II)	3,40	749		749
Örvi, verndaður vinnustaður	5,50	5.546	1.177	4.369
Vistheimilið Skálatúni	55,00	29.520	419	29.101
Vistheimilið Tjaldanesi	21,70	11.412		11.412
Leikfangasafn, Keflavík	0,60	229	34	195
‡ Skammtímavistun	4,00	981	147	834
Dagvist, Keflavík	5,00	2.711	160	2.551
Gistiheimili Þroskahjálpar, Kópavogi	0,80	832		832
Viðhaldsverkefni:				
Fasteign (Skálatún)		475		475
Stofnkostnaður:				
Vélar og tæki (Skálatún)		707		707

703 Málefni fatlaðra á Vesturlandi	**10,00**	**4.920**	**59**	**4.861**
Svæðisstjórn	2,00	1.424		1.424
Sambýli, Akranesi	7,50	3.098		3.098
Leikfangasafn Borgarnesi	0,50	398	59	339
704 Málefni fatlaðra á Vestfjörðum	**16,75**	**7.758**	**111**	**7.647**
Svæðisstjórn	1,25	1.059	46	1.013
Bræðratunga, þjónustumiðstöð	15,50	6.699	65	6.634
705 Málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	**8,83**	**5.151**	**220**	**4.931**
Svæðisstjórn	2,00	1.613		1.613
Sambýli, Siglufirði	4,00	1.817		1.817
Leikfangasafn Siglufirði	1,00	579	86	493
Leikfangasafn Blönduósi	1,00	566	84	482
Sumardvöl Egilsá	0,83	576	50	526
706 Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra	**83,60**	**65.116**	**21.488**	**43.628**
Svæðisstjórn	2,50	1.896		1.896
Sambýli, Byggðavegi 91	5,00	1.754		1.754
Sambýli, Borgarhlíð 3	4,00	1.455		1.455
Sambýli, Vanabyggð 4 c	4,00	1.353		1.353
Verndaður vinnustaður, Hrísalundur	7,00	7.746	6.952	794
Verndaður vinnustaður, Bjarg	3,50	17.787	13.996	3.791
Vistheimilið Sólborg	57,00	32.008	491	31.517
Leikfangasafn Akureyri	0,60	332	49	283
Viðhaldsverkefni:				
Fasteign (Sólborg)		785		785
707 Málefni fatlaðra á Austurlandi	**22,25**	**9.571**	**41**	**9.530**
Svæðisstjórn	1,30	1.183		1.183
‡ Sambýli, Egilsstöðum	4,00	1.203		1.203
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,00	627	41	586
Vonarland, þjónustumiðstöð	14,95	6.558		6.558
708 Málefni fatlaðra á Suðurlandi	**42,50**	**29.112**	**5.602**	**23.510**
Svæðisstjórn	1,00	1.046		1.046
Sambýli Árvegi 8, Selfossi	4,00	1.248		1.248
Verndaður vinnustaður, Selfossi	2,00	855	323	532
Verndaður vinnustaður, Vestmannaeyjum	2,50	4.425	4.406	19
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	5,00	2.325	111	2.214
Vistheimilið Sólheimum	27,50	18.445	723	17.722
‡ Leikfangasafn Vestmannaeyjum	0,50	268	39	229
Viðhaldsverkefni:				
Fasteign, mötuneyti (Sólheimar)		500		500
Samtals	384,71	249.849	32.720	217.129

‡ Nýtt frá fjárlögum 1984.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Framkvæmdasjóður fatlaðra starfar samkvæmt IX. kafla laga nr. 41/1983. Hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er að fjármagna framkvæmdir sem taldar eru í 1. mgr. 26. og 27 gr. laganna og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Í 35. gr. laganna er kveðið á um framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðsins. Þar segir að ríkissjóður skuli árlega næstu fimm ár leggja sjóðnum til a.m.k. jafnvirði 55.000 þús. kr. miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Fjárveiting til sjóðsins er í frumvarpinu ákveðin 40.000 þús. kr., sem er skerðing framlags frá því sem um getur í lögum. Er skerðing þessi í samræmi við eina meginforsendu frumvarpsins um framlög ríkissjóðs til framkvæmda og framkvæmdasjóða.

951 Brunamálastofnun ríkisins.

Í lögum nr. 74/1982 er kveðið svo á, að rekstur stofnunarinnar skuli kostaður af brunavarnariðgjöldum. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til stofnunarinnar. Laun hækka úr 2.137 þús. kr. í 2.482 þús. kr. Önnur gjöld hækka úr 996 þús. kr. í 3.954 þús. kr. og er þá tekið fullt tillit til ríkisreiknings fyrri ára. Heildarútgjöld nema 6.436 þús. kr., sem og sértekjur stofnunarinnar.

971 Erfðafjársjóður, framlag.

Markaðar tekjur erfðafjársjóðs eru erfðafjárskattur. Tekjur af skattinum eru taldar verða 25.000 þús. kr. en skil til sjóðsins eru 19.400 þús. kr. Skerðing er því 5.600 þús. kr., sbr. kafla 2.6 í greinargerðinni.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands verður 19.800 þús. kr. og er það 2.000 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1984. Framlagið er vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem tekin voru 1980-1982 vegna harðæris- og búsifja. Fjárveitingin er í samræmi við samþykkt fyrrverandi ríkisstjórnar.

981 Vinnumál.

Framlag á þessum fjárlagalið nemur alls 10.751 þús. kr. og lækkar um 3.935 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Á fjárlagaliðnum eru nú fjögur viðfangsefni, þ.a. þrjú sem voru fyrir. Framlag til **félagsdóms** verður 657 þús. kr. og hækkar um 361 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins **sjómannastofur lögskráning,** verður 273 þús. kr. og hækkar um 23 þús. kr. Til **sjómannadagsráðs** eru ætlaðar 109 þús. kr. og er það hækkun um 9 þús. kr. Stofnað er nýtt viðfangsefni, **ýmislegt,** en af þeim lið er ráðgert að fjármagna framlög til margs konar starfsemi aðila vinnumarkaðarins. Til samtaka vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi fara 2.200 þús. kr., og til hagdeilda sömu aðila 2.000 þús. kr. Þá eru 600 þús. kr. ætlaðar vegna námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum, 1.350 vegna Menningar og fræðslusambands alþýðu og að síðustu eru 1.850 þús. kr. ætlaðar til Félagsmálaskóla alþýðu.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Fjárveiting á þessum lið nemur alls 25.200 þús. kr. og hækkar um 4.836 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Framlagið skiptist á átta viðfangsefni en deilist á tuttugu og fimm í fjárlögum 1984.

08 Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir, í þús. kr.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	11.767	15.742	3.975	33,8
Tryggingamál	4.819.279	6.301.782	1.482.503	30,8
Heilbrigðismál	1.918.017	2.224.382	306.365	16,0
Annað	10.987	15.873	4.886	44,5
Samtals	6.760.050	8.557.779	1.797.729	26,6
Þar af markaðir tekjustofnar	578.820	805.320	226.600	39,1

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 570.000 þús. kr. og hækkar um 160.000 þús. kr. frá fjárlögum 1984, slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda hækka um 43.000 þús. kr og verða 105.000 þús. kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 20.000 þús. kr. og verður 78.500 þús. kr., hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er óbreyttur eða 600 þús. kr. Sérlyfjagjald verður 400 þús. kr. og lækkar um 500 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Gjald af eyðublöðum heilaskeyta verður óbreytt frá gildandi fjárlögum eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans verða 800 þús. kr. sem er 100 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1984. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 4.000 þús. kr og verður 50.000 þús. kr. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málaflokka heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa.

Framlag til aðalskrifstofu nemur 15.742 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum um 3.975 þús. kr. Laun nema 9.028 þús kr. og byggir áætlunin á 16,5 heimiluðum stöðum. Er það einni stöðu fleira en í fjárlögum 1984, en ráðningarnefnd heimilaði stöðu deildarstjóra öldrunarmála fyrr á þessu ári. Auk þess er áætlað fyrir launum sérfræðings vegna sérstaks verkefnis sem unnið er í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um greiningu og eftirlit langvinnra sjúkdóma. Þetta er annað árið sem fjárveiting er fyrir þessu verkefni en hún var upphaflega samþykkt til þriggja ára. Önnur gjöld áætlast 7.031 þús. kr. og sértekjur 717 þús. kr. Framlag til eignakaupa er 400 þús. kr. og er til kaupa á skrifstofubúnaði.

271 Tryggingastofnunm ríkisins.

Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður þessara tryggingaþátta dregnar saman og hækkanir frá fjárlögum 1984.

Almannatryggingar 1984 og 1985

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Slysatryggingar	28	85	57	-
Lífeyristryggingar	2.221	2.950	729	32,8
Sjúkratryggingar	2.374	3.005	631	26,6
Samtals	4.623	6.040	1.417	30,7

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 307/1983, samanber reglugerð nr. 234/1984 um breytingu á þeirri reglugerð er áætluð 105 m.kr og lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda er áætlað 570 m.kr. , en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Markaðar tekjur til slysatrygginga eru gjaldfærðar alls 85 m.kr. en samkvæmt tekjuáætlun nema þær eins og áður segir 105 m.kr. Fyrir afgreiðslu frumvarpsins þarf að endurskoða áætlaða innheimtu af slysatryggingaiðgjaldi.

Forsendur um verðlag á útgjaldaliðum almannatrygginga eru hinar sömu og við eiga um laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Við samanburð á fjárlögum 1984 og frumvarpstölunum þarf að hafa í huga að í fjárlagaupphæðunum var innifalin 4% vegin hækkun allra gjaldaliða eins og almennt var á launaliðum fjárlaganna.

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu að ofan um 1.417 m.kr eða 30.7%. Nú verður fjallað um einstaka tryggingaflokka. Heildarútgjöld lífeyristrygginga eru talin verða 2.950 m.kr., auk þess bætast við 240 m.kr. vegna greiðslu barnsmeðlaga sem Tryggigastofnun annast en sveitarfélögin endurgreiða. Útgjöld lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1984 og frumvarpi 1985 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1984 og 1985

		Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Gjöld					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur	1.873	2.438	565	39,2
	Elli- og örorkulífeyrir	885	1.048	163	18,4
	Tekjutrygging	685	943	258	37,7
	Uppbót	160	257	97	60,0
	Heimilisuppbót o.fl	70	102	32	45,7
	Örorkustyrkur	73	88	15	20,5
104	Barnalífeyrir	54	68	14	25,9
105,107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	54	63	9	16,7
106	Mæðra- og feðralaun	60	125	65	8,3
108	Fæðingarorlof	150	170	20	13,3
120	Meðlög	212	240	28	13,2
171	Rekstrarkostnaður og vextir af sjóðsskuld	30	86	56	-
	Samtals	2.433	3.190	757	31,1
Tekjur					
180	Framlög ríkissjóðs	2.221	2.950	729	32,8
181	Meðlög, sveitarfélög	212	240	28	13,2
	Samtals	2.433	3.190	757	31,1

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga skýrast í megindráttum af þrennu: Almennt er gert ráð fyrir 2% aukningu útgjalda á árinu 1985 vegna fjölgunar bótaþega og er þá byggt á reynslu liðinna ára. Þá hækkar grundvöllur til útreiknings á bótum 1985 vegna sérstakrar hækkunar bóta sem ákveðin var í tengslum við lausn kjaradeilu VSÍ og ASÍ snemma árs 1984. Ákveðin var sérstök hækkun barnabóta sem talin var kosta 160 m.kr. og sérstök hækkun bóta lífeyristrygginga til hinna lægstlaunuðu ver talin auka útgjöld ríkissjóðs um 190 m.kr. á árinu 1984. Bótahækkanir hafa verið sem hér segir frá upphafi árs 1984: Þann 1. mars hækkaði elli- og örorkulífeyrir um 7% og sama á við um ekkjubætur, ekkjulífeyrir og fæðingarorlof. Þá hækkaði tekjutrygging um 22,5%, heimilisuppbót um 10,0% og barnalífeyrir um 24,8%. Mæðralaun með einu barni hækkuðu um 146,2%, með tveimur börunum um 82,9% og með þremur börnum og fleiri um 62,8%. Frá 1. júní hækkuðu allar bætur um 2,0% og frá 1. september hækkuðu þær um 3,0%. Þá er áætlað fyrir 5,0% hækkun bóta á árinu 1985.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1985 nema alls 3.005 m.kr. og er það hækkun um 630 m.kr. eða 26,5% frá fjárlögum 1984. Sundurliðun útgjalda sjúkratrygginga á helstu útgjaldaliði kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1983 og 1984

		Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Gjöld					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	1.536	2.075	539	35,1
302	Heimaþjónusta við aldraða	-	22	22	-
303-306	Hjálpartæki	59	87	28	47,5
310	Lækniskostnaður	175	210	35	20,0
311	Tannlæknakostnaður	140	145	5	3,6
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður	190	267	77	40,5
315	Lyfjakostnaður	460	500	40	8,7
316	Sjúkradagpeningar	75	82	7	9,3
370	Rekstrarkostnaður	30	40	10	33,3
	Samtals	2.665	3.428	763	28,6
Tekjur					
380	Hlutur ríkissjóðs	2.375	3.005	630	26,5
	Hlutur sveitarfélaga	290	423	133	45,6
	Samtals	2.665	3.428	763	28,6

Hækkun einstakra liða sjúkratryggginganna er all breytileg en hliðsjón er höfð af þróun útgjalda á síðastliðnu ári og fyrstu mánuðum þessa árs. Vistgjöld á sjúkrahúsum eru alls talin nema 2.075 m.kr. og hækka um 35,1% frá fjárlögum 1984. Margvíslegar hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa á árinu 1984, en í fjárlögum 1984 var áætlað fyrir 4% hærri gjöldum en þau voru talin verða í árslok 1983. Taxtar hafa breyst þanning: 1. mars 5,1% hækkun, 1. júní 3,0% og 1. september 1,1%, en þá var einungis tekin til greina launahækkun til þeirra starfsmanna er ekki höfðu sagt upp samningum. Grunnhækkun varð í upphafi árs 1984 um 2% til allra sjúkrahúsanna og var það vegna halla ársins 1983. Samkvæmt forsendum í fjárlögum 1984 um 2,5% sparnað eða hagræðingu á launalið og 5,0% á öðrum rekstrargjöldum voru daggjöld lækkuð um 3,5%.

Útgjöld sjúkratrygginga vegna annarra útgjaldaþátta en vistgjalda hækka mjög misjafnlega. Ekki er talin ástæða til sérstakrar umfjöllunar um hvern einstakan lið. Þess er að geta að á árinu 1984 var ákveðin hækkun á þátttöku sjúklinga í kostnaði við lyfjakaup og við læknishjálp. Áætlað er fyrir nýjum útgjaldaþætti sjúkratryggginganna, **heimaþjónusta við aldraða.** Erfitt er að áætla útgjöld vegna þessa en miðað við greiðslur síðustu mánuða þykir ekki annað varlegt en áætla 20 m.kr. til þessa verkefnis.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Framlag til sjóðsins verður 26.464 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 5.735 þús. kr. eða um 28%. Framlagið er við það miðað að ákvæði gildandi laga nr. 97/1979 verði framlengd.

324 Heyrnar-og talmeinastöð.

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur samtals 16.011 þús. kr. og er það 3.032 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1984 eða 23,4%. Laun hækka um 985 þús. kr. eða 18%. Heimiluð stöðugildi eru 17,5 talsins sem er sami fjöldi og í fjárlögum 1984. Rekstrargjöld hækka í hátt við almennar verðlagshækkanir og nema 2.507 þús. kr. Tilfærslur til einstaklinga og samtaka, sem eru vegna heyrnatækjakaupa, hækka um 1.540 þús. kr., úr 5.000 þús. kr. í 6.540 þús. kr. Framlag vegna stofnkostnaðar er 1.600 þús. kr. og er 1.000 þús. kr. af því vegna uppsetningar á móttökustöð í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Loks áætlast sértekjur 1.117 þús. kr.

325 Hollustuvernd ríkisins.

Heildarframlag til stofnunarinnar nemur 15.224 þús. kr. og hækkar um 23,7% frá fyrra ári. Mestu munar um hækkun á stofnkostnaðarframlagi sem er samtals 2.900 þús. kr. Þar af eru 2.500 þús. kr. vegna lagfæringar á húsnæði að Skipholti 37, sem verða mun framtíðarhúsnæði stofnunarinnar. Mikil hækkun er einnig á sértekjum, en gert er ráð fyrir verulegri hækkun gjaldskrár fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu og fyrir sérhæft eftirlit sem stofnuninni er falið að annast. Verður slík gjaldtaka að tengjast gjaldtöku sveitarfélaga af eftirlitsskyldri starfsemi.

371 Ríkisspítalar.

Veruleg breyting er á uppsetningu ríkisspítala í frumvarpi þessu. Á fyrri árum hefur fjárframlögum verið skipt niður á hinar einstöku stofnanir ríkisspítala, en nú er þeim skipt niður á eftirfarandi viðfangsefni:

1. Legudeildir, sæfinga-og gjörgæsludeild
2. Geðdeild
3. Stofnanir öryrkja og þroskaheftra
4. Stoðdeildir, rannsóknastofur
5. Þjónustudeildir
6. Stjórnarnefnd, viðhald
7. Stjórnarnefnd, stofnkostnaður
8. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, stofnkostnaður

Þessi uppsetning er gerð að beiðni stjórnarnefndar ríkisspítalanna og í samræmi við breytingu á uppsetningu bókhalds sem gerð hefur verið. Heildarfjárveiting er nú 1.375.916 þús. kr. sem er 20,7% hækkun frá fjárlögum 1984. Munar þar mestu um leiðréttingu á öðrum rekstrargjöldum og er um seinni áfanga af tveim að ræða í því tilfelli, en ríkisspítalar fengu ekki fulla leiðréttingu í fjárlögum 1984 eins og margar aðrar ríkisstofnanir. Laun hækka um 15,5% og nema 905.749 þús. kr. Grunnheimildir eru 1998 samtals og fjölgar alls um 34 stöður. Er það allt vegna breytinga á námstilhögun hjúkrunar-og ljósmæðranema en þeir hafa ekki lengur starfsskyldu á sjúkrahúsum. Er þetta lokabreyting vegna þessa, en nemum hefur fækkað þrjú undanfarin ár sem starfsliði sjúkrahúsanna. Vegna afleysinga er áætlað 20,5% á föst laun grunnheimilda og vegna yfirvinnu- og álagsgreiðslna er áætlað 46,1%, eða samtals 66,6%. Minni háttar viðhald er áætlað með öðrum rekstrargjöldum en til meiri háttar viðhalds er áætlað 12.000 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar er 35.000 þús. kr. og eru 33.500 þús. kr. af því til tækjakaupa en 1.500 þús. kr. vegna innréttingar á neðstu hæð í húsi Krabbameinsfélags Íslands við Skógarhlíð Framlag vegna yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð er 13.800 þús. kr. Þar af eru 8.300 þús. kr. vegna byggingar sjúkramóttöku, 4.000 þús. kr. vegna tækjakaupa og 1.500 þús. kr. vegna ýmislegs annars. Verður hér í lokin sýnd tafla yfir hlutfallslega skiptingu rekstrarfjármagns til hinna ýmsu viðfangsefna ásamt heimiluðum stöðufjölda. Þess skal getið að þær 34 stöður sem koma nú inn í stað hjúkrunar-og ljósmæðranema eru hér allar settar á þjónustudeildir þar sem nemendalaun voru áætluð áður. Þessar stöður munu dreifast á hin ýmsu viðfangsefni.

	Grunn-heimildir	Rekstrar-framlag	Hlutfallsleg skipting
Legurdeildir, svæfinga-og gjörgæsludeild	808	574.659	39%
Geðdeild	407	244.292	17%
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	161	67.225	5%
Stoðdeildir, rannsóknastofur	240	241.428	17%
Þjónustudeildir	382	325.398	22%
Samtals	1.998	1.453.002	100%

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

Heildarfjárveiting nemur 110.800 þús. kr. og lækkar um 23.835 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1984. Þá voru sex viðfangsefni á þessum fjárlagalið og nú er eingöngu áætlað fyrir þremur. Þau viðfangsefni sem falla niður eru: **Röntgentæki, Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur og SAA, byggingarstyrkur, lokagreiðsla.** Eftirfarandi tafla sýnir framlög og breytingar frá fjárlögum 1984.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Bygging sjúkrah., heilsugæslust. og læknisbúst	115.250	100.000	-15.250
Röntgentæki	800	-	-800
Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi	4.000	-	-4.000
Styrkur til heilsuverndarstöðva	4.985	4.500	-485
DAS, Hraafnista, Hafnarfirði, fimmta greiðsla af sex	5.600	6.300	700
SAA, byggingarstyrkur, lokagreiðsla	4.000	-	-4.000
Gjöld samtals	134.635	110.800	-23.835

385 Framkvæmdasjóður aldraðra.

Framlag nemur 61.000 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984. Með lögum nr. 91/1982 um málefni aldraðra er ákveðið að markaðar tekjur sjóðsins miðist við tiltekna grunnfjárhæð sem breytist með skattvísitölu. Markaðar tekjur eru áætlaðar 50.000 þús. kr. og koma fram í 3. gr. frumvarpsins.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti.

Fjárveiting nemur samtals 272.864 þús. kr. og hækkar um 15,6% frá fjárlögum 1984. Laun vegna rekstrar nema 191.894 þús. kr. og hækka um 17,9%. Grunnheimildir eru nú 379 talsins að frátöldum sérfræðingum sem vinna við sjúkrahúsið en í fjárlögum 1984 voru þær 370. Fjölgunin er fyrst og fremst vegna breytinga á námstilhögun hjúkrunarnema sem ekki hafa lengur starfsskyldu á sjúkrahúsum. Einnig bætast við 1,5 stöður vegna tölvuvæðingar og er að hluta til um tilfærslu að ræða frá öðrum rekstrargjöldum. Fyrir yfirvinnu- og álaggreiðslur er áætlað 44% á föst laun grunnheimilda og 20,5% fyrir afleysingar alls konar. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast nú 100.488 þús. kr. og er minni háttar viðhald þar meðtalið. Hækkun frá fjárlögum nemur 14.458 þús. kr. eða 16,8%. Meiri háttar viðhald áætlast 2.500 þús. kr., stofnkostnaður 6.000 þús. kr. og sértekjur 28.018 þús. kr.

387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Heildarfjárveiting nemur samtals 239.542 þús. kr. og hækkar um 16,5% frá fjárlögum 1984. Laun vegna rekstrar eru 162.360 þús. kr. og áætlast út frá 248,5 grunnheimildum sem er sami fjöldi og á sl. ári. Fyrir afleysingar er áætlað 20,5% ofan á föst laun grunnheimilda og fyrir yfirvinnu- og álagsgreiðslur áætlast 46,1%. Samtals bætast því 66,6% ofan á föst laun grunnheimilda til að mæta öðrum launum en föstum launum grunnheimilda. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast 80.077 þús. kr. og hækka um 16,7% frá fjárlögum 1984 og er nú áætlað fyrir minni háttar viðhaldi með öðrum rekstrargjöldum. Til meiri háttar viðhalds áætlast 5.500 þús kr. og 5.000 þús. kr. í stofnkostnað. Sértekjur áætlast 13.395 þús. kr. Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir nýrri starfsemi en ráðgert er að ný slysadeild taki til starfa snemma á árinu 1985 og jafnvel geðdeild seinna á árinu. Áætluð stöðufjölgun vegna þessa er 4,9 stöður vegna slysadeildar og 12,5 stöður vegna geðdeildar, sem ekki er áætlað fyrir að svo stöddu.

391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.

Heildarframlag nemur samtals 94.721 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1984 um 20,9%. Laun hækka um 19,7% og nema samtals 86.187 þús.kr. Launaáætlun byggir á 96,0 stöðum lækna sem staðfestar eru af ráðninganefnd ríkisins, samtals 100,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og einni stöðu tannlæknis. Rekstrargjöld nema 5.034 þús. kr. og hækka um 1.980 þús. kr. frá síðustu fjárlögum. Hækkun þessi er öll vegna samningsbundinna námsferða lækna, en áhrif þeirra samninga hafa verið að koma í ljós á sl. árum. Til viðhalds áætlast 3.500 þús. kr. sem er framlag ríkissjóðs til viðhalds heilsugæslustöðva.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög.

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru 23 talsins, en voru 33 í gildandi fjárlögum. Eitt viðfangsefni flyst til, **skólar heilbrigðisstétta** og er það meginskýring á því að heildarfjárveiting lækkar frá fyrra ári, en framlag til þeirra skóla nam 3.716 þús. kr. í fjárlögum 1984. Nú er áætlað fyrir þessum framlögum á sérstökum fjárlagalið, 08-501, sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp á þessum fjárlagalið, **áfengis- og fíkniefnanefnd.** Framlag nemur 500 þús. kr. Heildarfjárveiting til hinna ýmsu viðfangsefna er 29.734 þús.kr. en var 32.213 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Í eftirfarandi töflu koma fram breytingar á framlögum til hinna ýmsu viðfangsefna.

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Norræn samvinna í lyfsölumálum	80	80	0
Evrópska lyfjaskrain	96	100	4
MS- félag Islands	25	-	-25
Erfðafræðinefnd H.Í.	260	-	-260
Hjartavernd	2.800	3.000	200
Krabbameinsfélag Islands	10.000	10.800	800
Kostnaður skv. farsótta-og sóttvarnarl.og l. um ónæmisaðgerðir	1.863	2.068	205
Matvælarannsóknir	169	188	19
Manneldisráð	453	497	44
Kynsjúkdómavarnir, lög nr. 16/1978	179	-	-179
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	445	483	38
Til reykingavarna	500	500	
Minningarsjóður Landspítalans	700	800	100
Sjúkraflug	1.000	1.000	
Rhesusvarnir	387	422	35
Blóðrannsóknir ungbarna	438	555	117
Félag astmasjúklinga	15	-	-15
Exem-og psoriasissjúklingar	15	-	-15
Námsferðir héraðslækna og embættislækna	312	-	-312
Ljósmæðralaun	3.574	3.585	11
Lyfsölusjóður	224	250	26
Útbreiðsla atvinnusjúkdóma	250	-	-250
Hjarta-og æðaverndarfélag	350	-	-350
Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini	75	-	-75
Útgáfa lyfjaverðskrár	105	444	339
Ymis framlög	480	550	70
Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum	1.000	-	-1.000
Lyfjaverðlagsnefnd	422	791	369
Lyfjanefnd	1.277	1.736	459
Eiturefnanefnd	345	412	67
Daggjaldanefnd	471	565	94
Framkvæmdastjórn WHO	187	208	21
Áfengis-og fíkniefnanefnd	-	500	500
Skólar heilbrigðisstétta	3.716	-	-3.716
Gjöld samtals	32.213	29.734	-2.479

501 Skólar heilbrigðisstétta.

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru þrjú, **Lyfjatækniskóli Íslands, Röntgentækniskóli Íslands** og **Sjúkraliðaskóli Íslands.** Framlag til þessara skóla hefur áður verið áætlað sameiginlega á fjárlagalið 08-399. Töluverð hækkun er á heildarframlagi til þessara skóla, eða 42,6%, sem að hluta má rekja til reglugerðabreytinga og að hluta til endurskoðunar á fjárveitingum sem gerð var samfara flutningi á nýtt fjárlaganúmer. Með öðrum gjöldum er áætlað fyrir kaupum á kennsludúkku fyrir Sjúkraliðaskólann, 80 þús. kr. og framlag að upphæð 100 þús. kr. vegna tækja og búnaðar fyrir Lyfjatækniskóla Íslands.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	38.749	51.265	12.516	32,3
Toll- og skattheimta	175.657	229.928	54.271	30,9
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	259.696	332.342	72.646	28,0
Annað	288.313	350.198	61.885	21,5
Gjöld samtals	762.415	963.733	201.318	26,4
Þar af markaður tekjustofn	19.000	27.500	8.500	44,7

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um veigamestu breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti.

Töluverðar breytingar hafa orðið á þessum lið frá fjárlögum 1984. Ríkisbókhald og ríkisfjárhirsla, sem áður voru stofnanir með sérstök fjárlaganúmer, eru nú viðfangsefni á aðalskrifstofu. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að stofna embætti ríkislögmanns og er það sérstakt viðfangsefni á aðalskrifstofu. Yfirstjórn ráðuneytisins er fjórða viðfangsefnið. Breytingar á framlagi ríkissjóðs til þessara fjárlagaliða koma fram í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	19.448	25.104	29,1
Ríkisbókhald	14.226	18.764	31,9
Ríkisfjárhirsla	5.075	6.268	23,5
Ríkislögmaður	-	1.129	
Gjöld samtals	38.749	51.265	32,3

Eins og sjá má hækkar fjárveiting til allra viðfangsefna aðalskrifstofu heldur meira en verðlagsforsendur frumvarpsins gefa tilefni til. Einkum eru það laun sem hækka mikið. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði í maí 1984 að grunnheimildum á yfirstjórn skyldi fjölgað um eina og eru þær nú 34,17, en af þeim flytjast tvær á embætti ríkislögmanns. Þá er í þessu frumvarpi viðurkennd sú aukning á starfsemi sem þar hefur orðið, einkum í launadeild, og lausráðnum starfsmönnum fjölgað um sem svarar til 5,0 stöðugilda. Vegna þessa hækka laun um 1.082 þús. kr. Af sömu ástæðu hefur yfirvinna aukist á yfirstjórn. Í ríkisbókhaldi eru 18,5 grunnheimildir og hefur þeim ekki verið fjölgað í langan tíma, þó svo að umfang starfsemi kalli á fleiri starfsmenn. Í fjárlögum 1984

var áætlað fyrir launum 22,0 stöðugilda, en nú er horfst í augu við þá aukningu sem hefur orðið á starfseminni og áætlað fyrir launum 26,5 stöðugilda. Vegna þessarar viðbótar hækka laun um 865 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að auka yfirvinnugreiðslur um 682 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Stofnkostnaður á aðalskrifstofu hækkar um 112 þús. kr. frá fjárlögum 1984 og verður 330 þús. kr. og skal 300 þús. kr. varið til kaupa á ljósritunarvél.

Eins og áður er getið leiðir stofnun embættis ríkislögmanns ekki til fjölgunar grunnheimilda, enda verða tvær grunnheimildir fluttar af yfirstjórn á embætti ríkislögmanns.

201 Ríkisskattstjóri.

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hert eftirlit með söluskattsskilum hefur grunnheimildum á embætti ríkisskattstjóra verið fjölgað um fjórar. Þá heimilaði ráðninganefnd ríkisins á árinu 1983 að grunnheimildum skyldi fjölgað um eina. Alls eru því grunnheimildir á embætti ríkisskattstjóra 40,0. Framlag ríkissjóðs nemur 25.329 þús. kr., en var 17.079 þús. kr. í fjárlögum 1984. Hækkunin nemur 8.250 þús. kr., eða 48,3%. Laun vegna almenns reksturs hækka úr 13.896 þús. kr. í 19.600 þús. kr. og rekstrarfé verður 5.729 þús. kr. sem er 92% hærri upphæð en í fjárlögum 1984. Veittar eru 1.000 þús. kr. til innréttingar á nýju leiguhúsnæði, enda telst það nauðsynlegt vegna fjölgunar starfsmanna.

201 - 211 Skattstofur.

Heildarframlag til skattstofanna nemur 84.000 þús. kr. og hækkar um 20.138 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstakar skattstofur og fjöldi grunnheimilda á skattstofunum í heild.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting
Skattstofan í Reykjavík	26.196	32.903	25,6%
Skattstofa Vesturlands	3.961	5.869	48,2%
Skattstofa Vestfjarða	3.850	5.589	45,2%
Skattstofa Norðurlands vestra	3.915	5.021	28,3%
Skattstofa Norðurlands eystra	7.056	8.898	26,1%
Skattstofa Austurlands	3.670	5.162	40,7%
Skattstofa Suðurlands	4.172	5.147	23,4%
Skattstofa Vestmannaeyja	1.743	2.138	22,7%
Skattstofa Reykjaness	9.299	13.273	42,7%
Gjöld samtals	63.862	84.000	31,5%
Grunnheimildir	145,77	163,77	18,00

Hækkun á framlagi til skattstofanna má að mestu leyti rekja til fjölgunar starfsmanna skv. ákvörðun fjármálaráðherra í maí 1984 um hert eftirlit með söluskattsskilum. Í kjölfar þeirrar ákvörðunar var grunnheimildum fjölgað um 20, þ.a. 16 á skattstofunum og 4 á embætti ríkisskattstjóra. Að auki hefur ráðninganefnd ríkisins heimilað fjölgun grunn-

heimilda á Skattstofu Vesturlands um tvær, enda greiðist laun vegna annarrar stöðunnar með fjárveitingu sem áður rann til fjárlagaliðarins **skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Um stofnkostnað og meiri háttar viðhaldsverkefni er vart að ræða á skattstofunum, en þó eru veittar 1.164 þús. kr. til gagngerra endurbóta á húsi Skattstofu Vestfjarða og 320 þús. kr. til tækjakaupa á Skattstofu Austurlands.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld.

Framlag ríkissjóðs nemur 17.760 þús. kr., en nam 19.961 þús. kr. í fjárlögum 1984. Ekki er lengur ætlað fyrir launum, þar sem eina grunnheimild þessa viðfangsefnis hefur verið flutt á Skattstofu Vesturlands. Fjárveitingin fer til þess að greiða ýmsan sameiginlegan kostnað skattstofanna, s.s tölvuvinnslu og gerð skattskráa.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík.

Gjaldheimtan í Reykjavík er rekin af ríki og Reykjavíkurborg. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 7.332 þús. kr. og verður 15.034 þús. kr. Útgjöld vegna starfsemi hækka um 26,0% frá fjárlögum 1984, enda sýnir ríkisreikningur 1982 og 1983 að rekstrarfé hefur verið vanáætlað í fjárlögum. Framlag borgarsjóðs nemur helmingi af útgjöldum stofnunarinnar og kemur fram í áætluðum sértekjum.

261 Tollstjórinn í Reykjavík.

Framlag ríkissjóðs nemur 32.999 þús. kr., en var 25.810 þús. kr. í fjárlögum 1984. Laun hækka úr 18.407 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 21.962 þús. kr., eða um 19,3%. Á árinu 1983 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun grunnheimilda í bifreiðagjaldadeild um eina og í þessu frumvarpi er ætlað fyrir launum yfirkennara Tollskólans á öðrum dagvinnulaunum. Annað rekstrarfé hækkar um 54,4%, úr 7.148 þús. kr. í 11.037 þús. kr. Hækkunin skýrist að verulegu leyti af auknum greiðslum til SKÝRR vegna sífellt umfangsmeiri tölvuvinnslu fyrir embætti tollstjóra.

263 Tollgæsla.

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 31.338 þús. kr. í 43.756 þús. kr., eða um 39,6%. Laun hækka úr 27.926 þús. kr. í 36.238 þús. kr., eða um 29,8%, og veldur þar mestu, að fullt tillit hefur verið tekið til þess, að um mestan hluta landsins eru tollgæslustörf unnin af löggæslumönnum utan reglulegs vinnutíma og eru þau störf greidd sem yfirvinna. Fjárveiting til almenns reksturs hækkar úr 5.454 þús. kr. í 6.938 þús. kr., eða um 27,2%. Sett er upp sérstakt viðfangsefni með 480 þús. kr. fjárveitingu og skal henni varið til kaupa á nýrri bifreið. kr., enda skal 480 þús. kr. varið

282 Tollamál.

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Annað er **sameiginlegur kostnaður** og hækkar fjárveiting vegna hans um 8,8% og verður 3.725 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað vegna endurskoðunar tollskrár og útgjöld vegna greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrslna, upplýsingabæklinga og tollskrár. Hitt viðfangsefnið, **tollamál, tölvuvæðing,** er til kaupa og uppsetningar á tölvukerfi til tollaafgreiðslu, en frá árinu 1981 hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls.

381 Uppbætur á lífeyri.

Ákveðið er að sameina fjárlagaliði 381, 382 og 383 í fjárlögum 1984 undir sameiginlegum lið 381, **uppbætur á lífeyri**. Þessi liður nær því til uppbóta á lífeyri, eftirlauna skv. launalögum og til styrktarfjár og ýmissa eftirlauna embættismanna og ekkna. Fjárveiting nemur alls 332.342 þús. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlögum 1984 nam 259.696 þús. kr. Hækkunin er því 72.646 þús. kr, eða 27,9%. Framlagið á árinu 1985 byggist á forsendum frumvarpsins um hækkun launa og á raunverulegum greiðslum fyrstu sex mánuði ársins 1984. Sértekjur nema 35.752 þús. kr. og er þar um að ræða vexti og verðbætur af lánum sem lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur veitt opinberum fjárfestingarlánasjóðum.

402 Fasteignamat ríkisins.

Framlag ríkissjóðs hækkar um 22,6% frá fjárlögum 1984, úr 10.748 þús. kr. í 13.181 þús. kr. Laun hækka um 2.459 þús. kr. sem að hluta má skýra með fjölgun grunnheimilda, en á árinu 1984 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun húsaskoðunarmanna um tvo. Rekstrarfé hækkar úr 6.653 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 8.545 þús. kr., eða um 28,4%, sem skýrist af færslu minni hátttar viðhalds á rekstrargjöld og fjölgun starfsmanna. Þá eru veittar 950 þús. kr. til kaupa á tölvubúnaði og færist það sem sérstakt viðfangsefni.

971 Ríkisábyrgðasjóður.

Framlag til sjóðsins nemur 169.300 þús. kr. en nam 30.000 þús. kr. í fjárlögum 1984. Nú eru taldar horfur á að ýmis lán kunni að falla á sjóðinn á árinu 1985 og því þykir ekki annað varlegt en áætla fyrir slíku. Þessi lán eru vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, svokallaðra raðsmíðaskipa og ýmis lán sem tekin hafa verið vegna ferju- og strandferðaskipa.

989 Launa- og verðlagsmál.

Þessi fjárlagaliður er felldur burt úr frumvarpinu, þar sem áætlað er fyrir hækkun launa og rekstrarfjár á árinu 1985 á einstökum stofnunum. Í fjárlögum 1984 var framlag til þessa liðar 68.905 þús. kr.

999 Ýmislegt.

Fjárveiting hækkar úr 130.410 þús. kr. í 141.716 þús. kr., eða um 8,7%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1984 og í þessu frumvarpi.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld	16.417	18.112	1.695
Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	13.000	13.000	-
Ýmis sameiginlegur kostnaður	2.319	4.484	2.165
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	5.603	19.869	14.266
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	13.695	13.900	205
Kjarasamningar	955	754	-201
Dómkröfur og málskostnaður	1.500	6.500	5.000
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	525	550	25
Millibinganefndir	400	400	-
Þungaskattsálagning með ökumælum	341	763	422
Lífeyrissjóður sjómanna	450	550	100
Lífeyrissjóður bænda	20.100	25.700	5.600
Kjararannsóknir	170	200	30
Óviss útgjöld	43.000	11.100	-31.900
Húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra	1.400	-	-1.400
Bókhaldskerfi ríkisins	5.000	5.200	200
Ýmis innheimtukostnaður	4.535	8.635	4.100
Aðgerðir gegn eiturlyfjum	1.000	-	-1.000
Endurgreiðsla á söluskatti vegna snjómoksturs sveitarfélaga	-	12.000	12.000
Gjöld samtals	130.410	141.717	11.307

Eins og sjá má falla tvö viðfangsefni, **húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra** og **aðgerðir gegn eiturlyfjum**, niður frá fjárlögum 1984. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp, þ.e. **endurgreiðsla á söluskatti vegna snjómoksturs sveitarfélaga**. Endurgreiðsla þessi er fyrirhuguð í samræmi við heimild í 6. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1983.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	7.115	9.037	1.922	27,0
Vegamál	1.383.477	1.458.000	74.523	5,4
Önnur samgöngumál	593.063	573.984	- 19.079	- 3,2
Samtals	1.983.655	2.041.021	57.366	2,9
Þar af markaðir tekjustofnar	1.010.700	1.195.000	184.300	18,2

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Bifreiðaskattur og þungaskattur eru áætlaðir 390.000 þús. kr. og innflutningsgjald af bensíni 760.000 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 1.150.000 þús. kr. og hækka um 177.000 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Vitagjald hækkar um 700 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Skipaskoðunargjald hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.000 þús. kr. Flugvallaskattur er áætlaður 33.000 þús. kr. 1985 og er það hækkun um 5.000 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Þá er talið að tekjur af sérleyfisgjaldi, sem rennur til sérleyfissjóðs, nemi 1.000 þús. kr. sem er hækkun um 600 þús. kr. frá fjárlögum.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

Framlag nemur alls 9.037 þús. kr. og hækkar um 1.922 þús. kr. eða 27,0%. Launaliður nemur alls 5.152 þús.kr. og hækkar um 21,1%, og er þá gengið út frá 8,5 föstum stöðugildum á skrifstofunni. Önnur gjöld nema alls 3.885 þús. kr. og er það hækkun um 35,6% og skýrist hækkunin af því að ráðgert er að ráðuneytið flytji í nýtt og stærra húsnæði síðari hluta árs 1984.

211 Vegagerð ríkisins.

Heildarútgjöld til vegamála nema 1.458.000 þús. kr. Fjármögnun er að hluta með mörkuðum tekjustofnum, þ.e. bensíngjaldi og bifreiðaskatti, alls 1.150.000 þús. kr. Fjárútvegun ríkissjóðs með öðrum hætti nemur því 308.000 þús. kr. Ráðstöfun fjár til vegamála 1984 nemur um 2% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu það ár.

321 Strandferðir, framlög.

Framlög á þessum fjárlagalið verða alls 81.252 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984. Framlag til **Skipaútgerðar ríkisins** nemur alls 37.000 þús. kr. og er framlagið miðað við fjárþörf til hálfs árs. Framlag til **flóabáta og vöruflutninga** ýmissa aðila nemur alls 44.252 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1984.

331 Vita- og hafnarmálaskrifstofa.

Framlag nemur 8.501 þús. kr. og hækkar um 19,5% frá fjárlögum. Ekki er ástæða til athugasemda um launa- og

rekstrargjaldaliðina. Framlag til stofnkostnaðar nemur 1.500 þús. kr. og er það sama fjárhæð og 1984. Fjárveitingunni skal ráðstafað til stofnbúnaðarkaupa og lokafrágangs á innréttingu skrifstofunnar að Seljavegi.

332 Vitastofnun Íslands.

Fjárveiting nemur alls 28.815 þús. kr. og skiptist þannig á einstök verkefni:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting %
Rekstur vita	17.867	18.885	5,7
Sjómerki	1.198	777	- 35,1
Rekstur vitaskips	6.829	6.122	- 10,4
Vitabyggingar	5.500	7.000	27,3
Gjöld samtals	31.394	32.784	4,4
Sértekjur	3.641	3.969	9,0
Mismunur	27.753	28.815	3,8

Ekki er er talin ástæða til að fjölyrða um einstök viðfangsefni, nema að gert er ráð fyrir sama úthaldi vitaskips og 1984 eða í 6 vikur.

333 Hafnarmál.

Fjárveiting til hafnarmála lækkar um 56.548 þús. kr. og nemur 82.964 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig á viðfangsefni 1984 og 1985:

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Hafnarrannsóknir og mælingar	1.994	2.213	219
Ferjubryggjur	3.700	3.000	- 700
Hafnarmannvirki og lendingabætur	110.300	55.000	- 55.300
Sjóvarnargarðar	5.900	7.000	1.100
Landshafnir, endurgreiðslur lána	2.963	3.900	937
Landshöfn Rifi, framkvæmdir	500	1.500	1.000
Landshöfn Þorlákshöfn	800	1.000	200
Landshöfn Keflavík-Njarðvík, framkvæmdir	1.500	-	- 1.500
Hafnarbótasjóður, framlag	12.450	10.000	- 2.450
Gjöld samtals	140.107	83.613	- 56.494
Sértekjur	595	649	54
Mismunur	139.512	82.964	- 56.548

Ekki er talin ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni.

341 Siglingamálastofnun.

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 17.848 þús. kr. og

er það hækkun um 9,8%. Framlag til reksturs stofnunarinnar miðast við óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1984. Framlag til stofnkostnaðar nam 1.900 þús. kr. í fjárlögum en er nú áætlað 1.005 þús.kr. og er vegna kaupa á viðbótartölvubúnaði fyrir stofnunina. Á vegum samgönguráðuneytisins er nú unnið að athugun á því hvort rétt þyki að hækka skipaskoðunargjald þannig að það standi undir þeim þætti í starfsemi stofnunarinnar sem að skipaskoðun og -eftirliti snýr.

471 Flugmálastjórn.

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 203.022 þús. kr. í fjárlögum 1984 í 227.187 þús. kr. Laun hækka úr 94.246 þús. kr. í 109.677 þús. kr., eða um 16,4%. Rekstrarfé annað en laun hækkar úr 60.777 þús. kr. í 90.082 þús. kr., eða um 48,2%. Þessi mikla hækkun stafar að verulegu leyti af færslu reglubundins viðhalds á rekstrargjöld. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna hækkar úr 51.300 þús. kr. í 55.000 þús. kr., eða um 7,2%. Sértekjur stofnunarinnar hækka úr 15.677 þús. kr. í 27.572 þús. kr., enda er gert ráð fyrir töluverðri hækkun á gjaldskrá stofnunarinnar, einkum endurnýjunar- og prófgjöldum, skoðunargjaldi, gjaldi fyrir flug flugvélar stofnunarinnar og eldsneytisskatti. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir tveimur nýjum grunnheimildum í flugvalladeild, þ.e. flugvallarvörðum í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting grunnheimilda, útgjalda í fjárlögum 1984 og útgjalda í þessu frumvarpi á einstök viðfangsefni.

	Grunnheimildir skv. frumvarpi	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Yfirstjórn	14,00	15.145	17.444	2.299
Loftferðaeftirlit	4,00	2.868	3.787	919
Reykjavíkurflugvöllur	25,00	20.180	26.837	6.657
Flugvalladeild	34,75	35.384	45.500	10.116
Framkvæmdir á flugvöllum	-	51.300	55.000	3.700
Flugleiðsöguþjónusta	19,00	17.544	21.941	4.397
Flugumferðarþjónusta	44,00	31.482	34.098	2.616
Alþjóðaflugþjónusta	30,00	44.796	50.152	5.356
Samtals	170,75	218.699	254.759	36.060
Sértekjur		15.677	27.572	11.895
Mismunur		203.022	227.187	24.165

485 Ýmis framlög.

Framlag hækkar um 630 þús. kr. og nemur alls 4.200 þús. kr. Framlag til **Slysavarnarfélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa** hækkar um 400 þús. kr. og framlag til **hönnunar á sjálfvirku tilkynningarkerfi** fyrir fiskiskip hækkar um 300 þús. kr. og nemur alls 800 þús. kr. Liðurinn, **fræðsluefni um öryggismál sjómanna**, er óbreyttur frá fjárlögum og sömuleiðis er framlag til **flugbjörgunarsveita** óbreytt. Einn liður fellur niður frá fjárlögum 1984, þ.e. **velferðarráð sjómanna** sem var með 70 þús. kr. fjárveitingu.

651 Ferðamálaráð.

Framlag nemur 8.500 þús. kr. og hækkar um 2.037 þús. kr., eða 31,5% frá fjárlögum 1984. Ekki er um að ræða framlag til Ferðamálasjóðs enda stefna frumvarpsins að draga úr og fella niður framlög til atvinnuvegasjóða. Til frekari skýringar er vísað í kafla 2.6 um nauðsynlegar lagabreytingar. Ekki er veitt fé til greiðslu launa markaðsstjóra, enda fellur heimild fyrir þessari stöðu niður í lok ársins 1984.

652 Veðurstofa Íslands.

Framlag til Veðurstofu Íslands hækkar um 1.968 þús. kr. og nemur alls 67.117 þús. kr. Ekki er ástæða til sérstakrar umfjöllunar um almenn rekstrargjöld stofnunarinnar umfram það að gert er ráð fyrir nýrri stöðu veðurfræðings á veðurfarsdeild. Launakostnaður vegna stöðunnar nemur 350 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag nemur samkvæmt frumvarpinu 4.198 þús. kr. en í fjárlögum 1984 nam framlag til viðhalds og stofnkostnaðar alls 7.411 þús. kr. Skýringin á lækkun stofnkostnaðar er að á árinu 1982 var ákveðið að endurnýja tölvubúnað stofnunarinnar. Meginþungi útgjalda sem því fylgdi féll á árið 1984.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	9.079	11.490	2.411	26,6
Iðnaðarmál	151.642	194.252	42.610	28,1
Orkumál	908.122	900.149	- 7.973	- 0,9
Samtals	1.068.843	1.105.891	37.048	3,5
Þar af markaðir tekjustofnar	376.000	450.000	74.000	19,7

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðarsjóðsgjald hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr. Rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 13.000 þús. kr. og verður 25.000 þús. kr. og verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 60.000 þús. kr. og verður 420.000 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingum framlaga til málefna ráðuneytisins.

201 Iðntæknistofnun.

Veruleg breyting verður á starfsaðstöðu stofnunarinnar á árinu 1984. Ráðgert er síðla þessa árs að taka í notkun nýbyggingu Iðntæknistofnunar á Keldnaholti. Árið 1985 verður því fyrsta heila starfsárið sem öll starfsemin fer fram undir einu þaki.

Fjárveiting nemur alls 34.085 þús. kr. en nam í fjárlögum 1984 18.559 þús. kr. Fjárveiting hækkar því verulega sem skýrist af ýmsum þáttum. Framsetning á framlögum til stofnunarinnar í þessu frumvarpi er með nokkru öðru sniði en í fjárlögum 1984 og viðfangsefnum er fjölgað. Undir viðfangsefninu **nýiðnaðarrannsóknir** er veitt fé til tímabundins verkefnis sem miðar að framleiðniátaki í iðnaði og er fjárveiting til þessa 5.000 þús. kr. Tilgangurinn með verkefninu er að efla skilning almennings og iðnfyrirtækja á mikilvægi aukinnar framleiðni í iðnaði. Þá er þess að geta að ýmis fræðslustarfsemi í iðnaði hefur verið flutt til stofnunarinnar. Á árinu 1984 fól iðnaðarráðuneytið stofnuninni að annast umsjón með verkstjórnarfræðslu, námskeiðum fyrir stjórnendur vinnuvéla og eftirmenntun í iðju og iðnaði. Í fjárlögum 1984 er þessi fræðslustarfsemi fjármögnuð undir fjárlagaliðunum 11-204, -206 og -207. Heildarfjárveiting til þessarar starfsemi 1984 nam 2.884 þús. kr. en er nú í frumvarpinu 3.228 þús. kr.

221 Lánasjóðir iðnaðarins.

Í fjárlögum 1984 voru veittar undir þessum fjárlagalið 15.000 þús. kr. til Iðnrekstrarsjóðs. Með lögum nr. 55/1984 um breyting á lögum um Iðnlánasjóð o.fl. var gerð breyting á lánasjóðum iðnaðarins. Iðnrekstrarsjóður var lagður niður en jafnframt var tekið upp ákvæði um að í Iðnlánsjóði skuli stofna sérstaka vöru-, þróunar- og markaðsdeild. Í 9. gr. laganna frá 1984 segir að framlag ríkissjóðs skuli vera að lágmarki jafnhátt þeim hluta iðnlánasjóðsgjalds sem rennur til vöruþróunar og markaðsdeildar sjóðsins. Það eru 4/7 hlutar gjaldsins. Samkvæmt þessu nemur framlag ríkissjóðs 28.500 þús. kr. á árinu 1985.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög.

1 fjárlögum 1984 var fjárveiting á þessum lið 2.900 þús. kr. og fór til Útflutingsmiðstöðvar iðnaðarins. Ekki er áætlað fyrir framlagi til þessarar stofnunar 1985. Á nýju viðfangsefni er áætlað fyrir 1.600 þús. kr. sem fer til Jarðefnaiðnaðar h.f. á Suðurlandi og er það vegna loforðs fyrrverandi fjármála- og iðnaðarráðherra að bæta félaginu ýmsan undirbúningskostnað vegna steinullarverksmiðju á Suðurlandi.

240 Iðnaðarrannsóknir.

Fjárveiting hækkar um 3.000 þús. kr. og nemur 14.000 þús.kr. Fjárveitingunni er ráðstafað til athugunar á ýmsum iðnaðarkostum.

299 Iðja og iðnaður, framlag.

Framlag lækkar um 803 þús. kr. og nemur alls 11.142 þús. kr. 1 fjárlögum deilist fjárveitingin á átta viðfangsefni, þar af falla eftirtalin viðfangsefni niður: **Iðnráð** 70 þús. kr., **Heimilisiðnaðarfélag Íslands** 30 þús.kr., **kynning á íslenskum iðnaðarvörum** 1.500 þús. kr. og **rannsóknir á surtarbrandi** 1.800 þús. kr. Framlög til eftirtalinna viðfangsefna hækka sem hér segir: **Iðnþróun og tækninýjungar** 1.000 þús.kr., **Byggingarþjónustan** 150 þús. kr., **iðnþróunarverkefni** 300 þús. kr. og vegna starfsemi **iðnráðgjafa** í landshlutum 647 þús. kr. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, **Iðnsaga Íslands.** Fyrirhuguð fjárveiting til þessa verkefnis nemur 2.000 þús. kr. en aðeins 500 þús. kr. eru gjaldfærðar í frumvarpinu sem skýrist af tæknilegum ástæðum. Þess er því farið á leit að þetta verði lagfært.

371 Orkusjóður.

Framlag til sjóðsins nemur alls 583.300 þús. kr. og hækkar einungis um 4.500 þús. kr. Viðfangsefni sjóðsins eru óbreytt frá fjárlögum og því verður hér einungis getið um hækkun framlaga til hvers einstaks liðar. Framlag til reksturs hækkar um 50 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Verðjöfnunargjald af raforku er alls áætlað 420.000 þús. kr. og hækkar um 60.000 þús. kr. frá fjárlögum. Þá lækkar framlag til niðurgreiðslu á orkukostnaði **Hólsfjallabæja** um 50 þús. kr og nemur 1.700 þús. kr. Fjárveiting til að standa undir mismun innheimtra afborgana og vaxta og greiddra vaxta og afborgana nemur 128.000 þús. kr. og er það lækkun frá árinu 1984 um 32.000 þús. kr. Til **sveitarafvæðingar** eru ætlaðar 5.000 þús. kr. og er það lækkun um 2.500 þús. kr. frá fjárlögum. Til styrkingar **dreifikerfis í sveitum** er fyrirhugað að verja 20.000 þús. kr. en í fjárlögum 1984 voru 33.000 þús. kr. ætlaðar til verkefnisins. Loks er að geta um framlag til **endurlána og styrkingar einkarafstöðva** en það er 3.000 þús. kr. og hækkar um 2.000 þús. kr frá fjárlögum.

399 Ymis orkumál

Framlag lækkar um 28.600 þús. kr. og nemur alls 215.100 þús.kr. Hér eru sömu viðfangsefni og 1984 en framlög breytast eins og fram kemur í eftirfarnadi yfirliti:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Breyting þús. kr.
Orkusparnaður	2.500	10.000	7.500
Setlagarannsóknir	2.000	1.000	- 1.000
Jöfnun og lækkun hitakostnaðar skv. lögum nr. 53/1980	3.000	1.000	- 2.000
Niðurgreiðsla vegna rafhitunar	230.000	200.000	-30.000
Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar	5.000	2.100	- 2.900
Háhitarannsóknir	1.200	1.000	- 200
Samtals	243.700	215.100	-28.600

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir, í þús. kr.:

	Fjárlög 1984	Frumvarp 1985	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	12.521	14.260	1.739	13,9
Niðurgreiðslur	945.000	630.000	-315.000	-33,3
Annað	77.235	67.919	- 9.316	-12,1
Samtals	1.034.756	712.179	-322.577	-31,2

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis og verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar nemur alls 14.260 þús. kr. og skiptist á tvö viðfangsefni, **yfirstjórn ráðuneytisins** 13.150 þús. kr. og **samstarfsráðherra Norðurlanda** 1.110 þús. kr. Framlagið vegna yfirstjórnar felur ekki í sér breytingar á starfsemi ráðuneytisins frá árinu 1984. Hins vegar er sérstaklega ætlað fyrir útgjöldum í tengslum við næsta Norðurlandaráðsþing sem haldið verður á Íslandi á árinu 1985.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði.

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum 1984 nemur 945.000 þús. kr. og skiptist þannig að 46.000 þús. kr. eru ætlaðar vegna framlags til lífeyrissjóðs bænda og 899.000 þús. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl. var ákveðið að lækka niðurgreiðslur á vöruverði um 185.000 þús. kr. þannig að 704.000 þús.kr. verða til ráðstöfunar í þessu skyni 1984. Í frumvarpinu fyrir 1985 nemur heildarfjárveiting á þessum lið 630.000 þús.kr. og er ráðstöfun fjárins þannig að 80.000 þús.kr. fara til **lífeyrissjóðs bænda** og 550.000 þús. kr. til **niðurgreiðslna á vöruverði.** Samkvæmt mati Hagstofu Íslands nema niðurgreiðslur eins og þær eru í september, rúmum 600.000 þús. kr. á heilu ári.

202 Olíunotkun til húshitunar, styrkur.

Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar er í fjárlögum 1984 61.500 þús. kr. Fjárveiting 1985 lækkar frá fjárlögum um 11.060 þús. kr. og nemur 50.440 þús. kr. Ástæða lækkunarinnar er sú að nú er miðað við 11 þúsund ársfjórðungslega styrki til einstaklinga í stað 13 þúsund 1984. Auk þess fá rafveitur og skólar styrki.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér segir.

	Fjárlög 1984 Þús. kr.	Frumvarp 1985 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	18.300	23.225	4.925	26,9
Ýmis lán ríkissjóðs	840.000	1.349.368	509.368	60,6
Gjöld samtals	858.300	1.372.593	514.293	59,9

Nú verður vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga frá fjárlögum 1984.

101 Aðalskrifstofa.

Hækkun nemur 4.729 þús. kr., eða 27,0%, og verður fjárveitingin 16.452 þús. kr. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi að því er fastar stöður starfsmanna varðar. Tekið er upp sérstakt viðfangsefni, **hagræðingar- og stjórnsýsluverkefni**. Við afgreiðslu fjárlaga 1984 ákvað Alþingi að veittar skyldu 2.000 þús. kr. til hagræðingarstarfsemi í ríkisrekstri. Á árinu 1984 hefur verið unnið að hagræðingarverkefnum í stofnunum nokkurra ráðuneyta og einnig hefur verið starfað að endurskoðun á skipulagi aðalskrifstofa menntamála- og félagsmálaráðuneytis. Lagt er til að veittar verði 5.000 þús. kr. til hagræðingar- og stjórnsýsluverkefna á árinu 1985. Að öðru leyti hækkar fjárveiting í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

991 Ýmis lán ríkissjóðs.

Vextir af lánum ríkissjóðs hækka um 509.368 þús. kr. og verða 1.349.368 þús. kr. Vextir af lánum hjá Seðlabanka Íslands hækka um 215.000 þús. kr., þar af eru 36.000 þús. kr. vegna vaxta af yfirdrætti á viðskiptareikningi ríkissjóðs. Áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 294.368 þús. kr. og verði 995.368 þús. kr. Vísað er í kafla 2.7 í greinargerðinni hér að framan til nánari skýringar á vöxtum og afborgunum ríkissjóðs.

4 Ríkisfjármál samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hér á eftir verða fjárlög 1984 og fjárlagafrumvarp fyrir árið 1985 sett fram miðað við þann uppgjörsmáta sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur útbúið og verið að þróa allt frá stofnun sinni árið 1944. Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Sameinuðu þjóðirnar hafa leitast við að samræma skilgreiningar og framsetningu þjóðhagsreikninga, þ.m.t. ríkisfjármál, í hinum ýmsu aðildarríkjum sínum.

Megintilgangur þess að færa ríkissjóð upp á þennan hátt er sá að geta séð hvar áherslur í tekjuöflun og útgjöldum til einstakra málaflokka liggja í samanburði við önnur ríki þar sem sömu skilgreiningar liggja að baki. Þá má ennfremur segja að framsetning á lánveitingum og lántökum ríkissjóðs verði bæði gleggri og skýrari heldur en fram kemur í 1. gr. fjárlaga.

4.1 Stutt lýsing á núverandi uppgjörshætti ríkissjóðs

Um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings gilda lög nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga ásamt viðauka skv. lögum nr. 31/1982 (XIII. kafli).

Fjárlög og ríkisreikningur skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar. Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa með höndum starfsemi sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila.

Heildartekjur og gjöld A-hluta ríkissjóðs eru sýnd í 1. gr. fjárlaga. Þar eru einnig yfirfærslur til þeirra B-hluta fyrirtækja sem ná ekki að afla nægjanlegra eigin tekna til að mæta útgjöldum sínum. Mismunur tekna og gjalda A-hluta myndar síðan rekstrarjöfnuð ríkissjóðs.

Lánahreyfingar skiptast í tvo hluta, lánahreyfingar inn og lánahreyfingar út. Lánahreyfingar inn sýna allar lántökur A-hluta ríkissjóðs. Er þá gerður greinarmunur á því hvaðan lánið er tekið, þ.e. hvort um er að ræða innlenda lánsfjáröflun eða erlenda. Lánahreyfingar út sýna afborganir af teknum lánum A-hluta ásamt þeim framlögum sem ekki eru gjaldfærð, s.s. hlutafjárframlög og önnur stofnframlög. Mismunur lanahreyfinga myndar síðan lánajöfnuð.

Þá eru í 1.gr. sýnd áætluð breyting á nettó stöðu viðskiptareikninga, þ.e. útstreymi umfram innstreymi (eða innstreymi umfram útstreymi). Rekstrarjöfnuður, lánajöfnuður og breyting á stöðu viðskiptareikninga mynda síðan greiðslujöfnuð A-hluta ríkissjóðs.

Allar fjárhæðir í fjárlögum eru settar fram á greiðslugrunni, þ.e. sýnd er sú fjárhæð sem reiknað er með að fari úr ríkissjóði á viðkomandi fjárlagaári (1985). Er þá ekki gerður greinarmunur á því hvort til fjárskuldbindingar hafi verið stofnað árinu áður (1984) eða hvort fjárskuldbinding hafi átt sér stað á fjárlagaárinu þó svo að greiðslan vegna hennar fari fram næsta ár á eftir (1986)

Sama á við um tekjuöflun ríkissjóðs. Fjárlög sýna áætlaða innheimtu tekna á fjárlagaárinu enda þótt hluti af álagningu hafi átt sér stað á fyrra ári eða árum.

Ríkisreikningur er aftur á móti gerður upp á rekstrargrunni, en það þýðir að sýndar eru greiðslur sem inntar hafa verið af hendi á bókhaldsárinu auk fjárkrafa sem af skuldbindingum leiðir.

4.2 Fjárlög 1984 og fjárlagafrumvarp 1985 gerð upp að hætti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Samkvæmt uppsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður skilgreining A-hluta ríkisfjármálanna nokkru víðtækari heldur en lög nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga segja til um. A-hluti ríkissjóðs fellur óskiptur inn í þessa skilgreiningu með þeirri breytingu að útgjöld stofnana eru sýnd á brúttógrunni, þ.e. sértekjur stofnana eru ekki dregnar frá gjöldum. Þess í stað eru sértekjur stofnana færðar sem tekjur á tekjuyfirliti. Þá koma inn í þessa skilgreiningu 42 aðilar úr B-hluta fjárlaga og vísast í því tilliti til yfirlits í ríkisreikningi 1982 á bls. 304. Umfang og eðli starfsemi vissra B-hluta fyrirtækja skiptir meira máli en annarra í þessu uppgjöri. Að svo komnu er ákveðið að taka ekki alla B-hluta aðila inn í þessa uppsetningu heldur einungis þá sem mestu máli skipta og vitað er að hafa tiltekin áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessir aðilar eru Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris-, slysa- og sjúkratryggingar, Atvinnuleysistryggingasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Endurlán ríkissjóðs.

Vakin er athygli á því að áætlun fyrir Endurlán ríkissjóðs er ekki að finna í fjárlögum. Fyrirhugaðar lántökur og lánveitingar Endurlánanna eru teknar inn í þetta uppgjör ásamt vaxtatekjum og -gjöldum.

Í lögum um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og Endurlán ríkissjóðs er að finna ákvæði um að fjárreiður þessara aðila skuli færðar í B-hluta ríkissjóðs. Ef gerð fjárlaga væri breytt yfir á form Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þyrfti að koma til lagabreyting á þann veg að ofangreindir aðilar teldust til A-hluta ríkissjóðs.

Ástæður þess að þeir B-hluta aðilar sem ættu samkvæmt skilgreiningu að færast með A-hluta en eru ekki fluttir þangað í þessu uppgjöri eru þessar: 1) Nokkur fyrirtæki í B-hluta hafa tekjur sínar nær einvörðungu frá A-hluta stofnunum og nægir í því sambandi að benda á Áhaldahús vegagerðarinnar. Samkvæmt reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er tvítalning gjalda og tekna óleyfileg. 2) Mörg þessara B-hluta fyrirtækja fá nær allt rekstrarfé sitt með beinni yfirfærslu úr A-hluta þannig að gjaldfærsla hefur þegar farið fram. 3) Samanlagt umfang annarra fyrirtækja og sjóða í B-hluta er ekki það mikið að það hafi nein teljandi áhrif á þær niðurstöður sem leitast er við að fá fram.

Með þeim takmörkunum sem hér eru skýrðar hafa tekjur, gjöld og lánsfjármál ríkissjóðs verið gerð upp skv. reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir fjárlög 1984 og fjárlagafrumvarp 1985.

Tekjur

Í tekjuyfirliti því sem sýnt er í töflu 2 hér á eftir skiptast tekjur ríkissjóðs í meginatriðum í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða skatttekjur og hins vegar það sem kallað er aðrar tekjur, þ.m.t. sértekjur stofnana. Framsetning tekna í fjárlögum er ekki svo mjög frábrugðin því kerfi sem mótað hefur verið af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með tilliti til þessa litla munar þykir ekki ástæða til að skýra innihald hvers tekjuflokks fyrir sig þar sem tekjuyfirlitið skýrir sig að mestu sjálft.

Gjöld

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir flokkun ríkisútgjaldanna eftir málefnum. Flokkun þessi er mjög frábrugðin því sem kemur fram í fjárlögum þar sem sú flokkun miðast fyrst og fremst við ráðuneyti. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gefa tæmandi upptalningu á þeirri starfsemi sem fellur undir viðkomandi málefnaflokk heldur er aðeins stiklað á aðalatriðum. Samanber töflu 3 hér á eftir.

1 Almenn opinber þjónusta (General public services).

Undir þennan lið fellur æðsta stjórn ríkisins, þó án þeirra ráðuneyta sem hægt er að heimfæra undir tiltekinn málaflokk, s.s aðalskrifstofur landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis. Þá er hér einnig færð starfsemi sendiráða, framlög til alþjóðastofnana og alþjóðahjálpar, skattkerfið, löggæsla, o.fl.

2 Varnarmál (Defence).

3 Fræðslumál (Education).

3.1 Yfirstjórn (General administration and regulation).

Í þennan flokk fellur öll yfirstjórn fræðslumála s.s. aðalskrifstofa menntamálaráðuneytisins, Námsgagnastofnun, endurskoðun námsefnis o.fl.

3.2 Skólar (Schools).

Til þessa flokks teljast allir grunnskólar, héraðs-, fjölbrauta- og menntaskólar. Þá eru hér ennfremur skólar sem eru starfræktir á vegum annarra ráðuneyta en menntamálaráðuneytisins, þ.e. bændaskólar, Garðyrkjuskóli ríkisins og skólar heilbrigðisstétta.

3.3 Háskólar (Universities and colleges).

Til þessa flokks teljast Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun háskólans og önnur starfsemi á háskólastigi.

3.4 Tækni-, iðn- og aðrir skólar (Technical, vocational and other).

Þeir skólar sem falla undir þennan lið eru m.a. iðnskólar, húsmæðraskólar, Tækniskóli Íslands og ýmsir aðrir fagskólar.

4 Heilbrigðismál (Health).

4.1 Yfirstjórn (General administration and regulation).
Undir þennan lið falla m.a. aðalskrifstofa heilbrigðisráðuneytisins, yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins (þ.e. sá hluti yfirstjórnarinnar sem er vegna sjúkratrygginganna), landlæknir, Hollustuvernd ríkisins og ýmsir stjórnunar- og eftirlitsaðilar á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

4.2 Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar (Hospitals and clinics).
Undir þennan málaflokk fellur allur rekstur sjúkrahúsa og framlög til heilsugæslustöðva. Þá eru hér jafnframt færð útgjöld sjúkratrygginga á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

5 Almannatryggingar (Social security and welfare).

5.1 Yfirstjórn (General administration and regulation).
Til þessa flokks telst yfirstjórn Almannatrygginga.

5.2 Slysatryggingar (Sickness and other temporary disablement).
Undir þennan lið falla slysatryggingar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

5.3 Lífeyristryggingar (Old age, disability and survivors).
Undir þennan lið falla lífeyristryggingar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og framlög til lífeyrissjóða.

5.4 Atvinnuleysistryggingar (Unemployment).
Hér falla undir framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs.

5.7 Velferðarmál (Welfare services).
Hér koma fram m.a. öll framlög vegna málefna fatlaðra svo og framlög til ýmissa félagasamtaka sem starfa í þágu fatlaðra.

6 Húsnæðis- og skipulagsmál (Housing and community amenities).

6.1 Húsnæðismál (Housing).
Hér eru talin fram framlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

6.2 Skipulags- og umhverfismál (Community development).
Undir þennan lið falla m.a. framlög til Byggðasjóðs, skipulagsstjóra og framlög til vatnsveitufram kvæmda á vegum sveitarfélaga.

7 Önnur félagsleg þjónusta (Other community and social services).

7.1 Listir, tómstundir og önnur félagsstörf (Recreational and related social activities).
Til þessa flokks teljast framlög til lista- og menningarmála, íþrótta- og æskulýðsmála, rekstur og bygging safnastofnana.

7.2 Fjölmiðlar (Broadcasting and press).
Undir þennan lið falla framlög til Ríkisútvarps og dagblaðanna.

7.3 Trúmál (Religion).
Til þessa flokks teljast framlög til starfsemi kirkjunnar.

8 Atvinnumál (Economic services).

8.1 Atvinnumál, almennt (General administration and regulation).
Undir þessum lið koma ýmis framlög sem teljast til atvinnumála en ekki er unnt með góðu móti að heimfæra á tiltekinn atvinnuveg.

8.2 Landbúnaður og fiskveiðar (Agriculture and fishing).
Til þessa flokks teljast öll framlög sem unnt er að heimfæra beint upp á tvo fyrrnefnda atvinnuvegi. Hér koma ennfremur niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir en þær eru í fjárlögum flokkaðar undir viðskiptaráðuneytið.

8.3 Iðnaður (Manufacturing).
Undir þessum lið eru framlög til iðnaðar, s.s. lánasjóðir iðnaðarins, jöfnunargjald og iðnaðarrannsóknir.

8.4 Orka (Electricity, gas, steam and water).
Til þessa flokks teljast öll framlög til orkuöflunar, orkurannsókna og jöfnunar á orkuverði.

8.5 Vegir (Roads).
Undir þennan lið falla framlög til Vegagerðar ríkisins.

8.6 Vitar og hafnir (Inland and coastal waterways).
Undir þennan lið falla öll framlög til vita- og hafnarmála.

8.7 Aðrir flutningar og samgöngur (Other transportation and communication).
Hér falla undir sjóflutningar, þ.e. Skipaútgerð ríkisins og strandferðir, framlög. Þá eru hér ennfremur framlög til flugmálastjórnar og Póst- og símamálastofnunarinnar.

8.8 Önnur atvinnumál (Other economic services).
Til þessa flokks teljast framlög til Ferðamálaráðs og útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

9 Annað (Unallocable and other purposes).

9.1 Ríkisskuldir, vextir (Public debt, interest and commission).

Til þessa flokks teljast vextir af ríkisskuldum.

9.3 Náttúruhamfarir (Outlays in connection with disasters and other calamities).
Undir þennan lið fellur framlag til Bjargráðasjóðs Íslands.

9.4 Annað (Other purposes).
Til þessa flokks telst önnur starfsemi ríkisins sem ekki er unnt með góðu móti að heimfæra undir þá liði sem upp eru taldir hér að framan, s.s. Ríkisábyrgðasjóður, Útvegsbanki Íslands og Norræni fjárfestingabankinn.

Veitt lán - innheimtar afborganir

Undir þessum lið eru sýnd öll veitt lán af hálfu ríkissjóðs og ennfremur lánveitingar af hálfu þeirra aðila sem teknir eru inn í þessa uppsetningu. Þá eru þarna jafnframt sýndar innheimtar afborganir hjá sömu aðilum.
Eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti þá er mikill munur á þeim lánveitingum sem þar eru sýndar og þeim sem fram koma í 1. gr. fjárlaga. Munar þar mestu um lánveitingar Endurlána ríkissjóðs sem eru teknar inn í þetta uppgjör en þær er ekki að finna í fjárlögum.

Heildargjöld að viðbættum veittum lánum að frádregnum innheimtum afborgunum mynda síðan heildarútstreymi fjár úr ríkissjóði.

Yfirlit yfir veitt lán og innheimtar afborganir í m.kr.

	Fjárlög 1984			Frumvarp 1985		
	Veitt lán	Innh. afborg.	Mismunur	Veitt lán	Innh. afborg.	Mismunur
A-hluti		110	- 110		190	- 190
B-hluti	807		807	998		998
Lánasjóður íslenskra námsmanna	573	8	565	679	12	667
Atvinnuleysistryggingasjóður	140	14	126	111	22	89
Lífeyristryggingar	9	4	5	12	12	-
Endurlán ríkissjóðs ‡	978	558	420	2.148	750	1.398
Samtals	2.507	694	1.813	3.948	986	2.962

‡ Áætlun er lausleg um innheimtar afborganir og vexti fyrir árið 1985.

Fjármögnun

Eins og fram kemur í heildaryfirliti í töflu 1 hér að neðan verður fjármögnun jöfn greiðsluhalla. Fjármögnun er í aðalatriðum þríþætt: Erlendar lántökur, innlendar lántökur, hvort tveggja að frádregnum afborgunum og breytt sjóðsstaða.

Á eftirfarandi yfirliti eru sýndar áætlaðar innlendar og erlendar lántökur samkvæmt fjárlögum 1984 og frumvarpi 1985 miðað við skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Yfirlit yfir tekin lán og greiddar afborganir í m.kr.

	Fjárlög 1984			Frumvarp 1985		
	Tekin lán	Greiddar afborg.	Mismunur	Tekin lán	Greiddar afborg.	Mismunur
Innlend lán:						
Innlend útgáfa verðbréfa.....	200		200	350		350
Endurlánuð spariskírteini.....	637	170	467	650	650	
Önnur innlend fjáröflun.....	278		278	200		200
Afborganir af byggðalínum.....		150	- 150			
Afborganir af innlendum lánum....		813	- 813		459	- 459
Lánasjóður ísl. námsmanna.....		40	- 40		39	- 39
Seðlabanki Íslands.....					160	- 160
Endurlán ríkissjóðs.....	64	64		75	75	-
Innlend lán samtals	1.179	1.237	- 58	1.275	1.383	- 108
Erlend lán:						
Endurlán ríkissjóðs.....	1.003	518	485	2.148	700	1.448
Ríkissjóður.....	1.654	189	1.465	2.600	617	1.983
Erlend lán samtals	2.657	707	1.950	4.748	1.317	3.431
**Samtals..... **	**3.836**	**1.944**	**1.892**	**6.023**	**2.700**	**3.323**

* Áætlun er lausleg um greiðslur vaxta og afborgana fyrir árið 1985.

4.3 Samanburður og niðurstaða

Í eftirfarandi yfirliti er starfsemi ríkissjóðs metin annars vegar út frá 1. gr. fjárlaga og þá samkvæmt skilgreiningu á A-hluta ríkissjóðs og hins vegar út frá uppsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

		Fjárlög 1984		Frumvarp 1985	
		Skv. 1. gr. fjárlaga A-hluti M.kr.	Skv. Alþjóða-gjaldeyrissj. M.kr.	Skv. 1. gr. fjárlaga A-hluti M.kr.	Skv. Alþjóða-gjaldeyrissj. M.kr.
1	**Heildartekjur**	**17.895**	**19.857**	**21.981**	**24.277**
2	**Heildargjöld og veitt lán - innheimtar afborganir**	**18.249**	**21.732**	**22.458**	**27.460**
2.1	Heildargjöld	18.283	19.919	22.513	24.498
2.2	Lánveitingar nettó	-36	1.813	-55	2.962
	Veitt lán	76	2.507	135	3.948
	- innheimtar afborganir	-110	-694	-190	-986
3	**Greiðsluafgangur (halli) [1-2]**	**(354)**	**(1.875)**	**(477)**	**(3.183)**
4	Fjáröflun [=5+6]	354	1.875	477	3.183
5	Lántökur nettó	380	1.892	616	3.323
	Tekin lán	1.703	3.836	2.502	6.023
	- greiddar afborganir	-1.323	-1.944	-1.886	-2.700
6	Breytt sjóðsstaða	-26	-17	- 139	-140

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að ofan verður umtalsverð hækkun á öllum þeim liðum sem helst eru notaðir sem mælikvarði á umfang og afkomu ríkissjóðs. Orsakir þessa eru ekki þær að raunveruleg starfsemi ríkissjóðs sé vanmetin í framsetningu fjárlaga, heldur er skýringin sú að skilgreining á umsvifum ríkissjóðs er önnur og víðtækari en lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga segja til um.

Tafla 1 Heildaryfirlit um tekjur, gjöld og lántökur ríkissjóðs 1984 og 1985 skv. framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

	Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting %
1 Heildartekjur	**19.857**	**24.277**	**22,3**
1.1 Skatttekjur	17.459	21.241	21,7
1.2 Aðrar tekjur	2.398	3.036	26,6
2 Heildargjöld og veitt lán - innheimtar afborganir	**21.732**	**27.460**	**26,4**
2.1 Heildargjöld	19.919	24.498	23,0
2.2 Lánveitingar nettó	1.813	2.962	63,4
Veitt lán	2.507	3.948	
÷ innheimtar innborganir	-694	-986	
3 Greiðsluafgangur (halli) [1-2]	**(1.875)**	**(3.183)**	**69,8**
4 Fjármögnun [5+6]	1.875	3.183	69,8
5 Lántökur nettó	1.892	3.323	75,6
5.1 Erlendar lántökur nettó	1.950	3.431	75,9
Tekin erlend lán	2.657	4.748	
÷ afborganir af erlendum lánum	-707	-1.317	
5.2 Innlendar lántökur nettó	-58	-108	86,2
Tekin innlend lán	1.179	1.275	
- afborganir af innlendum lánum	-1.237	-1.383	
6 Breytt sjóðsstaða	-17	-140	-

Tafla 2 **Heildartekjur 1984 og 1985.**

		Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting %
I	**Heildartekjur (II+III)**	**19.857**	**24.277**	22,3
II	**Skatttekjur**	**17.459**	**21.241**	**21,7**
1	Tekjuskattur	2.225	1.995	- 10,3
1.1	Einstaklingar	1.790	1.535	- 14,2
1.2	Lögaðilar	435	460	5,7
2	Iðgjöld til almannatrygginga	709	977	37,8
2.1	Einstaklingar	120	145	20,8
2.2	Lögaðilar	531	754	42,0
2.4	Sveitarfélög	58	78	34,5
3	Launaskattur	860	1.000	16,3
4	Eignarskattar	840	1.171	39,4
4.1	Einstaklingar	260	305	17,3
4.2	Lögaðilar	160	200	25,0
4.4	Erfðafjárskattur	40	25	- 37,5
4.5	Gjöld af eignayfirfærslum	305	541	77,4
4.6	Tímabundnir eignarskattar	75	100	33,3
5	Skattar af seldri vöru og þjónustu	9.779	12.289	25,7
5.1	Söluskattur	6.800	8.420	23,8
5.2	Skattar af framleiðslu	1.617	1.920	18,7
5.3	Hagnaður af einkasöluvörum	901	1.381	53,3
5.4	Sérstakir þjónustuskattar	51	62	21,6
5.5	Leyfisgjöld, prófgjöld o.fl.	410	506	23,4
6	Gjöld af utanríkisviðskiptum	2.992	3.750	25,3
6.1	Aðflutningsgjöld	2.870	3.597	25,3
6.2	Útflutningsgjöld	5	5	-
6.4	Tekjur af sölu gjaldeyris	117	148	26,5
7	Aðrir skattar	54	59	9,3
III	**Aðrar tekjur**	**2.398**	**3.036**	26,6
9	Eignatekjur	1.639	2.098	28,0
9.1	Fyrirtæki og fjármálastofnanir	83	119	43,4
9.2	Aðrar eignatekjur	1.556	1.979	27,2
10	Ýmsir óbeinir skattar	726	900	24,0
11	Sektir og upptæknar vörur	30	35	16,7
13	Annað	3	3	-

Tafla 3 **Heildargjöld 1984 og 1985.**

		Fjárlög 1984 M.kr.	Frumvarp 1985 M.kr.	Breyting %
Heildargjöld		**19.919**	**24.498**	**23,0**
1	Almenn opinber þjónusta	1.695	2.072	22,2
3	Fræðslumál	2.429	2.875	18,4
3.1	Yfirstjórn	114	155	36,0
3.2	Skólar	1.456	1.685	15,7
3.2.1	Forskólar, grunnskólar	984	1.149	16,8
3.2.2	Framhaldsskólar	472	536	13,6
3.3	Háskólar	418	509	21,8
3.4	Tækni-, iðn- og aðrir skólar	423	506	19,6
3.6	Annað	18	20	11,1
4	Heilbrigðismál	4.420	5.414	22,5
4.1	Yfirstjórn	95	106	11,6
4.2	Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	4.278	5.281	23,4
4.5	Annað	47	27	- 42,6
5	Almannatryggingar	3.216	4.251	36,1
5.1	Yfirstjórn	46	90	95,7
5.2	Slysatryggingar	49	85	73,5
5.3	Lífeyristryggingar	2.523	3.334	32,1
5.4	Atvinnuleysistryggingar	282	326	71,6
5.7	Velferðarmál	316	416	31,6
6	Húsnæðis- og skipulagsmál	527	917	74,0
6.1	Húsnæðismál	400	800	100,0
6.2	Skipulags- og umhverfismál	127	117	- 7,9
7	Önnur félagsleg þjónusta	323	385	19,2
7.1	Listir, tómstundir og skyld félagsstörf	216	260	20,4
7.2	Fjölmiðlar	20	13	- 35,0
7.3	Trúmál	87	112	28,7
8	Atvinnumál	5.166	5.571	7,8
8.1	Atvinnumál, almennt	255	322	26,3
8.2	Landbúnaður og fiskveiðar	1.822	2.057	12,9
8.2.1	Yfirstjórn og rannsóknir	312	370	18,3
8.2.2	Landbúnaður	1.470	1.292	- 12,1
8.2.4	Fiskveiðar	40	395	887,5
8.3	Iðnaður	164	235	43,3
8.4	Orka	1.002	977	- 2,5
8.5	Vegir	1.383	1.458	5,4
8.6	Vitar og hafnir	187	134	- 28,3
8.7	Aðrir flutningar og samgöngur	343	377	9,9
8.8	Önnur atvinnumál	10	11	10,0
9	Annað	2.143	3.013	40,6
9.1	Ríkisskuldir (vextir)	2.080	2.813	35,2
9.2	Náttúruhamfarir	22	20	- 9,1
9.4	Annað	41	180	339,0

S É R S T Ö K Y F I R L I T

Efni:

1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegund útgjalda.

2. Heildarútgjöld eftir ráðuneytum og samanburður við fjárlög 1984.

3. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta.

4. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málaefnaflokkum, sbr. 2. gr.

2. Breytingar sem gerðar eru á trúnaðarbréfi forstöðumanns sendiráðs og eigi fela í sér breytingu á stigi hans, skulu eigi hafa áhrif á sæti hans í metorðaröðinni.

3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á neinar viðurkenndar venjur í móttökuríkinu, sem varða sæti fulltrúa Páfagarðs í metorðaröðinni.

17. gr.

Forstöðumaður sendiráðs skal tilkynna utanríkisráðuneytinu eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, sæti stjórnarsendimanna sendiráðsins í metorðaröðinni.

18. gr.

Í hverju ríki skal hafa sama hátt á varðandi móttöku forstöðumanna sendiráða, er hafa sama stig.

19. gr.

1. Ef staða forstöðumanns sendiráðs er óskipuð, eða forstöðumanni sendiráðs

er eigi unnt að gegna störfum sínum, skal *chargé d'affaires ad interim* veita sendiráðinu forstöðu um stundarsakir. Nafn *chargé d'affaires ad interim* skal tilkynnt utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, annaðhvort af forstöðumanni sendiráðsins eða, ef honum er það ókleift, af utanríkisráðuneyti sendiríkisins.

2. Þegar svo ber við, að enginn stjórnarsendimaður er staddur í móttökuríkinu, getur sendiríkið að fengnu samþykki móttökuríkisins útnefnt einhvern úr liði skrifstofu- og tæknistarfsmanna til að stjórna nauðsynlegum skrifstofurekstri sendiráðsins.

20. gr.

Sendiráðið og forstöðumaður þess skulu eiga rétt á að nota fána og skjaldarmerki sendiríkisins á sendiráðssvæðinu, þar á meðal bústað forstöðumanns sendiráðsins, og á ökutækjum hans.

21. gr.

1. Móttökuríkið skal auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt.

2. Móttökuríkið skal einnig liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn þess, þegar þörf krefur.

22. gr.

1. Sendiráðssvæðið skal njóta friðhelgi. Fulltrúar móttökuríkisins hafa ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins.

2. Sérstök skylda hvílir á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.

3. Sendiráðssvæðið, innbú og annað lausafé þar, svo og ökutæki sendiráðsins, skulu undanþegin leit, upptöku, haldi eða aðför.

23. gr.

1. Sendiríkið og forstöðumaður sendiráðsins skulu undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og annarra umdæma að því er tekur til sendiráðssvæðisins, hvort sem það er eign sendiríkisins eða tekið á leigu, nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu.

2. Sú skattundanþága, sem nefnd er í þessari grein, skal eigi taka til þeirra gjalda eða skatta, er samkvæmt lögum móttökuríkisins skulu greiðast af aðilum, sem eiga lögskipti við sendiríkið eða forstöðumann sendiráðsins.

24. gr.

Skjalasafn og skjöl sendiráðsins skulu ætíð vera friðhelg, hvar sem þau eru niður komin.

25. gr.

Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til að sendiráðið megi rækja hlutverk sitt.

26. gr.

Að undanteknum takmörkunum í lögum og reglum móttökuríkisins varðandi landssvæði, þar sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður vegna öryggis þjóðarinnar, skal það tryggja öllum sendiráðsmönnum frjálsa umferð og ferðafrelsi í landi sínu.

27. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila og tryggja sendiráðinu samgöngu- og fjarskiptafrelsi í öllum opinberum erindisrekstri sínum. Til að hafa samband við ríkisstjórn, önnur sendiráð og ræðisskrifstofur sendiríkisins, hvar sem þær eru, getur sendiráðið notað allar eðlilegar samskiptaleiðir, þar á meðal stjórnarpóstbera og skilaboð á merkjamáli eða dulmáli. Þó má sendiráðið því aðeins setja upp og nota fjarsenditæki, að móttökuríkið veiti leyfi til þess.

2. Opinber bréfaskipti sendiráðsins skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfaskiptum er átt við öll bréfaskipti, sem varða sendiráðið og starfsemi þess.

3. Hvorki má opna né leggja hald á stjórnarpóst.

4. Bögglar þeir sem teljast til stjórnarpósts verða að bera þess skýrt auðkenni og mega aðeins vera í þeim stjórnarskjöl eða munir sem ætlaðir eru eingöngu til opinberra nota.

5. Stjórnarpóstberinn, er hafa skal í fórum sínum opinbert skjal sem greinir stöðu hans og bögglafjölda stjórnarpóstsins, skal njóta verndar móttökuríkisins við framkvæmd starfa sinna. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og má eigi handtaka hann né kyrrsetja.

6. Sendiríkinu eða sendiráðinu er heimilt að tilnefna *ad hoc* stjórnarpóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. málsgreinar þessarar greinar einnig gilda; en þeirri friðhelgi sem þar er getið, skal lokið þegar slíkur póstberi hefur afhent réttum viðtakanda þann stjórnarpóst, sem honum var falinn á hendur.

7. Stjórnarpóst má fela í umsjá flugstjóra atvinnuloftfars, sem áætlun hefur til viðurkennds lendingarstaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal, sem greinir bögglafjölda stjórnarpóstsins, en hann skal ekki vera talinn stjórnarpóstberi. Sendiráðið getur sent einn af starfsmönnum sínum til þess að taka stjórnarpóstinn beint og óhindrað í sína vörzlu frá flugstjóra loftfarsins.

28. gr.

Þau gjöld sem sendiráðið krefur fyrir opinber störf sín, skulu vera undanþegin öllum sköttum og öðrum álögum.

29. gr.

Sendierindreki skal njóta persónulegrar friðhelgi. Hann má eigi á neinn hátt handtaka né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hverskonar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

30. gr.

1. Einkaheimili sendierindreka skal njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

2. Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. málsgrein 31. greinar, skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

31. gr.

1. Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdavaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða:

a) mál varðandi eigin fasteign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu hennar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,

b) mál varðandi erfðir, þar sem sendierindrekinn er skiptaforstjóri, búskilastjóri, erfingi eða gjafþegi sem einstaklingur, en ekki sem fulltrúi fyrir sendiríkið,

c) mál varðandi hverskonar atvinnu eða verzlunarviðskipti sendierindrekans í móttökuríkinu, sem óviðkomandi eru opinberum störfum hans.

2. Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.

3. Ekki má framkvæma neina aðfarargjörð gagnvart sendierindreka, nema í þeim tilvikum sem falla undir liði a), b) og c) í 1. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að unnt sé að framkvæma þær aðgerðir, sem um er að ræða, án þess að skerða persónulega friðhelgi hans eða heimilishelgi.

4. Friðhelgi sendierindreka gagnvart lögsögu móttökuríkisins leysir hann ekki undan lögsögu sendiríkisins.

32. gr.

1. Sendiríkið getur afsalað friðhelgi

sendierindreka og þeirra, sem njóta friðhelgi samkvæmt 37. grein.

2. Afsal skal ávallt vera gefið berum orðum.

3. Ef sendierindreki, eða sá sem nýtur friðhelgi samkvæmt 37. grein hefur málssókn er hann firrtur rétti til að krefjast friðhelgi, að því er varðar sérhverja gagnkröfu, er stendur í beinum tengslum við aðalkröfuna.

4. Afsal friðhelgi í einkamálum eða framkvæmdavaldsmálum felur ekki í sér afsal friðhelgi að því er tekur til fullnustu dómsins; þá þarf sérstakt afsal að koma til.

33. gr.

1. **Að undanteknum tilvikum sem 3. málsgrein þessarar greinar tekur til,** skal sendierindreki í starfi sínu fyrir sendiríkið vera undanþeginn almannatryggingaákvæðum, sem gilda kunna í móttökuríkinu.

2. Undanþága sú, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar, skal einnig ná til einkaþjónustumanna, er eingöngu starfa í þjónustu sendierindreka, að því tilskildu:

a) að þeir séu ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, né hafi fasta búsetu þar; og
b) að þeir njóti almannatryggingaréttinda þeirra, sem kunna að gilda í sendiríkinu eða í þriðja ríki.

3. Sendierindreki sem hefur í þjónustu sinni menn, er undanþágurnar samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, skal bundinn þeim skyldum, sem almannatryggingaákvæði móttökuríkisins leggja vinnuveitendum á herðar.

4. Undanþágur þær sem getið er í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, skulu ekki koma í veg fyrir sjálfviljuga aðild að almannatryggingum móttökuríkisins, svo fremi að slík aðild sé heimiluð af hálfu þess ríkis.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á tvíhliða eða marghliða samninga sem áður eru gerðir um almannatryggingar, né hindra gerð slíkra samninga í framtíðinni.

34. gr.

Sendierindreki skal vera undanþeginn öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og eignir, hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma, nema:

a) þeim óbeinu sköttum, sem eru yfirleitt innifaldir í verði vara eða þjónustu;
b) gjöldum eða sköttum á fasteignum í einkaeign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu þeirra á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið;
c) dánarbús- og erfðafjársköttum, sem móttökuríkið leggur á, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 4. málsgreinar 39. greinar;
d) gjöldum og sköttum af einkatekjum, sem eiga upphaf sitt í móttökuríkinu, og eignasköttum af fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum í móttökuríkinu;
e) gjöldum, sem lögð eru á fyrir tilgreinda veitta þjónustu;
f) þinglýsinga- og réttargjöldum og veð- og stimpilgjöldum vegna fasteigna, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 23. greinar.

35. gr.

Móttökuríkið skal undanþiggja sendierindreka allri persónubundinni þjónustu, hverskonar opinberri þjónustu og hernaðarskyldum svo sem þeim sem tengdar eru upptöku, hernaðarframlögum og vistun herliðs.

36. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila, í samræmi við lög og reglur sem það kann að setja, innflutning á og undanþágur frá öllum tollum, sköttum og svipuðum gjöldum, öðrum en geymslugjöldum, akstursgjöldum og líkum gjöldum að því er snertir:

a) muni, sem ætlaðir eru til opinberra nota sendiráðsins;

b) muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota sendierindreka eða venzlamanna hans er teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans í móttökuríkinu.

2. Persónulegur farangur sendierindreka skal vera undanþeginn skoðun, nema gildar ástæður séu til þess að ætla, að í honum séu munir sem undanþágurnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, eða munir, sem er bannað með lögum að flytja inn eða út, eða lúta sóttvarnarreglum móttökuríkisins. Slík skoðun má einungis fara fram í návist sendierindrekans eða umboðsmanns hans.

37. gr.

1. Þeir venzlamenn sendierindreka, sem teljast til heimilisfólks hans, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem 29.—36. grein taka til, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins.

2. Skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðsins, ásamt venzlamönnum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem getið er í 29.—35. grein, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa fast heimilisfang þar, en þó með þeirri undantekningu að friðhelgi að því er snertir einkamálaréttar- og framkvæmdavaldslögsögu móttökuríkisins sem greind er í 1. málsgrein 31. greinar, skal ekki taka til athafna, sem framdar eru utan skyldustarfa þeirra. Þeir skulu einnig njóta þeirra forréttinda, sem greind eru í 1. málsgrein 36. greinar, að því er varðar muni, sem fluttir eru inn, þegar þeir fyrst stofna bú í móttökuríkinu.

3. Þjónustustarfsmenn sendiráðsins, sem ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu njóta friðhelgi, að því er tekur til athafna, sem þeir framkvæma innan skyldustarfa sinna, og jafnframt njóta undanþágu frá gjöldum og sköttum af launum sem þeir fá fyrir störf sín, svo og njóta þeirrar undanþágu, sem getið er í 33. grein.

4. Ef einkaþjónustustarfsmenn sendiráðsmanna eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu þeir vera undanþegnir gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín. Að öðru leyti njóta þeir aðeins þeirra forréttinda og friðhelgi, sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum, að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

38. gr.

1. Sendierindreki sem er ríkisborgari móttökuríkisins eða hefur fast heimilisfang þar, skal einungis njóta undanþágu frá lögsögu og friðhelgi að því er varðar opinber störf, sem innt eru af hendi innan takmarka skyldustarfa hans, nema móttökuríkið veiti frekari forréttindi og friðhelgi.

2. Aðrir starfsmenn sendiráðs, og einkaþjónustustarfsmenn sem eru ríkisborgarar móttökuríkisins eða hafa þar fast heimilisfang, skulu aðeins njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

39. gr.

1. Sérhver maður sem á rétt á forréttindum og friðhelgi, skal njóta þeirra frá þeirri stundu er hann kemur í land móttökuríkisins til þess að taka við stöðu sinni, eða, ef hann er þegar kominn í land móttökuríkisins, frá þeirri stundu sem skipun hans er tilkynnt utanríkisráðuneytinu eða öðru ráðuneyti sem samkomulag verður um.

2. Þegar störfum manns sem notið hefur forréttinda og friðhelgi er lokið, skal slíkum forréttindum og friðhelgi að jafnaði lokið á þeirri stundu, er hann hverfur úr landi, eða eftir að liðinn er hæfilegur frestur til brottfarar, en halda gildi til þeirrar stundar, jafnvel þótt hernaðarástand ríki. Friðhelgin skal samt haldast að því er tekur til athafna,

sem framkvæmdar eru af slíkum manni sem þáttur í skyldustörfum hans sem sendiráðsmanns.

3. Í því tilviki að dauða sendiráðsmanns beri að höndum, skal fjölskylda hans halda áfram að njóta forréttinda og friðhelgi þeirrar sem hún á rétt á, þar til liðinn er hæfilegur frestur til þess að halda úr landi.

4. Í því tilviki að sendiráðsmaður sem hvorki er ríkisborgari móttökuríkisins né hefur fast heimilisfang þar eða heimilisfastur venzlamaður hans andist, skal móttökuríkið heimila brottflutning lausafjár hins látna, að undantekinni hverri þeirri eign sem aflað var í því landi og bannað var að flytja út þegar andlátið bar að höndum. Ekki skal leggja skiptagjöld né erfðafjárskatt á lausafé, sem var í móttökuríkinu einungis vegna þess að hinn látni var þar sem sendiráðsmaður eða einn af fjölskyldu sendiráðsmanns.

40. gr.

1. Ef sendierindreki er á ferð eða dvelst í landi þriðja ríkis, sem hefur veitt honum vegabréfsáritun, ef áskilin er, þeirra erinda að taka við eða hverfa aftur til starfs síns eða er á leið til heimalands síns, skal þriðja ríkið veita honum friðhelgi og önnur forréttindi, sem nauðsynleg eru vegna ferðalags hans eða heimferðar. Hið sama á við um sérhvern venzlamann sendierindrekans sem nýtur forréttinda og friðhelgi og er í för með honum, eða á leið til hans eða heimalands síns, þótt ekki sé hann honum samferða.

2. Þegar svo stendur á, sem greint er í 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þriðju ríki ekki hindra för skrifstofu- og tæknistarfsmanna eða þjónustustarfsmanna sendiráðs né venzlamanna þeirra, um lönd sín.

3. Þriðju ríki skulu veita embættisbréfum og öðrum opinberum skilaboðum sem um lönd þeirra eru send, þ. á m. tilkynningum á dulmáli eða merkjamáli, sama frjálsræði og vernd og móttökuríkið veitir. Þau skulu veita stjórnarpóstberum, sem hafa hlotið vegabréfsáritun, ef slík áletrun er áskilin, og stjórnarpósti á leið til áfangastaðar sömu friðhelgi og vernd sem móttökuríkinu ber skylda til að veita.

4. Þær skuldbindingar sem á þriðju ríkjum hvíla samkvæmt 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, skulu einnig taka til þeirra manna sem þar eru greindir, svo og stjórnarpósts og opinberra skilaboða, sem komin eru í land þriðja ríkisins af *force majeure* ástæðum.

41. gr.

1. Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökuríkisins, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis.

2. Öll opinber erindi, sem móttökuríkið varða og falin eru sendiráðinu af sendiríkinu, skulu rekin hjá utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða hjá öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eða fyrir milligöngu þeirra.

3. Ekki má nota sendiráðssvæðið á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er störfum sendiráðsins svo sem þau eru skilgreind í þessum samningi eða í öðrum reglum hins almenna þjóðaréttar eða sérsamningum milli sendiríkisins og móttökuríkisins.

42. gr.

Sendierindreka er ekki heimilt að stunda í eigin ágóðaskyni neina atvinnu eða viðskiptastarfsemi í móttökuríkinu.

43. gr.

Störfum sendierindreka lýkur meðal annars:

a) þegar sendiríkið tilkynnir móttökuríkinu að störfum sendierindrekans sé lokið;

b) þegar móttökuríkið tilkynnir sendiríkinu að það neiti að viðurkenna sendierindrekann sem sendiráðsmann samkvæmt 2. málsgr. 9. greinar.

44. gr.

Móttökuríkið verður, jafnvel á hernaðartímum, að auðvelda þeim, sem njóta forréttinda og friðhelgi og ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamönnum þeirra, án tillits til ríkisfangs þeirra, að hverfa úr landi svo fljótt sem unnt er. Sérstaklega verður móttökuríkið að útvega þeim nauðsynleg samgöngutæki til nota fyrir þá sjálfa og eigur þeirra, sé þess þörf.

45. gr.

Ef stjórnmálasamband er rofið milli tveggja ríkja, eða ef sendiráði er lokað fyrir fullt og allt, eða til bráðabirgða:

a) verður móttökuríkið, jafnvel á hernaðartímum, að virða og vernda sendiráðssvæðið, ásamt eignum þess og skjalasafni;

b) getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, umsjá með sendiráðssvæðinu, eignum sendiráðsins og skjalasafni;

c) getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, að gæta hagsmuna sinna og hagsmuna ríkisborgara sinna.

46. gr.

Sendiríki getur að fengnu samþykki móttökuríkisins og samkvæmt tilmælum þriðja ríkis, sem ekki hefur fulltrúa í móttökuríkinu, tekið að sér að gæta til bráðabirgða hagsmuna þriðja ríkisins og ríkisborgara þess.

47. gr.

1. Við framkvæmd ákvæða samnings þessa skal móttökuríkið ekki mismuna ríkjum.

2. Þó skal mismunun ekki vera talin eiga sér stað:

a) þegar móttökuríkið beitir þröngri túlkun við framkvæmd einhvers ákvæðis samnings þessa sökum þess að hlutaðeigandi ákvæði er túlkað þröngt í framkvæmd gagnvart sendiráði þess í sendiríkinu;

b) þegar ríki, á grundvelli venju eða samnings, veita hvort öðru betri kjör en mælt er fyrir í ákvæðum þessa samnings.

48. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra, aðildarríkja samþykkta Alþjóðadómstólsins og allra annarra ríkja sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður að gerast aðili að samningnum, á þann hátt sem hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

49. gr.

Fullgilda þarf samning þennan. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

50. gr.

Sérhverju ríki í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem taldir eru í 48. grein, skal heimilt að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

51. gr.

1. Samningur þessi skal taka gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent til varðveizlu, skal samningurinn taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveizlu.

52. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum,

sem eru í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem greindir eru í 48. grein:

a) undirskriftir undir samning þennan og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveizlu í samræmi við 48., 49. og 50. grein;

b) dag þann sem samningur þessi tekur gildi í samræmi við 51. grein.

53. gr.

Frumrit samnings þessa, sem gerður er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem eru í einhverjum þeirra fjögurra flokka, sem nefndir eru í 48. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað samning þennan.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal II.

KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI ÖFLUN RÍKISBORGARARÉTTAR

ÞAU RÍKI, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínar-samningnum um stjórnmálasamband, - sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn" -, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961

LÁTA Í LJÓS ÞÁ ÓSK að setja reglur sín á milli um öflun ríkisborgararéttar að því er snertir sendiráðsmenn og venzlamenn þeirra, sem teljast til heimilisfólks þeirra, og

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í bókun þessari skal orðið „sendiráðsmenn" hafa þá merkingu, sem skilgreind er í lið b) í 1. grein samningsins, þ. e. a. s. „forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess".

2. gr.

Sendiráðsmenn, sem eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamenn sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu ekki öðlast ríkisborgararétt móttökuríkisins eingöngu á grundvelli laga sem þar gilda.

3. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja, sem gerast aðilar að sammingnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

4. gr.

Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

5. gr.

Öllum ríkjum, sem gerast aðilar að samningnum, er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

6. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður:

gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal

bókunin taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveizlu.

7. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum

a) undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveizlu samkvæmt 3., 4. og 5. grein;
b) dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 6. grein.

8. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 3. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal III.

KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI SKYLDUBUNDNA LAUSN DEILUMÁLA

ÞAU RÍKI, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínar-samningnum um stjórnmálasamband, - sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn" -, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961

LÁTA Í LJÓS ÞÁ ÓSK að hlíta hinni skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins í öllum málum er þau varða í sambandi við sérhverja deilu um túlkun eða framkvæmd samningsins, nema aðilar hafi komið sér saman um einhverja aðra aðferð til lausnar deilunni innan hæfilegs frests, og

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Deilur sem risa um túlkun og framkvæmd samningsins skulu falla undir hina skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins, og má því skjóta þeim til dómstólsins samkvæmt kröfu hvers þess deiluaðila, sem hlut á að þessari bókun.

2. gr.

Áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að annar aðilinn hefur tilkynnt hinum þá skoðun sína að um deilu sé að ræða, geta aðilarnir samið um að leggja málið til gerðardóms og ekki til Alþjóðadómstólsins. Að þeim fresti liðnum getur hvor aðilinn um sig krafizt þess, að deilan sé lögð til dómstólsins.

3. gr.

1. Áður en sama tveggja mánaða tímabil er liðið geta aðilarnir samið um að taka upp sáttaumleitanir.

2. Sáttanefndin skal leggja fram tillögur sínar áður en fimm mánuðir eru liðnir frá því að hún var tilnefnd. Ef aðilar samþykkja ekki tillögur hennar innan tveggja mánaða tímabils frá því að þær koma fram, getur hvor aðila um sig krafizt þess að deilan sé lögð til dómstólsins.

4. gr.

Ríki sem eru aðilar að samningnum, að hinni kjörfrjálsu bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar og að þessari bókun, geta hvenær sem er lýst yfir því, að þau vilji rýmka ákvæði þessarar bókunar svo, að þau taki til deilna út af túlkun eða framkvæmd kjörfrjálsu bókunarinnar varðandi öflun ríkisborgararéttar. Slíkum yfirlýsingum skal beint til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

5. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

6. gr.

Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

7. gr.

Öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

8. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður:

gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal bókunin taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveizlu.

9. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum:

a) undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- og aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveizlu samkvæmt 5., 6. og 7. grein;
b) yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt 4. grein í bókun þessari;
c) dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 8. grein.

10. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 5. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal II.

Nd. 156. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

1.—10. gr. laga þessara taka eigi til annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendi-

ráða eða fasteignum, sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna.

Kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum, sem um ræðir í 1. mgr., skal leggja fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, sem verður 12. gr., svohljóðandi:

Lög þessi taka eigi til þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi.

11. gr. laga nr. 19 1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna er að stofni til úr lögum nr. 63 1919, en í framsögu fyrir frumvarpinu að þeim lögum kom m. a. fram, að sjálfsögð kurteisi þætti að undanskilja erlend ríki ákvæðum þessara laga að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi.

Með fjölgun erlendra sendiráða á Íslandi og auknum starfsmannafjölda þeirra þykir nú orðið tímabært að lögfesta sérstök ákvæði um að samþykkis íslenskra stjórnvalda skuli aflað, áður en fasteignum eða lóðum sé afsalað til erlendra ríkja vegna sendiráðsstarfsemi þeirra hér á landi.

Árið 1971 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningnum um stjórnmálasamband — Vínarsamningnum — frá 18. apríl 1961 og hafa ákvæði samningsins lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971. Í 11. gr. þessa samnings segir, að þegar ekki sé gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, geti móttökuríki krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

Í 22. gr. sama samnings segir, að sendiráðssvæðið skuli njóta friðhelgi og að sérstök skylda hvíli á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Enn fremur er í 30. gr. sama samnings ákvæði um, að einkaheimili sendierindreka skuli njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

Þegar framangreind ákvæði eru virt þykir ljóst, að bæði sé nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að geta sett fasteignakaupum erlendra sendiráða vissar skorður með hliðsjón af 11. gr. Vínarsamningsins, svo og gera ákvæði 22. og 30. gr. Vínarsamningsins stjórnvöldum nauðsynlegt að geta haft hönd í bagga með staðarvali fyrir húsnæði, sem sendiráð vilja eignast fyrir starfsemi sína, þannig að nauðsynlegri löggæslu verði þar við komið.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv. hér á eftir.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið veiti það leyfi, sem um er fjallað í greininni, að fenginni umsögn utanríkisráðuneytisins og lögreglustjóra hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis.

Um 2. gr.

Þessi grein er sem næst óbreytt frá 2. tölulið 11. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal III.

FYRIRSPURN TIL UTANRÍKISRÁÐHERRA

frá Hjörleifi Guttormssyni og svör ráðherra send þm. 7. mars 1984.

1983-84 (106. löggjafarþing) — 187. mál.

Sþ. 332. Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir á vegum erlendra aðila hérlendis.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hve fjölmennt er starfslið erlendra sendiráða hér á landi hvers um sig, erlendir og innlendir ríkisborgarar, og hversu margt fjölskyldulið fylgir hinum útlendu starfsmönnum?
2. Hvaða erlendir aðilar, ríkisstjórnir eða aðrir, starfrækja hér upplýsingastarfsemi, fréttamiðlun og menningarstofnanir? Hve margir starfa að slíku á vegum hvers aðila og hvaða samningar hafa verið gerðir um þessa starfsemi?
3. Hverjar eru skráðar eignir ofangreindra erlendra aðila hér á landi, fasteignir, lóðir og bifreiðar og hvaða húsnæði hafa þeir á leigu?

Skriflegt svar óskast.

Erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir.

Svör utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni um erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir á vegum erlendra aðila hérlendis, á þskj. 332, sent þm. 7. mars.

1. Starfslið erlendra sendiráða hér á landi.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík og skylduliðs þeirra. Enn fremur er getið manna frá öðrum ríkjum er starfa við sendiráðin og loks heildarfjölda íslenskra starfsmanna:

	Janúar 1984 Frá sendiríki + fjölskylda	Frá öðrum erlendum ríkjum	Íslenskir starfsmenn
1. Bandaríkin	21+21=42	1	19+3 lausráðnir
2. Bretland	5 +12=17		4
3. Danmörk	5 + 4= 9		2
4. Finnland	4 + 1= 5		2
5. Frakkland	10+10=20		6
6. Kínverska alþýðulýðveldið	6 = 6		
7. Noregur	3+ 1= 4		4
8. Sovétríkin	37+43=80		
9. Svíþjóð	2+ 2= 4	1	3
10. Tékkóslóvakía	3+ 4= 7		
11. Sambandslýðveldið Þýskaland	7+ 5=12		4
12. Þýska alþýðulýðveldið	3+ 3= 6		1
Samtals	106+106=212	2	45+3

2. Upplýsingastarfsemi, fréttamiðlun og menningarstofnanir.

a) Menningarstofnun Bandaríkjanna: Forstöðumaður er sendierindreki (diplomat) og því talinn með á yfirlitinu í 1. lið hér á undan ásamt eiginkonu. Venjulega starfar einnig annar sendierindreki við stofnunina, en sá sem þar var síðast fór af landi brott í nóvember s. l. og eftirmaður hans er ekki væntanlegur fyrr en í vor. Auk þess sem hér var nefnt starfa nú sjö Íslendingar við stofnunina og eru þeir taldir með í dálkinum yfir íslenska starfsmenn hjá sendiráðinu í 1. lið.

Menningarstofnun Bandaríkjanna er til húsa í leiguhúsnæði að Neshaga 16.

Fulbright-stofnunin er til húsa á sama stað og starfar skv. samningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 13. febrúar 1964. Auk forstöðumanns er þar einn starfsmaður í hlutastarfi.

Bókasafn Alliance Francaise að Laufásvegi 12 og Þýska bókasafnið/Goethe-Institut að Tryggvagötu 26 eru kostuð af stjórnvöldum viðkomandi landa sem m. a. greiða laun umsjónarmanna, en starfsemin tengist tungumálakennslu við Háskóla Íslands. Ýmis vináttufélög við önnur lönd halda uppi menningar- og kynningarstarfi í meiri eða minni samvinnu við sendiráð og stjórnvöld hlutaðeigandi ríkja, m. a. dvelst hér kennari í rússnesku á vegum Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (MÍR) og sovéskra aðila.

b) APN-fréttastofan (NOVOSTI): Sovéskur forstöðumaður er ekki skráður sem sendierindreki og er hann og eiginkona hans því ekki talin með í yfirlitinu í 1. lið. Auk forstöðumannsins eru tveir Íslendingar í fullu starfi við fréttastofuna, annar þeirra skráður ábyrgðarmaður ritsins „Fréttir frá Sovétríkjunum".

APN-fréttastofan er til húsa í leiguhúsnæði að Laugavegi 84, 3. hæð.

c) Auk framangreindrar starfsemi af hálfu einstakra landa er um að ræða starfsemi fjölþjóðlegra milliríkjastofnana eða samtaka þar sem Ísland er aðili:

Norræna húsið er rekið af Norrænu ráðherranefndinni í eigin húsnæði við Hringbraut. Starfsmenn auk forstöðumanns eru sjö.

Upplýsingaskrifstofa Atlantshafsbandalagsins er í leiguhúsnæði að Garðastræti 42. Auk forstöðumanns er þar einn starfsmaður.

3. Fasteignir, lóðir og bifreiðar.

a) Fasteignir:

1. Bandaríkin:			
Laufásvegur 21—23	3923 m³		
Þingholtsstræti 34	1925 m³	5848	m³
2. Bretland:			
Laufásvegur 33	1595 m³		
Laufásvegur 10 13.64% af 2.090 m³ + bílskúr	333 m³	1928	m³
3. Danmörk:			
Hverfisgata 29		3065	m³
4. Finnland:			
Hagamelur 4		1390	m³
5. Frakkland:			
Túngata 22	1124 m³		
Skálholtsstígur 6	1630 m³	2754	m³

6. Kínverska alþýðulýðveldið:
   Víðimelur 29 ..... 2427 m³
   Víðimelur 25
   35,10% af 1.581 m³ + bílskúr ..... 631,9 m³
   Fjólugata 19B ..... 1102 m³ 4160 m³

7. Noregur:
   Fjólugata 15 ..... 1380 m³
   Fjólugata 17 ..... 1982 m³ 3362 m³

8. Sovétríkin:
   Garðastræti 33 ..... 2122 m³
   Garðastræti 35 ..... 1269 m³
   Túngata 9 ..... 2058 m³
   Túngata 24 ..... 1961 m³
   Sólvallagata 55 ..... 996 m³ 8406 m³

9. Svíþjóð:
   Fjólugata ..... 1816 m³
   Lágmúli 7
   12,68% af 10.313 m³ ..... 1307 m³ 3123 m³

10. Tékkóslóvakía:
    Smáragata 16 ..... 1555 m³

11. Sambandslýðveldið Þýskaland:
    Laufásvegur 70 ..... 1198 m³
    Túngata 18 ..... 2514 m³ 3712 m³

12. Þýska alþýðulýðveldið:
    Ægisíða 78 ..... 1351 m³

Fasteignir vegna erlendra sendiráða í Reykjavík: Samtals: 40 654,9 m³

b) Lóðir:

1. Bandaríkin:
   Laufásvegur 21-23 og Þingholtsstræti 36 ..... 981 m²
   Þingholtsstræti 34 ..... 413 m² 1394 m²

2. Bretland:
   Laufásvegur 31 og 33 ..... 2409 m²
   Laufásvegur 10,
   13,64% af 227,4 m² ..... 31 m² 2440 m²

3. Danmörk:
   Hverfisgata 29 ..... 1338 m²

4. Finnland:
   Hagamelur 4 ..... 692,9 m²

5. Frakkland:
   Túngata 22 ..... 1000,3 m²
   Skálholtsstígur 6 ..... 923,7 m² 1924 m²

6. Kínverska alþýðulýðveldið:
   Víðimelur 29 ..... 810 m²
   Víðimelur 25
   35,10% af 900,3 m² ..... 316 m²
   Fjólugata 19B ..... 545,7 m² 1671,7 m²

7. Noregur:
   Fjólugata 15 ..... 929,6 m²
   Fjólugata 17 ..... 913 m² 1842,6 m²

8. Sovétríkin:
   Garðastræti 33 ..... 1162,1 m²
   Garðastræti 35 ..... 1130,5 m²
   Túngata 9 ..... 555,3 m²
   Túngata 24 ..... 824,2 m²
   Sólvallagata 55 ..... 385,4 m² 4057,5 m²

9. Svíþjóð:
   Fjólugata 9 ..... 1351,8 m²
   Lágmúli 7
   12,68% af 4889 m² ..... 619,9 m² 1971,7 m²

10. Tékkóslóvakía:
    Smáragata 16 ..... 971,4 m²

11. Sambandslýðveldið Þýskaland:
    Túngata 18 ..... 838,4 m²
    Laufásvegur 70 ..... 660 m² 1498,4 m²

12. Þýska alþýðulýðveldið:
    Ægisíða 78 ..... 1059 m²

Lóðir erlendra ríkja í Reykjavík: Samtals: 20 861,2 m²

c) Bifreiðar: Samkvæmt nýju yfirliti ráðuneytisins eru nú samtals 93 bifreiðar skráðar hér á landi í eign erlendra sendiráða og sendiráðsstarfsmanna. Sundurliðast bifreiðaeignin þannig:

1. Sendiráð Bandaríkjanna 20
2. Sendiráð Bretlands 5
3. Sendiráð Danmerkur 5
4. Sendiráð Finnlands 2
5. Sendiráð Frakklands 11
6. Sendiráð Kínverska alþýðulýðveldisins 5
7. Sendiráð Noregs 4
8. Sendiráð Sovétríkjanna 19
9. Sendiráð Svíþjóðar 6
10. Sendiráð Tékkóslóvakíu 3
11. Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands 10
12. Sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins 3

Samtals: 93

d) Leiguhúsnæði: Tvö sendiráð hafa á leigu húsnæði fyrir skrifstofur sínar, þ. e. breska sendiráðið að Laufásvegi 49 og finnska sendiráðið í Húsi Verslunarinnar við Kringlumýrarbraut.

Þeir starfsmenn sendiráða, sem ekki búa í fasteignum sendiráðanna, búa í leiguhúsnæði víðs vegar um Reykjavík og í nágrannabyggðum. Eru heimilisföng sendierindreka birt í árlegri skrá, „Diplomatic List", sem ráðuneytið gefur út.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum skv. ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1985 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m. a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita samkv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám skv. þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta skv. sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp var flutt á síðasta þingi af sama flutningsmanni en varð þá ekki útrætt. Áður var það lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp. Þar sagði í upphafi athugasemda:

„Frumvarp þetta hefur verið í undirbúningi á vegum iðnaðarráðuneytisins frá því árið 1979 og er nú flutt sem stjórnarfrumvarp. Aðilar að ríkisstjórninni hafa þó fyrirvara um afstöðu sína til einstakra greina frumvarpsins og ráðherrar sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni tilgreina sérstaklega fyrirvara við þau ákvæði frumvarpsins, sem fela í sér skerðingu eignarréttar. Í stjórnarsáttmála frá 8. febrúar 1980 er gert ráð fyrir, að sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita og ríkisstjórnin telur mikilvægt, m. a. vegna nauðsynlegra rannsókna á háhitasvæðum, að hið fyrsta verði kveðið á um þessi efni í löggjöf.“

Hvati að undirbúningi málsins var m. a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978, þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Á tíma ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971—74 beitti Magnús Kjartansson þáverandi iðnaðarráðherra sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o. fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974—1976, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara, þar eð það tekur til alls jarðhita, hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ. e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga nr. 58/1967 um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og III., V. og VII. kafla orkulaga nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita" er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og

jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þ. á m. um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verð haldið efnislega, að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara, auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita má nefna 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 29. gr. 3. mgr. jarðalaga nr. 65/1976 er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m. a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.“ (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B d. 553—572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t. d. Ólafur Lárusson: Eignaréttur bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi

sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita, á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu Eignaréttur. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörku.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956 bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðanjarðar undir norsku landssvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins til olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðanjarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land."

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum þar sem löggjafar nýtur hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist og benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga

(jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri, mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita, sem finnst djúpt í jörðu niðri, að varðað geti bótum skv. stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum, má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981 um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981 um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrar. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga nr. 58/1967 þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin sem upp geta komið eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa skv. ábúðarlögum nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við 5 ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1985 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til skv. frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknarleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14. – 16. gr. orkulaga nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmda ákvarðanatöku um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna skv. greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 5. Frumvarp til útvarpslaga. [5. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar opinbera dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps manna sem tengdir eru nánum vináttu- eða fjölskylduböndum eða eingöngu er um að ræða sendingu upplýsinga og boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara.

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkvæmt 3.—6. grein þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- eða desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar. Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðva skulu vera í samræmi við reglugerð sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.
2. Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, mæli með veitingu leyfis.
3. Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsreksturs.
4. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

   Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

   Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og synjar þeim um að koma sjónarmiðun sínum á

framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá eins fljótt og við verður komið fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.

5. Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni sem ekki hefur verið aflað leyfis fyrir eða útsendingarréttar frá höfundarréttarhafa.
6. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
7. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá á böndum. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
8. Óheimilt er að aðrir aðilar, en félag það sem leyfi hefur til útvarpsreksturs, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.
9. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær þar sem nánar er kveðið á um félagsform, reglur, tímalengd samnings og upphæð leyfisgjalds. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni viðkomandi stöðvar.

4. gr.

Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga sbr. 3. grein, skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd gefur út reglur um auglýsingar, m. a. með hliðsjón af lengd dagskrár viðkomandi stöðva og samanburði við hlut auglýsinga og reglur um flutning í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsréttarnefnd ákveður auglýsingataxta með hliðsjón af tillögum viðkomandi útvarpsstöðva, svo og gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra. Rísi ágreiningur í þessu efni milli útvarpsréttarnefndar og Ríkisútvarpsins skal vísa honum til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Sé þráðlausum útsendingum svo háttað að einungis áskrifendur með sérstakan útbúnað ná þeim er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

5. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirfarandi reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. grein:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að viðkomandi sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpi útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar en ekki öðrum skilyrðum 3. eða 5. greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarpsstöð, er leyfi fær til útsendingar um þráð, er óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá en getur innheimt afnotagjöld.
4. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 2., 4., 7., 8. og 9. tölulið 3. greinar sé móttaka bundin við 36 íbúðir eða færri. Sama gildir innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaðar.
5. Heimilt er að senda hvers konar upplýsingar um símakerfi landsins til almennrar móttöku.

6. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

7. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 3.—6. greina.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar.

II. KAFLI

Ríkisútvarpið.

8. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

9. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða eina hljóðvarpsdagskrá, ekki styttri en 16 klst. á sólarhring, og eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess, samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila sem fá leyfi til að stunda útvarpsstarfsemi, bæði til dagskrárgerðar og útsendinga.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að stofna til fræðsluútvarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

10. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum á þeim. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

11. gr.

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt hljóð- og myndritað dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar.

Ríkisútvarpinu er heimilt, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið.

12. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

13. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

14. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 10. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkts dagskrárefnis þyki sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

Annað hvert ár efnir útvarpsráð til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og býður til hennar fulltrúum helstu almannasamtaka.

15. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild.

Fjármáladeild fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

III. KAFLI
Fjármál Ríkisútvarpsins.

16. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Útvarpsstjóri ákveður útvarpsgjald að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

17. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

18. gr.

Eigandi sjónvarpsviðtækis, sem nota má til móttöku á útsendingu Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili.

19. gr.

Eigandi sjónvarpstækis, sbr. 18. gr., skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins mánaðarlega á sérstökum eyðublöðum sem innheimtudeild lætur í té. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang beggja aðila, svo og tegund viðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

20. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki,
2. tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. dagsetningu frumskráningar,
4. fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda,
5. dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans,
6. dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda eins og segir í 4. tölulið; einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu,
7. upplýsingar um lögtak sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 23. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps.

21. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi sjónvarpstæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur sjónvarpsviðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 19. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

22. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

23. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Þegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

24. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

25. gr.

Ríkisútvarpið, útvarpsréttarnefnd og Póst- og símamálastofnunin skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnunina um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

26. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnunin um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja, sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendinga, sbr. 3. gr., er viðkomandi stöðvum

heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

27. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

V. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

28. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður úvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

29. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 28. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 27. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 27. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 19. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1984. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og nr. 49/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt eins og útvarpslaganefnd gekk frá því, nema 18. gr. þess sem breytt er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið var flutt á síðasta þingi, 106. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er endurflutt nú óbreytt þó þannig að í 32. gr. er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. nóvember 1984. Að öðru leyti kann frv. að taka breytingum í meðförum Alþingis.

Nefndin, sem samdi útvarpslagafrumvarpið, lét svofellda greinargerð fylgja frv.:

Skipun útvarpslaganefndar og störf.

Hinn 23. september 1981 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða útvarpslög nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti:

Markús Á. Einarsson, veðurfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Andrés Björnsson, útvarpsstjóri.

Benedikt Gröndal, fyrrverandi forsætisráðherra.

Ellert B. Schram, ritstjóri.

Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri.

Ólafur R. Einarsson, menntaskólakennari.

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður útvarpsráðs.

Margrét Lúðvíksdóttir, fulltrúi hjá Ríkisútvarpinu, starfaði sem ritari nefndarinnar til vors 1982, en þá lét hún af störfum vegna flutnings af landi brott. Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, tók síðan við ritarastörfum til starfsloka.

Útvarpslaganefnd átti góð samskipti við póst- og símamálastjóra og var hjá honum leitað umsagnar um atriði, er snerta stofnun hans og samskipti hennar við Ríkisútvarpið.

Prófessor Gaukur Jörundsson gaf nefndinni umsögn um nokkur atriði núgildandi útvarpslaga svo og nokkrar af tillögum nefndarinnar.

Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri vann að gerð kaflans um fjármál Ríkisútvarpsins.

Stefán Jón Hafstein fréttamaður skrifaði snemma á starfstímanum greinargerð að beiðni útvarpslaganefndar.

Fylkir Þórisson, tæknifræðingur hjá sjónvarpinu, ritaði um stöðu og hugsanlega framvindu í hljóðvarps- og sjónvarpstækni (fylgiskjal III) og Markús Á. Einarsson, formaður nefndarinnar, ritaði lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum (fylgiskjal IV).

Útvarpslaganefnd hélt sinn fyrsta fund 9. október 1981 og lauk störfum 1. október 1982. Urðu fundir nefndarinnar samtals 29. Tillaga sú að frumvarpi til nýrra útvarpslaga, sem hér birtist ásamt greinargerðum og fylgiskjölum, er árangur af störfum útvarpslaganefndar.

Meginstefnumörkun við gerð tillögu að frumvarpi.

Útvarpslaganefnd var skipuð til þess **að endurskoða útvarpslög nr. 19/1971.** Leit nefndin svo á að henni bæri að fjalla um málefni útvarps hérlendis frá sem víðustu sjónarhorni. Varð hún fljótlega sammála um að taka mið af þrem meginforsendum í starfi sínu að gerð frumvarps til nýrra útvarpslaga:

1. Að leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá landsmönnum öllum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo geti orðið.
2. Að leggja til að fleirum en Ríkisúvarpinu verði veittur réttur til útvarps (hljóðvarps og sjónvarps) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
3. Að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu.

Helstu breytingar frá gildandi útvarpslögum.

Núgildandi útvarpslög nr. 19/1971 fjalla eingöngu um Ríkisútvarpið, enda segir svo í upphafi 2. gr.: „Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi." Hér á eftir verða dregnar saman í stuttu máli þær meginbreytingar sem útvarpslaganefnd leggur til að gerðar verði frá gildandi lögum, en ítarleg grein er gerð fyrir einstökum atriðum í næsta kafla, þar sem eru skýringar við einstakar greinar.

Það er **grundvallarbreyting,** að í frumvarpi þessu er lagt til að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veitt leyfi til útvarps, en með **útvarpi** er í frumvarpinu átt við hljóðvarp og sjónvarp. Fjallar **I. kafli** ítarlega um það, með hvaða skilyrðum slík leyfi verði veitt. Er lagt til að **útvarpsréttarnefnd,** er skipuð verði 7 mönnum kjörnum af Alþingi, sjái um leyfisveitingar og alla framkvæmd þessa I. kafla.

Í 3. gr. frumvarpsins er lýst þeim almennu skilyrðum sem uppfylla þarf til að fá leyfi til útvarps, en slík leyfi má veita sveitarfélögum og félögum sem beinlínis eru stofnuð til útvarpsreksturs. Af mikilvægum atriðum má nefna:

Kveðið er á um að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgju, en það þýðir að sendingar ná yfir takmörkuð svæði, sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum. Póst- og símamálastofnuninni er ætlað að sjá um úthlutun á senditíðnum og að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt.

Ætlast er til að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfa til útvarpssendinga, hver á sínu svæði.

Erlendir aðilar fá ekki leyfi til útvarpsreksturs.

Óheimilt er að senda út efni sem ekki hefur verið aflað leyfis eða útsendingarréttar fyrir, auk þess sem fara ber að gildandi lögum um eftirlit með dagskrárefni.

Oft er útvarp um þráð bundið við móttöku mjög fárra, t. d. innan einnar og sömu byggingar. Þykir þá ekki ástæða til að setja um það öll þau almennu skilyrði sem 3. gr. fjallar um. Er lagt til að um útvarp um þráð með móttöku í 36 íbúðum eða færri, eða innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaðar, gildi einfaldari skilyrði en um stærri stöðvar.

Lagt er til í 4. gr. að útvarpsstöðvar (hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar), sem leyfi fá til þráðlausra útsendinga, geti aflað sér tekna með auglýsingum, og verði hlutur auglýsinga í dagskrá slíkra stöðva svipaður og hjá Ríkisútvarpinu. Er þetta í raun gert til að auðvelda stöðvunum að vanda til dagskrárefnis.

Stöðvar, sem senda um þráð, þ. e. kapalstöðvar, fá ekki leyfi til að birta auglýsingar. Þykir ekki ástæða til að stöðvar, sem innheimt geta afnotagjöld með auðveldum hætti, gangi á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaðinum.

Í lok I. kafla, þ. e. í 6. gr., eru tekin upp almenn ákvæði, er tryggi að sendingar um

gervihnetti fari að alþjóðasamþykktum sem Póst- og símamálastofnunin er aðili að, enda þótt enn sé að ýmsu leyti erfitt að ráða í tilhögun slíkra sendinga til frambúðar.

Í II. kafla er fjallað um Ríkisútvarpið. Þar eru í upphafi hlutverki þess gerð skil með ákveðnari hætti en gert er í núgildandi lögum. Einnig er veitt heimild til að auka starfsemina, verði í framtíðinni veitt til þess nauðsynlegt fjármagn. Kæmi þar til greina dagskrá 2, landshluta- eða héraðsútvarp, auk þess sem vakin er sérstök athygli á fræðsluútvarpi.

Bent skal á, að Ríkisútvarpið skal samkvæmt 9. gr. senda út eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Sumarleyfi sjónvarps, sem orsakað hefur lokun þess í júlímánuði, fellur þá niður, enda liggja þegar fyrir tillögur stofnunarinnar um að svo verði framvegis. Ekki er talið að orðalag greinarinnar komi í veg fyrir fimmtudagslokun sjónvarps um sinn, enda þótt lokamarkmiðið sé, að sjónvarpað sé alla daga.

Ríkisútvarpinu er nú heimilað, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið. Engu skal um það spáð hvernig gengur að ná slíkum samningum, en heimildin er í samræmi við þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum, sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982 (fylgiskjal I).

Loks má nefna að hlutverki útvarpsráðs er breytt í þá átt, að ráðið móti fyrst og fremst dagskrárstefnuna í höfuðdráttum, en þurfi ekki að leggja blessun sína yfir einstaka dagskrárliði áður en þeir komi til framkvæmda.

Fjármál Ríkisútvarpsins.

Í III. kafla er fjallað um fjármál Ríkisútvarpsins. Er þar sú meginbreyting gerð, að afnotagjald, sem hér er nefnt **útvarpsgjald,** verði innheimt með sjónvarpsviðtæki sem stofn gjaldtöku. Lagt er til að útvarpsstjóri ákveði gjaldið hverju sinni að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, en ákvörðun afnotagjalda hefur hingað til verið í höndum ráðherra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Oft hefur verið um það rætt, hvort ekki mætti leggja niður innheimtudeild Ríkisútvarpsins í sparnaðarskyni. Hér er hins vegar lagt til að innheimtudeildin starfi áfram. Mun nýbreytni í stofni útvarpsgjalds einfalda starfsemina, störfum mun fækka og annar kostnaður lækkar við þessa breytingu. Einnig ræður það miklu um þessa tillögu, hversu mjög árangur við innheimtu hefur batnað á undanförnum árum svo sem 1. tafla sýnir. Er innheimtuárangur Ríkisútvarpsins orðinn sambærilegur við það sem best gerist hjá opinberum stofnunum.

1. tafla.

Eftirstöðvar afnotagjalda gjaldaárs 31. des., árin 1978—1981.

1978:	16,7%	1980:	12,1%
1979:	15,4%	1981:	10,9%

Loks skal bent á að lagt er til að Tryggingastofnun ríkisins greiði Ríkisútvarpinu útvarpsgjald fyrir þá sem njóta uppbótar á lífeyri sinn, fremur en að Ríkisútvarpinu sé ætlað að standa straum af þessum kostnaði, eins og nú er. Mun það ákvæði nú gilda um 3500 afnotagjöld, og nemur það um 4,7 milljónum króna árið 1982.

Þáttur auglýsinga í tekjuöflun Ríkisútvarpsins.

Með afnotagjöldum hefur Ríkisútvarpið aðeins aflað hluta af tekjum sínum. Tekjur af auglýsingum er annar megintekjustofn stofnunarinnar og er áætlað að svo verði áfram. Skipting tekna hljóðvarps og sjónvarps hefur verið eins og **2. tafla** sýnir.

2. tafla.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins 1961—1980. Skipting tekna í %.

Hljóðvarp	Afnota-gjöld	Auglýs-ingar	Aðrar tekjur
1961—65 (meðalt.)	54,2	42,3	3,5
1966—70 (meðalt.)	58,3	39,3	2,4
1971—75 (meðalt.)	55,5	43,4	1,1
1976	55,9	42,8	1,3
1977	54,6	44,3	1,1
1978	50,4	47,5	2,1
1979	49,8	47,5	2,7
1980	48,2	48,2	3,6

Sjónvarp	Afnota gjöld	Auglýs-ingar	Toll-tekjur	Aðrar tekjur
1967—70 (meðalt.)	54,1	7,5	37,6	0,8
1971—75 (meðalt.)	72,4	14,5	12,3	0,8
1976	74,2	15,0	10,1	0,7
1977	64,8	11,3	23,5	0,4
1978	58,9	12,2	27,9	1,0
1979	68,9	16,7	12,9	1,5
1980	73,9	23,5	1,2	1,4

Í hljóðvarpi er hlutur auglýsinga u. þ. b. jafnstór og sá hluti afnotagjalda sem kemur í hlut hljóðvarpsdeildar. Í sjónvarpi eru auglýsingatekjur innan við fjórðung heildartekna, en fer vaxandi.

Ekki fer á milli mála, hversu mikilvægar auglýsingatekjurnar eru Ríkisútvarpinu. Hlýtur það að vekja ýmsar spurningar varðandi framvindu auglýsinga í Ríkisútvarpinu, að í I. kafla þessa frumvarps er lagt til, eins og fyrr var skýrt frá, að allar útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til þráðlausra útsendinga, fái að afla sér tekna með auglýsingum. Verður þáttur auglýsinga hjá slíkum stöðvum ákveðinn af útvarpsréttarnefnd með samanburði við hlut auglýsinga í dagskrá Ríkisútvarpsins (sjá 3. töflu). Allar útvarpsstöðvar, Ríkisútvarpið þar með talið, eiga sem sé í aðalatriðum að sitja við sama borð að þessu leyti.

3. tafla.

Hlutur auglýsinga í dagskrá í % af heildartíma.

Hljóðvarp:			
1971	6,0%	1976	7,6%
1972	6,3%	1977	7,9%
1973	7,2%	1978	8,4%
1974	9,1%	1979	7,8%
1975	7,7%	1980	8,7%
Sjónvarp:			
1971	3,2%	1976	3,2%
1972	2,9%	1977	2,8%
1973	3,2%	1978	3,6%
1974	4,3%	1979	4,4%
1975	4,8%	1980	5,4%

Talsverður hluti auglýsinga Ríkisútvarpsins höfðar til þjóðarinnar allrar, og er líklegt að auglýsendur beini þeim að miklu leyti áfram þangað, þar eð aðrar stöðvar eru bundnar við afmörkuð svæði. Vegna þess eðlismunar, sem er á auglýsingum annars vegar í hljóðvarpi og hins vegar í sjónvarpi, mætti ætla, að sjónvarpið haldi miklum hluta sinna auglýsinga, en hljóðvarpið tapi talsverðum hluta þeirra auglýsinga er höfða til viðskipta og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem líklegast er að nýjar stöðvar taki til starfa. Úr þessu mun reynslan skera, og við því þarf að bregðast með viðeigandi hætti.

Útvarpslaganefnd lítur svo á, að Ríkisútvarpið hljóti að mega hækka útvarpsgjald sitt sem nemur tapi auglýsingatekna, og þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að Ríkisútvarpinu eru lagðar skyldur á herðar umfram aðrar útvarpsstöðvar sem standa ber við, óháð aðstæðum að þessu leyti.

Tolltekjur af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Í 2. töflu hér að framan má sjá að tolltekjur voru á tímabili verulegur huti tekna sjónvarps. Fékk Ríkisútvarpið tolltekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til uppbyggingar dreifikerfis og tækjakaupa í sjónvarpsstöð frá upphafi. Breyting á lögum um tollskrá, 11. febrúar 1970, veikti þennan tekjustofn, þar sem fjármálaráðuneyti var þá aðeins heimilað „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps". Heimildarákvæði þetta var fellt brott við endurskoðun, sem gerð var á tollalögum árið 1976 og fór þá að síga á ógæfuhliðina svo sem taflan sýnir.

Í III. kafla þessa frumvarps, 2. mgr. 16. gr., er fjallað um megintekjustofna Ríkisútvarpsins. Meðal þeirra eru: „aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau". Gert er ráð fyrir því, að tekjur þessar renni í framkvæmdasjóð.

Fjárfestingarverkefni Ríkisútvarpsins hafa löngum verið mikil. Undanfarin ár hefur FM-kerfi hljóðvarps verið byggt upp, auk þess sem tækjabúnaður að Skúlagötu 4 hefur verið bættur og endurnýjaður. Dreifikerfi sjónvarps er jafnan fjárfrekt, — senda þarf að endurnýja á 10—12 ára fresti, auk þess sem stöðugt er unnið að útfærslu (víkkun) kerfisins. Útvarpshús er í smíðum og unnið er að uppbyggingu aðstöðu á Akureyri.

Að lokum skal minnst á aðkallandi verkefni, sem er bygging nýrrar langbylgjustöðvar. Möstrin á Vatnsendahæð eru orðin 53 ára gömul og sérstök könnun á ástandi þeirra árið 1978 leiddi í ljós, að þörf á endurnýjun er afar brýn. Enginn vill í rauninni bera ábyrgð á því að landið verði án úvarps á langbylgju, ef loftnetsmöstrin brotna niður. Lausleg áætlun sýnir, að endurnýjun er feikna kostnaðarsöm, eða yfir 100 milljónir króna. Engin senditíðni á FM- eða AM-bandi kemur í stað langbylgjusendinga.

Fleira mætti nefna af sérstökum, kostnaðarsömum þjónustuskyldum Ríkisútvarpsins. Þar sem sumar þessar skyldur tengjast öryggismálum þjóðarinnar allrar, er full þörf talin á að styrkja Ríkisútvarpið sérstaklega til þess að sinna slíkum verkefnum.

Lokaorð.

Útvarpslaganefnd hefur í starfi sínu haft ríkt í huga þá þróun sem orðið hefur í útvarpsfjölmiðlun, svo og þá umræðu sem fram hefur farið um þessi mál í fjölmiðlum og á Alþingi (fylgiskjal II) undanfarin ár.

Mikil samstaða hefur orðið í nefndinni um meginstefnumörkun, þótt skoðanir hafi eðlilega verið skiptar um einstök framkvæmdaatriði svo sem fram kemur í athugasemdum einstakra nefndarmanna í viðauka.

Rétt þykir að fram komi, að nefndin hefur í raun ekki haft mikið gagn af útvarpslögum nágrannaþjóða. Mikið umrót er á sviði útvarpsfjölmiðlunar um þessar mundir víða um heim vegna tækniþróunar og ýmiss konar tilraunastarfsemi. Löggjöf stendur hins vegar ennþá nær óhögguð, þótt miklar breytingar séu áformaðar víðast hvar. Um stöðu og hugsanlega fram-

vindu í hljóðvarps- og sjónvarpstækni, svo og skipan útvarpsmála í nálægum löndum, vísast til fylgiskjala III og IV.

Útvarpslaganefnd hefur samkvæmt framansögðu fyrst og fremst reynt að meta stöðu og þróun mála miðað við aðstæður hér á landi, og er í niðurstöðum nefndarinnar að finna mikilvæg nýmæli, sem vonandi fá vandaða og málefnalega umfjöllun, er leiði til farsællar ákvörðunar.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

Um 1. gr.

Í núgildandi útvarpslögum nr. 19/1971 segir svo í upphafi 2. gr.: „Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi". Fjalla þau lög því eingöngu um Ríkisútvarpið. Í I. kafla þessarar tillögu að frumvarpi til nýrra útvarpslaga er lögð til sú **grundvallarbreyting,** að öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Fjallar kaflinn um með hverjum hætti það má verða.

Úr 1. gr. má lesa þá meginforsendu, að ein útvarpslög fjalli um allan útvarpsrekstur í landinu. Utan ramma laganna falli einungis útsendingar innan fjölskyldu eða jafn þröngs hóps tengdum vináttuböndum, svo og sending upplýsinga eða boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á skilgreiningu, sem er að finna í upphafi 1. mgr., en þar er út frá því gengið, að hugtakið **útvarp** sé í lögum þessum samheiti fyrir **hljóðvarp** og **sjónvarp.** Svo er einnig í núgildandi útvarpslögum, þótt beina skilgreiningu vanti þar.

Um 2. gr.

Í framhaldi af skilgreiningu 1. gr. á gildissviði laga þessara, er því hér slegið föstu, að öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu má veita leyfi til útvarps. Er lagt til að sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, skipuð 7 mönnum, veiti slík leyfi í samræmi við efni I. kafla sem á eftir fer. Varð sú tilhögun ofan á í útvarpslaganefndinni, enda verður að telja óeðlilegt að dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins (útvarpsráð) veiti leyfi til annarra stöðva og verði um leið dagskrárstjórn þeirra. Útvarpsréttarnefnd skal kjörin hlutfallskosningu af Alþingi ásamt varamönnum eftir hverjar alþingiskosningar, eða með sama hætti og útvarpsráð (sjá 13. gr.).

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um almenn skilyrði þess að fá leyfi til útvarps, og er því lýst í 1. mgr., hverjir sótt geta um slíkt leyfi.

Í **1. tölulið** er kveðið á um að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgjum. Það þýðir, að sendingar nái yfir takmörkuð svæði, sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum. Póst- og símamálastofnunin sér um að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt. Er orðalag þessa liðar frá þeirri stofnun komið.

Svo sem marka má af **2. tölulið** þykir rétt að sveitarstjórnir hafi hönd í bagga, og er því sett sem skilyrði að þær mæli með veitingu leyfis til útvarpssendinga, hver á sínu svæði.

Það er skoðun útvarpslaganefndar sem fram kemur í **3. tölulið,** að útvarp á íslenskri grund eigi einungis að vera í höndum íslenskra félaga.

Efni í **4. tölulið** er að mestu í anda 3. mgr. 3. gr. núgildandi útvarpslaga og þar með einnig 3. mgr. 10. gr. þessa frumvarps. Hér eru þó ekki gerðar jafnstrangar kröfur og til Ríkisútvarpsins um að: „gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum", þótt vitaskuld beri útvarpsstöðvum sem leyfi hafa að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og virða tjáningarfrelsi. Einmitt vegna þeirra sjálfsögðu kvaða er einstaklingum, félögum eða stofnunum gert

kleift að leita réttar síns hjá útvarpsréttarnefnd, telji þeir hafa orðið á þessu misbrest, sbr. 3. mgr.

Í **5. tölulið** er ótvírætt gert að skilyrði að einungis megi senda út efni sem leyfis hefur verið aflað fyrir. Ákveðið mun að taka gildandi höfundalög nr. 73/1972 til endurskoðunar, enda er þar ekki að fullu tekið tillit til nýjunga, svo sem myndbanda. Útvarpslaganefnd lítur svo á að fara beri að gildandi lögum í þessu efni á hverjum tíma.

Í **6. tölulið** er vísað til laga um vernd barna og ungmenna (nú nr. 53/1966) þar sem m. a. er fjallað um skoðun kvikmynda, svo og til almennra hegningarlaga hvað varðar útsendingu ósæmilegs efnis. Hljóta útvarpsstöðvar að bera ábyrgð í samræmi við gildandi lög um þessi efni.

Ákvæði í **7. tölulið** eru sett til þess að auðvelda útvarpsréttarnefnd störf að eftirliti með því, að farið sé að settum skilyrðum í hvívetna, auk þess sem tilkynna skal útvarpsstjóra, sem beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla frumvarpsins (sjá um 28. og 29. gr.).

Með **8. tölulið** vill útvarpslaganefnd fyrst og fremst koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki, stofnanir eða stjórnmálasamtök geti í auglýsingaskyni mótað og kostað almenna dagskrá félags er leyfi hefur fengið til útvarpsreksturs.

Svo sem marka má af **9. tölulið** er talið nauðsynlegt að útvarpsréttarnefnd fái nokkuð frjálsar hendur við að móta sér starfsreglur í smáatriðum við samningagerð við útvarpsstöðvar í samræmi við lagaákvæði þessa kafla.

Um 4. gr.

Í almennri greinargerð hér að framan er gerð grein fyrir þætti auglýsinga í tekjuöflun Ríkisútvarpsins og hugsanlegum þörfum nýrra útvarpsstöðva fyrir auglýsingar. Hér er lagt til að hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa fengið til þráðlausra útsendinga, megi afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum. Slíkar stöðvar geta ekki með góðu móti innheimt afnotagjöld, þótt bjóða megi áskrift að efni stöðvanna. Það hlýtur að vera markmið í sjálfu sér að gera útvarpsstöðvunum kleift að vanda til dagskrárefnis. Bann við auglýsingum stöðva af þessu tagi gæti leitt til lélegrar dagskrár. Á hinn bóginn skal það skýrt tekið fram að útvarpslaganefnd er andvíg því að stofna til hreinræktaðs viðskiptaútvarps („Commercial radio/tv").

Réttmætt þykir, að hlutur auglýsinga í dagskrá, svo og reglur um flutning auglýsinga, verði í aðalatriðum með sama sniði hjá öllum útvarpsstöðvum, Ríkisútvarpið þar með talið.

Í síðustu mgr. er hafður sá fyrirvari, að sá tími kunni að koma að þráðlausar útsendingar verði að einhverju leyti með þeim hætti, að sérstakan útbúnað þurfi til að ná þeim. Fyrir slíkar sendingar er þá auðvelt að innheimta afnotagjöld og auglýsingar því óheimilar, eins og um sendingar um þráð væri að ræða (sjá 5. gr., 3. tölulið). Nú þegar er rætt um „lyklaðar" („kodet" — „scrambled") útsendingar frá gervihnöttum, sem verði lokaðar öðrum en þeim sem greiða afnotagjöld.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um sérstakar reglur vegna útvarps um þráð, þ. e. kapal, er gildi auk hinna almennu skilyrða í 3. gr. Þó eru nokkur skilyrði þeirrar greinar felld niður við ákveðnar aðstæður (sjá 4. tölulið).

Algengt er að lögð séu sameiginleg loftnetskerfi fyrir fjölbýlishús og færst hefur í vöxt að lögð séu kapalkerfi fyrir heil íbúðahverfi til að dreifa dagskrá Ríkisútvarpsins viðstöðulaust. Ljóst er, að verði slík kerfi eingöngu notuð til dreifingar dagskrár Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva, sem leyfi hafa, er með öllu ástæðulaust að um þau gildi skilyrði 3. gr. og 5. gr., önnur en þau sem um getur í 5. gr., 1. og 2. tölulið, þ. e. að sveitarstjórnir leyfi lagningu þráðar og að notkun slíks kerfis sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar til að tryggja viðunandi notagildi.

Flest þau kapalkerfi, sem nú eru lögð, hafa hins vegar margar rásir. Séu einhverjar þeirra teknar í notkun til útsendingar sjálfstæðrar dagskrár gilda skilyrði 3. og 5. gr., og þarf þá að stofna félag er leitar leyfis til slíkrar útsendingar.

Í 3. tölulið er lagt til að auglýsingar verði ekki heimilaðar sem tekjuöflunarleið í útvarpi um þráð, þótt svo sé gert ef um þráðlausar sendingar er að ræða (sjá 4. gr.). Svo háttar til að útvarpi um þráð er unnt að stýra með þeim hætti að innheimta afnotagjöld hjá hverjum notanda, en hætta sendingum sé ekki staðið í skilum. Þetta er hins vegar útilokað í þráðlausu útvarpi, nema um sé að ræða svonefndar „lyklaðar („kodet" — „scrambled") sendingar. Sanngjarnt þykir að útvarpsstöðvar, sem hafa svo einfalda og örugga leið til tekjuöflunar, gangi ekki á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaðinum.

Nú er það svo að útvarp um þráð er oft bundið við móttöku mjög fárra, t. d. innan einnar og sömu byggingar. Svo smátt í sniðum getur kapalkerfi verið, að ástæðulaust sé að setja um það öll þau almennu skilyrði sem um getur í 3. gr. Hér er því lagt til í 4. tölulið að útvarp um þráð með móttöku í 36 íbúðum eða færri sé **ekki** bundið þeim skilyrðum:

a. að sveitarstjórn mæli með veitingu leyfis (3. gr., 2. töluliður), nema leita þurfi heimildar um lagningu þráðar (sjá 5. gr., 1. töluliður).
b. að dagskrárgerð sé bundin almennum reglum, svo sem lýðræðislegum grundvallarreglum o. fl. (3. gr., 4. töluliður).
c. að þurfa að gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir dagskrárstefnu (3. gr., 7. töluliður).
d. um það hverjir kosti dagskrá (3. gr., 8. töluliður).
e. að gera þurfi sérstakan samning við útvarpsréttarnefnd (3. gr., 9. töluliður).

Hins vegar þurfa slíkar stöðvar, þótt smáar séu, að uppfylla skilyrði:

a. um tæknibúnað (3. gr., 1. töluliður).
b. um aðild erlendra aðila (3. gr., 3. töluliður).
c. um að aðeins sé sent út efni sem aflað hefur verið leyfis fyrir (3. gr., 5. töluliður).
d. um að dagskrárefni fari að gildandi lögum að öðru leyti (3. gr., 6. töluliður).

Í 5. tölulið er skýrt tekið fram, að þessi grein fjallar ekki um notkun hins almenna símakerfis til að dreifa upplýsingum (t. d. símaklukkan) eða til að tengjast tölvum.

Um 6. gr.

Ný viðhorf blasa nú við varðandi móttöku og sendingu útvarpsefnis, einkum sjónvarpsefnis um gervihnetti (sjá fylgiskjal III). Er erfitt að ráða í, hver tilhögun þeirra mála verður til frambúðar. Nauðsyn er á, að taka með í útvarpslög ákvæði, er tryggi að farið sé að alþjóðasamþykktum, sem Póst- og símamálastofnunin á aðild að. Er 6. gr. samin í samráði við þá stofnun. Fjallað er um þrenns konar sendingar um gervihnött:

a. móttöku eða sendingu milli fastra stöðva samkvæmt samningi þeirra á milli. Má sem dæmi nefna móttöku Ríkisútvarps-sjónvarps á daglegum „fréttapökkum".
b. móttöku dagskrár, sem gagngert er dreift um gervihnött til móttöku almennings, svo sem yrði um NORDSAT, svo dæmi sé nefnt.
c. móttöku efnis í þar til gerðum móttökustöðvum og skilyrði dreifingar þaðan til almennings. Litið er svo á að stöð, sem starfrækt er til dreifingar á efni sem borist hefur um gervihnött, falli innan ramma þessara laga og sé háð skilyrðum þeirra.

Sérstaklega er tekið fram að auglýsingar, sem fylgja dagskrá erlendis frá, séu heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög, svo sem lög um vernd barna og ungmenna og hegningarlög sem áður hafa verið nefnd. Ljóst er, að slíkar auglýsingar yrði ákaflega erfitt að hefta, hvernig sem á málið er litið.

Um 7. gr.

Það dylst væntanlega engum, að I. kafli frumvarpsins er mikið nýmæli. Vart verður hjá því komist að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd. Þau ákvæði munu svo áreiðanlega mótast og breytast með þeirri reynslu sem fæst af framkvæmd laganna fyrstu árin.

Af ákvæðum fyrri greina má ljóst vera, að útvarpsréttarnefnd er falið viðamikið verkefni, þar sem eru leyfisveitingar, samningsgerð og eftirlit. Telja verður að einmitt útvarpsréttarnefnd sé því rétti aðilinn til að afturkalla leyfi, ef þörf krefur.

II. KAFLI
Ríkisútvarpið.

Um 8. gr.

Með þessari grein hefst kafli um Ríkisútvarpið og er greinin samhljóða 1. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk Ríkisútvarpsins með mun ákveðnari hætti en gert er í núgildandi lögum. Ein hljóðvarpsdagskrá skal skv. 1. mgr. ná til alls landsins og næstu miða. Telur útvarpslaganefnd það öryggisatriði að sú dagskrá standi aldrei skemur en í 16 klst. á sólarhring, þótt lengd dagskrár sé að öðru leyti ákveðin í reglugerð, þyki ástæða til.

Í sömu mgr. segir að til alls landsins og næstu miða skuli senda eina sjónvarpsdagskrá **árið um kring.** Hingað til hefur sjónvarp verið lokað í júlímánuði ár hvert vegna sumarleyfa, en nú eru fram komnar tillögur stofnunarinnar um að frá þessari sumarlokun verði fallið frá og með sumrinu 1983.

Hvað varðar fimmtudagslokun sjónvarps sem e. t. v. á eftir að standa eitthvað lengur, má túlka orðalagið **„sjónvarpsdagskrá árið um kring“** með þeim hætti, að ekki sé með því kveðið á um nákvæma tilhögun, svo sem fjölda útsendingardaga í viku hverri. Markmiðið hlýtur hins vegar að vera, að sjónvarpað sé á hverju kvöldi.

2. mgr. heimilar Ríkisútvarpinu ótvírætt að taka upp dagskrá 2 í hljóðvarpi og sjónvarpi, eða taka upp landshluta- eða héraðsútvarp, „samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs“. Ber að líta svo á að þær ákvarðanir þýði, að fjár hafi hverju sinni verið aflað til aukningar útsendinga, enda ber útvarpsstjóri hina fjárhagslegu ábyrgð stofnunarinnar.

Vert er að vekja athygli á 5. mgr., þar sem Ríkisútvarpinu er heimilað að hafa samvinnu um dagskrárgerð og útsendingar við aðrar útvarpsstöðvar sem leyfi hafa fengið til útsendinga. Má í fyrsta lagi við því búast að efni staðbundinna stöðva geti átt erindi til þjóðarinnar allrar um Ríkisútvarpið, eða þá að útvarpsstöðvar óski á hinn bóginn eftir efni frá Ríkisútvarpinu. Í öðru lagi er engan veginn útilokað að Ríkisútvarpið geti í framtíðinni leigt staðbundnum stöðvum tækniútbúnað sinn til útsendinga á örbylgjum. Útvarpslaganefnd álítur að samvinna af þessu tagi geti orðið mjög æskileg.

Í lok greinarinnar er vakin sérstök athygli á mikilvægi þess að nýta útvarp í vaxandi mæli í fræðsluskyni. Fyrir liggur álit útvarps- og sjónvarpsfræðslunefndar til menntamálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1979.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða þeirri grein núgildandi útvarpslaga, sem hvað oftast er vitnað til, þ. e. 3. gr., með einni undantekningu þó. Á eftir orðunum: .... „og veita fræðslu í einstökum greinum“, kemur í núgildandi lögum: .... „þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum“. Útvarpslaganefnd leggur til að þessi orð falli nú út. Yrði slík upptalning tekin inn í lagagreinina má öllum vera ljóst að hún yrði mun víðtækari en þarna er, við þær aðstæður sem þjóðin býr nú við. Umferðar- og slysavarnamál eru dæmi um fjölmarga mikilvæga málaflokka sem Ríkisútvarpið hlýtur að veita fræðslu um, og er ekki heppilegt að vera með langa upptalningu í sjálfum lögunum. Slíkt ætti þá betur heima í reglugerð. Lögin eru ótvíræð um nauðsyn fræðslu sem þessarar og nægir að vekja athygli á eftirfarandi setningu síðar í greininni: „Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.“

Um 11. gr.

Í fyrri mgr. þessarar gr. segir að Ríkisútvarpinu beri að stuðla að varðveislu frumflutts hljóð- og myndritaðs dagskrárefnis. Hér er hins vegar ekki tekin til þess afstaða með hverjum hætti þetta verði. Vel getur verið að rétt sé að Ríkisútvarpið annist sjálft geymslu þess efnis, sem líklegt er að verði endurflutt, en Landsbókasafn eða Þjóðskjalasafn að öðru leyti.

Í seinni mgr. er opnaður möguleiki þess, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa dagskrárefni til útlána eða sölu. Er hugsun þessarar mgr. í fullu samræmi við þingsályktun um íslenskt efni á myndsnældum sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982 (fylgiskjal I).

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 13. gr.

Í lögum nr. 8/1975 um breytingu á útvarpslögum nr. 19/1971 var gerð sú breyting að kjósa útvarpsráð **eftir hverjar alþingiskosningar,** í stað þess að kjósa það til fjögurra ára. 1. mgr. þessarar gr. er í samræmi við þessa breytingu.

2. mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru nokkrar mikilvægar breytingar frá 6. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er ákveðið að útvarpsráð taki ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum svo sem verið hefur, en því nú bætt við, að þær ákvarðanir séu **innan marka fjárhagsáætlunar.**

Það ákvæði núgildandi laga, að útvarpsráð leggi fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda er hins vegar fellt út. Skipulagning dagskrár er orðin viðamikið starf margra manna og vart á færi útvarpsráðsmanna að kynna sér dagskrána ætíð til hlítar fyrir fram, enda ástæðulaust að útvarpsráð eyði miklu af tíma sínum til umfjöllunar um einstaka dagskrárliði, og þá oft smávægileg atriði. Þykir útvarpslaganefnd það meginatriði að útvarpsráð móti fyrst og fremst dagskrárstefnuna. Þessi breyting eykur hlut og þar með ábyrgð dagskrárstjóranna.

Síðasta setning 2. mgr. er ný og varðar í raun þær skyldur útvarpsstjóra að sjá til þess að dagskrá sé innan ramma fjárhagsáætlunar, sbr. 1. mgr.

Síðasta mgr. er einnig nýmæli þar sem útvarpsráði er gert að skapa tengsl við notendur með ráðstefnu um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins annað hvert ár.

Um 15. gr.

Þessari grein svipar að flestu leyti til 7. gr. núgildandi laga. Þó er hlutverki hinna þriggja deilda nú lýst heldur nánar og lagt er til að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi tvo fulltrúa á fundum framkvæmdastjórnar, annan frá hljóðvarpi, en hinn frá sjónvarpi. Varð þetta niðurstaðan, þótt einnig bæri á góma, hvort rétt væri að kveða á um starfrækslu sérstaks starfsmannaráðs.

III. KAFLI

Fjármál Ríkisútvarpsins.

Um 16. gr.

Ríkisútvarpið fékk frá upphafi starfsemi sjónvarps tollatekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til tækjakaupa og uppbyggingar dreifikerfis í byrjun og seinna til litvæðingar.

Tekjustofn þessi átti sér stoð í lögum um tollskrá. Breyting á þeim lögum 11. febr. 1970 (3. gr. 39. tl.) veikti þessa stoð með því að gera ákvæðið að heimild til fjármálaráðuneytis.

Heimildarákvæðinu var síðan fargað við endurskoðun tollalaga árið 1976. Þáverandi menntamála- og fjármálaráðherrar náðu þó samkomulagi um skil á umræddum tolltekjum til Ríkisútvarpsins meðan báðir voru ráðherrar.

Á árunum 1976—1979 voru tekjur þessar skertar nokkuð og féllu að fullu niður árið 1980.

Í ljósi framanskráðs er í 2. mgr. lagt til að bætt verði við megintekjustofna Ríkisútvarpsins aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau.

Fyrirsjáanlegar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir á næstu árum og er Ríkisútvarpinu því nauðsynlegt að endurheimta umræddan tekjustofn.

Í 4. mgr. er lagt til að útvarpsstjóri ákveði útvarpsgjald, sbr. 1. mgr., en nú ákveður menntamálaráðherra afnotagjald, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Ákvörðun afnotagjalda hefur stundum verið seint á ferðinni og valdið með því erfiðleikum og afnotagjöld hafa ekki fylgt almennri verðlagsþróun svo fé hefur skort til dagskrárgerðar og nauðsynlegs viðhalds.

Breytingin í 5. mgr. byggir á sömu ástæðum og greint er frá í 4. mgr. Í ljósi tækniþróunar í fjölmiðlum er brýnna en áður að Ríkisútvarpið geti brugðist skjótt við aukinni samkeppni á auglýsingamarkaði með sveigjanlegri verðstefnu. Sérþekking á verðmyndun þeirrar þjónustu sem Ríkisútvarpið selur, er traustust innan stofnunarinnar sjálfrar.

Að öðru leyti en hér hefur verið nefnt er efni þessarar greinar tekið úr 13. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. núgildandi útvarpslaga, eins og hún er eftir breytingu með lögum nr. 49/1979, svo langt sem sú grein nær. Hér er því hins vegar bætt við, að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau, sbr. 16. gr., renni í sjóðinn. Í síðustu mgr. er svo dreifikerfum bætt við hlutverk framkvæmdasjóðsins, og er þar síst höfð í huga brýn þörf á byggingu landbylgjustöðvar í stað Vatnsendastöðvar.

Um 18. gr.

Þessi grein er rituð í anda 1. mgr. 16. gr. Með reglugerðarbreytingu nr. 431 frá 15. ágúst 1980 var nýtt heimild í 15. gr. gildandi útvarpslaga um innheimtu sameiginlegs afnotagjalds hljóðvarps og sjónvarps. Þá var með reglugerðarbreytingu nr. 728 frá 13. október 1983 gerð sú undantekning frá aðalreglunni um greiðslu afnotagjalds af hverju sjónvarpstæki, að eins er innheimta gjald af einu tæki á hverju heimili.

Stofn sá sem hér er lagt til að valinn verði byggir á endurgjaldskenningunni og hann treystir best sjálfstæði Ríkisútvarpsins (sbr. 1. gr.).

Skv. greinargerð frá Evrópubandalagi útvarpsstöðva (EBU) árið 1981, er sjónvarpstækjaeign lögð til grundvallar á öllum Norðurlöndunum og gildir hið sama um flest lönd Evrópu. Nýleg tilraun Hollendinga með annan gjaldstofn tengdan sköttum mistókst og hafa þeir aftur tekið upp sjónvarpstækjaeign sem tekjustofn.

Skráningar- og innheimtukostnaður var 5,8% 1980 og 5,5% 1981. Til samanburðar má geta að gjaldheimtan tekur 6% þóknun fyrir innheimtu á kirkjugjaldi sem reiknast af útvarpsstofni.

Gjaldtaka skv. sjónvarpstækjaeign eingöngu einfaldar starfsemi innheimtudeildar og mun störfum þar fækka og annar kostnaður lækka við þessa breytingu.

Niðurfelling afnotagjalda hjá þeim sem njóta uppbótar á lífeyri sinn skv. 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. janúar 1972 nemur verulegum fjárhæðum, nú um 3500 afnotagjöld og fer fjölgandi. Óeðlilegt má telja að ein opinber stofnun geti með þessu móti ávísað á reikning annarrar. Því er lagt til að horfið verði frá núgildandi fyrirkomulagi og Tryggingastofnun ríkisins greiði Ríkisútvarpinu umrædd útvarpsgjöld.

Um 19. gr.

Felld eru brott þau atriði í 16. gr. núgildandi laga er lúta að skráningu hljóðvarpstækja, sbr. 18. gr.

Um 20. gr.

Efnislega er þessi grein samhljóða 17. gr. núgildandi laga.

Skráningarnúmer er lykill að gjaldstofni sem er nafnnúmer eiganda að viðbættri tveggja stafa raðtölu.

Um 21. gr.

Orðalag í 18. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

Um 22. gr.

19. gr. núgildandi laga er hér breytt í anda 6. mgr. 15. gr. þessa frumvarps.

Um 23. gr.

Orðalag í 20. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

Um 24. gr.

Orðalag í 21. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 18. gr.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

Um 25. gr.

Orðalag þessarar greinar er eins og í 8. gr. núgildandi laga með þeirri undantekningu að útvarpsréttarnefnd er skotið inn í upphafi greinarinnar, auk þess sem Landssími Íslands heitir nú Póst- og símamálastofnunin. Er þetta atriði einnig leiðrétt í næstu grein.

Um 26. gr.

Greinin er svipuð 9. gr. núgildandi laga. Með hliðsjón af breytingum í I. kafla þessa frumvarps er þó, auk truflana á starfsemi Ríkisútvarpsins, einnig fjallað um hugsanlegar truflanir á sendingum annarra útvarpsstöðva sem leyfi hafa. Heimilt er útvarpsstöðvum þá, á kostnað eiganda fyrirtækis sem truflun veldur, að gera eða fyrirskipa nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra truflanir. Þá er átt við fyrirtæki sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, svo og fyrirtæki, sem þar eru fyrir, og sem breyta búnaði þannig að truflun veldur. Hins vegar er ekki unnt að ætlast til, að gróið fyrirtæki beri af því kostnað, þótt vélabúnaður þess trufli nýja útvarpsstöð, sem valinn hefur verið staður í nágrenni fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum hlýtur að teljast eðlilegt að ný útvarpsstöð láti fara fram könnun á truflunarvöldum áður en staður er endanlega ákveðinn fyrir stöðina.

Um 27. gr.

Hér er 12. gr. núgildandi laga tekin upp orðrétt.

V. KAFLI
Ábyrgð á útvarpsefni.

Um 28. og 29. gr.

Prófessor Gaukur Jörundsson hefur látið í ljós það álit, að sömu meginsjónarmið varðandi ábyrgð á útvarpsefni og eru í núgildandi útvarpslögum séu enn í fullu gildi. Í þessu frumvarpi er hins vegar um fleiri útvarpsstöðvar að ræða en Ríkisútvarpið eitt, og þarf því að breyta ákvæðum 22. og 23. gr. núgildandi laga þannig, að þau nái einnig til annarra útvarpsstöðva. Er það gert hér.

Jafnframt verður þá að vera ótvírætt, að ákveðinn maður beri ábyrgð á útvarpi útvarpsstöðvar með hliðstæðum hætti og útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins. Er það tryggt í 3. gr., 7. tölulið.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 30. gr.

Efni í þessa grein er sótt í 24. gr. núgildandi laga.

Um 31. gr.

Hér er 25. gr. núgildandi laga tekin upp orðrétt.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VIÐAUKI
Sérálit einstakra nefndarmanna.

Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson:

Við undirritaðir, Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, teljum að mjög orki tvímælis hversu langt skuli ganga að rýmka rétt manna til útvarpsreksturs hér á landi. Við höfum þó tekið þátt í gerð þessa frumvarps og skoðum það sem viðleitni að beina þróun á þessu sviði inn á heppilegri brautir en verða mundi án nýrrar löggjafar.

Varðandi veitingu réttar til útvarps og eftirlits með útvarpsrekstri setjum við fram þessar hugmyndir:

1. Menntamálaráðherra veiti leyfin íslenskum lögaðilum, sveitarfélögum og skráðum hlutafélögum eða samvinnufélögum, sem stofnuð yrðu til þess að reka útvarpsstöðvar, að fengnum rökstuddum umsögnum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Hann geti á sama hátt afturkallað leyfi ef ekki er fullnægt lögmætum skilyrðum.
2. Eftirlit með framkvæmd dagskrár hjá öllum útvarpsstöðvum verði á einni hendi, þ. e. hjá þingkjörnu útvarpsráði.

Við teljum miklu varða að réttur félaga til útvarpsreksturs sé í fyrstu veittur til skamms tíma í tilraunaskyni og að slík leyfi verði ætíð tímabundin. Þá virðist okkur eðlilegt að veiting leyfa sé í höndum æðsta yfirmanns menntamála. Um tilhögun verði sett nánari ákvæði í reglugerð.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu skyldur allra útvarpsstöðva varðandi dagskrárgerð þær sömu að vissu marki. Því virðist eðlilegt að sama úrskurðarvald fjalli um mál þeirra allra að þessu leyti.

Af sjálfu leiðir, ef þessi háttur yrði á hafður, að breyta þyrfti nokkrum ákvæðum í frumvarpinu til samræmis við það. Að okkar dómi þyrfti einnig að skoða nokkru nánar fleiri þætti þessara viðkvæmu og vandasömu mála, meðal annars landshlutaútvarp á vegum Ríkisútvarpsins og fjármögnun nýrra útvarpsstöðva.

Benedikt Gröndal:

Ég hef haft fyrirvara á undirskrift minni undir álit útvarpslaganefndar, og er það aðeins almennur fyrirvari vegna brottfarar minnar áður en lokaþáttur starfsins hófst haustið 1982.

Ellert B. Schram:

Í áliti nefndarinnar og frumvarpsdrögunum eru stórmerk nýmæli. Mikilvægast er að einkaréttur ríkisins er afnuminn og gert ráð fyrir, að fleiri aðilar geti stofnað og starfrækt útvarpsstöðvar í framtíðinni. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessara breytinga, sem marka tímamót á Íslandi. Ég hef hins vegar verið andvígur ýmsum skilyrðum og skorðum, sem slíkum stöðvum eru settar, einkum og sér í lagi 2. mgr. 4. gr. og 3. tölulið 5. gr., sem báðar fjalla um takmörkun á auglýsingum í þargreindum stöðvum. Ég óttast að þessar takmarkanir muni hefta getu stöðvanna, til að bjóða upp á frambærilegt efni. Ég tel þá reglu farsælasta, að láta stöðvunum sjálfum eftir, að ákveða magn og umfang auglýsinga, um leið og það er ósanngjarnt að banna auglýsingar alfarið í tilteknum stöðvum.

Ég geri mér grein fyrir því, að varfærni er nauðsynleg, þegar svo róttækar breytingar verða í útvarpsrekstri, og vænti þess, að mörg þeirra skilyrða, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að felist í frumvarpinu, verði felld niður, þegar mönnum er ljóst, að þau eru óþörf. Meginatriðið er, að nefndin hefur orðið sammála um að afnema einkarétt ríkisins og breyta útvarpslögunum til betri vegar að mörgu leyti, og þar af leiðandi skrifa ég undir nefndarálitið.

Kristján J. Gunnarsson:

Í útvarpslaganefnd hefur verið samstaða um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins í íslensku þjóðlífi eins og það er skilgreint í 10. gr. frv.

Sama máli gegnir um þær skyldur sem á Ríkisútvarpið eru lagðar skv. 9. gr. frv. og er þá m. a. haft í huga, hvern þátt útvarpið verður að skipa í almannavarnakerfi ríkisins.

Ljóst er að þessum markmiðum verður ekki náð, nema tryggt sé að til þess hafi Ríkisútvarpið fjárhagslega getu.

Ríkisútvarpið hefur á undanförnum árum aflað 48% tekna af hljóðvarpi og um 24% tekna af sjónvarpi með auglýsingum. Hefur Ríkisútvarpið að margra dómi neyðst til að ganga lengra í því efni en hóf er að.

Um langt árabil hefur gætt þeirrar tilhneigingar hjá stjórnvöldum að halda afnotagjöldum útvarpsnotenda sem lægstum. Hafa þau því stundum ekki fylgt verðlagsþróun. Vafalítið má rekja þá stefnu stjórnvalda til áhrifa afnotagjalda á framfærsluvísitölu.

Ógerlegt er að sjá fyrir hver áhrif samkeppni af hálfu útvarpsstöðva, sem leyfi fá til útvarps skv. 3. gr. frv., kann að hafa á auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins. Ég tel það því algera forsendu fyrir þeim breytingum til rýmkunar á rétti til útvarps, sem í frv. felast, að fjárhagur Ríkisútvarpsins verði tryggður. Sú trygging þarf að fela í sér, að Ríkisútvarpið verði á hverjum tíma þess megnugt að uppfylla lagaskyldur sem á það eru lagðar án tillits til þess hvernig fara kann tekjuöflun þess af auglýsingum í samkeppni við aðrar útvarpsstöðvar, verði frv. þetta að lögum.

Í 16. og 17. gr. frv., svo og skv. ákvæðum í 4. gr. þess, tel ég felast viðunandi tryggingu fyrir tekjuöflun Ríkisútvarpinu til handa.

Með vísun til þessarar forsendu um tekjuöflun Ríkisútvarpsins, er ég fylgjandi ákvæðum frv. um rýmkun útvarpsréttar. Afstaða mín til málsins í heild mótast af því sjónarmiði, að saman verði að fara rýmkun útvarpsréttar annars vegar og hins vegar fullkomin trygging fyrir því að Ríkisútvarpið hafi fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla þær skyldur sem á það eru lagðar skv. ákvæðum þessa frv.

Ólafur R. Einarsson:

Ég er í grundvallaratriðum fylgjandi þeim róttæku breytingum sem þetta nefndarálit (frumvarp) gerir á núgildandi útvarpslögum. Þróun á sviði útvarpsfjölmiðlunar á undanförnum árum krefst gagngerrar nýskipunar útvarpsmála.

Hin öra tækniþróun veldur því, að sjálfsagt er að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir glundroða í útvarpsmálum og því eðlilegt að koma á fót útvarpsréttarnefnd, er stýri þróuninni inn á heillavænlegar brautir. Þegar fleiri aðilar en Ríkisútvarpið fá rétt til að reka útvarpsstöðvar, er nauðsyn að tryggja Ríkisútvarpinu aðstöðu og fjárhagslegt sjálfstæði. Það á áfram að vera sá fjölmiðill, er nær til alls þorra landsmanna og vera þannig sameiningartákn í íslenskri fjölmiðlamenningu.

Í útvarpslaganefnd gerði ég að tillögu minni að útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð skyldu kosin til 4 ára í senn. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga í nefndinni. Þá hreyfði ég þeirri hugmynd að ákvæði um starfsmannaráð við Ríkisútvarpið yrðu tekin inn í II. kafla laganna. Það var ekki talið tímabært.

Varðandi auglýsingar tjáði ég nefndarmönnum það grundvallarsjónarmið, að ekki mætti ofurselja fjölmiðla verslunarauglýsingum og því rétt að einangra auglýsingar við þjónustuauglýsingar. Miðað við ríkjandi ástand varð niðurstaðan í auglýsingamálum að takmarka þær einungis í útvarpi um þráð.

Þá lagði ég til í II. kafla 12. gr. að skipan útvarpsstjóra væri aðeins til 4 ára í senn. Í 15. gr. lagði ég til að framkvæmdastjórar væru aðeins skipaðir til 4 ára í senn. Hvorug þessara tillagna fékk tilskilinn stuðning í útvarpslaganefnd.

Fylgiskjal I.

ÞINGSÁLYKTUN

um íslenskt efni á myndsnældum.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu—sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum.

Samþykkt á Alþingi 3. maí 1982.

Fylgiskjal II.

Helstu þingskjöl sem tengjast störfum útvarpslaganefndar.

1. 1969 (90. löggjafarþing) — 86. mál.
   Tillaga til þingsályktunar um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.
   Flm. Jón Kjartansson.
2. 1969 (90. löggjafarþing) — 87. mál.
   Tillaga til þingsályktunar um skólasjónvarp.
   Flm. Jónas Árnason.
3. 1973 (94. löggjafarþing) — 131. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
   Flm. Ellert B. Schram og Lárus Jónsson.
4. 1977 (99. löggjafarþing) — 28. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
   Flm. Guðmundur H. Garðarsson.
5. 1978 (100. löggjafarþing) — 86. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.
   Flm. Ellert B. Schram.
6. 1978—79 (100. löggjafarþing) — 284. mál.
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.
   Flm. Vilhjálmur Hjálmarsson.
7. 1980 (103. löggjafarþing) — 156. mál.
   Breytingartillaga við frv. til laga um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyting á þeim lögum.
   Flm. Benedikt Gröndal.
8. 1980—81 (103. löggjafarþing) — 245. mál.
   Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971.
   Flm. Ólafur Þ. Þórðarson o. fl.
9. 1980—81 (103. löggjafarþing).
   Skýrsla menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið (samkv. beiðni á þskj. 388).
10. Janúar 1980.
    Skýrsla menntamálaráðherra til Alþingis um könnun möguleika á notkun gervihnatta við dreifingu sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um Norðurlönd. (NORDSAT).
11. 1981 (104. löggjafarþing) — 7. mál.
    Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971.
    Flm. Eiður Guðnason.
12. 1981 (104. löggjafarþing) — 10. mál.
    Frumvarp til laga um héraðsútvarp.
    Flm. Benedikt Gröndal og Árni Gunnarsson.
13. 1981—82 (104. löggjafarþing) — 185. mál.
    Tillaga til þingsályktunar um íslenskt efni á myndsnældum.
    Flm. Eiður Guðnason o. fl.
14. 1981—82 (104. löggjafarþing) — 271. mál.
    Frumvarp til laga um útvarpsrekstur.
    Flm. Friðrik Sophusson o. fl.

Fylgiskjal III.

Fylkir Þórisson:

Staða og hugsanleg framvinda í hljóðvarps- og sjónvarpstækni.

Fram til þessa hefur Ríkisútvarpið haldið einkarétti sínum á hljóðvarpi og sjónvarpi að mestu óskertum, ef frá er talið hljóðvarp og sjónvarp á Keflavíkurflugvelli. Ekki var það vegna þess að Ríkisútvarpið gengi svo hart fram í að vernda þennan rétt sinn, heldur aðallega vegna þess að búnaður til sendinga var ekki auðfenginn og efni til flutnings sömuleiðis ekki aðgengilegt, þó það gildi ekki um hljóðvarp í jafn ríkum mæli og um sjónvarp.

En með tilkomu nýrrar tækni er nú svo komið að næstum hver og einn getur komið sér upp búnaði sem nota má til útsendinga á hljóði og (eða) mynd í smáum stíl. — Hér við bætist að efni til flutnings er auðfengið.

Í framtíðinni er því líklegt, að við hlið núverandi miðlunarleiða hljóðvarps og sjónvarps komi aðrar svæðisbundnar leiðir eða rásir, þar sem dagskrá er sniðin við smærri hópa notenda, t. d. landshlutahljóðvarp og sjónvarp eða í minni einingum, allt niður í bæjarhverfi. Þetta er mögulegt hér á Íslandi hvort sem er þráðlaust eða í gegnum kapal, eftir aðstæðum, því hér er ekki til að dreifa þeim skorti á bylgjulengdum sem hrjáir ýmsar aðrar þjóðir.

Ég mun nú reyna að lýsa nánar þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í dag og næstu framtíð og hugsanlegri notkun þeirra hér.

Kapal-sjónvarp.

Ef byrjað er á því sem stendur okkur næst og segja má að þegar sé komið í framkvæmd hér á frumstæðan og raunar nær einstæðan hátt, þar á ég við kapal-sjónvarp, þá er ekki hægt að tala um nýja tækni þar, heldur er hér um að ræða þróun þeirrar tækni, sem notuð hefur verið í sjónvarpsstöðvum síðan 1956, það er að segja upptaka og útsending af myndsegulböndum. Myndsegulbandstæki, sem í upphafi voru óheyrilega dýr, og eru raunar enn í þeim gæðaflokki sem notaður er í sjónvarpsstöðvum, eru nú orðin almenningseign.

Kapal-sjónvarp hófst í raun 1949, þegar ameríska sjónvarpstækjasali, sem bjó í bæ umkringdum fjöllum, sem hindruðu móttöku, setti upp loftnet á góðum stað og dreifði síðan merkinu á kapli í hús fyrir vægt gjald, til þess að geta selt fleiri tæki.

Slík loftnetskerfi höfum við lengi haft í fjölbýlishúsum og með tilkomu ódýrra kassettumyndsegulbandstækja var einfalt að bæta viðbótarrás inn á kerfin, þó ekki samræmdist það útvarpslögum.

En skoðum nánar hvaða möguleika kapalkerfi hafa upp á að bjóða.

Inn á slík kapalkerfi má setja allar þær sendingar sem til næst bæði frá hljóðvarpi og sjónvarpi, hvort sem þær koma frá vanalegum sendum eða gervihnöttum og hægt er að leggja í mun meiri kostnað við loftnetauppsetningu og fá betri móttöku þar sem greiðendur eru fleiri.

Þó þetta sé sú notkun, sem algengust er í Evrópu í dag, þá er þetta bara hluti af þeim möguleikum, sem kapalkerfin hafa. Einföld kapalkerfi, eins og þau sem eru í fjölbýlishúsum hér í borg, geta borið 10—15 sjónvarpsrásir og betur útfærð kerfi geta borið allt að 50 rásir á einum kapli.

Af þessu sést að nóg er plássið og það má nota á ýmsan hátt. Kassettuböndin og notkun þeirra hér þekkjum við, og ekki verður þess langt að bíða að myndplötuspilarar komi á markað hér. Á þessum tveim tækjum er svipaður munur að sínu leyti og á hljóðkassettum og hljóðplötuspilara. Myndgæðin af plötunni eru betri en það er ekki hægt að taka upp á hana.

Ekki er til þess ætlast hvorki af þeim sem framleiða tækin né þeim sem framleiða efni fyrir þau, að þetta sé notað eins og hér er gert heldur eingöngu til heimilisnota og kennslu.

Í Ameríku, þar sem kapalkerfi eru mörg, og rekstur þeirra eins og um venjulega sjónvarpsstöð væri að ræða, efnið er keypt á svipuðum kjörum og aðrar stöðvar kaupa það eða það er framleitt á staðnum, og síðan sent út á kapal. Kosturinn við að nota kapal í Ameríku er sá að bylgjulengdarvandamálið hverfur þegar sent er út í lokað kerfi og móttaka verður betri. Auk þess er með sérstökum búnaði hægt að loka fyrir sendingar til þeirra sem ekki greiða afnotagjöld og stöðin því ekki eins háð auglýsingum. Þjónustuna má auka með viðbótarrásum sem flytja fréttaágrip, veðurfregnir, tímamerki, verðbréfastöðu og aðrar slíkar upplýsingar, sem hægt er að ganga að hvenær sem er með því einu að skipta um rás. Einnig má senda músik á mörgum rásum fyrir hljóðvarpstækið, ein sjónvarpsrás getur borið 100 stereomúsikrásir í háum gæðaflokki og ef um er að ræða talað mál sem aðeins notar um 6 kílóríða bandbreidd, þá er hægt að koma fyrir 600 slíkum á einni sjónvarpsrás. Mögulegt er einnig með viðbótarbúnaði að senda gegnum slíkt kapalkerfi bæði myndir og lesmál, sem kæmi fram í prentuðu formi hjá notanda, t. d. dagblað. Einnig má tengja kerfið tölvubanka og gera það tvívirkt þannig að notandinn geti kallað fram þær upplýsingar sem hann óskar á skerminn hjá sér.

Efni er flutt til kapalkerfa og milli þeirra með örbylgjusendum og um gervihnetti. Með því móti er hægt að tengja fjölda kerfa í eina heild. Því stærra sem kapalkerfi er, því betri og fjölbreyttari þjónustu er hægt að bjóða upp á.

Hér á landi verða slík kerfi aldrei mjög stór, en á móti kemur, að fólk virðist vera tilbúið að greiða mikið fyrir slíka þjónustu.

Tæki til framleiðslu efnis verða stöðugt ódýrari og fyrirferðarminni og gerir það öðrum aðilum en sjónvarpinu kleift að framleiða efni. Fljótlega koma á markað sjónvarpstökuvélar með innbyggðu myndsegulbandstæki, sem gerir efnisöflun mjög auðvelda. Spurning er hvort sjónvarpið ætti ekki að nýta þá möguleika sem það hefur á þessu sviði og setja upp kapalkerfi.

Viðbótarupplýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi.

Þar sem stöðvar eru margar og þéttar er oft erfitt að greina á milli stöðva og finna það sem leitað er að. Nú er talað um að hver sendir sendi jafnframt dagskrá upplýsingar um heiti og staðsetningu sendis, svo og þess efnis sem flutt er hverju sinni. Þetta væri svo hægt að nýta í móttakara á margvíslegan hátt, getur til dæmis komið fram á litlum skermi á tækinu líkt og nú er á vasatölvum eða líka að hægt er að láta tækið sjálft leita uppi ákveðna tegund efnis eða ákveðinn sendi, t. d. næsta fréttatíma óháð tíma eða sendi, tækið myndi þá leita stöðugt á þeim sendum sem til næst þar til kemur að fréttum, þá kviknaði sjálfkrafa á tækinu og fréttirnar byrjuðu. Þetta gildir bæði um hljóðvarp og sjónvarp og allar tegundir efnis.

Með prentaðri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps mætti prenta jafnhliða strikakóda líkt og maður sér á pakkningum erlendra matvæla. Þennan „kóda" væri síðan hægt að lesa inn í móttakara, myndsegulbandstæki og hljóðsegulbandstæki með ljósgriffli og með því móti velja sér dagskrá vikunnar, annaðhvort til að taka upp eða horfa og hlusta á þegar það fer fram.

Video-texti — Sjónvarpstexti.

Video-texti er sendur út í mörgum löndum nú þegar og þar eins og víðar eru í gangi fleiri en eitt kerfi.

Textinn er sendur út jafnhliða öðru dagskrárefni eða stillimynd og eru notaðar til þess lausar línur í sjónvarpsmerkinu. Til þess að ná textanum út úr sjónvarpsmerkinu aftur og á

skerm móttakarans þarf viðbótarbúnað í móttökutækið. Textanum er skipt upp í svokallaðar blaðsíður sem samsvara einni skermfylli hver og hægt er að velja í milli blaðsíðna.

Notkunin getur verið margvísleg og svo tekið sé dæmi þá nota Svíar sjónvarpstexta á þrjá vegu:

1. Til textunar á sænskum prógrömmum fyrir heyrnardaufa. Í sept. 1981 höfðu verið textuð 250 prógrömm með þessu móti. Hægt er að velja hvort maður hefur textann með eða ekki og fer textun fram á líkan hátt og við þekkjum hér nema hvað notaðir eru litir til að aðgreina persónur og einnig er skýrt frá hljóðum t. d. braki í stiga o. fl.
2. Margs konar upplýsingar á 100 síðum með áherslu á fréttum, veðri og íþróttum.
3. Textaðar útskýringar með beinum útsendingum, aðallega íþróttum, einnig fyrir heyrnardaufa.

Komið hefur í ljós, að þó textinn sé ætlaður heyrnardaufum, eru líka mjög margir heyrandi sem nýta sér hann, t. d. með gömlum filmum með lélegu hljóði eða óperum og óperettum. Einnig hjálpar textinn þeim sem eru að læra málið.

Hi-Fi TV.

Nokkuð hefur verið rætt og skrifað um svokallað Hi-Fi TV eða breytingar á núverandi sjónvarpskerfum til aukinna myndgæða. Líklegt er að sjónvarpsskermurinn stækki í framtíðinni og er talað um 1 m² sem heppilega stærð fyrir heimahús (26″ = 1/5m²). Einnig er talin þörf á að breyta lögun skermsins og gera breiddina meiri í hlutfalli við hæð, ca. 1,4 × 0,7 m. Stærri skermur kallar á þéttari mynd, sem aftur þýðir fleiri línur. Í núverandi PAL-sjónvarpskerfi sem við notum eru 625 línur, en talið er að fara þurfi upp í 1200 línur. Einnig er talað um að breytinga sé þörf í hljóðhliðinni, stereo, stærri hátalarar og magnarar.

Allt kallar þetta á ný tæki bæði í sendingu og upptöku og líka í móttökunni, og er sennilega nokkuð langt í það.

Stereo-hljóð í sjónvarpi.

Nú þegar er farið að senda út stereo-hljóð með sjónvarpi í Japan og Vestur-Þýskalandi. Þetta gefur, auk betri hljómgæða, möguleika á að hafa t. d. „original-hljóð" í erlendum myndum á annarri rásinni en innlenda hljóðið á hinni, sem gefur valmöguleika. Fleiri hljóðkanalar eru hugsanlegir (NORDSAT).

Beint sjónvarp frá gervihnöttum.

Til móttöku frá gervihnöttum, sem ætlaðir eru til beinna sendinga, þarf sérstakan útbúnað með disklaga loftneti og móttakara sem breytir hinni háu tíðni sem hnettirnir senda á (12—13 gígarið) í þá tíðni sem venjulegur móttakari getur tekið við. Þessi búnaður er nokkuð dýr og því liggur beint við að samnýta hann með kapalkerfum.

Enn sem komið er er lítið um slíka hnetti í okkar heimshluta og þeir sem komnir eru á loft eru aðeins tilraunahnettir. Frakkar og Þjóðverjar hafa uppi áform um að senda slíka hnetti á loft innan 2—3 ára og hafa þegar hafið undirbúning, sama er að segja um Luxemborg, Ítalíu, Sviss og England, en þeirra áætlanir eru ekki eins vel á veg komnar. Hér á Íslandi er lítil von til að ná slíkum sendingum fyrr en ef enskur hnöttur færi á loft og þá með stórum loftnetum, eða ef NORDSAT yrði að veruleika.

Vinnslutækni.

Eins og ég nefndi fyrr eru tæki til vinnslu á sjónvarpsefni og upptöku á því alltaf að verða fyrirferðarminni og ódýrari, og nú þegar er kominn vísir að efnisvinnslu hér á landi utan sjónvarps.

Þróunin virðist vera í þá átt, að upp rísi einkafyrirtæki sem geti framleitt sjónvarpsefni í smáum stíl líkt og nú er með hljómplötuútgáfu.

Digitaltækni í sjónvarpi.

Þess verður ekki langt að bíða, að digitaltækni ryðji sér til rúms í sjónvarpi, ekki í útsendingunni sjálfri heldur í vinnslunni innanhúss og síðan í móttakaranum.

Digitaltæknin býður upp á marga möguleika í sjónvarpi, sérstaklega í upptökum á myndsegulband. Myndsegulband, sem tekið er upp á með digitaltækni, er hægt að kópíera nær endalaust án þess að vart verði rýrnandi myndgæða svo dæmi sé nefnt. Með þeirri tækni, sem nú er notuð, er varla hægt að kópíera oftar en 5—6 sinnum.

Digitaltækni í hljóðvarpi.

Nú þegar er farið að taka upp hljóð með digitaltækni í plötuútgáfu, en það eru skiptar skoðanir á því hvort það borgi sig að nota þá tækni í hljóðvarpi þar eð hljóðupptökutæknin er nú þegar komin á það stig, að það er frekar sendi- og móttökuhliðin sem takmarkar gæðin.

Fylgiskjal IV.

Markús Á. Einarsson:

Lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum.

Vegna starfa útvarpslaganefndar mun ég hér á eftir freista þess að gefa lauslegt yfirlit um stöðu útvarpsmála í nágrannalöndum okkar. Þegar hugað er að breytingum laga hérlendis er oft spurt, hvernig lögum á sama sviði sé háttað í nágrannalöndum, og þá einkum annars staðar á Norðurlöndum. Eru slíkar spurningar eðlilegar, því að oft má hafa mikið gagn af reynslu annarra þjóða.

Við störf að endurskoðun útvarpslaga um þessar mundir verður hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd, að lítið er að sækja til útlanda í því efni. Stafar það fyrst og fremst af því umróti vegna tækniframfara sem nú á sér stað á sviði útvarpsmála, bæði hljóðvarps- og sjónvarpsmála. Útsendingar hljóðvarps eru orðnar mjög einfaldar og ódýrar og tala má um byltingu á sviði sjónvarps þar sem er þróun myndbandakerfa og dreifing sjónvarpsefnis um kapalkerfi. Loks ryður nú dreifing sjónvarpsefnis um gervihnetti sér rúms.

Sums staðar fer um þessar mundir fram ýmiss konar tilraunastarfsemi varðandi skipan útvarpsmála, einkum í löndum þar sem ríkið hefur hingað til haft einkarétt á útvarpi. Mál eru hins vegar í deiglunni og lög enn með gamla laginu. Endurskoðun útvarpslaga hér á landi hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á mati á aðstæðum heima fyrir. Við getum ekki að ráði sótt fyrirmyndir í lög nágrannaþjóða. Engu að síður er nauðsynlegt að hafa nokkurt yfirlit um stöðu mála erlendis og er það sem hér fer á eftir tilraun í þá átt. Fyrst verður vikið að Norðurlöndum og þá ítarlegast fjallað um Svíþjóð, þar sem tilraunir um breytta skipan hafa verið í gangi um nokkurra ára skeið. Byggt er á útvarpslögum og reglugerðum Norðurlanda svo og greinargerðum og fréttum sem ég hef haft undir höndum.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð hefur „Sveriges Radio" einkarétt á útvarpi. Skiptist stofnunin í fjóra hluta, þar sem eru hljóðvarp, sjónvarp, landshluta- eða héraðsútvarp og loks fræðsluútvarp. Skipan mála er svipuð annars staðar á Norðurlöndum. Af atriðum sem eru frábrugðin tilhögun hérlendis má nefna, að hér er hvorki landshluta- né fræðsluútvarp, auglýsingar eru bannaðar hjá sænska útvarpinu og útvarpsráð hefur þar einungis afskipti af dagskrá eftir á.

Í maí 1978 voru í Svíþjóð samþykkt lög um „närradio" („lag om försöksverksamhet med närradio"). Í lögunum var gert ráð fyrir tilraunum með „närradio", þ. e. staðbundnar útvarpssendingar, er standa skyldu til 30. júní 1981. Hljóðvarpssendingar voru leyfðar jafnt þráðlausar sem um þráð, en sjónvarpssendingar einungis um þráð eða kapal. Aðilar, sem þess óskuðu, skyldu leita leyfis hjá stjórnvöldum til útvarpssendinga, og reyndist vera um að ræða félög eða samtök hugsjónalegs, stjórnmálalegs eða trúarlegs eðlis eða þá verkalýðsfélög og félög innflytjenda. Hafa m. a. Íslendingafélög í Svíþjóð tekið þátt í „närradio".

Af þessu má ráða að þarna er ekki um að ræða útvarpsstöðvar með almennri dagskrá allan daginn, heldur stöðvar, er þjóna ákveðnum hópum, e. t. v. aðeins 1—2 klst. á dag, og eru þær ekki bundnar skilyrðum um hlutleysi eða málefnalega umfjöllun. Auglýsingar eru ekki leyfðar í „närradio".

Ég hygg að óhætt sé að fullyrða að hugmyndin með „närradio" sé nokkuð fjarri almennum óskum um fjölbreyttari útvarpsrekstur hér á landi og allt annars eðlis en t. d. landshluta- eða héraðsútvarp.

En hvernig hafa nú Svíar tekið þessari tilraun? Ég læt hér flakka með nokkrar tölur teknar úr tímaritinu „Uke omkring NRK", nr. 35/1981, þar sem segir frá skýrslu eins af framkvæmdastjórum „Sveriges Radio" um þetta efni. Eru tölurnar miðaðar við 30. nóv. 1980.

Í „närradio" tóku þá þátt 341 félag á 15 stöðum í landinu. Um 26% þessara félaga voru trúarlegs eðlis, 19% stjórnmálasamtök, 7% innflytjendur og 4% íþróttafélög. Hvað varðar senditíma reyndust 45% hans notuð fyrir trúarlegt efni.

Óhætt er að fullyrða að Svíar hafa ekki tekið þessu formi útvarps vel. Um 70% hlustenda höfðu alls ekki hlustað á „närradio", 14% höfðu hlustað einu sinni í viku, en aðeins 3% 5—7 daga í viku.

Um þessar mundir fara fram umræður í Svíþjóð um framtíð þessa útvarpsforms. Ríkisstjórnin hefur haft í hyggju að leggja fram frumvarp þess efnis að það verði til frambúðar. Mörgum finnst reynslan hins vegar ekki nógu góð og vilja breytt form. Verður fróðlegt að fylgjast með þróun málsins.

Það þarf vart að taka fram að í Svíþjóð, svo sem í mörgum öðrum Evrópulöndum, fer einnig fram umræða um not sjónvarps um gervihnetti. Um þróun sendinga um gervihnetti er fjallað í annarri greinargerð vegna endurskoðunar útvarpslaga og skal ekki farið inn á það svið hér. Ég vil einungis vekja athygli á greinargóðri skýrslu frá „Sveriges Radio" um þau mál frá febrúar 1982. Nefnist hún: „Mottagning och vidareutsändning via kabel av satellitdistribuerade tv-program".

Noregur.

Í upphafi 1. greinar norsku útvarpslaganna er kveðið á um einkarétt „Norsk Rikskringkasting" til útvarps, hvort sem er hljóðvarp, sjónvarp eða landshlutahljóðvarp. Síðar í sömu grein segir, að konungur geti við sérstakar aðstæður („i særlige tilfelle") gefið öðrum leyfi til takmarkaðrar útvarpsstarfsemi.

Í Noregi hafa um langt skeið farið fram miklar umræður um afnám einkaréttar. Engin breyting hefur verið gerð á útvarpslögunum, en veruleg hreyfing komst þó á málið, er ríkisstjórn Kåre Willoch settist að völdum. Ákvað hún í desember 1981 að notfæra sér

framangreinda heimild til frávika frá einkarétti og veita fleiri aðilum leyfi til útvarpsreksturs til reynslu. Leyfi til hljóðvarpssendinga í stíl við „närradio" í Svíþjóð fengu 32 aðilar í Osló, Stavangri, Bergen, Þrándheimi og fáeinum smærri stöðum. Stavangur skar sig úr með 15 leyfi og ber þar langmest á trúarlegum samtökum. Þó má einnig nefna Amnesty International og samtök hreyfihamlaðra. Í Osló má nefna blaðamannaháskólann, í Bergen stúdentasamtök og jassklúbb og í Þrándheimi hægri sinnað stúdentafélag og rautt kosningabandalag.

Þrír umsækjendur fengu leyfi til að sjónvarpa um kapalkerfi og loks fengu sex umsækjendur leyfi til að taka við sendingum frá evrópska gervihnettinum OTS og dreifa til notenda.

Þær stöðvar, sem þannig hafa fengið leyfi til útsendinga um skeið, mega ekki nota auglýsingar sem tekjulind.

Of snemmt er að draga ályktanir af þeirri reynslu sem fengist hefur af þessum útsendingum. Stjórnvöld hafa nú sett á laggirnar tvær nefndir. Á önnur að fjalla um framtíð „närradio"-sendinga, en hin um kapal-sjónvarp. Enn heyrist hins vegar ekkert um lagabreytingar.

Danmörk.

„Danmarks Radio" hefur einkarétt á útvarpi í Danmörku og er skipan mála þar því með svipuðu sniði og í Svíþjóð og Noregi. Minna hefur borið þar á tilhneigingum til breytinga en víða annars staðar, ef marka má þau gögn sem ég hef séð. Tilraunir nágrannaþjóðanna hljóta þó að hafa vakið nokkra athygli.

En nú eru tilraunir einnig nýhafnar í Danmörku. Hefur menningarmálaráðherrann veitt 75 aðilum leyfi til útvarpsreksturs og er skiptingin þannig, að 53 hafa óskað eftir að hljóðvarpa, en 22 vilja sjónvarpa. Sé þessi tilraunastarfsemi, sem standa á í þrjú ár, borin saman við það sem við höfum frá Svíþjóð og Noregi vekur tvennt einkum athygli. Í Danmörku veitir menningarmálaráðuneytið talsverða styrki til þessara útsendinga, eða samtals 5 milljónir d. kr. Einnig er það skilyrði sett fyrir leyfum, að danska útvarpsráðið veiti hverri stöð viðurkenningu áður en útsendingar hefjast. Meðal stöðva sem leyfi hafa fengið kennir margra grasa eins og í Noregi og Svíþjóð, og má segja að „närradio" sé í raun útvarp margbreytilegra félaga, en hver stöð njóti hins vegar lítillar hlustunar.

Finnland.

Í Finnlandi mun skipan útvarpsmála svipa nokkuð til þess sem gerist á öðrum Norðurlöndum með frávikum þó. Ein stofnun „Oy Yleisradio Ab" mun að mestu hafa á hendi rétt til útvarps þar í landi samkvæmt samningi við stjórnvöld sem endurnýjaður er á nokkurra ára fresti. Þó hefur þessi stofnun rétt til að semja við fyrirtækið „Oy Mainos TV-Reklam Ab" um samvinnu við gerð dagskrár og auglýsinga í sjónvarpi, en auglýsingar eru aðeins leyfðar í sjónvarpi.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt starfar í Helsinki einkafyrirtækið „Helsinki-TV", sem sér um útsendingar sjónvarpsefnis um kapalkerfi þar í borg. Þetta fyrirtæki hafði leyfi stjórnvalda til tilrauna með móttöku á bresku sjónvarpsefni um OTS-gervihnöttinn nú í vor. Hins vegar óskaði samgönguráðuneytið finnska eftir því að tilraunir yrðu stöðvaðar, þar eð ekki væri eðlilegt að hafa þær í gangi meðan verið væri að undirbúa lög um kapal-sjónvarp. Hér er enn eitt dæmi um að hreyfing sé á þessum málum, án þess þó að endanleg niðurstaða um frambúðarlausn sé fundin.

Bretland.

Að beiðni útvarpslaganefndar samdi Stefán Jón Hafstein fréttamaður skýrslu: „Um útvarp og sjónvarp á Bretlandi", nefndarmönnum til fróðleiks. Hér eru ekki tök á að rekja efni þessarar ágætu skýrslu að neinu gagni, og læt ég nægja að fá að birta orðrétta upphafsmálsgrein hennar, þar sem Stefán Jón einmitt dregur í fáum orðum saman, hvernig uppbyggingu útvarps á Bretlandi er varið:

„Grundvallaratriði í uppbyggingu sjónvarps og útvarps á Bretlandi er tvíveldi. Annars vegar er British Broadcasting Corporation (BBC), en hins vegar Independent Broadcasting Authority (IBA). BBC er svonefnd opinber sjálfseignarstofnun, IBA er opinbert yfirvald einkastöðva sem gefið er leyfi til að útvarpa og sjónvarpa á ákveðnum svæðum Bretlands. Báðum kerfum er í raun miðstýrt. BBC rekur sínar stöðvar og setur þeim starfsreglur, IBA leigir út dreifikerfi til einkaaðila sem eru háðir leyfum og reglum sem IBA setur. Ráðuneyti skipa æðstu „stjórnendur" BBC og IBA, sem bæði eru háð lögum og leyfum sem þing setur. Bæði kerfin eru því undir miðstýrðu eftirliti. Þau keppa beint um sjónvarpsáhorfendur: bæði sjónvarpa á landsvísu. Þau keppa óbeinlínis um útvarpshlustendur, BBC útvarpar aðallega á landsvísu, einkastöðvar eru allar staðbundnar. Kerfin keppa ekki beinlínis um fjármagn. BBC er háð ákvörðun yfirvalda um afnotagjöld, IBA stöðvar fá tekjur af auglýsingum."

Við þessi orð má bæta, að á Bretlandseyjum fer nú fram umræða um kapalvæðingu landsins. Mun ríkisstjórn Margrétar Thatchers hafa á prjónunum áform um að allar borgir á Bretlandi fái kapla með a. m. k. 30 rásum hver. Þar með fjölgar kapalstöðvum og dreifing efnis frá gervihnöttum eykst. Sennilegt er að eftirlit með slíkum stöðvum hljóti að verða mun minna en eftirlit með BBC og IBA stöðvum er nú. Nú munu kapalstöðvar þjóna um 1,5 milljónum heimila á Bretlandi með 4-6 rása köplum, og eru stöðvarnar skyldar að dreifa sjónvarpsefni BBC og IBA. Af þessu sést að einnig á Bretlandi er nokkurra breytinga að vænta.

Frakkland.

Í Frakklandi munu undanfarin ár hafa verið miklar deilur um skipan útvarpsmála og ekki síður um dagskrárefnið. Ríkisstjórn Mitterrands mun frá upphafi hafa ætlað sér að breyta heildarskipan þessara mála.

Útvarpi í Frakklandi hefur í raun verið þannig háttað að „Téle Diffusion de France" hefur einkarétt á útsendingum, en fjögur fyrirtæki hafa einkarétt á dagskrárgerð. Frávik frá þessu hafa að nokkru verið leyfð eftir 1978, einkum fyrir kapalstöðvar, en lög hafa mjög takmarkað slíkar leyfisveitingar. Þótt ný heildarlöggjöf um útvarp hefði þá ekki enn litið dagsins ljós, var með lögum í nóvember 1981 ákveðið að leyfa einkaaðilum útvarp á FM-bylgjum gegn ákveðnum skilyrðum. Eingöngu var um að ræða hljóðvarpsstöðvar sem næðu yfir 30 km eða minna, og mátti ekki vera um útvarp í gróðaskyni að ræða, enda auglýsingar bannaðar. Ætlunin var að þessi lög féllu síðan inn í nýja heildarlöggjöf. Svo fór að ný lög um hljóðvarp og sjónvarp voru samþykkt í lok júlí 1982. Er þar gert ráð fyrir að losa um tengsl framkvæmdavalds og ríkisfjölmiðla. Verður æðsta vald í útvarpsmálum í höndum 9 manna nefndar. Einnig er gert ráð fyrir veitingu leyfa til landshluta- eða héraðsútvarps. Auglýsingaútvarp er þó enn bannað á vegum einkaaðila.

Öllum mun ljóst að langt mál mætti rita um skipan útvarpsmála í þeim löndum sem þegar hafa verið nefnd, og enn mætti nefna mun fleiri lönd. Hér læt ég þó staðar numið og undirstrika að markmið mitt var það eitt að draga saman og vekja athygli á nokkrum forvitnilegum meginatriðum, hvað varðar stöðu mála í þeim löndum sem hér hafa verið nefnd.

Hafnarfirði, í ágúst 1982.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir, Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kW,
b. þeirra aðilja sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðilja sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kW, þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Áður en leyfi skv. 3. gr. er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kW, sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Í 1. tl. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ komi: allt að 200 kW.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m. a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar".

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu."

Nefndarálit minni hlutans, Páls Pétursson alþingismanns, og lögfræðilegt álit er því fylgdi, er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi, en álit meiri hlutans fylgir hér á eftir í heild sem greinargerð með frumvarpi þessu sem nefndin samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Gengið hefur verið úr skugga um að núverandi ríkisstjórn hyggst ekki taka þetta upp með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi.

Flutningsmenn taka hins vegar undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frumvarpsins, e. t. v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Hér fara á eftir athugasemdir þær sem meiri hluti nefndarinnar lét fylgja með frumvarpsdrögunum í áliti sínu:

„Með bréfi dags. 9. apríl 1979 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður. Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli

Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi hjá Orkustofnun. Þegar Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 fól hann Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn. Í byrjun júní 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi og lauk hún störfum 21. september 1981. Skoðaði hún fjölda gagna er varða virkjunarréttindi fallvatna og leitaði álits hjá sérfræðingum. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilaði Páll Pétursson alþingismaður séráliti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeiganda haldist til virkjunar allt að 200 kW. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim, sem virkjunarheimildir hafa, veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að ráðherra geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir á þeim hafa tekið. Þar segir í 2. gr.: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Og í 1. tl. 49. gr. segir: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Forsaga vatnalaganna er í stórum dráttum sú að í byrjun aldarinnar voru sett lög nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi og eignarnám á þeim o. fl. Árið 1917 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að fjalla um setningu heildarlöggjafar um nýtingu vatns hér á landi. Nefndist sú nefnd fossanefnd og skipuðu hana Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson. Varð ágreiningur í nefndinni um hversu víðtækur réttur til nýtingar á vatnsréttindum ætti að fylgja landareign. Meiri hluti (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að vatnsréttindi ættu að meginstefnu til að vera í eigu ríkisins, þar með talin virkjunarréttindi að mestu leyti, en vissar hagnýtingarheimildir ættu að fylgja landareign. Minni hlutinn taldi hins vegar að réttur til hagnýtingar á vatni ætti alfarið að fylgja landareignum.

Frumvarp, sem byggði á meirihlutaáliti fossanefndar, náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið bæði meiri og minni hlutans voru sameinuð í einu frumvarpi með þeim árangri sem að ofan greinir, þ. e. að vissar nýtingarheimildir eru taldar upp í vatnalögum varðandi virkjunarréttindi. Þær voru þó háðar verulegum takmörkunum, m. a. að leyfi ráðherra þurfti til að virkja flestöll vantsföll, þ. e. sem voru meiri en 500 eðlishestöfl (368 eðliskílówött eða 3,22 GWh/ári af náttúrulegri orku). Þessar heimildir voru síðan verulega takmarkaðar með raforkulögum, nr. 12/1946, þar sem kveðið var á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 100 hestöfl (74 kW). Ákvæði þessi voru rýmkuð með núverandi orkulögum, nr. 58/1967, þar sem einkarétti

ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver var aflétt, en leyfi ráðherra þarf til slíkra framkvæmda ef virkjun er stærri en 200 kW. Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á stærð fallvatna annars vegar (skv. vatnalögum) og stærð raforkuvers hins vegar (skv. orkulögum). Þar sem 49. gr. vatnalaga hefur ekki verið numin úr gildi þarf enn leyfi ráðherra til þess að virkja öll fallvötn sem hafa meira afl en 500 eðlishestöfl.

Margþættar ástæður leiddu til þess að Alþingi samþykkti árið 1923 að virkjunarréttur skyldi fylgja landareign. Ein ástæðan var eflaust sú að Norðmenn settu sambærilega löggjöf 14. desember 1917. Síðan hafa Noregur og Ísland haft nokkra sérstöðu í heiminum hvað þetta efni varðar. Einar Arnórsson prófessor skilaði langri og ítarlegri greinargerð um vatnsréttindi á Íslandi þar sem hann rakti helstu lagaákvæði er snertu þau mál frá upphafi byggðar. Niðurstaða hans var að landareign fylgdu ekki virkjunarréttindi utan tiltekinna þröngra nýtingarheimilda. Byggði meiri hluti fossanefndar á þeirri niðurstöðu. Ýmsir aðrir töldu hins vegar tillögu meiri hlutans vega að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Varla hefur það þó haft mikil áhrif á niðurstöðu Alþingis þar sem greinargerð Einars Arnórssonar prófessors virðist taka af allan vafa um að svo var ekki. Ein mikilvægasta ástæðan fyrir niðurstöðu þingsins var e. t. v. sú að Alþingi taldi að með því að láta virkjunarréttindi fylgja landareign mundi það hvetja einstaklinga til þess að virkja fallvötn landsins þjóðinni í hag en láta ekki þá skyldu hvíla á ríkinu. Frá þessum tímum hafa orðið miklar breytingar og forsendur nú allt aðrar en þá. Þróunin hefur orðið sú að virkjun fallvatna hefur fallið í hlut opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Miðar frumvarp þetta að því að auðvelda opinberum aðilum að þjóna almannahag á mikilvægu sviði orkumála með því að virkja fallvötn til raforkuframleiðslu án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga.

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 er vatnalögin voru sett. Með frumvarpi þessu takmarkast þó virkjunarréttindi við 200 kW sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsþarfa. Ráðherra er heimilt að ráðstafa því, sem umfram er, bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögum brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnarkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heimilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (*Eignaréttur,* bls. 34—5) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf ... „Af því... er ljóst, að þeim [ákvæðum 67. gr. stjskr.] var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd ... En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmuni gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrengingsleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, myndi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmiss konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjskr. 67. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr."

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o. fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir Ólafur Lárusson (*Eignaréttur,* bls. 35): „...að takmörkunin sé

almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis".

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frumvarpi þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunarinnar séu almenns eðlis, þ. e. að auðvelda orkuöflun í almannaþágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eingartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og vega þau síðan og meta í heild, t. d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o. s. frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t. d. ef styrjaldarhætta eða stríðsástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frumvarps brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frumvarpið ekki til virkjunar allt að 200 kW. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kW eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flestallar vera undir 100 kW að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frumvarpið nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga, nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kW.

Að auki er í frumvarpinu mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur.

Á undanförnum árum og áratugum hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t. d. settu Norðmenn lög nr. 21 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landsvæði, og þess hluta landgrunns sem háð er einkaeignarrétti, er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. maí 1950, þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðanjarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaaðilum, tilheyrðu ríkinu án bóta til landeigenda. Lög þessi hafa verið túlkuð svo að þau nái einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (The Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeign án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda.

Rétt þykir að minnast hér á skoðanir sem fram hafa komið hérlendis um rétt ríkisins til þess að lýsa eignarrétti sínum yfir jarðhita með löggjöf fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeigenda, en þar er að finna vissa hliðstæðu við virkjunarréttindi.

Í vatnalögum nr. 15/1923 segir að landeigandi megi hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni með þeim takmörkunum sem lögin tilgreina. Sambærileg ákvæði voru sett í lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og síðar í orkulög, nr. 58/1967. Árið

1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita þar sem kveðið var á um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða er sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Fylgdi því ítarleg greinargerð um eignar- og umráðarétt að jarðhita eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti. Segir þar m. a.: „Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t. d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenzkum lögum." Niðurstaða Ólafs er „...að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita, sem til landareignar heyrir [þ. e. til heimila og búsþarfa], og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign ... Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar."

Telur hann að löggjöf, er kveði á um að eignar- og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeiganda, brjóti ekki í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Þótt nýting jarðhita og fallvatna til orkuframleiðslu sé um margt ólík eru viss meginsjónarmið varðandi eignarrétt að þeim sambærileg, svo sem þau sem fram koma hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að orku fallvatna og nýtingu hennar. Þó eru vissar nýtingarheimildir annarra aðila heimilaðar, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram vissar takmarkanir á eignarumráðum ríkisins yfir virkjunarréttindum fallvatna. Fyrst er þess að geta að þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvötnum, halda að sjálfsögðu þeim réttindum. Að auki eru gerðar þrjár takmarkanir á eignarráðum ríkisins:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til fylgi landareignum réttur til nýtingar vatnsafls til raforkuframleiðslu vegna heimilis- og búsþarfa. Mörkin eru miðuð við 200 kW sem samsvarar því afli sem nú má virkja leyfislaust, sbr. gildandi orkulög.

Í öðru lagi halda þeir, sem hafið hafa virkjunarframkvæmdir, réttindum til nýtingar þeirri orku sem þeir hafa ætlað sér að virkja.

Í þriðja lagi er umráðamönnum virkjunarréttinda veittur viss frestur, 10 ár frá gildistöku laganna, til þess að nýta þau réttindi sem þeir hafa. Gert er ráð fyrir að þessi frestur geti í sumum tilfellum lengst fram yfir 10 ár ef virkjunarframkvæmdunum gat lokið fyrir þann tíma, en þær dregist af óviðráðanlegum ástæðum. Lengist þá fresturinn sem töfinni hefur numið. Með „óviðráðanlegum ástæðum" er hér átt við „force majeure", þ. e. náttúruhamfarir, stríð, verkföll o. s. frv.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi fyrir stærri virkjunum en 200 kW með þeim skilyrðum sem hann telur eðlilegt að setja, sbr. 5. gr. Um veitingu slíkra leyfa gilda til uppfyllingar ákvæði vatnalaga, sbr. 8. gr. Tekið er fram að leyfi skv. þessari grein geri sérstakt leyfi óþarft fyrir vatnsmiðlanir vegna virkjunar, en kveðið er á um slík leyfi í vatnalögum.

Grein þessari er ekki ætlað að breyta ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um leyfi Alþingis fyrir stærri virkjanir en 2000 kW.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er reynt að tryggja að sem fyllstar upplýsingar um umhverfis- og náttúruverndarmál liggi fyrir við ákvörðun um leyfisveitingu til byggingar virkjunar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að leyfi skv. 3. gr. megi binda nauðsynlegum skilyrðum, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að landeigendur og aðrir rétthafar eigi rétt á bótum vegna tjóns er þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmda og aðgerðum sem þeim eru samfara, t. d. jarðrask, óþægindi o. fl. Að sjálfsögðu geta aðilar eftir atvikum samið um uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla. Þá er kveðið á um að þeir eigi rétt á bótum fyrir virkjunarréttindi, allt að 200 kW, sbr. a-lið 2. gr. Ef eignarnám fer fram skal það fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting sem nauðsynleg er á vatnalögum, nr. 15/1923, og leiðir af frumvarpi þessu. 1. tl. 49. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á vatnalögum eða orkulögum.

Um 8. gr.

Grein þessi felur í sér að ákvæði vatnalaga skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um gilda um nýtingu orku og vatns fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi 49. gr., VI. kafla, XIV. kafla, 140., 143. og 144. gr. laganna.

Í 49. gr. er fjallað um rétt landeiganda til að virkja á landi sínu og annarra sem við þeim heimildum hafa tekið. Hefur þetta ákvæði þýðingu fyrir virkjanir allt að 200 kW.

Í VI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsmiðlanir.

Í XIV. kafla laganna eru almenn ákvæði um vatnsvirki. Þar segir t. d. í 133. gr. 1. lið m. a. að áður en byrjað er að gera mannvirki eða vinna önnur verk, sem breytingum valda á vatnsborði, straumstefnu eða straummagni o. s. frv. skal tilkynna það ráðherra.

Í 143. og 144. gr. laganna er fjallað um meðferð vatnamála. Í c-lið 144. gr. segir m. a. að áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna er ákvörðun kann að varða o. s. frv.

Í 140. gr. vatnalaga er fjallað um mat bóta fyrir eignarnumin réttindi, en ákvæði um það efni er ekki að finna í lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

NEFNDARÁLIT UM VIRKJUNARRÉTT FALLVATNA.

Hr. Hjörleifur Guttormsson
iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

22. sept. 1981.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1979, skipuðuð þér, hæstvirtur iðnaðarráðherra, nefnd til þess að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður.

Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi í Orkustofnun.

Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 og fól þá Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn.

Í byrjun júlí 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi frá 22. maí 1979 til 21. september 1981, en þá lauk hún störfum. Skoðaði hún fjölda gagna varðandi virkjunarréttindi fallvatna og leitaði jafnframt álits hjá sérfræðingum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar". Er þar kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að til frambúðar haldist réttur landeiganda til virkjunar allt að 200 kW. Þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni, halda þeim rétti, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk þegar lögin eru sett. Þeim, er virkjunarheimildir hafa, er veittur 10 ára aðlögunarfrestur til að nýta sér þær heimildir áður en virkjunarrétturinn verður eign ríkisins. Felld eru inn í frumvarpsdrögin ákvæði orkulaga um að leyfi ráðherra þurfi fyrir virkjunum stærri en 200 kW. Því til viðbótar er kveðið á um að það leyfi feli einnig í sér heimild til að gera þær vatnsmiðlanir sem nauðsynlegar eru vegna virkjunarinnar. Sömuleiðis er kveðið á um að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs áður en slíkt leyfi er veitt og að ráðherra geti bundið leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón, eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmda. Í frumvarpsdrögunum er einnig að finna eignarnámsákvæði. Þá er 49. grein vatnalaga samræmd ákvæðum þessara laga, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að vatnalög standi óbreytt áfram.

Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.

Nefndin ræddi ítarlega á fundum sínum mismunandi leiðir til að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Meðal annars var það rætt hvort lögfesta mætti að slíkur réttur

skyldi vera eign ríkisins fortakslaust og án takmarkana. Leitaði nefndin álits Gauks Jörundssonar prófessors á því hvort slíkt teldist brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Var það álit hans að slík lagaákvæði yrðu ekki samrýmd 67. grein stjórnarskrárinnar ef ekki væri gert ráð fyrir bótum til eiganda. Með hliðsjón af því áliti meðal annars taldi nefndin rétt að stefna að takmörkuðum eignarrétti ríkisins sem þó næði því meginmarkmiði að þjóðarheildin geti nýtt þá miklu auðlind, sem vatnsorka landsins er, án þess að þurfa að greiða fyrir það stórar fúlgur til einstakra manna sem oftast missa einskis í við slíka nýtingu, en hafa stundum af henni margvíslegt hagræði. Eftir ítarlegar umræður og eftir að hafa skoðað ýmsar leiðir í því efni var niðurstaða meiri hlutans á þann veg sem rakið hefur verið hér að ofan. Samkvæmt henni verður vatnsorka landsins að meginhluta eign ríkisins og rétturinn til nýtingar hennar án þess þó að torvelda á nokkurn hátt eða trufla virkjunarframkvæmdir eigenda vatnsréttinda, innan þess ramma sem slíkum aðilum eru í gildandi lögum heimilaðar virkjanir án afskipta ríkisvaldsins. Langsamlega flestar einkarafstöðvar verða t. d. óháðar þessum nýju lagaákvæðum. Með þessu móti væntir meiri hlutinn þess, að höfðu samráði við ýmsa lögfróða menn, að lagafrumvarp þetta verði skoðað sem almenn takmörkun eignarréttar á vatnsréttindum, en ekki eignarupptaka, enda skerðir það ekki þá nýtingu vatnsréttinda sem eigendur þeirra, aðrir en ríkið, hafa í reynd hér á landi möguleika á, samkvæmt gildandi lögum og við þær aðstæður sem hér ríkja.

Varðandi sjónarmið minni hluta nefndarinnar í þessu efni vísast til sérálits hans.

Með þessu telur nefndin sig hafa leyst það verkefni sem henni var falið og leyfir sér að óska þess að verða leyst frá störfum.

Allra virðingarfyllst,
f. h. nefndarinnar
Jakob Björnsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

ÁLIT MINNI HLUTA VIRKJUNARRÉTTINDANEFNDAR FALLVATNA.

Samkvæmt meðfylgjandi texta í skipunarbréfi frá iðnaðarráðherra, dags. 9.4. 1979, tók ég undirritaður sæti í virkjunarréttindanefnd: „Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign."

Nefndin hóf störf og aflaði ýmissa gagna varðandi fyrirhugað verkefni sitt. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf kom þó í ljós að upphaflegur tilgangur með skipun nefndarinnar fékk ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, sjá m. a. greinargerð þá er dr. Gaukur Jörundsson samdi fyrir nefndina og fylgir hér með áliti minni hl. sem fylgiskjal. Greinargerð dr. Gauks sannaði það að ekki væri kleift eða réttlætanlegt að stofna til löggjafar sem svipti menn bótalaust eignum sínum, virkjunarrétti fallvatna á fullkomnum eignarlöndum, og stangaðist þannig á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, en í greinargerð próf. Gauks segir m. a.:

„Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga en þar segir meðal annars svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...""

Síðar segir í greinargerð próf. Gauks:

„Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur samkv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda".

Hins vegar hefði getað komið til álita að setja löggjöf um virkjunarrétt fallvatna „utan fullkominna eignarlanda“. Á það ber þó að líta að víða eru mörk óljós um það hvaða lönd skuli teljast „utan fullkominna eignarlanda“ og hugtakið „fullkomin eignarlönd“ er mjög teygjanlegt og ekki unnt að marka það með efalausum hætti hver þau landssvæði eru sem liggja „utan fullkominna eignarlanda“. Af þeirri ástæðu er óráðlegt að fara að setja lög um einhvern óskilgreindan hluta landsins þar sem í flestum tilfellum þyrfti að fá úr því skorið með dómi fyrst hvort lögin ættu við eða ekki og jafnvel búinn til vandi með hugtakinu „utan fullkominna eignarlanda“.

Meiri hluti nefndarinnar lét, þótt undarlegt megi virðast, hin skýru rök próf. Gauks Jörundssonar sem vind um eyru þjóta. Þess ber raunar að geta að einn nefndarmanna, próf. Björn Þ. Guðmundsson, óskaði að hætta störfum í nefndinni.

Meiri hlutinn, Jakob Björnsson, Bragi Sigurjónsson, Árni Reynisson og Guðmundur Vigfússon, tók sér fyrir hendur að setja saman frumvarp til laga, ekki samkvæmt ákvæðum samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar sem vildi vinna að því „að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“ heldur samdi meiri hlutinn „frumvarp til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar” en 1. gr. hljóðar svo: „Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr. ....“ Í 2. gr. kemur svo upptalning léttvægra undantekninga. Þetta tel ég að ekki hafi falist í skipunarbréfi nefndarinnar, hvað þá í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og engan veginn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, en þar er ekkert ákvæði um vatnsréttindi, heldur einungis sagt að „sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita“.

Ekki verður um það deilt að „virkjunarréttur fallvatna“ og „orka fallvatna“ eru tvö mismunandi hugtök og tel ég því að hugsjónir sumra nefndarmanna, og þá sérstaklega Braga Sigurjónssonar, hafi teymt meiri hlutann út í ógöngur.

Meiri hluti nefndarinnar lætur ítarlegar athugasemdir fylgja frumvarpi sínu og er þar gerð tilraun til að leiðrétta gerðir meiri hlutans. Ekki getur minni hlutinn með nokkru móti fallist á það viðhorf meiri hlutans, í fyrsta lagi, að hér sé ekki verið að brjóta í bág við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár; í öðru lagi að lög samkvæmt frumvarpi þessu geti komið til framkvæmda „án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga“ og í þriðja lagi þessi ályktunarorð meiri hlutans: *„Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum* ... (sjá athugasemdir við lagafrumvarp þetta). Þetta telur minni hlutinn léttvæga afsökun, að friðhelgi eignarréttar verði ómerkari vegna þess að á 18. öld hafi menn aðhyllst svipuð viðhorf. Minni hlutinn vill raunar minna á að samkv. Gamla testamentinu, 5. Mósesbók, 5. kafla, 19. og 21. versi, var sama hugsun lögð til grundvallar siðsamlegri breytni eins og býr að baki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar metin er þörf á lagasetningu eins og þessari er rétt að hafa það í huga að ef og þegar almannahagur krefst er ekkert því til fyrirstöðu að beita eignarnámi ef þurfa þykir. Hefur eignarnámi einnig verið beitt ótæpilega.

Hvað varðar almennan eignarrétt á afréttum landsins, þá tel ég að svo sé best tryggð skynsamleg og hófleg nýting og varðveisla afréttanna að eignarrétturinn sé áfram í höndum bænda eða samtaka þeirra. Þeir þekkja landið best og hafa næmasta tilfinningu fyrir því. Ég hef þess vegna aldrei verið þess fýsandi að láta undan þráfaldri ásókn þeirra manna sem hafa linnulaust reynt að ná eignarréttinum á landinu, gögnum þess og gæðum, úr höndum bænda.

Niðurstaða.

Samkvæmt framanrituðu sé ég ekki ástæðu til þess að setja lög í stíl við frv. það sem meiri hluti nefndarinnar aðhyllist. Um allar meiri háttar virkjanir þarf að setja sérstök lög hvort sem er, og þar er auðvelt að hafa eignarnámsákvæði ef þurfa þykir. Þess vegna er núverandi skipan fullnægjandi, en samkv. 54. gr. vatnalaga er ráðherra rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn virkjað eða óvirkjað til að virkja úr því orku til almenningsþarfa.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru enda engin áform um þessa lagasetningu.

Þá er að lokum spurningin um það hvort og hve mikið eigi að þrengja að rétti bænda á landinu til varðveislu og nýtingar þess og hvar eigi að nema staðar.

Reykjavík, 30. sept. 1981.
Páll Pétursson.

Fylgiskjal með áliti minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar og setningu löggjafar er lýsi réttindi til virkjunar vatna ríkiseign.

I.

Óskað hefur verið eftir því við mig undirritaðan að ég láti uppi álit mitt á því hvort 67. gr. ísl. stjórnarskrárinnar sé því til fyrirstöðu að sett verði löggjöf er lýsi rétt til virkjunar vatna ríkiseign án þess að bætur komi fyrir til landeigenda. Fer svar mitt hér á eftir.

II.

Um síðustu aldamót hófst fyrir alvöru umræða um löggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Í fyrstu snerist umræðan einkum um það hvort og þá að hve miklu leyti ætti að hindra útlendinga í að eignast vatnsréttindi hérlendis. Leiddi það til setningar laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., svonefndra fossalaga.

Fljótlega varð mönnum ljós nauðsyn á því að setja heildarlöggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Þegar á Alþingi 1917 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun fimm manna nefndar til að íhuga fossamál landsins, sbr. Alþt. 1917, A-deild, bls. 1489—1490 og 1545—1546, og B-deild, d. 2282—2296. Í samræmi við þingsályktun þessa var hinn 22. október 1917 skipuð nefnd, svokölluð fossanefnd, en í henni áttu sæti Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson.

Í fossanefndinni varð ágreiningur með nefndarmönnum um hve víðtækur réttur fylgdi og ætti að fylgja landareign til hagnýtingar á vatni. Meiri og minni hluti nefndarinnar skiluðu hvor um sig ítarlegu áliti á árinu 1919. Meirihlutinn (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að landareign fylgdu og ættu að fylgja aðeins tilteknar hagnýtingarheimildir sem skyldu í höfuðatriðum vera afmarkaðar í vatnalögum, en að öðru leyti væri ríkið aðili vatnsréttinda. Minni hlutinn (Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson) leit hins vegar svo á að landareignum einstaklinga fylgdi og ætti að fylgja réttur til hvers konar hagnýtingar vatns. Mestu máli skiptir að réttindi til hagnýtingar vatnsorku fylgdu ekki landareignum einstaklinga samkvæmt áliti meiri hlutans, andstætt skoðun minni hlutans.

Frumvarp til vatnalaga var lagt fyrir Alþingi 1919 og var síðan til meðferðar á hverju þingi uns frv. til vatnalaga var samþykkt á Alþingi 1923. Frumvarp það, sem lagt var fram á Alþingi 1919, var byggt á áliti meiri hluta fossanefndar, en þá þegar var talið ljóst að sú skipan vatnsréttinda naut ekki meirihlutafylgis á þingi. Fór svo að árin 1921 og 1923 var lagt fyrir Alþingi nýtt frumvarp til vatnalaga sem var byggt á meginsjónarmiðum minni hluta fossanefndar um tilhögun vatnsréttinda, en að öðru leyti hafði við samningu nýja frumvarpsins verið stuðst við álit bæði meiri og minni hluta nefndarinnar. Á Alþingi 1923 var þó gerð breyting í meðferð frumvarpsins á þingi er hafði í för með sér að lögin geyma upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um meiri háttar vötn er að ræða, en þar eru á hinn bóginn taldar allar helstu hagnýtingarheimildir, þar á meðal réttindi til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnal., en þar segir meðal annars svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...“

Ofangreindum réttindum landeiganda til hagnýtingar vatns til orkuvinnslu er hins vegar ýmis veigamikil takmörk sett bæði í vatnalögum og orkulögum.

III.

Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda. Þetta á þó að sjálfsögðu aðeins við vatnsréttindi sem fylgja landareign í einstaklingseign samkvæmt gildandi lögum og getur því gegnt öðru máli um afrétti og almenninga eins og vikið verður að í kafla IV. hér á eftir.

IV.

Í löggjafarstarfi og úrlausnum dómstóla hefur stundum verið gert ráð fyrir aðgreiningu milli (fullkominna) eignarlanda og landa sem eru afréttareign. Ef um er að ræða (fullkomið) eignarland þá á eigandi landið með öllum gögnum þess og gæðum, þar á meðal vatnsréttindum. Ef land er aðeins afréttareign ákveðins aðila, þá er þessi aðili aðeins talinn eiga upprekstrarrétt (beitarrétt), lax- og siglungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og ef til vill einhverjar aðrar nýtingarheimildir, sbr. t. d. 2. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en ekki vatnsréttindi almennt.

Í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 (hrd. 42.1137) kom fram að svonefndar Gullberastaðatungur á afrétti Andakílshrepps í Borgarfirði höfðu á sínum tíma verið hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi, en jörð þessi hafði verið seld Andakílshreppi á árinu 1898. Í þessum dómi Hæstaréttar var svo litið á að Andakílshreppur ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir þessu landi eins og hverju öðru fullkomnu eignarlandi. Um annað land, sem einnig liggur að vatninu, er hins vegar tekið fram í dóminum að ekki verði ráðið hvort það sé fullkomið eignarland Lundarreykjadalshrepps eða aðeins afréttareign. Að svo vöxnu máli var Lundarreykjadalshreppi aðeins dæmdur veiðiréttur í vatninu en ekki lagður dómur á kröfu hreppsins um vatns- og botnsrétt. Sömu sjónarmið koma fram í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 (hrd. 26.108), sbr. enn fremur dóm frá 29. apríl 1960 (hrd. 40.510).

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var fossanefndin sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna, sbr. Nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. IV. og 32, og Nefndarálit meiri hluta fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. frumvarps meiri hlutans og athugasemdir við þær greinar. Við undirbúning námulaga var byggt á því að ríkið eitt ætti rétt til jarðefna á landi í afréttareign, sbr. Alþt. 1971, A-deild, bls. 505-510 (þskj. 142).

Miðað við ofangreindar forsendur varðandi réttstöðu landa í afréttareign er 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki því til fyrirstöðu að í löggjöf sé því slegið skilmálalaust föstu að réttur til virkjunar vatns á slíkum löndum eða í almenningum sé þjóðar- eða ríkiseign. Hins vegar verður að telja ærna ástæðu til að kanna ýmis lögfræðileg vandamál sem þarna eru á ferðinni, m. a. það hvernig draga beri mörkin milli landa sem eru afréttarlönd og eignarlanda jarða í einstaklingseign.

Reykjavík, 14. janúar 1980.

Gaukur Jörundsson.

Nd. 7. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [7. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristófer Már Kristinsson.

1. gr.

24. gr. falli niður.

2. gr.

28. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 106. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er því endurflutt óbreytt. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Hér er á ferðinni sá hluti tillagna Bandalags jafnaðarmanna sem fjallar um að auka stöðugleika í þingstörfum og treysta löggjafarþátt Alþingis.

Í fyrstu grein er lagt til að felldur verði niður þingrofsréttur forseta. Í annarri grein er lagt til að afnuminn verði réttur til útgáfu bráðabirgðalaga.

Breytingarnar eiga það sameiginlegt að koma í veg fyrir óeðlilega íhlutun ríkisstjórnar í störf þingsins. Sú fyrri afnemur rétt ráðherranna til að senda þjóðkjörið Alþingi heim og hin seinni útilokar að ríkisstjórnin setji lög að löggjafarsamkomunni fornspurðri.

Þingrofsréttur forseta er arfur frá þeim tíma er almenningur þurfti að sækja rétt sinn í hendur erfðakónga og einræðisherra. Ef í odda skarst milli þings annars vegar og þjóðhöfðingja eða ríkisstjórna hins vegar gátu þeir síðarnefndu rofið þing og þar með ógilt umboð þingmanna sem þó voru kosnir af þjóðinni.

Ákvæði um þingrof hafa aldrei verið í norsku stjórnarskránni og eru alls ekki óhjákvæmilegur þáttur í framkvæmd lýðræðis. Það er raunar augljóst að þetta vald samrýmist ekki seinni tíma hugmyndum um samskipti þings og stjórnar.

Ágreiningsmál, sem kunna að koma upp á milli þessara aðila, verður að leysa með samningum án þess að handhafar framkvæmdavaldsins hóti þingmönnum með svipu þingrofsins.

Efnahagskerfi þjóðarinnar er flókið og viðkvæmt. Þar er lífsnauðsyn að hægt sé að gera góðar framtíðaráætlanir og spár. Slíkar áætlanir eru komnar undir því trausti sem menn telja sig geta haft á frambúðargildi stjórnvaldsathafna. Sú óvissa um aðgerðir stjórnvalda, sem þingrofsmöguleikanum fylgja, er eitur á gróandann í efnahagslífinu.

Þau tilefni, sem gjarnan eru notuð til að réttlæta þingrof, eru engin þess eðlis að ekki megi bregðast við þeim á annan og nútímalegri hátt. Ef stjórnvöldum þykir ástæða til að leita álits kjósenda á mikilvægum málum sem koma upp á kjörtímabili þings er unnt að skjóta þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að til þingrofs þurfi að koma.

Þess má geta að handhafar forsetavalds geta rofið þing. Í því sambandi er athyglisvert fræðanna vegna að minnast þess ástands sem ríkti á Íslandi sumarið 1983. Þá synjaði ríkisstjórn nýkjörnu þingi um að koma saman og tveir handhafar forsetavaldsins af þremur sátu í ríkisstjórn.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar, sem gefin var út í janúar 1983, er lögð til sú meginbreyting að ekki verði unnt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs.

Með hliðsjón af framangreindu um áhrif óstöðugleika í stjórnarathöfnum, kúgunaráhrif þingrofssvipunnar og að auki það ægivald, sem ríkisstjórnir hafa yfir þingflokkum sínum, telja flutningsmenn þessa frumvarps að tillögur stjórnarskrárnefndar gangi of skammt.

Frumkvæði Alþingis í lagasetningu hefur að talsverðu leyti glatast. Orsakir þess eru vafalaust margar, en nefna má þessar:

A. Yfirburðaaðstaða ráðherra til gagnasöfnunar og tæknilegrar úrvinnslu leiðir til þess að sífellt stærri hluti löggjafarvaldsins er framseldur til ráðuneyta. Þetta gerist bæði með samþykkt þingsályktunartillagna og ákvæðum í lögum um reglugerðasmíð embættismanna.
B. Ríkisstjórnir hafa misnotað meira en aldargamalt ákvæði í stjórnarskrá um setningu bráðabirgðalaga.

Þetta frumvarp miðar að því að ná hluta frumkvæðisins til lagasetninga aftur til þingsins með því að afnema rétt framkvæmdavaldsins til setningar bráðabirgðalaga.

Rétturinn til að setja bráðabirgðalög á rætur sínar að rekja til þess tíma er þing starfaði aðeins tvo mánuði á ári og þá einungis annað hvert ár. Þá var augljóst að stjórnkerfið vann ekki án þessa réttar, enda hafa ákvæði um þetta staðið í stjórnarskrá síðan hún var sett 1874. Auk þessa voru samgöngur erfiðar á landinu og sambandsleysi milli manna og landshluta. Þótt ástæður hafi þannig verið ærnar fyrir heimildarákvæði sem þessu voru engu síður gerðar þær kröfur í stjórnarskránni að **brýna nauðsyn** þyrfti að bera til setningar bráðabirgðalaga. Þær fórnir, sem alþýða álfunnar færði til að sækja lýðréttindi sín í hendur valdastéttanna, voru lagasmiðunum í fersku minni. Því var þá, fyrir rúmum hundrað árum, áskilið að einungis í undantekningartilfellum, þ. e. þegar **brýna nauðsyn** bæri til, væri þjóðhöfðingjum og ríkisstjórnum leyfilegt að setja lög.

Ekki leikur hinn minnsti vafi á því að ríkisstjórnir hafa á síðari árum misnotað þennan rétt stórkostlega. Þær hafa böðlast áfram í bráðabirgðalagasetningum og alls ekki virt hina gömlu varúðarreglu um nauðsynina. Raunar er svo komið að ríkisstjórnum virðist kærast að setja stórvirk lög um efnahagsmál í þinghléum eða milli þinga. Þannig eru þingmönnum meinuð eðlileg skoðanaskipti um kosti og lesti laganna fyrr en eftir gildistöku þeirra þegar menn standa frammi fyrir þeim sem gerðum hlut. Á þennan hátt eru fundir þingflokka ríkisstjórna fyrir luktum dyrum í bakherbergjum þingsins látnir koma í stað þinglegrar meðferðar.

Augljós dæmi um misnotkun þessarar heimildar eru frá sumrinu 1983 þegar bráðabirgðalög voru sett um stóra hluti og smáa, allt frá afnámi lýðréttinda til tollmeðferðar á gráfíkjum.

Ef svo stór tilefni gefast að ástæða þykir til að bregðast við með lagasetningu er augljóst að tilefnið er einnig nægilega stórt til að þjóðkjörið Alþingi sé kallað saman. Slíkt er nú hægt að gera með örstuttum fyrirvara án nokkurs kostnaðarauka. Neyðarréttur stjórnvalda er ávallt í gildi ef bráða atburði ber að, t. d. styrjöld. Það er því ljóst að bráðabirgðalög eru hvorki siðferðilega réttlætanleg né nauðsynleg stjórnkerfisins vegna.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá janúar 1983 er lögð til breyting á 28. gr. stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalög. Raunverulega er vald stjórnar til slíkrar lagasetningar ekki þrengt samkvæmt tillögu nefndarinnar heldur eru lagðar til breytingar á meðferð mála. T. d. er þar kveðið á um að efni bráðabirgðalaga skuli kynnt fyrir þingnefnd áður en lögin eru sett og að lögin skuli lögð fyrir þing í þingbyrjun.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem talin hafa verið upp hér að framan, telja flutningsmenn þessa frumvarps tillögu stjórnarskrárnefndar algerlega ófullnægjandi.

Því er hér lagt til að þetta gamla og úrelta ákvæði verði fellt úr stjórnarskrá lýðveldisins.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Kristófer Már Kristinsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. greinar laganna geta launþegar (vinnuseljendur), sem taka laun hjá sama atvinnurekenda (vinnukaupanda), stofnað félag á vinnustað sem hafi með samninga að gera og taki í einu og öllu við réttindum og skyldum stéttarfélaga. Þetta getur gerst að undangenginni skriflegri og leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem $^2/_3$ hlutar þátttakenda hafa lýst sig samþykka þessu fyrirkomulagi, enda starfi fleiri en 25 launþegar á vinnustaðnum.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

2. gr.

Þar sem í lögum þessum eru nefnd stéttarfélög komi: stéttarfélög og vinnustaðafélög.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest skulu lög nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með áorðnum breytingum, gefin út með fyrirsögninni: Lög um stéttarfélög, vinnustaðafélög og vinnudeilur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 106. löggjafarþingi og er nú flutt óbreytt. Frumvörp sama efnis voru flutt á 103., 104. og 105. löggjafarþingi.

Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir einni meginbreytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur: Að launþegar á sama vinnustað (og þá er vinnustaður skilgreindur þannig að til hans teljist allir þeir sem taka laun sín hjá einum og sama vinnuveitandanum) geti ákveðið (þ. e. $^2/_3$ hlutar þeirra) að stofna eigið félag sem fari með samninga um kaup og kjör og önnur réttindi og aðrar skyldur sem stéttarfélag þeirra fór með áður, og þá skipti ekki máli hvers konar störf viðkomandi launþegi leysir af hendi.

Þetta þýðir að ef $^2/_3$ hlutar starfsfólks hjá Hagkaupum, Flugleiðum, Slippstöðinni á Akureyri eða hverju öðru atvinnufyrirtæki ákveða í skriflegri, leynilegri atkvæðagreiðslu að sjá sjálft um þessi mál, þá hafi það til þess heimild og réttindi og sé jafnframt laust allra mála, **ef það svo kýs,** gagnvart hinu hefðbundna stéttarfélagi sínu. Þetta þýðir einnig að félagið verður að kjósa sér stjórn og kjósa þá, sem fara með samninga, samkvæmt reglum sem félagið þá ákveður sjálft. Enn fremur þýðir þetta í raun að hið nýja félag semur um kaup og kjör (eða félagsleg réttindi eins og dagvistarmál) með þeim hætti, að gengið er frá samningum fólks, sem innir af hendi ólík störf á sama tíma, til sama tíma, þar sem taka verður tillit til launahlutfalls.

Leggja verður áherslu á að hér er verið að auka við réttindi launafólks sem það getur nýtt sér ef það vill, en þarf þó ekki að gera. Eins er verið að opna fyrir þann möguleika, að

betri samvinna og meiri skilningur verði milli þeirra, sem við fyrirtæki starfa, og hinna, sem það reka.

Ágreiningsmál geta risið um framkvæmd atkvæðagreiðslu, t. d. hvern rétt fólk, sem vinnur hlutastörf, skuli hafa. Eðlilegt þykir að félagsmálaráðuneyti skeri úr slíku með reglugerð.

Gert er ráð fyrir að þessi ákvæði laganna gildi um vinnustaði þar sem starfa 25 eða fleiri launþegar. Undirstrikað skal að þeirri tölu má breyta til hækkunar eða lækkunar að fengnum meiri upplýsingum. En slíkt ákvæði þarf að mati flytjenda að vera í lögunum til þess að tryggja rétt þeirra sem starfa við hin smæstu fyrirtæki.

Áður hefur fylgt frumvarpi þessu eftirfarandi greinargerð:

„Fyrsta spurning, sem vaknar þegar hugað er að svo róttækum breytingum á meira en 40 ára gömlum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eins og hér er verið að leggja til, er sú spurning, hvort það sé yfirleitt Alþingis að láta slík mál til sín taka, hvort með þessum hætti sé ekki verið að grípa inn í frjálsan félagarétt, eins og það stundum er kallað. Þessi spurning fjallar um grundvallaratriði í löggjafarstarfi. Vinnulöggjöf er háttað með ýmsu móti í hinum mismunandi löndum. Í Noregi t. d. er ítarleg vinnulöggjöf, sem setur ýmsar takmarkanir á báða bóga. Í Danmörku er hins vegar um litla beina löggjöf að ræða, heldur er fremur byggt á almennu samkomulagi með deiluaðilum um kaup og kjör. Almenn lagasetning getur einnig verið mismunandi. Alþekkt er, að í Bretlandi er engin stjórnarskrá, heldur er þar einungis byggt annars vegar á hefðum og hins vegar á almennri lagasetningu. Á hinn bóginn hafa Frakkar síðan í stjórnarbyltingunni miklu rekið ríki sitt með stjórnarskrá, sem þeir iðulega hafa breytt og stundum á mjög róttækan hátt. Í raun og veru er verið að takast á um sams konar grundvallaratriði, þegar menn velta því fyrir sér, hvort það sé löggjafans að skipta sér af lögum um samninga um kaup og kjör. Þeir, sem andvígir eru slíkum afskiptum, segja gjarnan, að svokallaður félagaréttur eigi að vera frjáls, en það þýðir, að löggjöfin skuli sem minnst afskipti hafa af slíku.

Hins vegar má leiða að því rök, að slíkur skilningur styðst ekki við sögulegan raunveruleika hér á landi. Núverandi skipun þessara mála á ekki stoð í náttúrurétti af neinu tagi, heldur í löggjöf, sem er eins og hvert annað mannanna verk og er undirrituð af dönskum konungi 11. júní 1938. Þegar lög um stéttarfélög og vinnudeilur voru endanlega samþykkt á Alþingi 1938, höfðu átt sér stað miklar deilur og pólitískar umræður um þessi lög og um þessa lagasetningu almennt og yfirleitt. Endanlega frumvarpið samdi nefnd skipuð tveimur Alþýðuflokksmönnum og tveimur framsóknarmönnum.

Nú ber að gæta þess, að deilur um þessi efni höfðu staðið lengi hér á landi. Framan af var það fyrst og fremst áhugamál Sjálfstæðisflokksins að setja vinnulöggjöf, og verkalýðshreyfingin, sem auðvitað var veik á fyrstu árum sínum, andmælti og hélt því fram, að slík vinnulöggjöf væri fyrst og fremst hugsuð til þess að setja hömlur á verkföll sem og aðrar kröfur verkalýðsstéttarinnar. Þá ber einnig að gæta þess, að það þarfnast nokkurrar skýrgreiningar, hvað átt er við þegar talað er um frjálst samningakerfi annars vegar og skipanir löggjafans á formi lagasetningar hins vegar. Það er söguleg staðreynd, að framan af er verkalýðshreyfingin fylgjandi frjálshyggju í þessum efnum, þ. e. hún vildi frjálsan samningsrétt og engin afskipti ríkisvaldsins af honum. Skýringar á þessu eru auðvitað þær, að á 19. öld og vel fram eftir 20. öld leit verkalýðshreyfingin svo á, að ríkisvald væri eðli málsins samkvæmt sér fjandsamlegt. Þegar verkalýðshreyfingin var að verða til var kosningarréttur víða takmarkaður, og kann það að skýra þessa sögu að hluta. Í orði kveðnu hefur verkalýðshreyfingin, m. a. af þessum ástæðum, ævinlega verið fylgjandi frjálsum samningum, þ. e. lágmarksafskiptum ríkisvalds og helst engum afskiptum. Þó hafa hugmyndir um þetta oft orðið nokkuð ruglingslegar, og nægir í því sambandi að vísa til nýlegrar umræðu hér á landi um það, hvort Alþingi skuli lögfesta sættir í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur.

En um vinnulöggjafarfrumvarpið á árinu 1938 urðu á þeim tíma miklar deilur og þá fyrst og fremst milli Alþýðublaðsins annars vegar og Þjóðviljans hins vegar. Til upplýsingar er fróðlegt að kynna sér rök, sem færð voru bæði með og á móti þessu frumvarpi til laga.

Í Þjóðviljanum, sem þá var málgagn Kommúnistaflokks Íslands, birtist forustugrein þriðjudaginn 15. febrúar 1938, sem hét **Vinnulöggjöfin.** Þar segir:

„Eitt af því, sem komandi þing ætlar að gleðja íslenska alþýðu með að þessu sinni, er vinnulöggjöf. Á undanförnum árum hefur íhaldið borið fram frumvarp um vinnulöggjöf þing eftir þing. Framsókn hefur nú að síðustu bugast fyrir kröfum íhaldsins og komið með sín frumvörp um vinnulöggjöf. En allar þessar kröfur íhaldsins og Framsóknar hafa strandað á sama skerinu, andstöðu alþýðu. Hins vegar hefur það verið ljóst í nokkuð langan tíma, að Alþýðuflokkurinn var langt frá því að vera óklofinn í málinu. Hinir íhaldssamari leiðtogar Alþýðuflokksins hafa í raun og veru verið fylgjandi vinnulöggjöf. Hins vegar hafa vinstri menn Alþýðuflokksins verið því mótfallnir, að samtök verkalýðsins væru hneppt í fjötra vinnulöggjafar og annarra þvingunarráðstafana. Kommúnistaflokkurinn hefur frá öndverðu verið mótfallinn vinnulöggjöf. Andstaðan gegn vinnulöggjöfinni hefur verið svo sterk innan verkalýðshreyfingarinnar, að á Alþýðusambandsþingi 1936 var það samþykkt, að vinnulöggjöf skyldi aldrei sett án samþykkis verkalýðsfélaganna.

Nú hefur það hins vegar gerst, að hægri foringjar Alþýðuflokksins hafa samið við Framsókn um vinnulöggjöf, sem á að hljóta staðfestingu næsta Alþingis. Hefur plaggi þessu verið laumað út á land, til verkalýðsfélaganna eða manna, sem hægri foringjarnir telja sér trygga innan þeirra. Lítur helst út fyrir að ætlunin sé sú að fá frumvarp þetta samþykkt í félögunum, áður en tími vinnst til þess að ræða málið. A. m. k. er það víst, að frumvarpinu fylgdu úr hlaði góðar fyrirbænir frá meiri hluta sambandsstjórnar og ósk um, að tillögur þessar verði á þennan hátt samþykktar. Munu hægri foringjar Alþýðuflokksins hugsa sér að smjúga ódýrt fram hjá ákvæði Alþýðusambandsþingsins 1936 og halda sig frekar við bókstaf en anda samþykktarinnar.

Því verður að vísu ekki neitað, að tillögur þessar eru á margan veg skárri en tillögur og frumvörp íhaldsins og framsóknarmanna um sama efni. Réttur alþýðunnar og verkamanna er ekki jafnmiskunnarlaust fyrir borð borinn. **Hins vegar verður að líta svo á sem öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans.** (Leturbreyting höfunda).

Hér má t. d. benda á eina staðreynd. Vinnudómur sá, sem komið er á stofn og hefur í frumvarpinu hlotið nafnið „félagsdómur", skal svo skipaður: Einn maður frá Alþýðusambandinu, einn frá Vinnuveitendafélagi Íslands, tveir útnefndir af Hæstarétti og einn af atvinnumálaráðherra. Sýnir þetta e. t. v. betur en allt annað, hve langt er frá því, að **réttur verkamanna sé sá sami og atvinnurekenda, þar sem verkamenn mundu í flestum tilfellum aðeins eiga einn fulltrúa af fimm,** eða hafa a. m. k. enga tryggingu fyrir fleiri fulltrúum.

Þetta er glöggt dæmi þess, hve viðsjárverð lögin eru, þó gengið sé að fullu fram hjá þeirri staðreynd, að **engin jafnréttisákvæði megna að gera réttarstöðu bláfátækra, allslausra verkamanna jafna aðstöðu atvinnurekandans, sem styðst við fjármagn og yfirráð yfir atvinnumöguleikum verkamannanna.** Þetta er svo tvímælalaus aðstöðumunur, að enginn hefur reynt að hnekkja honum af nokkru viti.

Það má að vísu segja, að vinnulöggjöf sé, eins og hver önnur löggjöf, fyrst og fremst komin undir þeirri ríkisstjórn sem á að framkvæma hana. Sé ríkisstjórnin og dómsvaldið í höndum verkalýðsins og alþýðunnar, getur vinnulöggjöf verndað rétt verkamanna gagnvart atvinnurekendum, komið í veg fyrir óþörf og tilefnislaus verkbönn o. s. frv. Sé ríkisstjórnin aftur á móti ekki stjórn alþýðunnar, getur vinnulöggjöf aldrei orðið annað en fjötur um fót verkalýðshreyfingarinnar, verkfæri sem er notað gegn alþýðunni, allri baráttu hennar fyrir bættum hag og auknu frelsi.

Þeirri ríkisstjórn, sem nú fer með völd í landinu, er ekki treystandi til þess að vernda rétt verkalýðsins með vinnulöggjöf. Þvert á móti bendir flest til þess, að þau lög yrðu notuð gegn alþýðunni. Og víst er það, að Jónas frá Hriflu hefur til þess fullan hug að nota vinnulöggjöf frá sjónarmiði atvinnurekandans. Um hitt þarf ekki að tala, hvað verður ofan á, ef íhaldið næði hér völdum eða fengi meiri áhrif á stjórn landsins.

Þess vegna mótmælir verkalýðurinn um allt land vinnulöggjafarfrumvarpi því, sem leggja á fyrir þingið, sem kemur saman í dag. Og með samtökum sínum mun hann hindra allar slíkar lagasetningar.“

Þessi forustugrein í Þjóðviljanum frá 15. febrúar 1938 sýnir einfaldlega, að langur vegur er frá því, að allir hafi verið á eitt sáttir um þá vinnulöggjöf, sem samþykkt var á því ári, og stendur enn með litlum breytingum. Á þeim tíma tókust menn á um vinnulöggjöf svo og það grundvallaratriði, hvort löggjafinn ætti yfirleitt að skipta sér af slíkum efnum. Sama dag segir Þjóðviljinn raunar í fyrirsögn fyrir mikilli grein um þetta mál: „Vinnulöggjöf í vændum. Hafa hægri foringjar í Alþýðuflokknum samið um samþykkt þrælalaga, þvert ofan í ákvörðun Alþýðusambandsþings? Verkalýðssamtökin verða öll að mótmæla.“

Í nefndinni, sem samdi þetta frumvarp, áttu sæti frá Framsóknarflokki þeir Gísli Guðmundsson og Ragnar Ólafsson og frá Alþýðuflokki þeir Sigurjón Á. Ólafsson og Guðmundur Í. Guðmundsson. Á þessum tíma er Alþýðusambandið enn hluti af Alþýðuflokknum og deilurnar um vinnulöggjöfina blönduðust öðrum deilum, sem uppi voru innan Alþýðuflokks og Kommúnistaflokks svo og innan Alþýðusambands Íslands. Stjórn Alþýðusambandsins, sem þá var einvörðungu skipuð Alþýðuflokksmönnum, tók afstöðu með þessu frumvarpi, en öfl innan verkalýðshreyfingarinnar, en þó utan þessa valdakerfis, tóku mjög gjarnan afstöðu gegn því og er Þjóðviljinn gleggst dæmi um það.

3. mars 1938 segir Þjóðviljinn á forsíðu frá því, að verkalýðsfélögin mótmæli vinnulöggjöf Sigurjóns Á. Ólafssonar, eins og það er orðað. Þar er greint frá mótmælum víðs vegar að af landinu gegn vinnulöggjöfinni og „gerræði Jóns Baldvinssonar og Co.“ Þessi mótmæli bárust m. a. úr Vestmannaeyjum, frá Stokkseyri og frá Siglufirði.

Um þessar mundi skrifar Björn Franzson grein í Þjóðviljann, sem ber heitið: **„Verkamaður eða þræll.“** Þar segir:

„Verkamaður hefur yfirleitt haft frelsi til að **neita** að selja vinnuafl sitt, eins og atvinnurekandi getur neitað að kaupa það. Það er fyrst og fremst **þetta,** sem greinir verkamann auðvaldsþjóðfélagsins frá þrælnum eða hinum ánauðuga bónda. Þetta er í rauninni hið eina jákvæða í afstöðu hans, sem vegið getur að nokkru móti öryggisleysinu. Með því að beita þessum rétti sínum getur verkalýðurinn skapað sér vald, er vegið getur að nokkru á móti valdi yfirstéttarinnar, sem fólgið er í ráðum hennar yfir auðmagninu.

Sé þessi réttur, verkfallsrétturinn, tekinn af verkamanninum er þar með búið að gera þjóðfélagsaðstöðu hans jafna aðstöðu þrælsins. Aðstaða hans er jafnvel orðin enn verri eða því sem öryggisleysinu svarar. **Vinnulöggjöf, sem skerðir verkfallsréttinn, ber því ekki annað samnefni réttara en þrælalöggjöf.**

Það er skiljanlega eitt af aðaláhugamálum yfirstéttarinnar að koma á vinnulöggjöf og taka þannig verkfallsréttinn af hinni vinnandi stétt. Þetta hefur verið gert í löndum fasismans. Og í sumum löndum hins borgaralega lýðræðis, jafnvel Danmörku og Svíþjóð, hefur yfirstéttinni tekist að koma á lögum, sem skerða þennan rétt verkalýðsins að mjög verulegu leyti.

Hér á landi hefur þessu ekki fengist fram gengt enn þá vegna andstöðu og stéttvísi hinnar íslensku verkalýðsstéttar. En nú hefur það ótrúlega gerst, að sumir af fulltrúum þeim, sem verkalýðurinn hefur valið sér til að gæta hagsmuna hans á þingi og í öðrum trúnaðarstöðum, hafa í fyrsta sinn tekið upp opinskáa baráttu fyrir vinnulöggjöf, sem afnemur að mestu leyti verkfallsrétt íslenskra verkamanna, og stærsta blað verkalýðsins hérlendis (hér er átt við

Alþýðublaðið) flytur daglega magnaðan áróður fyrir þessu máli þvert ofan í einföldustu og viðurkenndustu grundvallarreglur hinna sósíalistisku kenninga.

Ætla íslenskir verkamenn að una því, að yfirstéttin geri þá að þrælum enn á ný og steypi þeim niður á þjóðfélagsstig hinna herteknu réttleysingja, sem þjáðust hér á landi fyrir 1000 árum?"

Um þessar mundir birtist í Þjóðviljanum forustugrein undir heitinu: **„Alþýðublaðið og vinnulöggjöfin."** Þar segir:

„Verkalýðurinn lætur aldrei taka af sér verkfallsréttinn og mun aldrei gefa Hæstarétti né öðrum útsendurum embættismanna og atvinnurekenda rétt til þess að ráða málum sínum.

Alþýðublaðið hefur undanfarna daga gengið erinda Claessens og Jónasar með því að reyna að sprengja verkalýðshreyfinguna innan frá. Verkalýðurinn hefur svarað þeim skemmdarverkum á viðeigandi hátt, og á sama hátt mun hann svara tilraunum Alþýðublaðsins til þess að rjúfa samtök verkalýðsins með lögum.

Alþýðan réð niðurlögum þrælalöggjafarinnar og er þess albúin að svara öllum árásum á samtakarétt sinn og beita til þess öllum krafti og harðfylgi, sem samtökin eiga yfir að ráða."

Svo ítarlega hefur verið vitnað til þeirra, sem mótmæltu frumvarpinu um stéttarfélög og vinnudeilur á árinu 1938, til þess að undirstrika, að fjarri fer að skipan þessara mála nú sé meðfæddur eða áunninn réttur, sem fengist hafi vegna þrounar og hefðar. Skipun þessara mála nú er þvert á móti meira en 40 ára gömul löggjöf, og eins og hver önnur löggjöf, þá er hún mannanna verk, gott eða vont eftir atvikum, og enn fremur standast slík verk auðvitað misjafnlega tímans tönn, eins og gengur.

Til þess að tiltaka röksemdir þeirra, sem að frumvarpinu stóðu og það studdu, er vitnað í forustugrein í Alþýðublaðinu 16. febrúar 1938, sem bar heitið: **„Frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur."** Þar segir m. a.:

„Alþýðuflokkurinn hefur aldrei verið mótfallinn löggjöf um vinnudeilur eða annarri löggjöf í sjálfu sér. Hann er hlynntur löggjöf, sem er til hagsbóta fyrir verkalýðinn og færir honum aukin réttindi, en hann er mótfallinn hvers konar tilraunum til að skerða réttindi verkalýðssamtakanna. Alþýðuflokkurinn er með öðrum orðum með réttlátri og skynsamri vinnulöggjöf, en á móti ranglátri og skaðlegri vinnulöggjöf.

Fullyrðing Þjóðviljans um að „öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans", er svo heimskuleg að það þýðir ekki að bjóða neinum viti bornum manni upp á slíka röksemdafærslu.

Vinnulöggjöf sú, sem Eggert Claessen hefur beitt sér fyrir, var sannnefnd „þrælalöggjöf", en það er hin grófasta blekking að vilja telja fólki trú um, að hið sama felist í frumvarpi milliþinganefndarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur. Frumvarp Claessens var samsett úr því skaðlegasta úr vinnulöggjöf annarra þjóða. Í frumvarpi milliþinganefndarinnar er tekin frjálslegri og vinsamlegri afstaða en þekkist annars staðar.

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði um réttindi verkalýðsfélaganna, sem sumpart eru staðfesting á þeim réttindum, sem verkalýðsfélögin hafa barist fyrir frá því fyrsta að fá viðurkennd og hafa smám saman fengist viðurkennd, a. m. k. þau öflugustu þeirra, sumpart réttindi, sem félögunum hefur ekki tekist að fá viðurkennd. Samtakarétturinn er viðurkenndur, verkalýðsfélögin eru viðurkennd sem lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör, rétturinn til að velja trúnaðarmenn í hverri vinnustöð staðfestur og trúnaðarmönnum veitt lögvernd gegn kúgun atvinnurekenda og atvinnurekendum bannað að beita atvinnukúgun við verkamenn sína.

Það má e. t. v. efast um, hversu vel muni takast að fá tryggingu fyrir því, að þessi réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra verði í fullum heiðri haldin, en það er hin ósvífnasta blekking að halda því fram, að slík ákvæði séu sett í þeim tilgangi „að hnekkja samtakamætti alþýðunnar"."

Síðan segir:

„Tiltæki kommúnista, að reyna að telja verkafólkinu trú um, að hér sé um að ræða svipaða löggjöf og „vinnulöggjöf“ íhaldsins og Claessens, verður ekki nógsamlega fordæmt. Alþýðan mótmælti með réttu einróma kúgunarfrumvarpi íhaldsins um gerðardóm, og hún hefur með fullum rétti stimplað frumvarp Eggerts Claessens og atvinnurekendaklíku hans sem þrælalöggjöf.

Kommúnistar treysta því, að þessi frumvörp hafi gert alla vinnulöggjöf svo hataða af verkalýðnum, að nægilegt sé að stimpla frumvarp milliþinganefndarinnar sem „vinnulöggjöf“ og bannfæra það þar með algerlega. Slík málafærsla er algert vindhögg og dæmir sig sjálf og upphafsmenn hennar. Enginn skyni borinn verkamaður getur haft á móti löggjöf um þessi efni, sem treystir og eykur réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra.

Aðalatriðið er því ekki, hvort frumvarpið feli í sér „vinnulöggjöf“ eða ekki, heldur verða menn að líta á það kalt og rólega, hvort frumvarpið felur í sér réttarbætur fyrir verkalýðinn eða ekki, og fella síðan dóm sinn.“

Á Alþingi urðu harðar umræður um þetta frumvarp, og voru gerðar minni háttar breytingar á tillögum milliþinganefndarinnar, en í öllum aðalatriðum var frumvarpið samþykkt. Þingmenn úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Bændaflokki voru frumvarpinu hlynntir, svo og þingmenn úr Alþýðuflokki, að undanskildum Héðni Valdimarssyni. Þá ber þess þó að gæta, að klofningur í Alþýðuflokki var á þessum vikum að verða staðreynd. Þingmenn Kommúnistaflokks voru hins vegar andvígir frumvarpinu.

Vilmundur Jónsson, þingmaður Alþýðuflokksins, sagði m. a. í þingræðu um þetta mál:

„Verkfallsrétturinn er á engan hátt lögverndaður. Allur svokallaður „réttur“ til verkfalla er fólginn í því, að þau eru liðin af þeim, sem valdið hafa í þjóðfélaginu — á meðan það verður —, en ekki því að þau séu leyfð. Með verkfallsbrjótum, jafnvel meðlimum þess verkalýðsfélags, sem í verkfalli á, má gera þennan „verkfallsrétt“ að engu. Fyrir venjulegar aðgerðir verkalýðsfélaga til að hindra verkfallsbrot má samkv. hinum íslensku hegningarlögum dæma menn til þungra refsinga og jafnvel til betrunarhúsvinnu.“

Síðar í ræðu sinni sagði Vilmundur Jónsson:

„Það er fyrst að telja, að réttur verkamanna til að stofna verkalýðsfélög og til að vera í verkalýðsfélögum er tvímælalaust viðurkenndur og lögverndaður með 1. gr. frumvarpsins. Hér á eftir verða verkalýðsfélögin ekki aðeins félög, heldur félög, sem hafa löglegan tilgang. Engar hundakúnstir lögfræðinga í dómarasæti geta komizt í kringum það...“

Ísleifur Högnason, þingmaður Kommúnistaflokksins, sagði m. a.:

„Ef þetta vinnulöggjafarfrumvarp verður að lögum, markar það tímamót í sögu íslenzkrar verkalýðsbaráttu. Með því er fyrsta sporið stigið í áttina til þess að gera íslenzka verkamenn að þrælum.“

Héðinn Valdimarsson, þingmaður Alþýðuflokksins, var eini þingmaður þess flokks, sem mælti gegn frumvarpinu. Héðinn, sem var þá formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sagði m. a. í umræðum á þingi um þetta mál:

„Nei, þessi vinnulöggjöf er þannig, að ekki er hægt að skoða hana, nema sem beina árás á alþýðusamtökin og steyttan hnefa gegn þeim. Það blómskrúð, sem er sett í réttindakaflann, fölnar fljótt, þegar á að fara að nota það. En tilgangur takmarkananna á réttindum félaganna er lömun þeirra í baráttunni fyrir bættum kjörum alþýðunnar.“

Einar Olgeirsson sagði í umræðum á Alþingi:

„Í öðru lagi er með þessu frumvarpi verið að stofna til ófriðar í landinu. Verkalýðurinn mun verja frelsi sitt. Hann mun ekki virða þræla- og þvingunarlög; hann mun vernda rétt sinn og samtök, fjör sitt og frelsi. Og þeim, sem nú ætla að knýja þessi lög gegnum þingið á móti vilja verkalýðssamtakanna, er best að athuga áður, hvort þeir ætla sér að vera með því að útbúa þann ríkisher, sem Ólafur Thors var að heimta hér á dögunum og tvímælalaust mun þurfa til þess að framkvæma þessa löggjöf.“

Þessi rúmlega 40 ára gamla umræða er tíunduð svo rækilega hér til þess að undirstrika, að langt er frá því menn væru á eitt sáttir á sínum tíma um í fyrsta lagi réttmæti vinnulöggjafar yfir höfuð að tala og síðan um inntak laga sem samþykkt voru.

Eins og fyrr er vikið að, var þessi vinnulöggjöf samþykkt á meðan formleg tengsl voru á milli Alþýðuflokks og Alþýðusambands. Tveimur árum síðar rofnuðu hins vegar þessi tengsl og alþýðusamtökin urðu að formi til óháð stjórnmálaflokkum. Fljótlega hófust umræður um það, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og utan hennar, að skipulag verkalýðshreyfingarinnar væri bæði stirt og þungt í vöfum og tæki auk þess ekki mið af þeirri öru atvinnuþróun, sem átt hefði sér stað í þjóðfélaginu síðan á frumbýlingsárum verkalýðshreyfingarinnar. Þessi umræða leiddi hins vegar ekki til formlegra tillagna innan launþegahreyfingarinnar sjálfrar fyrr en á árinu 1956. Þá samþykkti 25. þing Alþýðusambands Íslands að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga hugsanlegar breytingar á lögum og skipulagi Alþýðusambands Íslands. Nefndin skyldi ljúka störfum fyrir 25. nóvember 1957.

Á Alþýðusambandsþingi 1958 var samþykkt stefnuyfirlýsing um grundvallaratriði í skipulagsmálum verkalýðshreyfingarinnar, en það var byggt á tillögum frá skipulags- og laganefnd. Stefnuyfirlýsingin er svofelld:

„Allt frá stofnun Alþýðusambandsins 1916, eða í rúma fjóra áratugi hefur sambandið í meginatriðum búið við sama skipulag og í öndverðu var upp tekið, að því er varðar uppbyggingu sambandins í heild og einstakra verkalýðsfélaga.

Á þessu tímabili hafa átt sér stað stórfelldar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar. Nýjar starfsgreinar hafa orðið til, og tækniþróunin hefur leitt til gerbreytinga á flestum sviðum atvinnulífs og efnahagsmála.

Verkalýðssamtökin hafa verið í fararbroddi þessarar þróunar, en eigi lagt nægilega rækt við að samhæfa samtökin sjálf þessari þróun, sem öllum hlýtur þó að vera ljóst að er knýjandi nauðsyn.

Eigi samtökin að vera fær um að gegna hlutverki sínu og varðveita baráttuhæfni sína, verða þau að samhæfa skipulag sitt breyttum aðstæðum, svo að þau séu á hverjum tíma í samræmi við kröfur þróunarinnar. Hagsmunir heildarinnar verða að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra starfshópa.

Í fullum skilningi þess, að þróunin krefst sterkra samtaka verkalýðsins, að skipulagskerfið verður að þróast þannig, að samheldni verkalýðsins verði sem bezt nýtt og máttur samtakanna aukinn, samþykkir þingið eftirfarandi:

1. Undirstaðan í uppbyggingu verkalýðssamtakanna skal vera vinnustaðurinn. Verkalýðssamtökin skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, reyna að koma á því skipulagskerfi, að í hverri starfsgrein sé aðeins eitt félag í hverjum bæ, eða á sama stað, og skulu allir á sama vinnustað (verksmiðju, skipi, iðjuveri o. s. frv.) vera í sama starfsgreinafélagi.

Starfsgreinafélag skipar trúnaðarmenn á hverjum vinnustað, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Sé um fleiri sérgreinar að ræða á sama vinnustað, skal skipaður trúnaðarmaður fyrir hverja þeirra, og skal tryggja nauðsynlegt samráð milli trúnaðarmanna, þar sem fleiri eru.

Innan sérgreinar má leyfa félög hinna ýmsu sérgreina, er ræði sérmál sín. Félög þessi eru þó aðeins ráðgefandi, þar sem starfsgreinarfélagið sjálft fer með ákvörðunarvaldið.

2. Á fámennum stöðum, þar sem atvinnuhættir gera slíkt nauðsynlegt, getur ASÍ ákveðið, að staðurinn skuli teljast einn vinnustaður (þótt um fleiri starfsgreinar sé að ræða) og þar skuli því aðeins vera eitt félag.

Miðstjórn ASÍ og skipulagsnefnd er veitt heimild til, í nánu samstarfi við sambandsfélögin, að setja nánari reglur um framkvæmd á þeim grundvallaratriðum, er að framan greinir, og falið að vinna að framgangi þeirrar stefnu í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, sem í samþykkt þessari felst.“

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands var síðan ítrekuð á sambandsþingum, bæði árið 1960 og 1962. Í stefnuyfirlýsingunni á þinginu 1960 var fjallað um það, að Alþýðusamband Íslands verði heildarsamtök verkalýðs og samanstandi af landssamböndum starfsgreinafélaga. Þá var sagt, að það skuli, eftir því sem framkvæmanlegt er og hagkvæmt þykir, við það miðað að aðeins eitt samband eigi aðild að hverjum vinnustað. Þá er um það fjallað að í kaupstöðum skuli mynda félag í hverri starfsgrein, ef aðstæður leyfi, og eigi félagið aðild að landssambandi viðkomandi starfsgreina.

Loks var gefin út að tilhlutan Alþýðusambands Íslands á árinu 1960 ítarleg greinargerð og tillögur um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, þar sem þessum hugmyndum var lýst í smáatriðum. Þá skýrslu tók saman milliþinganefnd í laga- og skipulagsmálum Alþýðusambands Íslands, og hún skilaði áliti 4. mars 1960. Þessa nefnd skipuðu Eðvarð Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson. Þessi greinargerð er mjög ítarleg, og þar er útfærð í smáatriðum sú hugmynd, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining að því er varðar samninga um kaup og kjör. Þar segir m. a.:

„Með fjölbreyttari atvinnuháttum, stöðugt vaxandi verkaskiptingu og mikilli fjölgun þeirra, er skipa sér undir merki ASÍ, hefur þetta viðhorf gerbreyst. Það skipulagsform, sem í öndverðu gaf verkalýðssamtökunum styrk, er nú að ýmsu leyti orðið veikleiki þeirra og hindrar, að sá styrkur, sem samtökin geta ráðið yfir nýtist. Þetta á við um hreyfinguna í heild, en ekki einstök staðbundin félög."

Síðan segir:

„Með stefnuyfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var á 26. þinginu, er því slegið föstu, að horfið skuli frá því skipulagi, sem lýst hefur verið hér að framan, og skipulagsnefnd og miðstjórn falið að vinna að því, að upp verði tekið það skipulag sem grundvallast á vinnustaðnum, þ. e. að allir launþegar á einum og sama vinnustað skuli vera í sama félagi án tillits til starfa eða sérgreina. Hér skiptir því ekki máli, hvort um er að ræða mann, sem vinnur störf, sem í daglegu tali eru nefnd verkamannavinna, eða mann, sem vinnur iðnaðarstörf. Ef þeir vinna báðir á sama vinnustað, skulu þeir samkvæmt þessu vera í sama félagi.

Til þess að skýra þetta nánar skal tekið dæmi:

Hlutafélagið Uggi starfrækir fiskvinnslu í húsum sínum við Sjávarsíðu 303.

Á þessum sama vinnustað starfa menn og konur úr eftirtöldum félögum:

Verkamannafélagið Dagsbrún: verkamenn, vélgæslumenn og bifreiðastjórar.

Verkakvennafélagið Framsókn: verkakonur og starfsstúlkur í eldhúsi og mötuneyti.

Félag járniðnaðarmanna: járnsmiðir.

Félag ísl. rafvirkja: rafvirki.

Þessi fjögur félög hafa hvert um sig samning við fyrirtækið um kaup og kjör sinna meðlima og geta hvert um sig sagt upp samningum án samráðs við hin.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingunni ætti þetta fólk að vera í sama félagi og félagið að gera einn samning við fyrirtækið. Gengið er út frá því, að sú skylda hvíli á félaginu sem gerir hinn sameiginlega samning, að það tryggi félagsmönnum hvers þessara félaga eigi lakari kjör en þeir höfðu fyrir sameininguna og að jafnan séu eigi lakari kjör á vinnustaðnum en gildandi eru í viðkomandi sérgrein á hverjum tíma."

Síðan segir (og skal þá tekið fram, að þar hefur þessi milliþinganefnd Alþýðusambands Íslands nokkuð aðrar hugmyndir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu hér að framan):

„Þegar talað er um hér að framan að gera einn samning við fyrirtæki, er ekki átt við að nauðsynlegt sé að mynda sérstakt félag fyrir vinnustaðinn." (Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er það einmitt lagt til). „Nú getur hagað svo til, að fleiri fyrirtæki séu í sama bæ eða sýslu og hafi sams konar starfrækslu og hf. Uggi. Starfsfólk allra þessara fyrirtækja vinnur sams konar störf, er í sömu starfsgrein og á því allt að vera í sama starfsgreinafélagi, sem gerir heildarsamning við öll fyrirtækin.

Til að skýra þetta nánar skal tekið hér annað dæmi:

Setjum svo, að í Reykjavík séu starfrækt fimm skipafélög, sem gera út 25 kaupskip. Á hverju kaupskipi starfa menn úr Sjómannafélagi Reykjavíkur og 6 kjördæmafélögum. Hvert kaupskip er sérstakur vinnustaður og allir, sem þar starfa, ættu að vera í sama félagi. Menn úr öllum félögum vinna í sömu starfsgrein, þ. e. við siglingar. Hér yrði því um eitt starfsgreinafélag að ræða, sem gerði samning við öll skipafélögin samtímis og fyrir alla sem þar starfa.“

Sú greinargerð um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem hér hefur verið vísað til, er miklum mun ítarlegri en svo, að hér gefist ráðrúm til að rekja hana alla. En í niðurlagsorðum segir m. a.:

„Öllum hugsandi mönnum í verkalýðssamtökunum er ljós nauðsyn þess, að samtökin hagi skipulagi sínu og starfsháttum á hverjum tíma þannig, að afl það, sem þau geta ráðið yfir, nýtist sem best því fólki, sem samtökin skipa, til hagsbóta. Ætli verkalýðssamtökin að vera hlutgeng í því þjóðfélagi, sem þannig er mótað, verða þau að aðhæfa sig þeirri þróun, skera af sér vankanta, sem þegar eru í ljós komnir, og byggja skipulag sitt og starfshætti þann veg, að samtökin geti mætt hverjum nýjum viðhorfum með öllum styrk. Hér er ekki nægjanlegt, að samtökin geti aðlagað sig breyttum aðstæðum. Þau þurfa að vera á undan þróuninni, gera sér á hverjum tíma grein fyrir, hvert hún stefnir, og haga viðbrögðum sínum samkvæmt því. Aðeins með þeim hætti geta verkalýðssamtökin tryggt meðlimum sínum rétta hlutdeild í þeim vaxandi framleiðsluverðmætum, sem tækniþróunin á að hafa í för með sér .... Enda þótt slík öfl (þ. e. öfl fjandsamleg verkalýðshreyfingunni) hafi eigi áhrif á innra skipulag samtakanna, má eigi gleyma því, að á löggjafar- og framkvæmdavald geta þau haft áhrif. Og vissulega mætti með löggjafaratriðum sníða skipulagi verkalýðssamtakanna þann stakk, sem þau síst kysu sér. Það er þýðingarlaust og beinlínis stórskaðlegt að loka augunum fyrir því, að á seinni árum geta gerst ýmsir atburðir, sem eru bein afleiðing af núverandi starfsháttum innan samtakanna, sem framkalla háværar kröfur um að vald samtakanna yrði skert. Sumar þessara aðgerða, sem hafa framkallað slíkar kröfur, hafa átt fullan rétt á sér og verið nauðsynlegar. Hinu er hins vegar ekki unnt að neita, að aðrar aðgerðir hafa orkað mjög tvímælis og í nokkrum tilfellum alls ekki samrýmst hagsmunum hreyfingarinnar í heild. Hér sannast sem oftar, að einsdæmin eru verst. Það orkar ekki tvímælis, að það er á valdi samtakanna að ráða bót á slíkum misfellum og hindra þannig, að löggjafinn sjái sig tilneyddan til að hlutast til um þessi mál .... Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir „hagsmunum“ einstakra starfshópa. Með þessi sannindi í huga eiga samtökin sjálf að ráða skipulagsmálum sínum og starfsháttum.“

Það eru liðin rétt 20 ár síðan þessi greinargerð var tekin saman, og þessi stefna var jafnframt yfirlýst stefna launþegasamtakanna. Síðan hefur samt sem áður engin skipulagsbreyting verið gerð á skipulagi samtakanna.

Orðið „starfsgreinafélag“ er notað í þessum lagatexta. Það orð var notað á þingum Alþýðusambands Íslands á sínum tíma svo og í þeim greinargerðum, sem hér hefur verið vísað til, en að vísu í nokkuð öðrum skilningi en lagt er til í þessu frumvarpi til laga. Segja má þó, að það orð kunni að vera nokkuð misvísandi, og skal hér nokkur grein gerð fyrir notkun þess. Talið var æskilegt að halda þessu orði í lagatextanum, m. a. til að undirstrika skyldleika þessa frumvarps við hugmyndir sem áður hafa komið fram hjá Alþýðusambandi Íslands.

Með „starfsgreinafélagi“ er átt við, að **allir þeir, sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda,** séu saman í starfsgreinafélagi. Starfsgrein er þá skilgreind sem vinna að tiltekinni framleiðslu, óháð því hvaða sérstaka starfi tiltekinn einstaklingur gegnir. Þannig væru allir þeir, sem vinna við flug, að selja vinnu sína einum og sama vinnukaupanda, í sama starfsgreinafélagi, hvort sem þeir

fljúga flugvélum, færa bókhald, vinna við þvotta eða rafvirkjun. Þeir, sem vinna í verksmiðju, hjá skipafélagi eða í stærri verslun, væru þá saman í „starfsgreinafélagi".

Eftir er þá vandi þeirra, sem vinna á minni vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að þeir séu sem áður í stéttarfélagi, þ. e. fagfélagi, nema samkomulag allra starfsmanna sé um annað.

Þeirri röksemd hefur verið hreyft, að fagmenn, sem vinna sérhæfð störf, en lenda í augljósum minni hluta innan starfsgreinafélags, muni aldrei sætta sig við slíka skipan, enda gangi það gegn hagsmunum þeirra, þeirra réttur verði sem sagt ævinlega fyrir borð borinn í samningum. Þetta eru vissulega veigamikil rök, sem vega þungt. En stéttarfélög munu starfa áfram, sínu fólki til halds og trausts væntanlega. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og halda kröfum sinnar sérgreinar á lofti. Einnig er á hitt að líta, að í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun einungis. Það er ekkert sem bannar fyrirtækjum að borga hærri laun, ef þau svo kjósa og svo meta störf. Í þriðja lagi, ef hagsmunir tiltekins hóps eru gersamlega fyrir borð bornir í kjarasamningum og þar fæst engin leiðrétting, þá má gera ráð fyrir því, að menn fáist síður eða ekki til starfa.

Veigamikil spurning, sem vaknar þegar hugleitt er, hvort Alþingi eigi að skerast í leikinn og gerbreyta vinnulöggjöfinni, er sú, hvort þetta sé yfirleitt í verkahring löggjafarvaldsins. Því er til að svara, að löggjafarvaldið setti þau lög, sem nú eru í gildi, og þeim hefur einnig lítils háttar verið breytt síðan. T. d. var ákvæðum núgildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lutu að sáttasemjara ríkisins, breytt fyrir nokkrum árum. Það er því hefð fyrir því á Íslandi, að þetta sé löggjafarmál. Undir hitt ber að taka, að auðvitað er það æskilegast sem almenn regla að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru kallaðir, komi sér saman um bardagavöll án nokkurra afskipta löggjafans. En litið skal til þess, að þrátt fyrir ótvíræða stefnuyfirlýsingu alþýðusamtakanna og mikla vinnu, sem í hana hefur verið lögð fyrir tveimur áratugum, hefur ekkert gerst í þessum efnum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé ekki beinlínis skylda löggjafans að grípa inn í, að vera eins konar hvati þess, að þessar breytingar eigi sér stað. Og þegar spurt er hvers vegna, þá er þeirri spurningu raunar að fullu svarað í greinargerð og tillögum um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem áðurnefnd milliþinganefnd tók saman á árinu 1960. Áhersla skal lögð á það, sem þar kemur fram um nauðsyn þess, að launþegasamtök lagi sig að breyttum þjóðfélagsháttum, breytingum í atvinnulífi og tækniframförum, sem vissulega hafa átt sér stað og eiga sér stað. Sögulega og að nafninu til háttar svo, að bæði vinnukaupendur (sem oftar eru nefndir vinnuveitendur) og vinnuseljendur (verkalýðshreyfing) hafa lagt áherslu á, að þeir vilji frjálsræði, sem þýðir afskiptaleysi ríkisvalds. Þá er átt við að ríkisvaldið virði frjálsan samningsrétt, að það hafi ekki með löggjöf eða með öðrum hætti afskipti af því, hvernig kaup og sala á vinnu ganga fyrir sig. Segja má, að í orði kveðnu hafi bæði vinnukaupendur og vinnuseljendur aðhyllst að þessu leytinu frumskógalögmál kapítalismans, en í reynd er þessu raunar allt öðruvísi háttað. Í vaxandi mæli hafa komið til afskipti ríkisvalds með einum eða öðrum hætti, bæði með íhlutun um samninga og núna í seinni tíð með beinni þátttöku í samningamálum. Þegar samið er um fiskverð, eru gerðir „baksamningar" um gengisbreytingar. Vaxandi umræður um félagsmálapakka eru auðvitað ávísun á það, að heildarsamtök launafólks hafa stillt ríkisvaldinu upp við vegg við hliðina á vinnukaupendum og gera kröfur á hendur þeim báðum samtímis, þannig að ætla má, að ef ríkisvaldið veitir stærri félagsmálapakka, t. d. í formi skatta og dagvistarmála, þá komist vinnukaupendur af með að borga lægri laun. Með þessum hætti er auðvitað ríkisvald, nauðugt eða viljugt, orðið þriðji aðili kjarasamninga. Og bæði verða þessar millifærslur auðvitað ærið ruglingslegar og eins getur verið í raun ógerlegt að meta þær til tekna, þó svo það sé gjarnan gert. **Í þessu frumvarpi til laga er lagt til, að horfið verði frá þessu ríkisafskiptakerfi um kaup og kjör og horfið til baka til þeirrar grundvallarhugmyndar, raunar bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, að þeir semji beint um kaup og kjör og án milligöngu ríkisvaldsins.**

Á það skal lögð áhersla, að í þessu frumvarpi til laga er raunar gert ráð fyrir því að ganga heldur lengra í þá átt, að vinnustaðirnir séu gerðir að grunneiningu, heldur en gert var ráð fyrir í tillögum Alþýðusambands Íslands fyrir um það bil 20 árum. Þegar frá hafa verið taldir opinberir starfsmenn, sem talið er eðlilegt, að myndi heildarsamtök þar sem þeir vinna hjá einum og sama vinnuseljandanum, samvinnustarfsmenn, sem vinna við sérstakt rekstrarform, bankastarfsmenn, svo og þeir fiskimenn, sem veiða upp á hlut og fá laun sín þess vegna sem hluta af umsömdu fiskverði, þá er gert ráð fyrir því, að sérhverjir starfsmenn, sem vinna á vinnustað, þar sem einn og sami vinnukaupandi kaupir vinnu, gangi saman í félag. Með þessu er gert ráð fyrir því, að laun geti verið misjöfn, jafnvel hjá fyrirtækjum, sem stunda nákvæmlega sömu framleiðslu. Slíkt getur auðvitað verið komið undir afköstum, hagræðingu og tæknibúnaði, svo að nokkuð sé nefnt. Flytjendur þessa frumvarps telja eðlilegt, að hlutdeild starfsfólks sé aukin með þessum hætti og þannig beinlínis tengd afkomu fyrirtækisins. Ef fyrirtækið eykur framleiðslu sína vegna tækniframfara og tækninýjunga, þá er auðvitað eðlilegt, að starfsfólk við þetta fyrirtæki geri auknar kaupkröfur. Það er einnig eðlilegt, að starfsfólk taki þátt í rekstri með þeim hætti t. d., að það hægi á kaupkröfum sínum til þess að gera fyrirtæki kleift að fjárfesta í nýrri og betri vélum, sem þannig skili sér í auknum kaupmætti þegar fram líða stundir. Það kerfi, að sérhvert fyrirtæki sé með þessum hætti samningseining út af fyrir sig, býður upp á miklum mun meiri sveigjanleika heldur en núverandi kerfi heildarsamninga gerir. Hins vegar geta starfsgreinafélög myndað sambönd sín á milli, sem þá gera samninga fyrir alla félagsmenn.

Á tvennt skal þó lögð áhersla. Í þessu lagafrumvarpi er leitast við að hafa eins lítil afskipti af félagsuppbyggingu launþegafélaga og frekast er talinn kostur. Hér er að vísu lagt til, að lögfest verði, að vinnustaðurinn verði grunneining með þeim undantekningum, sem nefndar eru, en að öðru leyti verður það að vera launþegahreyfingarinnar sjálfrar að ákvarða, hvernig félagskerfið er upp byggt. Það félagskerfi, svo og þau félagasamtök, sem fyrir eru, geta auðvitað að öllu leyti starfað áfram eftir því sem félagsmönnum þykir þurfa. Ekki er að sinni tekin afstaða til þess, með hverjum hætti skuli farið með margháttuð hagsmunamál, svo sem lífeyris- og orlofsmál. Hins vegar hlýtur það að vera bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að fagmenn, t. d. í prentiðnaði eða verslun, séu eftir sem áður í stéttarfélögum til að sinna margvíslegum félagsmálum og öðrum þeim málum, sem félagsmenn telja skipta máli. Eins verður það fólk, sem vinnur á vinnustað þar sem færri en 25 vinna, eftir sem áður að skipa sér í stéttarfélög, sem taka þá til margra vinnustaða, eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir, gagngert til þess að gæta hagsmuna sinna. Á þessu stigi er talið eðlilegt, að heildarsamtök launafólks hafi forustu um að endurskipuleggja samtök sín svo að hagsmuna þessa fólks sé gætt með bestu móti.

Það hefur gerst síðan Alþýðusambandsþing ályktaði í þessa veru á árunum 1956—1962, að beinir samningar fyrirtækis og starfsfólks hafa verið reyndir á nokkrum stöðum og þá fyrst og fremst í svokölluðum stóriðjufyrirtækjum, í verksmiðjunum á Grundartanga og í Straumsvík. Þar hefur þetta fyrirkomulag reynst með ágætum, og á það má leggja áherslu, að þar eru borguð hærri laun en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Og svo virðist sem bæði þeir vinnuseljendur og vinnukaupendur, sem þarna eiga hlut að máli, séu ánægðir með þetta fyrirkomulag og vilji ekki frá því breyta.

Þessar hugmyndir hafa hins vegar oft verið ítarlega ræddar. Nefna má umræðu, sem skráð er í 1. hefti tímaritsins **Réttar** í árgangi 1976. Í umræðu um verkalýðsmál tjá nokkrir forustumenn í launþegahreyfingunni sig um hugmyndir af þessu tagi.

Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði m. a.:

„Þegar ASÍ-þing markaði stefnuna í skipulagsmálum, þá var hugmyndin sú að stefna að því, að vinnustaðurinn yrði grundvöllur fyrir verkalýðsfélögin. Þetta var samþykkt. Hins vegar hefur það gengið afskaplega lítið að framfylgja raunverulega þessari stefnu. Það er

óhætt að játa það hreinskilnislega, að það hefur alveg mistekist enn sem komið er. Þessa stefnumörkun í skipulagsmálum ASÍ, sem ákveðin var, hafa menn enn ekki treyst sér til þess að framkvæma í einu vetfangi, en myndum landssambandanna átti að vera spor í þessa átt." Og Björn bætti við: „Það hefur verið sagt, að verkalýðshreyfingin væri eitt íhaldssamasta aflið í þjóðfélaginu, og verður að játa, að hún er ákaflega íhaldssöm á formið."

Sigurður Magnússon rafvirki sagði í sömu umræðu:

„Ég hef verið þeirrar skoðunar, að stefna þurfi markvisst að því að gera vinnustaðinn sem næst að einni félagseiningu. Breyta þarf skipulagi verkalýðssamtakanna úr því að vera einhver sérgreinafélög iðnaðar- eða verkamanna í félög starfsfólksins á tilteknum vinnustöðum. Þannig held ég að möguleiki sé á að mynda þann samhug og þá bræðralagskennd, sem þarf til að hindra að það gerist, sem hefur verið að gerast hjá okkur varðandi hina miklu tekjuskiptingu."

Það skal ítrekað og á það skal lögð áhersla, að þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur tekur aðeins til þeirra hugmynda, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining. Að öðru leyti er það alfarið á hendi launþegasamtakanna sjálfra með hverjum hætti þau kjósa að haga sínum skipulagsmálum, komist þessi breyting á. Það er hins vegar hugmynd flutningsmanna, að bæði heildarsamtökin svo og einstök stéttarfélög, sem nú starfa, hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna eftir sem áður í þá veru að fylgjast með samningum og gæta hags sinna manna í hvívetna.

Deila má um, hvort viðmiðunartalan 25, eins og hún er fram sett í frumvarpinu, sé hin æskilega tala. Slíkt þarf vitaskuld að athuga mjög nákvæmlega.

Í þessari greinargerð hefur nær einvörðungu verið fjallað um skipulag launþegasamtakanna, en því sem næst ekkert um skipulag Vinnuveitendasambands Íslands. Af sjálfu leiðir, að breyta þarf skipulagi Vinnuveitendasambands Íslands til samræmis við þá breytingu sem hér er lögð til, en ástæðulaust þykir að gera það með löggjöf.

Frumkvæði löggjafans í þessum efnum kann að þykja óæskilegt og getur jafnvel valdið tortryggni, þótt það sé mat flutningsmanna, að slík tortryggni ætti með öllu að vera ástæðulaus. En nú ber þess líka að gæta, að sú hætta er fyrir hendi án þess að um hana skuli nokkuð fullyrt, að foringjar í launþegafélögum kunni að vera íhaldssamari í þessum efnum en gengur og gerist. Kann sú íhaldssemi að vera sömu náttúru og íhaldssemi alþingismanna í kjördæma- og kosningarréttarmálum. Í báðum tilvikum er fólk, sem jafnan hefur haft atvinnu af því árum saman að stunda löggjafarstörf og/eða standa í samningum og getur talið, að með þessu sé verið að ráðast að stöðu sinni. Sú hætta kann sem sé að vera fyrir hendi, að forustufólk við núverandi skipan sé tregara til breytinga en gengur og gerist meðal almennra félagsmanna. Einnig af þeirri ástæðu getur verið réttlætanlegt, að löggjafinn hafi hér nokkra forustu. Þessi sjónarmið reifaði einmitt Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, í þeim umræðum um verkalýðsmál, sem þegar hefur verið vísað til og birtust í tímaritinu Rétti árið 1976. Hann sagði: „...kannski er líka einhver smákóngapólitík í þessu. En það eru fyrst og fremst þeir, sem eru hærra launaðir, sem eru harðastir á móti því þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita, að þeir ófaglærðu eru fleiri."

Vitaskuld er með þessu frumvarpi til laga lögð fram mjög róttæk grundvallarbreyting á fyrirkomulagi samninga um kaup og kjör. Flutningsmenn telja þó, eftir að hafa gefið sér þá forsendu að þessi breyting sé nauðsynleg, að í þessu frumvarpi sé eins hægt farið í sakirnar og frekast er kostur og að öðru leyti sé aðilum vinnumarkaðarins látið eftir, hvernig þessum skipulagsmálum verður háttað.

Það er einnig mat flutningsmanna að það sé staðreynd, að í samningum á undanförnum árum hafi þeir, sem lægst hafa launin, ekki fengið þá uppbót, sem þeim beri. En með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að leggja til, er stefnt að auknum launajöfnuði. Þá verða

hagsmunir þeirra, sem hingað til hafa haft lægstu launin, tengdir og samtvinnaðir hagsmunum annarra þeirra, sem við sömu framleiðslustörf vinna, en hafa hingað til haft hærri laun vegna starfsreynslu, menntunar eða af öðrum ástæðum. Það er því skoðun flutningsmanna, að þetta nýja fyrirkomulag muni í reynd fela í sér raunverulegri **jafnlaunastefnu** en unnt hefur verið að koma á með því kerfi heildarsamninga, sem ríkt hefur. Ummæli manna, sem mikla reynslu hafa í samningamálum, styðja mjög þessa skoðun.

Þá má benda á, að það er vaxandi tilhneiging launþegahreyfinga víðs vegar um landið að brjótast undan kerfi heildarsamninga og semja sérstaklega. Þessara tilhneiginga hefur mjög gætt að undanförnu, og virðist benda til þess, að það sé vaxandi óánægja einstakra launþegafélaga með ríkjandi fyrirkomulag.

Það er einnig röksemd, sem styður þá breytingu sem hér er verið að leggja til, að í svokölluðum heildarsamningum, eins og þeir hafa verið byggðir upp, eru sáralítil tengsl á milli annars vegar afkomu fyrirtækis og framleiðslugreinar og hins vegar samninga um kaup og kjör. Það er gersamlega útilokað, að fáeinir samningamenn, sem fyrir þessu samfloti standa, geti haft tilfinningu fyrir afkomu einstakra fyrirtækja eða framleiðslugreina. Leiða má rök að því, að stundum leiði þetta til þess, að samningar verði óraunhæfir, þannig að ekki séu til verðmæti fyrir þeim samningum, sem gerðir eru, og ríkisvaldið skakki síðan leikinn með tilfærslum, eins og t. d. gengisfellingum. En það má einnig leiða rök að því, að þessi skortur á tilfinningu verði til þess í öðrum tilvikum, að launþegar njóti ekki ávaxta af aukinni framleiðslu fyrirtækis eða framleiðslugreinar. Það, sem hér er verið að leggja til, á einfaldlega að stuðla að því, að launþegar fái laun í réttu hlutfalli við verðmæti þeirrar framleiðslu á vöru eða þjónustu, sem þeir vinna við.

Þá má benda á, að þetta nýja fyrirkomulag gerir í raun ráð fyrir vaxandi þátttöku vinnuseljenda í rekstri fyrirtækja. Að þessu sinni er ekki verið að leggja til löggjöf um atvinnulýðræði, þ. e. að tiltekinn hluti starfsfólks skuli hafa rétt til setu í stjórnum, en slíkt gæti vel verið löggjafaratriði síðar. En gera má ráð fyrir, að þegar um beina samninga er að ræða milli fyrirtækis og starfsfólks, þá sjái fyrirtækið sér hag í því, að fulltrúar starfsfólks sitji í stjórnum, fylgist sem best með rekstri og afkomu fyrirtækis til þess að auðvelda og liðka fyrir skynsamlegum kjarasamningum, án þess að gengið sé á hag fyrirtækis. Flutningsmenn telja raunar að mjög aukin þátttaka starfsfólks í rekstri sé af hinu góða og æskileg framtíðarþróun.

Loks má benda á, að í því fyrirkomulagi heildarsamninga, sem hefur ríkt hér á landi um langa hríð, hefur farið mjög í vöxt, að ríkisvaldið sé beinn eða óbeinn þátttakandi í kjarasamningum, samningum um fiskverð eða öðrum hliðstæðum samningum. Þetta gengur reyndar gegn sögulegri stefnu launþegahreyfingarinnar og annarra samningsaðila einnig, en samt hefur þetta verið þróunin án sýnilegra mótmæla. Hins vegar má mjög draga í efa að slík samskipti séu æskileg, einfaldlega vegna þess að á endanum eru það ævinlega skattborgarar, sem við skulum segja að séu allir borgarar þessa lands, sem borga fyrir þessa samninga með einum eða öðrum hætti, annaðhvort í formi rýrnandi gjaldmiðils, í formi hærri skatta eða með öðrum hætti.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að fjalla um, er vissulega verið að leggja til að samningar verði í raun frjálsir á milli vinnuseljenda og vinnukaupenda og fari fram alfarið án afskipta ríkisvaldsins. Það er kannske fyrst og síðast sú meginstefnubreyting, sem í þessari grundvallarhugmynd felst. Það er svo önnur saga, vissulega skylt mál, en á hins vegar að skoðast með öðrum hætti, með hverjum hætti ríkisvaldið leitast við að auka velferð þegna sinna á hverjum tíma. Um það hefur stjórnmálaflokka greint á og á sennilega eftir að greina á um langa hríð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Með greininni er lagt til að lög um stéttarfélög og vinnudeilur séu óbreytt að öllu öðru leyti en því, að nú geti 2/3 hlutar launþega á vinnustað ákveðið að stofna félag sem að öllu leyti hafi þá starfsemi með höndum sem eitt eða fleiri stéttarfélög höfðu áður. Jafnframt er svo mælt fyrir að ákveði 2/3 hlutar launþega á vinnustað að fara þessa leið, þá séu þeir ekki lengur bundnir hinu hefðbundna stéttarfélagi. Þessi ákvæði gildi um vinnustaði þar sem starfa 25 eða fleiri launþegar.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneyti setji reglugerð um framkvæmd kosninga og kveði á um, auk almennra ákvæða, hverjir hafi atkvæðisrétt.

2. gr.

Núverandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru 70 greinar. Þessi grein gerir einfaldlega ráð fyrir því, að þar sem vikið er að **stéttarfélögum** í lögum sé hér eftir einnig átt við félög á vinnustöðum hafi launþegar svo kosið; að öll réttindi og allar skyldur, sem fólk hefur haft í stéttarfélögum skv. lögum þessum, eigi nú einnig við um vinnustaðafélög hafi fólk kosið sér það form.

3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um opinbera leiguaðstoð við láglaunafólk.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp um leiguaðstoð við láglaunafólk.

Frumvarp þetta verði sniðið sem hluti af lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og verði afgreiðslu þess lokið fyrir upphaf næsta fjárlagaárs.

Jafnframt falli niður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna greiddrar húsaleigu hjá þeim sem frumvarp þetta mun ná til.

Greinargerð.

Hugsunin að baki þessarar tillögu er sú að leiguaðstoð við fólk með lágar heimilistekjur verði lögfest mannréttindi. Árangurinn yrði stóraukið lífsöryggi viðkomandi þjóðfélagsþegna. Auk þess veittu ráðstafanir sem þessar aukið öryggi fyrir leigusala og örvuðu þannig byggingu leiguhúsnæðis.

Leiguaðstoð ætti aðallega að miðast við þrennt: Fjölskyldustærð, heimilistekjur og stærð húsnæðis sem leigja á. Fjölskyldustærðin segði til um þann herbergjafjölda í íbúðarhúsnæði sem til viðmiðunar væri tekinn hverju sinni. Heimilistekjurnar segðu til um hve há leiguaðstoðin yrði á móti eigin framlagi. Því lægri sem tekjurnar væru því hærra yrði framlagið af hálfu hins opinbera, og drægi síðan úr því eftir því sem heimilistekjur ykjust.

Viðmiðunarstærð húsnæðis mældist í tvennu, þ. e. annars vegar herbergjafjölda og hins vegar fermetrafjölda og væru ákveðnar lágmarkskröfur settar fyrir hverja fjölskyldustærð. Ef húsnæði það, sem fólki byðist eða það ætlaði að taka á leigu, væri stærra en viðmiðunarreglurnar segðu til um yrði fólk að standa sjálft straum af kostnaði við það sem umfram væri.

Raunvaxtastefna og lítil verðbólga gerir það deginum ljósara að það er æviverkefni að koma yfir sig og sína mannsæmandi húsnæði. Þetta hefur verið viðurkennd staðreynd í nágrannalöndum okkar um áratugi, en verðbólgan hefur hulið þessa staðreynd augum okkar hér á Íslandi. Menn hafa almennt ekki áttað sig á því að sú opinbera aðstoð, sem fram fór með hraðri verðrýrnun húsnæðislána og bankalána á verðbólguárunum, stytti æviverkefnið um áratugi. Enginn maður er þó svo skyni skroppinn að hann vilji taka þau vinnubrögð upp á ný.

Krafan um lengingu lánstíma húsnæðislána, þannig að afborgunarbyrðin samsvari eðlilegri húsaleigu, breytir sjálfkrafa hugmyndum um eignarhald á húsnæði. Vegna þess hve langan tíma tekur að eignast húsnæðið verður framboð húsnæðis nánast að þjónustuþætti, svipað annarri þjónustu sem húsnæði tengist. Fáum dettur nú orðið í hug að vera sjálfbjarga hvað rafmagn, hita, holræsi og vegi snertir. Á þeim sviðum skiptir eignarhaldið ekki öllu máli heldur öryggið, að eiga þessa þjónustu vísa. Enginn dregur nú í efa rétt manna til að eiga þá þjónustu vísa og örugga.

Aftur á móti hafa menn lagt rétt manna til að eiga burðarhluta hússins að jöfnu við kröfuna um sjálfstæði einstaklingsins. Verðgildi íslensku krónunnar var það eldsneyti sem fórnað var til að kynda undir þessum kröfum. Án þess verðbólgubáls, sem við höfum lifað við undanfarna áratugi, hefði aldrei verið hægt að uppfylla þessa kröfu með þeim hætti sem orðið er. Öryggi þeirra, sem efni hafa á að byggja, er hægt að tryggja með því að lengja þau lán sem til húsnæðisbygginga fara þannig að afborgunarbyrðin samsvari eðlilegri húsaleigu.

Öðru máli gegnir um þá þjóðfélagshópa sem við það lök kjör búa að þeir eiga þess ekki kost að byggja eða kaupa húsnæði. Það er óraunhæft að ætla að fólk með 12—15 þús. kr. mánaðarlaun og eitt eða tvö börn á framfæri kaupi mannsæmandi húsnæði. — Þetta fólk á þann kost einan að leigja, annaðhvort hjá sveitarfélögum eða á almennum markaði.

Húsnæði á vegum sveitarfélaga hefur þann ókost að með því að þjappa saman mörgum fjölskyldum á einn stað eru kjör þessa fólks undirstrikuð með þeim hætti að það hlýtur að hafa slæmar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og þjóðfélagið í heild.

Sú leið, sem hér er stungið upp á, hefur verið farin og er farin í mörgum nágrannalöndum okkar og reyndin hefur orðið sú að hún hefur stuðlað að og örvað byggingu leiguhúsnæðis með þeim hætti að húsnæðisekla hefur horfið á mörgum stöðum, t. d. víða í Þýskalandi.

Leigjendur í þessu landi hafa aldrei fengið nokkurn styrk frá hinu opinbera fyrir utan frádrátt á skattskýrslu af hálfri þeirri leigu sem samist hefur um við húseiganda að gefa mætti upp. Það er heldur engin opinber stofnun á Íslandi sem lætur sig málefni leigjenda varða. Yfirvöld geta ekki öllu lengur horft fram hjá því að leiguhúsnæði er ekki þrautalending heldur raunhæf leið til lausnar á húsnæðisvanda. Það er skylda stjórnvalda að bjóða þeim sem leigja sambærilega þjónustu og nú er þegar boðin þeim sem eiga húsnæði.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr. er orðist svo:

Söluaðilum er ekki heimilt að taka meira en 2% af söluverðmæti útfluttra landbúnaðarafurða í sölulaun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er með öllu óverjandi að sölulaun séu tekin af öðru en söluverðmæti varnings, sama hverrar tegundar hann er.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um lækkun á gjaldtöku fyrir lyfja- og læknisþjónustu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fella þegar í stað úr gildi eftirfarandi reglugerðir:

— Reglugerð um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 261 25. maí 1984.
— Reglugerð um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna, nr. 260 25. maí 1984.
— Reglugerð um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknum og röntgengreiningu, nr. 258 25. maí 1984.

Jafnframt felur Alþingi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að gefa út nýjar reglugerðir um lyfja- og lækniskostnað sem miðist við eftirfarandi:

a. Hlutur sjúklinga í áætluðum heildarlyfjakostnaði verði aldrei hærri en 25%.
b. Hlutur sjúklinga verði aldrei hærri en sem nemur 50% af lægstu gjaldskrárgreiðslu samlagslæknis eða sérfræðinga.
c. Greiðslur vegna röntgengreininga og annarra rannsókna verði þær sömu og til sérfræðinga.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu þó aldrei greiða meira en sem nemur helmingi af þeim greiðslum sem í gildi eru hverju sinni.

Auk þess skal í reglugerð kveða á um að gjald elli- og örorkulífeyrisþega til sérfræðinga falli niður sé um ítrekaðar vitjanir að ræða.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er voru í maí sl. settar nýjar reglugerðir sem fólu í sér stórfelldar hækkanir á lyfja- og lækniskostnaði sjúklinga. Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að Alþingi feli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að lækka verulega þessar greiðslur.

Þær lækkanir, sem hér er gert ráð fyrir, eru eftirfarandi:

1. Greiðslur sjúklinga í lyfjakostnaði lækki fyrir innlend lyf úr 120 kr. í 60 kr. og fyrir erlend lyf úr 240 kr. í 120 kr.
2. Greiðslur sjúklinga til heilsugæslu- eða samlagslækna lækki úr 75 kr. í 35 kr.
3. Greiðslur til sérfræðinga og fyrir rannsóknir og röntgengreiningu lækki úr 270 kr. í 160 kr.

Gjald elli- og örorkulífeyrisþega skal þó aldrei vera meira en helmingur af ofangreindum fjárhæðum og ítrekaðar vitjanir til sérfræðinga án greiðslu eftir nánari reglum.

Á tímabilinu frá 1. júní 1983 til 1. ágúst 1984 hefur lyfja- og lækniskostnaður sjúklinga hækkað gífurlega eða um 300—400% á sama tíma og grunnlífeyrir almannatrygginga hefur einungis hækkað um 13%.

Á sama hátt má benda á að á einu ári, eða frá 1. ágúst 1983 til 1. ágúst 1984, hafa kauptaxtar, til að mynda ASÍ-félaga, einungis hækkað um 13,3% að meðaltali.

Það segir sig sjálft að sú stórfellda hækkun, sem varð á læknis- og lyfjakostnaði, hefur bitnað með fullum þunga á þeim sem síst skyldi, þ. e. láglaunafólki, elli- og örorkulífeyrisþegum. Til marks um það má geta þess að á sl. 10 árum hefur hlutur sjúklings verið að meðaltali um 21—22%. Nærri lætur að með þeirri breytingu, sem gerð var í maí sl., hafi hlutur sjúklinga hækkað úr 13% í um 50%.

Apótekarafélag Íslands gerði könnun vikuna 2.—6. apríl sl. á greiðsluskiptingu lyfja milli sjúklinga og sjúkrasamlaga. Þar kemur í ljós að af heildarlyfjasölunni skiptust greiðslur þannig að sjúklingar greiða 13,8% og sjúkrasamlög 86,2%. Jafnframt kom fram að til þess að aðrir en aldraðir og öryrkjar yrðu látnir greiða um 25% af lyfjakostnaði þyrfti að hækka hlut sjúklings fyrir erlend lyf úr 100 kr. í 122 kr. og fyrir innlend lyf úr 50 kr. í 61 kr. Í reglugerðarbreytingunum frá því í maí sl. er hlutur sjúklings hins vegar hækkaður nálega tvöfalt meira og nemur nú um 50% af heildarlyfjakostnaði.

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga í apríl og maí, þ. e. fyrir reglugerðarbreytingu, var rúmlega 52 milljónir að meðaltali á mánuði. Ef tekið er meðaltal júlí og ágústmánaðar, þ. e. eftir reglugerðarbreytinguna, er lyfjakostnaður sjúkratryggingadeildar tæpar 39 milljónir að meðaltali á mánuði. Miðað við þessar forsendur má ráða að á ári sé um að ræða milli **150—160 milljónir í auknum lyfjakostnaði fyrir sjúklinga.**

Lækniskostnaður sjúkratrygginga var að meðaltali í apríl og maímánuði sl., eða fyrir reglugerðarbreytingu, rúmar 18 milljónir króna. Eftir breytingu á reglugerð var meðaltal lækniskostnaðar í júlí og ágústmánuði sl. um 13 milljónir króna. Miðað við þessar forsendur má áætla að reglugerðarbreyting heilbrigðisráðherra frá 26. maí sl. hafi í för með sér um **60 milljón króna viðbótarkostnað á ári fyrir sjúklinga vegna læknishjálpar.**

Samtals er því aukinn lyfja- og lækniskostnaður, sem lagður hefur verið á sjúka, um 210—220 milljónir króna.

Ljóst er að þessi mikla hækkun hefur komið mjög harkalega niður á öldruðum, öryrkjum og barnmörgum láglaunafjölskyldum og það svo að þess eru ófá dæmi að efnalítið fólk í þessum hópi hefur hvað eftir annað staðið frammi fyrir því að eiga hvorki fyrir læknishjálp né lyfjum sem það þarf nauðsynlega á að halda. Hjá langsjúku fólki, öldruðum og öryrkjum er lyfja- og lækniskostnaður einatt stór útgjaldaliður og tekur oft drjúgan hlut af elli- og örorkulífeyri þess.

Það er ljóst að með þessari ákvörðun um stórfellda hækkun læknis- og lyfjakostnaðar hafa Íslendingar færst áratugi aftur í tímann og nú er svo komið að efnalítið fólk getur ekki nýtt sér heilbrigðisþjónustuna nema í ítrustu neyð.

Hér er því vegið hart að velferð og hagsmunum sjúkra, aldraðra og öryrkja.

Náist samstaða um þetta mál á Alþingi mun Alþýðuflokkurinn að sjálfsögðu vera reiðubúinn til að leggja fram tillögur til að mæta tekjutapi ríkissjóðs sem samþykkt þessarar þáltill. hefur í för með sér. Það er skoðun Alþýðuflokksins að hægt sé að koma festu á í íslensku efnahagslífi án þess að skerða sjálfsögð mannréttindi sjúkra í þjóðfélaginu.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á heilbrigðisráðherra að tryggja að komið verði á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með brjóstamyndatöku (mammografi).

Hópskoðun þessi verði hafin eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

Brjóstakrabbamein er algengasti illkynja sjúkdómur meðal kvenna og tíðni sjúkdómsins eykst stöðugt.

Á Íslandi greinast nú um 70—90 konur á hverju ári með þennan sjúkdóm en búast má við að 13. hver kona fái hann á lífsleið sinni.

Bætt tækni síðustu áratugi við skurðaðgerðir og geislameðferð, auk lyfjameðferðar, hafa því miður ekki aukið verulega batahorfur sjúklinga.

Úrslitaþýðingu virðist hins vegar hafa stærð æxlisins við greiningu og hvort það hefur náð að breiðast út. Meginatriði til að lækka dánartíðni er að finna æxlið snemma meðan það er enn lítið og staðbundið. Skoðun með þreifingu er óörugg og ófullnægjandi aðferð til að finna mjög lítil æxli.

Nýlegar rannsóknir benda til þess að skipuleg leit, þar sem teknar eru röntgenmyndir af brjóstum auk skoðunar, geti lækkað dánartíðni allverulega eða um 38—50% í allt að 5—7 ár eftir rannsókn.

Við brjóstamyndatöku finnast um 60—70% af æxlum á 1. stigi, þ. e. án meinvarpa, en við venjulega læknisleit finnast meinvörp í 70% tilfella. Álitið er að meðal kvenna, sem brjóstakrabbamein á 1. stigi finnst hjá, lifi meira en 90% lengur en 10 ár. Meðal kvenna, sem sjúkdómurinn finnst hjá á 2.—3. stigi, er dánartíðnin eftir 5 ár 50—60%. Framangreindar niðurstöður benda eindregið til þess að draga megi mjög úr meðferðar- og sjúkrahússkostnaði með því að finna brjóstakrabbamein þegar á 1. stigi.

Árið 1981 fól þáverandi heilbrigðisráðherra landlækni að kalla saman vinnuhóp sérfræðinga sem fékk það hlutverk að gera annars vegar áætlun um hvernig haga bæri allsherjarleit að brjóstakrabbameini með brjóstamyndatöku fyrir ákveðna aldurshópa kvenna hér á landi og hins vegar að gera áætlun um þann kostnað sem þessu mundi verða samfara. Þessi vinnuhópur var kallaður mammografíu-nefndin. Í henni hafa átt sæti Gunnar Hall frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, Hrafn Tulinius prófessor og yfirlæknir krabbameinsskráningar Krabbameinsfélags Íslands, Kolbeinn Kristófersson fyrrverandi prófessor og yfirlæknir röntgendeildar Landspítalans, Kristján Sigurðsson yfirlæknir leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins, Ólafur Ólafsson landlæknir, Skúli Johnsen borgarlæknir og Sigurður Björnsson sérfræðingur í lyflækningum krabbameina.

Í apríl 1984 var haldinn á Íslandi alþjóðlegur fundur um gildi hópskoðunar til að greina brjóstakrabbamein á frumstigi. Fundurinn var haldinn á vegum landlæknisembættisins, Krabbameinsfélags Íslands og Alþjóðakrabbameinsstofnunarinnar í Lyon í Frakklandi. Á grundvelli þeirra niðurstaðna, sem fengust á fundinum, hefur mammografíu-nefndin lagt til eftirfarandi:

1. Ráðlegt er að hefja nú þegar undirbúning að kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini á Íslandi. Lagt er til að öllum konum á aldrinum 40—69 ára verði boðin skoðun á tveggja ára fresti. Auk þess er lagt til að allar 35 ára konur verði skoðaðar einu sinni til þess að fá viðmiðunarmynd til samanburðar við síðari rannsóknir.
2. Við teljum eðlilegt að þessi rannsókn, þ. e. brjóstamyndataka, tengist leghálskrabbameinsrannsókn Krabbameinsfélags Íslands og verði því framkvæmd af félaginu.
3. Áætlaður kostnaður á ári við skoðun 15 000 kvenna með brjóstamyndatöku er 7—8 millj. kr.

Húsnæði mun vera falt til að framkvæma þessa rannsókn í hinu nýja húsi Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð 8 og mundi rannsóknin hefjast smám saman eftir því sem aðstaða byggðist upp. Eðlilegt og sjálfsagt er að reka þessa leitarstarfsemi í tengslum við þá leit að leghálskrabbameini sem þegar fer fram á vegum Krabbameinsfélagsins. Er í því sambandi vert að minnast á hinn mikla og góða árangur sem orðið hefur hér á landi í leit að leghálskrabbameini og greiningu þess á frumstigi. Hefur hann leitt til þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin valdi Ísland sem fyrirmyndarland annarra þjóða til eftirbreytni á þessu sviði.

Í febrúar sl. undirritaði heilbrigðisráðherra fyrir Íslands hönd samning um forvarnarverkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Þar er um að ræða samvinnuverkefni tíu Evrópuþjóða um forvarnir gegn ýmsum sjúkdómum, m. a. krabbameini. Það er tímanna tákn því að heilsuvernd nútímans og framtíðarinnar stefnir sífellt meira frá því að vera dýr viðgerðarþjónusta í þá átt að koma í veg fyrir sjúkdóma með fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum eða að öðrum kosti að greina þá og meðhöndla á byrjunarstigi.

Með því að greina krabbamein snemma í brjóstum er unnt að bjóða sjúklingum upp á vægari, mannúðlegri og árangursríkari meðferð.

Þar sem brjóstakrabbamein er algeng dánarorsök kvenna allt að 55 ára aldri og veldur dauða um 25 íslenskra kvenna árlega er mikið í húfi að draga úr dánartíðni af völdum þessa sjúkdóms.

HEIMILDIR.

1. Shapiro, S., W. Venet, P. Strax, Louis Venet og R. Roester: Ten-to-fourteen-year Effect of Screening on Breast Cancer Mortality. *Journal of the National Cancer Institute,* 1982, 69, 349—355.
2. Kopans, D. B., J. E. Meyer og N. Sadowsky: Breast Imaging. *The New England Journal of Medicine,* 1984, 310: 960—967.
3. The American Cancer Society's National Task Force on Breast Cancer Control: Mammography 1982: A Statement of the American Cancer Society. *Ca-A Cancer Journal for Clinicians,* 1982, 32, 226—230.
4. De Waard, F., H. J. A. Collette, J. J. Rombach, E. A. Baanders van Halewijn og C. Honnig: *The Dom Project for the Early Detection of Breast Cancer,* Utrecht, The Netherlands. J. Chron, Dis., 1984, 37, 1—44.
5. Collette, H. J. A., N. E. Day, J. J. Rombach og F. de Waard: *Evaluation of Screening for Breast Cancer in a Non-Randomised Study (The DOM-Project) by Means of a Case Control Study.* Í prentun.
6. Verbeek, A. L. M., J. H. C. L. Hendriks, R. Holland, M. Mravunac, F. Sturmans og N. E. Day: *Reduction of Breast Cancer Mortality Through Mass Screening with Modern Mammography.* First results of the Nijmegen project, The Netherlands 1975—1981. Í prentun.
7. Miller, A. B.: Report from Canada. NCIC Epidemiology Unit, University of Toronto. Munnl. upplýs.
8. Tabár, L., A. Gad, E. Akerlund og L. Holmberg: Screening for Breast Cancer in Sweden. Í *Breast Carcinoma. Current Diagnosis and Treatment.* Ritstj.: Feig & McLelland, Masson, USA, 1983.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa 3 manna nefnd sem leggi fram ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að veita athvarf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu þeim börnum og unglingum yngri en 18 ára sem eru illa haldin, andlega og líkamlega, vegna fíkniefnaneyslu.

Greinargerð.

Á s. l. 20 árum hefur neysla vímuefna meðal ungs fólks á Vesturlöndum færst stórfelldlega í aukana. Ætla má af könnunum, að víða hafi um 80% ungmenna á gagnfræða- og menntaskólastigi neytt eins eða fleiri vímuefna í því skyni að komast í einhvers konar vímuástand. Með vímuefni er átt við einhvern eftirtalinna efnaflokka:

1. Róandi efni eins og áfengi, svefnlyf, valíum og önnur róandi lyf.
2. Örvandi efni eins og amfetamín, kókaín og ýmis megrunarlyf.
3. Kannabisefni eins og marijúana og hass.
4. Skynvilluefni eins og LSD og meskalín.
5. Kvalastillandi efni eins og ópíum, morfín, heróín, kódeín, petidín og metadon.
6. Lífræn leysiefni eins og lím, þynni og úðunarefni.
7. Ofnæmis- og sjóveikilyf.
8. Ýmis önnur efni eins og t. d. englaryk.

Lengi vel vorum við Íslendingar lausir við þennan vágest, ef undan er skilið áfengi, og þess var ekki neytt í verulegum mæli meðal barna og unglinga. Á s. l. árum hefur þó ástandið breyst til hins verra og virðist almenn vímuefnaneysla meðal barna og unglinga fara vaxandi.

Engar tæmandi rannsóknir liggja fyrir um vímuefnaneyslu unglinga hér á landi en þó má draga ályktanir af þeim könnunum sem gerðar hafa verið. Í heilbrigðisskýrslum, fylgiriti 1982, eru bornar saman kannanir á áfengisneyslu 1972 og 1980 og kemur þá fram að stöðugt fleiri unglingar telja áfengisneyslu eftirsóknarverða og að marktæk fylgni er á milli þessa viðhorfs og þess að unglingarnir neyti sjálfir oftar áfengis. Enn fremur, að notkun áfengis meðal íslenskra unglinga hefur aukist verulega hin síðari ár. Unglingarnir drekka oftar og meira í hvert sinn en áður. Það var einnig ljóst af þessari könnun að áfengisnotkun follorðinna er veruleg og vaxandi og trúlegt er að notkunarvenjur unglinga endurspegli þær venjur sem almennt tíðkast í landinu.

Árið 1970 kom fram í könnun að kannabis var nær óþekkt meðal 15 ára unglinga í Reykjavík. Síðari kannanir 1972 og 1980 sýndu að þeim unglingum, sem hafa notað kannabisefni, hefur fjölgað mikið. Enn fremur kom greinilega í ljós fylgni milli notkunar áfengis og kannabisefna.

Á allra síðustu árum hefur svo aukist verulega bæði framboð og fjölbreytni þeirra vímuefna sem eru á boðstólum og aldurshópur neytenda er orðinn breiðari. Samkvæmt upplýsingum þeirra, sem vinna að málum unglinga, er svo komið nú að hópur unglinga frá 13 ára aldri a. m. k., jafnvel yngri, neytir vímuefna reglulega, sumir daglega. Þessi hópur

notar flest þau efni sem aðgengileg eru á markaðnum hverju sinni og neytir efnanna á ýmsan hátt. Virðist fara vaxandi sú tilhneiging að sprauta ýmsum efnum beint í æð og gildir þá einu hvort um er að ræða áfengi, muldar sjóveikitöflur, amfetamín eða annað. Grunur leikur á því að þau efni, sem eru í duftformi, séu oftar en ekki blönduð öðrum efnum, eins og t. d. talkúmi, til að drýgja þau eða jafnvel heróíni til að skapa stærri og háðari neytendahóp. Þarf ekki að tíunda þá hættu sem hlýst af því að sprauta slíkum efnum beint inn í blóðrásina.

Í þessum hópi eru unglingar sem flestir eru hættir í skóla og margir án þess að hafa lokið lögboðnu skyldunámi. Þeir eru ekki í vinnu eða stunda hana stopult og eru að miklu leyti lagstir út en hafast við hvar sem verkast vill, húsnæði eða skjóli eins og hitaveitukompum og því um líku sem er þeirra eina athvarf. Þessir unglingar fjármagna neyslu sína á ýmsan hátt, með ígripavinnu, sölu og dreifingu vímuefna, eitthvað er um þjófnaði og önnur lögbrot og sögusagnir hafa heyrst um vændi barnungra stúlkna. Þessi harði kjarni ungra neytenda, sem er á aldrinum 11—16 ára og telur um 20—30 einstaklinga, hefur síðan óæskileg áhrif á svonefndan áhættuhóp sem neytir fíkniefna að staðaldri og telur marga tugi unglinga. Þar eru börn allt frá 10 ára aldri sem farin eru að nota vímuefni í einhverjum mæli og stöðugt verða þau börn yngri sem þreifa fyrir sér í þessum efnum.

Oft er um að ræða einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður á heimili og í skóla og koma frá láglaunahópum þjóðfélagsins. Þetta er þó ekki einhlítt því að börn sem alist hafa upp við góðar aðstæður geta líka ánetjast vímuefnum. Ótrúlegt er að nokkur ætli sér eða vilji verða háður vímuefnum en það sem byrjar annaðhvort sem flótti frá raunveruleika, sem unglingurinn ræður ekki við, eða þá sem fikt, af ævintýralöngun eða löngun til að upphefja sig í augum félaganna, getur fyrr en varir orðið að líkamlegum og sálrænum bindandi vana og unglingurinn missir stjórn á neyslu sinni. Öll þau vímuefni, sem áður voru talin upp, geta valdið líkamlegum eða andlegum skemmdum, sum ef neysla þeirra er mikil og langvarandi, önnur geta haft varanlegt og óbætanlegt heilsutjón í för með sér þótt þeirra sé aðeins neytt í eitt sinn. Dæmi um slík efni eru LSD, englaryk og sniffefni. Mörg þeirra barna og unglinga, sem eru reglulegir neytendur vímuefna, hafa þegar beðið tjón á heilsu sinni. Önnur eru í mikilli hættu. Þau ráfa um umhirðulítil og vanrækt á þeim stöðum þar sem unglingar leita saman í hjarðir, áður á Hallærisplaninu en nú í seinni tíð fremur á Hlemmtorgi og í leiktækjasölum þar í grennd en langstærstur hluti vandans er bundinn við höfuðborgarsvæðið. Sum eru illa haldin eða ósjálfbjarga og eiga í ekkert hús að venda vegna félagslegra vandræða. Flest þurfa þau læknismeðferð, hjúkrun og félagslegan stuðning um lengri eða skemmri tíma og þörf þeirra er brýn. Haft hefur verið á orði að vímuefnafíkn mætti líkja við smitsjúkdóm og áður var minnst á þann áhættuhóp sem verður fyrir áhrifum af hinum harða kjarna þeirra sem reglubundið neyta vímuefna. Áhættuhópurinn er síðan óhjákvæmilega í tengslum við jaðarhópa, bæði í Reykjavík og úti á landsbyggðinni, sem standa fjær en eru samt í hættu. Enginn veit hvað þessir hópar eru stórir en víst er að við höfum ekki efni á því að láta eitt einasta ungmenni fara í súginn á þennan hátt.

Eðlileg viðbrögð til „sóttvarnar" eru meðal annars að einangra smitbera og uppræta þann jarðveg þar sem „smitsjúkdómurinn" þrífst.

Vegna aldurs síns eiga þessir einstaklingar ekki greiða leið inn í heilbrigðiskerfið og er því nauðsynlegt að þar verði sköpuð sú aðstaða sem þeir þarfnast. Gera verður skyndiátak til að skipuleggja samvinnu milli heilbrigðis- og félagsmálastarfsfólks um úrræði og meðferð. Er því lagt til að nefndina skipi fulltrúi heilbrigðiskerfisins, t. d. geðlæknir, fulltrúi Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og fulltrúi frá Unglingaheimili ríkisins.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. maí 1985.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I- og SALT II-samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til.

Greinargerð.

Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ. e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að tryggja lausn þessa ógnarlega vanda.

Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, eru komin í sjálfheldu og halda jafnframt stórum hlutum heimsbyggðarinnar í gíslingu með viðkvæmu og ótryggu ógnarjafnvægi. Óstöðugleiki þessa jafnvægis vex eftir því sem tækni hinna nýju vopna verður þróaðri og má sem dæmi nefna að nú er svo komið að einungis sex mínútur gefast til umhugsunar og ráðrúms til að bregðast við kjarnorkueldflaugum af Pershing II-gerð sem settar voru upp í Evrópu á þessu ári. Sem svar við þessari ráðstöfun Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna hafa Sovétmenn síðan staðsett SS-20 kjarnorkueldflaugar í löndum Varsjárbandalagsins og er þeim beint að löndum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Þetta minnkandi svigrúm og stirðar samningaviðræður um afvopnunarmál valda því að spenna í samskiptum stórveldanna fer vaxandi og eykur sífellt hættuna á kjarnorkuátökum.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Hún er jafnframt tilraun til að draga úr þessu hættuástandi og rjúfa þennan vítahring. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þingsályktunartillögu áður en efnislega svipaðar tillögur verða bornar upp til atkvæða á þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir.

1. gr.

65. gr. laganna hljóði svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar bókstaf þess lista eða nafn eða nöfn þeirra frambjóðenda af listum, sem hann vill kjósa, allt upp í tölu þingsæta í viðkomandi kjördæmi, sbr. a- og b-lið 5. gr.

2. gr.

84. gr. laganna hljóði svo:

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru, eða setur kross fyrir framan eitt nafn á lista eða fleiri nöfn á lista eða listum allt upp í tölu þingsæta í viðkomandi kjördæmi, sbr. a- og b-lið 5. gr.

Hver kjósandi hefur eitt atkvæði. Skipti hann atkvæði sínu á fleiri en einn frambjóðanda hljóta þeir sama brot atkvæðis, reiknað með þremur aukastöfum.

3. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. 20. gr. l. nr. 66/1984, orðist svo:

Til þess að finna út atkvæðatölu lista í kjördæmi skal reikna listum atkvæði með eftirfarandi hætti: Atkvæði, sem merkt eru listabókstaf, eru lögð við atkvæði eða brot úr atkvæði, reiknuð með þrem aukastöfum, greidd einstaklingum á listum og er þá fundin atkvæðatala listans í viðkomandi kjördæmi.

4. gr.

115. gr. laganna, sbr. 29. gr. l. nr. 66/1984, hljóði svo:

Til þess að finna hvaða frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum framboðslista skal þeim raðað innbyrðis eftir atkvæðamagni. Atkvæðamagn hvers frambjóðanda er fundið með því að leggja saman persónulegt atkvæðamagn hans og hlutdeild hans í atkvæðum greiddum viðkomandi framboðslista. Reikna skal með að atkvæði greidd listanum skiptist jafnt á jafnmörg efstu sæti hans og þingsætafjöldi listans segir til um. Við þessa skiptingu skal reikna með þremur aukastöfum. Þeir frambjóðendur hvers lista, sem mest atkvæðamagn fá, skulu hljóta kosningu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Hins vegar var frumvarp flokksformanna um breytingar á kosningalögunum samþykkt. Með hliðsjón af því hefur frumvarp þetta verið endurskoðað eins og bent var á í greinargerð að gera mætti ef kosningalögunum yrði breytt enda eru þær breytingar sem hér eru gerðar tillögur um, þ. e. aukið persónuval, sjálfstætt efnisatriði og varða ekki t. d. heildarfjölda þingsæta eða reglur um úthlutun þingsæta til lista o. fl. sem breytt var með frv. flokksformanna á síðasta þingi. Þær fjalla aðeins um hvaða frambjóðendur ná kosningu á hverjum lista, hvaða einstaklingar skipa þau sæti sem listi hefur hlotið.

Í greinargerð með frumvarpinu á 106. löggjafarþingi sagði m. a.:

Hér er lagt til að kosningalögum verði svo breytt að kjósandi eigi möguleika á því að merkja við listabókstaf enda felli hann sig við þá röð sem fram hefur verið sett á röðuðum lista; að kjósandi eigi möguleika á að merkja við einn einstakling og nýtist þá atkvæðið þeim lista sem sá frambjóðandi, sem atkvæðið hlýtur, á sæti á; og að kjósandi eigi rétt á að skipta atkvæði sínu á svo marga frambjóðendur sem fjöldi þingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um og geti hann þá kosið einstakling af hvaða lista sem vera skal. Kjósi menn með þeirri aðferð skiptast atkvæði milli lista í þeim hlutföllum sem kjósandi hefur ákveðið.

Dæmi I.

A	B	X C	D

Hér er um að ræða kjördæmi sem hefur fimm þingsæti. Hér hefur kjósandi kosið lista og þar með fellt sig við röðun hans. Setjum svo að samanlögð tala atkvæða, sem greidd eru lista (t. d. 1000) og atkvæða sem greidd eru einstaklingum á lista (t. d. 1300), sé 2300. Þá er reiknað hversu mörg þingsæti sú tala gefur. Niðurstaða gæti verið að hún gæfi tvö þingsæti. Eitt þúsund atkvæði greidd lista skiptust sem persónuleg atkvæði á hina tvo efstu. Þeir gætu hafa fengið persónuleg atkvæði að auki. Hafi hins vegar einstaklingur annars staðar á lista fengið persónuleg atkvæði þá flyst hann (þeir) ofar sem því nemur.

Dæmi II.

A	B	C	D
	X		

Hér hefur kjósandi kosið einstakling á lista. Sá hlýtur þá heilt atkvæði og jafnframt hlýtur B-listi þetta atkvæði.

Dæmi III.

A	B	C	D
			X
	X		
		X	
		X	
X			
0.2	0.2	0.4	0.2

Hér hefur kjósandi kosið að skipta atkvæði sínu í fimm staði sem er hámark þar sem þingmenn eru fimm; og enn fremur kosið að dreifa því milli lista. Listarnir hljóta þá þau brot úr atkvæði (í þessu tilfelli hlýtur C ⅖ og A, B og D ⅕ = 1) og kjósandi hefur jafnframt kosið fimm einstaklinga.

Þessar tillögur eru hluti þeirrar stefnumörkunar Bandalags jafnaðarmanna að auka lýðréttindi fólksins í landinu en minnka í staðinn völd hagsmuna- og þrýstihópa hvers konar og þar á meðal og ekki síst flokksvéla stjórnmálaflokkanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kosning utan kjörstaðar er löguð að þeirri almennu reglu sem verið er að leggja til.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að kjósandi geti merkt X við lista; við einstakling á einum eða fleiri listum, allt upp í svo marga einstaklinga sem fjöldi þingsæta í viðkomandi kjördæmi segir til um.

Felld eru út ákvæði um útstrikanir og endurröðun enda verða þau óþörf og hafa auk þess ekki haft neina þýðingu í raun.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar gera ráð fyrir því að lögð séu saman atkvæði greidd lista og atkvæði eða brot úr atkvæðum greidd einstaklingum. Sú summa er heildaratkvæði viðkomandi lista í viðkomandi kjördæmi.

Atkvæði greidd lista eru jafnframt persónuleg atkvæði þess eða þeirra sem skipa efstu sæti lista og skiptast þau jafnt ef þingsæti lista eru fleiri en eitt.

Hljóti annar eða aðrir einstaklingar fleiri persónuleg atkvæði flytjast þeir ofar á lista áður en þingsætum er úthlutað til einstaklinga.

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um að leggja niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um að leggja niður starfsemi Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Skipaútgerðar ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um að leggja niður starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um að leggja niður starfsemi Jarðborana ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Jarðborana ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um að leggja niður starfsemi lánadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi lánadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er óþarft að ríkið sinni.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um að hætta þátttöku í starfsemi Fiskifélags Íslands.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að hætta megi þátttöku í starfsemi Fiskifélags Íslands.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um að leggja niður starfsemi skipulagsstjóra ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi skipulagsstjóra ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að hætta þátttöku í starfsemi Búnaðarfélags Íslands.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um að leggja niður starfsemi tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um að leggja niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um að leggja niður starfsemi embættis húsameistara ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi embættis húsameistara ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um að leggja niður starfsemi Fasteignamats ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Fasteignamats ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson,
Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Markmið laga þessara er að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingu, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í endurmenntunarráð, og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn, þar af fimm eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna og
menntamálaráðherra.

Félagsmálaráðherra skipar tvo menn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins.

Endurmenntunarráð ræður sér starfsmann með staðgóða þekkingu í vinnumarkaðsmálum og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Ráðið skal kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk endurmenntunarráðs er:

a. að gera heildaryfirlit yfir þá endurmenntun sem í boði er og tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu,
b. að meta á hverjum tíma þörf endurmenntunar vegna áhrifa nýrrar tækni á atvinnulífið og einstaka starfshópa,
c. að gera heildaráætlun til fjögurra ára í senn um skipulag og samræmingu endurmenntunar og forgangsverkefni á því sviði sem miði markvisst að því að aðlaga starfsgreinar og starfshópa áhrifum tæknivæðingar í samræmi við þarfir atvinnulífsins,
d. að gera árlega kostnaðaráætlun vegna endurmenntunar sem fjárveiting næsta árs byggist á,
e. að úthluta styrkjum úr endurmenntunarsjóði, sbr. 4. gr.

Verði ágreiningur um ákvörðun ráðsins geta þrír ráðsmenn skotið ágreiningsatriðum til úrskurðar félagsmálaráðherra.

4. gr.

Stofna skal sjóð sem nefnist endurmenntunarsjóður og skal hann vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn félagsmálaráðherra.

Hlutverk endurmenntunarsjóðs er annars vegar að veita styrk, sem sé að fjárhæð a. m. k. jafnhár atvinnuleysisbótum á hverjum tíma, til þeirra sem fá viðurkennda endurmenntun og hins vegar að veita styrki til
— námsgagnagerðar,
— námskeiðahalds og
— starfsþjálfunar
á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði.

Heimilt er að endurmenntunarsjóður greiði að fullu námskeiðsgjöld fyrir þá sem eru að koma á vinnumarkaðinn og ekki eru í stéttarfélögum og þá sem verið hafa á atvinnnuleysisskrá í a. m. k. fjórar vikur.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingu og hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun skulu sett í reglugerð að uppfylltu ákvæði til bráðabirgða í þessum lögum.

5. gr.

Ríkissjóður skal í fjárlögum ár hvert leggja sjóðnum til fé sem nemi eigi lægri upphæð en svarar helmingi af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs hverju sinni.

6. gr.

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum endurmenntunarráðs, hver skuli hafa á hendi daglegan rekstur endurmenntunarsjóðs undir eftirliti ráðsins, þar á meðal innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna.

Ríkisendurskoðun hefur á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

7. gr.

Endurmenntunarráð skal gera skýrslu um starfsemi sína og senda félagsmálaráðherra ásamt ársreikningum eigi síðar en 30. mars ár hvert.

8. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum endurmenntunarráðs.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal þegar í stað hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins, sbr. ákvæði síðustu mgr. 4. gr. laganna, í því skyni að leita samráðs um þátttöku og fyrirkomulag á hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun vegna endurmenntunar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að með samræmdri og skipulagðri endurmenntun hér á landi vegna tækniþróunar í atvinnulífinu verði öllum sköpuð skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni. Sérstök áhersla verði lögð á endurmenntun í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar.

Hér á landi hefur allt of lítil umræða enn farið fram um áhrif þeirra róttæku breytinga sem rafeindatækni og áhrif tölvuvæðingar munu hafa á vinnumarkaðinn, atvinnulíf og atvinnuhætti í landinu á komandi árum. Hvaða nýja möguleika mun hún opna og hvaða hættu mun hún hafa í för með sér ef ekki verður brugðist við í tíma á réttan hátt?

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og margt bendir til þess að þessar breytingar séu rétt að byrja. Breytingar þessar hafa það í för með sér að öll störf og vinnuaðferðir munu breytast og miklar tilfærslur verða á vinnuaflanum á milli atvinnuvega, starfsgreina, verkefna og vinnustaða. Sjálfvirkni og vélvæðing mun hafa það í för með sér að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun. Ef ekki er brugðist við með réttum hætti í tíma er mikil hætta á því að það muni hafa í för með sér versnandi lífskjör og atvinnuleysi hér á landi.

Þær gífurlegu breytingar, sem áhrif tæknivæðingarinnar munu hafa á allt atvinnulíf á komandi árum, gera kröfu til þess að tilfærslur geti átt sér stað á mannaflanum milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti en forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkara mæli en nú er.

Í allri atvinnuuppbyggingu og leiðum til að bæta lífskjör fólks er eitt brýnasta verkefnið að opna starfsfólki möguleika til að geta aðlagast með eðlilegum hætti áhrifum þeirra gífurlegu breytinga sem tæknivæðingin mun hafa í för með sér á allt atvinnulíf á komandi árum. Endurmenntun starfsfólks er því ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að nýta sér nýjar tæknibreytingar til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og bættra lífskjara hér á landi.

Möguleikar hjá starfsfólki hér á landi til þess að öðlast sérhæfða endurmenntun við sitt hæfi og í samræmi við þarfir fyrirtækjanna er ýmsum takmörkunum háð.

Hér skulu tilgreindir nokkrir þættir:

1. Skólakerfið hefur ekki getað sinnt með skipulegum hætti endurmenntun í tengslum við atvinnulífið eða skólakerfið og menntunin í heild sinni hafa ekki tekið nægjanlegt mið af þörfum atvinnulífs.

2. Langur vinnudagur starfsfólks hér á landi og framfærslubyrði gera kröfur til þess að hver fjölskylda verði að geta treyst á tvær fyrirvinnur ef endar eiga að nást saman í nauðsynlegum útgjöldum. Lítill sem enginn tími er aflögu að starfsdegi loknum til að sækja endurmenntun eða þau námskeið, sem í boði eru, vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Auk þess þola fæstir þann tekjumissi sem því er samfara að öðlast endurmenntun.

3. Of lítið framboð er á námskeiðum og þau námskeið, sem boðið er upp á, eru í mörgum tilfellum of dýr fyrir einstaklinga.

4. Alla hvatningu og leiðbeiningar um nauðsyn endurmenntunar vantar og starfsfólk því einatt ekki nægilega vel á verði um það að endurmenntun getur ráðið úrslitum um atvinnuöryggi þess í framtíðinni.

5. Engin skipulögð eða samræmd stefna er í endurmenntunarmálum og starfsfólki reynist oft erfitt að skipuleggja endurmenntunarnám upp á eigin spýtur.

6. Fyrirtækin sjálf hafa of lítið gert af því að undirbúa starfsfólk undir tæknibreytingar með því að gefa því kost á starfs- eða endurmenntun.

Víða erlendis, t. d. annars staðar á Norðurlöndum, hefur þessari þörf fyrir endurmenntun og starfsþjálfun verið mætt með mjög umfangsmiklum, fjölbreyttum og skipulögðum aðgerðum. Má til að mynda nefna að frá 1960 hefur verið í gildi í Danmörku löggjöf um endurmenntun ófaglærðs starfsfólks. Ríkisvaldið hefur í þessum og öðrum löndum talið það skyldu sína að veita ríflega styrki til endurmenntunar. Á Norðurlöndum hefur ríkisvaldið þannig um langt árabil styrkt bæði námsgagnagerðina, kennsluna eða þjálfunina, svo og veitt styrki sem samsvara atvinnuleysisbótum til að bæta það tekjutap sem fólk verður fyrir samfara endurmenntunarnámi.

Hér skulu nefnd nokkur dæmi:

1. Ríkisframlag Dana til **„arbejdsmarkedsuddannelserne“:**
   1980 687,3 millj. d. kr.
   1981 658,5 millj. d. kr.
   1982 941,2 millj. d. kr.
   (7080 d. kr. á einstakling.)
2. **Ríkisframlag Norðmanna:**
   1981 samtals 116,1 millj. n. kr. eða 7800 n. kr. á einstakling.
3. Ríkisframlag Svía til **„arbetsmarknadsutbildning 1981—1982“:**
   3891 millj. s. kr. eða 32 þús. s. kr. á einstakling.

   (Heimild: Þuríður Magnúsdóttir, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins: Skýrsla um kynnisferð til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs í júní 1983.)

Ef reynt er að gera sér grein fyrir hvað það kostaði að koma endurmenntunarmálum í sæmilegt horf hér á landi og hver sá fjöldi væri sem gagn gæti haft af endurmenntun kemur eftirfarandi í ljós:

Gert er ráð fyrir að um 40 þús. manns muni geta haft gagn af styrkveitingum úr þeim endurmenntunarsjóði sem fyrirhugað er að stofnaður verði samkvæmt þessu frv.

Ef miðað er við að hver og einn þurfi að fá sem lágmark tveggja vikna starfsmenntun á 5 ára fresti þyrftu 8 þús. manns úr þessum hópi að sækja tveggja vikna námskeið á hverju ári.

Algeng námskeiðsgjöld á samsvarandi námskeið 1984 var 800—1200 kr. á þátttakanda.

Gera má ráð fyrir að útbúa þurfi um 30 ný námskeið að jafnaði á ári og að námsgagnagerðin kosti sem svarar um 150 þús. kr. á námskeið að meðaltali.

Áætlaður kostnaður, miðaður við þessar forsendur, gæti því orðið eftirfarandi:

	Kr.
1. **Námskeiðsgjöld.**	
10 dagar x 8000 þátttakendur x 1000 á dag =	80 000 000
2. **Atvinnuleysisbætur.**	
10 dagar x 8000 þátttakendur x 535,60 á dag =	42 848 000
3. **Þróunarkostnaður.**	
30 námskeið x 150 000 =	4 500 000
Samtals	127 348 000

Hér er um að ræða töluvert hærri fjárhæð en ráð er fyrir gert að endurmenntunarsjóður hafi til umráða skv. ákvæðum frumvarpsins. Er það gert í þeirri von að víðtæk samstaða geti náðst á Alþingi um þetta mál og verður nánar gerð grein fyrir því í framsögu.

Hér á landi, sem og annars staðar þar sem fjármagni hefur verið varið til endurmenntunarmála, er ljóst að sú fjárfesting mun skila sér margföld aftur á þann hátt að Íslendingar munu verða mun færari en ella til þess að nýta sér þá möguleika sem tæknibreytingarnar hafa í för með sér. Framtíð íslensks atvinnulífs og lífskjör hér á landi munu að verulegu leyti byggjast á því að uppbygging atvinnulífsins sé aðlöguð nýrri tækni og að starfsfólkið hafi möguleika á að tileinka sér tæknibreytingar. Ef áfram á að láta reka á reiðanum í þessu efni geta áföllin orðið stór.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvert stefnir í atvinnumálum og hvernig mannafli greinist á einstakar atvinnugreinar og hvaða menntun og þekking er nauðsynleg vegna breyttra atvinnuhátta. Talið er að mannafli á vinnumarkaðinum muni aukast um 30 þús. manns næstu 20 árin. Helst hefur verið horft til iðnaðarins í þessu efni og talið nauðsynlegt

að byggja hann upp til að taka við auknum mannafla á vinnumarkaðinum á komandi árum. Margt bendir þó til þess að iðnaðurinn muni ekki taka við auknum mannafla í jafnríkum mæli og áður var talið. Í upplýsingum um mannaflaþróun í helstu atvinnuvegum þjóðarinnar á árabilinu 1963—1979 kemur eftirfarandi í ljós:

	1963	1979
Iðnaður	12 040 (17,8%)	18 109 (17,9%)
Landbúnaður	9 254 (13,7%)	6 995 (6,9%)
Sjávarútvegur	11 143 (16,5%)	14 373 (14,2%)
Opinber störf	11 635 (17,2%)	25 287 (25,0%)
Annað	23 445 (34,7%)	36 238 (35,8%)

(Heimild: Mannfjöldi, mannafli og tekjur. Framkvæmdastofnun ríkisins. Ágúst 1984.)

Af ofangreindu má sjá að hlutur opinberra starfa hefur vaxið mest eða úr 17,2% í 25%, þ. e. fjölgun um rúmlega 13 þús. störf. Hlutur iðnaðar hefur staðið nokkurn veginn í stað á þessu tímabili. Fækkun hefur orðið í landbúnaði og þótt nokkur fjölgun hafi orðið í sjávarútvegi, eða um 3230 störf, hefur hlutur hans af mannaflanum minnkað á tímabilinu.

En hver hefur mannaflaþróunin orðið í öðrum löndum?

Í eftirfarandi töflum má sjá hver þróunin hefur orðið í Japan, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi samanborið við Ísland á árunum 1955—1975. Heimildarmaður er Ingjaldur Hannibalsson, forstöðumaður Iðntæknistofnunar.

DREIFING VINNUAFLS Á GREINAR (1955-1975)

	UPPLÝSINGAR		ÞJÓNUSTA		IÐNAÐUR (I.M.T. BYGGINGARIÐN. OG FISKIÐN.)		LANDBÚNAÐUR OG FISKVEIÐAR	
JAPAN	17.9	29.6	18.4	22.7	31.3	33.8	32.4	13.9
SVÍÞJÓÐ	26.0	34.9	26.8	29.8	36.5	30.6	10.7	4.7
BRETLAND	26.7	35.6	27.5	27.0	40.4	34.2	5.4	3.2
BANDARÍKIN	30.5	41.1	19.1	24.1	38.4	31.5	12.0	3.3
V-ÞÝSKALAND	18.3	33.3	20.9	25.9	38.3	35.1	22.5	5.8
FRAKKLAND	20.3	32.1	24.1	28.1	36.9	29.9	24.7	9.9
ÍSLAND (1975)	47.5				37.7		14.8	
(1981)	50.9				36.8		12.3	
(1982)	52.7				34.2		13.1	

Athyglisvert er hvað hlutur upplýsingastarfsemi og þjónustu hefur aukist í öllum þessum löndum.

Upplýsinga- og þjónustustarfsemi sem hlutfall af mannafla árið 1975 var eftirfarandi:

Svíþjóð	64,7%
Bretland	62,6%
V-Þýskaland	59,2%
Frakkland	60,2%
Japan	52,3%
Bandaríkin	65,2%
Ísland	47,5%

Á sama tíma og mannaflinn dreifist í auknum mæli á upplýsinga- og þjónustustarfsemi verður verulegur samdráttur í framleiðslugreinum, þó svo að framleiðsluverðmætin hafi aukist vegna framleiðniaukningar.

Hlutur landbúnaðar og fiskveiða dregst verulega saman í þessum löndum eins og sést á því að í Bretlandi er hann aðeins 3,2% af mannaflanum, í Svíþjóð 4,7% og í Bandaríkjunum 3,3%. Hlutur iðnaðar hefur í þessum löndum alls staðar minnkað nema í Japan.


Eins og sjá má af töflunni er hlutur mannaflans á Íslandi í upplýsingamiðlun og þjónustustarfsemi verulega minni en í þessum löndum á sama tíma og hlutur mannaflans í framleiðslugreinum á Íslandi er mun meiri en í þessum löndum.

Þessar tölur sýna glöggt hvert stefnir og hlýtur það að vera umhugsunarefni að þótt störf hér á landi í framleiðslugreinum séu fleiri en hjá þessum þjóðum eru framleiðni, hagvöxtur og lífskjör mun verri hér á landi en í þessum löndum og Ísland láglaunasvæði miðað við flest þessara landa.

Á því er varla vafi að Íslendingar eru orðnir verulega á eftir öðrum þjóðum í því að tileinka sér nýja tækni. Ljóst er því að hæfni okkar til samkeppni við aðrar þjóðir er undir því komin að stjórnvöld geri sér grein fyrir hvert stefnir og bregðist við með réttum hætti.

Í þeirri töflu, sem hér fer á eftir og er byggð m. a. á upplýsingum úr riti Framkvæmdastofnunar um mannfjölda, mannafla og tekjur, kemur glögglega í ljós hvert stefnir í skiptingu mannaflans á milli þjónustugreina, framleiðslugreina og úrvinnslugreina — og til samanburðar er staðan í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi á árinu 1975:

Hlutfallsleg skipting mannafla atvinnugreina árin 1910—1981



Þessi tafla sýnir ljóslega hve gífurlegum breytingum atvinnulífið hefur tekið og þau áhrif sem tæknivæðingin hefur haft á mannafla í atvinnugreinum. Ef litið er á þróunina í þeim löndum sem hér hafa verið tilgreind og eru mun lengra komin en Ísland í allri tæknivæðingu er ljóst að bætt lífskjör í þessum löndum hafa ekki byggst á auknum tækifærum í framleiðslugreinum. Það sést gleggst af því að í Bandaríkjunum eru lífskjör einna best en þar er lægst hlutfall vinnuaflans í þessum löndum við framleiðslustörf.

Í grein eftir Ingjald Hannibalsson, forstöðumann Iðntæknistofnunar, sem birtist í ritinu Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins, 1. tbl. 1984, og fjallaði um framtíð tæknivædds iðnaðar á höfuðborgarsvæðinu, kemur margt athyglisvert fram að því er varðar stöðu og framtíð íslensks iðnaðar. Þar segir orðrétt:

„Sé litið á uppbyggingu íslensks iðnaðar, kemur í ljós, að helstu greinar hans eru þær, sem erlendis eru yfirleitt taldar til láglaunaiðnaðar. Gildir þetta um ýmsar greinar matvælaframleiðslu, fataiðnaðar, húsgagnaiðnað og ýmsar greinar málmiðnaðar. Sumar þessara greina hafa á undanförnum árum átt í miklum erfiðleikum í nágrannalöndunum vegna samkeppni frá láglaunalöndum og hefur starfsmönnum í greinum eins og fataiðnaði, húsgagnaiðnaði og skipasmíðaiðnaði fækkað mjög í flestum nágrannalöndunum. Ekki er ólíklegt, að svipuð fækkun eigi eftir að verða í þessum greinum hér á landi."

Í þessari grein kemur einnig fram að ef litið er til annarra þjóða kemur í ljós að stefna svo til allra iðnaðarþjóða sé að auka til mikilla muna iðnað sem byggður er á tækni og þekkingu. Telja þessar þjóðir að sú tegund iðnaðar verði til þess að bæta lífskjör næstu áratuga með sama hætti og hefðbundinn framleiðsluiðnaður hefur gert á undanförnum áratugum.

Ljóst er af þessu að framleiðniaukningin í iðnaðarframleiðslunni erlendis vegna hagræðingaraðgerða, sjálfvirkni og nýrrar tækni í iðnaði geta fyrirvaralaust, ef ekkert er aðhafst, gert einhverjar greinar iðnaðar hér á landi ósamkeppnishæfar.

Margt bendir til þess að það sé ekki síst starfsöryggi kvenna sem er í hættu vegna tækniþróunar og mörg hin hefðbundnu kvennastörf vegna þess að störf kvenna og menntunarval eru einhæfari og því viðkvæmari fyrir tölvuþróuninni. Enn fremur er ýmiss konar tækninám og tækniþjálfun sem er hagnýtt í störfum sem við koma tölvuvæðingu en höfðar lítt til kvenna og fæstar sækja í slíkt nám eða störf. Á Íslandi hefur þróunin orðið sú að á árinu 1983 voru af 174 nemendum, sem skráðir voru í tölvunarfræði í Háskóla Íslands, 140 karlar og 34 konur eða 82% karlar en 18% konur. Aftur á móti virðist svo vera að konur standi jafnfætis körlum að því er varðar aðsókn að tölvunámskeiðum.

Úttekt, sem gerð var á vegum Stjórnunarfélags Íslands sem m. a. hefur á sínu starfssviði tölvunámskeið, sýnir að konur voru tæplega helmingur þeirra sem sóttu tölvunámskeiðin. Athyglisvert var að konur voru yfir 90% allra þátttakenda í ritvinnslunámskeiðum en karlar aftur á móti í miklum meiri hluta þeirra þátttakenda sem sækja námskeið sem fjalla um stjórnun, áætlunargerð og undirbúning tölvuvæðingar.

Á ráðstefnu, sem haldin var sl. vetur hér á landi um atvinnumál með tilliti til jafnréttis kynjanna vegna tæknibreytinga, komu fram athyglisverðar upplýsingar sem vert er að benda á:

1. Ráðstefna Alþjóðasambands verslunarmanna um tölvuvæðingu benti m. a. á að 8% vöxtur sjálfvirkni á 10 ára tímabili mundi gera 20—25% skrifstofustarfa óþörf; um 5 millj. af 17—18 millj. skrifstofufólks í Vestur-Evrópu mun þá missa vinnu sína.
2. Í skýrslu „Siemens office“ er áætlað að af 5,7 millj. skrifstofustarfa í Vestur-Þýskalandi sé hægt að staðla 43% og gera 25—30% sjálfvirk.
3. Frönsk skýrsla (NORA) spáir 30% samdrætti í atvinnu hjá bönkum og tryggingafélögum á 10 árum. Áætlað er að 82% af 349 þús. vélriturum í Frakklandi muni missa atvinnu vegna tilkomu ritvinnslutækja.
4. Í Bretlandi spá sérfræðingar verkalýðssamtakanna um 20% atvinnuleysi á þessu sviði upp úr 1990.
5. Í Danmörku er reiknað með að á næstu árum hverfi um það bil 75 þús. skrifstofustörf.

Þessar upplýsingar sýna að áhrifa tölvuvæðingar mun ekki hvað síst gæta í störfum þeim þar sem konur eru fjölmennar, svo sem í almennum skrifstofu- og þjónustustörfum.


Í riti, sem gefið var út á vegum OECD 1981, kemur ýmislegt fróðlegt fram um áhrif tölvuvæðingar á störf kvenna í grein eftir J. S. Smith í viðskiptadeild háskólans í Canberra í Ástralíu. Þar er rakin skipting kvenna í einstakar atvinnugreinar í Ástralíu og kemur m. a. fram að 82% kvenna, sem gegna launuðum störfum, skiptast á 18 af 61 starfsgrein í landinu. Þessar 18 greinar kallast „kvennastarfsgreinar“. Í raun skiptast yfir 50% kvenna á vinnumarkaðinum einungis á 5 starfsgreinar, þ. e. almenn skrifstofustörf, afgreiðslustörf, hraðritun, vélritun, heimilishjálp, eldamennsku, þjónustu- og kennslustörf. Einungis 12% kvenna eru í hefðbundnum „karlastörfum“. J. S. Smith getur þess að eitt af verkefnum rannsóknarnefndar, sem sett var á laggirnar í Ástralíu, hafi verið að greina þau störf sem voru í hættu vegna hagnýtingar nýrrar tækni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ný tækni hefði meiri áhrif í þjónustugreinum en iðnframleiðslu. Nánar tiltekið var þeim, sem gegna störfum sem eru tengd upplýsingamiðlun af einhverju tagi, sérstök hætta búin, t. d. skrifstofufólki, vélriturum, riturum og þeim sem gegna vissum tegundum af stjórnunarstörfum. **Niðurstaða Smiths er sú að á grundvelli fyrirliggjandi gagna muni ný tækni hafa áhrif innan starfsgreina þar sem 50% kvenna á vinnumarkaðinum vinna en 25% karla.**

Með tilliti til þess munu áhrif nýrrar tækni koma sérstaklega niður á konum.

Auk þess má benda á að atvinnuleysi ungs fólks fer vaxandi, t. d. í Vestur-Evrópu, og sérstaklega hjá stúlkum. Ástæðan fyrir því er talin sú að ráðningum í hefðbundin kvennastörf fer stöðugt fækkandi vegna aukinnar tölvuvæðingar.

Þó að hér hafi einkum verið dregin upp mynd af þeim hættum sem fylgir hefðbundnum kvennastörfum í landinu er ljóst að á öllum sviðum atvinnulífsins mun tæknivæðingin hafa meiri og minni áhrif. Má þar t. d. nefna byggingariðnað en margt bendir til að störfum muni verulega fækka í þeirri grein á komandi árum. Hlutfall byggingariðnaðar af heildarmannafla er nú 11% á Íslandi en hlutfall byggingariðnaðar í flestum öðrum þróuðum ríkjum er undir 5%.

Í eftirfarandi töflu er spáð um þróun vinnuafls í enskum málmiðnaði miðað við óbreytta framleiðslu.



Heimild: Jernets framtid (nov. 1983)

Eins og hér sést er gert ráð fyrir að á tímabilinu 1980—1995 muni störfum fækka um u. þ. b. 50% í breskum málmiðnaði. Tæknimönnum mun samkvæmt þessu fjölga úr 6% í 40% eða fjölga hlutfallslega úr 6 í 20. Hins vegar mun skrifstofufólki fækka hlutfallslega úr 11 í 7,5, iðnaðarmönnum úr 32 í 7,5 og ófaglærðum úr 41 í 5.

Margt bendir til þess að svipuð þróun muni eiga sér stað víðar og hlutfallslega muni störfum ófaglærðra fækka en fjöldi tæknimanna, stjórnenda og sérhæfðra starfsmanna fara vaxandi. Einnig er líklegt að þróun sjálfvirkni í fiskvinnslu samfara framförum í flutningatækni geti haft í för með sér mikla fækkun starfa í fiskvinnslu. Ef starfsfólki í fiskvinnslugreinum verða ekki sköpuð tækifæri til endurmenntunar og aðlögunar að nýrri tækni getur starfsfólk í fiskvinnslu innan fárra ára staðið frammi fyrir miklu atvinnuleysi.

Á miklu veltur þess vegna hér á landi að brugðist verði við tæknivæðingunni með réttum hætti. Lykillinn að því að aðlagast tækniþróuninni er fyrst og fremst skipulögð endurmenntun starfsfólks. Hvernig til tekst í þeim efnum mun hafa úrslitaáhrif á hvort og hvenær einstakar atvinnugreinar taka tæknina í þjónustu sína.

Slík fjárfesting, sem stuðlar að aukinni endurmenntun starfsfólks, er því ekki síður mikilvæg en fjárfesting í ýmsum tækjabúnaði og gerir okkur ein samkeppnisfær við aðrar þjóðir og leiðir til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og betri lífskjara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu er átt við þann þekkingarauka sem nauðsynlegt er að starfsmenn í fyrirtækjum fái til þess að fyrirtækið geti nýtt sér þá möguleika sem fólgnir eru í nýrri tækni. Þekkingarauka þennan er hægt að byggja upp á marga vegu, svo sem með því að senda starfsmenn á námskeið innanlands eða erlendis, fá ráðgjafa eða starfsþjálfa til að kenna starfsmönnum á vinnustað eða með því að gefa starfsmönnum kost á skipulögðu starfsnámi.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipan sjö manna endurmenntunarráðs en verkefni þess er skilgreint í 3. gr.

Með skipan ráðsins er leitast við að tryggja aðild stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaðinum, auk þess sem tryggð er aðild menntakerfisins að ákvörðunum um alla framkvæmd endurmenntunar sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu.

Þar sem endurmenntunarmálum hefur verið skipað með lögum á Norðurlöndum er algengt að þau mál heyri undir atvinnumálaráðuneyti. Sjálfstætt atvinnumálaráðuneyti er ekki fyrir hendi hér og því er lagt til að yfirstjórn þessara mála sé í höndum félagsmálaráðherra sem fer með vinnumarkaðsmál, sbr. reglugerð nr. 96/1969, um stjórnarráð Íslands, en fram kemur í 4. gr. hennar að félagsmálaráðuneytið fari með mál sem varða vinnu, þar á meðal stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, svo og skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnujöfnun og hagræðingu á vinnumarkaði.

Um 3. gr.

Í þessari grein kemur fram skilgreining á hlutverki endurmenntunarráðs en a-, b- og c-liðir byggjast á því meginmarkmiði sem fram kemur í 1. grein frumvarpsins, þ. e. að komið verði á samræmingu og skipulagi á endurmenntun sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu

og að forgangsverkefni á því sviði taki markvisst mið af því að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna sem í hættu er vegna tæknivæðingar í einstökum greinum atvinnulífsins.

Nauðsynlegt er einnig að það verkefni falli í hlut endurmenntunarráðs að gera árlega kostnaðaráætlun (sbr. d-lið) enda ráðið sá aðili sem gleggsta yfirsýn hefur um þörfina hverju sinni.

Ljóst er að eitt vandmeðfarnasta verkefni nefndarinnar er úthlutun styrkja úr endurmenntunarsjóði enda ræðst af henni röðun forgangsverkefna á sviði endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Nauðsynlegt er því að tryggja úrskurðarvald ráðherra í þessum lögum komi til ágreinings í endurmenntunarráði.

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðum 4. greinar er hlutverk endurmenntunarsjóðs þríþætt.

Í fyrsta lagi að veita styrki til starfsmanna sem sækja endurmenntunarnámskeið eða starfsþjálfunarnámskeið sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði. Eðlilegt þykir, og auðvelt í allri framkvæmd, að miða upphæð styrkveitingar við atvinnuleysisbætur eins og þær eru á hverjum tíma. Benda má einnig á að t. a. m. í Danmörk eru atvinnuleysisbætur notaðar til viðmiðunar þegar greiddir eru styrkir vegna endurmenntunar starfsmanna.

Ljóst er þó að sú upphæð er ekki nægjanlegur hvati til að starfsfólk sæki sér endurmenntun því að í allflestum tilfellum verður um nokkurn eða töluverðan tekjumissi að ræða. Hagur launþega og atvinnurekenda er augljós ef átak verður gert á sviði endurmenntunar starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu; því er eðlilegt að kanna grundvöll þess (sbr. ákvæði til bráðabirgða) að atvinnurekendur greiði starfsmönnum mismun á launum þeirra og atvinnuleysisbótum á meðan á starfsþjálfun stendur, svo og að aðilar vinnumarkaðarins greiði hluta af námskeiðsgjöldum. Styrkir úr endurmenntunarsjóði eru forsenda þess að endurmenntunarráð geti stuðlað að því að framboð og eftirspurn eftir endurmenntun séu nægjanleg og því mikilvægt að víðtæk samstaða náist um alla framkvæmd málsins og að samningar takist við aðila vinnumarkaðarins um hlutdeild í kostnaði við endurmenntun starfsfólks.

Í þessari grein er kveðið á um að nánari ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingu og að hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun skuli sett í reglugerð, að uppfylltu ákvæði til bráðabirgða, en eðlilegt verður að telja að endurmenntunarráð hafi möguleika til að setja það skilyrði fyrir styrkjum og framlögum til endurmenntunar að mótframlag komi frá atvinnurekanda eða sjóðum atvinnurekenda og launþega.

Í öðru lagi er lagt til að endurmenntunarsjóði verði heimilt að greiða að fullu námskeiðsgjöld fyrir þá sem koma á vinnumarkaðinn og eru ekki í stéttarfélögum og fyrir þá sem hafa verið á atvinnuleysisskrá í ákveðinn tíma. Ekki síst er þetta ákvæði sett fram til að stuðla að endurmenntun þeirra sem t. a. m. koma á vinnumarkaðinn að nýju eftir stutta eða langa fjarveru.

Í þriðja lagi eru síðan ákvæði um að styrki megi veita til námsgagnagerðar, námskeiðahalds og starfsþjálfunar á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði.

Nauðsynlegt er einnig að frekari ákvæði verði sett í reglugerð að því er varðar viðmiðunarákvæði um forgangsröðun verkefna.

Má þar nefna:

a. Gildi verkefnisins fyrir starfsmenn.
b. Gildi verkefnisins fyrir atvinnulífið og einstök fyrirtæki.
c. Hvort verkefnið hefur gildi fyrir fleiri en eina atvinnugrein.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um framlag ríkissjóðs til endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og gert ráð fyrir að á fjárlögum ár hvert verði sjóðnum lagt til fé sem svarar a. m. k. 50% af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs (1984) yrði hér um að ræða 58,5 millj. kr. en það er jafnhá upphæð og nemur framlagi atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs 1984.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að félagsmálaráðherra hefji þegar í stað viðræður við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað verði eftir samvinnu um þátttöku í kostnaði við endurmenntun starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Með lögum þessum er hlutur aðila vinnumarkaðarins tryggður varðandi allar ákvarðanir um skipulag endurmenntunar. Ljóst er að hlutdeild þessara aðila í kostnaði þeim, sem af endurmenntun leiðir, mun tvímælalaust flýta fyrir endurmenntun starfsfólks í flestum atvinnugreinum og því að markmiðum laganna verði náð. Vart þarf að tíunda að það er jafnt til hagsbóta fyrir atvinnurekendur sem og launþega.

Skilyrði fyrir styrkveitingu, sem sett verða í reglugerð samkv. 4. gr. frv., hljóta síðan að taka mið af þeirri niðurstöðu sem fæst úr viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Nd. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu á lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, nr. 29/1976, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Við 26. gr. bætast tvær nýjar málsgr. er orðist svo:

Rísi ágreiningur vegna úrskurðar kjaradeilunefndar geta deiluaðilar, annar hvor eða báðir, kært úrskurðinn til Hæstaréttar er kveði tafarlaust upp fullnaðarúrskurð. Framkvæmd á úrskurði kjaradeildunefndar frestast uns dómur Hæstaréttar er fallinn.

Kæru um vanhæfi nefndarmanna í kjaradeilunefnd í einstökum málum ber að skjóta með sama hætti til fullnaðarúrskurðar Hæstaréttar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er ekki að finna neitt ákvæði er kveði á um að unnt sé að áfrýja úrskurðum kjaradeilunefndar. Í yfirstandandi kjaradeilu hefur berlega komið í ljós að þetta er missmíði á lögunum. Sérstaklega er þetta tilfinnanlegt þegar ágreiningur rís um verksvið nefndarinnar eða vanhæfi einstakra nefndarmanna til að fjalla um viðkvæm deilumál vegna beinna tengsla við hagsmunaaðila. Í slíkum málum er ekki annarra kosta völ en að höfða mál, t. d. fyrir bæjarþingi. Það tekur hins vegar mörg ár að höfða vefengingarmál fyrir dómstólum. Væntanlega er það ekki vilji löggjafans að draga lausn alvarlegra kjaradeilna á langinn eða að hindra að samkomulag geti tekist um verklag og vinnubrögð í lausn ágreiningsmála.

Augljóst virðist að þær deilur, sem nú hafa risið um einstaka úrskurði kjaradeilunefndar, sem og um vanhæfi einstakra nefndarmanna vegna beinna tengsla við hagsmunaaðila, hafa átt sinn þátt í að tefja samningaviðræður um efnisatriði kjaradeilunnar. Málskotsréttur vegna slíkra deilna gæti orðið til að greiða fyrir samningaviðræðum og flýta lausn kjaradeilunnar. Þá er á það að líta að samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins er það m. a. hlutverk Hæstaréttar að úrskurða um valdsvið stjórnvalda og takmörk á verksviði embættismanna. Þess vegna er þessi breytingartillaga um áfrýjun á úrskurðum kjaradeilunefndar til Hæstaréttar flutt.

Í 26. gr. laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja segir svo um hlutverk kjaradeilunefndar:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi **nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu.**“

Samkvæmt þingtíðindum var það sjónarmið ráðandi í umræðum á Alþingi um málið að túlka þessi ákvæði þröngt. Þannig talar þáverandi fjármálaráðherra, núverandi viðskiptaráðherra, sem hafði framsögu í málinu, um „nauðsynlega öryggis- og heilsugæsluþjónustu“. Núverandi sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson, sem nú vill túlka hafrannsóknir sem öryggisgæslu, segir í umræðunum:

„Það er því ljóst að fyrir því er séð að nauðsynlegar undanþágur verði veittar til að sinna **öryggis-, slysa- og sjúkraþjónustu** sem verður að vera fyrir hendi.“

Af umræðum þingmanna verður ekki séð að nokkur ágreiningur hafi verið um þetta efni.

Með hliðsjón af orðalagi 26. gr. og ummælum framsögumanns og einstakra þingmanna, skv. þingtíðindum, virðist BSRB hafa mikið til síns máls þegar það nú vefengir einstaka úrskurði kjaradeilunefndar með þeim rökum að nefndin fari út fyrir verksvið sitt. Dæmi um slíkt er úrskurður sem skyldar 25 tollverði á Keflavíkurflugvelli til starfa. Þessir tollverðir hafa fyrirmæli um að starfa við vopnaleit og eiturefnaleit en eiga hins vegar ekki að sinna öðrum venjulegum skyldustörfum við tollskoðun og tolleftirlit. Nú hafa tollverðir safnað undirskriftum í mótmælaskyni við þennan úrskurð, m. a. á þeim forsendum að þeim sé ætlað að horfa aðgerðarlaust á að lög um tollskoðun og tolleftirlit séu brotin í mörgum greinum. M. ö. o. þeim er ætlað að hylma yfir smygl. Hundaeigendum, eins og t. d. núv. fjármálaráðherra, mætti vera umhugsunarefni að tollvörðum er ekki heimilt að hindra smygl gæludýra sem gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir gæludýr — og reyndar eigendur þeirra.

Loðnuveiðar eru að sjálfsögðu geysilegt hagsmunamál loðnusjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar. Enginn mælir því í mót að góð loðnuvertíð bætir þjóðarhag og þar með væntanlega greiðslugetu atvinnuvega. En hún verður með engu móti flokkuð undir „öryggisvörslu og heilsugæslu“, samkvæmt bókstaf laganna. Varnarliðið er hér til að sinna

öryggisvörslu. Rök mætti færa fyrir því að hindrun á aðföngum til varnarliðsins geti því varðað öryggisvörslu þjóðarinnar, í þröngum skilningi. Rísi ágreiningur um það verður honum ekki áfrýjað samkvæmt óbreyttum lögum.

Spurning er hvort ríkisvaldið geti, gegnum kjaradeilunefnd, dregið verkfall opinberra starfsmanna endalaust á langinn með því að veita allar mögulegar og ómögulegar undanþágur, langt umfram það sem til var stofnað með lagasetningunni 1976. Verkfall byggist á eins konar neyðarrétti. Það er seinasta nauðvörn launþega í kjaradeilum. Taumlausar undanþágur fyrir einstaklinga og starfshópa, eftir að verkfall er skollið á, eru til þess helst líklegar að draga verkfall á langinn. Harðvítugar deilur um verklag og vinnubrögð hindra deiluaðila í að setjast í alvöru að samningaborði til þess að ná samkomulagi um efnisleg ágreiningsatriði. BSRB brýtur hins vegar lög með því að reyna að hrinda úrskurðum kjaradeilunefndar með verkfallsvörslu. Þá er eina löglega leiðin sú að höfða mál fyrir dómstólum. Þetta frumvarp er flutt til þess að greiða fyrir því að sú leið verði farin, báðum deiluaðilum til hagsbóta.

Fylgiskjal.

FER KJARADEILUNEFND ÚT FYRIR SITT VERKSVIÐ?

(Fréttaskýring sem birtist í TNT, óopinberu málgagni forsætisráðherra, þriðjudaginn 9. okt. 1984.)

Verkfall BSRB er að breytast í hörkudeilur um hver úrskurði um það hvaða störf skuli unnin í verkfallinu.

Snýst deilan einkum um valdsvið kjaradeilunefndar og telur ríkið að hún sé eini aðilinn sem megi úrskurða um hvaða störfum skuli sinnt. Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hefur t. d. sent út bréf þar sem hann segir að aðeins þeir sem starfi skv. úrskurði nefndarinnar séu undir vinnuréttarákvæðum, aðrir séu ekki tryggðir fyrir slysum eða óhöppum og geti ekki reiknað með launum. BSRB telur hins vegar að kjaradeilunefnd eigi aðeins að úrskurða um öryggis og heilsugæslu en að öðru leyti eigi BSRB sjálft að stjórna sínu verkfalli og hefur BSRB skipað sérstaka nefnd í því skyni, verkfallsnefnd BSRB. Þessi deila hefur einnig leitt til þess að BSRB hefur ekki viljað una úrskurðum nefndarinnar og reynir að hindra t. d. flugsamgöngur og að hafrannsóknarskipin fari út.

Ákvæði um kjaradeilunefnd eru í IV. kafla laga nr. 29 frá 1976 um kjarasamninga BSRB. Þar segir í 26. grein: „Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna". Kjaradeilunefnd er skipuð níu mönnum. BSRB tilnefnir 3 menn, fjármálaráðherra 3 menn, 2 eru kosnir af sameinuðu Alþingi og einn nefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar.

Sjónarmið deiluaðila.

Í lögunum er ekki gert ráð fyrir því **að hægt sé að áfrýja úrskurðum** kjaradeilunefndar. Úrskurðir hennar eru því endanlegir á sama hátt og úrskurðir Hæstaréttar og ef menn telja að hún fari **út fyrir sitt verksvið** er ekki um annað að gera en að höfða mál, t. d. fyrir Bæjarþingi. Það tekur hins vegar langan tíma eins og allir vita. Þetta er skilningur ríkisins á lagalegri stöðu nefndarinnar og er hann út af fyrir sig ekki vefengdur.

BSRB-menn segja hins vegar að kjaradeilunefnd hafi hvað eftir annað farið út fyrir sitt verksvið sem í lögum er takmarkað við öryggis- og heilsugæslu. Þeir benda á skýr dæmi máli

sínu til stuðnings, t. d. á tollverði á Keflavíkurflugvelli, hafrannsóknaskipin og erindi frá Sultu- og efnagerð bakara um að fá að leysa pressuger úr tolli en um það mál fjallaði nefndin þó að hún synjaði því. Þetta er einfaldlega spurningin um það hvort ríkið getur með kjaradeilunefnd gert verkfall BSRB að engu með því að veita allar mögulegar og ómögulegar undanþágur langt umfram það sem til var stofnað með lagasetningunni 1976. BSRB verður að fá að stjórna sínu verkfalli sjálft, eins og önnur verkalýðsfélög, með þeim takmörkunum sem lögin setja. Málið snýst því um tilvist samtakanna og það er engin önnur leið til en sú að hrinda úrskurðum sem tvímælalaust eru ólöglegir að mati BSRB. Það tekur mörg ár að höfða vefengingarmál fyrir dómstólum og þess vegna er sú leið ekki talin fær.

Umræður á Alþingi 1976.

Mjög litlar umræður fóru fram um þennan þátt laganna árið 1976 en þá voru þau samþykkt nær samhljóða á Alþingi. Lögin um verkfallsrétt voru liður í kjarasamningi aðila og lögð fyrir Alþingi í framhaldi af þeim. Í samkomulagi BSRB og ríkisins segir í 18. lið: „Halda skal uppi nauðsynlegri öryggisgæslu og heilsugæslu þrátt fyrir verkfall.“ Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra talar um „nauðsynlega öryggis- og heilsugæsluþjónustu“. Halldór Ásgrímsson, sem í dag vill túlka hafrannsóknir sem öryggisgæslu, segir: „Það er því ljóst að fyrir því er séð að nauðsynlegar undanþágur verði veittar til að sinna öryggis-, slysa- og sjúkraþjónustu sem verður að vera fyrir hendi.“ Af ummælum manna verður ekki séð að nokkur ágreiningur hafi verið um þetta.

Í öllum þessum umræðum verður ekki annað séð en að átt sé við öryggis- og heilsugæslu í þröngum skilningi. Ætíð er talað um öryggis- og slysaþjónustu í sömu andránni enda lögðu menn almennt þann skilning í lögin á fyrstu árum þeirra að átt væri við lágmarksstarfsemi lögreglu og hjúkrunarfólks. Greinargerðin með lögunum styður þetta sjónarmið einnig. Þar stendur: „Hér er gert ráð fyrir að verkfallsrétti verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu.“

Niðurstaða:

Kjaradeilunefnd fer út fyrir sitt starfssvið með því að úrskurða tollverði og hafrannsóknarmenn til starfa þar sem öryggi borgaranna er ekki stefnt í hættu þótt millilandaflug eða hafrannsóknir liggi niðri. Tvímælalaust hefði þessi grein verið orðuð öðruvísi og greinargerðin orðið önnur og tungutak þingmanna annað ef átt hefði verið við öryggi í víðasta skilningi þess orðs, eins og t. d. sjávarútvegsráðherra virðist túlka lögin nú.

BSRB brýtur hins vegar lög með því að reyna að hrinda úrskurðum nefndarinnar með verkfallsvörslu. Eina löglega leiðin er sú að höfða mál fyrir dómstólum.

Nd. 31. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [31. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Kristófer Már Kristinsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

2. mgr. 48. gr. orðist svo:

Alþingismenn setja lög og hafa eftirlit með framkvæmd laga en er óheimilt að vinna umboðsstörf í þágu framkvæmdavalds og stofnana þess.

2. gr.

51. gr. orðist svo:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bandalag jafnaðarmanna telur að mörg helstu vandræði þjóðarinnar megi rekja til skerðingar á löggjafarhlutverki Alþingis og óeðlilegra tengsla hinna ólíku valdþátta þjóðfélagsins. Tillaga sú til breytinga á stjórnarskipunarlögum, sem hér er flutt, tekur til starfshátta og tilhögunar á Alþingi. Þessar breytingar myndu að mati flutningsmanna styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og auka sjálfstæði þess með því að banna þingmönnum umboðsstörf í þágu framkvæmdavaldsins.

Alþingi hefur, að mati Bandalags jafnaðarmanna, orðið að eins konar afgreiðslustofnun ríkisstjórna og af þeim sökum sett ofan, ekki einungis í augum þjóðarinnar heldur og í raun. Framangreindar breytingar myndu auka traust fólksins í landinu á Alþingi og þeim störfum sem þar eru unnin.

Hlutverk Alþingis á að vera að setja almennar leikreglur fyrir þjóðina en framkvæmdavaldsins að framkvæma og taka sértækar ákvarðanir. Samband þessara tveggja ólíku þátta ríkisvaldsins, eins og því er nú háttað, hefur leitt þjóðina út í alvarleg efnahagsvandræði sem ekki munu leysast fyrr en um þessi nánu tengsl verður losað. Nægir í því sambandi að nefna vanda þann er blasir við þjóðinni í orku-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

Til að forðast óeðlilegt samkrull hinna ólíku þátta ríkisvaldsins verður það að vera ein af grundvallarreglum stjórnskipulagsins að sami maðurinn **megi ekki** gegna áhrifastöðum í tveim eða þrem ólíkum valdþáttum á sama tíma. Mannlegt eðli leyfir ekki að menn skipti um ham kl. 14.00 þegar þingfundir hefjast. Maður, sem tekur sértækar ákvarðanir á morgnana, er ekki hæfur til að setja almennar leikreglur eftir hádegi. Til að koma í veg fyrir þetta er lagt til að bundið verði í stjórnarskrá að alþingismenn megi ekki gegna umboðsstörfum í þágu framkvæmdavaldsins. Er með því átt við að allir þeir, sem hafa á einhvern hátt vald eða heimild til að taka ákvarðanir í umboði framkvæmdavalds, ráða menn til vinnu eða hafa áhrif á stjórn banka eða ríkisstofnana eða fyrirtækja o. s. frv., verði að láta af slíkum störfum hljóti þeir kosningu til Alþingis, eða öfugt. Æðstu menn framkvæmdavaldsins eru ráðherrar. Stöðu sinnar vegna hljóta þeir að eiga sæti á Alþingi og vera tengiliður löggjafans og framkvæmdavaldsins. Hins vegar hlýtur það að teljast óeðlilegt að þeir geti haft áhrif á störf löggjafans með atkvæði sínu. Ráðherravöldin ættu að nægja.

Nd. 32. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [32. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristófer Már Kristinsson.

1. gr.

39. gr. orðist svo:

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Fastanefndir Alþingis hafa eftirlit með framkvæmd laga.

Nefndir Alþingis hafa rétt til að heimta hvers konar skýrslur bæði af embættismönnum og einstaklingum. Fundi nefnda Alþingis skal halda í heyranda hljóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bandalag jafnaðarmanna telur að mörg helstu vandræði þjóðarinnar megi rekja til skerðingar á löggjafarhlutverki Alþingis og óeðlilegra tengsla hinna ólíku valdþátta þjóðfélagsins. Tillaga sú til breytinga á stjórnarskipunarlögum, sem hér er flutt, tekur til starfshátta og tilhögunar á Alþingi. Þessar breytingar myndu að mati flutningsmanna styrkja löggjafarstarfsemi þingsins, gera það virkt í eftirliti með framkvæmd laga og auka sjálfstæði þess.

Alþingi hefur, að mati Bandalags jafnaðarmanna, orðið að eins konar afgreiðslustofnun ríkisstjórna og af þeim sökum sett ofan, ekki einungis í augum þjóðarinnar heldur og í raun. Framangreindar breytingar myndu auka traust fólksins í landinu á Alþingi og þeim störfum sem þar eru unnin.

Til þess að þingmenn geti rækt þau störf, sem þeir eru kosnir til af þjóðinni, er þeim nauðsynlegt að geta leitað upplýsinga hjá þeim aðilum sem gerst þekkja til mála sem fjallað er um hverju sinni. Slík ráðgjöf á að **stuðla að frumkvæði þingsins sjálfs til löggjafarstarfa.** Í því sérfræðingaþjóðfélagi, sem við nú lifum í, er stór hluti lagasmíðar hins vegar kominn úr höndum þingmanna og til sérfræðinganna. Þannig setja embættismenn og ráðgjafar í mörgum tilfellum sjálfum sér lög.

Nauðsynlegt er að snúa þessum hlutverkum við og skapa þingmönnum og þingnefndum aðstöðu til sjálfstæðra vinnubragða.

Til að löggjafarstarfið haldist í hendur við breytingar í þjóðfélaginu er Alþingi nauðsynlegt að vera í lifandi tengslum við umhverfi sitt. Alþingi verður að vita hvenær þörf er laganýmæla og lagabreytinga. Alþingi verður einnig að vita hvort lögum þess og vilja er í raun framfylgt. Misbrestur getur verið á slíku vegna aðgerðaleysis framkvæmdavalds eða dómstóla.

Þetta samband þings og þjóðlífs fæst að hluta með eðlilegum samskiptum þingmanna og almennings í landinu. Ýmis verkefni geta hins vegar verið erfið viðfangs. Svo dæmi séu tekin: Er tryggingakerfið misnotað? Hvernig er háttað útlánastarfsemi ríkisbankanna? Hvernig er framkvæmd tollgæslu? Hvernig nýtist fjárstuðningur ríkisins við flóabáta og flugfélög? Í tilfellum sem þessum ættu fastanefndir þingsins eða þingnefndir sérskipaðar til tiltekinna verkefna að inna eftirlitið af hendi.

Eftirlitið með lagaframkvæmdinni er svo mikilvægt, að mati flutningsmanna, að lagt er til að kveðið sé á um eftirlitsskyldu þingnefnda og þingmanna í stjórnarskrá, sbr. 1. og 2. gr. frumvarps þessa. Einnig er ítrekaður rétturinn til að krefjast skýrslna af embættismönnum og einstaklingum enda er hann forsenda þess að virkt eftirlit geti átt sér stað.

Í 1. gr. er einnig kveðið á um að nefndafundi skuli halda í heyranda hljóði.

Þau mál, sem Alþingi fjallar um, eru mál þjóðarinnar allrar. Því eru það sjálfsögð réttindi fólksins í landinu að fá að fylgjast með nefndafundum á sama hátt og fundum þingdeilda.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um lífeyrisréttindi húsmæðra.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um lífeyrissjóð fyrir þær húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði.

Greinargerð.

Eitt alvarlegasta misrétti í þjóðfélaginu er hve misjafn eftirlaunaréttur manna er. Allflestir landsmenn hafa þó öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóðum þótt kjörin séu mjög misjöfn, sumir verðtryggðir en aðrir ekki. Einn stærsti hópurinn, sem enn þá stendur utan lífeyrissjóða og nýtur ekki annars lífeyris en ellilauna, sem engan veginn nægja til framfærslu, eru þær húsmæður sem hafa unnið á heimilum sínum og fjölskyldna sinna án þess að taka formleg laun úr hendi einhvers atvinnurekanda. Störf þessara húsmæðra hafa verið og eru síst minna virði fyrir þjóðfélagið en störf þeirra sem launaða vinnu hafa stundað.

Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og vinna við barnauppeldi og heimilisstörf er mjög mikilvæg, ekki síður en hliðstæð störf sem innt eru af hendi utan heimilis gegn launagreiðslum. Telja verður réttmætt að allar þær húsfreyjur, sem þegar eru komnar á eftirlaunaaldur, fái strax rétt til greiðslna úr sjóðnum. Þess vegna er sennilega óhjákvæmilegt að ríkið leggi fram stofn að sjóðnum. Það er að vissu leyti eðlilegt þar sem þessar húsfreyjur hafa í mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum mjög verulegar fjárhæðir með því að gæta barna sinna sjálfar. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að heimavinnandi húsmæður greiði til sjóðsins framvegis og fái þær eldri einnig heimild til að kaupa sér aukinn rétt.

Flm. telur sjálfsagt að stefna að einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Því máli hefur nokkrum sinnum verið hreyft á Alþingi en ekki orðið úr framkvæmdum. Þessi lífeyrissjóður gæti síðar orðið stofn að sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Flm. telur að til þess að einum lífeyrissjóði verði komið á þurfi nokkurra ára aðlögunartíma, en leysa verður hinn bráða vanda þeirra sem eru réttlausir. Til greina kemur að dómi flm. að ákveða með lögum að allir lífeyrissjóðir skuli sameinaðir t. d. árið 1995. Undirbúningur gæti orðið þannig að frá ákveðnum degi greiddu allir landsmenn á starfsaldri tillag í lífeyrissjóð allra landsmanna og þeir, sem þess óskuðu, gætu fært réttindi sín úr sérlífeyrissjóði til þessa sjóðs nokkur ár aftur í tímann. Eldri sjóðirnir störfuðu áfram til þess að greiða lífeyri til þeirra sem eiga þar réttindi meðan þeim endast fjármunir eða þar til samkomulag næðist um inngöngu sérsjóða í lífeyrissjóð allra landsmanna.

Réttleysi hinnar heimavinnandi húsmóður í lífeyrismálum má ekki láta viðgangast, því er þessi tillaga endurflutt.

Sþ. 34. Fyrirspurn [34. mál]

til félagsmálaráðherra um fjáröflun til íbúðalánasjóða á yfirstandandi ári.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hver er staða Byggingarsjóðs ríkisins nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á eftirtalinn hátt:
   a) vegna framlaga og skatttekna,
   b) frá lífeyrissjóðum,
   c) vegna skyldusparnaðar,
   d) úr Atvinnuleysistryggingasjóði,
   e) vegna annarra lána?
2. Hver er staða Byggingarsjóðs verkamanna nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á eftirfarandi hátt:
   a) vegna framlaga og skatttekna,
   b) frá lífeyrissjóðum?
3. Hefur verið staðið við fyrirhugaðar lánveitingar úr íbúðalánasjóðunum það sem af er þessu ári? Ef svo er ekki hvaða áform eru uppi um úrbætur?
4. Er tryggt að fyrrnefndir lánasjóðir hafi nægilegt fjármagn til eðlilegra fjárveitinga það sem eftir er ársins?

Sþ. 35. Fyrirspurn [35. mál]

til forsætisráðherra um meðferð þingsályktunartillögu um byggðastefnu.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hvaða meðferð hefur tillaga til þingsályktunar um gerð frumvarps um framkvæmd byggðastefnu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 12. apríl sl., sætt?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 36. Fyrirspurn [36. mál]

til forsætisráðherra um laxveiðileyfi opinberra stofnana og fyrirtækja.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvaða embætti og stofnanir ríkisins eða fyrirtæki, sem ríkið er eignaraðili að, keyptu laxveiðileyfi á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983?
2. Hvaða upphæðir greiddu fyrrnefndir aðilar árlega fyrir laxveiðileyfi?
3. Hvaða einstaklingar nýttu laxveiðileyfi þau sem keypt voru?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 37. Fyrirspurn [37. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsstöðu og útlánagetu húsnæðislánakerfisins.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins (miðað við fyrstu 9 mánuði ársins) með framlögum frá:
   1) skyldusparnaði,
   2) Atvinnuleysistryggingasjóði,
   3) lífeyrissjóðum,
   4) sérstakri fjáröflun ríkissjóðs?
2. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða?
3. Hversu mörg lán hafa verið veitt (á fyrstu 9 mánuðum ársins) til:
   a) nýbygginga (úr Byggingarsjóði ríkisins),
   b) eldri íbúða (úr Byggingarsjóði ríkisins),
   c) nýrra verkamannabústaða (úr Byggingarsjóði verkamanna)?
4. Hversu margar umsóknir um lán til kaupa á eldri íbúðum liggja óafgreiddar?
5. Hversu margir umsækjendur nýbyggingarlána hafa orðið fyrir seinkun á afgreiðslu lána og hve lengi?
6. Hvað má áætla vaxtamun inn- og útlána háa upphæð á árinu 1984 í milljónum króna og sem hlutfall af ríkisframlögum hjá:
   a) Byggingarsjóði ríkisins,
   b) Byggingarsjóði verkamanna?

Sþ. 38. Fyrirspurn [38. mál]

til fjármálaráðherra um tekjutap ríkissjóðs vegna undanþága frá söluskatti.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef söluskattur (óbreytt álagningarhlutfall) yrði lagður á allar þær vörur (tollskrárnúmer) og þjónustu sem nú eru lögum skv. án söluskatts?
2. Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef allar undanþágur frá söluskatti á annars skattskylda vöru og þjónustu yrðu afnumdar?
3. Hver gæti tekjuauki ríkissjóðs orðið, að mati fjármálaráðherra, vegna bættrar innheimtu söluskatts ef allar undanþágur skv. lögum, heimildum og reglugerðum yrðu afnumdar?
4. Hvað mætti þá lækka núverandi söluskattsálagningu mikið, ef miðað er við að halda tekjum ríkissjóðs af söluskatti óbreyttum frá því sem nú er, til þess að lækka vöruverð?

Sþ. 39. Fyrirspurn [39. mál]

til fjármálaráðherra um undanþágur frá söluskatti.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hverjar eru undanþágur frá söluskatti á vöru og þjónustu (eftir tollskrárnúmerum) samkvæmt:
   a) lögum,
   b) reglugerðum,
   c) veittar af ráðherra?
2. Hvaða undanþágur hafa verið veittar af ráðherra, hverjum um sig, frá árinu 1974 til þessa dags?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 40. Fyrirspurn [40. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun grunnskólalaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvenær er að vænta tillagna frá menntamálaráðherra um endurskoðun á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla?
2. Getur ráðherra greint frá því nú hvert yrði inntak slíkra breytingartillagna?
3. Hvert er álit menntamálaráðherra á tillögum nefndar sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins 1979—1982 og skilaði áliti um endurskoðun grunnskólalaga?

Sþ. 41. Fyrirspurn [41. mál]

til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað líður undirbúningi á vegum menntamálaráðuneytisins að löggjöf um framhaldsskóla?
2. Hver eru meginstefumið ráðherra varðandi slíka löggjöf um nám á framhaldsskólastigi?

Sþ. 42. Fyrirspurn [42. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflamark á smábáta.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd takmarkana á veiðum báta undir 10 brúttórúmlestum að stærð það sem af er þessu ári?
2. Hvaða áform hefur ráðherra um breytingar á stjórn botnfisksveiða hjá sömu bátum á árinu 1985?

Sþ. 43. Fyrirspurn [43. mál]

til iðnaðarráðherra um endurskoðun á ársreikningum ÍSALs 1983.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hverjar eru niðurstöður endurskoðenda Coopers & Lybrands varðandi ársreikninga Íslenska álfélagsins hf. fyrir árið 1983?

Sþ. 44. Fyrirspurn [44. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um frumvarp til laga um Ljósmæðraskóla Íslands.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður endurskoðun frumvarps til laga um Ljósmæðraskóla Íslands?

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um bætta merkingu akvega.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingar akvega á landinu, setja upp aðvaranir við hættulegar ökuleiðir þar sem þær vantar eða þær eru ófullnægjandi og samræma allar merkingar vega alþjóðlegum reglum.

Greinargerð.

Mikið vantar á að leiðbeiningar- og aðvörunarmerkingar á íslenskum akvegum séu eins og best verður á kosið. Einkum og sér í lagi á þetta við um fjallvegi og ýmsar fáfarnari leiðir. Vaxandi umferð á þjóðvegakerfinu í heild gerir umbætur í merkingum nauðsynlegar og aukin umferð útlendinga með tilkomu bílferja og vaxandi umsvifum bílaleiga gera þörfina á alþjóðlegum merkingum og aðvörunum aðkallandi.

Tíðum óhöppum og slysum, sem í mörgum tilfellum má rekja til þekkingarleysis á viðkomandi akstursleiðum, mætti að líkindum fækka verulega með bættum merkingum sem skiljanlegar væru jafnt íslenskum sem erlendum ferðamönnum.

Þær merkingar, sem þóttu fullnægjandi á dögum brautryðjenda fjallaferða á landinu, eru það engan veginn í dag þegar segja má að landið liggi opið fyrir alþjóðlegri umferð. T. d. segir orðið „jeppavegur“, þannig skrifað á krossviðarspjald, erlendum ferðamanni harla lítið um eðli og ástand viðkomandi vegar enda ekki óalgengt að hitta fyrir á vegum, þannig merktum, erlenda ferðamenn í vandræðum á vanbúnum bílum.

Sérstökum viðvörunum um hættuleg jökulvötn, sandbleytu, sandstorma, snögg veðrabrigði á hálendinu og fleira því um líkt þyrfti að koma eftir því sem fært er á vegspjöld og á vegkort og gefa ítarlegri upplýsingar í handbókum.

Nauðsynlegt er að vinna að þessu í nánu samstarfi við ferðamálayfirvöld, ferðafélög, náttúruverndarráð, landeigendur og aðra sem málið varðar.

Nd. 46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Á eftir síðari mgr. 68. gr. komi ný málsgr. svohljóðandi:

Tvöfaldan persónuafslátt skal veita þeim sem er að kaupa sér eigið húsnæði í fyrsta sinn og skal hann veittur í tvö ár, í fyrra sinn næsta gjaldár eftir að kaupin fara fram. Nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og skilyrði fyrir tvöföldum persónuafslætti skulu sett af ríkisskattstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að létta tímabundið greiðslubyrði þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn.

Sú leið, sem hér er valin, er að veita þeim sem eru að kaupa sér eigið húsnæði í fyrsta sinn tvöfaldan persónuafslátt sem dregst frá reiknuðum skatti.

Lítið framboð á leiguhúsnæði og íbúðum í verkamannabústöðum, samfara tregðu stjórnvalda til að auka valkosti í félagslegum íbúðabyggingum, knýr marga, nauðuga viljuga, til að kaupa sér eigið húsnæði. Oftar en ella leiðir þetta ástand til að fjölmargt ungt fólk reisir sér hurðarás um öxl þegar það er að stofna heimili. Þessu fylgir síðan óhóflegt vinnuálag þar sem hvert tækifæri er gripið, sem býðst, til eftirvinnu til þess að standa fyrst undir útborgun í húsnæði og síðar að greiða afborganir og vexti af lánum.

Afleiðingin lætur ekki á sér standa því að þetta fólk á ekki aðeins við fjárhagserfiðleika að glíma vegna öflunar eigin húsnæðis heldur einnig mikla skattbyrði vegna mikillar aukavinnu sem það tekur á sig til að standa undir greiðslubyrðinni.

Til þess að glöggva sig á því, hvað hér er um gífurlega miklar fjárhagslegar skuldbindingar að ræða sem fólk verður að taka á sig þegar það stendur í því að afla sér eigin húsnæðis skal hér vitnað í greinargerð um athugun á fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins, dags. 13. des. 1983, sem lögð var fram í félagsmálanefnd Nd. á s. l. vetri. Þar var sett fram dæmi um greiðslubyrði lána af íbúð sem kostaði 2 millj. 125 þús.

Forsendur voru eftirfarandi:

	Þús. kr.
Húsnæðisstjórnarlán	620
Lífeyrissjóðslán	260
Bankalán	820
Eigin fjármögnun	425
Samtals	2 125

Greiðslubyrði samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar í þessu dæmi var 210—225 þús. kr. á ári fyrstu 5 árin eða 18—19 þús. kr. á mánuði.

Frá því að þessir útreikningar voru gerðir hafa vaxtakjör breyst mjög til hækkunar og á það við um öll þessi lán, þ. e. húsnæðisstjórnarlán, bankalán og lífeyrissjóðslán. Greiðslubyrðin hefur því þyngst verulega frá þeim tíma eins og sjá má í eftirfarandi samanburði á greiðslubyrði sem Þjóðhagsstofnun gerði, dags. 26. sept. 1984:

Samanburður á greiðslubyrði samkvæmt greinargerð Þjóðhagsstofnunar, dags. 13. des. 1983, og nýrri vaxta- og lánatilhögun.

Ár	Húsnæðisstjórnarlán		Bankalán		Lífeyrissjóðslán		Greiðslubyrði, alls	
	Des. 1983	Sept. 1984	Des. 1983	Sept. 1984	Des. 1983	Sept. 1984	Des. 1983	Sept. 1984
1	14,0	21,7	205,0	237,8	15,6	28,6	235,0	288,0
2	32,7	21,7	196,8	223,0	15,4	27,9	244,9	272,6
3	32,7	34,4	188,6	208,3	15,2	27,2	236,5	269,9
4	32,7	34,4	180,4	193,5	15,0	26,4	228,1	254,3
5	32,7	34,4	172,2	178,8	14,8	25,7	219,7	238,9

Í þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar kemur fram að greiðslubyrði á fyrsta ári hefur hækkað um 53,5 þús. kr. Munar þar mestu um hækkun vaxta af bankalánum en þeir hafa hækkað í þessum samanburði um 33 þús. kr.

Til frekari skýringar fylgja útreikningar Þjóðhagsstofnunar, dags. 26. sept. 1984, sem fylgiskjal með þessu frumvarpi en þar koma einnig fram dæmi um greiðslubyrði miðað við nokkuð aðrar forsendur, þ. e. hærra hlutfall lífeyrissjóðslána og lægri bankalána og að vaxtabyrðin dreifist á lengri tíma.

Af þeim útreikningum, sem gerðir hafa verið, er því ljóst að greiðslubyrði ungs fólks sem festir sér kaup á til að mynda þriggja herbergja íbúð í blokk er á bilinu 230—280 þús. á ári fyrstu fimm árin miðað við núverandi lánsfjármögnun húsnæðiskerfisins og þau lánakjör sem nú gilda.

Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar (sjá fylgiskjal) kemur einnig fram að meðalatvinnutekjur meðalfjölskyldu séu um 43 þús. kr. á mánuði. Ef reynt er að áætla hvað þessi fjölskylda þarf að greiða í skatta kemur eftirfarandi í ljós:

Ef gert er ráð fyrir að á tekjuárinu 1983 hafi hjón haft samanlagt í árstekjur 516 þús. krónur (karl 32 þús. kr., kona 11 þús.) er samanlögð skattbyrði þeirra á árinu 1984 u. þ. b. 125 þús. kr. Miðað við áður gefnar forsendur í þessari greinargerð um árlega greiðslubyrði vegna kaupa á eigin húsnæði er mánaðarleg greiðslubyrði vegna skatta og afborgana og vaxta af húsnæðislánum lauslega áætluð eftirfarandi:

	Kr.
Skattar (útsvar + tekjuskattur)	10 400.-
Afborganir og vextir af húsnæðislánum	23 000.-
Samtals	33 400.-

Ef tvöfaldur persónuafsláttur nýttist þeim að fullu, miðað við ákvæði frumvarpsins, yrði skattbyrði þeirra á árinu 1984 66 þús. krónur og mánaðarleg greiðslubyrði vegna skatta og afborgana og vaxta af húsnæðislánum lauslega áætluð eftirfarandi:

	Kr.
Skattur (útsvar + tekjuskattur)	5 500.-
Afborganir og vextir af húsnæðislánum	23 000.-
Samtals	28 500.-

Það verður að teljast sanngirnismál þegar bágborið húsnæðiskerfi leggur slíkar ofurmannlegar klyfjar á ungt fólk eins og hér hefur verið greint frá að opnaðir séu möguleikar til að létta undir skattgreiðslum tímabundið.

Persónuafsláttur er á yfirstandandi ári, 1984, 29 500 kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir tvöföldun hans á tveim fyrstu árum eftir að húsnæði er keypt.

Fyrir hjón eða sambúðarfólk, sem sameiginlega er að afla sér húsnæðis, yrði hér um að ræða 59 þús. kr. til viðbótar og gengi til greiðslu álagðra skatta. Í dæminu hér á undan mundi það létta skattbyrði um 4900 kr. á mánuði.

Hér er vissulega ekki um stóra upphæð að ræða en gæti þó létt nokkuð undir með ungu fólki þegar fjárhagserfiðleikarnir eru hvað mestir. Athyglisvert er að þessi upphæð, 59 þús. kr., er ekki hærri en svo að hún gerir lítið meira en að mæta þeim vaxtahækkunum sem orðið hafa, samkvæmt útreikningum Þjóðhagstofnunar í sept. s. l., frá því að frumvarp til laga um nýja húsnæðislöggjöf var samþykkt.

Þó að æskilegt hefði verið að skattaívilnunin væri bæði hærri og næði til lengri tíma en hér er lagt til er stærra skref ekki stigið í þessu frumvarpi ef það mætti verða til að samstaða gæti náðst um að fara þessa leið.

Á árinu 1983 voru veitt 1087 ný byggingarlán, þar af 417 til þeirra sem enga íbúð áttu fyrir. Lán til kaupa á eldri íbúðum voru 1895, þar af 960 til þeirra sem enga íbúð áttu fyrir. Þó að þessar tölur séu ekki algildar eru þær þó nægjanleg forsenda til að styðjast við þegar meta á hve margir fengju árlega skattaívilnun samkvæmt þessu frumvarpi eða 1377 einstaklingar ef árið 1983 er tekið til viðmiðunar.

Ef persónuafsláttur nýtist öllum þessum einstaklingum að fullu til lækkunar á sköttum er skattalækkunin 40 millj. 621 þús. kr.

Þar sem tvöfaldur persónuafsláttur getur einnig gengið til maka eða sambúðaraðila sem ekki er skráður fyrir húsnæðisláninu má lauslega áætla að ákvæði þessa frumvarps þýddi um 55—60 milljón króna skattalækkun til húsbyggjenda.

Þegar til þess er litið hve húsnæðiskerfið er vanmegnugt að koma á eðlilegan hátt til móts við íbúðakaupendur og húsbyggjendur og hve valkostir eru fáir í húsnæðiskerfinu, svo og hve vaxtabyrði hefur aukist verulega á undanförnum mánuðum og þar af leiðandi greiðslubyrði lána, verður að líta á það sem sanngirnismál að þessi leið sé farin enda hvorki kostnaðarsöm né erfið í framkvæmd.

Fylgiskjal.

GREIÐSLUBYRÐI HÚSNÆÐISLÁNA.

Þjóðhagsstofnun
26. sept. 1984.

Frú Jóhanna Sigurðardóttir alþm.
Alþingi.

Vegna fyrirspurnar yðar um greiðslubyrði húsnæðislána sendist eftirfarandi greinargerð.

Vextir af nýbyggingarlánum frá Húsnæðisstofnun hafa nýverið hækkað í 3,5%, auk verðtryggingar. Jafnframt hefur lánstími verið lengdur í 31 ár en tvö fyrstu árin eru afborgunarlaus. Þá hafa útlánsvextir innlánsstofnana hækkað verulega.

Til þess að endurmeta greiðslubyrðina er tekið mið af dæmi úr greinargerð Hallgríms Snorrasonar, Athugun á fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins (dags. 13/12 1983), sjá bls. 13. Í dæminu er gert ráð fyrir 80% lánsfjármögnun sem skiptist þannig:

Húsnæðisstjórnarlán*)	620 þús.
Lífeyrissjóðslán	400 þús.
Bankalán	680 þús.
Eigin fjármögnun	425 þús.
Verð íbúðarinnar	2 125 þús.

*) Í greinargerð Húsnæðisstofnunar er gert ráð fyrir 260 þús. kr. lífeyrissjóðsláni og 820 þús. kr. bankaláni. Hér er hins vegar gert ráð fyrir tveim lífeyrissjóðslánum, 200 þús. kr. hvort. Hér eru höfð í huga algeng lán frá lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar.

Eigið fé upp á 425 þús. kr. kann að virðast allmikið og því eðlilegt að gera nokkra grein fyrir því. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir einhverjum skyldusparnaði. Samkvæmt upplýsingum frá Veðdeild Landsbanka Íslands eru dæmi um allt að 700 þús. kr. skyldusparnaðarreikninga og 200-400 þús. kr. reikningar munu vera algengir. Þá er og hefðbundin fjármögnun á fasteignum að selja bílinn og kaupa ódýrari bíl. Með þessu gætu fengist 100–150 þús. kr.

Í þessu dæmi er tekið mið af því að íbúðarverð sé greitt út í hönd við samning. Slíkt er vitaskuld fjarri raunveruleikanum. Við kaup eða byggingu fasteigna er ætíð um að ræða að verðið er reitt af hendi yfir nokkurt tímabil. Við kaup nýrrar íbúðar frá byggingarmeistara er samningum oftsinnis háttað þannig að kaupandi greiðir mánaðarlega inn á íbúðina í allt að tveimur árum fyrir afhendingu hennar. Skv. upplýsingum einnar fasteignasölu hér í borg mun ekki óalgengt að byggingarmeistarar láni kaupanda hluta af íbúðarverði, t. d. 250 þús. kr. í íbúð í þessum verðflokki. Algengt er að slík lán séu til fjögurra ára og beri 5-7% vexti umfram verðtryggingu. Að auki tekur kaupandi íbúðarinnar á sig afföll af slíkum bréfum, gengi í dag u. þ. b. 82. Þessi mál eru þó mjög í deiglunni og mismunandi eftir byggingarmeisturum og fasteignasölum sem þeir skipta við.

Gert er ráð fyrir fimm ára verðtryggðu bankaláni með einni afborgun á ári, til einföldunar. Vextir af þessu láni eru 10% og þar er miðað við hæstu vexti. Í samræmi við það sem að ofan sagði um dæmið um byggingarmeistara skal hér bent á að algengt er að útborgun sé dreift yfir 18 mánaða tímabil. Með því móti væri eðlilegt að gera ráð fyrir að bankalánin séu tekin á mismunandi tíma en með því mundi vaxtabyrðin vera lægri fyrsta árið eða fyrstu árin. Lífeyrissjóðslánið er til 20 ára og ber það 7% vexti.

Samkvæmt þeim forsendum, sem hér hafa verið raktar, fæst að greiðslubyrði yrði sem hér greinir.

Áætluð greiðslubyrði. Upphæðir í þús. kr.

	Húsnæðis-lán	Lífeyris-sjóðslán	Banka-lán	Greiðslur alls.	Greiðslu-byrði,%.*)
1. ár	21,7	48,0	197,2	266,9	51,5
2. ár	21,7	46,6	185,0	253,3	50,0
3. ár	34,4	45,2	172,8	252,4	49,3
4. ár	34,4	43,8	160,6	238,8	46,3
5. ár	34,4	44,4	148,3	227,1	43,3
6. ár	34,4	41,0	0,0	75,4	10,0
7. ár	34,4	39,6	0,0	74,0	10,0
8. ár	34,4	38,2	0,0	72,6	9,8

*) Hlutfall af áætluðum meðalatvinnutekjum hjóna á öðrum ársfjórðungi 1984. Sjá texta til nánari skýringar.

Greiðslur afborgana og vaxta fyrsta árið nema tæpum 23 þús. kr. á mánuði en verða rúm 6 þús. kr. eftir fimmta árið. Á grundvelli úrtaks kjararannsóknarnefndar um meðaltímakaup og vinnutíma fyrir annan ársfjórðung þessa árs má áætla að meðaltekjur verkamanna í Reykjavík séu tæpar 26 þús. kr. og að tekjur verkakonu séu rúmar 20 þús. kr. Lauslegur framreikningur meðalatvinnutekna kvæntra karla á árinu 1983 bendir til um 32 þús. kr. atvinnutekna á öðrum ársfjórðungi. Með sömu aðferð fæst að meðalatvinnutekjur giftra kvenna með einhverjar atvinnutekjur séu um 11 þús. kr. (þessi lága tala á rætur að rekja til tíðni hlutastarfa meðal eiginkvenna). Niðurstaðan hlýtur því að vera að meðalatvinnutekjur meðalfjölskyldunnar séu um 43 þús. kr. á mánuði. Greiðslubyrðin af íbúðinni í dæminu að ofan miðað við þessar meðaltekjur er sýnd í síðasta dálkinum.

Í greinargerð Húsnæðisstofnunar er greiðslubyrðin áætluð 210–225 þús. kr. Sú hækkun, sem hér kemur fram, skýrist fyrst og fremst af hækkun vaxta en einnig eru aðrar forsendur nú gjörbreyttar hvað varðar samsetningu lána. Til að meta einstaka þætti hækkunar vaxtabyrðarinnar er nauðsynlegt að bera saman sömu samsetningu lánanna en í töflunni hér að neðan er stillt upp sömu lánasamsetningu og í greinargerð Húsnæðisstofnunar og greiðslubyrðin reiknuð af henni.

Samanburður á greiðslubyrði samkvæmt greinargerð Húsnæðisstofnunar og nýrri vaxta- og lánatilhögun.

Ár	Húsnæðis-lán		Banka-lán		Lífeyris-sjóðslán		Greiðslu-byrði, alls	
	HS	NÚ	HS	NÚ	HS	NÚ	HS	NÚ
1	14,0	21,7	205,0	237,8	15,6	28,6	235,0	288,0
2	32,7	21,7	196,8	223,0	15,4	27,9	244,9	272,6
3	32,7	34,4	188,6	208,3	15,2	27,2	236,5	269,9
4	32,7	34,4	180,4	193,5	15,0	26,4	228,1	254,3
5	32,7	34,4	172,2	178,8	14,8	25,7	219,7	238,9

Í ljós kemur að langmestu munar hér um hækkun vaxta af bankalánum. Greiðslubyrði fyrsta ársins hefur hækkað um 53,5 þús. kr. og þar af er hækkun vaxta af bankaláni 33 þús.

Hér er ekki reynt að meta greiðslubyrði þeirra sem kaupa eldra húsnæði. Slíkur reikningur er mun flóknari. Kemur hér ekki síst til að sköpum skiptir hver verðbólgu- og vaxtaþróun í framtíðinni verður.

Virðingarfyllst,
Sigurður Snævarr.

Nd. 47. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðum ástæðum reynist ókleift samkvæmt úrskurði valdsmanna að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiða framlög samkvæmt ákvæði 1. mgr.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi ný málsgr. svohljóðandi:

Ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift samkvæmt úrskurði valdsmanna að innheimta greiðslur samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiða framlög samkvæmt ákvæði 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 19. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 15. apríl 1981, eru ákvæði sem kveða á um heimild til að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar- og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs, svo og ákvæði um að heimilt sé að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi framlag vegna sérstakra útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Ljóst er að þessi ákvæði barnalaganna eru mjög mikilvæg og geta oft ráðið úrslitum um framhaldsmenntun eða starfsþjálfun barna einstæðra foreldra.

Þegar ofangreind ákvæði voru lögfest var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra eða börn þeirra ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta greiðslu skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna.

Hér er því um að ræða augljóst ranglæti og mismunun í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra. Með þessu frumvarpi er leitast við að leiðrétta það.

Ef reynt er að áætla hvað hér er um stóran hóp einstæðra foreldra eða barna þeirra að ræða sem ekki njóta réttar samkvæmt þessum ákvæðum barnalaganna kemur eftirfarandi í ljós:

Í könnun, sem nýlega var gerð á kjörum og félagslegri stöðu einstæðra foreldra í landinu, kemur fram að einstæðir foreldrar í landinu töldust samkvæmt þjóðskrá vera 6250 þann 1. des. 1983. Þessir einstæðu foreldrar höfðu á framfæri sínu 8283 börn, 15 ára og yngri, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins fengu 834 einstæðir foreldrar greiddan barnalífeyri með börnum sínum yngri en 18 ára vegna andláts annars hvors foreldris.

Að mati Tryggingastofnunar ríkisins má gera ráð fyrir að þessir 834 einstæðu foreldrar hafi að meðaltali 1,4 börn á framfæri sínu. Samkvæmt þessum upplýsingum eru það 834 einstæðir foreldrar, með 1167 börn á framfæri sínu, sem ekki njóta réttar samkvæmt ákvæðum 17. og 19. greinar barnalaganna þar sem þeir hafa ekki til neins meðlagsskylds aðila að leita.

Þar sem upplýsingar Hagstofu um fjölda barna einstæðra foreldra (8283 börn) eru miðaðar við börn 15 ára og yngri en upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins um fjölda barna einstæðra foreldra, sem fá barnalífeyri vegna andláts annars hvors foreldris (1167 börn), eru miðaðar við börn 18 ára og yngri er ekki um alveg sambærilegar forsendur að ræða en gefa engu að síður allgóða vísbendingu. Samkvæmt þeim má gera ráð fyrir að ekki færri en 14—15% einstæðra foreldra og börn þeirra eigi engan rétt á stuðningi hvorki frá meðlagsskyldum aðila né hinu opinbera, vegna menntunar barna eftir 18 ára aldur, né vegna þeirra útgjalda sem upp eru talin í 17. gr. barnalaganna.

Athyglisvert er hve fáir einstæðir foreldrar, sem rétt eiga samkvæmt 17. og 19. gr. barnalaganna, hafa sótt eftir þeim rétti frá því að barnalögin tóku gildi. Samkvæmt upplýsingum Sakadóms Reykjavíkur, sem fer með úrskurð þessara mála í Reykjavík, kemur eftirfarandi í ljós:

17. gr. barnalaga, framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna til 20 ára aldurs:
1. jan.—31. des. 1982: 10 úrskurðir
1. jan.—31. des. 1983: 17 úrskurðir
1. jan.—sept. 1984: 10 úrskurðir

19. grein barnalaga, framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni:
1. jan.—31. des. 1982: 4 úrskurðir
1. jan.—31. des. 1983: 7 úrskurðir
1. jan.— sept. 1984: 5 úrskurðir

Beiðnir varðandi menn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eru sendar viðeigandi embættum og beiðnir á hendur mönnum, búsettum erlendis, eru sendar dómsmálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu. Undirstrika skal að hér er einungis um að ræða framkvæmd 17. og 19. gr. barnalaganna í Reykjavík en gefur engu að síður nokkuð góða mynd af því hve fáir einstæðir foreldrar hafa leitað réttar samkvæmt þessum ákvæðum barnalaganna.

Samkvæmt upplýsingum Sakadóms Reykjavíkur og dómsmálaráðuneytisins eru greiðslur samkvæmt 17. og 19. gr. barnalaganna með eftirfarandi hætti:

Varðandi upphæð menntunarframlags er miðað við meðalmeðlag með óskilgetnum börnum eins og það er ákveðið á hverjum tíma af Tryggingastofnun ríkisins. Upphæðir í úrskurðum vegna fermingar, sjúkdóms og „af öðru sérstöku tilefni“ samkvæmt 19. gr. eru breytilegar eftir atvikum hverju sinni. Dómsmálaráðuneytið sendir valdsmönnum árlega leiðbeiningar um fjárhæðir slíkra framlaga sem í nefndri lagagrein getur. Þær fjárhæðir voru eftirfarandi í mars 1984: Kr. 6000—7200 vegna fermingar, kr. 1200-1650 vegna skírnar og kr. 6000–8400 vegna greftrunar.

Nokkuð erfitt er að áætla hver kostnaður ríkissjóðs yrði ef frumvarp þetta yrði að lögum. En af því, sem hér hefur verið tilgreint, og þeim upplýsingum sem fyrir liggja verður ekki ráðið að hér sé um stórar fjárhæðir að tefla fyrir ríkissjóð. Með samþykkt þessa frumvarps yrði tryggt að börn, sem aðeins eiga annað foreldri á lífi, hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra og að einstæðum foreldrum yrði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. og 19. gr. barnalaganna gefa einstæðum foreldrum.

Nd. 48. Frumvarp til laga [48. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með „jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“ er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með „kjörum“ í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi, og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf, þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

III. KAFLI

Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð, að kynjum sé ekki mismunað.

Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

V. KAFLI
Framkvæmd laganna.

13. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn, og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum, og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Á vegum Jafnréttisráð starfar 7 manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

15. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila, sem málið snertir.
9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

16. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—12. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

17. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í umboði hans. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

19. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir, hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því, eða hagnast á brotinu.

20. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum, sem málið varða.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

21. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

22. gr.

Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr.

23. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir 5 ár.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 78 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
I. Inngangur.

Lagafrumvarp það sem hér er lagt fram er að stofni til byggt á tillögum endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af fyrrverandi félagsmálaráðherra. Meginverkefni nefndarinnar var tillögugerð um breytingar á jafnréttislögunum, lögum nr. 78/1976, með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá setningu laganna. Tekið var fram að nefndin skyldi taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál. Enn fremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Í endurskoðunarnefndina voru skipaðar Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir sendiráðsritari, Bergþóra Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Guðríður Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og formaður Jafnréttisráðs, Ingibjörg Hafstað kennari, María Pétursdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríður Thorlacíus ritstjóri, sem nefndin kaus ritara sinn, Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri og var hún skipuð formaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram, að meiri hluti nefndarmanna hafði áður starfað saman í undirbúningsnefnd fyrir Kvennaáratugarráðstefnu S.Þ. í Kaupmannahöfn 1980 og í sendinefnd á ráðstefnunni og var starf nefndarinnar þannig að nokkru leyti framhald af fyrra starfi. Í undirbúningsnefnd kvennaráðstefnunnar voru á sínum tíma tilnefndir fulltrúar Jafnréttisráðs (Bergþóra Sigmundsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir), félagasamtaka sem störfuðu að jafnréttismálum, þ.e. KRFÍ (Berglind Ásgeirsdóttir), KÍ (María Pétursdóttir) og RHS (Ingibjörg Hafstað) og tryggði sú skipan enn frekar gott samstarf þessara aðila. Auk þess voru í undirbúningsnefndinni Guðrún Erlendsdóttir, Sigríður Thorlacíus og Vilborg Harðardóttir. Berglind Ásgeirsdóttir fluttist vegna starfa sinna til útlanda síðla árs 1981 og var þá Esther Guðmundsdóttir formaður KRFÍ skipuð í nefndina í hennar stað. Elín Pálsdóttir Flygenring núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, var ráðin starfsmaður nefndarinnar í janúar 1983.

Í greinargerð endurskoðunarnefndarinnar sem fylgdi tillögum hennar um breytingar á jafnréttislögunum kemur fram að hún hafi kynnt sér og rætt ítarlega framkvæmd jafnréttislaga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur farið yfir starfsáætlun Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál sem samþykkt var á ráðstefnu í Kaupmannahöfn 1980, einkum þann kafla sem fjallar um aðgerðir á þessu sviði í einstökum löndum. Enn fremur hefur nefndin fjallað um kannanir sem gerðar hafa verið um jafnréttismál á vegum ýmissa aðila og gerði úttekt á hlutdeild kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum. Jafnframt var aflað upplýsinga frá öllum starfandi stjórnmálaflokkum um skipan aðalstjórna þeirra, framkvæmdastjórna, miðstjórna og annarra trúnaðarstaða með tilliti til hlutdeildar kynjanna í þeim.

Álit endurskoðunarnefndarinnar er að enn sé alllangt í land að jafnrétti ríki á milli kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna frá 1976 og þar áður lög um Jafnlaunaráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs (Jafnlaunaráðs) frá sama tíma. Nefndin telur að lögin hafi komið að gagni og reynst betri en ekki, en að þau hafi ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafi verið. Enn fremur að þau hafi ekki reynst nógu vel í framkvæmd þannig að breytingar hafi ekki orðið afgerandi, hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Eins og áður sagði byggir lagafrumvarp það sem hér er lagt fram á tillögum áðurnefndrar endurskoðunarnefndar. Aðdragandi þeirra breytinga sem hafa orðið á tillögum nefndarinnar er sá að eftir ríkisstjórnarskiptin í maí 1983 ákvað félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, að leggja fram frumvarp að nýjum jafnréttislögum. Í framhaldi af því hefur frumvarp endurskoðunarnefndarinnar verið til athugunar í félagsmálaráðuneytinu. Niðurstaðan hefur orðið sú að gera nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar. Þær eru gerðar að höfðu samráði við stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Hér er bæði um að ræða formlegar og efnislegar breytingar.

Hvað áhrærir hið fyrrnefnda þykir rétt að ýmsar orðskýringar í tillögunum eigi betur heima í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Til dæmis skýringar á orðunum „mismunun“ í 3. gr. frumvarpsins og „laun“ í 4. gr.

Efnislegar breytingar eru af tvennum toga spunnar.

Annars vegar hafa verið felld brott ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar sem vafasamt er talið að samrýmist íslenskri réttarvenju. Sem dæmi má nefna ákvæði sem fjallaði um frávik frá þeirri meginreglu íslensks réttar, að sá sanni sök sem brotið er á.

Einnig hefur verið felld niður tillaga um sjálfstæðan málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs.

Hins vegar er um að ræða ákvæði sem varða sjálfstæði sveitarfélaga. Þannig hefur ekki verið talið rétt að skylda sveitarstjórnir til að skipa jafnréttisnefndir. Í 15. gr. 9. tl. er þó gert ráð fyrir að Jafnréttisráð hafi samband við slíkar nefndir séu þær starfandi.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á tillögum endurskoðunarnefndarinnar.

Í 1. gr. tillagnanna hefur verið felld niður málsgrein um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum frumvarpsins. Ákvæði í 3. gr. var breytt til samræmis við þá breytingu. Ekki er talin ástæða til þess í jafnréttislögum að beinlínis taka fram að sérstaklega skuli bæta stöðu annars kynsins.

Þá hefur verið fellt niður ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar um skyldu ríkis og sveitarfélaga um að nefna karl og konu þegar óskað er tilnefningar í opinberar nefndir og ráð. Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli þessa lagafrumvarps frá núgildandi lögum er að finna í 1. gr. Þar segir að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í núgildandi lögum er kveðið á um að „stuðla að“ jafnrétti . . .

Mikilvæg breyting er gerð á skipan Jafnréttisráðs.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið. Þessi breyting ætti að stuðla að því að í ráðinu sitji fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að jafnréttismálum.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 10. gr. núgildandi jafnréttislaga sem efnislega er 15. gr. frumvarpsins. Mikilvægasta breytingin kemur fram í 2. tl. greinarinnar en samkvæmt henni skal Jafnréttisráð vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þessa áætlun skal leggja fyrir félagsmálaráðherra sem síðan skal undirbúa stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki, sbr. 22. gr.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins fjallar um sama efni og 8. gr. núgildandi laga. Hins vegar eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar samkv. ákvæði frumvarpsins en nú er vegna brota á ákvæðum laga nr. 78/1976.

Að lokum má benda á að viðurlög vegna brota á ákvæðum frumvarpsins eru ákveðnari en áður. Auk þess er gert ráð fyrir endurskoðun laganna eftir fimm ár frá setningu nái frumvarpið fram að ganga.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er því lagt fyrir Alþingi á ný.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Í I. kafla laganna eru sett almenn ákvæði. Gildissvið laganna er þar markað og tilgangur þeirra rakinn.

Um 1. gr.

Hér er um sömu stefnuyfirlýsingu að ræða og í 1. gr. l. nr. 78/1976 um að tilgangur laganna sé að ná fram jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Hér er þó talað um að „koma á“ jafnrétti og jafnri stöðu, en í núgildandi lögum er talað um að „stuðla að“ jafnrétti. Þar með eru stjórnvöld skyld til að vinna að jafnrétti í raun og þetta orðalag leggur þar með aukna ábyrgð á stjórnvöld.

Einnig er nefnt í greininni sjálfri, að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti á öllum sviðum. Samkvæmt því er ekkert svið undanþegið lögunum.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. l. nr. 78/1976 nema að því leyti, að bætt er hér inn í „með stjórnvaldsaðgerðum".

Það er eitt meginskilyrði fyrir jafnrétti kynjanna, að konur og karlar hafi sömu möguleika til atvinnu og menntunar.

Þótt konur og karlar hafi sömu möguleika að formi til, er því ekki fyrir að fara í raun. Þjóðfélagið gerir konum ekki jafnkleift og körlum að stunda hvaða atvinnu eða nám sem er. Kemur þar aðallega til hin venjubundna ábyrgð kvenna á heimilishaldi og börnum.

Nánar skal kveðið á um þessar stjórnvaldsaðgerðir í reglugerð skv. 21. gr. frumvarpsins og framkvæmdaáætlun skv. 22. gr.

Til þess að jafnrétti komist á er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi inn í með sérstökum aðgerðum.

Um 3. gr.

3. gr. er ný. Tekið er fram, að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil, en það er meginregla þessa frumvarps. Með „mismunun" er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi, sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Almennt er talið, að ekki sé það mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna varðandi meðgöngu eða fæðingu. Þó þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um það til að forðast allan misskilning í þessum efnum.

II. KAFLI

Atvinna.

Hér er safnað saman ákvæðum, sem fjalla um atvinnumál. Í 4. gr. 1. mgr. er meginreglan um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

9. gr. er ný og fjallar um skyldu atvinnurekanda til að jafna stöðu kynjanna innan atvinnufyrirtækis síns eða stofnunar.

Um 4. gr.

Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, hefur lengi verið meginatriði í jafnréttisbaráttu. Þegar árið 1954 voru sett ákvæði um jöfn laun kvenna og karla í ríkisþjónustu og árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð í ákveðnum starfsgreinum. Árið 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð og árið 1976 lög um jafnrétti kvenna og karla með ákvæðum um jöfn laun. Með „launum" er í frumvarpinu átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu og vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu er enn gífurlegur munur á launum karla og kvenna. Nægir að benda á jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980—1982 og í Kópavogi 1982, og vinnumarkaðskönnun Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1981, þar sem í ljós kom, að laun kvenna voru 51,8% lægri en laun karla.

Hér er sú breyting gerð frá 2. gr. 2. ml. laga nr. 78/1976, að konur og karlar skulu einnig njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta ákvæði er til fyllingar ákvæðinu um jöfn laun.

Hér er ekki einungis átt við, að konum og körlum með sama starfsheiti séu greidd jöfn laun, heldur einnig að störf séu ekki metin til launa eftir því hvort þau eru að meginhluta unnin af konum eða körlum.

Með skilgreiningu á „kjörum" í 3. mgr. er verið að taka af öll tvímæli um hvað átt er við með því hugtaki í 1. mgr.

Um 5. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 3. gr. laga nr. 78/1976, en framsetning ákvæðisins er skýrari í frumvarpinu en lögunum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gerð sú breyting frá 4. gr. laga nr. 78/1976, að hér er talað um starf „sem laust er“. Með þessu orðalagi verður ákvæðið víðtækara, því að ekki eru öll laus störf auglýst.

Þá eru hér tekin af öll tvímæli um, að þeir sem birta auglýsingu eru ábyrgir ekki síður en auglýsandi og skiptir þá ekki máli á hvaða hátt hún er birt. Ástæður þessara breytinga eru þær, að ákvæði þetta í lögum 78/1976 er margbrotið daglega.

Í 3. mgr. er undantekningarregla í samræmi við 1. gr. frv., en sá fyrirvari er settur að koma verður fram í auglýsingunni, ef þessi mgr. á að gilda. Ætti það að koma í veg fyrir að þessi undantekningarregla verði misnotuð.

Um 7. gr.

7. gr. er samhljóða 5. gr. laga nr. 78/1976.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði er efnislega hið sama og 6. gr. núgildandi jafnréttislaga, en ekki er hér skilyrði, að um sama atvinnurekanda þurfi að vera að ræða. Það er óþarfa þrenging að miða við sama atvinnurekanda og gerir ákvæðið ómarkvissara.

Um 9. gr.

Sú tregða, sem er í jafnréttisþróuninni, á ekki síst rót sína að rekja til hefðbundinnar kynjaskiptingar á vinnumarkaðnum.

Erfitt hefur reynst að vinna gegn henni. Tilgangur ákvæðisins er að fá atvinnurekendur til að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Atvinnurekendum eru gefnar frjálsar hendur um á hvaða hátt þeir stuðla að þessu, eingöngu er sett skilyrði um að aðgerðirnar séu markvissar.

III. KAFLI

Menntun.

Hér er fjallað um menntun m. t. t. jafnrar stöðu kynjanna. Er þetta nokkuð ítarlegra ákvæði en verið hefur og skýrar kveðið á um ábyrgð.

Um 10. gr.

10. gr. 1. mgr. er nokkurn veginn samhljóða 7. gr. laga nr. 78/1976, en 2. mgr. er ný og þarfnast ekki skýringar.

Eðlilegast er að menntamálaráðuneytið sé framkvæmdaaðili varðandi námsgögn og fræðslu í skólum.

IV. KAFLI

Önnur svið.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði sem ekki heyra undir atvinnu- eða menntamál. Hér er safnað saman ákvæðum um bann við lítilsvirðandi auglýsingum og um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum. Hið síðarnefnda er nýmæli.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laga 78/1976 er ákvæði um þetta, en þar kemur ekki skýrt fram hvern leiða má til ábyrgðar fyrir brot á því ákvæði, einungis er talað um auglýsendur. Í 11. gr. þessa frumvarps eru auglýsendur og þeir sem hanna og birta auglýsingu ábyrgir fyrir brotum á ákvæðinu. Er leitast við að gera ákvæðið virkara með þessu móti. Má þá jafnt ganga að einum sem öllum þessum aðilum.

Setningin „eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“ er ný og sett til að taka af öll tvímæli um að allar auglýsingar sem mismuna kynjunum séu óheimilar.

Um 12. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku þeirra í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. T. d. voru konur 6,8% þeirra, sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1981.

Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

Í þessum kafla er fjallað um, hvernig framkvæma skuli lögin og er það enn aðallega í höndum Jafnréttisráðs, en nokkrar breytingar eru lagðar til um skipan þess.

Nýmæli er að lögfesta ákvæði um ráðgjafarnefnd.

Verkefni Jafnréttisráðs eru þau sömu og verið hafa, en með nokkurri viðbót.

Um 13. gr.

Í þessari grein er sem áður gert ráð fyrir, að Jafnréttisráð annist framkvæmd laganna.

Hér er gert ráð fyrir, að Jafnréttisráð verði skipað 7 mönnum í stað 5 og bætast við fulltrúar frá KRFÍ og KÍ, en að öðru leyti er ráðið eins skipað.

Rétt þykir að tryggja áhugasamtökum, sem hafa að markmiði að vinna að jafnréttismálum, fulltrúa í ráðinu. Þau samtök, sem hér er lagt til að tilnefni fulltrúa í ráðið, eru einu samtökin utan stjórnmálaflokka, sem nú hafa jafnrétti karla og kvenna sem eitt meginstefnumál sitt.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf formaður ráðsins að vera löglærður, en ekki þótti ástæða til þess að halda þessu skilyrði, þar sem 3. mgr. kveður á um að ráða skuli sérstakan lögfræðing til að annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf, sem hefur reynst stór hluti verkefna á skrifstofu ráðsins.

Það er einnig nýmæli, að aðili sem skipaður er af félagsmálaráðherra sé varaformaður, en nauðsynlegt er, að varaformaður eigi sæti í ráðinu sem aðalmaður.

Um 14. gr.

Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs hefur starfað síðan 1976 og sinnt veigamiklum jafnréttisverkefnum. Því er mikilvægt að tryggja að hún starfi áfram og að Jafnréttisráð ákveði hvernig hún skuli skipuð eftir aðstæðum á hverjum tíma.

Um 15. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 78/1976, en bætt er inn í verkefnum.

Annar töluliður er nýmæli. Hann fjallar um að Jafnréttisráð skuli vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Á þennan hátt eru skapaðar forsendur fyrir Jafnréttisráð að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Svipað fyrirkomulag þekkist í nágrannalöndunum og þykir hafa gefið góða raun.

Fjórði töluliðurinn, sem einnig er nýmæli, fjallar um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka, en hún hefur reynst vera eitt af meginverkefnum ráðsins.

Þriðja nýmælið í greininni er níundi töluliðurinn. Hann kveður á um það að Jafnréttisráð skuli hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Um 16. gr.

16. gr. er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 78/1976.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

Viðurlaga- og réttarfarsákvæði eru efnislega þau sömu og í l. nr. 78/1976, en refsiákvæðið ítarlegra.

Um 17. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 11. gr. 2. mgr. núgildandi laga, en þó er hér fyrirvari um að höfða megi mál til viðurkenningar á rétti aðila, þó ekki sé um skaðabótakröfu að ræða. Skaðabótakrafa felur jafnan í sér viðurkenningarkröfu, og þykir því rétt að veita skýra heimild til málshöfðunar, þótt eingöngu sé um viðurkenningarkröfu að ræða.

Um 18. gr.

18. gr. er samhljóða 12. gr. 1. mgr. laga nr. 78/1976.

Um 19. gr.

Ákvæði um refsiábyrgð eru ítarlegri hér en í núgildandi lögum. Brot varðar fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

2. mgr. kveður á um hlutlæga refsiábyrgð, en slíkt er ekki heimilað í lögum nr. 78/1976. Þetta þykir eðlileg regla í þessu tilviki, þótt undantekningarregla sé, þar sem brot gegn ákvæðum frv. mundu oft verða þess eðlis, að þau varði rekstur fyrirtækja eða stofnana á einhvern hátt, og því má ætlast til þess af stjórnendum, að þeir fylgist með starfsemi sinni, m. a. hvað þetta varðar.

Um 20. gr.

20. gr. er efnislega í samræmi við 13. gr. laga nr. 78/1976.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, t. d. um setningu reglugerðar, gildistöku o. fl.

Nýmæli er, að ríkisstjórninni er ætlað að gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og að lögin skuli endurskoða að fimm árum liðnum.

Um 21. gr.

21. gr. er samhljóða 14. gr. l. nr. 78/1976.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra leggi fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveða skal á um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Slík framkvæmdaáætlun ætti frekar að tryggja framkvæmd ákvæða laga þessara.

Um 23. og 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 49. Frumvarp til laga [49. mál]

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Vinnumiðlun skal starfrækja eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að nægri og jafnri atvinnu um land allt og nægjanlegu framboði vinnuafls fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal vinnumiðlunin í þessu skyni hafa endurgjaldslausa meðalgöngu milli þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

2. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fer með yfirstjórn vinnumiðlunar og skipuleggur og samræmir störf hennar. Skal vinnumiðlun láta Vinnumálaskrifstofunni í té upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri í sínu umdæmi, svo og tillögur um aðgerðir í atvinnumálum ef þeirra er þörf.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn, eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna,
Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum er undir Vinnumálaskrifstofuna falla samkvæmt lögum nr. 13/1979 og reglugerð nr. 9/1980, svo og varðandi framkvæmd samnings um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum sem undirritaður var 6. mars 1982. Tillögum sínum skal ráðgjafarnefnd beina til þeirra opinberra aðila sem fjalla um stefnumörkun, áætlanagerð eða aðgerðir í atvinnumálum, bæði að því er tekur til landsins í heild og einstakra svæða eða staða.

Nefndin getur haft frumkvæði að því að gerðar verði áætlanir um aðgerðir sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti eða breytingum á atvinnuháttum er leitt geta til atvinnuleysis hvort sem er á einstökum stöðum, í tilteknum starfsgreinum eða landinu í heild.

5. gr.

Ráðgjafarnefndin skal að jafnaði koma saman mánaðarlega og undirbýr Vinnumálaskrifstofan fundi nefndarinnar.

Þar skulu lagðar fram upplýsingar um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnutækifæri á landinu öllu, ásamt skýringum á orsökum breytinga á atvinnuástandi. Enn fremur tekin fyrir önnur mál sem Vinnumálaskrifstofan, aðrir opinberir aðilar eða einstakir fulltrúar tilnefningaraðila óska eftir að tekin séu á dagskrá og snerta hlutverk nefndarinnar.

II. KAFLI
Vinnumiðlun, skipulag og hlutverk.

6. gr.

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en sveitarfélög með færri en 500 íbúa skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum, með 10 þúsund íbúa eða fleiri, skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

7. gr.

Í því skyni að stuðla að sem virkastri vinnumiðlun skal skipta landinu í atvinnusvæði þannig að sveitarfélög, sem landfræðilega og atvinnulega hafa svipaðra hagsmuna að gæta, teljist á sama atvinnusvæði. Skal svæðaskiptingin gerð í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög. Verði ágreiningur milli sveitarfélaga um svæðaskiptingu sker félagsmálaráðuneytið úr að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar samkvæmt 3. gr. laga þessara.

Sveitarfélög á sama atvinnusvæði skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu, eftir því sem tök eru á, hafa samstarf um allt sem lítur að vinnumiðlun á svæðinu og getur Vinnumálaskrifstofan falið einum aðila, sem annast vinnumiðlun á svæðinu, að hafa forgöngu um samstarfið nema hlutaðeigandi sveitarfélög komi sér saman um annað.

8. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar er:

a. að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu samkvæmt 6. gr. þessara laga,
b. að fylgjast með framvindu atvinnumála í sveitarfélaginu og gera hlutaðeigandi sveitarstjórn og Vinnumálaskrifstofunni aðvart ef horfur eru á samdrætti, atvinnuleysi eða ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði,
c. að safna og dreifa, eftir nánari reglum er settar verða, upplýsingum um framboð og eftirspurn vinnuafls í sveitarfélaginu,
d. að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegun hæfra starfsmanna,
e. að leiðbeina um starfsval, m. a. með því að veita upplýsingar um vinnumarkaðinn og aðstoða við atvinnuleit fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983,
f. að inna af höndum önnur störf sem lög og reglugerðir ákveða.

9. gr.

Sveitarstjórnir, sem skylt er að annast vinnumiðlun samkvæmt 6. gr. þessara laga, skulu kjósa a. m. k. 3 fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar í sveitarfélaginu. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda í sveitarfélaginu 1 fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina. Ef fleiri en eitt stéttarfélag er starfandi í sveitarfélagi tilnefnir fulltrúaráð þeirra eða félögin sameiginlega fulltrúa.

Hlutverk stjórnarnefndar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefst til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu.

III. KAFLI
Framkvæmd vinnumiðlunar.

10. gr.

Vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum skal vera frjáls, hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta við þá sem leita til vinnumiðlunar.

Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir, að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Með reglugerð skal ákveða nánar hvaða upplýsingar vinnumiðlun lætur umsækjendum um atvinnu og atvinnurekendum í té, svo og í hvaða formi slíkar upplýsingar skuli veittar.

11. gr.

a. Þjónusta við atvinnuleitendur:

Hver sá, sem leitar eftir vinnu, getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili, sbr. þó 6. gr., óskað eftir upplýsingum um laus störf og jafnframt óskað eftir aðstoð vinnumiðlunar við að finna starf við sitt hæfi. Nú getur vinnumiðlun ekki vísað atvinnuleitanda á vinnu innan sveitarfélags og skal þá skrá hann sem atvinnuumsækjanda eða eftir atvikum atvinnulausan nema unnt sé að vísa á vinnu utan umdæmisins sem atvinnuleitandi vilji taka.

Atvinnuleitandi getur krafist vottorðs vinnumiðlunar um atvinnu sína eða atvinnuleysi það tímabil sem hann hefur verið skráður hjá henni. Vinnumiðlun getur krafist þess að sá, sem óskar eftir slíku vottorði, mæti til skráningar eða hafi samband á annan hátt er vinnumiðlun ákveður og geri grein fyrir atvinnu sinni eða atvinnuleysi.

Vinnumiðlun skal láta atvinnuleitendum í té þær upplýsingar sem hún hefur á hverjum tíma um atvinnumöguleika í öðrum sveitarfélögum, ásamt upplýsingum um þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi um aðstoð við flutninga milli byggðarlaga, kjör og annað sem máli skiptir.

Sá, sem misst hefur vinnu í sveitarfélagi en á þar ekki lögheimili, skal eiga rétt á sömu þjónustu og heimamenn af hálfu vinnumiðlunar. Sama gildir um erlenda ríkisborgara sem starfa samkvæmt atvinnuleyfum, svo og norræna ríkisborgara sem njóta réttar samkvæmt samningi frá 6. mars 1982, um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

b. Þjónusta við atvinnurekendur:

Sérhver atvinnurekandi getur snúið sér til vinnumiðlunar í því sveitarfélagi þar sem atvinnurekstur hans fer fram og óskað upplýsinga um framboð á vinnuafli. Jafnframt getur atvinnurekandi óskað meðalgöngu vinnumiðlunar við útvegun starfsmanna. Geti vinnumiðl-

unin ekki vísað á umbeðið vinnuafl færir hún beiðnina á skrá yfir laus störf þar til ráðning hefur átt sér stað.

Vinnumiðlun skal láta atvinnurekanda í té þær upplýsingar, sem hún kann að hafa á hverjum tíma, um framboð vinnuafls í öðrum sveitarfélögum, svo og að hafa milligöngu við aðrar vinnumiðlanir ef atvinnurekandi óskar þess.

c. Sérstök þjónusta:

Unglingar, fatlaðir og aldraðir geta leitað til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við leit að vinnu við þeirra hæfi. Við atvinnuleit skal vinnumiðlun hafa samvinnu við samtök og stofnanir, sem einkum fjalla um málefni hlutaðeigandi hópa, sérstaklega í sambandi við mat á starfsgetu og þörf á endurhæfingu eða starfsþjálfun.

Vinnumiðlun skal eftir föngum leiðbeina unglingum varðandi starfsval, m. a. með því að afla og dreifa upplýsingum um helstu atvinnutækifæri og þær kröfur sem atvinnulífið gerir um menntun og starfsreynslu.

12. gr.

Vinnumiðlun lætur þeim, sem atvinnulausir eru og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, eða lögum nr. 22/1981, um viðauka við lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 46/1981, um breyting og viðauka við lög nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, í té vottorð um skráð atvinnuleysi þess er hlut á að máli enda eigi sá, er vottorðs óskar, lögheimili í sveitarfélagi vinnumiðlunar eða hafi starfað þar þegar hann varð atvinnulaus.

Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett með reglugerð.

IV. KAFLI
Gagnavinnslukerfi og tilkynning um laus störf.

13. gr.

Félagsmálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, að vinnumiðlun taki upp véltæka gagnavinnslu allra upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnutækifæri og atvinnuleysisbætur.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa yfirumsjón með gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar og setur nánari reglur um meðferð þess og rekstur í samvinnu við sveitarfélögin og Atvinnuleysistryggingasjóð.

14. gr.

Þegar vinnumiðlun hefur komið á véltæku gagnavinnslukerfi getur ráðherra með reglugerð ákveðið að öllum, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli og hafa 4 eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni, skuli skylt að tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlun öll laus störf á þeirra vegum enda sé tryggt að vinnumiðlunin geti tekið við slíkum upplýsingum með viðunandi hætti. Áður en slík reglugerð er gefin út skal leita umsagnar helstu samtaka atvinnurekenda.

15. gr.

Upplýsingum, sem vinnumiðlun berast um laus störf, skal hún með viðunandi hætti koma á framfæri við þá atvinnuleitendur sem að hennar mati fullnægja þeim kröfum er gerðar eru til hlutaðeigandi starfs samkvæmt starfslýsingu atvinnurekanda. Atvinnurekandi getur óskað nafnleyndar gagnvart atvinnuleitendum og er vinnumiðlun skylt að virða slík tilmæli.

16. gr.

Atvinnurekandi, sem tilkynnir vinnumiðlun laus störf, skal eiga rétt á að fá skrá yfir þá atvinnuleitendur er skráðir eru hjá vinnumiðlun og hún telur koma til greina í hlutaðeigandi starf, ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu og annað, er máli skiptir, í sambandi við starfsráðningu. Aldrei má þó láta af hendi upplýsingar sem vinnumiðlun öðlast sem trúnaðarmál.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Einkaaðilum er óheimilt að reka vinnumiðlun í ágóðaskyni. Félagsmálaráðherra getur, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, heimilað stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda að annast miðlun vinnu fyrir félagsmenn enda hafi þau fastar starfsstöðvar og fullnægjandi aðstöðu að öðru leyti og veiti þjónustuna endurgjaldslaust. Sama gildir um samtök námsmanna.

Þeir aðilar, sem fá heimild til vinnumiðlunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eru bundnir af ákvæðum þessara laga, svo og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi, sbr. þó 28. gr. laga nr. 41/1983, eða þeim aðilum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þegar það á við. Rekstrarkostnaður gagnavinnslukerfis, samkvæmt 13. gr., skal þó greiddur sameiginlega af ríkissjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði eftir nánara samkomulagi aðila.

Vinnumálaskrifstofan gefur út nauðsynleg eyðublöð vegna vinnumiðlunar og greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði.

19. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf sveitarfélaga á sama atvinnusvæði samkvæmt 7. gr. laganna.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 9. apríl 1956, lög nr. 71 28. maí 1969 og II. kafli laga nr. 94 30. desember 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 22. október 1981, skipaði Svavar Gestsson, þáverandi félagsmálaráðherra, nefnd er endurskoða skyldi lög nr. 52/1956, um vinnumiðlun, með síðari breytingum.

Í nefndina voru skipaðir: Sigurður Guðgeirsson prentari, formaður, Björn Björnsson viðskiptafræðingur, Barði Friðriksson framkvæmdastjóri, Eyjólfur Jónsson framkvæmdastjóri og Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðingur. Eftir fráfall Sigurðar var Þóra Hjaltadóttir hagfræðingur skipuð formaður í hans stað. Óskar Hallgrímsson, deildarstjóri vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, var skipaður ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var gerð eftirfarandi grein fyrir verkefni hennar:
Að kanna sérstaklega:

1. Hver sé eðlileg verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hvað vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu snertir.
2. Hvernig tryggja megi sem virkasta vinnumiðlun sem hafi jafnan haldgóðar upplýsingar um þau atvinnutækifæri er í boði eru á hverjum tíma víðs vegar um landið.
3. Hvort það eigi að vera verkefni vinnumiðlunar að sinna þörfum fólks með sérþarfir, t. d. öryrkja eða aldraðra, eða hvort fela beri það verkefni öðrum aðilum.
4. Hvernig efla megi tengsl vinnumiðlunar í landinu við aðila vinnumarkaðarins og Atvinnuleysistryggingasjóð með það fyrir augum að koma á virkara samstarfi þessara aðila.

Enn fremur var nefndinni falið að kynna sér löggjöf um vinnumiðlun annars staðar á Norðurlöndum með það sérstaklega í huga að Ísland gerist aðili að samningi um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum og að æskilegt yrði af þeim ástæðum að samræma ákvæði laga hér á landi því sem þar gildir.

Það er skoðun nefndarinnar að vinnumiðlun og atvinnuleysisskráning þurfi að vera fyrir hendi um land allt og framkvæmdin eigi að vera verkefni sveitarstjórna en yfirstjórnin hjá Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Þá er það skoðun nefndarinnar að mjög þurfi að auka þá þjónustu sem vinnumiðlun lætur í té, bæði gagnvart atvinnuleitendum og atvinnurekendum og gera vinnumiðluninni kleift að sinna þeim fjölþættu verkefnum sem í raun eru á hana lagðar.

Nefndin telur mikið á skorta að vinnumiðlunin hafi sinnt þessu þjónustuhlutverki þegar á heildina er litið. Góðu heilli hefur atvinnuástand víðast hvar verið með þeim hætti síðustu árin að ekki hefur reynt alvarlega á vinnumiðlunina. Hitt er ljóst að í þjóðfélagi, sem sífellt tekur yfir fjölþættari atvinnustarfsemi, verður þörfin fyrir virka vinnumiðlun meiri með hverju ári, burt séð frá því hvort um atvinnuleysi er að ræða eða ekki. Eðlileg hreyfing vinnuafls milli atvinnugreina þarf að geta átt sér stað og þarf að koma til kasta vinnumiðlunar um upplýsingagjöf, bæði til atvinnurekenda og þeirra sem óska eftir að breyta um vinnu. Atvinnuleit fyrir fatlaða og aðra hópa með sérþarfir þarf einnig að stórauka, m. a. með samvinnu við samtök og stofnanir er fara með málefni þeirra.

Veigamikill þáttur í starfi vinnumiðlunar á að vera fólginn í að veita stjórnvöldum og öðrum, sem á slíku þurfa að halda, tímanlega vísbendingu um hreyfingar á vinnumarkaði hvort sem þær eru í þenslu eða samdráttar átt. Er í þessu skyni nauðsynlegt að vinnumiðlun fái sem gleggstar upplýsingar um ástandið á vinnumarkaði, þar á meðal um laus störf. Til að æskilegt upplýsingastreymi um atvinnuástand og atvinnuleysi verði sem fljótvirkast leggur nefndin til að komið verði á véltæku gagnavinnslukerfi undir yfirumsjón Vinnumálaskrifstofunnar.

Nefndin telur að meginverkefni vinnumiðlunar eigi að vera hin sömu og gildandi lög gera ráð fyrir en brýna nauðsyn beri til að efla vinnumiðlunina sem slíka og gera henni kleift að sinna mikilvægum verkefnum sínum.

Í því skyni að efla vinnumiðlun leggur nefndin til:

— að skylda til að annast vinnumiðlun verði takmörkuð við sveitarfélög með a. m. k. 500 íbúa
— að landinu verði skipt í atvinnusvæði eftir atvinnuháttum og staðháttum
— að sveitarfélögum á hverju svæði verði gert að hafa samstarf um allt er lýtur að vinnumiðlun
— að stefnt verði að því að koma á véltæku gagnavinnslukerfi sem m. a. auðveldi fámennari sveitarfélögum að annast vinnumiðlun án óhóflegs kostnaðar og skrifræðis.

Nefndin telur rétt að aðilar vinnumarkaðarins fái beina aðild að yfirstjórn vinnumiðlunarinnar með þeim hætti að Vinnumálaskrifstofunni verði sett sérstök ráðgjafarnefnd. Hafi ráðgjafarnefndin það hlutverk að gera tillögur um stefnumörkun í þeim málum sem undir Vinnumálaskrifstofuna falla. Þá telur nefndin eðlilegt að heildarsamtök sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður fái aðild að ráðgjafarnefndinni. Enn fremur er það álit nefndarinnar að aðilar vinnumarkaðarins eigi að fá beina aðild að stjórnarnefndum þeim sem gert er ráð fyrir hjá hverri sveitarstjórn sem skylt er að annast vinnumiðlun, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Með þessu telur nefndin að unnt eigi að verða að koma á virku samstarfi ríkis, sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál á breiðum grundvelli.

Þann 6. mars 1982 var undirritaður samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað en hann felur í sér m. a. að norrænir ríkisborgarar njóti sama réttar og heimamenn varðandi þjónustu af hálfu vinnumiðlunar.

Nefndinni virðist þetta ekki gefa tilefni til sérstakrar umfjöllunar umfram það sem um getur í 11. gr. frumvarpsins þar sem Norræna vinnumarkaðsnefndin (NAUT) hefur gefið út sérstakar leiðbeiningar um norræna vinnumiðlun sem gilda einnig að því er Ísland snertir.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er því lagt fyrir Alþingi á ný.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum segir að vinnumiðlun skuli starfrækt í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa en ráðherra geti ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar ef ástæða þyki til. Þessa heimild hefur ráðherra notað og hvílir því sú skylda á öllum sveitarfélögum án tillits til íbúafjölda að starfrækja vinnumiðlun. Að fenginni reynslu þykir ástæða til að miða skyldu til vinnumiðlunar við stærð sveitarfélaga, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og er því 1. mgr. 1. gr. opnari en í gildandi lögum.

Þá eru í 2. mgr. skilgreind þau meginmarkmið vinnumiðlunar að stuðla að nægu framboði vinnu og vinnuafls og að vinnumiðlun skuli vera endurgjaldslaus þjónusta við þá sem leita eftir vinnu eða vinnuafli.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 53. og 54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð nr. 9/1980 og þykir rétt að taka þessi ákvæði í heildarlög um vinnumiðlun.

Um 3. gr.

Í 53. gr. laga nr. 13/1979 segir að Vinnumálaskrifstofan skuli leysa þau mál sem undir hana falla í samráði við samtök verkafólks og vinnuveitenda. Rétt þykir að fella þetta samstarf í fastari skorður með sérstakri samráðsnefnd, tilnefndri af helstu samtökum vinnumarkaðarins, og bæta jafnframt við fulltrúum frá sveitarfélögum og Atvinnuleysistryggingasjóði en þessir aðilar eiga verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við vinnumiðlun.

Um 4. gr.

Auk þess, sem ráðgjafarnefnd er ætlað að fjalla um þau mál sem undir Vinnumálaskrifstofuna falla samkvæmt gildandi lögum og reglugerð, er það nýmæli tekið upp að nefndin geti haft frumkvæði að gerð áætlana um aðgerðir í atvinnumálum sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á breytingum eða samdrætti.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og áður var vikið að varðandi 1. gr. þykir rétt að takmarka skyldu sveitarfélaga til þess að starfrækja vinnumiðlun við þau sveitarfélög sem hafa a. m. k. 500 íbúa en fámennari sveitarfélög hafi þó atvinnuleysisskráningu með höndum. Meginástæðurnar fyrir þessu sjónarmiði koma fram í athugasemdum með frumvarpinu, þ. e. að nauðsynlegt sé að tryggja svo sem kostur er að um raunverulega vinnumiðlun geti verið að ræða og að óraunhæft sé að leggja slíkar kvaðir á fámennustu sveitarfélögin.

Í 2. mgr. er kveðið á um að í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skuli starfrækja sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur en kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geti falið sérstökum deildum sínum, s. s. félagsmáladeildum eða ákveðnum starfsmanni sveitarfélagsins, að hafa vinnumiðlun með höndum ásamt öðrum störfum. Þá er gert ráð fyrir að fámennustu sveitarfélögin geti falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu svo sem nú á sér stað samkvæmt gildandi lögum.

Um 7. gr.

Í greininni er það nýmæli að landinu skuli skipt í tiltekin atvinnusvæði með tilliti til legu og atvinnuhátta og að sveitarfélög innan hvers svæðis hafi samstarf um vinnumiðlun eftir því sem tök eru á. Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að gera vinnumiðlun sem virkasta á hverju svæði, auka hreyfanleik vinnuafls milli nærliggjandi sveitarfélaga og nýta sem best atvinnuframboð.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir samráði þess er annast vinnumiðlun f. h. sveitarstjórnar og fulltrúa verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Hér er á sama hátt og getið var um varðandi 3. gr. gert ráð fyrir að koma samráðinu í fastara horf með því að sveitarstjórn kjósi vinnumiðlun sérstaka stjórn sem aðilar vinnumarkaðarins tilnefna fulltrúa í. Auk þess, sem nefndin hafi með höndum umsjón vinnumiðlunar, er henni ætlað að vera samráðsvettvangur sveitarstjórna og fulltrúa vinnumarkaðarins í sveitarfélaginu. Í þeim tilvikum, þegar ekki eru til staðbundin félög launafólks eða atvinnurekenda, er gert ráð fyrir að heildarsamtökin tilnefni fulltrúa í stjórnarnefndir.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um þjónustueðli vinnumiðlunar sem atvinnuleitendum og atvinnurekendum sé frjálst að hagnýta sér endurgjaldslaust enda sé vinnumiðlun skylt að gæta fyllsta trúnaðar í skiptum sínum við aðila.

Um 11. gr.

Greinin skilgreinir þá þjónustu sem vinnumiðlun innir af hendi við atvinnuleitendur, atvinnurekendur og hópa sem þarfnast sérstakrar þjónustu. Gera verður ráð fyrir að öll sveitarfélög, sem skylt er að annast vinnumiðlun skv. 6. gr. frumvarpsins, veiti þjónustu eftir stafliðum a og b en að sveitarfélög hafi svæðisbundið samstarf um þjónustu samkvæmt staflið c, sbr. 7. gr. frv.

Um 12. gr.

Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum nema hér er bætt við félagsmönnum BSRB og BHM sem öðlast hafa rétt til atvinnuleysisbóta.

Um 13. gr.

Sú vinnumiðlun, sem starfrækt er samkvæmt gildandi lögum, byggir á útfyllingu mikils fjölda handunninna eyðublaða sem eigi að síður gefa takmarkaðar upplýsingar, auk þess sem kerfið er mjög þungt í vöfum og seinunnið.

Þar sem atvinnuleysi hefur verið hvað mest undanfarið hefur skráning atvinnulausra verið nokkurt vandamál. Talið er að með véltæku gagnavinnslukerfi vinnist allt í senn, færri starfsmenn þurfi við skráningu, upplýsingagildi skráningarinnar aukist og skilyrði skapist til virkari vinnumiðlunar. Í greininni er ráðherra heimilað að ákveða að taka upp véltækt gagnavinnslukerfi, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

Um 14. gr.

Mjög hefur þótt skorta að upplýsingar um laus störf í ýmsum greinum atvinnulífsins væru fyrir hendi. Með því gagnavinnslukerfi, sem um getur í 13. gr., opnast möguleikar til þess að vinnumiðlun geti tekið við slíkum upplýsingum án þess að skrifræði aukist hjá henni eða atvinnurekendum. Til þess að fullt gagn verði að slíkri upplýsingaöflun þykir nauðsynlegt að hafa heimild til þess að skylda alla, sem hafa fastan atvinnurekstur með höndum, til þess að tilkynna laus störf. Rétt þykir þó að undanskilja þá sem hafa færri en 4 starfsmenn, sbr. lög nr. 13/1979.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er almenn vinnumiðlun í ágóðaskyni óheimil. Rétt þykir að takmarka bannið við einkaaðila en ráðherra verði heimilað að leyfa stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda, svo og námsmannasamtökum, að annast vinnumiðlun fyrir skjólstæðinga sína enda sé það gert án endurgjalds og að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Tekið skal fram að bann við vinnumiðlun einkaaðila tekur ekki til þeirrar starfsemi sem færst hefur í vöxt að undanförnu að fyrirtæki, er annast ráðgjafarstörf, hafi með höndum ráðningarþjónustu til sérhæfðra starfa enda sé slík starfsemi rekin atvinnuleitendum að kostnaðarlausu.

Um 18. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun og útgáfu eyðublaða er með sama hætti í gildandi lögum. Rétt þykir að ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður beri sameiginlegan kostnað við gagnavinnslukerfi þegar því hefur verið komið á.

Um 19., 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 50. Frumvarp til laga [50. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

3. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur, sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

4. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna launþega í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. þó 9. gr.:

a. kröfu um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi,
b. kröfu um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið,
c. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
d. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
e. kostnaðar sem launþegi eða sá, er krefst bóta samkvæmt d-lið, hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar enda sýni hann fram á að innheimtutilraunir hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,
f. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt stafliðum a til d, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt stafliðum e og f þótt þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

5. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a-, b- og c-liðum 4. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.
b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu, mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í stafliðum a til c, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg.

III. KAFLI

6. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið.

7. gr.

Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggt sem við verður komið:

a. nafn, nafnnúmer og heimilisfang þess sem kröfu gerir,
b. nafn, nafnnúmer og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,
c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru,
d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim, er kröfuna gerir á sannanlegan hátt, vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

8. gr.

Er félagsmálaráðherra hefur borist greiðslukrafa samkvæmt lögum þessum skal hann leita umsagnar skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um eftirtalin atriði:

a. hvort eða að hve miklu leyti viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
b. hvenær búið hafi verið tekið til skipta og hver birtingardagur innköllunar hafi verið er ræður lokum kröfulýsingarfrests,
c. hvort kunnugt sé að þau atvik, er í 5. gr. getur, varði kröfuna.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá

um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrði a-liðs 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

9. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

10. gr.

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst.

11. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í búi vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

12. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflega þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði fer fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

14. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði ef ljós hefðu verið ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði skal hann tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IV. KAFLI

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, með breytingum gerðum með lögum nr. 8 15. mars 1979, svo og þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Beita skal þó ákvæðum eldri laga um hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar og um fresti til kröfugerðar á hendur ríkissjóði varðandi þær kröfur sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara nema reglur laga þessara séu þeim, er kröfu gerir, til hagsbóta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 31 28. mars 1974 voru sett ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu krafna launþega um vangoldin laun á hendur vinnuveitanda sem orðið hefur gjaldþrota. Lögum þessum var að nokkru breytt með lögum nr. 8 15. mars 1979.

Á þeim tíma, sem lög þessi hafa verið í gildi, hafa komið fram ýmis álitaefni sem valdið hafa erfiðleikum í framkvæmd. Eru þau einkum eftirfarandi:

1. Ekki eru fyrir hendi skýr fyrirmæli um það hverjir kröfuhafar í þrotabúi eigi rétt til greiðslu úr ríkissjóði samkvæmt lögunum.
2. Vafi hefur þótt leika á því hvort launatengdar greiðslur njóti ríkisábyrgðar, t. d. iðgjöld til lífeyrissjóða.
3. Í lögunum eru ekki nákvæm fyrirmæli um meðferð greiðslukröfu hjá stjórnvöldum.
4. Ákvæði laganna um úrlausn dómstóla um greiðsluskyldu ríkissjóðs hafa reynst óheppileg.

Skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög um málefni þann 10. desember 1981 en í henni áttu sæti Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnlaugur Claessen deildarstjóri og Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík.

Í meðfylgjandi frumvarpi eru ráðgerðar breytingar til úrbóta á þessum atriðum og sem stuðla eiga að hraðari afgreiðslu á greiðslukröfum á hendur ríkissjóði. Í ákvæðum frumvarpsins eru hins vegar svo til engar breytingar á rétti launþega til ríkisábyrgðar. Verður vikið nánar að þessum atriðum eftir þörfum í eftirfarandi athugasemdum.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er því lagt fyrir Alþingi á ný.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins nær ríkisábyrgð til vinnulaunakrafna á hendur gjaldþrota vinnuveitanda eða á hendur dánarbúi látins vinnuveitanda ef erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldum hans. Felst í þessu rýmkun frá gildandi lögum sem eingöngu mæla fyrir um ríkisábyrgð ef bú vinnuveitanda er tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1974. Er vegna þessarar rýmkunar lagt til að heiti laganna verði breytt í það horf sem frumvarpið ráðgerir. Sú breyting, að ábyrgð ríkissjóðs taki til launakröfu á hendur skuldafrágöngubúi vinnuveitanda, á sér fyrirmynd í danskri löggjöf. Í 4. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er að vísu heimild til þess að taka dánarbú til gjaldþrotaskipta að kröfu lánardrottins ef farið er með dánarbúið sem skuldafrágöngubú og verður að telja að launþegi, sem á kröfu á hendur látnum vinnuveitanda, geti neytt þess úrræðis til þess að ríkisábyrgð fáist á kröfu hans. Hins vegar verður að líta til þess að ýmsar orsakir geta verið fyrir því að farið sé með dánarbú sem skuldafrágöngubú, aðrar en að eignir þess hrökkvi ekki fyrir skuldum. Þótt dánarbú kunni að hrökkva fyrir skuldum þá getur talsverður tími liðið frá andláti þar til greiðsla fæst á kröfum. Þykir þannig eðlilegra að ríkisábyrgðin verði rýmkuð í það horf, sem frumvarpið ráðgerir, til þess að koma í veg fyrir að launþegi verði knúinn til að neyta heimilda 4. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 eingöngu til að öðlast ríkisábyrgð.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, tekur ríkisábyrgðin „til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.“ Nokkur vafi hefur leikið á því hvort hugtakið „vinnulaun“ í þessu ákvæði nái til launatengdra greiðslna. Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins. Samkvæmt 2. málslið ákvæðisins teljast í fyrsta lagi greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir af launum við útborgun, ekki til vinnulauna í skilningi ákvæðisins. Slíkar greiðslur eru t. d. lífeyrissjóðsiðgjaldahluti launþega eða opinber gjöld launþega. Tilhögun frumvarpsins á þessum atriðum er í samræmi við túlkun á núgildandi lagaákvæðum. Í annan stað teljast þær greiðslur ekki til vinnulauna sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að standa skil á til þriðja manns samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Sem dæmi um slíkt má nefna lífeyrissjóðsiðgjaldahluta vinnuveitanda og iðgjöld til sjúkra- og orlofsheimilasjóða. Sérákvæði gildir þó um orlofsfjárkröfur samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er skilgreint hugtakið „launþegi“ en skilgreining þess tekur af skarið um það hverjir átt geti aðild að kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu. Eru tvenn skilyrði

fyrir því að kröfuhafi geti talist launþegi í skilningi frumvarpsins, annars vegar að hann hafi þegið tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt samningi sínum við vinnuveitanda og hins vegar að hann hafi gegnt starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Í gildandi lögum er hugtak þetta ekki skilgreint og hefur því komið til örðugleika að draga mörk um ríkisábyrgðina. Mest áberandi hefur þetta verið við úrlausn þess hvort verktakar eða aðrir, sem að meira eða minna leyti hafa unnið sem sjálfstæðir aðilar í þágu hins gjaldþrota, skuli njóta greiðsluréttar úr ríkissjóði.

Með því að setja að skilyrði, að launþeginn hafi þegið tíma-, viku- eða mánaðarlaun fyrir störf sín, þykja dregin nokkur skil hér á milli. Þess skal þó getið að það er ekki tilgangur þessa ákvæðis að útiloka þá, er fá launagreiðslur í samræmi við afköst, frá ríkisábyrgð enda er fyrir hendi í slíku vinnusambandi ákvörðun um kauptryggingu til handa starfsmanni í formi tíma-, viku- eða mánaðarlauna. Þetta skilgreiningaratriði á hugtakinu launþegi er þó eitt út af fyrir sig ekki nægilegt til þess að draga nægilega skýr mörk milli þeirra sem ætlun frumvarpsins er að njóti ríkisábyrgðar og þeirra sem falla þar utan. Því er það sett að frekara skilyrði að starfsmaður hafi gegnt starfi í þágu vinnuveitandans sem til þess er fallið að veita rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Í orðalagi þessu felst ekki það skilyrði að viðkomandi starfsmaður hafi unnið hjá viðkomandi vinnuveitanda þann tíma að hann hafi þegar öðlast rétt til launa í uppsagnarfresti. Skilgreining þessi á hugtakinu launþegi er í samræmi við þau sjónarmið sem beitt hefur verið við túlkun núgildandi laga.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru skilgreindar þær kröfur launþega á hendur vinnuveitanda sem falla innan ríkisábyrgðar. Meginreglan í þeim efnum kemur fram í 1. mgr. að kröfur launþegans hafi verið viðurkenndar forgangskröfur í bú vinnuveitandans samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979. Frá þessari meginreglu er þó brugðið að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. vísað um undantekningu til 9. gr. frumvarpsins og er ástæða þess sú að þegar skiptameðferð á búi vinnuveitanda er lokið án þess að innköllun sé gefin út í búið kemur ekki til þess að leyst sé úr því hvort krafa sé viðurkennd eða ekki og eru því sérstakar reglur um þau tilvik í 9. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er vikið frá umræddri meginreglu í niðurlagi 4. gr. þar sem tekið er fram að launþegi fái greiddan kostnað samkvæmt staflið e og vexti samkvæmt staflið f í 4. gr. þótt þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitandans. Þessi regla, sem er í samræmi við núgildandi lög, á rætur að rekja til þess að samkvæmt 86. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1974, teljast kostnaður og vextir, sem fallið hafa á forgangskröfu eftir upphafsdag skiptameðferðar, ekki hluti forgangskröfunnar heldur falla þær kröfur aftarlega í skuldaröð. Í þriðja lagi er vikið frá umræddri meginreglu að því leyti að ráðgert er í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins að greiða megi kröfu úr ríkissjóði þótt hún hafi ekki á því stigi enn verið viðurkennd forgangskrafa og verður nánar um þetta fjallað í athugasemdum við umrætt ákvæði. Til þess að taka af öll tvímæli skal það áréttað, að ríkisábyrgðin nær samkvæmt frumvarpinu aðeins til þeirra forgangskrafna sem taldar eru í 4. gr. frumvarpsins, en ekki til allra forgangskrafna í bú vinnuveitandans og er það í samræmi við núgildandi lög.

Samkvæmt a-lið 4. gr. getur launþegi í mesta lagi krafist greiðslu úr ríkissjóði á ógreiddum launum vegna sex síðustu starfsmánaða sinna hjá vinnuveitanda og verður sex mánaða tímabil þetta að falla innan þeirra tímamarka sem forgangsréttur helst á vinnulaunakröfu en samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, með áorðnum breytingum, nær forgangsréttur til

launa sem falla í gjalddaga síðustu átján mánuði fyrir upphaf skipta. Heimild þessi um hámarksgreiðslu er talsvert rýmri en mælt er fyrir um í 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Vinnulaun samkvæmt a-liðnum eru skilgreind áður í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt b-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð til orlofsfjárkrafna sem tilkomnar eru vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda. Starfsmánuðir þessir þurfa að falla innan þeirra tímamarka að forgangsréttur fylgi kröfunni samkvæmt lögum nr. 3/1878. Tekið skal fram að með frumvarpinu er ráðgert að einungis launþegi sjálfur geti gert kröfur samkvæmt því. Hafi launþegi fengið greidda orlofsfjárkröfu á hendur vinnuveitanda hjá Póstgíróstofunni, án þess að vinnuveitandi hafi staðið skil á fénu til hennar, með stoð í reglugerðum nr. 150/1972 og nr. 202/1979 á Póstgíróstofan ekki tilkall til greiðslu úr ríkissjóði. Ákvæði þetta nær því aðeins til þeirra tilvika er önnur tilhögun orlofsgreiðslna hefur verið ákveðin með kjarasamningi eða á viðlíka hátt og launþegi fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt c-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð einnig til bótakrafna vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings og er hér engin breyting ráðgerð frá 2. gr. núgildandi laga.

Í d-lið 4. gr. er rýmkuð nokkuð ríkisábyrgð að því leyti að þeir, sem tilkall eiga til bóta vegna dauðsfalls launþega af völdum vinnuslyss, geta fengið greiðslu úr ríkissjóði en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga er réttur þessi einskorðaður við maka og börn launþega. Að öðru leyti er ekki um breytingu að ræða frá núgildandi lögum.

Ákvæði e-liðs 4. gr. samsvarar að mestu 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga, þó að því undanteknu að sett er að skilyrði fyrir ríkisábyrgð á innheimtukostnaði að innheimtutilraunir hafi verið byrjaðar á kröfunni áður en starfsemi vinnuveitandans hætti að mestu eða öllu. Umrædd tímamörk ættu tíðast að verða staðreynd greinilega við skiptameðferð á búi vinnuveitandans. Ríkisábyrgð er nokkuð rýmkuð í þessum staflið með því að krefjendur dánarbóta eiga rétt til greiðslu innheimtukostnaðar að sama marki og launþegar en bein fyrirmæli eru ekki um þetta í gildandi lögum.

Ákvæði um vaxtagreiðslu af kröfu eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum en fyrirmæli eru um þau efni í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot. Í f-lið 4. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um vaxtagreiðslur af kröfum sem nokkru eru rýmri en áðurnefnt reglugerðarákvæði með því að ekki er sett hámark á lengd þess tímabils sem vextir verða greiddir fyrir.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins eru tilgreindir aðilar sem nákomnir eru vinnuveitanda hvort sem um einstakling eða félag er að ræða og rétt þykir að útiloka frá ríkisábyrgð. Það leiðir þó af ákvæðum 1. mgr. 5. gr. að þessir aðilar geti krafist bóta samkvæmt d-lið 4. gr., ásamt kostnaði og vöxtum af slíkum kröfum samkvæmt e- og f-liðum 4. gr. Í a-lið 5. gr. eru fyrirmæli um útilokun stjórnarmanna gjaldþrota félags frá ríkisábyrgð sem samhljóða eru lokaákvæði 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Í reglugerð hefur með stoð í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974 verið sett sú regla að launþegar, sem meira eiga en 2% hlutafjár í gjaldþrota félagi, njóti ekki ríkisábyrgðar. Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er ráðgert að hækka mörk þessi upp í 5%. Er þá litið til þess að nokkuð hafi færst í vöxt að starfsmenn fyrirtækja eigi hlut í þeim. Útilokun hluthafa frá ríkisábyrgð byggist á þeirri röksemd að þeir hafi átt kost á að hafa áhrif á rekstur félags og að ósamrýmanlegt sé meginröksemdum fyrir ríkisábyrgðinni að aðilar þannig settir njóti hennar. Sá hundraðshluti eignaraðildar, sem lagður er hér til, þykir ekki það verulegur að viðkomandi launþegi geti haft teljandi áhrif á rekstur félags. Í c-lið

greinarinnar felst nokkur rýmkun frá 2. ml. 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga og er markmið hennar að stjórnendur fyrirtækis útilokist frá ríkisábyrgð án tillits til starfsheitis þeirra. Í d-lið greinarinnar eru sett fyrirmæli til að útiloka nákomna venslamenn stjórnenda félags eða einstaklinga með atvinnurekstur frá ríkisábyrgð til að fyrirbyggja mögulega misnotkun ríkisábyrgðar.

Um 6. gr.

Reglur 6.—8. gr. frumvarpsins taka mið af skiptameðferð á búi þar sem innköllun hefur verið gefin út til skuldheimtumanna eins og tíðast er þegar um aðila með atvinnurekstur er að ræða. Tímatakmörk til kröfugerðar í 6. gr. eru nokkru styttri en í 5. gr. gildandi laga sem þótt hafa óþarflega löng. Upphaf þess frests ræðst samkvæmt 6. gr. af þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði sem ræður lokum kröfulýsingarfrests í viðkomandi búi. Er þetta atriði breytilegt eftir því hvort um þrotabú eða dánarbú er að ræða.

Um 7. gr.

Fyrirmæli þessa ákvæðis samsvara að mestu framkvæmd núgildandi laga. Eru þó nýmæli í 3. mgr. sem miða að því að flýta afgreiðslu krafna um greiðslu úr ríkissjóði.

Um 8. gr.

Í fyrri málsgrein 8. gr. frumvarpsins eru talin þau atriði sem leita verður upplýsinga um hjá skiptaráðanda í búi vinnuveitandans. Er hér ekki ráðgert að skiptaráðandi taki nokkra afstöðu til þess hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu.

Í framkvæmd hefur verið algengt að launþegar hafi tiltæk öll nauðsynleg gögn varðandi kröfur sínar þegar við upphaf skiptameðferðar á búi vinnuveitanda. Undir þeim kringumstæðum kemur upp sú staða að ekki er unnt að greiða kröfuna úr ríkissjóði fyrr en að loknum skiptafundi í búi vinnuveitandans þar sem fjallað er um viðurkenningu lýstra krafna og haldinn er að loknum kröfulýsingarfresti. Kostar slíkt bið um nokkurra mánaða skeið. Til þess að fyrirbyggja þetta er lagt til í 2. mgr. 8. gr. að kröfu megi greiða úr ríkissjóði þegar við upphaf skiptameðferðar þótt skiptafundur til umfjöllunar um lýstar kröfur í búið hafi ekki verið haldinn. Er ráðgert að farið verði þá leið að skiptaráðandi greini ráðuneyti frá því hverja afstöðu hann hyggst taka til viðurkenningar umræddrar kröfu í skrá þeirri um lýstar kröfur sem honum ber að gera samkvæmt 108. gr. laga nr. 6/1978 eða 37. gr. laga nr. 3/1878. Getur greiðsla kröfunnar síðan fram farið ef skiptaráðandi lýsir því yfir að hann muni fyrirsjáanlega lýsa sig samþykkan viðurkenningu kröfunnar, að öðrum skilyrðum fullnægðum. Rétt er þó að beita þessari heimild varfærnislega þannig að ekki verði gripið til þessa úrræðis fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir við búsmeðferð um þau atriði er máli kunna að skipta. Er sleginn sá varnagli við í niðurlagi ákvæðisins að greiðsla verði ekki endurkrafin sem fengin hefur verið á grundvelli yfirlýsingar skiptaráðanda af þessu tagi ef síðar kemur til þess að kröfuhafar í búi vinnuveitandans andmæli kröfunni. Í framkvæmd hefur þessari meðferð verið beitt með góðum árangri þótt til þess skorti beina stoð í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um meðferð greiðslukrafna á ríkissjóð í þeim tilvikum þegar skiptameðferð á búi vinnuveitandans hefur verið lokið án útgáfu innköllunar í búið vegna eignaleysis búsins, sbr. 120. gr. laga nr. 6/1978 og 10. gr. laga nr. 3/1878. Þessi tilvik falla utan almennra reglna 6.—8. gr. frumvarpsins um meðferð greiðslukrafna þar sem

launakröfur koma ekki til meðferðar við skiptameðferðina og engin afstaða því tekin þar til réttmætis þeirra.

Í 1. mgr. er ráðgert að frestur til kröfugerðar á hendur ríkissjóði verði sá sami og endranær en upphaf hans miðist við birtingu auglýsingar um skiptalok í búi vinnuveitandans.

Samkvæmt 2. mgr. á kröfuhafinn að láta kröfu sinni fylgja þau sömu gögn og almennt fylgja kröfulýsingu í búi vinnuveitanda við skiptameðferð. Ber jafnframt að geta sömu atriða í greiðslukröfu og jafnan við kröfugerð til ráðuneytis.

Þau atriði, sem skiptaráðandi gæti almennt veitt upplýsingar um samkvæmt 3. mgr., snerta 5. gr. frumvarpsins, svo og atriði varðandi tímatakmörk. Í einstökum tilvikum kynnu einnig að koma fram upplýsingar við skiptin sem máli kynnu að skipta. Að öðru leyti er hér ráðgert að stjórnvöld verði að leysa úr öllum vafa varðandi kröfu sem að öðrum kosti fengist leyst úr við skiptameðferð, t. d. um forgangsrétt kröfu.

Um 10. gr.

10. gr. frumvarpsins er að mestu í samræmi við 9. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein er settur frestur til ákvörðunartöku um hvort greiða eigi kröfu úr ríkissjóði og er þar um sama frest að ræða og mælt er fyrir um í 7. gr. núgildandi laga. Þykir rétt að sérstök fyrirmæli séu sett um þau tilvik þegar ágreiningur hefur komið upp við skiptameðferð á búi vinnuveitandans um kröfu launþega í búið, eins og gert er í síðari málslið málsgreinarinnar.

Reglur síðari málsgreinar byggjast á því sjónarmiði að ákvörðunartaka um, hvort krafa skuli greidd úr ríkissjóði, sé alfarið í höndum ráðherra. Er þar afnumin sú meðferð sem núgildandi lög mæla fyrir um í 2. mgr. 7. gr. að félagsmálaráðuneytið geti krafist úrskurðar skiptaréttar um hvort ríkisábyrgð fylgi kröfu enda gengur slík málsmeðferð mjög í berhögg við meginreglur um skipan dómsvalds. Er í frumvarpinu ráðgert að ef skilyrðum ríkisábyrgðar er ekki fullnægt að mati ráðherra beri að rökstyðja synjun um greiðslu. Er sérstök heimild í frumvarpinu um veitingu gjafsóknarleyfis til kröfuhafa ef hann vill ekki una við úrlausn ráðherra og kýs að höfða almennt einkamál á hendur ríkissjóði til innheimtu kröfu sinnar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins þykir ekki þarfnast skýringa. Í síðari málsgrein eru þau nýmæli að skýrt er kveðið á um fyrirsvar fyrir kröfu, sem ríkissjóður hefur leyst til sín við skiptameðferð á búi vinnuveitandans.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. um refsingu eru ítarlegri en ákvæði 10. gr. núgildandi laga varðandi það efni en þykja ekki þarfnast skýringa.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 51. Frumvarp til laga

um endurmat á störfum láglaunahópa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristófer Már Kristinsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Markmið þessara laga er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa 5 manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, í þessum lögum nefnd láglaunanefnd.

Skal nefndin kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins, svo sem frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka og annarra aðila því sem þörf er á.

Nefndin skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og hafa aðgang að gögnum opinberra stofnana sem nauðsynlegar eru að hennar mati.

3. gr.

Verkefni láglaunanefndar, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

a. upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör eru innan starfsgreina og milli þeirra,
b. skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa,
c. gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnun, uppeldismál, láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra.

   Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athuga hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum o. þ. h.

   Leggja skal til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð jafnt á mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu (m. a. vegna atvinnusjúkdóma), menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör,
d. meta á sama hátt hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag (sbr. c-lið). — Sérstakt tillit skal taka til ýmissa eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðinum.

   Við þennan samanburð skal taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skal hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður,
e. gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar.

4. gr.

Láglaunanefnd skal hraða verkefnum sínum skv. 3. gr. eins og kostur er og skila skýrslu með niðurstöðum nefndarinnar til félagsmálaráðherra innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skal flytja Alþingi skýrslu um niðurstöðu láglaunanefndar, sbr. 4. gr.

Að lokinni umfjöllun Alþingis um niðurstöður nefndarinnar skal Alþingi taka ákvörðun um hvort nefndin haldi áfram störfum eða verkefni á sviði kjararannsókna verði aukin á annan hátt.

6. gr.

Kostnaður við störf láglaunanefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 106. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið er nú endurflutt að mestu óbreytt en því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að lögfest verði tímabundið skipan láglaunanefndar sem hafi það verkefni að framkvæma hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Einnig mundi slík rannsókn leiða í ljós hvernig launamisrétti kynjanna er háttað í einstökum starfsgreinum.

Með þessu frumvarpi er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Gert er ráð fyrir að að tenginni niðurstöðu nefndarinnar og reynslu af hennar störfum taki Alþingi ákvörðun um hvort rétt sé að lögfesta áfram í einum eða öðrum búningi skipulegar vinnu- eða kjararannsóknir á vegum framkvæmdavaldsins. Eðlilegt verður að telja að slíkar rannsóknir séu stöðugt í gangi til þess að hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað hverju sinni. Í því sambandi má benda á að eitt af verksviðum félagsmálaráðuneytisins, sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir, samkv. reglugerð um stjórnarráð nr. 96/1969.

Segja má að þar sem frumvarp þetta fjallar að meginefni til um skipan nefndar sem hafi tímabundin, ákveðin verkefni væri eðlilegra að flytja um það þingsályktunartillögu. En á Alþingi hefur þegar verið flutt tillaga til þingsályktunar um að framkvæmdavaldið skuli láta fara fram kjararannsóknir og úttekt á launakjörum í þjóðfélaginu. Að hluta til var efni þeirrar þingsályktunartillögu hliðstætt því sem er í þessu frumvarpi. Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi 28. apríl 1980. En þrátt fyrir þá viljayfirlýsingu löggjafarvaldsins, sem í henni fólst, hefur ekkert verið aðhafst til að koma henni í framkvæmd. Í fyrirspurn til fyrrverandi félagsmálaráðherra hefur verið ítrekuð á Alþingi nauðsyn þess að hrinda henni í framkvæmd, en allt hefur komið fyrir ekki. Að auki má benda á að á 104. löggjafarþingi flutti Guðrún Helgadóttir þingsályktunartillögu um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbanka, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

Það er því ljóst að lögbinda verður þær kjararannsóknir og endurmat sem hér er lagt til að verði framkvæmt. Hér er valin sú leið að nú verði tekin fyrir sérstaklega kjör láglaunahópanna og sérfróðum aðilum falin rannsókn og endurmat á störfum og kjörum þessara hópa.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega skal athuga hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðilsþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun.

Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ. e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta, eða hærra launaðra stétta í þjóðfélaginu, séu í eðlilegu samræmi við kjör láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Einnig er lagt til að fá fram samanburð á launum og öðrum kjörum ríkisstarfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði.

Þó að það sé ekki á verkefnaskrá nefndarinnar í frumvarpinu væri æskilegt, sé þess nokkur kostur, að fá fram hver þróunin hefur verið í tekjuskiptingunni almennt og milli kynja á undanförnum árum, t. a. m. 10 ára tímabili.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst að það mat og sú rannsókn, sem frumvarpið felur í sér á störfum láglaunahópanna, er langt frá því að vera auðvelt í framkvæmd. Það er engu síður skoðun flutningsmanna að hér sé um svo brýnt og knýjandi viðfangsefni að ræða að stjórnvöldum beri skylda til að sjá svo um að þessi tilraun sé gerð og að hlutlausir aðilar með þekkingu á vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati verði fengnir til starfans.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis um slíka rannsókn. Flm. eru þeirrar skoðunar að slík rannsókn verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hafa til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins er viss hætta á að hver færi að toga í sinn spotta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn, — ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á annað má einnig benda. Áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Ein ástæða þess, að slík skilgreining hefur ekki fengist, er að ekki hefur verið kannað ítarlega í öllum starfsgreinum hvaða yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir utan við hina eiginlegu kauptaxta eru ákvarðandi hluti dagvinnutekna eða heildarlaunatekna í einstökum starfsgreinum.

Í frumvarpinu er nefndinni ekki sett nein viðmiðun í starfi sínu um hvernig eða með hvaða hætti hún skuli skilgreina láglaunahópana, enda eðlilegra að viðmiðunarmörk séu í höndum sérfróðra aðila.

Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati. Ekki er kveðið á um sérstakar tilnefningar í þessa nefnd, en til þess er ætlast að hún sé skipuð, eins og kostur er, aðilum sem ekki hafa sérstakra hagsmuna að gæta fyrir einn hóp fremur en annan sem úttekt þessi og rannsókn nær til. Með því fæst hlutlægara mat á því verkefni, sem vinna á, auk þess sem gera má ráð fyrir að verkið vinnist hraðar.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda ætlast til þess að þeir séu kallaðir til ráðuneytis um málið án þess þó að eiga beina aðild að nefndinni. Auk þess má benda á að niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila vinnumarkaðarins, heldur fremur leiðbeinandi og til þess gerð að auðvelda þeim alla ákvarðanatöku.

Nauðsynlegt er einnig að samráð sé haft við Jafnréttisráð um þetta verkefni, auk þess sem aðilar eins og kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, sem vinna að ýmsum tölfræðilegum upplýsingum, tengjast slíkri rannsókn, svo og félagsvísindadeild Háskólans.

Nauðsynlegt er að við skipan nefndarinnar verði gætt eðilegs jafnræðis milli kynja eins og kostur er, ekki síst með tilliti til þess að flestöll hefðbundin kvennastörf eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu.

Um 3. gr.

Eitt af verkefnum nefndarinnar samkvæmt þessari grein er að fá fram upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu og launakjör þar sem yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir koma fram. En vitneskja um áhrif þeirra þátta á dagvinnutekjur og heildarlaunatekjur er nauðsynleg til að hægt sé að skilgreina láglaunahópana á markvissan hátt og meta hlut þeirra í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Oft er deilt um skilgreiningu á því hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa, bæði við gerð kjarasamninga og eins í aðgerðum stjórnvalda til að bæta kjör þeirra sérstaklega. Þessu til staðfestingar má m. a. benda á umfjöllun um láglaunabætur á s. l. vetri. Því er nauðsynlegt að láglaunanefndin geri tilraun til að skilgreina hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi þá hópa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að fram fari umræður á Alþingi um niðurstöður láglaunanefndar og að Alþingi taki síðan ákvörðun um hvort, og þá á hvern hátt, auka beri rannsóknir af hálfu framkvæmdavaldsins á sviði vinnu- og kjararannsókna.

Ef Alþingi ákveður að nefndin skuli ekki halda áfram störfum er gert ráð fyrir að Alþingi nemi þessi lög úr gildi. Er sá háttur hafður á þar sem eðlilegt er að Alþingi taki mið af störfum nefndarinnar þegar það ákveður hvort og í hvaða farveg skuli skipa vinnu- og kjararannsóknum á vegum framkvæmdavaldsins.

Auk þess er erfitt að tímasetja nákvæmlega í gildistökugrein hvenær lög þessi falla úr gildi, bæði með tilliti til starfa nefndarinnar og þess svigrúms sem Alþingi þarf til þess að fjalla um málið.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um lækkun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Helgi Seljan, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að lækka og jafna upphitunarkostnað húsnæðis í landinu.

Þær ráðstafanir feli m. a. í sér eftirfarandi:

1. Við *lækkun húshitunarkostnaðar* verði höfð sú viðmiðun að ekki þurfi meira en 6 vikna laun á ári samkvæmt dagvinnutekjutryggingu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar til hitunar meðalíbúðar (400 m^3) frá ársbyrjun 1985 að telja.
2. Samhliða þessu verði gert *stórátak til orkusparnaðar* með endurbótum á einangrun og öðrum frágangi íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í landinu. Útvegað verði fjármagn í þessu skyni svo að unnt sé að veita styrki og hagstæð lán til úrbóta. Við úthlutun lána og styrkja verði m. a. tekið mið af raunnotkun orku hjá viðkomandi notanda.

Valdir verði úr nokkrir þéttbýlisstaðir á landinu í samráði við sveitarstjórnir og þar gert sérstakt átak hið fyrsta til að leiða í ljós hvaða árangri megi ná í orkusparnaði í heilum byggðarlögum.

3. Áhersla verði lögð á að ljúka á árinu 1985 *skiptum frá olíu yfir á innlenda orkugjafa* í húshitun hvarvetna þar sem slíkt er hagkvæmt og tæknilega kleift.

Endurmetnar verði kröfur um frágang nýbygginga til að draga úr orkunotkun.

Við fjáröflun til lækkunar á húshitunarkostnaði verði höfð hliðsjón af áliti nefndar á vegum iðnaðarráðuneytisins frá 28. janúar 1983 sem í áttu sæti fulltrúar þingflokka.

Greinargerð.

Enginn einn þáttur veldur jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Á sama tíma og tæp 60% landsmanna, 140 þús. manns, búa við ódýrar hitaveitur þurfa 30% þjóðarinnar, 72 þús. manns, að greiða margfaldan kostnað fyrir hitun frá dýrum rafveitum og hitaveitum. Auk þess eru 5%, tæp 11 þús. manns, sem enn búa við olíuhitun, en flestir þeirra eiga nú þegar völ á að tengjast ódýrum en yfirleitt dýrum veitum. (Fylgiskjal I.)

Þriðjungur landsmanna býr við háan hitunarkostnað.

Í grófum dráttum lítur dæmið þannig út að um þriðjungur landsmanna býr við mjög háan hitunarkostnað þrátt fyrir niðurgreiðslur á raforku og olíu til húshitunar. Miðað við gjaldskrá og vel einangrað húsnæði þarf þessi hluti þjóðarinnar að greiða tvöfalt til þrefalt meira fyrir hitun híbýla sinna en þau 60% sem njóta ódýrra hitaveitna. Fyrrnefndi hópurinn þarf að verja í húshitun að meðaltali sem svarar 8—12 vikna launum lágtekjufólks, miðað við tekjutryggingu í dagvinnu (sjá töflu I), en síðartaldi hópurinn ver í þessu skyni sem svarar fjögra vikna launum.

Í mörgum tilvikum er munurinn þó langtum meiri og kostnaðurinn við húshitun hrikalegri.

Dæmi frá Vestfjörðum.

Athuganir á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga á hitunarkostnaði á tveim þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum benda til að haustið 1983 hafi þurft um 17 vikur í dagvinnu til að vinna fyrir árskostnaði við húshitun, miðað við algengasta fiskvinnslutaxta á Vestfjörðum. (Fylgiskjal II.)

Á árinu 1981 var gerð úttekt á olíunotkun í 18 íbúðum á Hólmavík (meðalstærð 323 m^3). Sýndi hún eftirfarandi kostnað við olíuhitun fyrir þessar 18 íbúðir, miðað við núverandi orkuverð, þ. e. í október 1984, og að teknu tilliti til niðurgreiðslu á olíu og rafhitun. Þessi kostnaður er jafnframt umreiknaður miðað við að sömu hús hefðu átt kost á rafhitun eða hitaveitu. (Fylgiskjal III.)

Hólmavík	Árskostn. 18 íbúðir	Meðalkostn. íbúð
	þús. kr.	þús/íbúð
Olíuhitun nettó (rauntölur)	587	um 33
Rafhitun nettó (umreiknað)	540	um 30
Hitaveita Reykjavíkur (umreiknað)	218	um 12

Viðkomandi hús voru byggð á tímabilinu 1915—1964 og olíunotkun þeirra reyndist vera að meðaltali 16,7 lítrar á rúmmetra á ári. Samkvæmt þessu kostar *hátt í þrisvar sinnum meira* að hita þessi hús með niðurgreiddri olíu en ef viðkomandi hefðu átt kost á viðskiptum við ódýra hitaveitu eins og Hitaveitu Reykjavíkur.

Mismunandi orkunotkun.

Olíunotkun til húshitunar er eflaust nokkuð mismunandi eftir landshlutum vegna ólíkra veðurfarsþátta. Hún er að jafnaði meiri á norðanverðu landinu en sunnanlands. Munurinn í orkunotkun á rúmmetra húsnæðis fer þó fyrst og fremst eftir gerð húsa, hegðun og fjölda íbúa.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins birti á árinu 1983 niðurstöður athugana á ástandi og orkunýtingu 322 íbúðarhúsa í fjórum þéttbýliskjörnum (fylgiskjal IV), og kemur þar margt fróðlegt í ljós. Könnun var m. a. gerð á olíunotkun í 133 húsum í þessum bæjum, Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn. Reyndist notkunin frá um 3 lítrum af olíu á rúmmetra á ári og upp í um 50 lítra (sbr. mynd 1), og algengasta notkunin á bilinu 8—30 lítrar á rúmmetra miðað við fasteignamatsverð. Samsvarandi athugun á raforkunotkun til hitunar í 73 húsum í sömu bæjum leiddi einnig í ljós mjög mismunandi eyðslu (mynd 2) og reyndist algengasta raforkunotkunin á bilinu 30—140 kWst. á rúmmetra á ári.

Áhrif þessarar afar breytilegu orkunotkunar á útgjöld viðkomandi heimila er síst minni en milli veitusvæða innbyrðis vegna ólíkrar gjaldskrár. Miðað við algenga raforkunotkun í þessum bæjum er munurinn milli húsa frá því að vera þrefaldur og upp í að vera fjórfaldur. Könnun á ástandi viðkomandi húsa leiddi einnig í ljós að um 15% af þakfleti væru óeinangruð og um 10% af gluggafleti væru með einföldu gleri. Með endurbótum á húsum og skipulegum orkusparnaði er unnt að lækka orkunotkunina verulega, einkum í þeim húsum þar sem eyðslan er mest. (Sjá einnig fylgiskjal V.)


Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að tvennt veldur mestu um ójöfnuð í húshitunarkostnaði: Mismunur í gjaldskrám veitufyrirtækja og ófullnægjandi frágangur húsnæðis. Aðgerðir til að lækka og jafna orkureikning heimila í landinu vegna húshitunar eiga því að beinast að hvoru tveggja: *Lækkun á hæstu gjaldskránum og skipulegum orkusparnaði, m. a. með endurbótum á húsnæði.* Þingsályktunartillagan tekur á báðum þessum þáttum eins og nánar verður vikið að síðar.

Tafla I

Skipting landsmanna á húshitunarsvæði (nóv. 1983) og árlegur meðaltalskostnaður við upphitun 400 rúmmetra íbúðar.


Hitunarform	Fjöldi íbúa	%	Hitunarkostnaður á ári skv. gjaldskrá (1. júní 1984)	Hitunarkostnaður á ári skv. gjaldskrá með niðurgreiðslu (1. júní 1984)	Hitunarkostnaður á ári samkvæmt þingsályktunartillögu 1985
Ódýrar hitaveitur	142.000	59,7	undir 12.500kr/ári	engin niðurgreiðsla	
Meðaldýrar hitaveitur	15.000	6,3	ca 20-30 þús.kr./ári	engin niðurgreiðsla	17.800
Dýrar hitaveitur	30.000	12,6	yfir 30 þús.kr./ári	engin niðurgreiðsla (stofnstyrkir)	17.800
Óniðurgreidd rafhitun	5,500	2,3	ca. 31.000 kr/ári	engin niðurgreiðsla	17.800
Niðurgreidd rafhitun og R/O - veitur	34.500	14,5	ca. 37-45.000 kr/ári	ca. 27-28.000 kr/ári	17.800
Olíuhitun	11.000	4,6	ca. 48.000 kr/ári	ca. 33.000 kr/ári	19.600

VOD-VV-997. JI
83.10. 1398. Sy.J.



Mynd 1

VOD-VV-997. JI
83.10. 1397. Sy.J.



Mynd 2

Aðgerðir á liðnum árum.

Olíuverð hefur hækkað mikið í tveimur stökkum á síðustu 10 árum, þ. e. 1973—74 og 1978—79. Íslensk stjórnvöld brugðust m. a. við þeirri þróun með því að hraða framkvæmdum í orkumálum til að innlendir orkugjafar, jarðvarmi og raforka, gætu tekið við af innfluttri olíu í húshitun. Árið 1973 voru 45% af hituðu húsrými kynnt með olíu, árið 1982 var þetta hlutfall komið niður í um 7% (sjá mynd 3) og hefur síðan enn lækkað. Gjaldeyrissparnaður af minnkandi olíuinnflutningi nemur háum fjárhæðum á þessu tímabili, t. d. um 50 milljónum bandaríkjadala brúttó á árinu 1982, miðað við stöðuna eins og hún var árið 1973.

Olíustyrkir.

Til að létta undir með þeim, sem áfram hafa þurft að nota olíu til húshitunar, var gripið til niðurgreiðslu á olíu árið 1974 í formi olíustyrkja. Verðgildi þeirra fór jafnt og þétt minnkandi á árunum 1974—1978 eða úr hlutfallinu 100 í febrúar 1974 niður í 38 að tiltölu á miðju ári 1978. Eftir stjórnarskiptin 1978 voru styrkirnir þrefaldaðir að raungildi og hafa síðan verið sem hér segir miðað við verðlag og vísitöluna 100 í febrúar 1974:

1979 = 111,7
1980 = 124,7
1981 = 128,2
1982 = 111,7
1983 = 112,0 (1. árs fj.).


Niðurgreiðsla í formi olíustyrkja nam vorið 1983 um 22% af áætluðum kyndingarkostnaði.

Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980, voru sett vorið 1980 (fylgiskjal VI). Með þeim var m. a. breytt reglum um olíustyrki og kveðið á um ýmsar aðgerðir til að lækka heildarkostnað við húshitun í landinu, m. a. með *orkusparnaði.*


Heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun til almenningsveitna hækkaði um nær 600% á árunum 1980—1982 eða meira en tvöfalt umfram hækkun byggingarvísitölu á sama tíma, og sýndi þó Landsvirkjun nokkurn rekstrarhalla á árinu 1982. Ástæðan fyrir þessari bágu stöðu og miklu hækkunarþörf hjá Landsvirkjun voru aðallega mjög óhagstæðir orkusölusamningar við stóriðjufyrirtæki, einkum álverið í Straumsvík, og hækkandi fjármagnskostnaður. Á árinu 1982 nam meðalframleiðslukostnaður Landsvirkjunar 18,79 millidölum á kílóvattstund en álverið greiddi aðeins 6,47 mill, eða þriðjung af framleiðslukostnaði. Orkusölusamningurinn við Alusuisse hefur orðið æ meiri byrði fyrir Landsvirkjun á sama tíma og fjármagnskostnaður af lánum vegna nýrra virkjana og framkvæmdakostnaður hefur hækkað mikið. Ríkisstjórnin krafðist á árinu 1980 endurskoðunar á orkusölusamningnum við Ísal og *iðnaðarráðuneytið taldi eðlilegt að orkuverð til álversins yrði þrefaldað* þannig að það næði framleiðslukostnaði og yrði framvegis verðtryggt að fullu. *Með slíkri leiðréttingu væri unnt að lækka gjaldskrár vegna húshitunar um allt að 60%.* Í febrúar 1983 lögðu þingmenn Alþýðubandalagsins í neðri deild fram frumvarp til laga um leiðréttingu á raforkuverðinu til Ísal (fylgiskjal VII) en það náði ekki fram að ganga.

Með bráðabirgðasamkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. september 1983 féllst Alusuisse á að greiða tímabundið álag á samningsbundið raforkuverð um eins árs skeið og nemur það 3 millidölum á kílóvattstund. Samkvæmt rafmagnssamningi sem lögð voru drög að haustið 1984 mun raforkuverðið hækka að lágmarki í 12,5 millidali og að hámarki í 18,5 millidali háð verðþróun á áli.


VOD-08-389-JV
83.10-1401-Gyða




VOD-08-389-JV
83.10-1403-Gyða



VOD-08-389-JV
83.10-1404-Gyða



VOD-08-389-JV
83.10.-1414-Gyða



Jöfnun heildsöluverðs.

Samkvæmt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, sem samþykkt voru í mars 1983, skal fyrirtækið selja raforku eftir sömu gjaldskrá á öllum afhendingarstöðum byggðalína, en þeir eru nú einn eða fleiri í hverjum landsfjórðungi. Þetta ákvæði hefur hingað til einkum komið Orkubúi Vestfjarða til góða, en almennt séð er það stefnumarkandi og mikilsvert fyrir landsbyggðina.

Niðurgreiðsla á raforku.

Vegna mikilla hækkana á húshitunarkostnaði með innlendum orkugjöfum gaf ríkisstjórnin út svofellda yfirlýsingu 5. maí 1982 um *jöfnun húshitunarkostnaðar:*

„Ríkisstjórnin telur óhjákvæmilegt að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu. Hefur ríkisstjórnin ákveðið, með hliðsjón af áliti nefndar sem nýverið hefur lokið störfum og skipuð var fulltrúum frá öllum þingflokkum, að beita sér fyrir úrbótum í þessu efni. Er að því stefnt að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúnaðarhúsnæðis verði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum, sbr. Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Verður á næstunni gerð áætlun um hvernig ná megi slíku markmiði í áföngum, m. a. með endurskoðun á gjaldskrá veitufyrirtækja á næstu 12 mánuðum.

Verulegur ójöfnuður og hár upphitunarkostnaður stafa sumpart af bágu ástandi íbúðarhúsnæðis. Því er brýnt að hvetja til orkusparandi endurbóta á húsnæði og mun ríkisstjórnin beita sér fyrir aðgerðum á því sviði, m. a. með meiri og hagstæðari lánveitingum í þessu skyni á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Nánar var kveðið á um þetta í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna efnahagsaðgerða 21. ágúst 1982. Þann 1. október 1982 var stigið fyrsta skrefið í niðurgreiðslu á raforku og lækkun á húshitunartaxta hjá fimm rafveitum og náði síðar til fleiri veitna. Síðan var þessi niðurgreiðsla aukin 1. nóvember 1982, 1. febrúar og 10. maí 1983 og nam þá um 27% af húshitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Var hitunarkostnaður með niðurgreiddri raforku þá orðinn ámóta eða lægri en hjá nýjum hitaveitum og svaraði til um 60% af hitunarkostnaði með óniðurgreiddri olíu.

Fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað.

Að höfðu samráði við alla þingflokka skipaði iðnaðarráðherra nefnd í lok september 1982 til að fjalla um framtíðarfjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. Í nefndinni voru: Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Gunnar R. Pétursson rafvirki, Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður og Kjartan Ólafsson ritstjóri, formaður.

Nefndin skilaði sameiginlegu áliti 28. janúar 1983 (fylgiskjal VIII) og segir þar m. a.:

„Nefndin telur að veruleg hækkun raforkuverðs til stóriðju sé æskilegasta leiðin í því skyni að tryggja fjármagn til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Meðan ekki hefur náðst árangur í þeim efnum verður *til bráðabirgða* að grípa til annarra úrræða."

Í því sambandi benti nefndin á lög nr. 12. frá 1980, um orkujöfnunargjald, orkuskatt sem lagður yrði á alla notorku (undanskilin yrði þó orka til fiskiskipa og raforka sem nú er verðjöfnunargjaldsskyld) eða hækkun söluskatts. Þá segir í nefndarálitinu: „Gert er ráð fyrir að öll skattheimta í þessu skyni og sérstakar greiðslur ríkissjóðs falli niður þegar framtíðarfjáröflun hefur verið tryggð með hækkun orkuverðs til stóriðju."

Nefndarálit þetta var strax lagt fyrir ríkisstjórn og vildi Alþýðubandalagið tryggja tekjuöflun með leiðréttingu á raforkuverðinu til Ísal. Þingflokkur Framsóknarflokksins gerði hins vegar svofellda samþykkt 15. febrúar 1983 sem viðskiptaráðherra kynnti í ríkisstjórn:

„Þar sem ekki hefur enn tekist að ná fram hækkun á orkuverði til stóriðju sem nýta mætti til niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar samþykkir þingflokkur Framsóknarflokksins að ríkissjóður greiði niður til bráðabirgða verð á rafmagni til húshitunar af orkujöfnunargjaldi samkvæmt lögum nr. 12/1980, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 1982.“

Reyndi þannig ekki frekar á tillögur nefndarinnar í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens. Þær eru hins vegar í fullu gildi hvað snertir tekjuöflunarleiðir að mati flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu.

Fjárhagsvandi hitaveitna var til sérstakrar athugunar á vegum vinnuhóps undir forustu Páls Flygenrings ráðuneytisstjóra, en iðnaðarráðherra fól starfshópnum í október 1982 að kanna fjárhags- og rekstrarstöðu nokkurra hitaveitna. Skilaði hann áliti um „fjárhagsvanda hitaveitna“ 24. febrúar 1983. Að tillögu vinnuhópsins voru gerðar breytingar á orkulögum sem draga úr kostnaði og minnka áhættu við borun eftir heitu vatni, sbr. lög nr. 32/1983. Jafnframt gerði hópurinn tillögur um breytingu á reglugerð um framlag til varmaveitna samkvæmt lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Voru þær breytingar staðfestar af ráðherra og stofnstyrkur jafnframt greiddur til nokkurra veitna.

Orkusparnaðarnefnd iðnaðarráðuneytisins var skipuð í ágúst 1979 og endurskipuð í ágúst 1981. Meðal verkefna, sem nefndin hefur beitt sér fyrir í samvinnu við ráðuneytið, eru:

— Endurskoðun laga um olíustyrk.
— Ýmiss konar kynningarstarfsemi um orkusparnað í hitun húsa, m. a. útgáfa og dreifing bæklinga, auglýsingar í fjölmiðlum, greinar í blöð og erindi í útvarpi.
— Námskeið í stillingu olíukynditækja.
— Námskeið í stillingu ofnkerfa.
— Námsstefna um „hagkvæmari orkunotkun við rekstur húsnæðis“.
— Ráðgjöf um orkusparnað við upphitun húsnæðis — fundir á þéttbýlisstöðum þar sem hús eru kynt upp með olíu eða rafmagni.
— Styrkur til Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi til ráðgjafarstarfsemi við einstaka húseigendur um orkusparnað við húshitun.
— Tilraunir með varmadælur og vindmyllur við húshitun.
— Lækkun aðflutningsgjalda af orkusparandi efnum og tækjum.
— Lánveitingar til orkusparandi breytinga, lánaflokkur hjá Húsnæðisstofnun.

(Sjá enn fremur skipunarbréf nefndarinnar á fylgiskjali IX.)

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins 2. maí 1984 var orkusparnaðarnefndin lögð niður og Orkustofnun jafnframt falið að annast þau verkefni sem nefndinni var ætlað að sinna, önnur en þau er snerta húshitun.

Lán til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði voru tekin upp á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árinu 1981 að telja í samræmi við heimildir í lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar. Á árinu 1981 voru veitt lán vegna 189 íbúða að upphæð 5,9 milljónir króna, á árinu 1982 vegna 104 íbúða að upphæð 5,4 milljónir króna og á árinu 1983 70 lán að upphæð 6,3 milljónir króna. Fyrstu 9 mánuði ársins 1984 höfðu borist 213 umsóknir um þessi lán og 97 þeirra hlotið jákvæða afgreiðslu. (Sjá fylgiskjal X.) Lán þessi eru verðtryggð og til skamms tíma og því ekki hvetjandi sem skyldi, og auk þess er aðeins lánað fyrir 50% af áætluðum kostnaði. Er því gert ráð fyrir hagstæðari lánum auk styrkveitinga í þingsályktunartillögunni.

Hækkun orkukostnaðar.

Sumarið 1983 heimilaði ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar stórfelldar verðhækkanir á rafmagni frá Landsvirkjun, fyrst um 19% þann 3. júní og síðan um 31% frá 1. ágúst 1983, eða samtals um 56%. Afleidd hækkun á heimilisrafmagni varð 38,5% og á rafhitunartaxta

17,4% — þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur. Frá 1. ágúst 1983 til 1. febrúar 1984 var staðan þannig að tími verkamanns til að vinna fyrir húshitun fyrir árið nam 331 klukkustund og fyrir heimilisrafmagni 198 stundum eða samtals 529 vinnustundum. Það er aukning um 62 vinnustundir umfram það sem var í maí 1983. Þrátt fyrir nokkrar kaupbreytingar síðan er dæmið varðandi orkukostnað meðalheimilis enn óhagstætt og orkukostnaður þyngri miðað við kaupmátt launa en var fyrir einu og hálfu ári.

Af 150 milljón króna fjárveitingaheimild, sem ríkisstjórnin aflaði sér með bráðabirgðalögum 27. maí 1983 „til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári", var aðeins varið í þessu skyni 70 milljónum króna.

Störf „Orkuverðsnefndar".

Í júní 1983 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um húshitunarkostnað. Átti hún að gera tillögur að lagasetningu eða endurskoðun á gildandi lögum, áætlun um kostnað að lagasetningu eða endurskoðun á gildandi lögum, áætlun um kostnað við aðgerðir, svo og um fjáröflun. Einnig átti nefndin að gera tillögur um hvernig ráðstafa skyldi fjármagni sem ríkisstjórnin hafði ákveðið að verja til jöfnunar húshitunarkostnaðar á árinu 1983. Í nefndinni áttu sæti: Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþingismaður, formaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Egill Jónsson alþingismaður og Sigurjón Fjeldsted skólastjóri. Nefndin skilaði áliti til iðnaðarráðherra 1. desember 1983 í formi „frumvarps til laga um jöfnun hitunarkostnaðar". — Það var hins vegar ekki fyrr en 26. apríl 1984 að stjórnarfrumvarp með sama nafni var lagt fram í efri deild. Var í athugasemdum við frumvarpið m. a. greint svo frá: „Byggir frumvarp þetta í ýmsum veigamiklum atriðum á starfi nefndarinnar, en önnur atriði hafa tekið breytingum í meðförum ráðuneytisins... Ódýrar hitaveitur hafa hækkað tiltölulega mest að undanförnu og niðurgreiðslur raforku hafa þegar verið auknar að því marki sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir." Sjálft frumvarpið er birt sem fylgiskjal II með þessari þingsályktunartillögu.

Um frumvarpið var fjallað á sameiginlegum fundi iðnaðarnefnda beggja deilda og síðan í iðnaðarnefnd efri deildar sem hafði málið til meðferðar. Á síðasta fundi nefndarinnar 22. maí 1984 var bókuð svofelld niðurstaða nefndarmanna:

„330 mál. Frv. til laga um jöfnun hitunarkostnaðar. Málið rætt. Niðurstaða nefndarinnar varð eftirfarandi:

Þar sem í ljós hefur komið að mörg atriði frumvarpsins þurfa ítarlegri meðferð nefndarinnar en komið verður við á þeim dögum sem nú eru eftir til þinglausna verður að horfast í augu við þá staðreynd að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar telur nefndin mál þetta svo mikilvægt að frumvarp um málið verði að leggja fram í byrjun næsta þings. Leggur nefndin áherslu á að hv. iðnaðarráðherra sjái um að í sumar verði unnið í málinu svo að þessi málsmeðferð nái fram að ganga. Jafnframt leyfir nefndin sér að nefna eftirtalin atriði sem einstaka nefndarmenn hafa bent á til athugunar við framhaldsmeðferð málsins:

1. Ganga tryggilega frá að allt orkujöfnunargjald fari til jöfnunar hitunarkostnaðar.
2. Kveða skýrt á um að viðmiðunarreglan um 1,8-falt vegið meðalverð sé hámark þess mismunar sem má vera á hitunarkostnaði, en markmiðið sé að minnka þennan mismun.
3. Aðstoð við hitaveitur með sérvanda sé betur tryggð.
4. Framkvæmdaáætlun verði gerð um orkusparandi aðgerðir á íbúðarhúsnæði og fjármagn til hennar tryggt.
5. Sveitarstjórnir eigi aðild að gerð og stjórn framkvæmdaáætlana.

Enn fremur kom fram í nefndinni ábending um þau formsatriði að sérlög yrðu um orkusparandi aðgerðir og lög um jöfnun húshitunarkostnaðar yrðu bundin við ákveðinn tíma.

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Orkusparnaður.

Haustið 1983 lét iðnaðarráðherra hefja undirbúning verkefnis sem miðaði að orkusparnaði við upphitun húsnæðis og þann 16. febrúar 1984 skipaði hann þrjá menn í verkefnisstjórn: Karl Ómar Jónsson verkfræðing, Guðna A. Jóhannesson verkfræðing og Jóhann Einvarðsson aðstoðarmann félagsmálaráðherra. Þann 27. mars 1984 var auk þess sett á fót sérstök sjö manna ráðgjafarnefnd til tveggja ára vegna vinnu að orkusparnaði í húshitun. (Fylgiskjal 12.) Hafa þessir aðilar unnið undirbúningsstarf í samvinnu við ýmsar stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki.

Þann 26. júní 1984 samþykkti stjórn Húsnæðisstofnunar tillögu að reglum um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði. (Fylgiskjal 13.) Auk fyrri lánaflokks með 50% lán af áætluðum endurbótakostnaði er bætt við lánum sem numið geta allt að 80% af áætluðum endurbótakostnaði enda sé heildarkostnaður yfir 120 þús. kr., viðkomandi hús hafi verið skoðað á vegum verkefnisstjórnar og fyrir liggi samþykki byggingarnefndar.

Þetta kerfi hefur reynst nokkuð seinvirkt því að þann 3. okt. s. l. höfðu aðeins verið samþykkt tvö lán úr þessum 80%-lánaflokki hjá Húsnæðisstofnun.

Miklu skiptir að sníða agnúa af slíku kerfi sem fyrst og tryggja fjármagn til orkusparnaðaraðgerða bæði í íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Um einstaka liði þingsályktunartillögunnar.

1. Varðandi lækkun húshitunarkostnaðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sett verði hámark eða þak á húshitunarkostnað meðalíbúðar (400 m^3). Gjaldskrár verði við það miðaðar að ekki þurfi meira en svarar til 6 vikna launa á ári samkvæmt tekjutryggingartaxta fyrir dagvinnu til að greiða áætlaðan húshitunarkostnað slíkrar íbúðar. Við ákvörðun á þessu hámarki var höfð hliðsjón af hitunarkostnaði meðalíbúðar (377 m^3) í nýja vísitölugrundvellinum svonefnda, en þar er um eins konar vegið landsmeðaltal að ræða. Árskostnaður samkvæmt þessum grunni væri á núverandi verðlagi 17 067 krónur. Laun samkvæmt dagvinnutekjutryggingu hjá Dagsbrún eru nú 2 980 kr. á viku eða 17 880 kr. á 6 vikum.

Verkfræðistofan Fjarhitun, sem mikið hefur unnið að athugunum á húshitunarkostnaði fyrir opinbera aðila, hefur áætlað heildarkostnað af niðurgreiðslum samkvæmt þessu sem hér greinir (sjá einnig fylgiskjal 17):

Íbúðir	606 m. kr.
Atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði	214 m. kr.
Samtals	820 m. kr.

Innifalinn í þessum tölum er kostnaður vegna niðurgreiðslu á rafhitun, dýrum hitaveitum og olíuhitun. Varðandi olíuhitun er gert ráð fyrir meðalorkuverði sem er rúmlega 10% hærra en hitun með innlendum orkugjöfum.

Samkvæmt þessu þyrfti 606 milljónir króna til lækkunar á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á árinu 1985 og að auki 214 milljónir vegna atvinnuhúsnæðis og félagslegs húsnæðis. Hið síðar nefnda er lauslega áætlað um þriðjungur af þessari tölu.

Miðað við núverandi niðurgreiddan rafhitunarkostnað samkvæmt gjaldskrá hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, sem er áætlaður um 27 260 kr. á ári, *væri hér um að ræða 35% lækkun hitunarkostnaðar og hjá Hitaveitu Akureyrar, þar sem árskostnaður samkvæmt gjaldskrá er nú áætlaður 34 800 kr. á ári, yrði um að ræða nálægt 50% lækkun.*

2. Stórátak til orkusparnaðar.

Niðurgreiðsla á innlendri orku er óhjákvæmilegt úrræði við núverandi aðstæður til að létta á þeim sem þyngstar byrðar bera. Hins vegar verður jafnhliða að tryggja stórátak í orkusparnaði, ekki síst með endurbótum á einangrun og öðrum frágangi húsnæðis, bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. *Það er hin þjóðhagslega æskilega leið* og með henni á að vera unnt að bæta aðstæður þeirra *til frambúðar* sem nú greiða hæstu orkureikningana, enda njóti þeir forgangs við úthlutun styrkja og hagstæðra lána til úrbóta á húsnæði.

Í þessum efnum má leita að fyrirmynd annars staðar á Norðurlöndum, ekki síst í Danmörku þar sem stórvirki hefur verið unnið í orkusparnaði frá árinu 1975 að telja, m. a. með einangrun og öðrum endurbótum á húsnæði.

Viðleitni stjórnvalda hérlendis á undanförnum árum er góðra gjalda verð, en enn skortir á þá vakningu sem verða þarf í þessu efni. Jafnframt má fjárskortur ekki koma í veg fyrir stuðning við húseigendur þar sem hér er um þjóðhagslega arðbærar aðgerðir að ræða.

Lofsverður áhugi hefur komið fram á þessum málum á nokkrum svæðum á landinu. Má þar nefna starf á vegum húshitunarnefndar Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi sem þegar hefur skilað nokkrum árangri.

Til að leiða í ljós með skjótum hætti hvaða árangri er unnt að ná í orkusparnaði er lagt til *að sérstakt átak verði gert á völdum stöðum á landinu* í endurbótum á húsnæði og með fræðslu um orkusparnað. Niðurstöður af slíkum aðgerðum þurfa að vera mælanlegar og því er eðlilegt að leita samvinnu við þá fjóra þéttbýliskjarna, Bolungarvík, Raufarhöfn, Neskaupstað og Hvolsvöll, þar sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Orkustofnun hafa staðið að víðtækum athugunum á húsnæði, eins og áður er getið, sbr. fylgiskjal 5.

Miklu skiptir að gefa iðnaðarmönnum kost á þjálfun í endurbótum á eldra húsnæði og nauðsyn gæti verið á að hafa einhvern hóp manna í förum til byggðarlaga þar sem heimamenn geta ekki sinnt þessum verkefnum.

Líkur benda til að eins og verkefnastaða er í byggingariðnaði gæti átak í viðhaldi húsnæðis fallið vel að vinnumarkaði og komið í veg fyrir atvinnuleysi iðnaðarmanna og annarra er í byggingariðnaði starfa.

3. Útrýming olíukyndingar.

Skipti frá olíukyndingu í húshitun yfir í innlenda orkugjafa hefur gengið hægar fyrir sig að undanförnu en æskilegt getur talist.

Í 6. grein laga nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, segir:

„Þeir sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olíustyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneyti sker úr um vafaatriði."

Illa hefur tekist til um framkvæmd þessa lagaákvæðis og veldur þar ekki síst sú tilhögun að viðskiptaráðuneyti er með lögunum falin útdeiling olíustyrkja til sveitarfélaga og tengsl við orkuveitur og styrkþega eru ófullnægjandi.

Í ítarlegri könnun, sem iðnaðarráðuneytið beitti sér fyrir veturinn 1982—83 með aðstoð Rafmagnsveitna ríkisins og á veitusvæði þeirra, kom í ljós að tæknilega væri auðvelt að útrýma olíukyndingu í íbúðarhúsnæði að mestu leyti fyrir árslok 1984 og fækka að sama skapi olíustyrkjum. Af 1711 styrkþegum í ársbyrjun 1983 hefðu allir nema 196 möguleika á að tengjast innlendum orkugjöfum fyrir árslok 1984. (Sjá fylgiskjal 14.)

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni um olíustyrki, sem útbýtt var í sameinuðu þingi 6. desember 1983, kom m. a. fram að fjöldi olíustyrkja á 3. ársfjórðungi 1983 væri 12 079 og um 90% umræddra notenda gætu átt kost á rafhitun fyrir árslok 1984. (Fylgiskjal 15.)

Hér er um svo stórt fjárhagsmál að tefla og gjaldeyrissparnað fyrir þjóðarbúið að ekki

er annað verjandi en koma innlendum orkugjöfum í gagnið í stað olíu hvarvetna þar sem slíkt er hægt þegar á næsta ári og fella niður olíustyrki ella til hlutaðeigandi. Í boði er nú 50 þús. kr. lán til þeirra sem skipta vilja úr olíuhitun í innlenda orkugjafa, en meta þarf hvort ekki sé skynsamlegt að veita beina styrki í þessu skyni.

Í þingsályktunartillögunni er vísað til nefndarálits um „Fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað" frá 28. janúar 1983 (fylgiskjal 8) og hefur hér á undan verið gerð grein fyrir meginatriðum þess. Ljóst er að þær tölur, sem nefndin gekk út frá að afla þyrfti í þessu skyni, eru úreltar, en þær *fjáröflunarleiðir*, sem nefndin bendir á, eru í fullu gildi að mati flutningsmanna. Mikilsvert er að um þær var samstaða í nefndinni þar sem sæti áttu fulltrúar frá þingflokkum, sem studdu þáverandi ríkisstjórn, og frá stjórnarandstöðu.

Ástæða er til að gefa því sérstakan gaum að með átaki í orkusparnaði, eins og hér er lagt til, lækkar fljótlega sú upphæð sem verja þarf til niðurgreiðslna. Er eðlilegt að verja því fjármagni, er þannig verður til ráðstöfunar, í orkusparnað, þ. e. styrki og fjármagnskostnað vegna lána er veitt yrðu á hagstæðum kjörum til að ýta undir orkusparandi endurbætur á húsnæði.

Eðlilegt verður að teljast að stefnt sé að breytingum á verðlagningu á innlendri orku til húshitunar sem geri kleift að ná viðunandi jöfnuði án þess að niðurgreiðslur þurfi að koma til. Slíkar breytingar taka hins vegar óhjákvæmilega nokkurn tíma. Sama máli gegnir um tilhögun á niðurgreiðslum. Þar getur vissulega komið til álita annar háttur en nú er við hafður.

Meginmáli skiptir hins vegar að húshitunarkostnaður verði lækkaður skjótlega frá því sem nú er hjá þeim sem þyngstar byrðar bera og samhliða verði hraðað varanlegum aðgerðum til úrbóta með orkusparnaði.

Skrá yfir fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: Yfirlitstafla: Orkusala til húshitunar. (Október 1984.)
Fylgiskjal 2: Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði. (Fjórðungssamband Vestfirðinga.)
Fylgiskjal 3: Athugun á upphitunarkostnaði með olíu á Hólmavík. (Fjórðungssamband Vestfirðinga.)
Fylgiskjal 4: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Orkunýtingarkönnun íbúðarhúsa.
Fylgiskjal 5: Jón Ingimarsson: Húshitunarvandinn — leið til lausnar.
Fylgiskjal 6: Lög nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.
Fylgiskjal 7: Frumvarp til laga um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins hf.
Fylgiskjal 8: Fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. (Nefndarálit.)
Fylgiskjal 9: Skipunarbréf orkusparnaðarnefndar iðnaðarráðuneytisins.
Fylgiskjal 10: Reglur um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsum.
Fylgiskjal 11: Frumvarp til laga um jöfnun hitunarkostnaðar. Stjórnarfrumvarp, lagt fram 26. apríl 1984.
Fylgiskjal 12: Skipunarbréf ráðgjafarnefndar um orkusparnað, 27. mars 1984.
Fylgiskjal 13: Tillaga að reglum um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði eftir 1. júlí 1984, samþykkt 26. júní 1984.
Fylgiskjal 14: Yfirlit yfir möguleika á tengingu þeirra, sem fá olíustyrk, við rafhitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins, 25. maí 1983.
Fylgiskjal 15: Fyrirspurn til viðskiptaráðherra um olíustyrki og svar ráðherra 6. des. 1983.
Fylgiskjal 16: Samanburður hitunarkostnaður. (Iðnaðarráðuneytið, júní 1984.)
Fylgiskjal 17: Fjarhitun hf. — verkfræðistofa: Útreikningur vegna tillögu um lækkun hitunarkostnaðar.

YFIRLITSTAFLA: ORKUSALA TIL HÚSHITUNAR Október 1984

1	2	3	4	5	6	7	
Ódýrar hitaveitur	Meðaldýrar hitaveitur	Dýrar hitaveitur	Bæjarrafveitur (án niðurgr.)	Bæjarrafveitur (íbúðir ngr.)	RARIK R/O-hitav. (íb.niðurgr.)	Olíu-hitun (2)	Alls
Íbúafjöldi: 142.000	14.000	30.000	5.500	1.500	36.000	11.000	Um 240.000 íb.
Orkusala GWh/ár: 2.400	180	480	90	20	420(1)	210	3.800 GWh/ár
Þar af íbúðir GWh/ár (1.650)	(120)	(330)	(65)	(15)	(340)	(130)	(2.650) GWh/ár
Þar af atv. " (750)	(60)	(150)	(25)	(5)	(80)	(80)	(1.150) GWh/ár
H.Reykjavíkur	H.Suðurnesja	H.Bessastaðahr.	R.Reykjav. R.Hafnarfj.	R.Siglufjarðar R.Reyðarfjarðar	Rarik		
H.Seltjarnarness		HAB	R.Akraness	R.Vestmannaeyja	Orkubú Vestfj.		
H.Mosfellshr.		H.Suðureyrar	R.Borgarness		H.Hafnarfj.(R/O)		
H.Hvammstanga		H.Blönduóss	R.Sauðárkróks		H.Seyðisfj.(R/O)		
H.Sauðárkróks		H.Siglufjarðar	R.Akureyrar				
H.Ólafsfjarðar		H.Hríseyjar	R.Húsavíkur				
H.Dalvíkur		H.Akureyrar	R.Selfoss				
H.Húsavíkur		H.Egilsst.og Fella	R.Eyrarbakka				
H.Reykjahlíðar		H.Vestmannaeyja	R.Stokkseyrar				
H.Selfoss		H.Rangæinga	R.Hveragerðis				
H.Hveragerðis		H.Eyra	6 Rafveitur á Suðurnesjum				
H.Laugaráss		H.Þorlákshafnar					
H.Flúða		H.Hjaltadals					
H.Brautarholti							
H.Reykhóla							
H.Laugarvatni							
H.Reykholti							
H.Reykjanesi							
H.Reykjum í Hrútafirði							
H.Laugarbakka							
H.Varmahlíð							
H.Laugum							

(1) Þar af um 15% R/O-hitaveitur

(2) Olíuhitaðar íbúðir og skólar fá niðurgr.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA,
.Hafnarstræti 6,
4oo - ÍSAFJÖRÐUR.

Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.

	pr. ltr. pr. m^3 á	Heildar-kostnaður krónur	Olíu-not-endur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölsk. 4,12 meðl. kr. á ári	Tímakaup í viskv. krónur	Vinnust. að vinna fyrir ársnotkun	Vinnuvikur að vinna f. ársnotk
Verðlag 1/7 1973:								
6.o34.136 ltr. gasolía	5/3o	31.98o.92o	3o51	1o.482	43.186	135/7o	318,3	8,o
mínus olíustyrkur (enginn)	-o-	-o-						
	5/3o	31.98o.92o	3o51	1o.482	43.186	135/7o	318,3	8,o
Jafngildi í heitu vatni: 781.975 m^3	18/25	14.278.863	3o51	4.68o	19.282	135/7o	142,1	3,5
Mismunur		17.7o2.o57	3o51	5.8o2	23.9o4	135/7o	176,2	4,5
Verðlag 21/12 1979:								
5.392.512 ltr. gasolía	155/25	837.187.488	3o88	271.11o	1.116.973	1391/-	8o3,o	2o,1
mínus olíustyrkur	41/23	222.336.ooo	3o88	72.ooo	296.64o	1391/-	213,3	5,3
Nettóútgjöld notenda	114/o2	614.851.488	3o88	199.11o	82o.633	1391/-	589,7	14,8
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 m^3	119/-	83.16o.294	3o88	26.93o	11o.952	1391/-	79,8	2,o
Mismunur		531.691.194	3o88	172.18o	7o9.381	1391	5o9,9	12,8
Verðlag 1/11 1981:								
5.392.512 ltr. gasolía	29o/-	1.563.828.48o	3o88	5o6.421	2.o86.455	2.659/-	784,7	19,61
mínus olíustyrkur	45/81	247.o4o.ooo	3o88	8o.ooo	329.6oo	2.659/-	124,o	3,o9
	244/19	1.316.788,48o	3o88	426.421	1.756.855	2.659/-	66o,7	16,52
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 mtr.^{3}	256/-	178.899.456	3o88	57.934	238.687	2.659/-	89,7	2,24
Mismunur		1.137.889.o24	3o88	368.487	1.518.168	2.659/-	571,o	14,28

Verðlag 12/8 1982:

5.392.512 ltr. gasolía	455/-	2.453.592,96o	3o88	794.557	3.273.576	3723/-	879,3	21,98
mínus olíustyrkur	8o/17	432.32o.ooo	3o88	14o.ooo	576.8oo	3723/-	154,9	3,87
	374/83	2.o21.272.96o	3o88	654.557	2.696.776	3723/-	724,4	18,11
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 m^3	448/-	313.o74.o48	3o88	1o1.384	417.4o2	3723/-	112,2	2,81
Mismunur		1.7o8.198.912	3o88	553.173	2.279.o74	3723/-	612,2	15,3o

Verðlag 2/8 1983.

5392.512 ltr. gasolía	86o/-	4.637.56o.32o	3o88	1.5o1.8oo	6.187.416	545o/-	1.135,3	28,38
mínus olíustyrkur	18o/96	975.8o8.ooo	3o88	316.ooo	1.3o1.92o	545o/-	238,9	5,97
	679,o4	3.661.752,32o	3o88	1.185.8oo	4.885,496	545o/-	896,4	22,41
Jafngildi í heitu vatni: 698.826 m^3	12oo/-	838.591.2oo	3o88	271.565	1.118.846	545o/-	2o5,3	5,13
Mismunur		2.823.161.12o	3o88	914.235	3.766.65o	545o/-	691.1	17,28

2/8 1983. J.T.B. Öll verð í gömlum krónum. Gengið er út frá því að olíustyrkur sé til jafnaðar einn á mann.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA,
Hafnarstræti 6,
400 - ÍSAFJÖRÐUR.

Athugun á upphitunarkostnaði með olíu á Hólmavík miðað við raforku frá O.V. og heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Nr.	m^3	Efni	Smíða-ár	Íb.	Olíu-lítrar 1)	Olíu-kostnaður 2) krónur	Olíu-styrkur 3) krónur	Nettó-kostnaður m/ olíu krónur	Olíulítrar umreikn. í kwst. 1:6,35	Raforku-kostnaður kwst. o/8734 4)	Mismunur á olíukostnaði nettó og rafm. krónur	Olíukostn. umfram raf-hitun %	Orkunotk. umr. í m^3 heitt vatn. H.R.	Orkukostn. miðað við Hitaveitu Reykjavíkur	Orkukostn. Hitav. Rv. í % af olíu kostnaði nettó
1	170	T	1931	4	5.073	43.628	12.640	30.988	32.214	28.136	2.852	10,14	657,4	7.888	25,46
2	324	S	1963	7	4.499	38.691	17.380	21.311	28.569	24.952	- 3.641	- 14,59	583,0	6.996	32,83
3	270	S	1947	4	5.238	45.047	12.640	32.407	33.261	29.050	3.357	11,56	679,9	8.148	25,14
4	270	S	1947	3	3.948	33.953	11.060	22.893	25.070	21.896	997	4,55	511,6	6.139	26,82
5	357	S	1964	8	6.226	53.544	17.380	36.164	39.535	34.530	1.634	4,73	806,8	9.682	26,77
6	540	S	1965	5	7.407	63.700	14.220	49.480	47.034	41.080	8.400	20,45	959,9	11.519	23,28
7	362	S	1964	4	6.046	51.996	12.640	39.356	38.392	33.532	5.824	17,37	783,5	9.402	23,89
8	445	S	1930	3	5.538	47.627	11.060	36.567	35.166	30.714	5.853	19,06	717,7	8.613	25,56
9	257	S	1933	3	4.635	39.861	11.060	28.801	29.432	25.706	3.095	12,04	600,7	7.208	25,03
10	350	S	1933	3	8.306	71.432	11.060	60.372	52.743	46.066	14.306	31,06	1.076,4	12.917	21,40
11	360	T	1940	2	4.844	41.658	9.480	32.178	30.759	26.865	5.313	19,78	627,8	7.534	23,41
12	462	T	1925	10	5.675	48.805	17.380	31.425	36.036	31.474	- 49	- 0,16	735,4	8.825	28,08
13	240	S	1925	8	4.337	37,298	17.380	19.918	27.540	24.053	- 4.135	- 17,19	562,0	6.744	33,86
14	180	T	1935	5	4.463	38.382	14.220	24.162	28.340	24.752	- 590	- 2,38	578,4	6.941	28,73
15	274	T	1915	1	3.646	31.356	6.320	25.036	23.152	20.221	4.815	23,81	472,5	5.670	22,65
16	300	S	1960	6	5.324	45.786	15.800	29.986	33.807	29.524	462	1,56	690,0	8.280	27.61
17	538	S	1964	8	5.813	49.992	17.380	32.612	36.913	32.240	372	1,15	753,8	9.040	27,72
18	116	T	1904	4	6.220	53.492	12.640	40.852	39.497	34.497	6.355	18,42	806,1	9.673	23,68
	5815			88	97.238	836.248	241.740	594.508	617.459	539.289	55.219	10,24	12.661,7	151.[illegible]	[illegible]

T = timbur
S = steinsteypa.

4/8 1983. J.T.B.

1) Raunveruleg olíunotkun í tilgreindum húsum á árinu 1981.
2) Miðað er við gasolíuverð hinn 2/8 1983, kr. 8,60 pr. ltr.
3) Miðað er við olíustyrk 3. ársfjórðungs 1983, kr. 790 pr. einingu, þ.e. kr. 3.160 á ári.
4) Gildandi húshitunartaxti Orkubús Vestfjarða 2/8 1983, kr. 0,82 pr. kwst. (niðurgreitt [7]) + fastagjald 0,0584 pr. kwst.
5) Hver m^3 af heitu vatni er látinn jafngilda 7,7165 ltr. af gasolíu.
6) Gildandi orkuverð Hitaveitu Reykjavíkur 2/8 1983, kr. 12,00 pr. m^3.
7. Niðurgreiðsla á raforku til upphitunar kr. 0,48 pr. kwst.

Fylgiskjal IV

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS: SKÝRSLA UM STÖRF 1980—1982.

4.4 Orkunýtingarkönnun íbúðarhúsa

4.4.1 Valdir bæir

Skoðaðir voru fjórir þéttbýliskjarnar sem valdir voru eftir athugun á aldursdreifingu húsa o.fl. atriðum.

Aðalforsenda var að þéttbýlisstaðirnir væru utan þeirra svæða sem fengju hitaveitu í fyrirsjáanlegri framtíð.

Fyrir valinu urðu:

- Hvolsvöllur,
- Bolungarvík,
- Neskaupstaður,
- Raufarhöfn.

Sú breyting hefur orðið á tilhögun upphitunar á Hvolsvelli að hitaveita hefur verið lögð þar síðan skoðun fór fram.

4.4.2. Þéttbýli bæjanna

Út frá niðurstöðum könnunarinnar má draga upplýsingar um hversu þröngt fólk býr í þessum þéttbýliskjörnum. Eftirtektarvert er hversu stórt húsnæði hver einstakur hefur til umráða. Fyrir einstaka bæi skiptist þéttbýlið þannig:

Hvolsvöllur	38,4m^2/íbúa
Bolungarvík	31,6m^2/íbúa
Neskaupstaður	35,7m^2/íbúa
Raufarhöfn	28,2m^2/íbúa

Þessar upplýsingar byggja á niðurstöðum mældra húsa en ekki á heildaríbúðaflatarmáli deilt með íbúafjölda.

4.4.3. Veðurfar, byggingarlag og áhrif þess á orkunotkun.

Veðurfar á hverjum stað hefur augljóslega mikil áhrif á orkunotkun húsa. Þeir veðurfarsþættir sem hafa mest áhrif á orkunotkunina eru:

útihitastig,
veðurhæð,
sólar- og himingeislun.

Af athugun á þessum veðurfarsþáttum eru eingöngu hitastigsmælingar gerðar nógu oft, og nógu víða um landið, til þess að nægjanleg nákvæmni fáist fyrir útreikninga á orkutapi bygginga.

Af þessum sökum er í orkutapsteikningum og reikningum á orkuþörf til upphitunar hérlendis oftast látið nægja að taka tillit til mismunar inni- og útihita þar sem reiknað er með innihitanum +17°C. Sú aukaorkuþörf sem þarf til að hækka innihitann úr reikningslegu gildi + 17°C í „raunverulegan" innihita +20°C – +22°C (eða hærri),

Flokkur húsa	Meðal hlutfalls-loftraki	Meðal innihiti, °C	ÁLIT ÍBÚA, LOFT:			Einhvern tíma skemmdir af völdum raka eða leka	EFNI HÚSA		Meðal íbúafjöldi
			Of þurrt	Of rakt	Í lagi		Steypt	Timbur	
Öll hús (130)	~ 33,0%	~ 21,0	48 = 36,9%	3 = 2,3%	80 = 61,5%	61 = 46,9%	108	22	~ 4,1
Hús byggð fyrir 1945 (21)	33,3%	20,4	6 = 28,6%	0	15 = 71,4%	5 = 23,8%	9	12	~ 3,6
Hús byggð 1945-65 (31)	32,9%	21,1	10 = 32,3%	3 = 9,7%	18 = 68,0%	16 = 51,6%	31	0	~ 2,6
Hús byggð eftir 1965 (78)	32,3%	21,2	28 = 35,9%	0	50 = 64,1%	41 = 52,6%	68	10	~ 5,1
Íbúðir stærri en 400 m^3 (34)	32,8	20,8	9 = 26,5%	1 = 2,9%	24 = 70,6%	19 = 55,9%	33	1	~ 4,5
Íbúðir minni en 200 m^3 (22)	32,3%	21,0	11 = 50%	1 = 4,5%	10 = 45,5%	10 = 45,5%	15	7	~ 2,8

Tafla 4.3.1 Helstu niðurstöður könnunar á loftraka í íbúðarhúsum.


telst koma frá íbúum, almennri raforkunotkun og sólargeislum. Þessi reikningsaðferð er augljóslega ónákvæm þar sem áhrif sólargeislunar eru mjög mismunandi. Orkuviðbótin, sem kemur frá íbúum, almennri raforkunotkun og sól, er ennfremur hlutfallslega stærri hluti orkuþarfarinnar því meiri sem einangrun hússins er. Þar af leiðandi er nú erlendis leitast við að gera reiknilíkön svo nákvæm sem verða má og taka því tillit til sem flestra veðurfarsþátta.

Í rannsókn þeirri, sem hér er greint frá, var reynt að gera reiknilíkan fyrir orkutap húsa, þar sem tekið var tillit til áhrifa frá sólargeislun auk útihitastigs. Fyrir fram var vitað að áhrif mismunandi vindhraða á orkutap húsa voru svo lítið þekkt hérlendis að marklaust væri að taka þennan áhrifavald með í reikningana. Fljótlega sýndi sig að beinar mælingar á sólargeislum voru af svo skornum skammti að þær nægðu ekki til að byggja á þeim reikninga varðandi orkuviðbót frá sól. Þessi þáttur var því tekinn með í reiknilíkanið með því að byggja eingöngu á meðaltölum fyrir skýjahulu margra ára sem grunnupplýsingum.

Til þess að gerð slíkra reiknilíkana sé möguleg hérlendis þarf að vinna mun meira úr veðurmælingum heldur en nú er gert, og jafnframt auka mælingar á ýmsum veðurþáttum verulega. Á þetta ekki síst við um sólargeislun, sem getur gefið verulegan hluta af nauðsynlegri varmaþörf húsa. Jafnframt þarf að rannsaka áhrif umhverfis, byggðar og náttúru, á staðbundið veðurfar ("microclimat").

Talsverður hluti af orkutapi húsa verður vegna loftskipta, bæði loftræstingar og eins loftleka, og hlutur þessa orkutaps af heildarorkutapinu fer vaxandi með aukinni einangrun. Í þessu sambandi vantar tilfinnanlega rannsóknir á fjölda loftskipta og einnig á þéttleika húsanna, en síðastnefnda atriðið stendur til að rannsaka hjá Rb á næsta ári. Sérstaklega þarf að athuga hver áhrif mismunandi vindhraða eru á orkutap húsa, bæði leiðni- og loftskiptatap. Þessi áhrif hafa lítt verið rannsökuð, og virðist vera um nánast óþrjótandi rannsóknarverkefni að ræða.

Til þess að sýna lauslega hversu breytilegur vindhraðinn er milli staða og milli ára, er í línuriti 4.4.1 sýndur mánaðarmeðalvindhraði í bæjunum fjórum fyrir árið 1978. Línurit 4.4.2 sýnir mánaðarmeðalvindhraða í hverjum bæ fyrir sig árin 1976 – 1979. Áhrif vindhraða á orkutap einstaks húss fer síðan eftir því hver raunverulegur vindhraði er við húsið, og hefur skjólverkun frá umhverfi því mikið að segja. Það er vel þekkt að vissar vindáttir eru ríkjandi á hverjum stað og á ákveðnum árstíma. Af þessum sökum verða sum hús í bæjunum í



Línurit 4.4.1.
Mánaðar meðalvindhraði í fjórum bæjum árið 1978.

skjóli af umhverfi sínu hluta af hverju ári, og hlýtur slíkt óneitanlega að hafa mismunandi áhrif á orkutap húsanna.


Áður hefur verið nefnt að þéttleiki húsa og umhverfi hefur áhrif á orkutap þeirra, og þar með orkuþörf. Annar þáttur í uppbyggingu hússins, sem oft er ekki reiknað með, getur einnig haft áhrif á orkuþörfina en það er varmarýmd hússins. Hús með mikla varmarýmd jafnar út hitasveiflur og nýtir því betur varma frá íbúum, sólskini og almennri raforku.


4.4.4 Orkunotkun til upphitunar

Orkunotkun húsa til upphitunar er mjög mismunandi og er ekki um einhlítt samband milli aldurs húss og orkunotkunar þess að ræða. Orkunotkun á rúmmetra hitaðs rýmis fer þó, eins og vænta má, lækkandi því nýrri sem húsin eru. Dreifingin er þó mikil og jafnvel fyrir nýjustu húsin, sem þó eru sambærileg innbyrðis, er mikill munur á orkunotkun þess orkufrekasta og þess sparneytnasta.


Í línuritum 4.4.3 og 4.4.4 er sýnd orkunotkun til upphitunar á hvern rúmmetra hitaðs rýmis fyrir mismunandi hitunarorku og eftir byggingarári. Eins og sjá má er orkunotkun húsa á hvern rúmmetra mjög mismunandi, þó svo að húsin séu frá sama byggingartímabili. Ástæðuna fyrir þessu má sennilega helst rekja til mismunandi hegðunar íbúa og breytilegs íbúafjölda.

Þegar talað er um orkusparnað, þá er oft rætt um hversu miklum árangri megi ná í lækkun meðalorkunotkunar. Út frá línuriti 4.4.5 má gera sér nokkra grein fyrir hvaða






Línurit 4.4.2.
Mánaðar meðalvindhraði í fjórum bæjum árin 1976 – 79.




Línurit 4.4.3
Raforkunotkun til upphitunar á hitað rými (kWh/m³) eftir byggingarárum húsa.



Línurit 4.4.4
Olíunotkun til upphitunar á hitað rými (l/m³) eftir byggingarárum húsa.

dreifingu er um að ræða. Í þeim tilfellum, sem upplýsingar eru til um talsverðan fjölda húsa, t.d. olíuhituð hús eða hús með þilofnahitun, þá virðist sem húsin dreifist eftir skekktri dreifingu (mynd 4.4.1).



Mynd 4.4.1
Einfölduð mynd af dreifingu húsa eftir orkunotkun samkvæmt könnun á árunum 1979 – 80.

Mynd 4.4.2
Með auknum orkusparnaði er líklegt að breyting í orkunotkun húsa miðað við mynd 4.4.1 verði eins og hér sýnir.

Þetta hlýtur að teljast eðlilegt þar sem stór hluti íbúanna leitast við að halda orkunotkun í lágmarki vegna þess hve hátt orkuverðið er. Það eru þó takmörk fyrir því hve lágt er hægt að komast í orkunotkun fyrir ákveðið hús og fjölskyldustærð, miðað við að eðlilegum kröfum um innihita og loftskipti sé fullnægt. Alltaf verða þó einhver hús með óeðlilega háa orkunotkun, annaðhvort vegna erfiðra aðstæðna (léleg hús, erfitt veðurfar o.fl.), eða þá að íbúarnir hafa ekki áhuga á orkusparnaði. Einnig verður í framtíðinni eitthvað um hús með óvenju lága orkunotkun, jafnvel hús sem þurfa nánast enga aðkeypta orku til upphitunar („núll orku hús"). Eftir því sem hlutur endurbættra húsa og nýbygginga samkvæmt gildandi reglugerð vex, þá er eðlilegt að dreifingin nálgist að vera samhverf (symmetrisk) og líkist þannig æ meir þeirri dreifingu sem mynd 4.4.2 sýnir.

Vegna þess hvernig dreifingunni er háttað, þ.e. allvel afmarkaður toppur sem liggur nokkuð fyrir neðan meðaltal þá er augljóst að auðveldlega má minnka orkunotkun í hluta húsanna, og þannig lækka meðalhitunina nokkuð. Allar meiriháttar breytingar í meðalnotkun krefjast hins vegar mikils átaks.

4.4.5 Almenn raforkunotkun og heildarorkunotkun

Í umræddu rannsóknarverkefni stóð m.a. til að athuga hvernig skipting orkunotkunar milli upphitunar, kranavatns og almennrar raforkunotkunar væri. Almenn raforka er samkvæmt skilgreiningu öll raforka sem fer til eldunar, lýsingar svo og til að tengja heimilistæki.


Það er skemmst frá að segja að upplýsingar um orkunotkun til hitunar kranavatns fengust ekki í neinu af húsunum þrátt fyrir að í nokkrum tilfellum væru kerfi til hitunar kranavatns aðskilin frá hitakerfi hússins. Almenn raforkunotkun er hins vegar auðfengin fyrir langstærstan hluta húsanna.

Tafla 4.4.1 Meðalorkunotkun heimila, og hlutfall almennrar raforkunotkunar af heildarnotkun.

Olíuhitun						Rafhitun									
						Þilofnar					Raftúpa				
	Fj. húsa	Hitun kWh/ár (a_1)	Alm. raforka kWh/ár (b_1)	Samt. kWh/ár (c_1)	b_1/c_1	Fj. húsa	Hitun kWh/ár (a_2)	Alm. raforka kWh/ár (b_2)	Samt. kWh/ár (c_2)	b_2/c_2	Fj. húsa	Hitun kWh/ár (a_3)	Alm. raforka kWh/ár (b_3)	Samt. kWh/ár (c_3)	b_3/c_3
– 1919	12	28662	3318	31980	0,104	4	17575	6533	24108	0,27	8	46068	4156	50374	0,08
1920-39	19	37614	4366	41980	0,104	7	29366	4121	33487	0,12	5	36938	4034	40972	0,10
1940-49	28	39399	4525	43924	0,103	7	32497	3130	35627	0,09	2	27018	2618	29636	0,09
1950-59	29	37990	4318	42308	0,102	6	44886	4221	49107	0,09	4	39040	5450	44490	0,12
1960-69	30	36759	3854	40613	0,10	2	46004	4080	50083	0,08	6	35622	3281	38903	0,08
1970-79	2	46676	4474	51151	0,09	45	31564	3591	35155	0,10	6	46206	5123	51329	0,10

Í töflu 4.4.1 eru sýnd meðaltöl orkunotkunar til hitunar og almennrar raforkunotkunar eftir aldursflokkun. Í þessari töflu hefur olíunotkun verið umreiknuð yfir í kWh. Slíkur umreikningur er talsverðum vandkvæðum bundinn og því engin vissa fyrir því að um sambærilegar tölur sé að ræða varðandi orkunotkun rafhitaðra og olíuhitaðra húsa. Yfirleitt virðist þó meðalhlutfall almennrar raforkunotkunar vera um 10% af heildarorkunotkuninni, þó svo að einstök hús geti sýnt mikil frávik frá þessu. Athuga ber að í einstaka tilfellum geta ýmis atriði gert þennan samanburð marklausan, svo sem ef um óeðlilega notkun raftækja t.d. smíðavéla er að ræða.

Það kemur talsvert á óvart að almenn raforkunotkun skuli vera nokkuð jafnt hlutfall af heildarorkunotkuninni, óháð því að orkunotkun til upphitunar fer fremur lækkandi því nýrri sem húsin eru. Skýringin á þessu er vafalaust að almenn raforkunotkun er háð íbúafjölda og íbúðarstærð. Nýrri húsin eru einmitt að jafnaði stærri en þau eldri og meðalíbúafjöldi er oft hlutfallslega hár í nýjustu húsunum.



Línurit 4.4.5
Fjöldi húsa eftir orkunotkun í fjórum bæjum, Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn.

4.4.6 Ástand mismunandi byggingarhluta

4.4.6.1 Einangrun gólfa

Á myndum 4.4.3-6 er sýnd orkunotkun húsa og ástand einangrunar eftir aldursflokkum í bæjunum fjórum.

- Einangrun gólfa er áberandi best á Hvolsvelli. Þetta á sína eðlilegu skýringu m.a. vegna nálægðrar við stórar vikurnámur. Ekkert gólf þar reyndist hafa hærra k-gildi en 0,8 W/m^2°C og rúmlega helmingur gólffleta:rmáls þess sem mælt var hefur k≤ 0,30 W/m^2°C eða uppfyllir með öðrum orðum kröfur Byggingarreglugerðar frá 1979 (BR 79).
- Neskaupstaður, Bolungarvík og Raufarhöfn hafa álíka einangruð gólf, en verulega lakari en Hvolsvöllur. Á Bolungarvík hafa 56% skoðaðra gólfa k≤ 0,50 W/m^2°C, en aðeins 9% uppfylla skilyrði BR 79. Í Neskaupstað er 55% gólfa með k≤ 0,50 W/m^2°C, og 12% uppfylla skilyrðið k≤ 0,3 W/m^2°C. Á Raufarhöfn er 59% gólfa með k≤ 0,50 W/m^2°C skv. könnuninni en um 2% uppfylla kröfur BR 79.

4.4.6.2 Ástand útveggja

Niðurstöður athugana á útveggjaeinangrun sýna svo ekki verður um villst að mikill hluti útveggja er lítið einangraður og mjög fátítt er að veggeinangrun sé verulega góð. Af þeim fjórum bæjum sem skoðaðir voru eru útveggir á Hvolsvelli best einangraðir enda yngsti bærinn. Þar eru 35% skoðaðra útveggjaflata með k≤ 0,50 W/m^2°C en aðeins 15% útveggjaflata með k≥ 1,0 W/m^2°C. Í Bolungarvík eru 27% útveggja með k≤ 0,50 W/m^2°C en 22% útveggjaflata með k≥ 1,0 W/m^2°C. Á Neskaupstað eru 25% útveggja með k≤ 0,50 W/m^2°C en samtals 30% hafa k≥ 1,0 W/m^2°C. Á Raufarhöfn eru 21% útveggjaflata með k≤ 0,50 W/m^2°C. Þar eru 26% skoðaðra veggflata með k≥ 1,0 W/m^2°C. Algengast er að útveggirnir hafi k-gildi milli 0,61–0,80 W/m^2°C.

Til viðmiðunar má nefna að fyrir hefðbundinn steyptan útvegg þarf um 7,5 cm polystyren plasteinangrun til að ná k-gildinu niður í 0,50 W/m^2°C en 3,0 cm til að kólnunartalan verði 1,00 W/m^2°C. Lágmarkskrafa BR 79 er 0,50 W/m^2°C fyrir útveggi ásamt kröfunni um að vegið meðaltal k-gildis veggja og glugga skuli vera ≤ 0,8 W/m^2°C fyrir staði sem liggja utan hitaveitusvæða. Ljóst er að einungis í undantekningartilvikum standast húsin þá kröfu enda er hún tilkomin löngu eftir að flest húsin voru byggð.

4.4.6.3 Ástand glugga, glers og útihurða

Gluggastærðir í öllum bæjum eru svipaðar, um 12–14% af útveggjaflatarmáli fram undir 1960. Þá tekur við tímabil með stórum gluggum og eru meðaltalstölur fyrir hús eftir áratugum 17–25% gluggar. Einstök hús fara verulega upp fyrir þessi meðaltöl. Þessu tímabili er nú að mestu lokið og hóflegar gluggastærðir aftur í tísku. Þéttikantar eru nú komnir í flesta opnanlega glugga samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Á Hvolsvelli, Raufarhöfn og Neskaupstað eru næstum allir gluggar með þéttilistum, en á Bolungarvík reyndust 82% húsa vera komin með þéttilista. Óþéttir opnanlegir gluggar kæla ótrúlega mikið og hleypa inn ryki. Því er sjálfsagt að lagfæra þetta atriði strax í þeim húsum þar sem því hefur ekki enn verið komið í verk.

Útihurðir eru víða mjög óþéttar samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Verulegur hluti eldri húsa á Raufarhöfn, Bolungarvík og í Neskaupstað er enn með einfalt gler. Segja má þó að einfalt gler sé ekki til staðar á Hvolsvelli.

4.4.6.4 Ástand þaka

Næsta ótrúlegt er hvað þök eru illa einangruð, þótt nokkur breyting hafi orðið til batnaðar síðustu ár.

Nánast engin þök standast nýjustu reglugerðarkröfur frá 1979 sem krefjast þess að $k \leq 0{,}2$ W/m^2°C fyrir hús á svæðum utan hitaveitna. Niðurstöður könnunarinnar sýna að ástandið er slæmt.
Á Hvolsvelli er 65% þakflata með $k \leq 0{,}5$ W/m^2°C en 9% þakflata hafa $k \geq 1{,}0$ W/m^2°C.
Á Bolungarvík eru 53% þakflata með $k \leq 0{,}5$ W/m^2°C, en rúmlega 25% þakflata hefur $k \geq 1{,}0$ W/m^2°C.
Í Neskaupstað eru 62% þakflata með $k \leq 0{,}5$ W/m^2°C en 22% hafa $k \geq 1{,}0$ W/m^2°C.
Á Raufarhöfn eru 47% skoðaðra þakflata með $k \leq 0{,}5$ W/m^2°C en um 28% hefur einangrun sem gefur $k \geq 1{,}0$ W/m^2°C.

4.4.7 Niðurlag

Áframhaldandi rannsóknum mun á næstunni verða beint að þeim þáttum sem valda óvissu í mati á eðlilegri orkunotkun húsa. Fyrst og fremst verða gerðar mælingar á þéttleika og loftskiptum húsa og reynt að auka þekkingu varðandi orkujafnvægi húsa. Einnig verða gerðar mælingar á einangrunargildum byggingarhluta og þær bornar saman við fræðilegar forsendur og reikninga.

Með þeim tækjabúnaði sem stofnunin hefur nú aflað sér verður kleift að finna og meta byggingargalla mun betur en áður.

Út frá þeim niðurstöðum sem þegar hafa verið raktar virðist ljóst að til orkusparnaðar í hitun húsa eru eftirtaldar aðgerðir vænlegastar.







Almennt er eðlilegt að ráðast í aðgerðirnar í eftirtalinni röð, þótt í einstökum tilvikum eigi vissar aðgerðir ekki við. Án aðgerða geta íbúar haft veruleg áhrif á orkunotkunina með aðgæslu og skynsamlegri umgengni.

Helstu aðgerðir:

1) Þétting opnanlegra glugga og hurða og aðrar þéttingar þegar við á.
2) Viðbótareinangrun illa einangraðra byggingarhluta. Oft eru loftplötur, kjallaragólf, bílskúrsveggir illa einangruð og má auðveldlega bæta.
3) Tvöföldun a einföldu gleri.
4) Endurnýjun úreltra kyndingartækja og stillingar hitakerfa.
5) Lækkun innihita um 1°C minnkar hitunarkostnað um 7%.

BOLUNGARVÍK







Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.3**

BYGG. ÁR – 1919  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1920-'39  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1940-'49  Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 1.290 W/m²°C Olíunotkun = 23,5 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = 187,4 kWh/m³fa, ár *þilofnar = 109,9 kWh/m³ fa, ár	Meðal k-gildi = 1.068 W/m²°C Olíunotkun = 24,4 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = 264,7 kWh/m³fa, ár þilofnar = 141,6 kWh/m³ fa, ár	Meðal k-gildi = 1.016 W/m²°C Olíunotkun = 20,7 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = – þilofnar = –
BYGG. ÁR – 1950-'59  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1960-'69  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1970-'79  Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 0.918 W/m²°C Olíunotkun = 16,2 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = – þilofnar = –	Meðal k-gildi = 0.754 W/m²°C Olíunotkun = 14,4 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = 76,4 kWh/m³fa, ár þilofnar = –	Meðal k-gildi = 0.747 W/m²°C Olíunotkun = 13,2 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = 68,6 kWh/m³fa, ár þilofnar = 79,2 kWh/m³ fa, ár

Útskýringar: m³fa =rúmmál samkvæmt fasteignamati *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun

HVOLSVÖLLUR


Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.4**

BYGG. ÁR – 1919 Engin hús skoðuð  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1920-'39  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1940-'49  Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = Olíunotkun = Rafhitun: túpa = þilofnar =	Meðal k-gildi = 0.911 W/m²°C Olíunotkun = 14,0 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = þilofnar =	Meðal k-gildi = 0.845 W/m²°C Olíunotkun = 15,4 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa 120,4 kWh/m³fa, ár þilofnar – kWh/m³fa, ár
BYGG. ÁR – 1950-'59  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1960-'69  Einingar: W/m²°C	BYGG. ÁR – 1970-'79  Einingar: W/m²°C
Meðal k-gildi = 0.787 W/m²°C Olíunotkun = 16,2 l/m³ fa, ár Rafhitun: *túpa = – þilofnar –	Meðal k-gildi = 0.683 W/m²°C Olíunotkun = 14,6 l/m³ fa, ár Rafhitun: túpa = 80,3 kWh/m³fa, ár þilofnar – kWh/m³fa, ár	Meðal k-gildi 0.618 W/m²°C Olíunotkun Rafhitun: *túpa 73,3 kWh/m³fa, ár þilofnar 71,3 kWh/m³ fa, ár

Útskýringar: m³fa = rúmmál samkvæmt fasteignamati *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun

NESKAUPSTAÐUR


Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.5**



Útskýringar: m⁻³fa = rúmmál samkvæmt fasteignamati. *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun

RAUFARHÖFN

Kólnunartölur byggingahluta eftir byggingarári.
Kólnunartala, k-gildi er mat á einangrunargildi byggingarhluta. Lágt gildi þýðir góða einangrun. **Mynd 4.4.6**



Útskýringar: m⁻³fa = rúmmál samkvæmt fasteignamati. *Aðeins eitt hús með þekkta orkunotkun. **Aðeins eitt hús skoðað

Fylgiskjal V

Jón Ingimarsson:
Húshitunarvandinn — leið til lausnar.
(Fréttabréf Orkustofnunar nr. 3, október 1983.)

Um þessar mundir eru liðin 10 ár síðan OPEC-ríkin hækkuðu verð á olíu samtímis því sem þau minnkuðu vinnslu. Afleiðing þess var fyrri olíukreppan. Hér á landi var brugðist við hækkunum á olíuvörum með tvennu móti. Annars vegar var lögð áhersla á aukna nýtingu innlendra orkugjafa. Í því sambandi má benda á að á árinu 1973 notuðu um 45% landsmanna olíu til húshitunar en samsvarandi tala nú er um 6%. Hins vegar var ákveðið að létta þeim byrðarnar, sem kyntu hús sín með olíu, með því að veita svokallaða olíustyrki. Víða erlendis þurfti að skammta olíu en til þess kom aldrei hér vegna viðskiptasamninga við Sovétríkin. Það var væntanlega af þeirri ástæðu og gnóttar innlendra orkulinda að við beittum ekki einnig orkusparnaði til lausnar vandanum eins og flestar aðrar þjóðir. Það má heita að fyrst hafi verið farið að ræða alvarlega um orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í húshitun hérlendis í seinni olíukreppunni sem skall á seint á árinu 1978.


Ljóst er að innan skamms munu svo til allir landsmenn nota innlenda orkugjafa til húshitunar. Þeir spara bæði húseigendum og þjóðarbúinu miklar upphæðir, það á eftir að koma enn betur fram á næstu árum. Að þessari leið frátalinni eru tvær leiðir til að létta húseigendum byrðar við hitun híbýla sinna, þ. e. aukin niðurgreiðsla á orku og aðgerðir til orkusparnaðar.

Sá grundvallarmunur er á þessum leiðum að aðgerðir til orkusparnaðar lækka kostnaðinn við húshitunina til frambúðar og koma því þeim, sem bera þyngstu byrðarnar, mest til góða. Þær hafa auk þess einatt í för með sér endurbætur á húsnæði. Olíustyrkir og niðurgreiðsla raforku og heits vatns er hins vegar skammtímalausn sem leysir ekki vandann til frambúðar.


Lítum nú aðeins nánar á „húshitunarvandann". Mynd 1, sem byggir á upplýsingum frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sýnir dreifingu olíunotkunar 139 húsa í fjórum bæjum á landinu (Bolungarvík, Hvolsvelli, Neskaupstað og Raufarhöfn). Eins og sjá má er notkunin frá um þremur lítrum á ári af olíu á rúmmetra og upp í um fimmtíu lítra (rúmmál samkvæmt fasteignamati sem er oftast meira en hitað húsrými). Algengast er að notkunin sé á bilinu 8-30 lítrar á rúmmetra á ári. Samkvæmt því er kostnaður við að kynda 400 rúmmetra hús (lítið einbýlishús) 28-105 þús. kr. á ári. Að frádregnum olíustyrk (miðað við 4ra manna fjölskyldu) er kostnaður húseigenda 14-91 þús. krónur. Mynd 2 sýnir dreifingu raforkunotkunar 73 húsa í sömu bæjum. Yfirleitt er notkunin 30-140 kWh á rúmmetra á ári. Á þessu ári var byrjað að greiða niður raforku til húshitunar. Samkvæmt gildandi verðskrá frá Rafmagnsveitum ríkisins (sjá mynd 3) er kostnaður við að hita upp 400 rúmmetra hús á bilinu 20-72 þúsundir á ári fyrir niðurgreiðslu, en á bilinu 14-45 þúsundir á ári þegar tekið er tillit til hennar.

Við umræður um olíustyrki og niðurgreiðslu á raforku og heitu vatni til húshitunar gleymist yfirleitt hversu breytileg orkunotkunin er, jafnvel þó miðað sé við jafnstór hús á svipuðum aldri við sömu götu og í sama bæ. Vandinn vegna hinnar breytilegu orkunotkunar verður ekki leystur með olíustyrkjum né niðurgreiðslum á orku. Hann verður að leysa með því að minnka orkunotkunina.

Ástæðurnar fyrir mismunandi orkunotkun til hitunar eru margar. Nefna má mismunandi aldur húsa, misjafnlega mikla einangrun, misgóð hitakerfi og breytilega hegðun íbúanna (kröfur um innihita, loftræstingu o. fl.). Gerð hefur verið könnun á ástandi og orkunýtingu 322 húsa í áðurnefndum fjórum bæjum. Samkvæmt könnuninni má áætla að



Mynd 1



Mynd 2

C.1 HITUN

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

(Orkugjald	1,19 kr/kWh)
Orkugjald, niðurgreitt	0,71 kr/kWh
Fastagjald 3×F1	5.610,00 kr/a

Roftími er allt að 2×1 ½ klukkustund á dag.

Mynd 3. Úr gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins Nr.58

15% þakflatar (250 000 fermetrar) húsa á landinu, sem hituð eru með olíu eða rafmagni, séu algerlega óeinangruð og um 10% gluggaflatar (43 000 fermetrar) séu með einfalt gler. Áætla má að heildarkostnaður (efni og vinna) við að endurbæta einangrun þaka í olíu- og rafhituðum húsum sé um 250 milljónir króna miðað við verðlag í júní 1983. Orkusparnaður vegna einangrunar þaka er áætlaður um 65 GWh (65 000 000 kWh) á ári. Ef miðað er við raforku (olíukynding heyrir vonandi sögunni til innan fárra ára) og taxta Rafmagnsveitna ríkisins sparar þetta húseigendum 46 milljónir króna á ári og ríkissjóði 31 milljón króna eða alls 77 milljónir. Heildarkostnaður við að setja tvöfalt gler í stað einfalds í olíu- og rafhituðum húsum er áætlaður 110—160 milljónir króna og orkusparnaður 22 GWh sem mundi spara húseigendum um 16 milljónir króna og ríkissjóði um 10 milljónir króna vegna niðurgreiðslu.

Heildarupphæð olíustyrkja á árunum 1974—1983 er rúmlega 1300 milljónir króna á verðlagi í júní 1983 (byggingarvísitala fyrir júlí — september). Auk þess verður varið um 135 milljónum króna á þessu ári til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar. Alls verður því á þessu tíu ára tímabili varið um 1440 milljónum króna til að létta landsmönnum kostnað við húshitun. Ætla mætti að staldrað yrði við á tímum aðhalds í ríkisfjármálum og kannað hvort ekki væru aðrar leiðir færar til að lækka hitunarkostnaðinn en styrkir og niðurgreiðslur. Svo virðist ekki vera því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1984 er lagt til að 230 milljónum verði varið til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og 61.5 milljónum til olíustyrkja eða 291.5 milljónum alls (58% hækkun frá 1983).

Ég vil að lokum velta fyrir mér spurningunni hvernig ástatt væri ef jafnmikilli fjárhæð og veitt hefur verið til olíustyrkja og niðurgreiðslu á raforku til hitunar á árunum 1974—1983 hefði verið varið til orkusparandi aðgerða. Ef við lítum aftur á dæmin um einangrun þaka og tvöfalt gler í stað einfalds og deilum orkusparnaðinum upp í heildarkostnaðinn þá sjáum við að það kostar tæplega 4 krónur að spara hverja kílówattstund með endurbótum á einangrun þaka og 5—7 krónur með tvöföldu gleri í stað einfalds. Ýmsar aðrar aðgerðir koma til greina svo sem þéttilistar í dyra- og gluggaop, bætt hitastýring og einangrun gólfa og veggja. Hagkvæmni þeirra er mismunandi en ef við reiknum með að það kosti að jafnaði 7 krónur að spara hverja kílówattstund með þeim hætti þá mundi sparnaðurinn vera rúmlega 200 GWh á ári (1440 000 000 kr/7kr/kWh) sem kosta húseigendur yfir 140 milljónir króna og ríkissjóð tæplega 100 milljónir króna í niðurgreiðslum eða samanlagt svipaða upphæð og reiknað er með að verja til olíustyrkja og niðurgreiðslna á næsta ári.

Hér hefur verið bent á aðra leið til að leysa „húshitunarvandann“, tæknilega færa og varanlega leið sem léttir mest á þeim sem þyngstar bera byrðarnar. Ég er ekki að halda því fram að hætta eigi olíustyrkjum og niðurgreiðslum hér og nú, heldur að draga eigi úr þeim samhliða varanlegum aðgerðum, þ. e. orkusparnaði.

Fylgiskjal VI

LÖG NR. 53 28. MAÍ 1980 UM JÖFNUN OG LÆKKUN HITUNARKOSTNAÐAR

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Með lögum þessum er stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum:

a) Greiðslu olíustyrks vegna þeirra sem búa við olíukyndingu.
b) Hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði.
c) Aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um olíustyrk.

3. gr.

Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk, sbr. 4. gr.

Olíustyrkur skal vera 20 þús. kr. á ársfjórðungi og er heimilt að breyta honum miðað við breytingu á gasolíuverði og verði annarra orkugjafa.

4. gr.

Olíustyrkir skulu greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna þeirra íbúa sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í viðkomandi íbúð meirihluta styrktímabils.

Fjöldi styrkja reiknast þannig:

a) Fyrir einn íbúa greiðast 2 olíustyrkir.
b) Fyrir tvo íbúa greiðast 3 olíustyrkir.
c) Fyrir þrjá íbúa greiðast 3½ olíustyrkur.
d) Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 olíustyrkir.
e) Fyrir fimm íbúa greiðast 4½ olíustyrkur.
f) Fyrir sex íbúa greiðast 5 olíustyrkir.
g) Fyrir sjö íbúa eða fleiri greiðast 5½ olíustyrkur.

Við framangreinda styrki bætist ½ olíustyrkur vegna lífeyrisþega, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, og annarra lífeyrisþega sem hafa svipaðar heildartekjur.

Olíustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

5. gr.

Heimilt er að greiða árlega einn olíustyrk, sbr. 3. gr., á hvert olíukynditæki sem hefur verið sóthreinsað og stillt á árinu.

6. gr.

Þeir sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olíustyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneyti sker úr um vafaatriði.

7. gr.

Heimilt er:

a) að greiða styrk vegna skólahúsnæðis, sem hitað er með olíu. Árlegur styrkur má nema 465 kr. á hvern rúmmetra upphitaðs húsrýmis, og er heimilt að breyta honum, sbr. 3. gr.

b) að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

c) að styrkja aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. lögum þessum.

8. gr.

Olíustyrkir skv. 4. gr. skulu greiddir til sveitarfélaga, sem annast úthlutun þeirra til húsráðenda. Sveitarfélögum er skylt að senda ráðuneyti ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja. Vanræki sveitarfélag slíkt er heimilt að fresta greiðslum til þess þar til úr hefur verið bætt. Skylt er orkuveitum, að olíusölum meðtöldum, að gefa upplýsingar um orkusölu til einstakra húseigna.

III. KAFLI

Um orkusparnað.

9. gr.

Orkustofnun skal gera áætlun um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað í húshitun. Í áætluninni skal gerð grein fyrir orkunotkun húsnæðis í landinu, möguleikum til orkusparnaðar, hagkvæmni einstakra aðgerða og heildarkostnaði miðað við tiltekin orkusparnaðarmarkmið.

10. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skal halda námskeið um þætti sem varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun.

11. gr.

Til fræðslu og upplýsingastarfsemi um orkusparnað skal verja árlega upphæð sem nemur a. m. k. ½ hundraðshluta af áætlaðri heildarupphæð olíustyrkja til einstaklinga skv. 3. gr.

12. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar og til að undirbúa aðgerðir, sem stuðlað geta að hagkvæmari orkunotkun.

13. gr.

Húsnæðismálastofnun er heimilt að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði, sem hitað er með olíu.

IV. KAFLI
Um nýtingu innlendra orkugjafa.

14. gr.

Orkustofnun skal í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Skal þar gera tillögur um árlegar framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983.

15. gr.

Til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu er heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

V. KAFLI
Um gildistöku og reglugerð.

16. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd II. kafla.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu greiðslur olíustyrks fyrir 2. ársfjórðung 1980 og síðar fara eftir ákvæðum þeirra. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 13/1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstjórninni heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1980.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Tómas Árnason.

Fylgiskjal VII

FRUMVARP TIL LAGA UM LEIÐRÉTTINGU ORKUVERÐS TIL ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.

(105. löggjafarþing, 204. mál, þskj. 363. Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.)

1. gr.

Verð á raforku frá Landsvirkjun til Íslenska álfélagsins h.f. samkvæmt rafmagnssamningi dags. 28. júní 1966 með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975 skal vera 12,5 mill á kWst (0.0125 bandaríkjadalir/kWst).

2. gr.

Ákvæði í 13. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins h.f. um orkuverð svo og önnur ákvæði í samningnum, sem fara í bága við ákvæði 1. gr. laganna, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi, þegar samningar hafa tekist milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun raforkuverðákvæðis rafmagnssamningsins, sem að framan greinir.

Sú endurskoðun skal byggjast á eftirfarandi:

a) Þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið;
b) Raforkuverði því, sem álver annars staðar í heiminum greiða;
c) Framleiðslukostnaði raforku hér á landi;
d) Heimsmarkaðsverði á áli.

4. gr.

Fari svo, að ekki náist samningar um endurskoðun raforkuverðákvæðis samkvæmt 3. gr. fyrir árslok 1983, skal stjórn Landsvirkjunar með stoð í þessum lögum ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill á kWst (0,015—0,020 bandaríkjadalir/kWst) frá og með 1. janúar 1984 og breytist verðið eftir það í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli, eins og það er skilgreint í ákvæðum 26.02 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. dags. 28. mars 1966 með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal VIII

FJÁRÖFLUN TIL AÐ JAFNA HÚSHITUNARKOSTNAÐ

Álit nefndar á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Með bréfi, dagsettu 30. september 1982, skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um framtíðarfjáröflun til að jafna húshitunarkostnað. Tekið var fram að við verkefni sitt væri nefndinni ætlað að hafa til hliðsjónar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 1982 og skýrslur unnar á vegum iðnaðarráðuneytisins um jöfnun upphitunarkostnaðar í áföngum. Einnig var vísað til skýrslu starfshóps ráðuneytisins: Athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf. frá júlí 1982.

Í nefndina voru skipaðir: Guðmundur Bjarnason alþm., Gunnar R. Pétursson rafvirki, Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm., Kjartan Ólafsson ritstjóri og skyldi hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfinu var og kveðið á um, að ritari nefndarinnar skyldi vera Gylfi Ísaksson verkfræðingur, sem jafnframt yrði nefndinni til ráðuneytis. Þá var fram tekið í bréfi ráðherra að gert væri ráð fyrir að nefndarmenn hefðu samráð við viðkomandi þingflokka varðandi mótun tillagna eftir því sem þeir teldu ástæðu til.

Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar hófust þann 1. október s.l., en sýnt er að tryggja þarf sérstaka fjáröflun eigi þær niðurgreiðslur að geta haldið áfram. Verði raforka til húshitunar ekki greidd niður á árinu 1983, þá má búast við að kostnaður við rafhitun hjá RARIK muni á því ári nema nálægt 100% af verði óniðurgreiddrar olíu til húshitunar (sjá fylgiskjal 9). Þetta sýnir hversu brýna nauðsyn ber til að tryggja með einum eða öðrum hætti niðurgreiðslur raforku til húshitunar og hefur ríkisstjórnin sett það mark að kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis verði eftir 1. maí 1983 eigi meiri en sem svarar um 60% af kyndingarkostnaði með óniðurgreiddri olíu. Slíkt skref til jöfnunar væri einnig í aðalatriðum í samræmi við niðurstöður í nefndaráliti frá apríl 1982 (nefnd á vegum viðskiptaráðuneytis) og niðurstöður í frumvarpi Þorvalds Garðars Kristjánssonar o. fl. frá 104. löggjafarþingi, 286. mál.

Áætlað er að miðað við verðlag í janúar 1983 muni þurfa um 100 m.kr. á ári (90 m.kr. á verðlagi í nóvember 1982) til þess að tryggja að þessu markmiði verði náð. Auk þess er reiknað með að greiða þurfi niður stofnkostnað hjá nokkrum hitaveitum í þessu skyni og samkvæmt lauslegu mati er talið að til þess þurfi um 6 m.kr. á ári í nokkur ár (5 m.kr. á verðlagi í nóvember 1982). (Sjá fylgiskjal 14).

Nefndin hefur fjallað um ýmsar leiðir til að afla fjár í þessu skyni og hafa umræður einkum beinst að eftirfarandi leiðum: Hækkun á orkuverði til stóriðju, orkujöfnunargjaldi samkvæmt lögum nr. 12/1980, orkuskatti og söluskatti.

Í fylgiskjölum, sem nefndarálitinu fylgja, kemur fram að heildsöluverð á raforku til almenningsveitna í landinu hefur að undanförnu verið um fimmfalt hærra en verð á raforku til álversins í Straumsvík. Mismunurinn er um 400%. Í niðurstöðum starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins, sem gert hefur sérstaka athugun á raforkuverðinu til Íslenska álfélagsins hf., kemur fram að eðlilegur munur þarna á milli væri hins vegar í kringum 50%. (Niðurstöður starfshópsins fylgja hér sem fylgiskjal 2).

Nefndin telur eðlilegt að raforkuverð til stóriðju verði hækkað verulega, og að stjórnvöld beiti öllum tiltækum ráðum í því skyni að tryggja framgang þeirrar kröfu nú hið allra fyrsta.

Nefndin leggur til að hluta þess fjármagns, sem þannig yrði aflað, verði varið til að tryggja lægra raforkuverð til húshitunar, þannig að kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis verði eigi hærri en sem nemur um 60% af kyndingarkostnaði með óniðurgreiddri olíu. Til að ná því marki þarf um það bil 100 m.kr. á ári miðað við verðlag í janúar 1983, eins og áður segir.

Nefndin telur að veruleg hækkun raforkuverðs til stóriðju sé æskilegasta leiðin í því skyni að tryggja fjármagn til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Meðan ekki hefur náðst árangur í þeim efnum verður *til bráðabirgða* að grípa til annarra úrræða.

Nefndin minnir á lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, er nemur 1,5% á söluskattsstofn. (Sjá fylgiskjal 12). Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum kemur fram að megintilgangur þeirra er að afla ríkissjóði fjár til að standa straum af kostnaði við greiðslu olíustyrks til húshitunar og til að styrkja orkusparandi aðgerðir, en skatturinn renni óskiptur í ríkissjóð. Samkvæmt fjárlögum 1983 er gert ráð fyrir að tekjur af orkujöfnunargjaldi nemi um 315 m.kr.

Nefndin telur nauðsynlegt að vandlega verði athugaðir allir möguleikar á því að ríkissjóður greiði af núverandi tekjum sínum þær 106 m.kr. á ári sem hér er lagt til að gangi til jöfnunar á kostnaði við húshitun meðan ekki hefur verið aflað tekna í þessu skyni með hækkun orkuverðs til stóriðju. Samkvæmt fjárlögum 1983 er nú þegar gert ráð fyrir 35 m.kr. niðurgreiðslu vegna rafhitunar auk 2,3 m.kr. vegna jöfnunar og lækkunar hitakostnaðar skv. lögum nr. 53/1980 (til hitaveitna), þannig að þegar er til fjárveiting fyrir hluta af áðurnefndum 106 m. kr. Auk þessa er í fjárlögum 1983 gert ráð fyrir olíustyrk að fjárhæð 29,2 m.kr. sem ekki er hluti af þeirri 106 m.kr. fjáröflun sem hér er gerð tillaga um.

Reynist ekki unnt að tryggja þannig greiðslur úr ríkissjóði, þá leggur nefndin til að ríkissjóður greiði helming fjárins, þ. e. 53 m.kr. yfir árið, en jafnhárrar upphæðar verði aflað með sérstökum orkuskatti og því fé einnig ráðstafað til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Orkuskatturinn verði lagður á alla notorku (sbr. skilgreiningu á notorku í fylgiskjali 14, bls. 46). Undanþegin orkuskatti verði þó orka til fiskiskipa og sú raforka sem nú er verðjöfnunargjaldskyld. Upphæð orkuskattsins verði sem svarar 0,75 aurar á kílóvattstund miðað við verðlag í janúar 1983. Seld notorka á árinu 1981 er áætluð 8 050 GWh, þegar orka til fiskiskipa og verðjöfnunargjaldskyld raforka hefur verið dregin frá. Nefndin telur að til greina komi að dýrar orkuveitur, t. d. þær sem ekki njóta niðurgreiðslna, fái endurgreiddan orkuskatt með einu eða öðru móti. Er skv. því ekki reiknað með orkuskattstekjum af um 700 GWh á ári til húshitunar.

Miðað við ofangreindar forsendur ætti sá orkuskattur, sem hér er gerð tillaga um, að gefa 53—55 m.kr. í tekjur á ári (verðlag í janúar 1983) og er það um helmingur þess fjár sem afla þarf svo að markmiði ríkisstjórnarinnar samkvæmt stefnuyfirlýsingu hennar frá 5. maí s.l. verði náð.

Á það skal bent að slíkur orkuskattur myndi t.d. hækka orkuverð til notanda hjá Hitaveitu Reykjavíkur um svo sem 5% og nokkru minna ef leyfð verður hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur sem nefndin telur eðlilegt að hitaveitan fái (sjá nánar fylgiskjal 14).

Nefndin bendir einnig á þann möguleika að í stað orkuskatts verði söluskattur hækkaður og samsvarandi fjárupphæðar aflað með þeim hætti í sama tilgangi. Verði sú leið valin þyrfti söluskattur að hækka um tæplega 0,3 prósentustig, og er þá eins og áður miðað við að ríkissjóður greiði álíka upphæð á ári til jöfnunar húshitunarkostnaðar af sínum núverandi tekjum.

Gert er ráð fyrir að öll skattheimta í þessu skyni og sérstakar greiðslur ríkissjóðs falli niður þegar framtíðarfjáröflun hefur verið tryggð með hækkun orkuverðs til stóriðju.

Nefndin hefur haldið 14 fundi og telur sig nú hafa lokið störfum. Með nefndarálitinu leggjum við fram fylgiskjöl nr. 1—21, sbr. efnisyfirlit. Vakin er athygli á því að útreikningar í

fylgiskjölum miðast við verðlag í nóvember 1982, en tölur í nefndarálitinu eru miðaðar við verðlag í janúar 1983.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur fyrirvara sem hér segir:

Það er lagaskylda að ráðstafað sé fjármagni, sem aflað er með orkujöfnunargjaldi skv. lögum nr. 12/1980, eftir því sem með þarf til jöfnunar hitunarkostnaðar. Þess vegna er hvorki rétt né nauðsynlegt að leggja nýja skatta á til að mæta þessum þörfum, hvort heldur er orkuskattur eða söluskattur. Ráðagerðin um ráðstöfun á hluta af auknum tekjum Landsvirkjunar af orkusölu til stóriðju er nú hvorki tímabær né raunhæf, enda koma þær tekjur í góðar þarfir engu síður og raunar mest um vert að láta einskis ófreistað til að ná hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins hf.

Reykjavík, 28. janúar 1983.

Kjartan Ólafsson ritstjóri, formaður.
Guðmundur Bjarnason alþm.
Gunnar R. Pétursson rafvirki.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm.

Fylgiskjal IX

SKIPUNARBRÉF ORKUSPARNAÐARNEFNDAR

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli, Reykjavík
27. ágúst 1981.

Hr. Björn Marteinsson verkfræðingur
Nesvegi 48
107 Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að vinna að orkusparnaði og hagkvæmri orkunotkun. Nefnd þessi tekur við störfum orkusparnaðarnefndar, sem skipuð var með bréfi ráðuneytisins hinn 2. ágúst 1979.

Í nefndina hafa verið skipaðir frá 10. ágúst 1981 að telja:
Björn Friðfinnsson fjármálastjóri, formaður,
Björn Marteinsson verkfr., varaformaður,
Ólafur Eiríksson tæknifræðingur,
Bergsteinn Gissurarson verkfræðingur,
Ingjaldur Hannibalsson verkfræðingur.
Ritari nefndarinnar verður Jón Ingimarsson verkfræðingur.

Nefndinni er m.a. ætlað að vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Að gera tillögur til ráðuneytisins um orkusparnað og hagkvæmari orkunotkun á húshitun, atvinnurekstri og samgöngum og stýra aðgerðum á þessum sviðum.
2. Að fylgjast með starfi annarra aðila á þessu sviði og nýjungum í orkusparnaði jafnt hér á landi sem erlendis.
3. Að skipuleggja fræðslu og miðla upplýsingum um orkusparnað til almennings og vera sveitarfélögum og fyrirtækjum til ráðgjafar um orkusparnað og hagkvæma orkunotkun.
4. Að leita samstarfs við skóla og stofnanir, sem vinna að fræðslumálum, um eflingu þeirra fræðsluþátta sem glætt geta áhuga og skilning á orkusparnaði.
5. Að fjalla um önnur atriði sem nefndin telur að hafi þýðingu varðandi orkusparnað og aukna hagkvæmni í orkunotkun.

Nefndin getur haft forgöngu um að koma á fót starfshópum um einstaka þætti á sviði orkusparnaðar, enda liggi fyrir samþykki ráðuneytisins varðandi kostnað af slíku starfi sem og öðrum aðgerðum er nefndin beitir sér fyrir.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður ákveðin af þóknananefnd.

Þér eruð hér með skipaður í ofangreinda nefnd.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Fylgiskjal X

REGLUR UM LÁNVEITINGAR HÚSNÆÐISSTOFNUNAR RÍKISINS TIL ORKUSPARANDI ENDURBÓTA Á ÍBÚÐARHÚSUM

1. Þær orkusparandi endurbætur, sem hér um ræðir, teljast þær breytingar á íbúðarhúsnæði sem leiða til lækkunar á kyndikostnaði.
2. Áformað er að veita einstaklingum lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði sem hitað er með olíu eða rafmagni (beint eða með fjarvarmaveitu) og mun ekki tengjast hitaveitu (jarðvarmaveitu) innan þriggja ára. Lán verða einnig veitt til endurbóta á íbúðarhúsnæði á þeim hitaveitusvæðum þar sem hitunarkostnaður 400 m^3 viðmiðunarhúss er hærri en 85% af hitunarkostnaði olíuhitaðs húss samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
3. Lágmarkslán verður kr. 10 000,00 miðað við verðlag 1. janúar 1981, enda nemi kostnaðaráætlun tæknideildar Húsnæðisstofnunarinnar við fyrirhugaðar endurbætur eigi lægri fjárhæð en 20 000,00 krónum.
4. Skilyrði fyrir lánveitingu eru:
   a) Að íbúðin hafi hlotið samþykki byggingarnefndar, hún hafi samþykkt orkusparandi endurbætur og jafnframt staðfest að húsið njóti fullkominna lóðarréttinda í 11 ár að minnsta kosti, enda sé um heils árs íbúð að ræða.
   b) Að kröfum byggingarreglugerðar um gerð og frágang einangrunar sé fylgt við endurbætur á þeim húshluta eða húshlutum sem sótt er um lán til.
   c) Að sótt sé um lán til fyrirhugaðra endurbóta og fram fari skoðun húss af hálfu trúnaðarmanns tæknideildar Húsnæðisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 8. gr. þessara reglna.
Hraungerðishreppur	10	770
Villingaholtshreppur	33,5	
Skeiðahreppur	(37,5)	
Hrunamannahreppur	16	
Biskupstungnahreppur	(39,5)	
Laugardalshreppur (Laugarvatn)	(15)	
Grímsneshreppur	43	
Þingvallahreppur	4	
Grafningshreppur	(5)	
Ölfushreppur (Þorlákshöfn)	(43)	
Selvogshreppur	(13,5)	
Samtals	309	770

Fjöldi olíustyrkja er því alls 12 079 á 3. ársfjórðungi 1983. Til samanburðar má geta þess að fjöldi olíustyrkja á 3. ársfjórðungi 1982 var alls 15 610. Stærð skólahúsnæðis, hitað með olíu, er alls 188 413 rúmmetra á 3. ársfjórðungi 1983, en var um 200 000 rúmmetrar á 3. ársfjórðungi 1982.

Ef reiknað er með að meðaltali 4 styrkjum á hverja íbúð má gera ráð fyrir að greiddir séu olíustyrkir til u. þ. b. 3000 íbúða, samanborið við á að giska 3900 íbúðir á sama tíma í fyrra.

Þess má geta að olíustyrkur á 3. ársfjórðungi er 910 kr. og 3,02 kr. fyrir hvern rúmmetra skólahúsnæðis.

Í síðari liðunum tveim er spurst fyrir um hversu margir olíunotendanna gætu nú þegar fengið tengingu við orkuveitur og hversu margir gætu fyrst fengið slíka tengingu á næsta ári eða síðar.

Nýjasta yfirlitið hér um var unnið á vegum Rafmagnsveitna ríkisins s. l. vor. Við könnunina var stuðst við skrár frá viðkomandi sveitarfélögum. Hér fara á eftir niðurstöður þeirrar könnunar, skipt eftir rekstrarsvæðum Rafmagnsveitna ríkisins. Einnig fylgir sams konar yfirlit frá Orkubúi Vestfjarða.

Kemur þar fram hverjir þeirra aðila, sem njóta olíustyrks, hafa þegar fengið rafhitaleyfi, hverjir geta fengið rafhitun nú þegar eða á yfirstandandi ári, svo og hverjir geta ekki fengið rafhitakerfi fyrr en 1984 eða síðar.

Yfirlit Rafmagnsveitna ríkisins er dagsett 24. maí 1983 og nær til Vesturlands, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands og Suðurlands. Yfirlit Orkubús Vestfjarða er dags. 25. febr. 1983 og nær til Vestfjarða.

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Vesturland				
Hreppar				
Kjósarhreppur	1	9		
Hvalfjarðarstrandarhr.	8	5		
Skilmannahreppur		3		
Leirár- og Melahr.	1	1		
Andakílshr.		3		
Skorradalshr.	2	2		
Lundarreykjadalshr.		2		
Reykholtsdalshr.	1	3		
Norðurárdalshr.	1	7		
Stafholtstungnahr.	4	8		
Borgarhreppur	2	3		
Álftaneshreppur	2	5		
Hraunhreppur	2	1		
Kolbeinsstaðahr.		3		
Eyjahreppur		3		
Staðarsveit		3		
Breiðuvíkurhreppur		9		
Neshreppur	12	57	6	
Ólafsvíkurhreppur	7	101	42	
Helgafellssveit	3	3		
Stykkishólmshreppur	3	79	38	
Skógarstrandarhreppur	1	3		2
Hörðudalshreppur		5		
Miðdalahreppur		13		
Haukadalshreppur	4	5		
Laxárdalshreppur		32		
Klofningshreppur	1	1		
Skarðshreppur	1	1		
Saurbæjarhreppur	4	3		
Fellsstrandarhreppur	2	4		
Hálsahreppur		4		
Eyrarsveit	9	75		
Innri-Akraneshreppur	1	5*)		
Hvammshreppur	2	2		
Samtals	74	428	86	2
Vestfirðir			Undanskilið	
A-Barðastrandarsýsla				
Geiradalshreppur	A			
Reykhólahreppur	A			

*) Talið með A nema 170 olíustyrkir

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Gufudalshreppur	A			
Múlahreppur	C			
Flateyjarhreppur	C			
V-Barðastrandarsýsla				
Barðastrandarhreppur	B			
Rauðasandshreppur	B			
Patrekshreppur	B*)			
Tálknafjarðarhreppur	B			
Ketildalahreppur	B			
Suðurfjarðahreppur (Bíldudalur)	B			
V-Ísafjarðarsýsla				
Auðkúluhreppur	C			
Þingeyrarhreppur	A			
Mýrahreppur	A			
Mosvallahreppur	A			
Flateyrarhreppur	B			
Suðureyrarhreppur	A			
N-Ísafjarðarsýsla				
Súðavíkurhreppur	A			
Ögurhreppur	B			
Reykjarfjarðarhreppur	B			
Nauteyrarhreppur	B			
Snæfjallahreppur	B			
Strandasýsla				
Árneshreppur	B			
Kaldrananeshreppur	B			
Hrófbergshreppur	B			
Hólmavíkurhreppur	A			25 hús
Kirkjubólshreppur	B			
Fellshreppur	B			
Óspakseyrarhreppur	B			
Bæjarhreppur (Borðeyri)	B			

Skýringar:
A — Mögulegt að taka inn rafhitun að fullu á árinu 1983.
B — Mögulegt að taka inn rafhitun að hluta á árinu 1983.
C — Illmögulegt að taka inn rafhitun á árinu 1983.

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Norðurland vestra				
Staðarhreppur	1	1		
Fremri-Torfustaðahr.	2			2
Ytri-Torfustaðahr.	1	6		
Kirkjuhvammshreppur	3	12		
Þorkelshólshreppur	3	3		
Áshreppur	1	9		
Sveinsstaðahreppur	3	12		
Torfalækjarhreppur	2	4		
Bólstaðarhlíðarhreppur		8		
Vindhælishreppur		3		
Skagahreppur	5			12
Staðarhreppur	2	3		
Seyluhreppur	5	15		
Lýtingsstaðahreppur	16	(+)		

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Akrahreppur	4		27	
Viðvíkurhreppur	1			4
Rípurhreppur			6	
Hólahreppur	1			5
Hofsóshreppur	3			39
Holtshreppur	2		7	
Haganeshreppur			7	
Skarðshreppur		4		
Engihlíðarhreppur		4		
Skefilsstaðahreppur		5		
Svínavatnshreppur		3		
Höfðahreppur	8	49		
Samtals	63	141	61	48
(+) Hægt að koma á rafhitun norðan við Breið. Styrking nauðsynleg sunnan við Breið.		25		
Samtals	63	166	61	48
Norðurland eystra				
Svarfaðardalshreppur	16	32		
Dalvíkurhreppur	1	2		
Árskógshreppur	5	35		
Arnarneshreppur	16	13		
Skriðuhreppur	10	2		
Glæsibæjarhreppur	28	16		
Hrafnagilshreppur	5	5		
Saurbæjarhreppur	9	5		
Öngulsstaðahreppur	6	1		
Svalbarðsstrandarhr.	10	6		
Grýtubakkahreppur	5	33		
Hálshreppur	4	3		
Ljósavatnshreppur	11	11		
Bárðdælahreppur	2			8
Skútustaðahreppur	6	6		
Reykdælahreppur	1	2		
Aðaldælahreppur	4	5		
Tjörneshreppur		4		
Kelduneshreppur				3
Öxarfjarðarhreppur				8
Fjallahreppur	—	—	—	—
(Hólsfjallaáætlun)				
Presthólahreppur	4			18
Raufarhafnarhreppur	2			11
Svalbarðshreppur	2			2
Sauðaneshreppur				2
Þórshafnarhreppur	2			16
Ólafsfjarðarhreppur	3	5		
Samtals	152	181		68
Austurland				
Skeggjastaðahreppur				9
Fljótsdalshreppur	8	9		
Fellahreppur	5	5		
Seyðisfjarðarhreppur				1
Skriðdalshreppur	1	1		
Vallahreppur	6	17		

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Eskifjarðarhreppur	10	90		
Reyðarfjarðarhreppur	3	1		
Búðahreppur	7	43		
Stöðvarhreppur	1	5		
Búlandshreppur		31		
Geithellnahreppur	2	1		
Nesjahreppur	5	18		
Borgarhafnarhreppur	9			5
Fáskrúðsfjarðarhreppur		1		
Jökuldalshreppur	2	3		
Borgarfjarðarhreppur	3			30
Tunguhreppur	13	1		
Vopnafjarðarhreppur	6	54		
Beruneshreppur		1		
Breiðdalshreppur	7	11		
Mýrahreppur	1	2		
Hofshreppur	6			7
Hjaltastaðahreppur	9	7		
Eiðahreppur	5	6		
Samtals	109	307		52
Suðurland				
Hörglandshreppur	1			6
Kirkjubæjarhreppur	5		17	
Álftaversshreppur	4		3	
Austur-Eyjafjallahr.	6	5		
Vestur-Eyjafjallahr.	7	7		
Austur-Landeyjahr.	10			3
Fljótshlíðarhreppur	22	19		
Hvolhreppur	5	60		
Landmannahreppur	18	3		
Djúpárhreppur	11	27		
Gaulverjabæjarhreppur	1	2		
Sandvíkurhreppur	1	2		
Hraungerðishreppur	1	4		
Villingaholtshreppur	2	7		
Skeiðahreppur	6	3		
Laugardalshreppur		3		
Ölfushreppur	1	10		
Selvogshreppur		4		
Hvammshreppur	9	50		
Dyrhólahreppur	13	9		
V-Landeyjahreppur	9			12
Rangárvallahreppur	5	12		
Holtahreppur	13	8		
Ásahreppur	12	4		
Hrunamannahreppur	2	2		
Grímsneshreppur	2	8		
Þingvallahreppur		1		
Grafningshreppur		1		
Leiðvallarhreppur	2			5
Samtals	171	263	20	26

Fyrirtækið Fjarhitun framkvæmdi könnun (forathugun) í febrúar á þessu ári, á möguleikum þeirra sem fengu olíustyrk, til að fá tengingu við orkuveitur. Niðurstaðan var sú að af á að giska 3500 íbúðum, kyntum með olíu, þyrfti að líkindum að fresta upphitunarbreytingu á 1500—1600 vegna ástands rafkerfis ann-

ars vegar og hugsanlegrar hitaveitu hins vegar. Hinir gætu átt kost á tengingu á þessu og næsta ári.

Framangreind könnun Rafmagnsveitna ríkisins náði til 2177 notenda og samkvæmt henni geta 1 981, eða u. þ. b. 90% átt kost á rafhitun á þessu og næsta ári. Yfirlit Orkubús Vestfjarða bendir til sams konar niðurstöðu. Þann fyrirvara verður þó að gera að könnun þessara aðila náði ekki til allra sveitarfélaga á orkuveitusvæði þeirra þar sem kynt er með olíu.

Fylgiskjal XVI

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
SAMANBURÐUR HITAKOSTNAÐAR JUNI 84 — AÆTLAÐUR ARLEGUR HITAKOSTNAÐUR
26.06.84/KH/gh:niðurgrd — 400 RUMMETRA IBUÐAR NR 10

HUSHITUN		KOSTN SKV. GJALDSKRA KR/ARI	AF ONIÐUR-GR. OLIU %	MEÐALVERÐ KR PR. kWH
1. HITAVEITUR				
.01 Reykjavik		12420	25	.38
.02 Seltjarnarnes		11460	23	.35
.03 Mosfellshreppur		10354	21	.32
.04 Bessastaðahreppur		30008	61	.91
.05 Suðurnes		21781	44	.66
.06 Þorlakshöfn		26052	53	.79
.07 Eyrar		37066	75	1.13
.08 Selfoss		12222	25	.37
.09 Hveragerði		6962	14	.21
.10 Laugaras		9000	18	.27
.11 Fluðir		8860	18	.27
.12 Brautarholt		4800	10	.15
.13 Vestmannaeyjar		29688	60	.91
.14 Akranes og Borgarfj		34608	70	1.06
.15 Reykholar		3831	8	.12
.16 Suðureyri		29425	59	.90
.17 Hvammstangi		17544	35	.53
.18 Blönduos		31099	63	.95
.19 Sauðarkrokur		9324	19	.28
.20 Siglufjörður		30972	63	.94
.21 Olafsfjörður		14666	30	.45
.22 Dalvik		11261	23	.34
.23 Hrisey		34662	70	1.06
.24 Akureyri		34800	70	1.06
.25 Husavik		8134	16	.25
.26 Reykjahlið		13510	27	.41
.27 Egilstaðir		29437	59	.90
.28 Rangæinga		36636	74	1.12
2. VARMAVEITUR				
.01 Orkubu Vestfja	MN	27262	55	.83
	AN		85	1.29
.02 Seyðisfjörður	MN	27224	55	.83
	AN		85	1.29
.03 Höfn Hornaf.	MN	26928	54	.82
	AN		85	1.28
3. RAFHITUN				
.01 Vestmannaeyjar	MN	26288	53	.80
	AN		73	1.10
.02 Akranes		31320	63	.95
.03 Orkubu Vestfja	MN	27126	55	.83
	AN		90	1.36
.04 Siglufjörður	MN	27224	55	.83
	AN		79	1.20
.05 Akureyri		35318	71	1.08
.06 Reyðarfjörður	MN	27258	55	.83
	AN		84	1.27
.07 Rafmagnsveitur	MN	27258	55	.83
rikisins	AN		90	1.36
4. OLIUHITUN				
.01 An oliustyrks		49560	100	1.51
.02 Með oliustyrk		35000	71	1.07

FORSENDUR SJA NÆSTA BLAÐ MN: Með niðurgreiðslum AN: An niðurgreiðslna
SIÐASTA BREYTING: HÆKKUN OLIUVERÐS UM 4,7% I JUNI 1984


FORSENDUR:

1)Husnæði miðast við husstærð	400	rumm 4 ibuar
2)Orkunotkun hitav. og rafhita	82	kWh/rumm./ari
3)Oliunotkun 60% arsmeðalnytni:	13.50	l/rumm/ari
+ raforkukostn. og fastur kostn:	1500	kr/hus
4)Oliustyrkur 4 manna fjölsk(910):	14560	kr/ari
5)Oliuverð	8.90	kr/l
gjaldskrar rafveitna 1. mai 1984		%
7)Gjaldskrar hitaveitna 1. mai 1984		
8)Hækkun Landsvirkjunar 01.05.84		
9)Hitaveita Egilsstaða hækkun hitastigs i 70 stig		

(DNADARRADUNEYTID

SAMANBURDUR HITAKOSTNADAR JUNI 84

26.06.84/KH/gh:niðurgrd BLAD 3 AF 3



Fylgiskjal XVII

Fjarhitun hf — verkfræðistofa:

ÚTREIKNINGUR VEGNA TILLÖGU UM LÆKKUN HITUNARKOSTNAÐAR
(október 1984.)

Forsendur útreikninga:

1. Gjaldskrár orkuveitna og olíuhitunar í október 1984.
2. Yfirlitstafla : Orkusala til húshitunar (október 1984), fylgiskjal 1.
3. Hámark kostnaðar við hitun meðalíbúðar (400 m^3) samsvari 6 vikna launum samkvæmt dagvinnutekjutryggingu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar eða

$$6 \times 2\,980 = 17\,880 \text{ kr./ári.}$$

Tilsvarandi orkuverð miðað við 32 800 kWst. á ári fyrir 400 m^3 hús er

$$\frac{17\,880}{32\,800} = 0{,}55 \text{ kr./kWst. fyrir raforku og hitaveitu}$$

Reiknað er með að meðalorkuverð fyrir olíuhitun verði um 10% hærra.

4. Orkuverð til húshitunar án niðurgreiðslu:

RARIK og Orkubú Vestfjarða	1,36	kr./kWst.
R/O — hitaveitur	1,29	,,
Bæjarrafveitur (4. og 5. fl.)	1,00	,,
Dýrar hitaveitur (2. og 3. fl.)	1,01	,,

Olíuhitun : 8,90 kr./l. + 1500 kr./hús/ári

Kostnaðaráætlun:

	Íbúðir Mkr.	Atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði Mkr.
RARIK, Orkubú Vestfjarða (raforka) (6. fl.)		
Íbúðir: 290 GWst/a × (1,36–0,55)	235	
Annað húsrými: 70 GWst/a × (1,36–0,55)		57
R/O hitaveitur (6. fl.)		
Íbúðir: 50 GWst/a × (1,29–0,55)	37	
Annað húsrými: 10 GWst/a × (1,29–0,55)		7
Bæjarrafveitur (4. og 5. fl.)		
Íbúðir: 80 GWst/a × (1,00–0,55)	36	
Annað húsrými: 30 GWst/a × (1,00–0,55)		14
Dýrar hitaveitur (2. og 3. fl.)		
Íbúðir: 450 GWst/a × (1,01–0,55)	207	
Annað húsrými: 210 GWst/a × (1,01–0,55)		97
Niðurgreiðsla hjá rafveitum og hitaveitum samtals	515	175

Olíuhitun (7. fl.)

Óniðurgreitt orkuverð við hitun íbúða með olíu er talið vera 1,51 kr./kWst. en 1,25 kr/kWst. fyrir annað húsrými. Af 130 GWst/a orkunotkun íbúða er áætlað að 30 GWst/a sé notkun umfram 13,5 l/m³/ári og að fjórðungur orkunotkunar annars húsrýmis sé notkun umfram 10 l/m³/ári sem er talin vera tilsvarandi orkuþörf (og 13,5 l/m³/ári við hitun íbúða). Meðalorkuverð olíuhitunar er samkvæmt forsendum kostnaðaráætlunar 0,60 kr./kWst. eftir niðurgreiðslur sem er um 10% hærra en við rafhitun.

	Íbúðir Mkr.	Atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði Mkr.
Íbúðir 100 GWst/a × (1,51–0,60)	91	
Annað húsrými 60 GWst/a × (1,25–0,60)		39

Heildarkostnaður:

Íbúðir	606 Mkr.
Atvinnuhúsnæði og félagslegt húsnæði	214 Mkr.*
Alls	820 Mkr.

* Félagslegt húsnæði er lauslega áætlað um þriðjungur af þessari tölu.

Kostnaðaráætlunin er miðuð við áætlun um orkusölu sem gerð var fyrri hluta ársins 1984 og gæti lækkað lítillega samfara orkusparnaði.

Nd. 53. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgr. er orðist svo:

Nú verður því hjóna, sem á lífi er, ekki veitt heimild til setu í óskiptu búi af ástæðum, er greinir í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, og þrátt fyrir ákvæði 14. og 16. gr. laga þessara skulu skipti þó ekki taka til íbúðarhúsnæðis sem eftirlifandi maki býr í, né til húsmuna hans, nema hann óski sjálfur að búinu sé skipt að öllu leyti, enda uppfylli hann skilyrði 8. gr. og hafi ekki gengið í hjúskap að nýju, sbr. 13. gr. Eftirlifandi maki, sem þannig öðlast umráðarétt yfir íbúðarhúsnæði og húsmunum, hefur ekki eignarráð né ráðstöfunarrétt þeirra eigna eins og um setu í óskiptu búi væri að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Breyting sú sem lögð er til felur í sér að *eftirlifandi maki eigi ævinlega rétt til að halda eigin heimili, þ. e. a. s. íbúðarhúsnæði sínu ásamt þeim húsmunum sem þar voru við lát maka þó að búskipta sé krafist á öðrum eignum búsins.*

Það hefur lengi verið ljóst að við lát maka geta skapast miklir erfiðleikar hjá eftirlifandi maka ef erfingjar gera kröfu um búskipti. Mörg dæmi eru um að makinn, sem eftir lifir, verður að yfirgefa heimili sitt og húsmuni svo að við persónulegan missi bætist fjárhagslegt öryggisleysi sem ekki síst verður þungbært þeim sem nokkuð eru orðnir við aldur. Þennan vanda telja flutningsmenn ofanskráða breytingu á erfðalögum leysa, yrði hún að lögum.

Með bréfi, dags. 1. mars 1956, fól þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þeim Ármanni Snævarr prófessor og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frumvarp til erfðalaga, en upphaf þess máls var samþykkt nefndar um norræna lagasamvinnu árið 1953 um að þeirra áskorun væri beint til dómsmálaráðherra Norðurlanda að erfðalöggjöf landanna yrði endurskoðuð. Samningu frumvarpsins var lokið árið 1960. Var það síðan þýtt og höfundar frumvarpsins sátu fundi með nefndum frá hinum löndunum þar sem breytingar voru gerðar á frumvörpum og samræming fór fram. Að þessu verki loknu var talið að verulega hefði áunnist í átt til samræmingar, en vissulega hefur hver þjóð sérstöðu um ýmis atriði, m. a. um óskipt bú.

Íslenska frumvarpið varð að lögum árið 1962 og hafa engar breytingar verið gerðar á þeim síðan, enda var mjög til þeirra vandað. Sú breyting, sem hér er lögð til, felur í sér, að eftirlifandi maki eigi rétt til setu í eigin heimili þó að skipta sé krafist að öðru leyti. Frá árinu 1962 hefur aukist mjög fjöldi þeirra eftirlifandi maka sem búa í eigin húsnæði, svo að um verulega fjármuni getur verið að ræða fyrir erfingja. Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið vegna könnunar á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins, bjuggu árið 1979 85,5% Reykvíkinga í eigin húsnæði, en um 63% í kringum 1960. Er hér því um að ræða 22% aukningu á eigin húsnæði í Reykjavík á umræddu tímabili, eða frá því að lögin voru sett.

Við gerð núgildandi laga var réttur eftirlifandi maka rýmkaður verulega, og er því frumvarp þetta í fullu samræmi við anda þeirra. Núgildandi lög juku erfðahlut eftirlifandi maka úr ¼ hlut eigna í ⅓ hluta. Þá var svo kveðið á að skiptaráðandi skuli taka tillit til hagsmuna barna og maka þegar metið er hvort leyfi til setu í óskiptu búi skuli veitt, en áður hafði aðeins verið tekið tillit til hagsmuna barna.

Frumvarp þetta hlaut nokkra umfjöllun í hv. allsherjarnefnd Nd. á síðasta þingi og voru ýmsir kunnáttumenn um erfðalög kallaðir til. Efnislega nýtur frumvarpið fylgis en athugasemdir komu fram um að framkvæmd yrði erfið. Ekki er þó sýnt að framkvæmd á núgildandi lögum sé einföld, enda ljóst að engin lög geta náð til allra tilvika sem upp kunna að koma í svo viðkvæmum samskiptum manna. Reglugerðir um nánari ákvæði hljóta að verða að leysa þann vanda.

Helsta athugasemd við efni frumvarpsins, sem fram kom, var sú að frumvarpið gæti gengið gegn fyrirmælum hins látna, þ. e. a. s. að réttur bréferfingja væri rýrður, svo og auðvitað réttur lögerfingja til kröfu um búskipti. Það er einmitt megininntak frumvarpsins að tryggja rétt eftirlifandi maka og það verður ekki gert nema á kostnað annarra erfingja. Hér verða menn að taka afstöðu til hverra hagsmuni þeir vilja tryggja. Frumvarpið er fram lagt til þess að tryggja hagsmuni þess erfingja sem mest hefur lagt til búsins, þ. e. eftirlifandi maka.

Samkvæmt núgildandi lögum á eftirlifandi maki langstærstan hluta í búinu. Hann á í fyrsta lagi helming búsins og erfir síðan ⅓ hluta en niðjar ⅔ hluta af helmingi eignanna. Bréferfingi getur aldrei eignast nema ⅓ af eigum arfláta, þ. e. hins látna. Það verður því að teljast óeðlilegt að þeir, sem svo lítinn hluta búsins erfa, geti með árs fyrirvara, hvenær sem er, krafist skipta á búinu öllu og jafnvel gert aðalerfingja ófært að halda eigin heimili.

Hér er á engan hátt gengið á endanlegan erfðarétt annarra erfingja en makans heldur er skiptum á heimili hins eftirlifandi maka einungis frestað. Allar reglur erfðalaganna gilda áfram um að eignirnar verði ekki rýrðar og verður það nánar skýrt í framsöguræðu.

Leyfi til að sitja í óskiptu húsnæði samkvæmt frumvarpinu verður ekki veitt ef búið er gjaldþrota eða í ljós kemur að eignir hrökkva ekki fyrir skuldum. Ef eignir bús hrökkva hins

vegar fyrir skuldum er eðlilegt að þær eignir, sem umfram eru íbúðarhúsnæði og nauðsynlegustu búshluti eftirlifandi maka, gangi til greiðslu á skuldum. Verði einhverjar skuldir ógreiddar þá og séu áhvílandi veðskuldir á húsnæðinu hljóta eftirlifandi maki og erfingjar að bera sameiginlega ábyrgð á þeim skuldum. Frumvarpið gerir með öðrum orðum ráð fyrir því að sú kvöð verði lögð á erfingja að eiga sameiginlega með eftirlifandi maka ákveðna fasteign og innanstokksmuni í einhvern ótiltekinn tíma meðan eftirlifandi maki hefur búseturétt. Maki er í öllum tilvikum langstærsti eigandi eignarinnar sem helmingseigandi að félagsbúinu.

Með tilliti til þess að lífaldur manna lengist sífellt samfara betra heilbrigðisástandi í landinu verður að telja það þjóðfélaginu fyrir bestu að fólk geti sem lengst búið á eigin heimilum í stað þess að verða að flytja á heimili eða stofnanir fyrir aldraða þegar maki fellur frá, en sú er stundum raunin vegna eindreginnar kröfu um búskipti. Íslendingar hafa þá sérstöðu í heimi atvinnuleysis og kreppu að aldrað fólk fær hér mun lengur tækifæri til að taka þátt í atvinnulífi þjóðarinnar, og löggjafinn hefur unnið markvisst að því að sú sérstaða haldist. Öllum þeim, sem að málefnum aldraðra vinna, kemur saman um, að því lengur sem menn séu virkir þátttakendur í samfélaginu þeim mun lengur endist þeim líf og heilsa. Og búseta á eigin heimili ætti að vera frumréttur hins aldraða svo lengi sem hann er fær um að annast það með þeirri þjónustu sem völ er á. Þarf vart að benda á þann sparnað sem fólginn er í því að aldrað fólk sé virkir þátttakendur í atvinnulífinu og búi á eigin heimilum í stað þess að dveljast á opinberum stofnunum. Enginn vafi er á að konur eiga frekar undir högg að sækja þegar búskipta er krafist við lát maka. Enn þá er það svo að mun stærri hópur þeirra hefur verið fyrir utan atvinnulífið og því eiga þær erfiðara með að breyta lífsháttum sínum og byggja upp nýtt heimili. Enda er það svo að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra, sem á biðlistum eru á stofnunum fyrir aldraða, eru einmitt konur. Meðallífaldur karla á Íslandi er auk þess nokkru styttri en kvenna.

Að lokum skal þess getið að nefnd sú, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði árið 1981 til þess að gera tillögur um samræmingu í skipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða og annast undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg sumarið 1982 — en formaður nefndarinnar var Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, — nefndi breytingu á erfðalögum í þá veru, sem hér er gert ráð fyrir, sem tillögu til úrbóta í málefnum aldraðra.

Í yfirlitsgrein um erfðarétt í tímaritinu Úlfljóti 1978 hefur Guðrún Erlendsdóttir dósent gert þessu máli skil og hníga rök hennar mjög að efni þessa frumvarps.

Þá hefur verið upplýst að erfðalögin séu nú í endurskoðun. Trú flutningsmanna er að sú endurskoðun geti tekið langan tíma og því sé nauðsynlegt að stöðva nú þegar það óréttlæti, sem nú getur viðgengist við búskipti.

Um 1. gr.

Í 1., 2. og 3. mgr. 7. gr. er að finna heimild erfðalaga fyrir eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi. Samkvæmt 1. mgr. er þessi réttur fyrir hendi ef um er að ræða ófjárráða niðja beggja, nema hinn látni hafi mælt öðruvísi fyrir í erfðaskrá. Í 2. mgr., þegar um er að ræða ófjárráða niðja hins látna sem eigi eru niðjar hins, er þessi réttur fyrir hendi nema hinn látni hafi meinað það með erfðaskrá. Í 3. mgr. er réttur til setu í óskiptu búi háður samþykki niðja eða stjúpniðja ef þeir eru fjárráða. Réttur til setu í óskiptu búi er þannig takmarkaður og háður vilja hins látna eða samþykki fjárráða niðja eða stjúpniðja.

Samkvæmt 14. gr. laganna geta fjárráða niðjar eða stjúpniðjar krafist skipta sér til handa ef leyfi til setu í óskiptu búi var veitt meðan þeir voru ófjárráða. Sömuleiðis getur fjárráða erfingi, sem samþykkt hefur setu í óskiptu búi, krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara. Samkvæmt 16. gr. laganna geta erfingjar látins erfingja, aðrir en ófjárráða niðjar hans og ófjárráða systkin, krafist skipta með sama skilyrði og hinn látni erfingi. Ef stjúpbarn andast og lætur eftir sig ófjárráða niðja eða ófjárráða systkin, sem erfðahluta eiga

í hinu óskipta búi, getur skiptaráðandi samþykkt að erfðahlutur þeirra eftir stjúpbarnið verði áfram í búinu. Aðrir erfingjar látins stjúpbarns geta þegar í stað krafist skipta sér til handa.

Með þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að í öllum þessum tilvikum, bæði þegar eftirlifandi maki fær ekki leyfi til setu í óskiptu búi vegna þess að fyrirmæli hins látna eru á annan veg eða samþykki fjárráða niðja er ekki fyrir hendi og í þeim tilvikum, sem greinir í 14. og 16. gr., hafi eftirlifandi maki, þrátt fyrir skipti, afnotarétt íbúðarhúsnæðis og húsmuna, nema hann óski sérstaklega eftir að búinu verði skipt, enda uppfylli hann skilyrði 8. og 13. gr. laganna. Afnotarétti eftirlifandi maka fylgja þess vegna ekki eignarráð eða ráðstöfunarréttur eins og um óskipt bú væri að ræða.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um endurmat á störfum kennara.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er vinni að endurmati á störfum kennara. Nefndin skili niðurstöðum sem allra fyrst og eigi síðar en 6 mánuðum eftir samþykkt þessarar tillögu.

Greinargerð.

Á árunum frá 1963 og fram yfir 1970 fór fram mat á störfum opinberra starfsmanna. Þegar starfsmat þetta lá fyrir kom þegar fram megn óánægja með það meðal kennara og þá einkum vegna þess hve þáttur ábyrgðar í starfi kennara var lítils metinn.

Í starfsmati þessu kom skýrt fram að ábyrgð á peningum var metin til hærri launa en ábyrgð á uppeldi og fræðslu barna og unglinga. Auðgildið var með öðrum orðum sett ofar manngildinu. Til stuðnings þessari fullyrðingu má nefna sem dæmi að í stigsetningu starfsheita samkvæmt starfslýsingu fengu útsölustjórar ÁTVR 160 stig vegna ábyrgðar en grunnskólakennarar, svo og kennarar á menntaskóla- og tækniskólastigi, fengu 115 stig vegna ábyrgðar. Á öðrum skólastigum var ábyrgðarmatið enn lægra.

Enda þótt starfsmat það, sem hér er vitnað til, hafi í raun aðeins gilt í 3 ár og hafi algjörlega verið hafnað allt frá 1973 sem viðmiðun um launakjör virðist lítil breyting hafa orðið á hugarfari þeirra sem fara með skiptingu launakökunnar á milli starfsstétta.

Það er vitanlega ljóst að fleiri starfsstéttir en kennarar eru ósáttir við það mat á störfum þeirra sem kemur fram í þeim launum sem þeim eru skömmtuð. En að mati flutningsmanna þessarar tillögu eru launakjör kennara svo alvarlegt mál að það þoli enga bið og ekki verði hjá því komist að taka það fyrir sérstaklega.

Helstu rökin fyrir ofangreindri fullyrðingu ættu að vera flestum augljós. Launakjör kennara eru nú slík að algjör flótti úr stéttinni blasir við ef ekki verður að gert. Má nærri geta hvílíkar afleiðingar það hefði.

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt þunga áherslu á gildi menntunar og uppfræðslu og lykillinn að góðri menntun uppvaxandi kynslóðar og þjóðarinnar allrar er uppfræðarinn sjálfur. Sú kynslóð, sem nú mótar þjóðfélagið, má ekki hljóta þau eftirmæli að hún hafi ekki skilið þessi einföldu sannindi.

Æskilegt væri að fögur orð væru einhvers virði þegar störf eru vegin og metin. En í þeim efnum eru launin í raun eini mælikvarðinn sem viðurkenndur er. Byrjunarlaun kennara í grunnskólum eru nú í byrjun okt. 1984 kr. 15 843 og hæstu laun, sem þeir ná, eru kr. **21 717** eftir **23 ára** starfsferil.

Og þetta eru aðeins launin. Hér verður ekki fjölyrt um starfsskilyrði kennara sem eru afar misjöfn og víða bágborin. Þess verður þó að geta ef einhverjir hafa ekki áttað sig á því að umtalsverðar breytingar hafa orðið á störfum kennara síðustu árin vegna breyttra þjóðfélagshátta og allra aðstæðna, ekki síst með tilkomu grunnskólalaganna árið 1974.

Síauknar kröfur eru gerðar til kennarastarfsins. Uppeldi hefur til dæmis að töluverðu leyti færst úr höndum foreldra og heimila yfir til skólanna. Hvort sem mönnum kann að þykja það æskilegt eða óæskileg þróun er hún staðreynd sem verður að horfast í augu við.

Aukinn fjöldi nemenda með hegðunarvandkvæði og einkenni taugaveiklunar eykur mjög álag á kennarann og aðra nemendur. Þar við bætist að kennarinn er almennt mjög einangraður og ber einn alla ábyrgð á því að starfið gangi vel og nemendum líði vel.

Ætlast er til að skólar sinni í æ ríkara mæli en áður ýmsum þáttum sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Má þar nefna ávana- og fíkniefnafræðslu, kynfræðslu, umferðarfræðslu, starfsfræðslu o. fl.

Aukin nýbreytni í kennsluháttum kallar á meiri vinnu og vegna námsefnisskorts þurfa kennarar að eyða miklum tíma í að útbúa námsefni til að geta mætt þörfum hvers nemanda. Gagnaöflun er tímafrek og erfið, einkum þar sem bókakostur er rýr og þjónusta bókasafna takmörkuð eða jafnvel engin.

Brýna nauðsyn ber því til að fram fari endurmat á störfum kennara og tillit tekið til hinnar miklu ábyrgðar sem kennurum er lögð á herðar við stöðugt umfangsmeiri og fjölbreyttari fræðslu og uppeldi í síauknum mæli. Er hér ekki síður um hagsmunamál foreldra en kennara að ræða og jafnframt þjóðarinnar allrar.

Flutningsmenn leggja til að nefndin verði skipuð a. m. k. 5 mönnum. Lagt er til að menntamálaráðuneytið skipi einn fulltrúa, fjármálaráðuneytið einn, Kennaraháskólinn einn og Bandalag kennarafélaga tvo fulltrúa. Nefndin hraði störfum svo sem verða má og skili áliti ekki síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessarar tillögu.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Nd. 56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verði 4. málsgrein og hljóði svo:

Verð á raforku samkvæmt orkusölusamningum til langs tíma við iðjuver þau, sem um er getið í 3. mgr. þessarar greinar, má ekki vera lægra en sem nemur 65% af verði á raforku til almenningsrafveitna samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við endurskoðun gildandi samninga um orkusölu til langs tíma milli Landsvirkjunar og iðjufyrirtækja, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, skal tekið mið af ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Gífurlegur munur er nú hérlendis á raforkuverði til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar og hefur hann farið hraðvaxandi á undanförnum árum. Þá áformar núverandi ríkisstjórn að gera nýja orkusölusamninga við erlenda aðila jafnframt því sem unnið er að endurskoðun eldri samninga.

Ljóst er að gildandi lagaákvæði hafa ekki tryggt eðlilega kostnaðarskiptingu af raforkuframleiðslu milli stórnotenda og almenningsveitna. Hefur það leitt til þess að almennir raforkunotendur, jafnt heimili og atvinnurekstur, bera óeðlilega mikinn hluta af framleiðslukostnaði raforkunnar í landskerfinu. Því er nauðsynlegt að löggjafinn marki um það almenna stefnu, hver vera megi hámarksmunur á verði milli þessara viðskiptavina Landsvirkjunar.

Við stefnumörkun frumvarpsins um þetta efni er stuðst við sérfræðilegt mat innlendra aðila og einnig höfð hliðsjón af því sem tíðkast erlendis hjá raforkuframleiðendum sem að meginhluta vinna orku með vatnsafli.

Ákvæði frumvarpsins, ef lögfest verða, fela það í sér að *lágmarkssamræmi verði í verðlagningu á raforku til stóriðju annars vegar og til almenningsveitna hins vegar. Það hlutfall, sem hér er gert ráð fyrir að fest verði í lög sem lágmark, á að tryggja að ekki sé unnt að velta afleiðingum af óhagkvæmri raforkusölu til stóriðju yfir á almenningsveitur,* þ.e. almenna notendur og atvinnurekstur sem ekki kaupir raforku samkvæmt sérsamningum.

Miðað við *núverandi tekjuþörf Landsvirkjunar* og það markmið, að raforkuverð til *núverandi* stóriðjufyrirtækja sé *að lágmarki* 17—18 mill, yrði orkuverð til almenningsveitna skv. ákvæðum frumvarpsins að hámarki 26—27 mill á kílóvattstund. Það þýddi að orkuverð til almenningsveitna gæti lækkað um 30% frá núverandi verði (37 mill) án þess að afkoma Landsvirkjunar versnaði.

Miðað við áætlað kostnaðarverð raforku frá *nýjum virkjunum* er ljóst að raforkuverð til nýrrar stóriðju þarf að vera a.m.k. 20 mill og verðlagning til almenningsveitna myndi ákvarðast með hliðsjón af því.

Þannig felst í ákvæðum frumvarpsins mikilvæg neytendavernd og aðhald að stjórnvöldum varðandi verðlagningu á raforku til stóriðju.

Gert er ráð fyrir að fella lagaákvæðið samkvæmt 1. grein þessa frumvarps inn í 13. grein laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, en hún er nú þannig:

„Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærri raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins."

Niðurstaða sérfræðinga.

Í sameiginlegu áliti starfshóps iðnaðarráðuneytisins, sem fjallaði um raforkuverð til Íslenska álfélagsins hf. og skilaði um það skýrslu í júlí 1982, er m. a. fjallað um raforkuverðið til Ísal miðað við raforkuverð til almenningsveitna. Í þessum starfshópi voru eftirtaldir: Finnbogi Jónsson deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu (nú framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar), Gunnlaugur Jónsson deildarstjóri á Orkustofnun, Jóhann Már Maríusson yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun (nú aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar) og Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Meginniðurstaða þeirra er sú, að **„að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kV afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingartími og 132 kV afhendingarspenna).**"

Þetta álit er hér lagt til grundvallar varðandi það **lágmarkshlutfall** af verði til almenningsveitna sem stóriðjunotendum er ætlað að greiða, þótt færa megi rök fyrir því að sá munur eigi að vera minni í reynd.

Um þetta efni segir orðrétt í áliti starfshópsins (Athugun á orkuverði til Íslenska álfélagsins hf. — Skýrsla starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins — júlí 1982, bls. 48—51):

4.4. Raforkuverð til Ísal miðað við raforkuverð til almenningsveitna.

„Þegar borið er saman raforkuverð til Ísal annars vegar og almenningsveitna hins vegar vekur athygli að mismunurinn á þessum verðum hefur farið stigvaxandi. Árið 1969 var heildsöluverð til almenningsveitna 81% hærra á kWst en verðið til Ísal, en eins og fram kemur hér á eftir virðist eðlilegt að miða við að stóriðjan greiði verð sem er a. m. k. 65% af verði til almenningsveitna, þ. e. að almenningsveitur greiði um 50% hærra verð en stóriðjan. Árið 1981 greiddu almenningsveitur 313% hærra verð á kWst en Ísal, og í maí 1982 greiddu almenningsveitur um 400% hærra verð.

Spyrja má hver sé eðlilegur munur milli orkuverðs til stóriðju og orkuverðs til almenningsveitna.

Ef borin er saman raforkusala til almenningsveitna annars vegar og stóriðju hins vegar kemur fyrst og fremst tvenns konar eðlismunur í ljós. Í fyrsta lagi hefur stóriðjan lengri nýtingartíma, eða u. þ. b. 8000 stundir á ári á móti u. þ. b. 5000 stundum hjá almenningsrafveitum. Í öðru lagi tekur stóriðjan við fullri orku alveg frá byrjun en notkun almenningsveitna í heild vex um u. þ. b. 25 MW á ári og fullnýta þær því orkuvinnslugetu nýrrar stórvirkjunar mun hægar en stóriðjan.

Þá má nefna að stóriðjan tekur yfirleitt við raforku með hærri spennu en almenningsrafveitur en samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar er verðið 5% lægra ef tekið er við raforkunni á 220 kV spennu í stað 132 kV spennu.

Vegna lengri nýtingartíma verður stofnkostnaður í virkjun, sem byggð er fyrir stóriðju, lægri en fyrir virkjun sem byggð er fyrir almenna notkun. Munurinn liggur í því að uppsett afl virkjunarinnar verður minna og vélbúnaðurinn þar með ódýrari, svo og að ekki er þörf á jafnmikilli vatnsmiðlun og ella.

Samkvæmt athugunum, sem gerðar hafa verið í þessu efni, m. a. af Helga Sigvaldasyni verkfræðingi, er talið að stofnkostnaður virkjunar, sem einungis er byggð fyrir stóriðju, sé 10—15% lægri en fyrir virkjun sem einungis er byggð fyrir almenningsveitur.

Eins og áður sagði fullnýtir stóriðja að jafnaði virkjun fyrr en ella. Ef ekki er unnt að byggja viðkomandi stórvirkjun í minni áföngum sem henta vexti almennrar notkunar hefur slík fullnýting fyrr í för með sér ákveðinn fjármagnssparnað. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. áætlar að framleiðslukostnaður á orku frá Blönduvirkjun sé um 13,1 mill/kWh við stöðvarvegg á verðlagi í desember 1980 miðað við að virkjun yrði fullnýtt í einum áfanga. Hins vegar yrði framleiðslukostnaðurinn skv. sömu áætlun 15,4 mill/kWh miðað við að virkjunin yrði byggð í einum áfanga og almenningsveitur fullnýttu hana á 5½ ári. Í báðum tilvikum er miðað við 6% reiknivexti.[1]) Fullnýting strax gefur þannig u. þ. b. 15% lægra raforkuverð, miðað við að virkjunin yrði ekki byggð í áföngum fyrir almenningsmarkaðinn, en ef svo væri gert yrði munurinn minni.

Samkvæmt nýjustu gjaldskrá Landsvirkjunar (maí 1982) er verð á raforku miðað við 5000 stunda nýtingartíma og 132 kV afhendingarspennu 33,65 aurar/kWh (30,4 mill/kWh) og miðað við 8000 stunda nýtingartíma 23,54 aurar kWh (21,3 mill/kWh). Stóriðjan tekur við orkunni á 220 kV þannig að samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar ætti hún að greiða 22.36 aura/kWh (20,2 mill/kWh). Hlutfall raforkuverðs til stóriðju miðað við raforkuverð til almenningsveitna ætti því samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar að vera 66%. Í dag er þetta hlutfall u. þ. b. 21%.

Norðmenn hafa gert allítarlegar athuganir á því hvert sé eðlilegt raforkuverð til stóriðju annars vegar og almennings hins vegar. Niðurstöður þessara athugana koma m. a. fram í skýrslum norska orkuráðuneytisins, nr. 49:1979, „Kraftintensiv industri“ og St. meld nr. 54, „Norges framtidige energibruk og produksjon“. Samkvæmt þessum skýrslum er talið að kostnaðarverð til stóriðju sé um 85% af kostnaðarverði til almenningsveitna, eða nánar tiltekið 11—12 norskir aurar á kWst. á móti 13.5 aurum til almenningsveitna miðað við verðlag í janúar 1980 og 7% reiknivexti.

Á Orkuþingi 1981 flutti Sigurður Briem, yfirverkfræðingur hjá Íslenska álfélaginu hf., erindi um hagkvæmni raforkusölu til stóriðju. Í erindi Sigurðar komu fram útreikningar um hver væri eðlilegur verðmunur á raforku til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar.

Sigurður tekur fyrst dæmi af virkjun sem gæti framleitt 1000 GWh fyrir almennan markað og reiknar út raforkuverð til almennings miðað við að það taki um 8 ár að fullnýta

1) Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun og VST er framleiðslukostnaður orku frá Blönduvirkjun á verðlagi í desember 1982 miðað við fullnýtingu strax talinn vera 14.6—17 mill/kWh við stöðvarvegg, mismunandi eftir stærð miðlunarlóns. Samsvarandi tölur miðað við nýtingu fyrir almennan markað einvörðungu eru 17—19.4 mill/kWh.

virkjunina. Síðan athugar hann þann möguleika að helmingur orkunnar fari til almenningsveitna, 500 GWh, en afgangurinn til stóriðju. Sigurður gerir þó ráð fyrir að orkuvinnslugeta virkjunarinnar aukist um 10% í heild eða í 1100 GWh og unnt verði þá að selja um 600 GWh til stóriðju. Ekki er víst að þessar forsendur gildi fyrir þær virkjanir sem nú eru í undirbúningi.

Niðurstaða Sigurðar er sú að stóriðjan eigi að greiða um 60% af verði til almenningsveitna að gefnum áðurnefndum forsendum. Er þá gert ráð fyrir að raforkuverð til almennings verði hið sama hvort sem ráðist er í stóriðju eða ekki.

Orkustofnun hefur gert útreikninga á orkuverði til stóriðju annars vegar og orkuverð til almennings hins vegar (sjá töflu 6.1 og 6.2) og lagt til grundvallar tvær mismunandi aðferðir. Fyrra tilvikið er frá fyrri hluta árs 1981 en í því er gert ráð fyrir ákveðinni virkjanaröð og 3 möguleikum á staðsetningu 150 MW stóriðjufyrirtækis. Raforkuverð til almennings er reiknað á grundvelli þessarar ákveðnu virkjunarraðar svo og raforkuverðið til stóriðjunnar. Fjórar mismunandi virkjunarleiðir eru kannaðar, sjá töflu 6.1.

Niðurstaða Orkustofnunar samkvæmt aðferð 1 er sú að meðalkostnaðarverð til stóriðju er áætlað 68,5% af meðalkostnaðarverði til almenningsveitna miðað við 6% reiknivexti og 67,7% miðað við 8% reiknivexti.

Sá megingalli er á þessum útreikningum að gert er ráð fyrir ákveðinni virkjunarröð hvort sem farið er í stóriðju eða ekki. Réttara er að reikna fyrst út raforkuverð til almenningsveitna miðað við hagkvæmustu virkjunarröð en láta síðan stóriðjuna taka á sig viðbótarkostnaðinn. Í seinni skýrslum Orkustofnunar er byggt á þessari aðferðafræði og kemur þá í ljós að kostnaðarverð til stóriðju á næstu árum og fram til aldamóta er u. þ. b. 90% af kostnaðarverði til almennings. Meginskýringin á þessu er sú að unnt er að fullnægja raforkuþörf almennings fram til aldamóta með mjög ódýrum virkjunum en stóriðja kallar á framkvæmdir í dýrari virkjunum fyrr en ella.

Miðað við það sem hér að ofan er rakið er nokkuð mismunandi hvað talin er eðlileg kostnaðarskipting, en að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kV afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingartími og 132 kV afhendingarspenna).“

Gjaldskrá Landsvirkjunar og Ísal-samningurinn.

Samkvæmt núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar frá 1. maí 1984 er verð á raforku miðað við 5000 stunda nýtingartíma og 132 kV afhendingarspennu 123.0 aurar/kwh (37.2 mill/kwh miðað við meðalgengi bandaríkjadals í septembermánuði 1984 = 33.06 ísl. kr.). Miðað við 220 kV afhendingarspennu og 8000 stunda nýtingartíma er gjaldskráin 81.9 aurar/kwh (24.8 mill/kwh) sem stóriðjan ætti að greiða ef fylgt væri núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar. Svarar það til þess að hlutfall raforkuverðs til stóriðju miðað við raforkuverð til almenningsveitna ætti samkvæmt núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar að vera um 67%.

Það samkomulag um raforkuverð, sem samningamenn íslensku ríkisstjórnarinnar gengu frá við Alusuisse í London 9. október 1984, felur í sér verð á bilinu 12.5—18.5 mill á kílóvattstund með tengingu við álverð. *Miðað við núverandi álverð gefur þetta samkomulag aðeins lágmarksverðið 12.5 mill sem svarar til þess að umrætt hlutfall verður aðeins um 33%, að óbreyttu verði til almenningsveitna. Almenningsveiturnar greiða þannig prisvar sinnum hærra verð á orkueiningu en stóriðjan þegar miðað er við lágmarksverðið sem fæst samkvæmt hinum endurskoðaða raforkusamningi.* Í reynd greiðir þá innlendur iðnaður, fiskvinnsla og almennur iðnaður sex- til áttfalt hærra raforkuverð en hin erlenda stóriðja nema viðkomandi gjaldskrár verði lækkaðar.

Dæmi erlendis frá.

Þegar leitað er samanburðar varðandi slíkt hlutfall hjá orkuveitum erlendis er rétt að horfa öðru fremur til veitna sem byggja framleiðslu sína að verulegu leyti á vatnsafli.

Í Noregi var verðhlutfallið stóriðja : almenningsveitur hjá norsku ríkisrafveitunum (Statskraftverkene) á árinu 1982 samkvæmt gjaldskrá um 88%. Miðað við orkusölusamninga til stóriðju frá árinu 1976 og síðar er þetta hlutfall um 82%. Þessir samningar gera ráð fyrir sem svarar 14.5 mill kWh til stóriðju og í ár hefur Stórþingið markað um það stefnu að framvegis skuli miða við grunnverð til stóriðju sem svari til 20 mill/kWh með fullri verð- og kauptryggingu. Er þá orkuskattur og orkuflutningsgjald meðtalið.

Í Bandaríkjunum var þetta hlutfall hjá BPA-veitunni á árinu 1982 147,6%, en hún byggir að meginhluta (94% 1982) á vatnsafli og seldi um 82 teravattstundir af raforku á síðasta ári, þar af 18.5 teravattstundir til áliðnaðar. Hér liggur það fyrir að orkuverðið til stóriðju er mun **hærra** en verðið til almenningsveitna, t. d. 19.3 mill til áliðnaðar á móti 13.1 mill til almenningsveitna. Á árinu 1983 hækkaði raforkuverð hjá BPA til áliðnaðar verulega, fyrst í 24.5 mill og síðan frá 1. nóv. 1983 í 26.8 mill. Tímabundinn afsláttur á umframorku var þá felldur niður. Í ár hafa álframleiðendur á veitusvæði BPA knúið fast á um lækkun raforkuverðsins með vísun í lækkandi álverð (um 1100 $ á tonn í september 1984). Þann 28. ágúst var gengið frá samningi milli BPA og 6 álframleiðenda á svæðinu um tímabundna lækkun orkuverðsins í 6 mánuði úr 26.8 mill í 22.7 mill frá 1. september 1984 að telja.

Hjá TVA-orkuveitunni í Bandaríkjunum var umrætt hlutfall á árinu 1982 um 100%. Þá greiddu stórnotendur að meðaltali um 37 mill og almenningsveitur jafn mikið fyrir kílóvattstundina. Álbræðslur á svæði TVA greiddu í fyrra heldur lægra verð eða um 35 mill. Hjá TVA er aðeins um ⅙ hluti raforkuframleiðslunnar byggður á vatnsafli, en þessar tölur hjá tveimur stærstu orkuveitum Bandaríkjanna segja sína sögu um verðlagningarstefnu gagnvart stóriðju og almenningsveitum.

Í Kanada eru orku- og iðjuver í mörgum tilvikum á sömu hendi, t. d. hjá Alcan-samsteypunni. Af dæmum úr viðskiptum óháðra aðila í Kanada verður hins vegar ráðið að hlutfallið milli raforkuverðs til almenningsveitna og stóriðju sé milli 80—90%.

Allt ber þetta að sama brunni. Verðlagning á raforku til stóriðju hérlendis er í sérflokki, bæði sem verð á orkueiningu og miðað við verð til almenningsveitna. Því er knýjandi að löggjafinn setji almenna reglu sem tryggi lágmarkshagsmuni viðskiptavina almenningsveitna. Með stefnumörkun þeirri, sem felst í frumvarpinu, er farið vægt í sakirnar með tilliti til þess sem algengt er erlendis, en lögfesting á umræddu lágmarkshlutfalli, þ. e. að stóriðjan greiði ekki minna en sem nemur um ⅔ af verði til almenningsveitna, mundi valda straumhvörfum í verðlagningu á orku í landinu, þótt fleira þurfi að koma til.

Í fylgiskjali I er dregin upp mynd af því hver áhrif það hefði haft á verðlagningu til almenningsveitna ef verið til Ísals hefði verið bundið við umrætt 65% lágmark á tímabilinu 1969—1983 að óbreyttum heildartekjum Landsvirkjunar. Ef sala til annarra stórnotenda, svo sem Íslenska járnblendifélagsins, væri tekin með í myndina síðustu árin hefði það enn frekari áhrif til lækkunar fyrir almenningsveiturnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er miðað við að nýtingartími raforku hjá viðkomandi iðjuveri sé a. m. k. 8000 stundir á ári og að afhendingarspenna sé 220 kV. Orkuverðið til almenningsveitna samkvæmt frumvarpinu er hins vegar miðað við 5000 stunda nýtingartíma á ári og 132 kV afhendingarspennu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í orkusölusamningum við stóriðjufyrirtæki er nú stefnt að endurskoðun a.m.k. á 5 ára fresti. Slík tímatakmörk varðandi endurskoðun eru í raforkusölusamningi Landsvirkjunar við Íslenska járnblendifélagið og hið sama er boðað í endurskoðuðum raforkusölusamningi við Íslenska álfélagið. Orðalag málsgreinarinnar: „skal tekið mið af ákvæðum laga þessara" felur í sér þá stefnumörkun að við endurskoðun samninga að því er raforkuverð varðar, skuli að því stefnt að ná því lágmarkshlutfalli sem 1. gr. kveður á um.


Að öðru leyti er eðlilegt að orkusala til stóriðjufyrirtækja fari eftir gjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma á sama hátt og til almenningsveitna.

Fylgiskjöl:

1. Raforkuverð Landsvirkjunar 1969—1983 miðað við að Ísal hefði greitt 65% af verði til almenningsveitna að heildartekjum Landsvirkjunar óbreyttum.
2. Gjaldskrá Landsvirkjunar frá 1. maí 1984.

Fylgiskjal 1

ÞRÓUN HEILDSÖLUVERÐS LANDSVIRKJUNAR 1969 - 1983



Fylgiskjal 2

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

GJALDSKRÁ LANDSVIRKJUNAR Á 132 KV OG 220 KV.

Gildir frá 1. maí 1984.

Afl- og orkugjald á 132 kV: (5% lægra á 220 kV).

Aflgjald			: 2843.78	kr.
Orkugjald,	H < 2500		: 90.6	aurar
Orkugjald,	H = > 2500	< 4000	: 52.8	aurar
Orkugjald,	H = > 4000		: 24.8	aurar

Spenna: 132 kV. 220 kV.

Nýtingartími:	Aur/kWh	Aur/kWh
1000	375.0	356.2
1200	327.6	311.2
1400	293.7	279.0
1600	268.3	254.9
1800	248.6	236.2
2000	232.8	221.1
2200	219.9	208.9
2400	209.1	198.6
2600	198.5	188.6
2800	188.1	178.7
3000	179.1	170.1
3200	171.2	162.6
3400	164.2	156.0
3600	158.0	150.1
3800	152.5	144.9
4000	147.5	140.1
4200	141.7	134.6
4400	136.4	129.5
4600	131.5	124.9
4800	127.1	120.7
5000	123.0	116.8
5200	119.2	113.2
5400	115.7	109.9
5600	112.5	106.8
5800	109.4	104.0
6000	106.6	101.3
6200	104.0	98.8
6400	101.5	96.4
6600	99.2	94.2
6800	97.0	92.1
7000	94.9	90.2
7200	93.0	88.3

Nýtingartími:	Aur/kWh	Aur/kWh
7400	91.1	86.6
7600	89.4	84.9
7800	87.7	83.3
8000	86.2	81.9
8200	84.7	80.4
8400	83.2	79.1
8600	81.9	77.8

Hækkun gjaldskrár:
1. feb. 1983 : 29%
10. maí 1983 : 10%
3. júní 1983 : 19%
1. ágúst 1983 : 31%
1. maí 1984 : 5%.

Ed. 57. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan.

1. gr.

6. mgr. 45. gr. laganna hljóði svo:

Dagpeningar vegna starfa við eigin heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema hámarksupphæð hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heildarendurskoðun tryggingalöggjafar okkar hefur lengi staðið yfir enda um viðamikið verkefni að ræða og mörg vandasöm og viðkvæm atriði sem upp koma.

Eitt þeirra atriða, sem þar hljóta að vera ofarlega á blaði til athugunar og breytinga, varðar sjúkradagpeninga. Þeir eru ekki háir í dag, létta aðeins undir, en skipta í engu sköpum þegar um veikindi til lengri tíma er að ræða og aðrar samningsbundnar greiðslur hafa fallið niður eða minnkað stórlega.

Hér er aðeins hreyft við einum þætti sem óneitanlega hefur legið eftir og hér koma ekki inn í myndina neinar samningsbundnar greiðslur t. d. viðkomandi atvinnurekendum. Því er ástæða til að taka þann þátt nokkuð út úr og skoða sérstaklega meðan ekki liggur fyrir niðurstaða heildarendurskoðunar.

Ekki þarf að tíunda hér í hversu mörgum greinum hlutur heimilisstarfa er vanmetinn í þjóðfélaginu. Vinnuframlagið þar (að mestu leyti innt af hendi af húsmæðrum) virðist oft til fárra fiska metið og margar fáránlegar viðmiðanir uppi hafðar þar, þó enginn neiti þýðingu og gildi þessara grundvallarstarfa. Réttindi tengd þessu vinnuframlagi eru fá og smá. Mismunurinn kemur víða fram en einn alvarlegasti þáttur hennar snertir sjúkradagpeninga. Á valdatíma Magnúsar Kjartanssonar sem tryggingaráðherra varð hér á veruleg leiðrétting og vissulega er um talsverða uppbót að ræða vegna sannaðrar heimilisaðstoðar í núgildandi

lögum sem ber að meta. Hins vegar mun ekki mjög mikið um það að um þetta sé sótt enda talsverð skriffinnska, sem þar er eðlileg forsenda greiðslna. Flm. er a. m. k. kunnugt um allt of mörg dæmi þess að ¼ dagpeninga, svo sem aðalreglan er, sé látinn nægja. Einsýnt þykir því að greiða fulla dagpeninga vegna veikinda þeirra sem stunda heimilisstörf og þegar að sverfur í þjóðfélaginu eins og nú hefur sannanlega gert um sinn verður nauðsyn á leiðréttingu enn brýnni.

Flm. er fullkunnugt um ýmsa agnúa á lögum um almannatryggingar sem snerta sjúkradagpeninga, m. a. mismunun eftir því hvort viðkomandi er í hlutastarfi eða fullu starfi. Vel mætti hugsa sér að sníða þá agnúa af einnig og allir fengju undantekningarlaust fulla dagpeninga í veikindum sínum.

Minna má sérstaklega á konur í sveit og réttindi þeirra, bundin vinnuframlagi í verðlagsgrundvelli eða viðmiðun vegna vinnustunda á skattframtölum sem enga sanngjarna mynd gefa af raunveruleikanum en rýra í mörgum greinum sjálfstæðan rétt svo sem fæðingarorlofið er gleggst dæmi um.

Að mörgu þarf því óneitanlega að huga en til að koma þessum einstaka þætti á hreyfingu í jafnréttisátt er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 58. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna.

Flm.: Helgi Seljan, Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og semja löggjöf um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna. Skal í því sambandi haft náið samband við fjöldahreyfingar á þessu sviði, svo sem UMSÍ og ÍSÍ.

Meðal áhersluatriða í löggjöf þessari skulu vera:

1. Sérstök rækt verði lögð við almenningsíþróttir og hvernig laða megi sem flesta til líkamsræktar.
2. Samstarf skóla og félagasamtaka um eflingu íþrótta verði stóraukið.
3. Hvers konar íþróttastarfsemi verði skipulega nýtt í þágu baráttunnar gegn vímuefnaneyslu.
4. Tekið verði upp ákveðnara og skipulegra form þess fjárhagsstuðnings sem hið opinbera veitir til íþróttastarfsemi.
5. Tryggð verði sem best nýting þess fjármagns sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar í því skyni að stórauka þátttöku almennings og þá ungs fólks alveg sérstaklega.

Greinargerð.

Tillaga þessi er endurflutt frá síðasta þingi og fylgdi henni þá svohljóðandi greinargerð:

Gildi almennrar líkamsræktar og íþrótta dregur enginn í efa. Gildi þess félagsstarfs, sem unnið er á vegum fjöldahreyfinga þeirra sem þessi markmið hafa, er ótvírætt og óumdeilt. Gildi þess að gæða tómstundir sem flestra lífi og veita um leið hollustu og hreysti er gulls ígildi. Sú starfsemi, sem hefur allt þetta að inntaki og markmiði, er mikilvægur og snar þáttur í þjóðlífinu, hvetjandi og þroskandi í senn. Samfélagið hlýtur að taka þeirri starfsemi fagnandi og styðja hana með ráðum og dáð og tryggja um leið vöxt og viðgang þeirra fjöldahreyfinga sem beita kröftum sínum að hollri tómstundaiðkun, heilsusamlegri iðkun íþrótta og heilbrigðu félagsstarfi sem fyrst og síðast er unnið fyrir æsku landsins og þar með fyrir framtíðina.

Tillaga þessi beinist að skipulegri og öflugri stuðningi opinberra aðila við ungmenna- og íþróttahreyfinguna en nú er og bendir um leið á og undirstrikar þýðingu þess starfs sem unnið er og þau áhersluatriði sem helst þarf að hyggja að.

Kveikjan að tillöguflutningi þessum er að miklu leyti komin frá erindi um skipulag æskulýðs- og íþróttastarfs sem Hermann Níelsson formaður UÍA flutti á ráðstefnu á Hallormsstað sumarið 1983. Þar benti hann réttilega á að allri stefnumörkun í þessum málum væri vægast sagt ábótavant og um margt stæði sú vöntun starfi og eflingu þessa starfs fyrir þrifum. Þegar flm. fóru að hugleiða þessa brýningu varð þeim fljótlega ljóst að erfitt yrði að skilgreina í tillöguformi helstu markmið og færustu leiðir til þess að ná því marki að skapa heildstæða mynd af viðfangsefninu og ná fram þeim áhersluatriðum sem mestu skipta. Áherslurnar eru mismunandi, einkum eftir því hvort keppnisíþróttir eru í fyrirrúmi eða almenn og virk þátttaka fjöldans er í öndvegi eða þá sem helst skyldi að hvort tveggja fengi sinn verðuga sess eftir þýðingu sinni.

Þau áhersluatriði, sem í tillögunni felast, eru engan veg tæmandi eða gefa nógu góða mynd af viðfangsefnum þeim sem við blasa. Flm. eru því opnir fyrir öllum nýjum hugmyndum og reikna enda með því, verði tillagan samþykkt, að þar komi margir að með ólík sjónarmið og áherslur sem reynt verði að samræma svo að til varanlegra heilla verði fyrir einhvern þýðingarmesta þátt uppeldis- og heilbrigðismála okkar, að ógleymdum þeim félagslega sem máske er sá veigamesti þegar allt er skoðað.

Flm. er það ljóst að hér er um mikið vandaverk að ræða sem ekki verður hrist fram úr erminni. Sviðið er vítt og spannar marga ólíka þætti þar sem skilgreina þarf markmið og leiðir og þá ekki síður hvernig stuðningur opinberra aðila verði sem öflugastur og komi að sem bestum notum, jafnt fyrir hreyfinguna í heild sem og hinn almenna þátttakanda.

Í kveðjuorðum Sigurjóns Bjarnasonar, framkvæmdastjóra UÍA um mörg ár, er minnt á nokkur grundvallaratriði sem hér skulu tilfærð:

„Þrennt tel ég hins vegar að beri að leggja stóraukna áherzlu á:

Í fyrsta lagi *íþróttaiðkun almennings* sem ekki hefur keppni eða hámarksárangur að leiðarljósi. Þarna er fyrst og fremst þörf skipulagningar og áróðurs.“ Hann velur svo austfirsk dæmi þessu til sönnunar, en heldur svo áfram:

„Í öðru lagi ber að efla hvers konar æskulýðsstarf í félögunum, tryggja þar með framtíð hreyfingarinnar og leggja uppeldisstarfi þjóðar lið. Þetta er í raun megintilgangur hreyfingarinnar og þarna má hún í engu bregðast.

Í þriðja lagi þurfa félög og sambönd að huga betur að alhliða félags- og menningarstarfsemi. Í fámennari byggðarlögum er þetta sérstaklega brýnt og ég bendi fólki í þéttbýli eindregið á þá möguleika sem felast í því að efna til nýbreytni í starfi viðkomandi félaga.“

Hér talar sá sem um árabil hefur verið í forustu í þessum málum og hefur mörg s. l. ár unnið ótrúlegt afrek ásamt traustri liðssveit að þeim glæsilega árangri sem náðst hefur á sambandssvæðinu með hinni miklu virkni og meiri þátttöku en almennt gengur og gerist.

Öll áhersluatriði Sigurjóns eru með beinum eða óbeinum hætti inni í tillögu okkar, enda treysta flm. sér ekki til að gera betur. Við samningu þessarar tillögu hafa flm. m. a. haft í huga hin félagslegu og uppeldislegu áhrif og almenn heilbrigðis- og líkamsræktarmarkmið. Árangursrík barátta gegn vímuefnavá þeirri, sem nú steðjar að, stórfelldari en fyrr, verður ekki betur tryggð en með öflugu æskulýðs- og íþróttastarfi.

Félagslegt uppeldi æskunnar og aukin hæfni til að taka þátt í hvers konar félagsstarfi er mikilvægur þáttur í þroskaleit hvers og eins, og holl iðkun íþrótta við það félagsform, sem ungmenna- og íþróttahreyfingarnar byggja á, getur og á að vera einhver vænlegasti kosturinn að þessu markmiði. Fátt stuðlar betur að heilbrigði og hollum lífsvenjum en iðkun íþrótta og heilsuræktar af hóflegu kappi. Og ekki má gleyma þætti þess afreksfólks sem ber hróður lands og þjóðar út um lönd. Stuðningur við þessa starfsemi alla er góð fjárfesting sem skilar sér margfaldlega til baka og þann stuðning þarf að stórefla og skipuleggja. Að því meginmarkmiði stefnir þessi tillaga.

Til að fylla upp í þessa greinargerð okkar höfum við flm. ekki leitað víða fanga, en af nógu er að taka. Í skýrslu frá fjárhagsnefnd ÍSÍ frá árinu 1981 er á það bent hversu litla eða enga umfjöllun íþróttir fá í stefnuskrám stjórnmálaflokkanna, og þar segir orðrétt:

„Stefnuleysi þeirra ber hins vegar vott um skilningsleysi og áhugaleysi sem er illþolandi á sama tíma og umræða um félagsmál færist sífellt í vöxt.“ Svo mörg voru þau orð og eiga mikinn rétt á sér. Meðal þeirra atriða, sem höfundar skýrslunnar segja að nauðsyn beri til að stjórnmálaflokkarnir taki afstöðu til, eru þessi:

„— *Hvernig skal byggja upp íþróttastarf í landinu?* (Hér á landi er venja fyrir því að íþróttahreyfingin sé mjög sjálfstæð gagnvart ríkisvaldi og héraðsstjórnum.)

— *Hvernig skal styrkja hið almenna íþróttastarf í landinu?*

— *Hvernig skal auka þátttöku hins almenna borgara í íþróttum og útiveru?*

— *Hver eiga tengsl hinnar frjálsu íþróttahreyfingar og skólakerfisins að vera* og hvernig skal staðið að fræðslu um íþróttir?

— *Hvaða stefnu skal fylgt í samskiptum á sviði íþrótta við aðrar þjóðir?*

— *Hvaða stöðu hafa íþróttir og útivera á meðal æskulýðsmála?*“

Síðar segir um hina mörgu þætti íþróttastarfsins:

„— Við endurhæfingu og þjálfun fatlaðra og þeirra, sem eru að ná sér eftir áföll, hafa íþróttir sífellt meir komið inn í myndina.

— Gildi hreyfingar og hóflegrar íþróttaiðkunar (trimm) fyrir innisetumenn er ótvírætt. Á það má benda að stór fyrirtæki erlendis reka góða íþróttaaðstöðu fyrir starfsfólk sitt, sérstaklega í þeim tilgangi að bæta heilsu þess.

— Á undanförnum árum hefur komið sífellt betur í ljós að íþróttir eru einhver heppilegasta tómstundaiðja unglinga. Yfirvöldum hefur gengið illa að finna verkefni handa þessum hópi eins og kunnugt er og hið svonefnda „unglingavandamál“ er vel þekkt.“

Í þessari sömu skýrslu er mjög rætt um samskipti hreyfingarinnar við fjölmiðla. Þar segir m. a.:

„Hefja verður markvissan áróður til þess að hefja íþróttir á æðri stall á þessum vettvangi. Þýðing íþrótta verður þá betur ljós og aukin athygli ráðamanna fylgir í kjölfarið.“

Freistandi væri í greinargerð að fara frekar út í þessa skýrslu, m. a. varðandi fjáröflunarþættina, en þess gefst kostur í framsögn.

Margt um stefnumörkunina í þessari skýrslu er mjög svo samhljóða þeim áherslu-atriðum sem við flm. erum með, en önnur taka eðlilega meira mið af fjárhagserfiðleikum og ráðum til beinna úrbóta, enda skýrslan unnin beint til þess.

Varðandi þá þætti látum við nægja að vísa í orð Sigurjóns Bjarnasonar fyrrv. framkvæmdastjóra UÍA sem segir svo í bréfi:

„Hér er ekki bara þörf breytinga, heldur byltingar.

1. Í fyrsta lagi þarf að koma á heildarlöggjöf og reglum yfir lágmarksstuðning sveitarfélaga og ríkissjóðs við félög, héraðssambönd, sérsambönd og heildarsamtök.
2. Í öðru lagi þarf að veita hreyfingunni einkaleyfi á vissum fjáröflunarleiðum (getraunir eru skref í þessa átt) eða annarri starfsemi sem tengist íþróttum og gæti gefið arð (t. d. líkamsrækt).
3. Endurskoða þarf skattlagningu hreyfingarinnar, sérstaklega söluskatts. Í því sambandi skal bent á að síðan söluskattsprósenta varð svo svimandi há, sem raun ber vitni, er t. d. dansleikjahald ekki lengur arðbær starfsemi.
4. Svokallaðir kennslustyrkir, sem sáldrað er til flestra aðilarfélaga, eru smánarblettur sem þarf að fella inn í heildarskipulag, sbr. 1. lið.“

Allt þetta og miklu fleira mætti tíunda hér til að undirstrika nauðsyn stefnumörkunar og stuðningsaðgerða í kjölfarið.

Hins vegar kjósa flm. fremur að gera þessu máli betri skil í framsögu þó að öll aðalatriði hafi komið fram í tillögu og greinargerð.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu.

Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega.

Greinargerð.

Tillaga þessi fékkst ekki afgreidd á síðasta þingi og er því endurflutt með óbreyttri greinargerð.

Meginatriði löggjafar okkar um heilsugæslu snýr að hinum fyrirbyggjandi aðgerðum, að koma í veg fyrir sjúkdóma, hindra þá í stað þess að vera sífellt að fást við afleiðingarnar með misjöfnum árangri. Vissulega hefur þar mikið áunnist í mörgum greinum og má nefna krabbameinsleit og athuganir á þeim sjúkdómi alveg sérstaklega, svo og rannsóknir og eftirlit varðandi hjartasjúkdóma. Ómetanlegt starf hefur þar verið unnið, enda forvarnarstarfið ævinlega árangursríkast ef rétt er að staðið. Vitanlega má þó enn betur gera og virkja heilbrigðisstéttir og sjálfboðaliða, svo og fyrst og fremst allan almenning til enn stærri átaka í forvarnarstarfi og á enn fleiri sviðum en nú er.

Íslendingar vinna mikið, langan vinnudag og oft erfiðan, lífsgæðakapphlaupið á sinn þátt í því með allri sinni streitu í neyslusamfélagi okkar sem gerir sífellt meiri kröfur, og er þá oftlega gleymt að gera upp á milli raunverulegra lífsþarfa og gerviþarfa sem hinn kaldi markaður auðhyggjunnar hefur búið til handa fólki. En meginstaðreyndin er þó sú að til þess að sjá sér og sínum vel farborða og eignast sæmilegt heimili þarf hinn almenni launamaður að leggja á sig óhóflega margar vinnustundir og horfurnar nú eru þar ærið dökkar.

En það er ekki sama á hvern hátt vinnan er leyst af hendi, hversu mikið álag er að baki, hversu mikilli umframorku hefur verið sóað, hversu ranglega hefur verið að verkinu staðið, hversu vinnustellingar hafa verið óhæfar, og nátengt er þetta því hvernig vinnuaðstaðan hefur verið.

Sjúkra- og iðjuþjálfun eru tiltölulega nýjar greinar innan okkar heilsugæslu og að meginhluta til snúast þær um lækningu, um endurhæfingu, en ekki, svo sem vera þyrfti, um forvarnarstarf einnig.

Nýlega, eða á s. l. vori, komst það fyrst í lög að sjúkraþjálfun skyldi vera ein þeirra greina er heilsugæslustöðvar sinntu, og enn er þar aðeins um dauðan lagabókstaf að ræða, því miður. Iðju- eða starfsþjálfun, sem hér er nátengd, er jafnvel enn síður inni í þessari mynd nútímaheilsugæslu, þó í lög sé fest.

Þrátt fyrir starfsheitin er hér fyrst og síðast um stéttir að ræða sem unnið gætu ómetanlegt forvarnarstarf — hindrað ýmsa kvilla og sjúkdóma í stað þess að fást við afleiðingarnar og endurhæfinguna þó fyrst og fremst.

Ekki skal heldur gert lítið úr þeim mikilsverða þætti er lýtur að því starfi sem unnið er við endurhæfingu þeirra, sem orðið hafa fyrir slysum eða öðrum áföllum. Á slíku starfi er því

miður ávallt þörf og þar hafa sannarlega mörg kraftaverkin gerst fyrir atbeina þessara og annarra heilbrigðisstétta. Bætt og aukin aðstaða til endurhæfingar sem víðast um landið þarf svo sannarlega til að koma og átaks á því sviði er beðið víða af mörgum.

En forvarnarstarf af ýmsu tagi snýr að öllum, hvaða starf sem þeir stunda, hversu vel sem þeir annars gæta heilsu sinnar að öðru leyti. Minnisstætt er mörgum frá bernsku og æsku þegar fólk var eitthvað krankt, lá jafnvel rúmfast: „Þetta er bara gigt.“ Og þessi „bara gigt“ sem nú er flokkuð á aðskiljanlega vegu, m. a. sem vöðvabólga og vöðvagigt, brjósklos, slitgigt, brjóskeyðing, svo eitthvað sé nefnt, þessi sjúkdómur hrjáir okkur tiltölulega meira en flestar ef ekki allar þjóðir. Ástæður eru: mikil vinna, veðurfar, streita og ótalmargt annað sem ófróður flm. treystir sér ekki til að fara nánar út í.

Eitt grunnatriðið í þessu sambandi er hvernig unnið er, hversu að er staðið, og gildir þar einu hvort um er að ræða önnum hlaðna húsmóðurina við heimilisverkin eða skrifstofumanninn í slæma stólnum við enn verra skrifstofuborð því að vinnuaðstæður fléttast vitanlega hér inn í. Þessi atriði vilja oft gleymast, þau eru hreinlega ekki tekin með og varðandi heilsurækt okkar og heilsufræði í skólakerfinu mun þessi þáttur tæplega fyrirferðarmikill. Ef við hugsum málið út frá hagrænu sjónarmiði eingöngu, út frá töpuðum vinnustundum, verri vinnuafköstum og öðrum ámóta köldum staðreyndum, þá er hér um mikla fjármuni að tefla, ótrúlega mikla án alls efa. En hvað sem talnalegri stærð þessa líður, þá skiptir líkamleg og andleg velferð og líðan þó enn meira máli og er undirrótin að þessum tillöguflutningi, til ábersluauka á áður sett lög og ákvæði, til að vekja athygli á máli sem fáir hugsa út í almennt hve miklu skiptir.

Flm. hefur leitað í smiðju til sér fróðari aðila um þessi mál og leitað fanga til rökstuðnings og meginmáli þess verða gerð skil í framsögu.

Nokkur augljós skýringaratriði varðandi áherslur tillögugreinarinnar í lokin: Einhver mikilverðasti þáttur heilsuræktar í skólum ætti að lúta að því að kenna ungu fólki að standa rétt að verki, að þjálfa líkama sinn rétt til mismunandi vinnubragða hvaða lífsstarfi sem síðan er gegnt.

Samstarf milli skólamanna og viðkomandi heilbrigðisstétta með nauðsynlegri ráðgjöf og leiðbeiningum, m. a. varðandi beina heilsufræðikennslu, er sjálfsagt að auka, enda forsenda þessa, svo og að auka hæfni kennara til að sinna þessu sem best. (Sjálfum mun þeim ekki af veita fyrir eigin líðan og vinnu og mælir flm. þar af nokkurri reynslu.) Útfærsla þessa er án efa ekki auðveld, kostar ærna aðlögun að hinni almennu leikfimikennslu en er vel framkvæmanleg ef vel er að unnið. Og eitt er víst: Meginþorri kennara mun taka þessu opnum huga.

Vikið er eðlilega að hlutverki og möguleikum Vinnueftirlits ríkisins. Þar hafa öryggismálin og aðbúnaðurinn verið í öndvegi og ekki vanþörf á. Þar er vissulega margt ógert enn og segja má að verkefnin séu þar ærin þó að ekki sé þar bætt við svo veigamiklum þætti, en þar ríkir fullur skilningur á mikilvægi slíks forvarnarstarfs og ekki síst í beinu samhengi við ýmis öryggisatriði. Samtök launafólks og ekki síður vinnuveitendur hafa hér ótvíræðra hagsmuna að gæta og eiga svo sannarlega að taka hér á og taka um leið þátt í þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er, en það fjármagn skilar sér margfaldlega til baka þó að aðeins væri litið beint til þjóðhagslegra atriða. Það er því full ástæða til þess að allir taki hér höndum saman um samræmt, skipulegt átak sem heilbrigðis- og skólayfirvöld yrðu frumkvöðlar að.

Forvarnarstarf af þessu tagi er ekki síðri nauðsyn en í mörgu öðru og skiptir miklu um velferð og líðan flestra. Hér ættu fjölmiðlar okkar að koma inn í myndina því að vissulega má þar veita mikla fræðslu og auka skilning fólks á mikilvægi þess að byggja líkamann upp gegn þeirri „bara gigt“ sem hrjáir svo marga. Ef tillaga þessi mætti verða til vakningar og áherslu, til athafna þó fyrst og síðast, þá væri máli þessu ekki hreyft til einskis.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um aukna þjónustu vegna tannréttinga.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum úti á landsbyggðinni. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa.

Greinargerð.

Það er alkunna að tannréttingar eru orðnar býsna algengar sem veigamikill þáttur í tannvernd. Mikill fjöldi barna og unglinga er í tannréttingum sem taka yfir langan tíma og eru bæði dýrar og kostnaðarsamar á ýmsan veg. Lætur nærri að um 30% þurfi að fara í slíkar aðgerðir. Ekki skal dregið úr nauðsyn þess að rétta tennur þeirra sem þess þurfa þó að óneitanlega hafi tannréttingar aukist mjög mikið og þyrfti vissulega að kanna það hvort þessa er í raun þörf í svo ríkum mæli sem nú er en á það skal enginn dómur lagður. Aðeins skal á það bent að 41% ferðakostnaðargreiðslna, sem tryggingaryfirlæknir úrskurðar um, eru vegna tannlækninga og tannréttingar eru þar fyrirferðarmestar.

Sjúkrasamlögin taka verulegan þátt í þessum aðgerðum, bæði að því er tekur til tannréttinganna sjálfra, svo og vegna ferðalaga þeirra sem lengra þurfa að sækja. Þáttur sjúkrasamlaga í tannréttingum er nú 50%, var 75% fyrir valdaskeið núv. ríkisstjórnar. En þessi tillaga snýst fyrst og síðast um hinn þáttinn, ferðakostnaðinn, sem hér af hlýst og mun þar um verulegar upphæðir að ræða því að ekki er óalgengt að fara þurfi 12—14 ferðir á fund sérfræðings vegna meiri háttar tannréttinga. Þáttur sjúkrasamlags í þessum ferðakostnaði er flugferðin að frádregnum 800 kr. fyrir fyrstu ferð og 400 kr. fyrir aðrar. Þá er að sjálfsögðu eftir sá verulegi kostnaður sem hver einstaklingur þarf að greiða. Auk þess er greitt fyrir fylgdarmann ef þess er talin augljóst þörf.

Austfirsk börn og unglingar leita ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur eftir þessari þjónustu. Fyrst er ferð á flugvöll sem getur verið talsvert dýr svo að ekki sé minnst á erfiðleika í vetrarferðum, óþægindi og aukakostnað. Síðan er svo flugferðin og þar er um verulegan kostnað að ræða sem hverjum einstökum ber að greiða. Ótalin er þá röskun vegna skóla eða vinnu, t. d. ef flug fellur niður og biðtími verður lengri af þeim sökum. Varla fer flutningsmaður þessarar tillögu svo um Egilsstaðavöll að þar séu ekki einhverjir að koma eða fara í þessum erindagjörðum.

Það er því augljóst að allra leiða verður að leita til að reyna að koma á hagkvæmri skipan þessara mála, færa þjónustuna að svo miklu leyti sem unnt er nær fólkinu. Á því eru sögð ýmis tormerki og verða þau ekki tíunduð hér en ekkert úr þeim dregið. Hins vegar er hér um stærri fúlgur að ræða en svo í endurgreiðslu ferðakostnaðar frá tryggingakerfinu svo að aðeins sé nú litið á þann þátt að ekki megi talsverðu til kosta og yrði þó umtalsverður sparnaður niðurstaðan. Hins vegar skal höfuðáhersla lögð á kostnað viðkomandi aðila sem er mjög verulegur, margs kyns óhagræði og umtalsverð röskun varðandi nám eða vinnu.

Ef þjónustan yrði a. m. k. á einum stað í fjórðungnum yrði um mjög mikla bót að ræða svo að vægt sé til orða tekið. Að þessu ber því ótvírætt að stefna og fjölmargir foreldrar hafa rætt um þetta við flutningsmann og óskað eftir því að knúið yrði á um úrbætur. Vel kann að vera að einhverjar athuganir hafi átt sér stað á möguleikum þessa, vel kann að vera að þetta verði torleyst, en að því ber rækilega að huga. Hér er um hagsmunamál fjölmargra að tefla, hér eru miklar upphæðir á ferðinni úr tryggingakerfinu og því hlýtur að verða að kanna gaumgæfilega hvort ekki er unnt að fá sérfræðinga í þessari grein til að koma til móts við fólkið eins ríkulega og unnt er. Þegar sparnaðarhjali er helst á lofti haldið væri ómaksins vert að huga hér að.

Ed. 61. Frumvarp til laga [61. mál]

um átak í dagvistarmálum barna.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Á fjárlögum ár hvert skal veita úr ríkissjóði upphæð sem nemur a. m. k. 0,8% af A-hluta fjárlaga til byggingar dagvistunarheimila fyrir börn. Um ráðstöfun fjárins skal fara skv. lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð að sjö árum liðnum frá gildistöku þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við gerð kjarasamninga ASÍ í október 1980 samdi ríkisstjórnin um að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu 10 árum. Með bréfi dags. 26. mars 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila á landinu. Nefndin sem lauk störfum 30. apríl 1982 lagði fram umbeðna áætlun byggða á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými og komst að þeirri niðurstöðu að árlega þyrfti að veita úr ríkissjóði 30 milljónir miðað við forsendur I, 50 milljónir miðað við forsendur II, til að því markmiði í byggingu dagvistarheimila, sem samið var um 1980, yrði náð. Tillögur nefndarinnar um upphæð fjárveitinga voru miðaðar við byggingarvísitölu 909 og skv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar voru þessar upphæðir sem hér segir í janúar 1983 og 1984:

	Jan. 1983 (byggingarvísitala 1482)	Jan. 1984 (byggingarvísitala 2298)
30 millj.:	48.9 millj.	75.8 millj.
50 millj.:	81.5 millj.	126.4 millj.

Fjárveitingar á fjárlögum til byggingar dagvistunarheimila voru hins vegar sem hér segir frá því að ofangreindur kjarasamningur var gerður:

1981: 11 milljónir
1982: 15 milljónir
1983: 27 milljónir
1984: 31 millj. 640 þús.

Stjórnvöld hafa því þverbrotið þau loforð sem gefin voru í kjarasamningunum 1980 og ljóst er að því fer fjarri að þörf fyrir dagvistun barna hafi minnkað á þeim árum sem hér um ræðir. Þvert á móti hefur þörf á dagvistarrými aukist svo umfram framboð sökum núverandi efnahagsástands að neyðarástand hefur skapast í þessum efnum. Við svo búið má ekki lengur standa og því er þetta frumvarp flutt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að árlega verði veitt úr ríkissjóði upphæð sem nemur a. m. k. 0,8% af A-hluta fjárlaga. Miðað við niðurstöðutölu A-hluta fjárlaga 1984 hefði í ár verið um að ræða upphæð sem nemur 147 milljónum króna. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir 20 milljón króna hærri upphæð en framreikningar, miðaðir við forsendur II í áliti nefndarinnar, gefa tilefni til.

Ástæður þessa eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi miða forsendur II við að 64% allra barna á aldrinum 3 mánaða til 5 ára og 17% skólabarna á aldrinum 6 til 9 ára þurfi á dagvistarrými að halda. Miðað við tölur um útivinnu kvenna og karla bendir allt til að þörfin fyrir yngri aldurshópinn sé að nokkru vanmetin. Augljóst er einnig að engin þáttaskil verða í aðstöðu foreldra og barna við það eitt að börn ná 6 ára aldri og 6 til 9 ára þurfi á skóladagheimilisrými að halda. Eðlilegt er að öll skólabörn á þessum aldri eigi kost á aðstöðu á skóladagheimili óski foreldrar þess. Samkvæmt núgildandi lögum um dagvistarheimili fyrir börn eiga skóladagheimili ekki eingöngu að vera í boði fyrir 6 til 9 ára börn heldur öll börn á grunnskólaaldri og er fráleitt annað en að leitast sé við að fylgja þessum ákvæðum laganna. Tryggja verður að börn og unglingar 10 ára og eldri fái þá uppeldislegu aðstoð sem þau þurfa og þau eiga rétt á skv. lögum. Að öllu samanlögðu er ljóst að þörf fyrir dagvistarrými handa börnum er í heildina meiri en forsendur nefndarinnar gera ráð fyrir og því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því við áætlun á fjárþörf til byggingar dagvistarheimila fyrir börn.

Í öðru lagi er ljóst að langtum lægri fjárhæð hefur verið veitt til byggingar dagvistarstofnana undanfarin fjögur ár en tillögur nefndarinnar hljóða upp á. Gefur því auga leið að viðbótarfé þarf til að vinna upp það sem tapast hefur í byggingarhraða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði þess skuli endurskoðuð að sjö árum liðnum frá gildistöku laganna, þörfin á dagvistarrými fyrir börn þá endurmetin og fjárframlög ríkissjóðs til byggingar dagvistarstofnana fyrir börn miðuð við hver þörfin á dagvistarrými verður þá.

Á það skal bent að ekki er ætlast til að fé þetta verði notað til að reisa íburðarmikil mannvirki. Börnum líður jafnvel í verksmiðjuframleiddu einingahúsi og í módelsmíðaðri steinsteypuhöll svo fremi sem annar aðbúnaður og umönnun er við þeirra hæfi og umhverfið hlýlegt og heimilislegt. Því er hér hvatt til nýtni og hagkvæmni við ráðstöfun fjárins og bent á að víða má koma upp góðri skóladagheimilisaðstöðu fyrir skólabörn, t. d. í skólum, í félagsmiðstöðvum og á dagvistarstofnunum án mikils tilkostnaðar. Einnig er rétt að benda á að hluta fjárins væri vel varið til að breyta leikskólum í dagheimili eða blandaðar dagvistarstofnanir ef sveitarfélög æskja þess þar sem fjögurra stunda vistun á dag, sem leikskólarnir bjóða, hentar víða illa atvinnuaðstæðum foreldranna og börnin því iðulega fóstruð á tveimur mismunandi stöðum dag hvern.

Að lokum skal á það bent að ýmislegt má betur fara í núgildandi lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Eðlilegt hlýtur m. a. að teljast að ríkissjóður taki þátt í rekstri dagvistarheimila rétt eins og skóla og heilsugæslustöðva þar sem hér er um sambærilega og jafnsjálfsagða félagslega þjónustu að ræða. En þrátt fyrir rök, sem hníga að slíkri breytingu á dagvistarlögunum, hefur sú leið verið valin hér að hrófla ekki við núverandi fyrirkomulagi í bili þar sem brýnast er í því neyðarástandi, sem nú ríkir í dagvistarmálum barna, að tryggja fé til aukningar á dagvistarrými.

Íslenskt nútímasamfélag gerir með sanni ekki ráð fyrir börnum. Við núverandi efnahagsástæður og þann óheyrilega langa vinnutíma sem flestum vinnufærum Íslendingum er þar með boðið upp á, hafa feður og mæður því miður lítinn tíma afgangs fyrir börn sín. Og hvar eru börnin á meðan foreldrarnir eru að vinna? Í desember 1983 var rúm fyrir 43,5% barna á landinu á aldrinum 6 mánaða til 5 ára á dagvistarheimilum, þar af voru 34,6% í leikskólum en aðeins 8,9% á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins er rúm fyrir 377 börn eða 1,5% barna á aldrinum 6 til 11 ára á landinu. Á meðan rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla eru úti á vinnumarkaðinum er þetta raunveruleikinn. Og jafnvel þótt ekki sé tekið mið af núverandi efnahagsástandi sem kallar foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna er það grundvallaratriði í baráttu fyrir jafnri stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðinum að öllum foreldrum standi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða, að foreldrar geti sjálfir valið hvort börn þeirra sæki dagvistarheimili en að ríkið velji ekki fyrir þá eins og nú er.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn, sem nú falla undir kjarasamning ríkisins og BSRB, njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður.

Greinargerð.

Tillagan miðar að því að hið opinbera sem atvinnurekandi meti til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Hún felur í sér að þeir sem haft hafa ólaunuð heimilisstörf að aðalstarfi njóti sama réttar til starfsaldurshækkana og þeir sem fengið hafa starfreynslu sína við launuð störf hjá hinu opinbera ráðist þeir sem heimilisstörf hafa stundað til launaðra starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Tillagan tekur einnig til þeirra opinberra starfsmanna sem rétt ættu til starfsaldurshækkana samkvæmt tillögunni en hafa ekki þegar notið fullra starfsaldurshækkana.

Í aðalkjarasamningi ríkisins og BSRB eru nú ákvæði um starfsaldurshækkanir á þann veg að til fulls starfsaldurs teljist sá tími sem starfsmaður hefur tekið laun skv. launakerfi opinberra starfsmanna og unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé. Það er einnig ljóst af samningum að ráðist húsmóðir án starfsreynslu til starfa hjá hinu opinbera tekur það hana 5 ár að ná þriðja launaþrepi þess launaflokks sem hún tekur laun samkvæmt nema hún sé 32 ára eða eldri þegar hún hefur störf hjá hinu opinbera. Tillagan miðar að því að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hið opinbera meti jafngilda starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf og þá reynslu sem störf á vegum hins opinbera veita til starfsaldurshækkana. Í tillögunni er því gert ráð fyrir að hið opinbera viðurkenni starfsreynslu við heimilisstörf án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera. Það skal einnig tekið fram að starfsmaður telst hafa heimilisstörf sem aðalstarf á meðan hún eða hann gegnir ekki hálfu starfi eða meira úti á vinnumarkaðinum.

Í heimilisstörfum felst margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðinum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna en það eru þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðinum. Í annan stað sæta þeir sem inna af hendi ólaunuð heimilisstörf stórlega skertum ævitekjum miðað við þá sem geta óhindrað gegnt launuðum störfum alla starfsævi sína. Í þessu er m. a. fólgin efnahagsleg mismunun kynjanna en í langflestum tilvikum eru ólaunuð heimilisstörf unnin af konum. Það kemur þó vitaskuld ekki í veg fyrir að karlar, sem sinna ólaunuðum heimilisstörfum sem aðalstarfi, njóti þeirra réttinda sem tillagan kveður á um.

Ekki liggja fyrir neinar tölur sem sýna fram á hversu þjóðhagslega mikilvæg heimilisstörf eru. Fæstum blandast þó hugur um að heimilisstörf eru ekki síður mikilvæg en önnur störf sem unnin eru í þjóðfélaginu. Tillagan er því réttlætismál og gefur tilefni til að sýna í verki, þó í litlu sé, að ríkið meti í raun einhvers þjóðhagslegt mikilvægi ólaunaðs vinnuframlags kvenna.

Ed. 63. Frumvarp til laga [63. mál]

um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Þeir sem rétt eiga til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla samkvæmt ráðningarsamningi eða samkvæmt lögum nr. 19 1. maí 1979 njóta réttar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Heimilt er foreldri að ráðstafa allt að einni viku af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna haustið 1982 var samþykkt að veita félagsmönnum BSRB og BHM heimild til að nota hluta af veikindaleyfi sínu til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri.

Ári áður hafði verið fallist á sams konar ákvæði í samningum ríkisins við starfsmannafélagið Sókn.

Heimild innan vissra marka til að sinna veikum börnum er eðlilegur réttur foreldra og sanngjarnt að slík ákvæði nái til allra launamanna. Því er frumvarp þetta flutt.

Samkvæmt 1. gr. ná þessi réttindi til þeirra sem eru í fastri vinnu, þ. e. hafa ákveðinn uppsagnarfrest eða hafa verið hjá sama atvinnurekanda í a. m. k. eitt ár, sbr. l. nr. 19 1. maí 1979, þar sem eitt vinnuár er skilgreint sem a. m. k. 1550 vinnustundir á seinustu 12 mánuðum.

Ákvæði 2. gr. er nokkurn veginn samhljóða yfirlýsingu fjármálaráðherra 3. september 1982 í tengslum við aðalkjarasamning BSRB sem birtist hér sem fylgiskjal.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Fylgiskjal.

Yfirlýsing með aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB 3. september 1982, 1. töluliður.

YFIRLÝSING:

Fjármálaráðherra mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra, dags. í dag, gefa út reglugerð um breyting á reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, þannig að við bætist ný grein er hljóði svo:

Heimilt er öðru foreldra að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvista vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um umbætur í málefnum aldraðra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram ítarlega úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra og nái hún a. m. k. til eftirtalinna þátta:

1. húsnæðis- og vistunarmála,
2. félagslegrar stöðu,
3. framfærslukostnaðar og fjárhagslegrar afkomu,
4. atvinnu með tilliti til hlutastarfa.

Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er. Á grundvelli þeirra skal ríkisstjórnin í samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra (sbr. 3. gr. laga nr. 91/1982 um málefni aldraðra) leggja fram heildaráætlun um skipulegt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum sem tryggi betur en nú er félagslegt öryggi og fjárhagsafkomu aldraðra, sem og húsnæðisaðstöðu og atvinnu við hæfi aldraðra sem þess óska.

Greinargerð.

Meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu er að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt yrði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlunargerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum.

Mikil breyting hefur orðið á allri þjóðfélagsgerðinni á undanförnum árum, svo sem atvinnuháttum, samfara síauknum kröfum um endurmenntun í atvinnulífinu, erfiðleikum í framfærslu heimilanna, aukinni atvinnuþátttöku kvenna og kröfunni um jafnrétti kynjanna, svo að eitthvað sé nefnt. Þessi þróun hefur á margvíslegan hátt breytt stöðu aldraðra í þjóðfélaginu. Ýmsir þættir í þjóðfélagsgerð liðinna ára, sem áður veittu öldruðum stuðning og öryggi og gáfu lífinu gildi á elliárum, hafa því breyst og þótt annað hafi komið í staðinn og ýmislegt hafi áunnist er margt sem bendir til þess að öryggisleysi aldraðra á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu hafi vaxið og uppbyggingin í málefnum aldraðra hafi ekki fylgt eftir sem skyldi breyttri þjóðfélagsgerð.

Á vettvangi frjálsra félagasamtaka, svo og af hálfu stjórnvalda, hafa unnist áfangasigrar í baráttumálum aldraðra og skref verið stigin sem ætlað er að tryggja velferð aldraðra. Má þar einkum nefna nokkra uppbyggingu og þjónustu á dvalarstofnunum aldraðra, svo og lög um málefni aldraðra sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1982, en markmið þeirrar löggjafar var einkum að tryggja betra skipulag heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða.

Þó að ýmis mikilvæg ákvæði sé að finna í þeirri löggjöf verður ekki sagt að hún hafi enn markað í framkvæmd nein þáttaskil í málefnum aldraðra þar sem ýmis mikilvæg ákvæði hennar hafa ekki komið til framkvæmda og ekki verður ráðið að nein breyting sé þar í vændum.

Þar sem markmið þessarar þingsályktunartillögu er að gera heildarúttekt á stöðunni í málefnum aldraðra og leggja hana til grundvallar í heildaráætlunargerð um skipulag og bætt kjör aldraðra er nauðsynlegt að gera hér nokkra grein fyrir núverandi skipulagi þessara mála, svo og stöðunni eins og hún verður best skilgreind.

Núverandi skipulag.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem stofnsett var með samþykkt laga um málefni aldraðra 1982, er sá aðili af hálfu hins opinbera sem hefur það verkefni með höndum að vera skipulags- og samræmingaraðili í málefnum aldraðra. Verkefni samstarfsnefndarinnar er að hafa frumkvæði að áætlunargerð og stefnumótun er lýtur að heilbrigðis- og félagslegri þjónustu og vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka er starfa að málum aldraðra. Auk þess má nefna að samstarfsnefndin hefur með höndum að gera tillögur hverju sinni um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem ætlað er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

Skipulag þjónustu er einnig í höndum stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða í hverju heilsugæsluumdæmi en verkefni þeirra er m. a. að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn einstakra þátta þjónustunnar.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra á að vera starfandi við hverja heilsugæslustöð þjónustuhópur aldraðra sem hefur það verkefni að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra og sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.

Þá má nefna til sögunnar Öldrunarráð Íslands sem starfar á vettvangi frjálsra félagasamtaka en aðild að því eiga landssamtök sem vinna m. a. að bættum kjörum aldraðra, stofnanir sem vinna að úrlausnum öldrunarmála um land allt og félög og stofnanir sem starfa innan landshluta, m. a. að hagsmunamálum aldraðra.

Nauðsyn á heildarúttekt.

Ljóst er að ef vel á til að takast um uppbyggingu í málefnum aldraðra og tryggja á betur en nú er félagslegt öryggi og afkomu aldraðra er nauðsynlegt að þessir aðilar og aðrir þeir, sem að málefnum aldraðra starfa, hafi heildaryfirsýn yfir alla þá þætti sem lúta að velferð aldraðra í þjóðfélaginu til að markvisst og á skipulegan hátt sé hægt að leggja grunn að allri áætlunargerð sem tryggi betur öryggi og afkomu aldraðra í þjóðfélaginu. Þó að nokkur úttekt hafi verið gerð á stöðunni í vistunarmálum aldraðra, svo og ýmsum þjónustuþáttum, sem oftast eru staðbundnir, hefur engin samræmd heildarúttekt verið gerð á vistunarþörf aldraðra á landinu öllu eða forgangverkefnum á því sviði.

Sum sveitarfélög hafa reynt að glöggva sig almennt á stöðunni í málefnum aldraðra á sínum stað, bæði fjárhagsafkomu, vistunar- og þjónustustörf aldraðra, en engin heildarúttekt hefur þó verið gerð á fjárhagsstöðu, afkomu, framfærslukostnaði né félagslegri stöðu aldraðra. Hér er þó um að ræða grundvallaratriði ef vinna á á farsælan hátt að málefnum aldraðra því að glögg yfirsýn og vitneskja verður að liggja fyrir um alla þætti sem lúta að kjörum og velferð aldraðra og um þær aðstæður sem aldraðir búa við hverju sinni.

Nú má segja sem svo að þeir sem gerst þekkja aðstæður aldraðra og helst hafa að þeim málum unnið telji sig þekkja það vel aðbúnað og kjör aldraðra að enga úttekt þurfi til leiðbeiningar og samræmingar á því sem gera þarf. Vitað sé að vistunarþörfin sé mikil og hvergi nærri fullnægt, lífeyrir almannatrygginga nægi hvergi til framfærslu og húsnæðisaðstaða margra aldraðra sé bágborin. Vissulega er þetta sú mynd sem blasir við mörgum, bæði öldruðum, fjölskyldum þeirra og þeim sem að málefnum aldraðra vinna. Engu síður er það mat flutningsmanna að brýn nauðsyn sé ítarlegrar úttektar á þessum málum eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir til að hægt sé á markvissari hátt en verið hefur að leggja drög að skipulagi í áætlunargerð og forgangsverkefnum næstu ára og bættum kjörum og aðbúnaði aldraðra.

Fjárhagsleg staða.

Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar er hækkun framfærslukostnaðar 1. janúar 1983 til 1. september 1984 82,8%. Grunnlífyrir almannatrygginga hefur á sama tíma hækkað um 44,9%. Ellilífeyrir og tekjutrygging hafa á þessu tímabili hækkað um 60,3%. Svo mikil skerðing, sem orðið hefur á framfærslueyri þeirra öldruðu sem við verst kjör búa, getur vissulega haft víðtæk áhrif á hag og afkomu þessa fólks.

Ótrúlega stór hópur aldraðra hefur ekki úr neinu að spila nema lífeyri almannatrygginga. Það sést best á eftirfarandi upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í september sl. voru greiðslur tekjutryggingar til aldraðra hjá Tryggingastofnuninni með eftirfarandi hætti:

Reykjavík:
2335 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu.
3292 fengu óskerta tekjutryggingu.
3534 fengu enga tekjutryggingu.

Landið í heild:
5202 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu.
8198 fengu óskerta tekjutryggingu.
5888 fengu enga tekjutryggingu.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu var fjöldi 67 ára og eldri í árslok 1983 20 796. Ef litið er á tölur Tryggingastofnunar ríkisins **má ráða að tæplega 40% 67 ára og eldri á Íslandi hafa einungis til framfærslu lífeyri almannatrygginga.** Sem dæmi um hvað lítið er í raun vitað um þennan stóra hóp aldraðra, sem einungis hefur lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu, má nefna eftirfarandi:

Til að fá óskerta tekjutryggingu mátti einstaklingur þann 1. sept. sl. hafa að hámarki launatekjur eða lífeyrissjóðsgreiðslur að upphæð kr. 41 670 kr. á ári. Tryggingastofnun ríkisins hefur engar upplýsingar um hve margir af þessum 8200 einstaklingum hafa tekjur upp að frítekjumarkinu (41 670 kr. eða 3472 kr. á mánuði) eða þá hvernig sú tekjuskipting er innbyrðis milli þessa hóps. Engin úttekt hefur verið gerð á félagslegri stöðu þessa fólks, til að mynda húsnæðisaðstöðu, hve stór hluti þessara 8200 ellilífeyrisþega býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði eða hvernig afkomu þeirra eða framfærslumöguleikum sé að öðru leyti háttað en úttekt þeirri, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, er ætlað að leiða það í ljós.

Vistunarmál.

Óhætt er að fullyrða að neyðarástand ríki í vistunarmálum aldraðra, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það segir sína sögu að á sama tíma og 900 umsóknir liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg um vistunarrými fyrir aldraða skuli aðeins vera í byggingu eitt vistheimili í Hjallaseli sem áætlað er að taka í notkun á árinu 1985 eða 1986. Það veitir aðeins 70—80 öldruðum úrlausn. Talið er að af 900 öldruðum, sem bíða eftir vistunarrými á höfuðborgarsvæðinu, séu 300 þeirra í mjög brýnni þörf fyrir úrræði og þoli enga bið. Athyglisvert er einnig að tæplega 150 þeirra, sem á biðlista eru eftir vistunarrými, eru 86 ára og eldri.

Í grein, sem Þórir S. Guðbergsson, ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar, ritar í Morgunblaðið 31. maí 1984, kemur fram að um 320 þeirra, sem á biðlista eru, búi enn í leiguhúsnæði á almennum markaði og tugir manna í þessum aldurshópi eigi sífellt á hættu á hverju ári að verða sagt upp húsnæði og búi því við stöðugt öryggisleysi. Að auki má ætla að húsaleigan vegi þungt í framfærslubyrði aldraðra, ekki síst á almenna markaðinum og ekki er óvarlegt að áætla að 50—70% af lífeyri aldraðra úr almannatryggingum fari í húsnæðiskostnað.

Í sömu grein Þóris S. Guðbergssonar kemur einnig fram að margir, sem á biðlista eru, eigi sínar eigin íbúðir eða sitji í óskiptu búi en geti nánast ekki lengur verið heima vegna lasleika eða öryggisleysis.

Starfslok.

Í riti Þóris S. Guðbergssonar, „Þegar ég eldist“, er vitnað til könnunar sem gerð var af Jóni Björnssyni sálfræðingi fyrir félagsmálaráð Reykjavíkur á árunum 1974—1975. Þar segir svo:

„Þá kom fram í áðurnefndri könnun að flestir virðast hætta að stunda launavinnu af illri nauðsyn en ekki samkvæmt eigin ósk. Eldra fólk heldur í vinnuna dauðahaldi af ýmsum ástæðum. Bætur almannatrygginga duga ekki til lífsframfæris nema við bestu aðstæður svo að margt eldra fólk er beinlínis nauðbeygt til þess að halda í nokkrar vinnutekjur. Tekjuskattur knýr marga til þess að halda áfram vinnu. Ýmsar félagslegar og sálrænar ástæður eru þó síst léttvægari heldur en hinar fjárhagslegu. Eldra fólki sem vissulega er af mjög vinnusamri kynslóð, sem lítið hefur þekkt til tómstunda, finnst að drjúgur hluti manngildisins felist í því að geta séð fyrir sér sjálfur og vera ekki upp á aðra kominn. Margir óttast einangrunina þegar litið er á vinnuna o. s.frv., sakna vinnufélaganna, tilbreytingarinnar og þeirrar lífsfyllingar sem vinnan gefur.“

Í þessari mynd, sem Jón Björnsson dregur upp af viðhorfum eldra fólks til starfsloka, felst örugglega mikill sannleikur sem stjórnvöldum ber skylda til þess að gefa gaum. Hvaða áhrif hefur það á aldrað fólk við sæmilega heilsu og með löngun til að stunda vinnu við sitt hæfi þegar það skyndilega er rifið burt af vinnumarkaðinum vegna laga og reglna sem sveitarfélög eða einstök fyrirtæki hafa sett? Á því hefur engin könnun verið gerð.

Hlutastörf.

Í könnun Jóns Björnssonar sálfræðings á vinnugetu og atvinnumöguleikum aldraðra í Reykjavík á árunum 1974—1975, sem gefin var út 1976, eru settar fram tillögur um úrbætur í atvinnumálum aldraðra. Þar kemur fram að af fjölmörgum tillögum, sem settar eru fram til úrbóta, muni trúlega engin gagnast eins stórum hluta aldraðra í atvinnuvanda eins og ein sú kostnaðarminnsta sem þar er talin, þ. e. sú að skipta heilsdagsstörfum í hálfsdagsstörf þar sem því yrði með góðu móti við komið.

Um þennan þátt segir svo í umræddri könnun:

„Skipting heilsdagsstarfs í tvö hálfsdags- eða hlutastörf er í fjölmörgum tilvikum einungis einfalt skipulagsatriði og unnt væri að margfalda framboð á hálfsdagsvinnu án þess að það á neinn hátt rýrði afköst. Hið eina, sem á skortir að af þessu verði, er oft einungis frumkvæði. Með slíkri skiptingu starfa, þar sem því yrði með góðu móti við komið, væri stigið gífurlegt skref í þá átt að leysa atvinnuvanda aldraðs fólks og auka atvinnumöguleika því til handa. Tilkostnaður við slíka aðgerð miðað við gagnsemi hennar og notagildi er lítill sem enginn.“

Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að þegar hugað er að þáttum, sem snúa að velferð og högum aldraðra, hljóti þessi þáttur einnig að þurfa að koma inn í myndina og það hljóti að verða kannað hvort ekki séu möguleikar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að leita leiða til að auka möguleika aldraðra á hlutastörfum, t. a. m. með endurskipulagningu starfa með þarfir aldraðra í huga. Með þeim hætti geta aldraðir með eðlilegri hætti en nú er aðlagast því að hætta þátttöku í störfum á vinnumarkaðinum og að auki verið þar lengur en ella en það gæti ekki síður verið verðmætt fyrir samfélagið en þá öldruðu.

Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að fallist Alþingi á að fela ríkisstjórninni ítarlega úttekt á fjárhagsstöðu, afkomu og félagslegri stöðu aldraðra mundi slík úttekt auðvelda allar ákvarðanir og stuðla að aukinni velferð aldraðra í þjóðfélaginu.

Sþ. # 65. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1985.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 15. október 1984.)

Inngangur

Mikilsverður árangur hefur náðst í efnahagsmálum síðustu þrjú misseri. Mestu máli skiptir hjöðnun verðbólgunnar. Á fyrstu mánuðum ársins 1983 fór árshraði verðbólgunnar, á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar, yfir 130% og stefndi hærra. Í septemberbyrjun 1984 var verðbólgan 13% miðað við síðustu þrjá mánuði, en 19% miðað við síðustu tólf mánuði, og er það lægsta slík breyting síðastliðinn áratug. Á mælikvarða vísitölu byggingarkostnaðar hefur árshraði verðbólgunnar verið um 10% að undanförnu. Á grundvelli ríkjandi gengisstefnu og þeirra kauphækkana, sem um var samið á fyrstu mánuðum ársins, ættu verðbreytingar á mælikvarða framfærsluvísitölu að vera nálægt 13% árshraða í lok þessa árs, en undir 10% á mælikvarða vísitölu byggingarkostnaðar.

Í atvinnumálum hefur gætt nokkurra staðbundinna erfiðleika, en þegar á heildina er litið hefur atvinnuástand verið viðunandi. Tekist hefur að halda atvinnuleysi í skefjum í námunda við 1% af mannafla. Atvinnuöryggi, sem er eitt helsta markmið efnahagsstefnunnar, hefur því ríkt.

Óhjákvæmilegt var, að lífskjör þjóðarinnar versnuðu nokkuð á árinu 1983 vegna afturkipps í útflutningstekjum og viðskiptahalla, sem myndast hafði á fyrri árum. Talið er, að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi rýrnað um 12% á mann á árinu 1983 en einkaneysla

um 7%. Á árinu 1984 virðist hins vegar ekki munu verða veruleg kjararýrnun, eftir vísbendingum um breytingar einkaneyslu á árinu að dæma. Þótt kaupmáttur kauptaxta kunni að reynast 1-2% lakari að meðaltali en á síðasta fjórðungi ársins 1983, virðist kaupmáttur tekna almennings ekki hafa rýrnað á sama tíma. Þar veldur hvort tveggja hækkun tekna umfram taxta og aðgerðir stjórnvalda í skatta- og félagsmálum.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur þegar skilað miklum árangri eins og lýsingin hér að framan á umskiptunum í þjóðarbúskapnum sýnir glöggt. Enn er þó við alvarleg vandamál að glíma. Þótt dregið hafi úr viðskiptahalla gagnvart útlöndum á árinu 1983, úr 10% af þjóðarframleiðslu 1982 í 2,3% í fyrra, meðal annars vegna sölu úr birgðum, er búist við um 5% halla á þessu ári. Þetta er önnur hlið efnahagsvandans. Á hina hlið eru erfiðleikar í rekstri og fjárhag sjávarútvegsins.

Innflutningur hefur farið vaxandi á árinu 1984, umfram fyrri áætlanir og umfram útflutning. Þá hafa komið æ skýrar í ljós rekstrar- og greiðsluerfiðleikar í sjávarútveginum. Einkum hefur rekstur nýjustu togaranna gengið erfiðlega en einstakar greinar fiskvinnslu hafa einnig átt við erfiðleika að stríða.

Orsakir efnahagsvandans eru annars vegar þrálátt misvægi í peninga- og lánamálum og fjármálum ríkisins, en hins vegar minnkun þorskaflans, markaðserfiðleikar í sjávarútvegi og lækkandi útflutningsverð ásamt þungri skuldabyrði vegna mikillar fjárfestingar á fyrri árum. Hagtölur fyrstu sex mánaða ársins 1984 sýndu glögg merki um vaxandi viðskiptahalla og versnandi stöðu sjávarútvegsins.

Ríkisstjórnin greip því í lok júlímánaðar

síðastliðins til sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum, peninga- og lánamálum og sjávarútvegsmálum til þess að freista þess að stöðva þessa öfugþróun. Þessum aðgerðum var ætlað að stemma á að ósi. Þeim er nú fylgt eftir með þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur mótað fyrir næsta ár og er lýst hér á eftir. Þessi stefna miðar að því annars vegar að varðveita þann mikilsverða árangur, sem náðst hefur á síðustu misserum í átt til betra jafnvægis í efnahagsmálum, og hins vegar að því að halda áfram þeim umbótum í hagkerfi og stjórnkerfi, sem eru forsenda varanlegra framfara og batnandi lífskjara í landinu.

Útlit er nú fyrir, að samdráttur þjóðarframleiðslu á árinu 1984 verði um 1%, sem er mun minna en spáð var fyrir ári. Árið 1984 verður þó þriðja samdráttarárið í röð í íslenska þjóðarbúskapnum og árin þrjú, 1982-1984, eru lengsta samdráttarskeið í þjóðarbúskapnum í þrjá áratugi. Þótt nú séu horfur á, að botni hafi verið náð í hagsveiflunni, er útlitið enn ótryggt. Mikilvægt er að búa þannig í haginn, að um raunverulegan endurbata geti orðið að ræða á næstu árum og traustur grunnur verði lagður að hagvexti í framtíðinni.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985 var undirbúin í ágúst og september til framlagningar á Alþingi við upphaf þinghalds í október, eins og lög gera ráð fyrir. Þegar skýrslunni var lokið, höfðu kjarasamningar og kjaradeilur, sem hófust í september og október, ekki verið til lykta leiddar. Skýrslan lýsir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á grundvelli samkomulags stjórnarflokkanna í septemberbyrjun, en í henni er ekki fjallað um þau viðbrögð eða stefnubreytingar, sem væntanlegir launasamningar kynnu að gefa tilefni til. Sama gildir um matið á framvindu

og horfum í efnahagsmálum, sem sett er fram í þessari skýrslu.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári lýst. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þeim aðgerðum, sem hún hyggst beita sér fyrir. Í þriðja hluta er sagt frá framvindu efnahagsmála 1984 og í þeim fjórða horfum í þjóðarbúskapnum 1985 eins og þær virðast í þingbyrjun. Fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1985 eru reistar á sömu forsendum og stefna að sömu markmiðum og hér er lýst.

I. Efnahagsmarkmið

Í stefnuyfirlýsingu sinni setti ríkisstjórnin fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum þau markmið að tryggja atvinnuöryggi, hjöðnun verðbólgu, viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra, sem við bágust kjör búa. Þann tíma, sem stjórnin hefur starfað, hefur hún náð miklum árangri, hvað varðar öll þessi markmið. Enn horfir áhyggjusamlega um viðskiptajöfnuð við útlönd, þótt nokkuð hafi þar miðað í átt til jafnvægis. Ekkert framangreindra markmiða er þannig vaxið, að það náist til lengdar, nema stöðugt sé að því unnið að tryggja viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin mun með þetta að leiðarljósi beina kröftum sínum að því að greiða fyrir framförum og aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Til þess að þetta takist þarf að beina fjárfestingunni í arðbær verkefni, sem kallar á bætt skipulag í peninga-

og lánakerfi landsins, en einnig í fjármálastjórn hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Nánar greinir frá þessum stefnuatriðum hér á eftir í kaflanum um efnahagsstefnuna, en áður en að honum kemur verður lýst nánar stefnumiðum fyrir árið 1985, hvað varðar meginþætti í þjóðarbúskapnum.

1. Atvinnuöryggi.

Áætlað er, að hlutfall þeirra, sem skráðir eru atvinnulausir á þessu ári, verði að meðaltali rúmlega 1% af mannafla, ef ekki koma til meiri háttar truflanir á síðustu mánuðum ársins. Þessi hundraðstala atvinnulausra er með þeim allra lægstu, sem þekkjast í nálægum löndum. Reyndar má segja, að í vor og sumar hafi mátt sjá ýmis merki um umframeftirspurn á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er, að þegar á heildina er litið hefur tekist að tryggja viðunandi atvinnuástand.

Ríkisstjórnin setur áframhaldandi atvinnuöryggi sem meginmarkmið í efnahagsmálum á næsta ári. Forsenda þess er, að afkoma atvinnuveganna sé tryggð. Í því efni ráða ákvarðanir annarra aðila í hagkerfinu ekki síður úrslitum en ákvarðanir stjórnvalda. Launaákvarðanir, sem ofbjóða greiðslugetu atvinnuveganna, geta valdið stöðvun fyrirtækja og þar með atvinnuleysi.

2. Hjöðnun verðbólgu.

Að óbreyttum kjarasamningum og gengisstefnu verður árshraði verðbólgunnar kominn niður í 13% í árslok. Markmið þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1984 var að koma verðbólgunni í 10% á árinu 1984. Þótt þetta hafi ekki að fullu náðst, er lækkun verðbólgunnar úr 130% í 13% á átján mánuðum undraverður árangur, sem á sér fáar hliðstæður. Mikið er í húfi, bæði til þess að bæta

efnahagsástandið innanlands og treysta enn betur álit landsins út á við, að það takist að varðveita þennan mikla árangur í viðureigninni við verðbólguna.

Á næsta ári þarf enn að þoka verðbólgunni niður á við. Enn skortir á, að verðbreytingar hér á landi séu komnar niður á stig helstu viðskiptaþjóða okkar. Nú er því spáð, að verðbólga í aðildarríkjum OECD verði rúmlega 5% á næsta ári, en 6-7% í Evrópuríkjum innan OECD. Ríkisstjórnin setur sem markmið fyrir næsta ár, að hraði verðbólgunnar hér á landi verði í lok ársins 1985 kominn niður fyrir 10% árshraða. Hvort slíkur árangur næst, er auðvitað ekki síður komið undir ytri skilyrðum og ákvörðunum annarra aðila í hagkerfinu, meðal annars á vinnumarkaði, en aðgerðum stjórnvalda.

3. Betra jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd - lækkun hlutfalls erlendra skulda.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 var það sett sem markmið að ná sem næst hallalausum viðskiptum við önnur lönd á þessu ári. Þetta markmið næst ekki á árinu, því áætlað er, að viðskiptahalli muni nema um 5% af þjóðarframleiðslu. Með þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 var ennfremur að því stefnt, að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu ykist ekki á árinu 1984. Útlit er nú fyrir, að erlendar skuldir verði í árslok 1984 um 61 1/2% af þjóðarframleiðslu.

Ekki eru horfur á, að útflutningsframleiðslan geti aukist svo nokkru nemi á næsta ári og vonir standa ekki til viðskiptakjarabata. Því verður að reikna með, að minna dragi úr viðskiptahalla en æskilegt hefði verið. Viðskiptahallinn sem nú blasir við, er mikið áhyggjuefni. Ríkisstjórnin telur afar brýnt, að hallinn á viðskiptajöfnuði verði jafnaður markvisst á næstu þremur árum og hlutfall erlendra

Breytingar framfærsluvísitölu 1983-1984.

	Breytingar í hverjum mánuði 1)	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar:			
		Síðasta mánuð	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
	%	%	%	%	%
1983					
Janúar	4,15	63,0	70,5	77,0	63,7
Febrúar	4,77	75,0	75,8	83,1	67,7
Mars	10,45	229,6	111,0	89,7	75,8
Apríl	6,79	120,0	133,2	99,4	79,7
Maí	4,60	71,6	131,7	101,9	86,6
Júní	9,60	200,5	124,7	117,8	93,8
Júlí	3,92	58,6	101,5	116,8	95,9
Ágúst	6,63	116,0	117,6	124,5	102,8
September	0,74	9,3	55,3	86,7	88,2
Október	3,10	44,2	50,4	74,1	86,3
Nóvember	2,74	38,4	29,7	68,0	84,1
Desember	1,23	15,8	32,2	43,3	76,6
1984					
Janúar	0,72	9,0	20,4	34,6	70,8
Febrúar	0,65	8,1	10,9	19,9	64,1
Mars	1,09	13,9	10,3	20,8	50,2
Apríl	1,42	18,4	13,4	16,9	42,6
Maí	0,88	11,1	14,4	12,7	37,6
Júní	2,33	31,8	20,2	15,1	28,4
Júlí	0,93	11,7	17,8	15,6	24,7
Ágúst	1,57	20,6	21,1	17,7	18,8
September	0,62	7,7	13,2	16,6	18,7

skulda af þjóðarframleiðslu verði ekki hærra en 61% á næsta ári, og fari síðan lækkandi.

4. Hagvöxtur og lífskjör.

Lífskjör almennings ráðast á endanum fyrst og fremst af sköpun raunverulegra verðmæta á þjóðarbúinu, en ekki af því þrátefli um skiptingu þjóðartekna, sem hefur haft verðbólguna að förunaut mörg undanfarin ár. Það er ef til vill markverðasti árangur í efnahagsmálum á síðustu misserum, að tekist hefur að rjúfa þann vítahring verðbólgunnar, sem hefur umkringt kjarabaráttu og verðmyndun í landinu mörg undanfarin ár.

Eitt helsta markmið þessarar þjóðhagsáætlunar er að endurvekja hagvöxt á árinu 1985. Með nokkurri bjartsýni um veiðiþol fiskstofna standa vonir til þess, að heildarframleiðslan í landinu geti aukist nokkuð á ný á næsta ári. Haldist viðskiptakjör nokkurn veginn óbreytt 1985, sem er þó óvissu undirorpið, ættu ráðstöfunartekjur þjóðarinnar á mann ekki að rýrna frekar en orðið er. Efnahagsbatinn er svo óviss enn, að óráðlegt er að stefna þegar að verulegri hækkun kaupmáttar launa.

Við ríkjandi aðstæður í þjóðarbúskapnum væri æskilegt, að jöfnuður í viðskiptum við önnur lönd verði bættur, sem framleiðsluaukningu svarar. Í þessu felst, að ekki er svigrúm til þess að auka einkaneysluútgjöld nema á kostnað annars eða hvors tveggja, samneyslu eða fjárfestingar. Þótt ríkisstjórnin telji óhjákvæmilegt að stilla þessum útgjöldum áfram í hóf, virðist óráðlegt að stefna að frekari samdrætti á þessu sviði. Þar veldur annars vegar hið mikilvæga hlutverk samneysluútgjaldanna að tryggja öllum landsmönnum jöfn tækifæri á sem flestum sviðum, svo sem til menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Hins vegar er brýn nauðsyn að halda áfram uppbyggingu í samgöngukerfi, í orkumálum og í atvinnulífinu til þess að stuðla að framförum, þegar til langs tíma er litið.

Af þessu leiðir, að ríkisstjórnin mun miða stefnu sína í kjaramálum á næstunni við það að freista þess að varðveita í aðalatriðum það lífskjarastig, sem ríkt hefur á árinu 1984, og reyna að bæta hag þeirra, sem við erfiðust kjör búa. Á árinu 1984 hafa hinir tekjulægstu fengið nokkra leiðréttingu á sínum hlut fyrir tilstilli aðgerða ríkisstjórnarinnar í samráði við aðila vinnumarkaðarins í kjölfar kjarasamninga í byrjun ársins. Nýtt kjarakapphlaup nú myndi stefna þessum sanngjörnu leiðréttingum á kjörum í hættu. Ríkisstjórnin vill koma í veg fyrir slíka óheillaþróun og mun miða stefnu sína í kjaramálum og fjármálum við það.

II. Efnahagsstefnan

Markmiðunum, sem að framan er lýst, hyggst ríkisstjórnin ná á grundvelli efnahagsstefnunnar, sem hún setti fram í stefnuyfirlýsingu sinni vorið 1983. Hinn 6. september sl. gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og um breytingar á stjórnkerfi. Með þessu samkomulagi hefur stjórnarstefnan í efnahagsmálum verið mótuð í meginatriðum fyrir næsta ár. Samkomulagið fer hér á eftir:

"1. Markmið.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lýst, að

skapa skuli festu í efnahagslífinu með raunhæfri gengisstefnu og aðhaldsamri fjármála- og peningastefnu. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að byggja áfram á þessum grundvallaratriðum og leggja áherslu á að viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur. Stjórnarflokkarnir telja jafnframt nauðsynlegt að svigrúm fáist til að auka framleiðslu og framleiðni og hefja nýsköpun í íslensku atvinnulífi, þar sem arðsemi ráði fjárfestingu.

2. Umgjörð efnahagsmála 1985.

Meginmarkmið og forsendur aðgerða í efnahagsmálum á árinu 1985 verða:

2.1 Gengi verði ekki breytt um meira en að hámarki 5 af hundraði á árinu 1985. Þessi ákvörðun er tekin með tilliti til erfiðrar markaðsstöðu sjávarútvegsins og viðskiptahalla.

2.2 Miðað er við að verðbólga í lok ársins 1985 verði ekki yfir 10 af hundraði.

2.3 Erlendar skuldir þjóðarinnar verði ekki yfir 61 af hundraði þjóðarframleiðslu í lok ársins 1985. Þetta markmið skapar svigrúm til erlendrar lántöku, samtals að upphæð kr. 7.200 millj. en þar af fara um kr. 4.500 millj. til afborgana eldri lána, og því eru einungis kr. 2.700 millj. til ráðstöfunar til atvinnuveganna og nýrra framkvæmda.

2.4 Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins verði lög um bann við verðtryggingu launa framlengd. Verðtrygging á skemmri lánum verði afnumin og tekin til endurskoðunar á öðrum sviðum.

2.5 Gert er ráð fyrir að ákvörðunarvald um vexti verði óbreytt, en stefnt er að því að vextir lækki með lækkandi verðbólgu.

2.6 Til þess að svigrúm verði til aukinnar framleiðslu, framleiðni og nýsköpunar í atvinnulífinu, eru stjórnarflokkarnir sammála um að ríkissjóður verði sem næst án rekstrarhalla á árinu 1985.

Gert er ráð fyrir því að launahækkanir verði innan þeirra marka sem ofangreindar ákvarðanir og markmið setja. Í fjárlagafrumvarpi verður því miðað við að kauptaxtar verði að meðaltali um 5% hærri árið 1985 en þeir verða nú í árslok.

3. Skattamál.

3.1 Tekjuskattur af almennum launatekjum verði afnuminn í þremur áföngum. Komi fyrsti áfangi til framkvæmda þegar á árinu 1985 með lækkun tekjuskatts um kr. 6-700 milljónir. Við það er miðað, að eftir síðasta áfanga verði ekki greiddur tekjuskattur af tekjum miðað við kr. 21-22 þús. í ágúst 1984. Á móti lækkun tekjuskatts komi skattlagning eyðslu.

3.2 Frumvarp til laga um virðisaukaskatt verði lagt fram í upphafi þings.

4. Nýskipan í banka- og gjaldeyrismálum.

4.1 Frumvörp að nýrri löggjöf fyrir viðskipta-

banka, sparisjóði og Seðlabanka verði lögð fram í upphafi þings, og áhersla lögð á að breytingarnar komi til framkvæmda í upphafi árs 1985.

4.2 Ríkisbönkum verði fækkað með tilflutningi verkefna og samruna banka. Rekstrarform ríkisbankanna verði tekið til endurskoðunar. Mál þessi verða tekin til afgreiðslu að fengnu áliti þeirrar nefndar sem viðskiptaráðherra hefur skipað í málið.

4.3 Áfram verði haldið á þeirri braut að auka frjálsræði gjaldeyrisviðskipta. Útflytjendur fái að leggja inn á gjaldeyrisreikninga, og endurskoðaðar verði reglur um beina lántöku fyrirtækja erlendis án ríkisábyrgðar.

5. Breytingar á stjórnkerfinu.

Á grundvelli tillagna Stjórnkerfisnefndar er gert ráð fyrir eftirtöldum breytingum á stjórnkerfinu:

5.1 Ríkisendurskoðun verði færð undir stjórn Alþingis.

5.2 Lagt verði fram á næsta þingi frumvarp til nýrra stjórnarráðslaga, þar sem m.a. verði gert ráð fyrir eftirgreindum atriðum:

1) Valdsvið ráðherra verði skilgreint betur en nú er gert í lögum.

2) Fjármálastjórn einstakra ráðuneyta verði styrkt.

3) Staða aðstoðarmanna ráðherra verði styrkt.

4) Ráðningartími embættismanna verði takmarkaður.

5.3 Lagt verði fram á næsta ári frumvarp til stjórnsýslulaga, þar sem m.a. verði að finna grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni í því skyni að treysta stöðu einstaklinga í skiptum þeirra við hið opinbera.

5.4 Unnið verði að því að fækka reglugerðum og einfalda þær. Jafnframt verði kannað hvort ekki sé unnt að draga úr ýmis konar leyfisveitingum, einfalda umsóknir, flytja verkefni frá ríki til einstaklinga og endurskipuleggja þjónustu hins opinbera í því skyni að bæta og hagræða þjónustu við almenning.

6. Nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Samkomulag er um eftirfarandi meginbreytingar til nýsköpunar í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfisins:

6.1 Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, verði fækkað í þrjá: Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutverki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi.

6.2 Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun, sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í

atvinnulífinu. Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verði sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verða gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins.

6.3 Lögð verði aukin áhersla á rannsókna- og þróunarstarfsemi og menntamál, er miði að endurnýjun og nýsköpun í atvinnuvegunum.

6.4 Átak verði gert til að efla íslenska útflutningsstarfsemi og leita markaða fyrir íslensk fyrirtæki erlendis. Í því skyni verði stofnað Útflutningsráð er nái til allra atvinnuvega.

6.5 Gert er ráð fyrir að verja kr. 500 millj. á árinu 1985 til þeirrar nýsköpunar í atvinnulífinu sem felst í ofangreindum breytingum.

7. Sjávarútvegur.

7.1 Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram í október og stefnt að afgreiðslu fyrir 1. desember 1984.

7.2 Unnið verði að endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegs og tengslum þess við hlutaskipti á fiskiskipum, þar með á starfsemi Aflatryggingasjóðs og fjárstofnum hans. Til þessa verks verði skipuð nefnd fulltrúa úr sjávarútvegsnefndum Alþingis, frá hagsmunaaðilum og ráðuneyti. Nefndin skili tillögum sínum fyrir næstu áramót.

7.3 Yfirstandandi endurskoðun á verðlagningu og skattlagningu á olíuvörum til útvegsins, sem stefnir að því að lækka olíukostnað hans, verði lokið í október n.k.

7.4 Uppsafnaður söluskattur í rekstrargjöldum fiskveiða og fiskvinnslu verði endurgreiddur frá næstu áramótum. Tilgangur þessarar endurgreiðslu er annars vegar að leiðrétta stöðu sjávarútvegsins í samkeppni við útveg annarra landa og hins vegar að undirbúa upptöku virðisaukaskatts hér á landi.

7.5 Fram fari athugun á ýmsum álögum og gjöldum, sem leggjast á sjávarútveginn, þar með á gjaldskrám opinberra þjónustufyrirtækja.

7.6 Áfram verður leitað leiða til þess að auka fjölbreytni í framleiðslu sjávarútvegsins, meðal annars með nýtingu fiskstofna sem lítt eða ekki eru nýttir. Ein helsta forsenda slíkra nýjunga er öflug markaðsleit. Markaðsstarfsemi fyrir sjávarútveg verði aukin og samræmd sbr. lið 6.4 hér að framan.

8. Landbúnaður.

Með tilvísun til þess ákvæðis í stefnu ríkisstjórnarinnar að- unnið verði að aðlögun búvöruframleiðslunnar að markaðsmöguleikum og dregið úr þörf fyrir útflutningsbætur verður samhliða gert átak til atvinnuuppbyggingar í sveitum landsins meðal annars með því að efla nýjar búgreinar og auka arðsemi í landbúnaði. Á árinu 1985 verður varið í þessu skyni fjármagni sem nemur 10% af útflutningsbótafé sem þá lækkar að sama skapi. Forgangsrétt að þessu fjármagni

skulu þeir aðilar hafa sem draga úr framleiðslu á hefðbundnum búvörum. Lögð er áhersla á uppbyggingu fjölþættrar atvinnustarfsemi í sveitum landsins jafnhliða samdrætti í hefðbundnum búgreinum sem leiða mun til stöðugt minnkandi þarfa á útflutningsbótum.

Í samræmi við þessi markmið verða lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins og önnur lög sem landbúnaðinn varða, endurskoðuð að höfðu samráði við samtök bænda á eftirgreindum grundvelli.

8.1 Mjólkurframleiðslan verði að tveimur til þremur árum liðnum sem næst innanlandsneyslu þannig að ekki verði þá lengur þörf fyrir útflutningsbætur á mjólkurafurðir, enda verði bændum tryggt fullt verð fyrir þá framleiðslu.

8.2 Kjötframleiðslan verði að fjórum til fimm árum liðnum sem næst innanlandsþörfum og ekki lengur þörf útflutningsbóta, enda verði bændum tryggt fullt verð fyrir þá framleiðslu.

8.3 Frá og með 1.janúar 1985 verði ekki veitt framlög til þeirra framkvæmda sem auka mjólkur- og kjötframleiðslu. Fé sem sparast með þessum hætti verður notað til þess að koma á fót arðbærum búgreinum og atvinnutækifærum í sveitum.

8.4 Samtök bænda skipti framleiðslunni á framleiðslusvæði og/eða einstaka framleiðendur.

8.5 Í samráði við fulltrúa bænda, vinnslustöðva og neytenda verði verðlagningu landbúnaðarafurða hagað þannig að verð til bænda annars vegar verði ákveðið sérstaklega og hins vegar

sjálfstætt til vinnslustöðva og í smásölu, enda verði verðjöfnun tryggð.

Endurskoðun fari fram á ákvæðum um verðjöfnun svo sem vegna fjármagnskostnaðar af fjárfestingu.

8.6 Framleiðendur fái fulla greiðslu fyrir afurðir sínar sem næst við afhendingu, enda verði vinnslustöðvum með afurðalánum gert það kleift.

8.7 Leitað verði leiða til þess að hafa heildarstjórn á landbúnaðarframleiðslunni, t.d. með því að leggja toll á innfluttan fóðurbæti, þegar um óeðlilegar niðurgreiðslur erlendis er að ræða, sem stofnað gætu innlendu framleiðslunni í hættu.

8.8 Settar verði reglur um frjálsan innflutning garðávaxta, þegar innanlandsframleiðsla fullnægir ekki þörfum íslenska markaðarins. Lagaákvæði og reglur um Grænmetisverslun landbúnaðarins verða endurskoðuð til að stuðla að meiri hagkvæmni í framleiðslu og sölu garðávaxta."

9. Kjaramál.

Samkomulag stjórnarflokkanna um stefnuna í efnahagsmálum, sem prentað er hér að framan, eins og það var birt í septemberbyrjun, mótar afstöðu ríkisstjórnarinnar í kjaramálum bæði almennt og í kjarasamningum við ríkisstarfsmenn sérstaklega.

Eins og kunnugt er var flestum kjarasamningum sagt upp frá 1. september sl. að telja, þar með kjarasamningum opinberra starfsmanna. Í kjaradeilu

ríkisins og BSRB kom í septembermánuði fram sáttatillaga frá ríkissáttasemjara, sem fól í sér 6% hækkun launa frá 1. september 1984 í stað 3% í fyrri samningi og 4% hækkun 1. janúar 1985 í stað 3% í fyrri samningi aðila. Báðir aðilar höfnuðu þessari tillögu og hinn 4. október hófst verkfall BSRB. Verkfall bókagerðarmanna, sem hófst 10. september, stendur enn þegar þetta er skrifað, og enn hafa ekki náðst samningar í kjaradeilum aðildarfélaga ASÍ og vinnuveitenda.

Til þess að stuðla að lausn þessara kjaradeilna hefur ríkisstjórnin átt viðræður við samtökin á vinnumarkaðnum, til þess að kanna hvort unnt sé að ná þjóðarsátt í kjaramálum, sem byggist á því að stilla hækkun peningalauna mjög í hóf á næstunni en í staðinn komi lækkun skatta og aðrar ráðstafanir af opinberri hálfu, sem stuðli að atvinnu- og kjaraöryggi á næsta ári. Í þessum viðræðum hefur ríkisstjórnin lýst því yfir, að hún sé tilbúin til að kanna lækkun tekjuskatts og útsvars sem lið í lausn yfirstandandi kjaradeilna, enda verði gerðir kjarasamningar til ársloka 1985 og beinni launahækkun haldið innan marka, sem samrýmst geta áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Niðurstöður liggja enn ekki fyrir í þessum viðræðum og er því ekki unnt að taka beinlínis tillit til þeirra í þessari þjóðhagsáætlun.

III. Framvinda efnahagsmála 1984

1. Yfirlit.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1984 hefur nú verið endurskoðuð í ljósi framvindunnar það sem af er ári, þótt enn sem

komið er sé ekki unnt að taka áhrif væntanlegra kjarasamninga með í reikninginn. Athugun á hagtölum, sem þegar liggja fyrir, bendir til þess, að þjóðarframleiðsla dragist saman um 1% frá fyrra ári. Þessi samdráttur framleiðslu er mun minni en búist var við í upphafi árs. Hér veldur einkum, að fiskafli og sjávarvöruframleiðsla hefur aukist það sem af er ári, gagnstætt því sem reiknað var með í ársbyrjun. Fyrstu átta mánuði ársins var botnfiskaflinn 4% minni en í fyrra, en aukning annars afla, einkum loðnuafla, olli því að sjávarvöruframleiðslan í heild jókst um 17% á sama tíma. Fyrir árið allt er nú spáð 5% magnaukningu sjávarvöruframleiðslu. Önnur framleiðsla til útflutnings hefur farið vaxandi að undanförnu, og í heild er útflutningsframleiðslan talin verða 8-9% meiri á þessu ári en í fyrra. Umsvif í öðrum atvinnugreinum hafa í heild verið heldur minni en í fyrra, þó er aukning í iðnaðarframleiðslu talin líkleg. Framleiðsla innanlands verður því svipuð og í fyrra.

Hagur atvinnuvega er afar misjafn um þessar mundir. Sjávarútvegurinn á nú í miklum erfiðleikum, bæði vegna erfiðra rekstrarskilyrða á líðandi stund og skuldasöfnunar á fyrri árum. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki eiga því í stórfelldum greiðsluerfiðleikum. Ennfremur er afkoman óvenju breytileg milli staða og fyrirtækja. Rekstrarafkoma botnfiskvinnslunnar er um þessar mundir afar ótrygg; sama gildir um stöðu botnfiskveiðiflotans. Talið er, að við ríkjandi rekstrarskilyrði sé um nokkurn taprekstur að ræða í greininni í heild. Hér leggst allt á eitt, samdráttur í þorskafla, markaðstregða og

Fiskaflinn 1981-1984.

	1981	1982	1983	Bráðabirgða-tölur janúar-ágúst 1983	Bráðabirgða-tölur janúar-ágúst 1984	Spá allt árið 1984	September-desember 1) 1983	September-desember 1) Skv. spá 1984
1. Í þús.tonna								
Þorskur	461	382	294	240	210	250	(47)	(34)
Annar botnfiskur	255	307	305	220	211	310	(81)	(94)
Loðna	642	13	133	0	438	600	(133)	(162)
Síld	40	55	59	0	0	50	(59)	(50)
Humar, rækja hörpudiskur	21	24	31	17	25	36	(14)	(11)
Annar afli	22	7	17	2	0	12	(15)	(12)
Heildaraflinn	1.441	788	839	479	884	1.258	(349)	(363)
Breytingar á föstu verðlagi, %								
Heildaraflinn	-0,2	-12,0	-5,2	-	16,7	5,0	.	.
Heildarafli án loðnu	2,0	-2,3	-7,1	-	-4,3	-5,4	.	.

1) Tölur um aflabrögð eftir mánuðum eru bráðabirgðatölur. Við endanlegt uppgjör í lok hvers árs hefur heildaraflinn yfirleitt reynst heldur meiri en bráðabirgðatölurnar gefa til kynna og er tekið tillit til þessa fráviks hér.

lækkandi afurðaverð erlendis. Staða annarra greina sjávarútvegsins er einnig ótrygg. Vegna stórfelldrar verðlækkunar loðnuafurða að undanförnu ríkir afar mikil óvissa um afkomu loðnuvinnslu og veiða í haust. Hagur iðnaðar og ýmissa greina þjónustu og verslunar virðist aftur á móti allgóður. Þótt innlendur kostnaður hafi hækkað mun meira á þessu ári en verð á erlendum gjaldeyri, sem vitaskuld rýrir samkeppnisstöðu þessara greina, ætti staða þeirra þó að vera viðunandi um þessar mundir.

Atvinnuástand hefur, þegar á heildina er litið, haldist líkt og var árið 1983. Komi ekki til meiri háttar truflana, er talið líklegt, að skráð atvinnuleysi á árinu 1984 verði að meðaltali rúmlega 1% af mannafla.

Þróun verðlags hefur til þessa að mestu verið í samræmi við fyrri áætlanir. Fyrstu níu mánuði ársins hafa verðbreytingar á mælikvarða framfærsluvísitölunnar að jafnaði verið um 1% á mánuði og enn minni á mælikvarða byggingarvísitölu. Ekki virðast horfur á umtalsverðum breytingum á næstu mánuðum, þannig að frá upphafi til loka ársins gætu verðbreytingar legið á bilinu 12-15%, eftir því hvaða mælikvarði er notaður. Miðað við þá kjarasamninga, sem gerðir voru á fyrstu mánuðum ársins og á grundvelli ríkjandi gengisstefnu, ættu verðbreytingar á mælikvarða framfærsluvísitölu að vera nálægt 13% árshraða í lok þessa árs, en undir 10% á mælikvarða vísitölu byggingarkostnaðar. Á mælikvarða framfærsluvísitölu er þetta heldur meira en fyrri áætlanir gáfu til kynna, og stafar það einkum af nokkru meiri gengisbreytingum, sem valda verðhækkun á innflutningi, á síðustu mánuðum ársins en áður var reiknað með.

Breytingar byggingarvísitölu 1983-1984.

	Breytingar í hverjum mánuði	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar:			
		Síðasta mánuð	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
	%	%	%	%	%
1983					
Janúar	4,33	66,3	69,9	70,0	65,7
Febrúar	2,93	41,5	78,6	70,5	67,0
Mars	11,48	268,5	105,4	77,5	74,7
Apríl	3,17	45,5	96,5	82,7	77,6
Maí	3,48	50,8	100,7	89,3	78,5
Júní	9,63	201,4	87,7	96,4	82,2
Júlí	1,95	26,1	78,9	87,5	78,5
Ágúst	1,95	26,1	68,6	83,9	77,1
September	2,55	35,3	29,1	55,7	66,2
Október	2,90	40,9	34,0	54,8	68,2
Nóvember	0,11	1,3	24,6	44,9	65,6
Desember	0,79	9,9	16,2	22,5	55,1
1984					
Janúar	0,09	1,0	4,0	18,1	48,8
Febrúar	0,23	2,8	4,5	14,1	44,9
Mars	1,55	20,3	7,7	11,9	32,0
Apríl	2,08	28,0	16,5	10,1	30,6
Maí	0,13	1,6	16,1	10,1	26,3
Júní	1,48	19,3	15,7	11,6	16,9
Júlí	0,45	5,5	8,5	12,5	15,2
Ágúst	0,15	1,8	8,6	12,3	13,2
September	1,93	25,8	10,6	13,1	12,5

Kaupmáttur kauptaxta gæti orðið 1-2% lakari að meðaltali á árinu 1984 en hann var á síðasta fjórðungi ársins 1983, að óbreyttum þeim kjarasamningum, sem gerðir voru í febrúar. Að meðtöldum áhrifum af þeim ráðstöfunum í félags- og skattamálum, sem gerðar voru í tengslum við kjarasamningana síðastliðið vor, verður kaupmáttur kauptaxta hins vegar svipaður að meðaltali á árinu 1984 og hann var á síðasta ársfjórðungi 1983. Ennfremur virðist mega ætla, að tekjubreytingar hafi orðið meiri en taxtabreytingar einar sér gefa til kynna og kaupmáttur tekna almennings hafi þannig haldist óbreyttur frá því sem var um síðustu áramót. Þetta kemur meðal annars fram í áætlunum Kjararannsóknarnefndar um greitt tímakaup á fyrri helmingi ársins, en þær sýna talsverða hækkun umfram taxta. Upplýsingar um veltu það sem af er árinu benda í sömu átt.

Þjóðarútgjöld eru nú talin verða ívið meiri en á árinu 1983. Í spám á fyrri hluta árs var gert ráð fyrir samdrætti, einkum vegna horfa um minni kaupmátt tekna almennings en á síðastliðnu ári. Upplýsingar um veltubreytingar, innflutning og fleira það sem af er árinu benda hins vegar til aukningar í nokkrum greinum. Er nú helst talið líklegt, að neysla verði svipuð og í fyrra en fjármunamyndun aukist nokkuð, einkum vegna mikilla kaupa flutningatækja og ýmissa véla.

Viðskiptakjörin við útlönd á fyrri helmingi þessa árs eru talin hafa verið 2 1/2% betri en á sama tíma í fyrra. Þessi bati stafar allur af hækkun álverðs og að viðskiptum álverksmiðjunnar frátöldum reynast viðskiptakjörin 1 1/2% lakari en á fyrri árshelmingi

Atvinna, verðlag og tekjur 1980-1984.

	1980	1981	1982	1983	Spá 1984 1)
Atvinnuástand					
Skráð atvinnuleysi % af mannafla					
Ársmeðaltal	0,3	0,5	0,7	1,0	1,2
Meðaltal jan.-ágúst	0,3	0,3	0,6	1,0	1,2
Verðlagsþróun					
Ársbreytingar framfærsluvísitölu, %					
Meðalhækkun milli ára	59	51	51	84	30
Hækkun yfir árið	59	42	59	76	15
Árshraði um áramót	73	50	70	20	13
Kaupmáttarþróun					
%-breyting frá fyrra ári					
Kauptaxtar	-3,4	-0,7	-2,4	-17,5	-9 1/2
Atvinnutekjur á mann	-2,3	3,8	-0,1	-13,6	(-5 1/2)
Ráðstöfunartekjur á mann	0,6	6,0	0,7	-12,0	(-5)
Atvinnutekjur í heild	-1,3	5,0	1,2	-12,4	(-4 1/2)
Ráðstöfunartekjur í heild	1,7	7,2	2,1	-10,8	(-4)

1) Rétt er að benda á, að tölur um kaupmátt tekna á þessu ári eru niðurstöður úr tekjuuppgjöri, þar sem byggt er á tiltækum upplýsingum um breytingar kauptaxta á þessu ári, auk áætlana frá Kjararannsóknarnefnd um vinnutíma og kaupbreytingar umfram taxtabreytingar á fyrri hluta ársins. Sá kaupmáttarsamdráttur, sem þessar upplýsingar gefa tilefni til á árinu, rímar hins vegar ekki vel við þær vísbendingar um veltu, innflutning o.fl., sem tiltækar eru, en þær gefa ekki til kynna, að neysla hafi minnkað. Upplýsingar um iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði benda einnig til verulegrar hækkunar tekna umfram taxtabreytingar. Kaupmáttarsamdrátturinn kann því að reynast minni en hér er sýnt. Ennfremur er rétt að ítreka, að hér er miðað við breytingu milli ársmeðaltala 1983 og 1984; en í reynd má ætla, að þessi samdráttur hafi allur verið kominn fram fyrir síðustu áramót og kaupmáttur tekna heimilanna hafi þannig haldist sem næst óbreyttur á þessu ári.

1983. Hér munar mest um lækkun sjávarvöruverðs um 4% í dollurum. Fyrir árið allt er nú spáð um 1 1/2% bata í viðskiptakjörunum í heild en að álviðskiptum frátöldum virðast horfur á 1/2-1% rýrari viðskiptakjörum en í fyrra. Það er einkum öfugþróun sjávarafurðaverðs, sem dregur viðskiptakjörin niður, en á móti hafa komið fremur hægar breytingar innflutningsverðs í erlendri mynt og hækkun á gengi Bandaríkjadollars.

Breytingar viðskiptakjara 1980-1984.

Árlegar breytingar í dollurum, %.

	1980	1981	1982	1983	Jan-júní 1984
Útflutningsverð					
Alls	8,0	-1,9	-9,5	-1,3	-0,2
Án álverðs	6,0	0,3	-8,4	-3,0	-3,6
Innflutningsverð					
Alls	11,8	-2,8	-8,1	-5,4	-2,7
Án aðfangaverðs álvers	10,5	-3,0	-8,2	-5,4	-2,3
Viðskiptakjör					
Alls	-3,4	1,0	-1,5	4,3	2,6
Án álviðskipta	-4,1	3,4	-0,2	2,5	-1,3

Viðskiptajöfnuðurinn fyrri hluta ársins var óhagstæður um nær 2.600 m.kr. samanborið við 740 m.kr.

halla á sama tíma í fyrra. Í spám í júlí var gert ráð fyrir, að árið allt yrði halli í viðskiptunum við útlönd, sem næmi 2.560 m.kr. Innflutningur hefur verið mikill það sem af er árinu, einkum þegar borið er saman við áætlaða breytingu neyslu og fjármunamyndunar. Fyrstu átta mánuði ársins var almennur vöruinnflutningur 15 1/2% meiri á föstu gengi en á sama tíma í fyrra en vöruútflutningur 8% meiri.

Dagverðsvísitölur í dollurum
fyrir freðfisk og saltfisk 1983-1984.

Vísitölur 1981=100.

	Freðfiskur	Frysting	Óverkaður saltfiskur
1 9 8 3			
1. ársfjórðungur	96,4	96,9	87,5
2. - " -	96,4	97,3	77,7
3. - " -	95,7	98,0	77,3
4. - " -	95,3	98,0	76,4
Meðaltal	96,0	97,5	79,7
1 9 8 4			
1. ársfjórðungur	93,0	95,1	74,5
2. - " -	90,6	91,7	79,2
3. - " -	90,0	90,0	78,7
September	89,7	89,5	75,4

Miðað við framleiðslusamsetningu ársins 1981.

Utanríkisviðskipti janúar-ágúst 1983-1984.

M.kr.

	Meðalgengi jan.-ágúst 1983	Meðalgengi janúar-ágúst 1984		
		1983	1984	Breyting %
Vöruútflutningur fob.	**11.278**	**13.669**	**14.730**	**7,8**
Sjávarafurðir	7.791	9.442	10.506	11,3
Ál	1.981	2.401	2.047	-14,7
Kísiljárn	378	458	626	36,7
Annað	1.129	1.368	1.552	13,4
Vöruinnflutningur cif.	**12.195**	**14.780**	**16.976**	**14,9**
Skip og flugvélar	115	139	276	98,0
Landsvirkjun	48	58	24	-58,8
Til álvers	986	1.195	1.220	2,1
Til járnblendiverksmiðju	139	168	181	7,4
Almennur vöruinnflutningur	10.907	13.219	15.275	15,6
Olía	1.681	2.037	2.294	12,6
Annað	9.226	11.182	12.981	16,1
Vöruskiptajöfnuður fob/cif	-917	-1.111	-2.246	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob	472	573	-307	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob án álverksmiðju	-544	-659	-1.161	.
Breyting gjaldeyrisforða	.	-162	-879	.
Breyting gjaldeyrisstöðu	.	-642	-2.054	.

Tölur um gjaldeyrisforða og gjaldeyrisstöðu eru miðaðar við skráð gengi í lok ágúst 1984.

Utanríkisviðskipti 1983-1984.

	Milljónir króna fob. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Áætlun 1983	Spá 1984	Áætlun 1983	Spá 1984
Útflutningsframleiðsla				
Sjávarafurðir	12.564	15.315	-6,6	5,0
Ál	2.329	3.505	1,3	9,0
Kísiljárn	614	1.055	19,3	17,0
Annað	2.071	3.125	8,4	28,5
Samtals	17.578	23.000	-3,3	8,7
Birgðabreytingar 1)	1.045	.	.	.
Vöruútflutningur	18.623	23.000	11,5	2,6
Vöruinnflutningur				
Skip og flugvélar	587	1.070	-23,0	54,5
Til Landsvirkjunar	68	35	-61,0	-55,0
Til stóriðjuvera	1.555	2.020	13,7	10,0
Sérstakur vöruinnflutn.	2.210	3.125	-4,0	19,6
Almennur vöruinnflutn.	15.946	20.775	-7,7	8,5
þ.a. olía	3.012	3.675	4,0	2,0
þ.a. annað	12.934	17.100	-10,2	12,0
Vöruinnflutningur, alls	18.156	23.900	-7,3	11,3
Vöruskiptajöfnuður	467	-900	.	.
Útflutt þjónusta	8.833	11.600	3,8	6,0
Innflutt þjónusta	10.563	14.200	0,3	10,0
Þjónustujöfnuður	-1.730	-2.600	.	.
Viðskiptajöfnuður	-1.263	-3.500	.	.

1) Birgðabreytingartölur eru hér jákvæðar og tákna birgðaminnkun, þ.e. viðbót við útflutningsframleiðslu ársins.

Mikil aukning innflutnings kann að eiga rætur að rekja til endurnýjunar innflutningsvörubirgða, en talið er að þær hafi minnkað í fyrra, auk þess sem líklegt er að útlánaaukning bankakerfisins fyrri hluta árs hafi haldið uppi innflutningi. Á þessu gæti orðið breyting síðustu mánuði ársins og raunar virðist heldur hafa dregið úr almennum vöruinnflutningi að undanförnu.

Þjónustujöfnuður var mun óhagstæðari fyrri hluta ársins en gert hafði verið ráð fyrir. Þótt líklegt sé, að þetta gangi að hluta til baka á síðari helmingi ársins, má ætla, að árið allt verði meiri halli á þjónustuviðskiptunum en áður var áætlað. Þannig er nú gert ráð fyrir, að árið allt verði 3.500 m.kr. halli á viðskiptunum við útlönd, eða sem svarar til um 10% af útflutningstekjum og um 5% af þjóðarframleiðslu.

Framvinda ríkisfjármálanna það sem af er þessu ári ber um margt svip af þróun annarra þátta efnahagslífsins. Meiri veltubreytingar innanlands en áður var búist við hafa valdið því, að tekjur ríkissjóðs af veltusköttum hafa orðið meiri en gert var ráð fyrir. Þetta á bæði við um söluskatt og aðflutningsgjöld, sem eru tveir stærstu tekjustofnar ríkissjóðs, en kemur einnig fram í öðrum tekjustofnum, svo sem rekstrarhagnaði ÁTVR o.fl. Fyrstu átta mánuði ársins voru tekjur um 45% meiri en á sama tíma í fyrra, en gjöld tæplega 30% meiri. Þannig hefur dregið verulega saman með tekjum og gjöldum á þessu ári miðað við síðasta ár, en hafa ber í huga, að á síðasta ári varð umtalsverður rekstrarhalli á ríkissjóði, sem nam rúmlega 2 1/2% af þjóðarframleiðslu. Þessi breyting til batnaðar á afkomu ríkissjóðs á árinu kemur glöggt í ljós, þegar rekstrarafkoman fyrstu átta mánuðina nú og í fyrra er skoðuð; í fyrra nam hallinn um 12 1/2% af tekjum, en nú er rekstrarafkoman í járnum. Þótt búast megi við, að hægi á

tekjubreytingum á síðari helmingi ársins, virðist engu að síður stefna í minni rekstrarhalla á árinu öllu en reiknað var með fyrr á árinu. Bætt rekstrarstaða ríkissjóðs kemur ennfremur fram í mun betri greiðsluafkomu en á síðasta ári. Í ágústlok 1983 var greiðsluafkoman óhagstæð um rúmlega 1.300 m.kr., en var í ágústlok 1984 hagstæð um 300 m.kr.

Erlendar skuldir til lengri tíma en eins árs eru samkvæmt áætlunum greiðslujafnaðardeildar Seðlabanka Íslands taldar verða um 41,4 milljarðar króna í árslok 1984, reiknaðar á meðalgengi ársins. Þetta svarar til 61 1/2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 60,6% árið 1983. Staða erlendra skulda, nettó, þ.e. að meðtöldum skammtímalánum, ógreiddum útflutningi og nettó gjaldeyrisstöðu, er talin verða svipuð, en í því felst nokkur versnun frá fyrra ári vegna mikilla skammtímalána viðskiptabankanna erlendis. Áætlað er, að á þessu ári verði tekin langtímalán erlendis að andvirði um 7.000 m.kr. samanborið við 6.700 m.kr. 1983, reiknað á gengi 1984. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að áætlanir um nýjar lántökur einkaaðila eru mjög óvissar. Afborganir af erlendum lánum eru áætlaðar 3.900 m.kr. Ný erlend lán eru því talin verða um 3.100 m.kr. umfram afborganir (3.500 m.kr. 1983). Reiknað á föstu gengi og föstu verði (þ.e. að teknu tilliti til verðbólgu í viðskiptalöndum Íslendinga) er áætlað, að erlendar skuldir til langs tíma aukist um 3% á þessu ári samanborið við 5 1/2% 1983 og 14% 1982. Greiðslubyrði af erlendum lánum hefur verið um 21% af útflutningstekjum síðastliðin tvö ár, en áætlað er, að hún hækki í 23% á þessu ári.

Erlend lán og greiðslubyrði.

M.kr. á áætluðu meðalgengi 1984.

	1983	Áætlun 1984
Erlend lán í árslok	38.390	41.445
Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	60,6%	61,6%
Lántökur	6.664	6.975
Afborganir	3.200	3.920
Lántökur umfram afborganir	3.464	3.055
Vextir af langtímalánum	3.553	4.090
Afborganir og vextir, samtals	6.753	8.010
Sem hlutfall af útflutningstekjum	20,6%	23,2%

Heimild: Seðlabanki Íslands, greiðslujafnaðardeild

2. Peninga- og lánamál.

Frá ágústlokum 1983 til jafnlengdar 1984 jókst peningamagn og sparifé í umferð um 31,8%, þegar með eru taldir áfallnir vextir innlánanna, samanborið við 86,9% næstu tólf mánuði á undan. Lán og aðrar innlendar kröfur bankakerfisins jukust um 45,4% og 99,1% þessi tímabil í sömu röð talið. Enda þótt vöxtur peningastærða hafi hjaðnað mikið síðasta árið, hefur aukningin verið talsvert meiri en svarar verðlags- og tekjubreytingum. Þegar skoðuð eru styttri tímabil en þessar tölur spanna, kemur í ljós, að aukning flestra peningastærða hjaðnaði stig af stigi frá miðju ári 1983 fram á vor 1984, en tók þá að vaxa á ný.

Árshraði helstu peningastærða 1983-1984, %.

M.v. ársfjórðungslegar breytingar og árstíðaleiðréttar tölur.

	1983				1984		
	I	II	III	IV	I	II	31/5-31/8
Grunnfé Seðlabanka	99,4	49,2	106,1	46,9	13,5	23,6	37,7
Endurkaup Seðlabanka	44,5	139,1	85,3	21,6	62,7	-5,0	48,6
Útlán innlánsstofnana	45,4	87,3	111,3	69,3	37,7	24,8	57,4
Innlán innlánsstofnana	80,8	106,0	84,3	53,5	28,6	24,4	20,2
Lán og aðrir innlendir liðir bankakerfis	82,9	99,3	98,3	55,7	50,3	28,5	34,3
Peningamagn (M1)	120,4	51,1	65,7	76,9	13,6	38,4	38,2
Peningamagn (M2)	55,7	86,6	63,6	89,1	67,8	15,0	29,6
Peningamagn (M3)	81,9	97,6	83,9	52,8	28,7	25,1	21,3
Til samanburðar:							
Lánskjaravísitala	84,8	116,2	78,0	27,0	9,3	18,8	16,8

Svo tekið sé dæmi úr yfirlitinu má benda á, að árshraði innlendra liða bankakerfisins var nálægt 100% á öðrum og þriðja fjórðungi ársins 1983, 50-60% næstu tvo ársfjórðunga, en innan við 30% á öðrum fjórðungi þessa árs. Frá maílokum til ágústloka var árshraðinn hins vegar rúmlega 34%, einkum vegna óvenju mikillar aukningar útlána innlánsstofnana í júlí og ágúst 1984. Á tólf mánuðum til águstloka nam útlánaaukning innlánsstofnana 49,7% sem er langt umfram það sem innlánaaukning gaf tilefni til, en hún nam 31,5% á sama tímabili. Lausafjárstaða innlánsstofnana rýrnaði því verulega á tímabilinu, eða um 2.831 m.kr., sem skiptist nokkurn veginn að jöfnu gagnvart Seðlabanka og erlendum aðilum. Í ágústlok námu stuttar erlendar

skuldir gjaldeyrisviðskiptabankanna 1.296 m.kr. umfram erlendar innstæður og verðbréf.

Vextir óverðtryggðra skuldbindinga voru lækkaðir á tímabilinu september 1983 - janúar 1984, eftir að verðbólga tók að lækka; þannig lækkaði ávöxtun algengra bankalána úr 52,5% í um 22%. Enda þótt raunvextir hækkuðu verulega á þessu tímabili, dró ekki úr lánsfjáreftirspurn, sem bendir til þess að áhrifa hækkandi raunvaxta á hana gæti ekki fyrr en að alllöngum tíma liðnum.

Í febrúar 1984 veitti Seðlabankinn innlánsstofnunum heimild til að ákveða sjálfar kjör innlána, sem bundin eru til minnst 6 mánaða, svo og kjör á millibankalánum. Varð það til þess að þær buðu til sölu innlánsskírteini og fleiri innlánsform með betri kjörum en áður. Í ágúst fengu innlánsstofnanir síðan heimild til að ákveða sjálfar alla vexti aðra en vexti almennra sparibóka, sem Seðlabankinn hækkaði 11. águst úr 15% í 17% á ári, vexti endurseljanlegra afurðalána, sem breyttust ekki að þessu sinni, og vanskilavexti, sem voru hækkaðir 1. september úr 2,5% í 2,75% á mánuði. Ákvarðanir innlánsstofnana þurfa þó samþykki Seðlabankans til að öðlast gildi. Um miðjan ágúst tóku innlánsstofnanir ákvarðanir um 2-7% vaxtahækkanir og hafnaði Seðlabankinn engri tillögu. Vextirnir eru mismunandi eftir stofnunum, þótt ekki muni miklu, enda hefur nokkur samræming átt sér stað við síðari breytingar. Sem dæmi má nefna, að vextir algengra útlána eru nú 25-30%, og vextir þriggja mánaða innlána 20-21%. Til samanburðar má nefna, að árshraði lánskjaravísitölu var 16,8% á tímabilinu maí til ágúst og 14% í ágústmánuði.

Hugmyndir um að vextir ráðist af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir af stjórnvöldum komust m.a. í lög síðla árs 1983, er Alþingi heimilaði

fjármálaráðherra að selja ríkisvíxla á uppboði. Slíkir víxlar hafa verið boðnir mánaðarlega síðan í mars en enn hefur aðeins lítill hluti ríkishallans verið fjármagnaður þannig, þar sem útboð hafa aðeins verið 30 m.kr. hverju sinni. Meðalávöxtun víxlanna hefur jafnan verið nálægt 26%, en nær 28% í september og október. Útistandandi ríkisvíxlaskuld er nú 49,5 m.kr.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar var sl. vor farið að færa endurkaupanleg afurða- og rekstrarlán frá Seðlabankanum til viðskiptabanka og sparisjóða þannig, að endurkaupahlutföll Seðlabankans voru lækkuð í áföngum. Lánar bankinn nú 47,5% af verðmæti útflutningsbirgða í stað 52% áður, og 42,5% í stað 47,5% af verðmæti birgða til sölu innanlands. Samhliða fyrstu breytingunni á endurkaupahlutföllum náðu stjórnvöld samkomulagi við viðskiptabankana þess efnis, að þeir ykju viðbótarlán vegna sjávarafurða á móti þessu svo að heildarlánin héldust ekki lægri en 75% af viðmiðunarverði. Jafnframt munu viðskiptabankar sjávarútvegsins fá heimildir til að taka erlend lán til að fjármagna afurðalán, sem til þeirra eru flutt. Ríkisstjórnin hefur gert um það ályktun og sent Seðlabankanum, að afurðalán af búvöru verði ekki lægra hlutfall af heildsöluverði en var á sl. hausti, þar sem engar skipulagsbreytingar hafa enn verið gerðar á þeim lánum í samræmi við nýgerða samþykkt stjórnarflokkanna. Kjör afurðalána breyttust sl. vetur til betra samræmis við almenna vexti. Endurkeypt afurðalán vegna útflutningsbirgða hafa verið bundin gengi SDR síðan í september 1983. Vextirnir, sem eru nú 10,25% auk gengisálagsins, fylgja vöxtum á alþjóðlegum peningamörkuðum og breytast mánaðarlega.

Hámark bindiskyldu hefur til skamms tíma verið lögákveðið, 28% af innlánum. Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um að til loka árs 1985 skyldi Seðlabanka heimilt að beita sérstakri bindingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Heimildin hefur ekki verið nýtt, en Seðlabankinn hefur fengið samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir slíkri aukabindingu allt að 5% innlána. Til að draga úr aukningu útlána innlánsstofnana greip Seðlabankinn hins vegar til þess í águstmánuði að herða reglur um lausaskuldir innlánsstofnana. Með breytingunni er lögð minni áhersla en áður á refsivexti en þeim mun meiri á það að útiloka yfirdrátt á viðskiptareikningum við Seðlabankann. Þegar reglurnar gengu í gildi hinn 21. águst, var talsverður yfirdráttur á viðskiptareikningum allra banka og nokkurra sparisjóða. Til að eyða honum hafa bankarnir sótt um víxillán frá Seðlabanka, sem hann veitir aðeins með vissum skilyrðum, þ.á.m. um ákveðin útlánahámörk næstu mánuði. Ennfremur voru í september settar reglur um gjaldeyrisviðskipti bankanna, sem miða að því að útiloka neikvæða lausafjárstöðu gagnvart útlöndum. Jafnframt var með þessum reglum veitt rýmri heimild en áður til að gengisbinda innlend lán.

Snemma á þessu ári tók ríkissjóður að bjóða spariskírteini með gengistryggingu miðaða við SDR. Voru skírteinin til 5 ára og bera fasta vexti, 9% á ári. Til þessa hafa SDR skírteinin ekki náð verulegum vinsældum og seldust aðeins fyrir um 27 m.kr. fyrstu 8 mánuði ársins. Á sama tímabili seldi ríkissjóður venjuleg spariskírteini fyrir um 222 m.kr., en þetta tímabil var innleyst fyrir um 506 m.kr. af eldri skírteinum. Dagana 10. september til 5. október voru handhöfum eldri skírteina með gjalddaga í september boðin spariskírteini með 8% vöxtum, en vextir á

spariskírteinum voru 5,08% fyrr á árinu, auk verðtryggingar. Að auki var greidd 1,5% skiptauppbót, sem þýðir að heildarávöxtun getur orðið um 8,55% á binditímanum. Spariskírteini þessi seldust fyrir 259 m.kr. að nafnvirði, en heildarinnlausn eldri skírteina nam 839 m.kr.

Ný útlán fjárfestingarlánasjóða fyrstu sex mánuði ársins námu 1.658 m.kr., samanborið við 875 m.kr. á sama tíma í fyrra og höfðu því aukist um 90%. Hækkun lánskjaravísitölu á sama tíma var um 54% og má því segja að lán fjárfestingarlánasjóða hafi verið um 23% meiri að raungildi fyrstu sex mánuði þessa ár en í fyrra. Þessa hækkun má að verulegu leyti rekja til stóraukinna íbúðalána, sem námu 872 m.kr. á fyrri hluta þessa árs, en 387 m.kr. í fyrra, eða 46,5% raungildishækkun. Lán sjóðanna til atvinnufyrirtækja og opinberra aðila námu 786 m.kr., en voru 488 m.kr. fyrir ári, og hafa því aukist um 4,7% umfram verðlag. Rúmlega 80% útlána fjárfestingarlánasjóðanna eru nú fjármögnuð með lántökum, samanborið við 58% hlutfall á sama tíma í fyrra. Þessi óhagstæða lántökuþróun sjóðanna og sú þensla, sem útlán þeirra valda, á eflaust sinn þátt í slökum viðskiptajöfnuði og aukinni erlendri skuldasöfnun.

Erfitt er að henda reiður á fjárstreymi lífeyrissjóða, en nýjustu áætlanir benda til þess að ráðstöfunarfé þeirra gæti orðið um 2.600 m.kr. á þessu ári. Af því ættu þeir að verja 40%, eða 1.040 m.kr., til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs og fjárfestingarlánasjóða. Fyrstu átta mánuðina höfðu lífeyrissjóðir keypt slík bréf fyrir um 600 m.kr. Ef heldur sem horfir og engin truflandi áhrif frá vaxtaákvörðunum koma til má enn vænta þess, að á árinu geti lífeyrissjóðir lánað um 1.000 m.kr. til opinberra framkvæmda og sjóða. Úrtakskönnun bendir til, að lán

lífeyrissjóða til sjóðfélaga hafi orðið tvöfalt meiri í krónum fyrstu sex mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra, en það svarar til 30% aukningar að raungildi miðað við lánskjaravísitölu.

3. Afkoma atvinnuvega.

Fiskvinnsla.

Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um rekstrarafkomu fiskvinnslunnar við skilyrðin í septemberbyrjun 1984 benda til þess, að tap sé á botnfiskvinnslunni (frystingu og söltun), sem í heild gæti numið 1-2% af tekjum. Hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra breytinga á samsetningu framleiðslunnar það sem af er árinu 1984 og áætlana sölusamtaka um framlegð í frystihúsum innan vébanda þeirra og reiknað með 3% launahækkun frá 1. september 1984. Breytingar á samsetningu framleiðslu frystihúsanna fyrstu sjö mánuði þessa árs eftir fisktegundum og gerð umbúða eru metnar til lækkunar tekna af botnfiskafurðum, sem nemur 2% af tekjum frystingar. Hér veldur einkum, að frystihúsin hafa neyðst til að færa framleiðsluna úr arðgæfustu gerð, sem seld er á Bandaríkjamarkaði, í aðrar gerðir ódýrari til sölu á þeim markaði eða á Evrópumarkaði. Ástæðan er treg sala á dýrustu gerðum fiskflaka á Bandaríkjamarkaði, ekki síst vegna harðrar samkeppni frá Kanadamönnum og Norðmönnum, sem meðal annars í krafti ríkisstyrkja heima fyrir geta boðið lægra verð. Vegna þessara markaðsaðstæðna er útlitið ótryggt, þegar færsla framleiðslu frá dýrari til ódýrari vöru bætist ofan á lækkandi verð yfirleitt.

Athuganir, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenskra samvinnufélaga hafa gert á rekstri frystihúsa innan sinna vébanda það sem af er þessu

ári, benda til þess, að hlutfall launa-, umbúða- og hráefniskostnaðar af afurðatekjum sé samanlagt nokkru hærra en framfærðir rekstrarreikningar bentu til. Þessi munur gæti verið um 3% af tekjum, þegar allt er saman dregið, en er ákaflega breytilegur. Í þessum gögnum má t.d. sjá dæmi um miklu lakari afkomu hjá einstökum fyrirtækjum og á einstökum stöðum. Ástæða er til að benda á, að þessar athuganir SH og SÍS eru byggðar á fljótteknum lykiltölum úr bókhaldinu og styðjast ekki við afstemmt rekstraruppgjör eins og ársreikningar, þannig að við þær loðir jafnan nokkur óvissa. Raunar hafa athuganir af þessu tagi oft sýnt lakari afkomu en síðar kom fram í ársreikningum, m.a. vegna óvissu um mat á verðmæti birgða. Ef þessar niðurstöður athugana sölusamtakanna eru teknar með að fullu, verður niðurstaðan sú eins og áður segir, að tap botnfiskvinnslunnar sé um 1-2% af tekjum.

Hér er um að ræða meðaltal, en í þeim tilfellum þar sem afkoman er sérstaklega léleg er víðast um sérstakar ástæður og skýringar að ræða, t.d. stórfelldar breytingar á framleiðslumagni, tegundasamsetningu aflans eða skiptingu framleiðslunnar á vörutegundir, sem gefa mjög misjafnlega af sér. Almennar aðgerðir af opinberri hálfu geta auðvitað ekki ráðið bót á staðbundnum vandamálum, sem fyrst og fremst varða framleiðslustjórn á hverjum stað, sem er miklum vandkvæðum háð, t.d. þegar afli berst ójafnt að landi. Hér koma einnig við sögu markaðserfiðleikar, þar sem treglega hefur gengið að selja fiskflök af því tagi, sem mest hafa gefið í aðra hönd, og sumar fisktegundir eru illseljanlegar sem frystiafurðir. Birgðastaðan hér á landi segir e.t.v. ekki alla söguna í þessu efni, því birgðir munu einnig hafa safnast hjá sölufyrirtækjum erlendis.

Framangreindar niðurstöður um hag botnfiskvinnslu eru einnig mjög háðar því, hvernig fjármagnskostnaður er metinn. Í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar er eingöngu reiknað með vöxtum og afskriftum af því fjármagni, sem bundið er í framleiðslutækjum og birgðum, sem venjulega fylgja framleiðslunni á árinu. Það mat, sem lagt er á þessar stærðir, er hugsað sem langtíma viðmiðun hvað varðar ávöxtun og endurnýjun fjármagns. Þetta mat er ekki hugsað til að lýsa greiðslubyrði eða skammtímabreytingum á fjármagnskostnaði að öðru leyti en því, að vextir af afurðalánum eru metnir á grundvelli gildandi vaxtakjara. Fjármagnskostnaður vegna skulda, sem kunna að hafa safnast í taprekstri undanfarinna ára, er ekki meðtalinn í þessu mati. Sama gildir um greiðslubyrði, sem fiskvinnslufyrirtæki, sem jafnframt stunda útgerð, kunna að bera vegna fiskiskipa sinna, beint eða óbeint.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslenskum sjávarútvegi, er aðgreining milli rekstrarafkomu og greiðsluafkomu afar vandasöm en jafnframt ákaflega mikilvæg, þegar almenn rekstrarskilyrði á líðandi stund eru metin. Enginn vafi er á því, að með þeirri rekstrarafkomu, sem nú ríkir, eru miklir greiðsluörðugleikar hjá velflestum fyrirtækjum í sjávarútvegi vegna rekstrarhalla og mikillar fjárfestingar í fiskiskipum á undanförnum árum. Við þeim vanda er skuldbreytingunni, sem nú stendur yfir, ætlað að bregðast. Framkvæmd hennar er nú nokkuð á veg komin, hvað stofnlánaskuldir flotans varðar, en lausaskuldabreytingin er skemmra á veg komin.

Í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar hefur verið reiknað með 3% raunvöxtum af áætluðu óafskrifuðu endurnýjunarvirði fastafjármuna í rekstrinum, 50 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og

tækja. Þetta mat á fjármagnskostnaði telja fulltrúar fiskvinnslunnar of lágt og benda á, að raunvextir séu nú hærri en 3% og endingartími fastafjármuna sé skemmri en miðað er við í áætlunum þessum. Þessi ábending á við nokkur rök að styðjast, en á móti má segja, að þegar litið sé til langs tíma sé 3% ávöxtun að raungildi góð ávöxtun. Auk þessara atriða skiptir áætlaður birgðahaldstími miklu máli við mat á afurðalánavöxtum, sérstaklega þegar birgðir fara vaxandi. Ef miðað er við 6% raunvexti, helmingi styttri endingartíma fastafjármuna og heldur lengri birgðahaldstíma, rýrnar rekstrarafkoman við það um 3-4%, sem þýðir að rekstrarhallinn væri talinn nærri 4-5% af tekjum botnfiskvinnslunnar í heild.

Afar mikil óvissa ríkir um afkomu loðnuvinnslu í haust. Hér veldur einkum stórfelld verðlækkun á loðnuafurðum, en markaðsverð á mjöli og lýsi hefur að undanförnu verið mun lægra en á síðasta vetri. Að því óbreyttu verður hagur loðnuveiða og -vinnslu afar þröngur á næstunni, þótt loðnuafli gæfist í þeim mæli, sem veiðileyfi standa til. Ennfremur virðist staða rækjuvinnslunnar ótrygg. Í októberbyrjun tókust samningar við Sovétmenn um sölu á allt að 240 þúsund tunnum af saltsíld. Samningurinn felur í sér nokkra verðlækkun í dollurum frá því í fyrra, eða á bilinu 7-9%. Enn eru horfur um sölu á saltsíld til Vestur-Evrópu á komandi vertíð þó ótryggar, vegna mikils framboðs á Norðursjávarsíld.

Þegar á heildina er litið, er hagur fiskvinnslunnar mjög þröngur um þessar mundir og í sumum greinum og á sumum stöðum er afkoman afar erfið.

Fiskveiðar.

Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um afkomu botnfiskveiðiskipa eru enn sem komið er byggðar á framfærðum

ársreikningum frá 1982. Frá þeim tíma hafa orðið stórfelldar breytingar á öllum þáttum útgerðar; afla og aflasamsetningu, fiskverði og kostnaðarþáttum ýmsum. Af þessum sökum eru allar áætlanir um afkomu veiðanna sérstaklega óvissar. Niðurstaðan af mati á stöðu helstu útgerðargreina í september 1984 er sú, að botnfiskveiðiflotinn í heild sé nú rekinn með nokkru tapi, eða um 1% af tekjum. Afkoman er þó afar misjöfn, og eru yngstu togararnir 37 nú reknir með 8-9% tapi miðað við tekjur, ef frá eru taldir frystitogarar, en afkoma þeirra er að líkindum skárri. Þetta afkomumat er, eins og hjá vinnslunni, miðað við reiknaðan fjármagnskostnað, 3% raunvexti og 12 ára endingartíma fjármuna. Ef matið væri miðað við 6% raunvexti og 10 ára endingartíma væri hallinn metinn 5-6% meiri af tekjum. Forsendur um fjármagnskostnað skipta hér ákaflega miklu máli. Eins og í dæmi vinnslunnar er greiðslustaðan ekki gerð upp í þessari áætlun og greiðslubyrði vegna tapreksturs og skuldasöfnunar frá fyrri árum ekki tekin með í reikninginn. En nú stendur yfir sem kunnugt er umfangsmikil skuldbreyting fyrir útveginn, bæði hvað varðar stofnlán og lausaskuldir.

Sjávarútvegurinn í heild.

Af framangreindu sést, að sjávarútvegurinn á nú í miklum erfiðleikum, bæði vegna erfiðra rekstrarskilyrða á líðandi stund og vegna skuldasöfnunar á fyrri árum. Afkoman er nú óvenju breytileg milli staða og fyrirtækja og sennilega meiri munur á afkomu fyrirtækja en nokkru sinni fyrr, vegna þess að nú orka í senn á þennan mun, afar breytileg rekstrarskilyrði á þessu ári og mjög mismunandi fjárhagsleg uppbygging fyrirtækja. Almennt mun þó eiga við, að í nær öll fyrirtækin vantar aukið

áhættufé og lánsfé til langs tíma. Fjárhagsleg endurskipulagning er því eitt brýnasta verkefnið á sviði sjávarútvegsmála um þessar mundir.

Aðrar greinar.

Vísbendingar um umsvif í heimamarkaðsiðnaði á þessu ári eru enn af skornum skammti. Þó virðist ótvírætt mega ráða af Hagsveifluvog iðnðarins, að framleiðslan á fyrri helmingi ársins hafi aukist frá fyrra ári. Tölur um heildarveltu samkvæmt söluskattsskýrslum fyrri helming ársins virðast einnig benda til framleiðsluaukningar.

Framleiðslubreytingar í útflutningsiðnaði öðrum en málmbræðslu benda til talsverðrar aukningar eða um 15% frá fyrra ári. Aukning framleiðslu málmbræðslnanna tveggja er nokkru minni eða nálægt 11%.

Hagur útflutningsiðnaðar annars en málmbræðslu virtist í ársbyrjun 1984 vera betri en verið hafði um nokkurt skeið. Nýlegar athuganir á hag ullariðnaðar benda þó til þess, að um þessar mundir sé afkoman nokkru lakari en var á síðastliðnu ári.

Hagur stóriðjunnar hefur vænkast verulega á árinu. Verð á járnblendi hefur stöðugt farið hækkandi og allar horfur eru á því, að rekstur Járnblendiverksmiðjunnar skili hagnaði í ár, í fyrsta sinn frá upphafi rekstrarins á árinu 1979. Aftur á móti hefur verð á áli lækkað að undanförnu og er skráð markaðsverð erlendis nú um 1.200 USD á tonnið en var komið upp í 1.600 USD fyrr á árinu.

Vísbendingar um breytingu heildarveltu í smásöluverslun á fyrri hluta árs 1984 sýna nokkra aukningu umfram almennar verðlagsbreytingar og verulega aukningu umfram hækkun kauptaxta. Á þennan mælikvarða litið virðist því sem hagur smásöluverslunar hafi enn vænkast á fyrri hluta þessa

árs frá sama tíma í fyrra.

Veltubreyting í heildverslun á fyrri hluta þessa árs bendir einnig til verulegrar aukningar umfram hækkun kauptaxta. Samkvæmt því virðist mega telja, að hagur heildverslunar hafi batnað á fyrri hluta þessa árs í samanburði við fyrri hluta liðins árs.

IV. Efnahagshorfur 1985

1. Fiskafli og útflutningsframleiðsla.

Enn liggur hvorki fyrir álit né tillögur frá Hafrannsóknastofnun um hámarksafla úr helstu nytjastofnum á árinu 1985. Í spá fyrir 1984 er gert ráð fyrir eftirfarandi ársafla:

		Þús.tonn
1.	Þorskur	250
2.	Annar botnfiskur	310
3.	Loðna	600
4.	Síld	50
5.	Rækja	18
6.	Humar	2,4
7.	Hörpudiskur	15,5
8.	Annar afli	12,0
		1.258

Þessi áætlun virðist í megindráttum vera í samræmi við aflabrögðin það sem af er ári.

Fyrir árið 1985 verður að svo stöddu reiknað með

líkum aflabrögðum og í áætluninni fyrir árið 1984. Ástæða virðist þó til að ætla, að rækjuafli geti aukist nokkuð miðað við þetta mark, og ef til vill afli annarra lítt nýttra tegunda. Hér verður því reiknað með 1% aukningu aflaverðmætis á föstu verði 1985. Þessar forsendur verður svo að endurmeta síðar í haust, þegar álit og tillögur fiskifræðinga liggja fyrir, en það verður naumast fyrr en í nóvember.

Á framangreindum aflaforsendum er reiknað með því, að útflutningsframleiðsla sjávarafurða aukist um 1% árið 1985. Framleiðslugeta álverksmiðjunnar, járnblendiverksmiðjunnar og kísiliðjunnar verður sem næst fullnýtt á árinu 1984 og því ekki unnt að reikna með framleiðsluaukningu í þeim greinum 1985. Aftur á móti eru horfur á aukningu í ýmsum greinum annars útflutningsiðnaðar, einkum í lagmetis- og ullariðnaði. Markaðshorfur virðast nú fremur hagstæðar í þessum greinum. Af þeim sökum er talið að reikna megi með, að útflutningur aukist enn nokkuð árið 1985. Er hér gert ráð fyrir, að aukningin nemi um 5%. Hvað annan vöruútflutning varðar, verður að reikna með samdrætti, þar sem gert er ráð fyrir óvenju mikilli sölu skipa og flugvéla úr landi árið 1984.

Að öllu samanlögðu er hér gert ráð fyrir, að útflutningsframleiðslan muni aukast um 1/2% frá árinu 1984 til ársins 1985. Hvorki er búist við umtalsverðum birgðabreytingum 1984 né 1985 og því gert ráð fyrir, að útflutningur bæði árin svari til ársframleiðslunnar og breytist því eins og hún.

2. Viðskiptakjör.

Spár OECD um verðlagsþróun í utanríkisviðskiptum yfirleitt og um innflutningsverð til Bandaríkjanna sérstaklega árið 1985, sem birtust í ritinu Economic Outlook í júlí sl., benda ekki til, að viðskiptakjör

Íslendinga breytist að ráði 1985. Í þessum spám virðist felast 2 1/2-3 1/2% verðhækkun innflutnings og útflutnings næsta ár í erlendri mynt. Nýlegar spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru á svipuðu bili. Spár alþjóðastofnana virðast reyndar fremur benda til batnandi íslenskra viðskiptakjara, einkum ef spár OECD um hækkun á innfluttum matvælum til Bandaríkjanna ættu við rök að styðjast og ættu að auki einnig við freðfisk. Því virðist þó alls ekki að heilsa um þessar mundir. Samkeppni á bandarískum freðfiskmarkaði er nú ákaflega hörð og hefur verð þar farið lækkandi á þessu ári. Íslendingar eiga þar m.a. í harðri samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg Kanada og Noregs. Þá má einnig á það benda, að hágengi Bandaríkjadollars að undanförnu hefur gefið Ameríkumarkaði sérstakt aðdráttarafl og veldur það harðnandi verðsamkeppni yfirleitt á þeim markaði. Að þessu athuguðu verður því hér spáð óbreyttum viðskiptakjörum 1985. Spáð er um 3% verðhækkun á báðar hliðar vöruviðskipta reiknað í erlendri mynt miðað við skiptingu viðskipta eftir löndum. Í þessu felst nokkur verðlækkun í dollurum (1/2-1%) miðað við afstöður Bandaríkjadollars og Evrópumynta eftir miðjan septembermánuð 1984.

3. Verðlag og tekjur.

Kjarasamningar þeir, sem gerðir voru á fyrri hluta árs 1984, fólu flestir í sér 3% launahækkun í ársbyrjun 1985. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 er miðað við, að kauptaxtar verði að meðaltali um 5% hærri árið 1985 en þeir verða í árslok 1984 á grundvelli kjarasamninganna, sem giltu til ágústloka 1984. Í þessu felst 9-10% meðalhækkun kauptaxta milli 1984 og 1985. Á grundvelli launabreytingaferils á árinu 1985, sem rúmast innan þessara marka, og miðað við það að

gengi krónunnar verði á árinu 1985 haldið innan 5% marka frá áætluðu árslokagengi 1984 (sbr. samkomulag stjórnarflokkanna í septemberbyrjun), fæst sú niðurstaða, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1985 gæti orðið nálægt 9% ef áformaðri lækkun tekjuskatts um 600-700 m.kr. yrði að fullu mætt með hækkun óbeinna neysluskatta. Væri tekjuskattslækkuninni að einhverju leyti mætt með lækkun ríkisútgjalda, yrði verðbreytingin væntanlega heldur minni. Í þessari spá er eingöngu horft til beinna kostnaðaráhrifa framangreindra breytinga launa og gengis og óbeinna skatta án tillits til annarra þátta, sem kynnu að hafa áhrif á verðlagsþróun, svo sem peninga- og ríkisfjármál. Hér er heldur ekki reiknað með breytingum á gengi helstu gjaldmiðla 1985.

Samkvæmt þessu dæmi væru beinar launahækkanir um 7% á næsta ári, en með lækkun tekjuskatts, svo og að teknu tilliti til annarra þátta í tekjumyndun, svo sem vinnutíma, starfsaldurshækkana, launaskriðs og atvinnuþátttöku, verður niðurstaða þessarar áætlunar sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna muni haldast sem næst óbreyttur árið 1985 reiknað á hvert mannsbarn, eða jafnvel heldur aukast.

4. Þjóðarútgjöld.

Upplýsingar og áætlanir um þróun tekna og einkaneyslu árin 1983 og 1984 benda til minni samdráttar einkaneyslu þessi tvö ár en svarar til breytingar á kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að í íslenskum þjóðhagsreikningum eru ýmis útgjöld vegna opinberrar þjónustu, svo sem til heilbrigðismála, pósts og síma, rafveitna, hitaveitna og útvarps, færð sem einkaneysla, en þessir þættir eru síður háðir skammæjum breytingum

í kaupmætti heimilanna en aðrir þættir. Ennfremur má benda á, að þótt kaupmáttur tekna ráði til lengdar mestu um einkaneysluna eru jafnan tafir í því sambandi auk þess sem ýmsir aðrir þættir, svo sem raunvextir og verðbólgueftirvænting, geta haft áhrif á neysluna. Sem fyrr segir er hér reiknað með, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna árið 1985 verði svipaður á mann og árið 1984. Jafnframt er í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir áþekku umfangi þeirrar opinberu þjónustu, sem telst til einkaneyslu og fé er veitt til á fjárlögum. Á þessum forsendum er í þjóðhagsáætlun gert ráð fyrir, að útgjöld til einkaneyslu verði svipuð á mann 1985 og 1984, en aukist í hátt við mannfjölgun um 1%.

Í útgjaldatölum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985 felast álíka mikil samneysluútgjöld hjá ríkinu og á yfirstandandi ári. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna var mjög erfið árin 1982 og 1983, en er talin hafa batnað að mun á árinu 1984. Fjárhagshorfur sveitarfélaganna fyrir árið 1985 eru taldar allgóðar, og er því fremur við því að búast, að þau auki samneysluútgjöld sín. Í heild er gert ráð fyrir, að samneysla verði 1% meiri á árinu 1985 en á árinu 1984.

Spá um fjármunamyndun á árinu 1985 bendir til smávægilegrar aukningar frá líðandi ári. Einkum er gert ráð fyrir mikilli aukningu framkvæmda á vegum Landsvirkjunar vegna byggingar Blönduvirkjunar. Opinberar framkvæmdir eru í heild taldar verða svipaðar eða ívið meiri en á þessu ári, en þar fara saman um fjórðungi meiri fjárfestingarútgjöld til raforkuframkvæmda, svipaðar hitaveituframkvæmdir og á þessu ári en talsverður samdráttur í útgjöldum til samgöngumannvirkja og opinberra bygginga. Horfur um íbúðabyggingar eru ákaflega óráðnar, en í þeirri grein er gert ráð fyrir álíka miklum umsvifum á þessu ári og

hinu næsta. Í þessu sambandi má hafa í huga, að á árinu 1984 virðast íbúðabyggingar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið miklar en talsverðs samdráttar hafa gætt víðast annars staðar. Þetta er svipuð þróun og á árinu 1983, en árin næstu þar á undan var þessu öfugt farið; lægð var í íbúðabyggingum á höfuðborgarsvæðinu en mikil þensla víða annars staðar. Framkvæmdir atvinnufyrirtækja eru taldar aukast heldur og er reiknað með aukningu í kaupum ýmissa véla og tækja, flutningatækja og í almennum iðnaði. Í sambandi við fjármunamyndun atvinnuveganna á árinu 1985 er meðal annars gert ráð fyrir, að nokkurra áhrifa gæti af því fé, sem veita á til nýsköpunar í atvinnurekstri, eins og fram kemur í II. kafla þessarar skýrslu og reiknað er með í fjárlagafrumvarpi.

Framangreindar forsendur um neyslu og fjármunamyndun fela í sér, að þjóðarútgjöld aukist um 1% á árinu 1984.

5. Utanríkisviðskipti.

Sem fyrr segir er í þjóðhagsáætlun reiknað með, að útflutningsframleiðslan aukist um 1/2% á árinu 1985. Ekki virðast horfur á umtalsverðum birgðabreytingum á þessu og næsta ári og er því gert ráð fyrir, að vöruútflutningur breytist eins og útflutningsframleiðslan.

Vöruinnflutningur er samkvæmt forsendum þjóðhagsáætlunar talinn dragast saman. Horfur virðast á mun minni innflutningi skipa og flugvéla á árinu 1985 en 1984, og er þá ekki reiknað með því, að Flugleiðir ráðist í meiri háttar flugvélakaup á árinu. Gert er ráð fyrir svipaðri ál- og kísiljárnframleiðslu þetta ár og hið næsta og þar með svipuðum rekstrarvöruinnflutningi til þessarar framleiðslu bæði árin. Niðurstaðan hvað sérstaka

vöruinnflutninginn varðar er spá um 9 1/2% samdrátt. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á hugsanleg flugvélakaup Flugleiða, sem gætu breytt þessu um stórfjárhæðir.

Almennur vöruinnflutningur er í spánni talinn verða heldur minni en í spá fyrir þetta ár. Þetta er nokkru minni innflutningur en fyrri reynsla bendir til að ætti að fylgja þeim breytingum almennra þjóðarútgjalda milli ára, sem þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir. Er þá höfð hliðsjón af spánni fyrir árið 1984 um meiri innflutningsaukningu en beinlínis er unnt að rökstyðja með árlegum breytingum þjóðarútgjalda. Sú spá er einkum reist á innflutningsframvindunni fyrstu átta mánuði ársins 1984, og að hluta studd hugmyndum um endurnýjun innflutningsvörubirgða á því ári. Vöruinnflutningurinn í heild er því talinn minnka um 1 1/2% frá árinu 1984 til ársins 1985. Veruleg óvissa ríkir um þessa spá.

Samkvæmt þeim spám og forsendum, sem hér hafa verið raktar, svo og miðað við 3% hækkun vöruverðs í erlendri mynt og 6% meðalhækkun á verði erlends gjaldeyris verður andvirði vöruútflutningsins 1985 25.430 m.kr. og vöruinnflutningsins 25.900 m.kr. Vöruskiptajöfnuðurinn yrði því óhagstæður um 470 m.kr., eða um 1,8% af verðmæti vöruútflutnings og 0,6% af þjóðarframleiðslu.

Lauslegar hugmyndir um þjónustutekjur benda til um 6% aukningar í heild. Einkum er reiknað með talsverðri aukningu tekna af erlendum ferðamönnum, tekna af varnarliði svo og ýmissa tekna af erlendum viðskiptum. Búist er við, að framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli verði svipaðar á næsta ári og á þessu ári. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á öðrum tekjuliðum, en þó gætu þeir fremur farið vaxandi.

Þjónustuútgjöld eru talin hækka heldur minna en

tekjurnar eða um 5%. Í þeirri aukningu munar mestu um vaxtagjöld af erlendum lánum, bæði vegna aukinna erlendra langtímaskulda og mikillar aukningar erlendra skammtímaskulda bankanna á þessu ári. Gert er ráð fyrir, að vaxtakjör erlendis verði lakari á næsta ári en í ár vegna vaxtahækkunar á þessu ári. Frá því í ársbyrjun 1984 hafa hinir svonefndu LIBOR-vextir, sem mestu ráða um kjör á lánum með breytilegum vöxtum, hækkað úr 10% í u.þ.b. 12%. Í þjóðhagsspá fyrir árið 1984 er reiknað með því, að þeirrar hækkunar gæti að hluta á þessu ári, en í spánni fyrir næsta ár er að fullu gert ráð fyrir 12% LIBOR-vöxtum. Jafnframt er reiknað með lítilsháttar hækkun á meðalvöxtum þeirra skulda, sem bera fasta vexti. Í heild er því gert ráð fyrir, að meðalvextir lána til langs tíma hækki úr 9,9% 1983 í 10,5% 1984 og tæplega 11% 1985. Um þjónustuútgjöldin má að öðru leyti nefna, að gert er ráð fyrir, að útgjöld af ferðalögum til útlanda verði áfram mikil og jafnframt verði framhald á aukningu ýmissa viðskiptaútgjalda.

Samkvæmt þessu gefur spáin þá niðurstöðu, að á árinu 1985 verði halli á þjónustureikningi sem nemi alls 2.930 m.kr., eða 21% af þjónustutekjum og 3,8% af þjóðarframleiðslu.

Viðskiptajöfnuður yrði samkvæmt þeim spám, sem hér hafa verið raktar, óhagstæður um 3.400 m.kr., eða 4 1/2% af þjóðarframleiðslu. Þessa niðurstöðu má bera saman við tölur síðustu ára, sem hér á eftir eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu og á föstu gengi ársins 1985, og miðast við þær gengisforsendur, sem áður er lýst.

Viðskiptajöfnuður.

	Milljónir króna á gengi 1985	Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	
		Beinar tölur	Sveiflu-jafnaðar tölur
1981	-3.564	-5,0	-3,3
1982	-6.881	-10,0	-7,2
1983	-1.527	-2,4	-5,2
1984	-3.712	-5,2	-5,0
1985	-3.400	-4,4	-4,5

Hafa verður í huga, að sveiflur í útflutningsvörubirgðum hafa skipt verulegu máli um framvindu viðskiptajafnaðar undanfarin ár. Árið 1982 söfnuðust birgðir sem námu 6% af útflutningsframleiðslu, en á þær gekk á síðasta ári og nam birgðaminnkunin þá 10% af útflutningsframleiðslu. Sé gert ráð fyrir, að útflutningur árin 1982 og 1983 hefði orðið jafn ársframleiðslunni til útflutnings þessi ár og einnig reiknað með þriggja ára meðaltali fyrir sérstakan innflutning fjárfestingarvöru, hefði viðskiptahallinn 1982 orðið um 7,2% af þjóðarframleiðslu en 5,2% 1983 og 5,0% í spá fyrir árið 1984.

Utanríkisviðskipti.

	Spá 1984	Þjóðhagsáætlun 1985	Magnbreyting 1984-1985
	M.kr.	M.kr.	%
Vöruútflutningur fob.	23.000	25.430	0,5
Vöruinnflutningur fob.	23.900	25.900	-1,6
Vöruskiptajöfnuður	-900	-470	.
Þjónustutekjur	11.600	13.770	6,0
(þ.a. vextir)	(550)	(670)	(0,0)
Þjónustuútgjöld	14.200	16.700	5,0
(þ.a. vextir)	(4.750)	(5.800)	(7,5)
Þjónustujöfnuður	-2.600	-2.930	.
(þ.a. vextir)	(-4.200)	(-5.130)	.
(þ.a. önnur þjónusta)	(1.600)	(2.200)	.
Viðskiptajöfnuður	-3.500	-3.400	.

6. Erlendar skuldir.

Sem fyrr segir benda áætlanir til þess, að í árslok 1984 svari erlendar skuldir þjóðarbúsins til 61 1/2% af þjóðarframleiðslu. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu, að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu lækki í 61% á árinu 1985, en í því felst mun minni skuldaaukning en nokkur undanfarin ár eða um 1% samanborið við 3% 1984, 5 1/2% 1983 og 14% 1982, reiknað á föstu gengi og verði. Samkvæmt þessu mættu lántökur umfram afborganir eldri lána nema 2.700 m.kr. og miðað við að afborganir eldri lána verði

4.200-4.500 m.kr. veitir þetta svigrúm til nýrrar lántöku erlendis að fjárhæð um 7.000 m.kr. Fyrirliggjandi spár um greiðslu afborgana og vaxta af langtímalánum gefa til kynna að greiðslubyrði árið 1985 verði svipuð í hlutfalli við útflutningstekjur og á árinu 1984, eða um 23%.

7. Yfirlit.

Þegar þær forsendur og spár, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, eru dregnar saman, er niðurstaðan sú, að þjóðarframleiðslan aukist um tæplega 2% á árinu 1985. Þessum vexti fylgir hins vegar mikill viðskiptahalli. Spáð er auknum vaxtagreiðslum til útlanda, sem skerðir þjóðarframleiðsluna. Við þær aðstæður er landsframleiðslan betri mælikvarði á umsvif í landinu, en samkvæmt þeim hugmyndum, sem hér eru fram settar, ætti landsframleiðslan að aukast um rösklega 2% á árinu 1985.

Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1983-1985.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, % 1)		
	Bráðab. 1983	Spá 1984	Þjóðhags-áætlun 1985	Bráðab. 1983	Spá 1984	Þjóðhags-áætlun 1985
Einkaneysla	35.470	46.000	52.960	-6,0	0	1,0
Samneysla	6.890	8.635	9.770	3,0	0	1,0
Fjármunamyndun	13.000	16.165	18.120	-13,6	2,8	1,2
Neysla og fjármunamyndun, alls	55.360	70.800	80.850	-6,8	0,7	1,1
Birgðabreytingar 2)	-1.093	-	-	-4,2	2,1	-
Þjóðarútgjöld alls	54.267	70.800	80.850	-10,5	2,7	1,1
Útflutningur vöru og þjónustu	27.456	34.600	39.200	9,0	3,7	2,3
Innflutningur vöru og þjónustu	28.719	38.100	42.600	-4,7	10,8	0,9
Viðskiptajöfnuður	-1.263	-3.500	-3.400	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	53.004	67.300	77.450	-5,5	-1,2	1,8
Viðskiptakjaraáhrif 3)	.	.	.	1,8	0,8	-
Vergar þjóðartekjur	.	.	.	-3,7	-0,4	1,8
Verg landsframleiðsla	56.070	71.500	82.580	-4,2	-0,6	2,2
Viðskiptajöfnuður sem % af þjóðarframleiðslu	.	.	.	-2,4	-5,2	-4,4

1) Magnbreytingar árið 1983 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980 en magnbreytingar í spá fyrir árin 1984 og 1985 við fast verðlag næstliðins árs.

2) Hlutfallstölur um birgðabreytingar varða mismun breytinganna milli ára og eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Sþ. 66. Fyrirspurn [65. mál]

til samgönguráðherra um sölu á íslenskum frímerkjum erlendis.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hverjar voru tekjur Pósts og síma af sölu íslenskra frímerkja til annarra landa árin 1980—1983?
2. Hvernig er staðið að kynningu og sölustarfsemi?
3. Eru tekjur af þessari sölu í samræmi við tekjur annarra Norðurlandaþjóða af sambærilegri starfsemi?
4. Hve miklu fé er varið árlega til kynningar á íslenskum frímerkjum erlendis og hversu margir starfsmenn Pósts og síma annast hana?

Sþ. 67. Fyrirspurn [66. mál]

til viðskiptaráðherra um gerð frumvarps um greiðslukort.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Er þess að vænta að frumvarp til laga um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi?

Sþ. 68. Fyrirspurn [67. mál]

til samgönguráðherra um skoðun fiski- og skemmtibáta.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Hvernig hefur Siglingamálastofnun ríkisins háttað skoðun á opnum fiskibátum og skemmtibátum á sjó og vötnum?

Sþ. 69. Fyrirspurn [68. mál]

til menntamálaráðherra um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Er hafinn undirbúningur að frumvarpi til laga um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara?

Sþ. 70. Fyrirspurn [69. mál]

til menntamálaráðherra um kennsluréttindi kennara í grunnskólum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?
2. Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?
3. Hvert er hlutfallið milli réttindamanna og réttindalausra í 1.–6. bekk og 7.–9. bekk grunnskólans?
4. Hvert er hlutfall milli réttindamanna og réttindalausra í grunnskólum í þéttbýli og dreifbýli miðað við:
   a) full stöðugildi,
   b) fjölda kennara?

Sþ. 71. Fyrirspurn [70. mál]

til heilbrigðisráðherra um fé tannverndarsjóðs.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvernig hefur verið varið því fé sem safnast hefur í tannverndarsjóð frá því að hann var stofnaður?

Sþ. 72. Fyrirspurn [71. mál]

til forsætisráðherra um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Frá Gunnari G. Schram.

Hyggst ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi, það sem nú situr, frumvarp til stjórnarskipunarlaga um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar? Ef svo er, hvenær er þess að vænta að slíkt frumvarp verði lagt fram?

Sþ. 73. Fyrirspurn [72. mál]

til dómsmálaráðherra um umgengnisrétt forræðislausra foreldra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hafa ákvæði 40. gr. barnalaga, nr. 9/1981, stuðlað að auknum umgengnisrétti forræðislausra foreldra við börn sín?
2. Hafa komið í ljós vandkvæði við framkvæmd þessarar greinar barnalaganna?
3. Hversu margir úrskurðir hafa verið kveðnir upp til samþykktar eða synjunar á umgengnisrétti forræðislausra foreldra við börn sín?
4. Hversu oft hefur þurft að beita dagsektum, sbr. ákvæði 3. mgr. 40. gr. barnalaganna?

Sþ. 74. Fyrirspurn [73. mál]

til iðnaðarráðherra um álver við Eyjafjörð.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hver er staða umhverfisrannsókna vegna hugsanlegrar byggingar álvers við Eyjafjörð?
2. Hvenær verður þessum rannsóknum lokið, hve mikið hafa þær kostað til þessa, hve mikið er áætlað að þær kosti í heild og hver borgar þær?
3. Hvaða veðurfræðileg og haffræðileg gögn verða notuð við mat á mengunarhættu frá álveri við Eyjafjörð og yfir hvaða tímabil munu þær rannsóknir ná sem gögnin yrðu byggð á?
4. Á hvaða stigi eru viðræður við erlenda aðila um rekstur álvers við Eyjafjörð og um hversu stórt álver er rætt?
5. Ef álver verður ekki reist við Eyjafjörð er þá í athugun uppbygging annars konar iðnaðar þar og þá hvers konar?

Nd. 75. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

8. tl. A-liðar 30. gr. orðist svo:

Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

Sé um að ræða framlengingu á framfærsluskyldu til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna, sbr. ákvæði 17. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981, skal frádráttur vegna helmings greiddra meðlaga í því skyni einnig heimill til jafnlangs tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að samræma ákvæði barnalaga um framfærsluskyldu því ákvæði skattalaga sem kveður á um frádrátt meðlagsgreiðenda á helmingi greiddra meðlaga með barni.

Barnalögin voru samþykkt á Alþingi 1. apríl 1981. Í þeim eru ákvæði um að lengja framfærsluskyldu meðlagsgreiðenda úr 17 í 18 ár, svo og það nýmæli að framfærsluskylda getur staðið til 20 ára ef þörf krefur vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns.

Lögum um tekju- og eignarskatt, sem heimila meðlagsgreiðendum frádrátt frá skatti sem nemur helmingi greiddra meðlaga með barni til 17 ára aldurs, var þó ekki breytt til samræmis við þessa breytingu á framfærsluskyldu.

Það verður að teljast rétt og eðlilegt þar sem löggjafinn hefur þegar samþykkt að helmingur meðlagsgreiðslna sé frádráttarbær frá skatti til 17 ára aldurs að það ákvæði taki einnig breytingum til samræmis við lengri framfærsluskyldu.

Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um tengsl fræðslukerfis og atvinnulífs.

Flm.: Tómas Árnason, Haraldur Ólafsson, Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvernig unnt er að tengja fræðslukerfið, einkum Háskóla Íslands, við atvinnulíf landsmanna framar því sem nú er.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa helstu atvinnuvegir þjóðarinnar, svo sem sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður, verslun og þjónusta tekið flókna véltækni í þjónustu sína, þ. á m. margbrotnar og vandmeðfarnar tölvur, og er ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. Því er augljóst að atvinnulífið kallar í vaxandi mæli á aukna starfskunnáttu og þekkingu á því er varðar meðferð, gæslu og viðhald hinna flóknustu véla og vélbúnaðar af ýmsu tagi. Því er eðlilegt að spurt sé: Er þjóðin nægilega vel að sér í þessum greinum? Hefur fræðslukerfið fylgt þróuninni nægilega vel eftir? Eða er ástæða til að endurskoða tengslin milli fræðslukerfisins og þarfa atvinnulífsins? Er fræðslukerfið nægilega aðlagað brýnustu þjóðfélagsþörfum? Þessum spurningum og mörgum fleirum þarf að svara.

Reyndar er þörf á því að efla verkmenntun og starfskunnáttu á fleiri sviðum en þeim sem sérstaklega snerta vélbúnað og tækni. Margs konar önnur menntun og starfsþjálfun getur komið atvinnulífinu að gagni. Þar á meðal er brýnt að efla hönnunarmenningu þjóðarinnar, þjálfun sölumanna, stjórnunarfræði og fleiri greinar hagnýtrar verkmenningar. Og síst ber að vanmeta nauðsyn skipulegrar þjálfunar starfsmanna í fyrirtækjum, enda nauðsynlegt að efla verkmenntun þjóðarinnar á öllum stigum starfsskiptingar atvinnulífsins, en ekki á hinum hærri þrepum einum saman. Slík rækt við almenna verkmenntun mun leiða af sér trausta verkmenningu þjóðarinnar og gera hana hæfari til stórra átaka í arðbærri framleiðslu af ýmsu tagi.

Viðurkenna ber að fræðslukerfið hefur um margt leitast við að fylgjast með tímanum, og ýmislegt hefur verið vel gert í þessum efnum. Margir sérskólar starfa á tæknisviðum og búa nemendur undir vandasöm störf í þágu atvinnuveganna. Má þar nefna Vélskóla Íslands, stýrimannaskólana, Tækniskólann, búnaðarskólana, og þar með búnaðarháskólann á Hvanneyri, iðnskólana, Fiskvinnsluskólann og ýmsa fjölbrautaskóla með brautir á véla- og tæknisviði. Útgerðartækni hefur að vísu verið kennd við Tækniskólann síðustu 6—7 ár, en annars hefur kennslu í sjávarútvegsgreinum lítið verið sinnt til þessa á æðsta stigi fræðslumála. Sama má segja um iðnaðinn. Rétt er að geta þess að fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, skipaði nefnd undir forystu Valdimars Kr. Jónssonar prófessors á grundvelli þingsályktunartillögu frá Guðmundi Karlssyni til þess að gera tilllögur um að koma á fót kennslu í sjávarútvegsgreinum við Háskóla Íslands. Þessi nefnd hefur skilað áliti og er það til umfjöllunar hjá ráðuneyti, samtökum sjávarútvegsins og fleiri aðilum. Þá er þess að minnast að á síðasta ári var ráðinn endurmenntunarstjóri við Háskóla Íslands og hefur hann staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Iðntæknistofnun hefur einnig í undirbúningi námskeið fyrir unga menn sem gegna vandasömum störfum í iðnaði.

Allt er þetta virðingarvert. Eigi að síður er nauðsynlegt að einbeita sér að því að kanna gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að tengja fræðslukerfið enn nánar beinum þörfum atvinnulífsins og stuðla sem verða má að því að skólanemendur búi sig beinlínis undir störf hjá aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, en fjarlægist þá ekki. Nær allir menntamálaráðherrar,

a. m. k. seinasta áratug, hafa lýst því yfir að þeir hefðu áhuga á auknum tengslum fræðslumála og atvinnulífs. — Núverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, lýsti þessu yfir þegar hún tók við starfi ráðherra. Víðtæk verkmenntun er grundvöllur að efnalegri velferð þjóðarinnar og mikilvægt atriði í menningu hennar yfirleitt. Alkunna er að traust atvinnulíf er forsenda „gróandi þjóðlífs" og öflugrar menningarstarfsemi.

Sþ. 77. Beiðni um skýrslu

frá fjármálaráðherra um heildarendurskoðun lífeyrismála.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Kristófer Má Kristinssyni og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um störf stjórnskipaðrar nefndar sem með erindisbréfi fjármálaráðherra, dags. 20. júlí 1976, var falið að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins.

Í skýrslunni komi sérstaklega fram hvaða áform séu helst uppi til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febrúar 1976:

— að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna,
— að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma,
— að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta,
— að lífeyrisaldur geti, innan vissra marka, verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega,
— að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Einnig er óskað eftirfarandi upplýsinga:

a. Hver er fjárhagsstaða lífeyrissjóðanna og hversu vel eru þeir búnir undir að standa við skuldbindingar sínar?
b. Hvaða áhrif mun breytt aldursskipting hafa á skuldbindingar sjóðanna á komandi árum:
   (i) 1984—1989,
   (ii) 1990—1994,
   (iii) 1995—2000?
c. Hvernig hefur tekist að samræma lífeyrisrétt og bótaákvæði í reglum sjóðanna?
d. Hver eru áhrif fullrar sjóðssöfnunar annars vegar og hins vegar gegnumstreymiskerfis á viðgang sjóðanna og iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga?
e. Hvaða áform eru uppi til að tryggja lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks?
f. Hvenær má gera ráð fyrir að upplýsingastreymi frá lífeyrissjóðunum verði með þeim hætti að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 16. október 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Einarsson.
Karvel Pálmason.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Kjartan Jóhannsson.	Kristófer Már Kristinsson.
	Stefán Benediktsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa á Alþingi verið lagðar fram nokkrum sinnum þingsályktunartillögur og frumvörp um málefni lífeyrissjóða. Í því sambandi má benda á þingsályktunartillögu, sem flutt var 1980, um framtíðarskipan lífeyrismála, svo og að á nokkrum þingum hefur verið lagt fram frumvarp um Lífeyrissjóð Íslands. Fleiri tillögur hafa einnig verið fluttar sem lúta að lífeyrismálum, t. a. m. tvær tillögur sem fluttar voru á síðasta þingi og tryggja áttu rétt heimavinnandi fólks til lífeyris.

Segja má að allar tillögur og frumvörp, sem flutt hafa verið af einstökum alþingismönnum á undanförnum árum, hafi sætt sömu meðferð. Til þess er ávallt vísað í umsögnum að heildarendurskoðun lífeyriskerfisins standi yfir og tvær stjórnskipaðar nefndir hafi unnið að þeim málum á undanförnum árum og því ekki tímabært að gera neinar breytingar í lífeyrismálum fyrr en niðurstaða af starfi þeirra liggi fyrir.

Í erindi, sem Hallgrímur Snorrason, þá formaður átta manna lífeyrisnefndar, flutti á aðalfundi Sambands almennra lífeyrissjóða 19. nóvember 1981, kom fram að á grundvelli lífeyrissamkomulags ASÍ og vinnuveitenda í ferbrúar 1976 hafi það ár verið skipaðar tvær nefndir til þess að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfis í samræmi við markmið samkomulagsins. Önnur nefndin var skipuð 17 mönnum og henni ætlað að vera vettvangur **fyrir heildarendurskoðun á lífeyrisskipan og tillögugerð um nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.** Innan 17 manna nefndarinnar hefur hin svonefnda 8 manna nefnd starfað en þeirri nefnd er sérstaklega ætlað að fjalla um málefni lífeyrisþega á samningssviði aðila lífeyrissamkomulagsins frá 1976 og 1977, þ. e. ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VSS.

Þessar stjórnskipuðu nefndir, sem falið var að semja tillögur um nýskipan lífeyrismála, hafa nú starfað í 8 ár. Á þessum árum hefur verið sett löggöf um eftirlaun til aldraðra, lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og um skráningu lífeyrisréttinda.

Þótt ýmsir áfangar hafi náðst í lífeyrisréttindamálum á undanförnum árum þá er ekki fyrirsjáanlegt samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn eða að í augsýn sé sú nýskipan lífeyriskerfisins sem að var stefnt.

Ljóst er að heildarendurskoðun á lífeyrisskipan og nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn er umfangsmikið og vandasamt verkefni enda hefur ítarleg athugun og umfjöllun átt sér stað á undanförnum árum um þessi mál, ekki síst í þeirri nefnd sem falin var heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu.

Í ljósi þeirra ítarlegu athugana sem gerðar hafa verið og hve lengi lífeyrisnefndin hefur setið á rökstólum um þessi mál þykir nú tímabært að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um störf lífeyrisnefndarinnar, svo og um hvaða áform séu uppi um nýskipan lífeyrismála hér á landi.

Af því tilefni er þessi beiðni um skýrslu um málefni lífeyrissjóða og framtíðarskipan þeirra mála fram borin enda eðlilegt að Alþingi sé upplýst um störf nefndarinnar því að ávallt er vísað í störf hennar þegar reynt er að koma fram breytingum á Alþingi til þess að leiðrétta ýmsa augljósa ágalla sem eru á lífeyrisréttindakerfinu hér á landi.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um endurreisn Viðeyjarstofu.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Friðrik Sophusson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram, Haraldur Ólafsson, Kjartan Jóhannsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eynni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Byggingin verði færð í upprunalegt horf en að því stefnt að þar megi stunda veitingarekstur og ráðstefnuhald. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Þá verða tvær aldir liðnar frá því að höfuðborg Íslands fékk kaupstaðarréttindi. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga 1985.

Greinargerð.

„Viðey á engan sinn líka sunnan lands. Þar er gnótt af kjarnmiklu grasi, og er hægt að fóðra þar fjölda kúa, kinda og hesta. Aragrúi er þar villtra fugla, eggjataka og æðardúnn. Í fjörunni er kræklingur og gnótt hrognkelsa, flyðru og annarra sjófiska uppi undir landsteinum. Eyjan liggur uppi undir landi, innanskerja að kalla má, svo að sjór er þar oftast kyrr.“

Þannig lýsir Eggert Ólafsson Viðey í Ferðabók sinni. Eyjan var kostaland og höfuðdjásn í landnámi Ingólfs. Hún hefur komið við sögu ýmissa merkisviðburða þjóðarsögunnar. Þar var að frumkvæði Þorvalds, föður Gizurar jarls, efnt til klausturhalds árið 1226. Hélst svo fram undir siðaskipti. Viðeyjarklaustur var vígt Ágústínusarreglu (svartmunka) og voru siðir þess sóttir til heilags Ágústínusar kirkjuföður (d. 430).

Samkvæmt fornum máldögum var Viðeyjarklaustur auðugast hinna níu klaustra á Íslandi í kaþólskum sið. Helstu bújarðir, þar sem nú standa Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes og Mosfellssveit, heyrðu klaustrinu til. Þegar Danakonungur sölsaði undir sig eignir klaustranna í skjóli siðbótar reyndust þær vera 556 jarðir, þar af 116 í eigu Viðeyjarklausturs. Þar var því mikill auður í búi.

Meðal sögufrægra ábóta, sem setið hafa Viðey, má nefna Ögmund Pálsson, seinasta Skálholtsbiskupinn í kaþólskum sið. Við siðaskiptin dró til tíðinda í Viðey þegar Jón biskup Arason á Hólum flæmdi hirðstjóra Dana, Laurentíus Mule, burt úr eynni og orti af því tilefni:

Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur
— víða trúi ég hann svamli, sá gamli.
Við Dani var hann djarfur og hraustur.
Dreifði þeim á flæðarflaustur
með brauki og bramli.

Upp úr siðaskiptum lagðist af klausturhald í Viðey. Fer eftir það fáum sögum af staðnum í tvær aldir þangað til Skúli landfógeti settist þar að og gerði garðinn frægan á ný.

Skúli valdi „Innréttingunum“ samastað í „Hólminum“ þar sem nú heitir Reykjavík. „Var þar eigi önnur bygging fyrir en bæjarhús nokkur og hrörlegir moldarkofar,“ segir Jón Aðils í sögu Skúla fógeta.

„Stofnanir Skúla fógeta voru fyrsti vísir Reykjavíkurbæjar. Mætti því vel telja hann annan höfund Reykjavíkur, sé Ingólfur talinn fyrstur,“ segir Jón Aðils. Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar.

Fyrir skömmu eignaðist Reykjavíkurborg bróðurpart eyjarinnar. Í borgarstjórn eru uppi hugmyndir um að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Er það vel til fundið. Viðeyingafélagið og Snarfari, félag skemmtibátaeigenda, njóta nú þegar nokkurrar aðstöðu í eynni.

Sjálf Viðeyjarstofa og nokkur landspilda umhverfis hana er hins vegar ríkiseign. Viðeyjarstofa er í umsjá þjóðminjavarðar og miðar hægt endurreisn stofunnar. Fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu vakir að hraða þessu endurreisnarstarfi enda verði veittir til þess nauðsynlegir fjármunir á fjárlögum 1985 og 1986.

Þann 18. ágúst 1986 verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Af því tilefni væri við hæfi, þótt seinna komi til ákvörðunar, að íslenska ríkið færi höfuðborg sinni að gjöf eignarhluta sinn í Viðey og endurreisa Viðeyjarstofu til minningar um Skúla fógeta, föður Reykjavíkur.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Reykjavík, 21. ágúst 1984.

Þingmenn Reykjavíkur
Jón Baldvin Hannibalsson og
Jóhanna Sigurðardóttir,
Alþingi,
Reykjavík.

Ég leyfi mér að færa ykkur sérstakar þakkir fyrir þá tillögu til þingsályktunar nr. 770 sem þið fluttuð á síðasta löggjafarþingi íslensku þjóðarinnar.

Ber þar tvennt til. Um er að ræða hið merkasta mál sem tímabært var að hreyfa enda er ekki vansalaust með hvaða hætti hefur verið staðið að endurreisn Viðeyjarstofu, einnar sögumerkustu byggingar hér á landi. Í annan stað er tilefni til að þakka sérstaklega þann vinarhug í garð höfuðborgarinnar sem í þingsályktunartillögunni felst.

Tillaga ykkar hefur ekki verið rædd með formlegum hætti í borgarráði eða borgarstjórn en ég þykist þó mega fullyrða að borgarstjórnin öll mundi fagna því mjög ef Alþingi bæri gæfu til að samþykkja tillöguna verði hún endurflutt á næsta þingi sem vonir hljóta að standa til.

Davíð Oddsson.

Fylgiskjal II.

UM VIÐEYJARKIRKJU
eftir Eggert Ólafsson.

Þú ert orðin fjalafá,
fúinn sérhver raftur.
Hvað mun dagurinn heita sá
er hefst þín bygging aftur?

(Eggert Ólafsson. Kvæði, bls. 196).

Fylgiskjal III.

VÍSUR UM HÚSIÐ Í VIÐEY
eftir Þorberg Jónsson Isenfeld (Lbs. 162, 8vo, bls. 57).

Hjer er verið hús að byggja,
af höldum kuldann tekur senn.
Að því gera allir hyggja
aðkomandi og heimamenn.
Með steinum múrs er stofnað nett,
strax á eftir kalki slett.
Musteri slíkt af manna höndum
mun ei sjást á Norðurlöndum.

Álnir mælast alt í kringum
eitt smátt hundrað sex og tvær.
Ramlega bygt af rekkum slingum
reiknast furðuverki nær.
Stafir sjö skulu standa þar
og sterkmúraðir skorsteinar.
Hæð á múrum höldar inna
heilar sjö en ekki minna.

Kakalóna kappar brúka
kátir öllum stofum í.
Upp úr þeim skal ætíð rjúka,
svo enginn fái grand af því.
Hitinn gleður hölda líf,
hressir þjáða menn og víf.
Bæði má þar brugga og sjóða
brennivín og rjetti góða.

Nd. 79. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristófer Már Kristinsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er hljóði svo:

Opinberum stofnunum, öðrum þjónustustofnunum og atvinnufyrirtækjum skal sett það skilyrði fyrir byggingarleyfi að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa. Skal gert ráð fyrir að óbyggður hluti lóðar verði skrýddur gróðri svo sem unnt er.

2. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsliður er hljóði svo:

Undantekningarlaust skal þó fylgja umsóknum um leyfi til byggingar opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja uppdráttur að frágangi lóðar ásamt þeim gróðri sem gert er ráð fyrir á lóðinni.

3. gr.

Á eftir 1. málsgr. 12. gr. komi nýr málsliður er hljóði svo:

Rétt til að gera uppdrætti af lóðum opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja, sbr. síðasta málsl. 11. gr., hafa landslagsarkitektar eða aðrir þeir sem sérmenntun hafa í garðyrkju og skógrækt fáist ekki landslagsarkitekt til starfans.

4. gr.

Á eftir 2. málsgrein 22. gr. komi ný málsgrein er hljóði svo:

Landslagsarkitekt, eða staðgengill hans, gengur úr skugga um að lóðauppdrættir skv. 4. málsgr. 9. gr. og 11. gr. séu í samræmi við lög og reglur og áritar uppdrætti áður en byggingarleyfi er gefið út. Hann hefur eftirlit með því að framkvæmdir fari að lögum og reglum og samkvæmt samþykktum uppdráttum. Hann annast þann hluta úttektar byggingarframkvæmda, er frágang lóðar varðar, við lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis og gefur út vottorð þar um samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Þær breytingar á byggðarlögum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru eftirfarandi:

1. Að skilyrði fyrir leyfi til byggingar opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja verði að gengið sé frá lóð svo fljótt sem unnt er og byggingarframkvæmdir leyfa og þeim gróðri komið þar fyrir sem kostur er að mati landslagsarkitekts eða annarra sérfróðra manna.
2. Að uppdráttur að fullfrágenginni lóð liggi fyrir við útgáfu byggingarleyfis á sama hátt og teikning af byggingunni.
3. Að gengið verði úr skugga um að frá lóð hafi verið gengið eins og lög og reglur mæla fyrir um við lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis.

Það er alkunna að slæmur frágangur lóða þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja af öllu tagi er til mikils vansa og opinberar stofnanir eru ekki allar til fyrirmyndar að þessu leyti. Á síðustu áratugum hefur orðið gjörbreyting á viðhorfum einstaklinga til nánasta umhverfis og leitast flestir húsbyggjendur nú við að ganga frá lóðum sínum eins fljótt og kostur er. Hið sama er ekki hægt að segja um þjónustustofnanir og fyrirtæki. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr því.

Með þeirri gjörbreytingu, sem orðið hefur á búsetuháttum manna á þessari öld þegar mikill hluti þjóðarinnar fór að búa í þéttbýli, hefur krafan um lifandi gróður í stað steinsteyptrar eyðimerkur þéttbýlissvæðanna orðið háværari. Menn sætta sig ekki lengur við að búa „á mölinni" eins og það var kallað heldur vilja finna lifandi náttúru stað á því takmarkaða landi sem þeim er úthlutað. Fjölmennustu bæir landsins hafa tekið miklum breytingum í þessa átt á síðustu áratugum og gífurleg gróðurrækt hefur farið fram. Borg og bæir eru að mynda borgarlandslag og æ fleiri sérmenntaðir menn í skipulagningu þess og ræktun hafa nú komið heim frá námi erlendis. Þúsundir einstaklinga fást við ræktun umhverfisins af mikilli eljusemi, sér og öðrum til gleði og hollustu, og áhugasamir garðyrkjustjórar hafa lagt fram mikið starf, oft við naumar fjárveitingar yfirvalda og lítinn skilning.

Að þessu mikla starfi eiga yfirvöld að sjá sóma sinn í að hlúa. Á það skortir víða og mörg dæmi eru um að lóðir kringum opinberar stofnanir og fyrirtæki séu eins og ljót sár á umhverfinu. Svo mörg eru þessi dæmi að sérstaka athygli vekur ef rækt er lögð við frágang á umhverfi opinberra stofnana svo sem Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur gert við húseignir sínar fyrr og síðar. Sú stofnun hefur alltaf verið til fyrirmyndar að þessu leyti og ber stjórnendum hennar heiður fyrir það.

En tæplega verður treyst á sams konar áhuga allra þeirra sem með byggingu og rekstur þjónustustofnana fara og því telja flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að binda ákvæði um frágang þessara umræddu lóða í lög. Í byggingarreglugerðum er fátt um ákvæði varðandi ræktun þeirra þó að ljóst sé að byggingarnefndir víða um land líti til þessara mála en það hlýtur að mestu að vera háð einstaklingsbundnum áhuga á umhverfismálum. Samfélagið úthlutar oft þessum byggingaraðilum dýrmætustu lóðum sínum enda rekstur jafnan háður því að byggingin sé miðsvæðis og aðgengileg sem flestum. Það getur því varla talist óeðlilegt þó að þeim sé gert að vera umhverfinu fremur til prýði en óprýði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög leitist við að hafa aðgang að þjónustu þeirra manna sem hafa sérmenntað sig í skipulagi og ræktun umhverfisins, þ. e. landslagsarkitekta. Ljóst er þó að enn er skortur á þessum sérfræðingum og því er gengið út frá að aðrir kunnáttumenn um garðyrkju og skógrækt annist þessi störf fáist landslagsarkitektar ekki. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á störfum byggingarfulltrúa, heldur einungis að sérfróður maður um skipulagningu og ræktun lands verði ráðinn að þeim hluta, sem hverju sveitarfélagi hæfir, til að annast skipulagningu og eftirlit með þeim framkvæmdum sem lúta að frágangi lands sem opinberar stofnanir, aðrar þjónustustofnanir og atvinnufyrirtæki fá úthlutað.

Sþ. 80. Fyrirspurn [78. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu á Reyðarfirði.

Frá Helga Seljan.

Hvað veldur þeirri breytingu á löggæslu á Reyðarfirði sem á er orðin og hver tók ákvörðun um þá breytingu?

Sþ. 81. Fyrirspurn [79. mál]

til iðnaðarráðherra um könnun á raforkuverði á Íslandi.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hverjar eru niðurstöður nefndar þeirrar er kanna skyldi verðmyndun á raforku hér á landi í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. mars 1984?
2. Hverjir áttu sæti í nefndinni?
3. Með hverjum hætti verða niðurstöður hennar kynntar almenningi?

Sþ. 82. Fyrirspurn [80. mál]

til félagsmálaráðherra um einingahús.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða aukning hefur orðið á framleiðslu íslenskra einingahúsa sl. þrjú ár?
2. Hvert var hlutfall einingahúsa af húsbyggingum árið 1983 í stærstu þéttbýliskjörnum annars vegar og hins vegar á smáum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli?
3. Hver var meðalstærð einingahúsa á árinu 1983 í samanburði við önnur einbýlishús sem byggð voru á hefðbundinn hátt?
4. Hvaða áhrif er talið að breyttar úthlutunarreglur húsnæðislána, sem samþykktar voru í húsnæðismálastjórn 19. sept. sl., hafi:
   a. á fjármögnun húsbyggjenda er kaupa og fá einingahús afhent eftir næstu áramót?
   b. á framleiðslu einingahúsa sem iðnað í landinu?
   c. á byggingarmarkaðinn í heild og verðlag á húsnæði?
5. Eru þessar breyttu úthlutunarreglur húsnæðislána til marks um stefnubreytingu í húsnæðismálum og ef svo er hvað er talið vinnast með slíkri breytingu?

Sþ. 83. Fyrirspurn [81. mál]

til félagsmálaráðherra um búseturéttaríbúðir.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hvenær er að vænta frumvarps til laga um „stefnumörkun um byggingu leiguíbúða ..., búseturéttaríbúðir og kaupleigusamninga“ sem félagsmálráðherra boðaði á Alþingi 14. og 16. maí sl. að yrði „lagt fram í byrjun næsta þings?“
2. Hefur náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um tilverurétt búseturéttaríbúða og hlut húsnæðissamvinnufélaga í hinu opinbera húsnæðislánakerfi? Ef svo er, hvaða tillögur hafa verið mótaðar um fjármögnun slíkra lána og lánskjör?

Sþ. 84. Fyrirspurn [82. mál]

til menntamálaráðherra um niðurskurð og sparnað í skólum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig hefur fyrirmælum menntamálaráðherra um 2,5% niðurskurð á kennslukostnaði í grunnskólum og framhaldsskólum á árinu 1984 verið framfylgt í heild og sundurliðað eftir skólahverfum?
2. Að hve miklu leyti hafa ráðstafanir skv. 1. lið komið niður á stundum til ráðstöfunar í skólabókasöfnum?
3. Hver var nemendafjöldi í einstökum skólahverfum, flokkaður eftir árgöngum, og fjöldi bekkjardeilda í árgöngum á skólaárinu 1983—1984 og hverjar eru hliðstæðar tölur skólaárið 1984—1985?
4. Hvernig hefur tekist að ná markmiðum menntamálaráðherra um 4% sparnað í rekstri gunnskóla á árinu 1984?
   Svar óskast sundurliðað eftir skólahverfum.
5. Í hve mörgum grunnskólum í landinu er kennd heimilisfræði samkvæmt viðmiðunarstundaskrá skólaárið 1984—1985?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 85. Frumvarp til laga [83. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

10. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt óbreytt frá 105. og 106. löggjafarþingi. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Hér er lagt til að sú skipulagsbreyting verði gerð á verðákvörðunartöku Verðlagsráðs sjávarútvegsins, að lágmarksverð á sjávarafla verði ákveðið í frjálsum samningum af fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda í Verðlagsráði sjálfu. Niðurfelling 10. gr. laganna um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs með oddamann frá Þjóðhagsstofnun felur það í sér fyrst og fremst, að tekið er fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafla. Með því móti væri farið að hinum upphaflega tilgangi laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins frá árinu 1961, að verðlag sjávarafla skyldi ákveðið í frjálsum samningum hagsmunaaðila án íhlutunar ríkisvaldsins. Þessi breyting felur það að sjálfsögðu í sér, að Verðlagsráð sjávarútvegsins, eins og það er skipað samkvæmt 1. gr. laganna, verði skilvirkara og sinni í raun þeim verkefnum sem því eru falin með þeim lögum.

Þar sem verðákvarðanir Verðlagsráðs eiga þannig að vera háðar frjálsum samningum, þar sem samningsaðilum er frá upphafi ljóst að þeir verða að taka afleiðingum samninga sinna, þykir ekki rétt að í lögin verði tekið ákvæði um úrslit mála í skjóli atkvæðaafls. Að vísu er ljóst að mál geta skipast þannig að engin úrslit fáist í Verðlagsráði, en slík málalok eru þá ekki annað en það er aðilar vinnumarkaðarins þurfa einlægt að horfast í augu við ef svo ber undir. Hitt er annað mál, að samningsaðilar í Verðlagsráði geta vitaskuld á hvaða stigi sem er leitað til sáttasemjara ríkisins eða annars hlutlauss aðila, er þeir sjálfir kjósa, til þess að samræma sjónarmið og freista þess að leita sátta.

* * *

Það er megineinkenni á íslensku samfélagi, að einstaklingar og samtök þeirra bera litla eða enga ábyrgð á þeim samningum sem gerðir eru. Gerðir eru samningar án tillits til þeirra verðmæta sem verið er að semja um skiptingu á.

Þetta er sérstaklega alvarlegt að því er tekur til samninga um verð á sjávarafurðum. Í tímanna rás hafa viðmiðanir orðið margfalt fleiri en nemur aflaverðmætinu sjálfu. Reynslan hefur sýnt að hlutverk hins veiklundaða ríkisvalds, þegar þrýstingur hvers konar er annars vegar, er að „leiðrétta“ þær skekkjur sem orðið hafa í samningum um fiskverð. Þær leið-

réttingar fara þannig fram að gengið er lækkað „niður að jafnvægi", sem aftur þýðir að allt vöruverð stórhækkar og síðan laun allmiklu síðar. Og loks grípa stjórnvöld til þess að sníða af launum, svo sem alkunna er.

Verðbólguskrúfan er auðvitað flóknari en svo að hún verði skýrð með kerfi fiskverðsákvörðunar einu. En fullyrða má þó að þetta ábyrgðarlausa kerfi, þessir samningar án raunverulegrar ábyrgðar, eiga verulegan þátt í þeirri verðþenslu sem þjakað hefur íslenskt samfélag árum saman.

Lögð er til einföld breyting: að ríkisvaldið hætti að hafa afskipti af þessum samningum; að einstaklingar og samtök þeirra semji sem frjálsir menn um verð á afurðum sínum. Það verður síðan að ráðast með frjálsum hætti, hvernig fyrirkomulag þeir aðilar, sem málið snertir, kjósa að hafa á samningum. Kannske kjósa þeir að semja í litlum einingum; kannske kjósa þeir að semja í stórum bandalögum. Það er þeirra mál; það verða þeir að ákveða sem frjálsir menn.

Aðalatriðið er þó hitt, að tímaskeiði ábyrgðarlausra samninga, þar sem öflug þrýstisamtök komast upp með að semja um nánast hvað sem er og velta síðan þeim tölum, sem engin verðmæti standa á bak við, á alla hina í samfélaginu, verður að ljúka.

Við verðum að taka upp tímaskeið frjálsra samninga og ábyrgðar þeirra sem semja.

Fylgiskjal I.

Jón Sigurðsson:
Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, **Ægir,** 1978.

Fylgiskjal II.

Friðrik Pálsson:
Starfshættir Verðlagsráðs sjávarútvegsins, **Ægir** 1978.

Fylgiskjal III.

Vilmundur Gylfason:
Frjálst fiskverð — burt með ríkisvaldið, **Nýtt land,** 1981.

Skýrt verður að taka fram, að athuga ber **hvenær** eftirfarandi ritgerðir eru ritaðar og **að höfundar hafa auðvitað fullan rétt á að hafa aðrar skoðanir nú en þá.** Ritgerðirnar eru prentaðar sem þingskjal með leyfi höfunda.

Fylgiskjal I.

Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar:

Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins.
(Tímaritið **Ægir,** 1978.)

Verkefni Verðlagsráðs.

Senn eru liðin sautján ár frá því að lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins voru fyrst sett.[1]) Á þessum árum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum, en meginverkefni ráðsins hefur ekki breytzt og er eins og segir í 6. gr. laganna:[2])

„Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn."

Til þess að geta leyst þetta verkefni er ráðinu ætlað að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina sjávarútvegsins svo og öðrum gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla. Við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla skal ráðið lögum samkvæmt m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og af framleiðslukostnaði þeirra.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og er óheimilt að selja sjávarafla undir því verði.

Skipan Verðlagsráðs og yfirnefndar.

Við hverja verðákvörðun er Verðlagsráðið skipað tólf mönnum, sex frá fiskseljendum og sex frá fiskkaupendum. Af hálfu fiskseljenda eru að meginreglu þrír fulltrúar frá útvegsmönnum, tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, og þrír frá sjómönnum, og er einn tilnefndur af hverju eftirtalinna samtaka, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Af hálfu fiskkaupenda er ráðið hverju sinni skipað eftir því, hvaða verð skal ákveða. Þegar fjallað er um almennt fiskverð (þ. e. verð á þorski, ýsu, ufsa og karfa og öðrum botnfiskum) sitja því í Verðlagsráði þrír fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, einn frá fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, einn frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda og einn frá Samlagi skreiðarframleiðenda. Við ákvörðun verðs á síld og loðnu eða öðrum fisktegundum til bræðslu, eru fulltrúar kaupenda tilnefndir af samtökum síldar- og fiskmjölsverksmiðja og Síldarverksmiðjum ríkisins, en hins vegar af samtökum síldarsaltenda, þegar ákveða skal verð á síld til söltunar. Sérstakar reglur eru um skipan ráðsins, þegar fjallað er um verð á fiskúrgangi, enda geta þau viðskipti verið milli vinnslustöðva, og ráðið þá skipað í samræmi við það.

Ef ekki næst samkomulag í Verðlagsráði fyrir tilskilinn tíma,[3]) er ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin er skipuð fimm mönnum. Eru tveir tilnefndir af fiskseljendum, annar úr hópi fulltrúa sjómanna en hinn úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. og má hann ekki eiga neina aðild að fiskkaupum. Fiskkaupendur í Verðlagsráði tilnefna tvo menn, en oddamaður er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Úrskurðir yfirnefndar eru fullnaðarúrskurðir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum eins og segir í lögunum.

1) Lög nr. 97 18. desember 1961.
2) Lög nr. 81 23. júlí 1974.
3) I reglugerð er þessi tími settur 20 dögum fyrir upphaf hvers verðlagstímabils, en Verðlagsráð ákveður sjálft verðlagstímabil fyrir hverja verðákvörðun.

Ástæður og aðdragandi lagasetningar um Verðlagsráð.

Fiskverðsákvarðanir gegna lykilhlutverki í íslenzka þjóðarbúskapnum. Þær ráða ekki aðeins miklu um rekstrarskilyrði fiskveiða og fiskvinnslu — tveggja undirstöðugreina — heldur einnig launum sjómanna að verulegu leyti vegna þess, hve aflahlutur er mikilvægur þáttur í kjörum þeirra og hefur lengi verið. Af þessum ástæðum hljóta fiskverðsákvarðanir jafnan að vera umdeildar og gildir þá einu hver aðferðin er höfð við verðákvarðanirnar, hvort sem þær eru teknar með frjálsum samningum alfarið, ráðast á uppboðsmarkaði frá degi til dags, eða eru felldar í sérstakt, opinbert samningakerfi með lögbundnum úrskurðaraðila eins og Verðlagsráði og yfirnefnd þess. Vandi skiptavallarins verður aldrei leystur í eitt skipti fyrir öll.

Enginn vafi leikur á, að grundvallarástæður fyrir setningu laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru þær sérstöku markaðsaðstæður, sem hér ríkja við fisksölu á aðra hlið og í launakerfinu á fiskiflotanum á hina. Verð á fiski til vinnslu hérlendis hlýtur þegar til lengdar lætur að verulegu leyti að lúta því verði, sem fæst fyrir útfluttar fiskafurðir á erlendum markaði, en íslenzkir útflytjendur hafa mjög takmörkuð áhrif á það verð, með því að þeir eru aðeins lítið brot af stórri heild. Fjölmargt ræður verði á fiski á heimsmarkaði annað en það, sem beint lýtur að fiskveiðum og vinnslu. Fiskafurðir eru seldar í samkeppni við önnur matvæli og framboð og eftirspurn á mat yfirleitt ræður því markaðsverðinu ásamt almennu efnahagsástandi í markaðslöndunum. Matvælaverð í utanríkisverzlun er í mörgum greinum mjög sveiflukennt, því uppskeru- eða aflabrestur í mikilvægu framleiðslulandi eða löndum geta gjörbreytt annars vegar getunni til að flytja út matföng og hins vegar þörfinni fyrir aðfluttan mat. Tiltölulega litlar breytingar á heildarframleiðslu geta því valdið miklum breytingum á heimsmarkaðsverði. Við þetta bætist svo, að víða um heim er útflutningur á matvælum háður opinberum styrkjum, sem geta breytzt snögglega. Íslenzkur sjávarútvegur hefur ekki farið varhluta af þessum miklu sveiflum á matvælaverði. Frá sjónarmiði framleiðenda — fiskkaupenda hér á landi — er því mikilvægt að verð á hráefninu til framleiðslunnar sé sveigjanlegt og geti breytzt eftir markaðsástandi. Í algerlega öndverða átt toga svo hagsmunir útvegsmanna og sjómanna, sem leggja áherzlu á, að verð á fiski sé sem hæst og stöðugast og haldi jafnan sínum hlut gagnvart þróun kostnaðar og launa hér á landi, hvað sem líður markaðsþróun erlendis. Sjómenn leggja vitaskuld á það áherzlu, að fiskverð sé ekki aðeins verð á venjulegri vöru í viðskiptum milli fyrirtækja, heldur ákveði það lífskjör sjómanna með hlutaskiptunum.

Víða erlendis er fiskur seldur á opinberu uppboði, og það getur verið afar breytilegt frá degi til dags, einkum vegna sveiflna í aflabrögðum en einnig vegna tímabundinna breytinga á eftirspurn eftir fiski, þótt fiskverðið fylgi almennu matvælaverðlagi þegar til lengdar lætur. Þessi aðferð er yfirleitt höfð þar sem megnið af aflanum fer ferskt til daglegrar neyzlu á stóru markaðssvæði. Hér á landi eru aðstæður yfirleitt allt aðrar. Í stað stórra löndunarhafna, sem hafa fjölmenni neytenda á upplandi sínu, fer sala á fiski fram í litlum fiskihöfnum kringum allt land. Sums staðar er kaupandi einn — eða fáeinir — en seljendur margir og eiga ekki í önnur hús að venda með aflann nema með ærnum kostnaði. Við þetta bætist svo, að víða fara saman hagsmunir fiskvinnslustöðva og bátaeigenda, og er því hætt við, að venjulegir tvíhliða samningar skammti sjómönnum skarðan hlut. Þessi atriði skýra í stuttu máli þörfina fyrir sérstakan vettvang fiskverðsákvarðana hér á landi. Markaðsaðstæður eru þannig, að almenn skilyrði marka „réttu" fiskverði vítt bil en ekki þröngt, og verður því að finna niðurstöðuna með einhvers konar samningaþófi, þar sem reynt er að hitta á málamiðlun þeirra margvíslegu hagsmuna og sjónarmiða, sem hér koma við sögu.

Á sjötta áratugnum valt á ýmsu, hvernig verð á ferskum fiski og síld upp úr sjó var ákveðið til vinnslustöðvanna. Verð á síld til bræðslu var til dæmis ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu skv. tillögum Síldarverksmiðja ríkisins og fylgdu verksmiðjur í einkaeign yfirleitt því verði. Verð á síld til söltunar var oftast ákveðið af Síldarútvegsnefnd. Um allt annað

fiskverð gilti, a. m. k. eftir miðjan sjötta áratuginn, að sjávarútvegsráðherra gat sett það sem skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta á sjávarafurðir úr Útflutningssjóði (stofnaður 1956), að hann væri samþykkur því verði, sem greitt væri fyrir fiskinn. Fram til ársins 1960 var verðákvörðun á fiski upp úr sjó þannig að mestu í höndum opinberra aðila, þótt frá þessu verði gæti brugðið í viðskiptum milli manna. Á þessum árum ríkti oft óánægja hjá sjómönnum með fiskverð og það svo um árabil, að sjómannasamtökin töldu sig ekki eiga annan úrkost en að semja við útvegsmenn um sérstakt skiptaverð, sem lagt skyldi til grundvallar við útreikninga á aflahlut skipverja. Hlutaskiptin sjálf voru svo ákveðin í öðrum samningum. Skiptaverðið gat því verið og var yfirleitt allt annað en almennt gangverð á fiskinum milli viðskiptaaðila.

Þessi tilhögun í verðlagsmálum var á ýmsan hátt gölluð og oft á tíðum dróst úr hömlu að ákveða fiskverð. Með lögum um efnahagsmál í ársbyrjun 1960, þegar útflutningsbótakerfið var lagt niður og genginu breytt, var ákveðið að opinberum afskiptum af fiskverðsákvörðun skyldi hætt og teknir upp frjálsir samningar um verð milli fiskseljenda og kaupenda. Þessi tilhögun gafst ekki vel á árinu 1960, og var komið nærri vertíðarlokum áður en samningar tókust um fiskverð. Menn voru þannig í óvissu um það alla vertíðina, hvers virði aflinn væri, er á land var lagður. Þetta ástand olli vitaskuld megnri óánægju. Í upphafi ársins 1961 voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna. Meginefni þessara nýju samninga var gagnger breyting á hlutaskiptareglum, sem miðaðist við það m. a., að sjómenn tækju sinn hlut úr sama verði og útvegsmenn fengju fyrir fiskinn. Framvegis skyldi því hvorki samið um sérstakt skiptaverð eins og áður hafði verið gert né um frádrátt frá fiskverðinu áður en hlutir væru reiknaðir. Með þessum breytingum urðu hagsmunir sjómanna í fiskverðsákvörðun enn skýrari en áður, og sjómenn reistu vitaskuld þá kröfu, að eiga beina hlutdeild að öllum fiskverðsákvörðunum.

Þegar á árinu 1961 lá nærri að til verkfalls kæmi á síldveiðiflotanum vegna þess að ekki hafði tekizt að ákveða verð á síldinni. Af þessu var ljóst, að aðferð frjálsra tvíhliða samninga um fiskverð milli útvegsmanna og fiskkaupenda dygði ekki til að leysa þann verðlagningar- og tekjuskiptingarvanda, sem í fiskverðsákvörðunum felst. Sjávarútvegsráðherra, sem þá var Emil Jónsson, skipaði haustið 1961 nefnd átta manna, einn frá hverju eftirtalinna samtaka, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda og Sambandi ísl. samvinnufélaga,[1]) til þess að gera tillögur um lausn á þessum vanda. Á vegum þessarar nefndar var samið frumvarp til laga, sem varð stofninn að lögum nr. 97 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir, að kaupendur og seljendur ættu jafnan 7 fulltrúa hvor í ráðinu og skyldu vera á seljendahlið fjórir frá útvegsmönnum en þrír frá sjómönnum. Fulltrúi Alþýðusambandsins í nefndinni gerði fyrirvara um þetta atriði og um það urðu umræður á þingi. Málinu lyktaði svo, að fulltrúar seljenda voru sex, þrír frá sjómönnum og þrír frá útvegsmönnum, og hefur sú skipan haldizt síðan. Fulltrúi Alþýðusambandsins gerði ágreining um annað atriði og var það um skipan og verksvið yfirnefndar. Hann lagði til, að í stað yfirnefndar með oddamanni, sem aðilar kæmu sér saman um eða frá Hæstarétti ella, yrði leitað til sáttasemjara eins og í venjulegri vinnudeilu. Um önnur atriði voru nefndarmenn sammála. Miklar umræður urðu um frumvarpið á þingi, en það er athyglisvert, að enginn ágreiningur virtist vera um þörfina á sérstökum vettvangi fyrir fiskverðssamninga, þannig að ákvörðun fiskverðs gæti gengið sem snurðuminnst og deilur um og dráttur á

1) Nefndarmennirnir voru: Frá ASÍ Tryggvi Helgason, frá SSÍ Jón Sigurðsson, frá FFSÍ Guðmundur Oddsson, frá LÍÚ Sverrir Júlíusson, frá SH Einar Sigurðsson, frá SÍF Helgi Þórarinsson, frá Samlagi skreiðarframleiðenda Ingvar Vilhjálmsson, frá SÍS Kristján Hallsson og Valgarð J. Ólafsson. Fyrir nefndina starfaði Hafsteinn Baldvinsson, lögfræðingur.

fiskverðsákvörðun yllu ekki stöðvun á rekstri útvegsins. Umræðurnar á Alþingi snerust reyndar mest um þau tvö atriði, sem ágreiningur var um í nefndinni, sem frumvarpið samdi, þ. e. um jafnræði sjómanna og útvegsmanna að fulltrúatölu og um úrskurðaraðila, ef ekki næðist samkomulag. Hins vegar voru litlar umræður, og að því er virðist enginn ágreiningur, um verkefni ráðsins eða það ákvæði laganna, að ákvarðanir „lágmarksverðs á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum," eins og sagði í 7. gr. hinna upphaflegu laga um Verðlagsráð (nr. 97/1961).

Breytingar á verðlagsráðslögunum.

Lögunum um Verðlagsráð hefur verið breytt fimm sinnum frá því þau voru fyrst sett. Breytingar þessar eru misjafnlega veigamiklar, en það er fróðlegt að rekja þær nokkuð, því þær lýsa á sinn hátt reynslunni af starfsemi ráðsins.

1. **Fyrsta breytingin** og sú veigamesta var gerð í desember 1964 (lög nr. 60 24. desember 1964). Breytingin var í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi var 7. gr. hinna upphaflegu laga breytt þannig, að í stað orðalagsins ákvarðanir „um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum", kom annað og almennara ákvæði á þessa leið: „Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra." Í öðru lagi var gerð sú breyting á skipun yfirnefndar, að forstöðumaður Efnahagsstofnunar eða fulltrúi hans varð sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar. Þessi ákvæði eru bæði enn óbreytt, nema hvað Þjóðhagsstofnun er komin í stað Efnahagsstofnunar. Um tilefni þessara breytinga sagði í athugasemdum við lagafrumvarpið:

„Eftir úrskurð yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar s.l. kom í ljós, að sumir þeir aðilar, er fulltrúa eiga í verðlagsráði voru óánægðir með 1. málslið 7. greinar laga nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins. Þótti þeim verðlagsráði sniðinn of þröngur stakkur hvað snertir sjónarmið þau, er leggja skal til grundvallar við ákvörðun verðlagsráðs um lágmarksverð sjávarafla. Einkum töldu fulltrúar fiskseljenda óheppilegt, að ekki væri tekið fram í lögunum, að kostnaður við öflun fisksins og verkun skyldi hafa áhrif á verðið. Hefur ósamkomulag aðila um þetta atriði magnazt síðan, og er svo komið, að yfirnefnd verðlagsráðsins má heita óstarfhæf.

Tilgangur laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins var í upphafi sá, að með tilkomu verðlagsráðs yrði sanngjarnlega skipt þeim verðmætum, sem fyrir hendi væru, milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Ætti sú breyting á lögunum, sem hér er lögð til, að gera kleift að svo verði einnig í framtíðinni. Með frumvarpinu eru verðlagsráði gefnar allfrjálsar hendur um verðlagsákvarðanir innan þess ramma, sem gildandi gengi krónunnar setur, en þau grundvallarsjónarmið, sem ríkja skulu við ákvörðun um lágmarksverð á sjávarafla, eru áréttuð til leiðbeiningar. Skal þar taka tillit til hagsmuna beggja aðila, fiskkaupenda og fiskseljenda.

Enn fremur er sú breyting gerð á 9. gr. laganna, að forstöðumaður Efnahagsstofnunar er sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar.

Þessi skipun er hliðstæð því, að hagstofustjóri er oddamaður við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Ætti hún að tryggja betur en verið hefur, að samræmi skapist í úrskurðum nefndarinnar, og auðvelda það, að verðlagsákvarðanir séu teknar á grundvelli sem fullkomnastra upplýsinga um afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og launaþróunar í landinu og með tilliti til almennra aðstæðna þjóðarbúskaparins. Þar sem um margar verðlagsákvarðanir er að ræða á hverju ári, þykir rétt að gera forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar kleift að setja fulltrúa í sinn stað."

Þessi lagabreyting hefur síðan mótað starfsemi Verðlagsráðs, þannig að verðákvarðanir þess verða að taka mið af fjölmörgum atriðum. Telja mætti fimm helzt:

1) **Markaðsverð sjávarafurða erlendis,** og það verð, sem framleiðendur hér á landi fá í hendur að teknu tilliti til sölu-, flutnings- og tryggingakostnaðar auk útflutningsgjalda og greiðslna úr eða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
2) **Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.**
3) **Útgerðarkostnaður og afkoma útgerðarinnar.**
4) **Tekjur sjómanna og launaþróun í landinu yfirleitt.**
5) **Almennar aðstæður í þjóðarbúskapnum.**

Af þessari fjölþættu viðmiðun leiðir, að ekki er unnt að tala um fastan verðgrundvöll fyrir fiskverðið eins og oft er gert t. d. um búvöruverðsákvarðanir. Hins vegar eru hér talin þau atriði, sem Verðlagsráð og yfirnefnd þess aflar sér reglubundinna upplýsinga um og hefur m. a. til hliðsjónar við fiskverðssamninga. Á Alþingi 1964 mæltu ýmsir úr hópi stjórnarandstæðinga gegn lagabreytingunni, en raunar snerist sú gagnrýni fyrst og fremst um skipan og störf yfirnefndar yfirleitt sem eins konar gerðardóms. Töldu þeir, að þessi tilhögun leiddi til þess, að farið yrði bil beggja, þ. e. seljenda og kaupenda, í úrskurðum nefndarinnar og ákveðið eitthvert meðaltalsverð, sem báðir aðilar væru óánægðir með. Næðist ekki samkomulag um verð milli seljenda og kaupenda kallaði það beinlínis á afskipti ríkisvaldsins — líkt og við ákvörðun búvöruverðs — og væri það raunar eðlilegra við þessar aðstæður en að fela oddamanni að kveða upp einhvers konar meðaltalsúrskurð.

Einnig spunnust miklar umræður um túlkun niðurlagsorða lagagreinarinnar um yfirnefnd, þar sem segir, að meiri hluti atkvæða ráði úrslitum, en í ársbyrjun 1964 hafði oddamaður skipaður af Hæstarétti[1]) beitt þeim þannig eftir að verðtillögur frá báðum aðilum voru komnar fram, að hann úrskurðaði einn verð, sem lá á milli fram kominna tillagna með vísun til almennra dómskaparreglna um fjölskipaða dóma.

Auðvitað er ljóst eins og Verðlagsráð er hugsað, að oddamannsúrskurður er þrautalending, en hins vegar ber lögfróðum mönnum yfirleitt saman um það, að hann fái staðizt að lögum. Til hans getur þurft að grípa í þrátefli, enda hvílir á yfirnefndinni sú skylda að komast að niðurstöðu. Í reynd hefur oddamannsúrskurði aðeins verið beitt fjórum sinnum í allri sögu Verðlagsráðsins eða nálægt í einum hundraðasta af öllum verðákvörðunum.

2. **Önnur breyting var gerð** í marz 1967 (lög nr. 5 15. marz 1967). Efni þessarar breytingar var að fela Verðlagsráði að ákveða verð á fiskúrgangi og var sú breyting ágreiningslaus. Í framsöguræðu sjávarútvegsráðherra, Eggerts G. Þorsteinssonar, fyrir frumvarpinu kom fram, að við lagabreytingarnar 1964 um skipan forstöðumanns Efnahagsstofnunarinnar sem fasts oddamanns yfirnefndar hefðu orðið nokkur þáttaskil í úrskurðum nefndarinnar, þar sem verðið væri í ríkari mæli en fyrir breytinguna ákveðið með fulltrúum fiskseljenda eða í 13 skipti en 5 sinnum með kaupendum og þrisvar með almennu samkomulagi. Á tímabilinu 1962—1964 var verðið 7 sinnum ákveðið með kaupendum, þrisvar með seljendum og einu sinni af oddamanni einum.
3. **Þriðja breytingin** var gerð í desembermánuði 1973 (lög nr. 99 21. desember 1973) þannig, að síldardeild ráðsins var lögð niður í því formi, sem hún var, en í hennar stað komu tvær nýjar deildir, síldarsöltunardeild og bræðsludeild, er tæki til síldar- og loðnubræðslu, svo og bræðslu á öðrum fiski. Enn fremur var kveðið á um, að Verðlagsráð ákveði sjálft verðlagstímabil. Breytingar þessar voru samþykktar án verulegra umræðna á Alþingi.
4. **Fjórðu breytinguna** má telja þá, að í júlí 1974 (lög nr. 81 23. júlí 1974) voru lögin um Verðlagsráð gefin út í heild með áorðnum breytingum 1964, 1967 og 1973.
5. **Fimmta og síðasta breytingin** var gerð í apríl 1978 (lög nr. 27 26. apríl 1978) á þá leið, að ráðið skuli ákveða verð á síldarúrgangi og að ákvörðun verðs á lifur skuli færð úr fiskideild í fiskúrgangsdeild.

[1]) Hákon Guðmundsson.

Gagnasöfnun.

Eins og fram hefur komið er Verðlagsráðinu ætlað að fylgjast með þróun markaðsverðs á sjávarafurðum og afla sér gagna um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina sjávarútvegs og önnur atriði, sem varða ákvörðun fiskverðs. Til þess að gefa hugmynd um efnissvið og helztu heimildir, sem Verðlagsráðið og yfirnefnd þess styðst við, verða hér rakin nokkur atriði.

1. *Markaðsverð.*

   Upplýsingar um markaðsverð eru m. a. fengnar hjá útflytjendum sjávarafurða, en lögum samkvæmt er þeim skylt að láta þær í té. Verðskráning ýmissa afurða erlendis í sértímaritum og fréttabréfum um markaðsmál, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum, gefa einnig vísbendingu um markaðsþróun. Verðskráning viðskiptaráðuneytis við veitingu útflutningsleyfa er einnig notuð sem heimild um markaðsverð, einkum að því er varðar mjöl og lýsi, auk upplýsinga frá hráefnismörkuðum erlendis. Að sjálfsögðu koma einnig fram tölur um markaðsverð í verzlunarskýrslum Hagstofunnar. Þjóðhagsstofnun dregur reglulega saman talnaefni um þróun útflutningsverðlags og horfur í þeim efnum á grundvelli framangreindra heimilda og metur jafnframt það skilaverð, sem framleiðendur fá þegar reiknað hefur verið með áhrifum útflutningsgjalda og Verðjöfnunarsjóðsins skv. gildandi reglum.[1]) Þetta mat ásamt því efni sem fulltrúar í Verðlagsráði kunna að leggja fram, er undirstaða umræðna um markaðsverðsforsendur verðákvörðunar hverju sinni.

2. *Framleiðsla sjávarafurða.*

   Skýrslur samtaka framleiðenda og útflytjenda um birgðir og framleiðslu og skýrslur Hagstofu og Fiskifélags um útflutning og birgðir af sjávarafurðum eru nauðsynleg undirstaða fyrir mat á líklegu markaðsverði á framleiðslu hvers verðtímabils, auk þeirrar vitneskju um hagnýtingu sjávaraflans, sem í þeim felst.

3. *Afli og aflaverðmæti.*

   Reglulegar aflaskýrslur Fiskifélagsins eru mikilvæg gögn fyrir verðákvarðanir, en auk þess tekur Fiskifélagið saman fyrir Verðlagsráð og Þjóðhagsstofnun sérstakt yfirlit yfir verðflokkaskiptinguna á hverju verðtímabili. Þessar tölur liggja nú orðið fyrir nokkrum mánuðum eftir lok hvers verðtímabils og eru mikilvægar til þess að meta áhrif einstakra verðbreytinga, bæði að því er varðar tekjur sjómanna og útvegsmanna og hráefniskostnað vinnslunnar. Auk þessara skýrslna um verðflokkaskiptingu aflans, er stuðzt við upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun um stærðardreifingu fisktegunda, þegar breytingar hafa verið gerðar á stærðarflokkum til verðs.

4. *Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.*

   Skýrslur um framleiðslukostnað og afkomu fiskvinnslunnar eru að mestu leyti teknar saman í Þjóðhagsstofnun. Stofnunin semur árlega yfirlit yfir rekstur fiskiðnaðarins og einstakra greina hans úr ársreikningum nær allra frystihúsa og loðnu- og fiskmjölsverksmiðja og úr stóru úrtaki úr saltfiskverkun, skreiðarverkun og öðrum greinum sjávarútvegs. Grundvöllur þessara heildaráætlana eru raunar ársreikningar og skattframtöl, en öll helztu álitamál, eins og verðlagning birgða og mat afskrifta, eru endurmetin af Þjóðhagsstofnun til þess að samræmd mynd geti fengizt af heildinni. Fyrirtækin sjálf, samtök þeirra og útflytjendur sjávarafurða, leggja til upplýsingar í þessar athuganir, og hefur tekizt um þetta efni góð samvinna. Úr ársreikningum eru ekki eingöngu unnin heildaryfirlit heldur einnig yfirlit eftir landssvæðum, auk þess sem jafnan er reynt að sýna, hvernig fyrirtækin dreifast eftir afkomu kringum heildarmeðaltal í hverri grein. Raunar hefur sú skipan aldrei komizt á að fiskverðið væri einungis ákveðið með einfaldri viðmiðun við heildina.

1) Um þetta efni má m. a. vísa til skýrslu tillögunefndar um „Sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti", janúar 1976, og laga nr. 5/1976, og til kafla 2.5.5. í skýrslu Verðbólgunefndar, febrúar 1978, og laga nr. 72/1969, sbr. lög nr. 18/1972.

Síðustu tiltækir ársreikningar eru færðir fram til líðandi stundar á grundvelli beztu vitneskju um breytingar einstakra tekna- og gjaldaliða og þannig reynt að draga upp mynd af rekstrarstöðunni eins og hún er á hverjum tíma. Framreikningur af þessu tagi er vitaskuld háður óvissu og álitamál eru um ýmis atriði, en á undanförnum árum hefur fengizt allgóð reynsla af gerð rekstraráætlana og venjur myndazt um meðferð ýmissa rekstrarliða. Þannig ríkir nú yfirleitt ekki grundvallarágreiningur milli aðila um rekstrarstöðu sjávarútvegsins.

Auk rekstraráætlana fyrir heilar greinar fiskvinnslu styðst Verðlagsráð nokkuð við áætlun um framleiðslukostnað og tekjur við vinnslu einstakra fisktegunda og stærðarflokka, einkum við ákvörðun verðhlutfalla milli fisktegunda og verðflokka innbyrðis. Þetta efni er yfirleitt fengið frá tæknideildum samtaka framleiðenda en reynt er að samræma það heildaráætlunum. Þá er jafnan aflað sérstakra gagna um hráefnisgæði og nýtingu á bræðslufiski frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þegar verðbreyting á því hráefni er til meðferðar, auk þess sem ráðið hefur staðið fyrir sérstökum athugunum á nýtingu rækju og humars. Nú stendur yfir á vegum ráðsins athugun á nýtingu helztu botnfiska eftir tegund, stærð og gæðum með liðsinni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og tæknideilda samtaka framleiðenda. Tilgangur þessarar athugunar er að leggja grundvöll að endurskoðun verðflokkaskiptingar eftir stærð og gæðum, ef ástæða þykir til.

5. *Útgerðarkostnaður og afkoma fiskveiða.*

Þjóðhagsstofnun semur einnig árlega heildaryfirlit yfir rekstur fiskiskipaflotans eftir útgerðargreinum í samvinnu við Fiskifélagið og á grundvelli stórs úrtaks úr ársreikningum báta- og togaraflotans. Úrtaksreikningarnir eru færðir upp í heildarstærðir með tilstyrk skýrslna Fiskifélagsins um aflamagn, aflaverðmæti og úthald allra fiskiskipa. Aflahlutir, afskriftir og vátryggingar eru áætlaðar beint eftir heildarupplýsingum um aflaverðmæti, úthald og vátryggingarverðmæti, en aðrir kostnaðarliðir eftir úrtaksreikningum. Þessir reikningar eru svo færðir fram til líðandi árs á sama hátt og lýst var hér að framan fyrir fiskvinnsluna, og er m. a. stuðzt við reglubundnar upplýsingar Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskifélagsins um aflabrögð og aflaverðmæti togaranna.

6. *Þróun fiskverðs og tekna sjómanna og annarra stétta.*

Þjóðhagsstofnun semur reglulega og birtir verðvísitölur um fiskverð. Þá vinnur stofnunin á hverju ári úr úrtaki úr skattframtölum kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna, þannig að greina megi þróun tekna sjómanna í samanburði við aðrar starfsgreinar. Þessar upplýsingar fylla þá mynd af hlut sjómanna, er fram kemur í útgerðarreikningum.

Upptalningin hér að framan á gagnasöfnun vegna Verðlagsráðs gæti verið miklu ítarlegri en ætti þó að duga til að sýna efnissviðið. Eins og fram kemur vinnur Þjóðhagsstofnun mikið af þessum verkum. Þetta tengist vitaskuld oddamannsstörfum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, en raunar er það eitt meginverkefni stofnunarinnar að fylgjast með framleiðslu og afkomu atvinnuveganna. Þessar sjávarútvegsskýrslur hafa að sjálfsögðu einnig gildi við ákvarðanir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gengisákvarðanir og eru til upplýsinga fyrir aðila vinnumarkaðarins. Niðurstöður þessara athugana eru birtar með ýmsum hætti, t. d. birtist ítarlegt yfirlit í riti Þjóðhagsstofnunar „Sjávarútvegur 1973—1977“ í apríl 1977, í skýrslu um athugun á afkomu fiskvinnslu í október 1977 og í Viðauka 2 við skýrslu Verðbólgunefndar í febrúar 1978.

Yfirlit yfir verðákvarðanir Verðlagsráðs 1962—1977.

Á undanförnum árum hafa spunnizt nokkrar umræður um starfsemi Verðlagsráðsins og yfirnefndar þess. Meðal atriða, sem gagnrýnd hafa verið, er að verðákvörðuninni sé í vaxandi mæli skotið til yfirnefndar og að hlutverk ráðsins sjálfs hafi farið minnkandi.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða eftirfarandi yfirlit yfir verðákvarðanir ráðsins frá upphafi og fram til hausts 1977, þ. e. fyrstu sextán starfsárin. Hugtakið verðákvörðun þarfnast nokkurra skýringa. Sú hefð er á komin og helgast af útgerðarháttum, að ákvörðun um verð þorsks, ýsu, ufsa, karfa og annarra botnfiska er yfirleitt tekin í einu lagi, upphaflega einu sinni en nú oftast þrisvar á ári, og venjulega nefnd ákvörðun almenns fiskverðs. Að öðru leyti er yfirleitt fjallað um verð hverrar tegundar sérstaklega og jafnvel eftir því til hvaða vinnslu hún fer, og er svo t. d. um verð á síld og loðnu. Þannig eru einstakar ákvarðanir eða mál hjá Verðlagsráði ákaflega misþung á metunum.

Ákvörðun almenns fiskverðs er vitaskuld langmikilvægust og ræður verði á um það bil 80% af heildaraflaverðmætinu um þessar mundir. Af þessum sökum er ástæða til að gera þessari afar mikilvægu ákvörðun sérstök skil, og er það gert í töflu 1, sem hér fylgir, en öðrum ákvörðunum í einu lagi í töflu 2. Í töflunum er tímanum 1. janúar 1962 til 30. september 1977 skipt í fjögur tímabil og á hverju þeirra eru fjögur starfsár Verðlagsráðs, en það er talið frá 1. október til 30. september. Tölur fyrir fyrsta tímabilið lýsa þá niðurstöðu mála á því tímabili, sem hin upphaflega löggjöf gilti fyrst og fremst, en hin síðari lýsa úrslitum eftir að viðmiðun ráðsins við verðákvarðanir var gerð almennari og skipan oddamanns yfirnefndar breytt í það horf, sem haldizt hefur síðan.

Þegar litið er yfir 33 teknar ákvarðanir um almennt fiskverð þessi sextán ár, kemur í ljós, að samkomulag í ráðinu sjálfu eða yfirnefnd hefur alls ekki tekizt sjaldnar á síðari árum en í upphafi starfseminnar. Þvert á móti virðist oftar hafa tekizt að ná samkomulagi á síðasta fjögurra ára tímabilinu, sem hér er sýnt, en hinum fyrri. Þróunin gæti hins vegar bent til þess, að verðlagsráðshópurinn sé í stærra lagi til þess að samkomulag náist. Þegar í yfirnefnd er komið og ekki tekst samkomulag, falla atkvæði í reynd oftar seljendamegin. Hins vegar sýnir yfirlitið skýrt, að atkvæði geta gengið á ýmsa vegu. Úrslitin eru engan veginn sjálfgefin, og ekki verður merkt veruleg breyting á starfsháttum ráðsins að þessu leyti gegnum tíðina. Annað verður uppi á teningnum, þegar litið er á aðrar verðákvarðanir (tafla 2). Þar stingur tvennt í augu. Í fyrsta lagi er samkomulag um verð miklu fátíðara eftir lagabreytinguna 1964 en fyrir hana og í öðru lagi gengu fimm af sex yfirnefndarúrskurðum fyrir 1966 með kaupendum gegn seljendum. Eftir lagabreytinguna 1964 hefur hins vegar að því er virðist ekki orðið teljandi breyting á því, hvernig atkvæði falla við úrslit mála. Samkomulag næst í ráðinu um nálægt 40% af öllum málum en um 50—55%, ef samkomulag í yfirnefnd er talið með. Verði ágreiningur, falla atkvæði í yfirnefnd um það bil tvisvar með seljendum á móti hverju einu skipti með kaupendum. Ekki verður merkt áberandi breyting á þessari skiptingu eftir 1965. Eftir þessu að dæma og með tilliti til þess, að yfirleitt hefur tekist að komast að niðurstöðu um verð án verulegrar tafar og án þess að rekstrartruflanir hafi orðið, virðist Verðlagsráðið hafa reynzt fremur farsæll samningsvettvangur.

Tafla 1. Ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins 1962—1977. Almennt fiskverð.

Samkomulag í ráðinu	1962—1965 Fjöldi ákvarðana 1	1966—1969 Fjöldi ákvarðana —	1970—1973 Fjöldi ákvarðana 4	1974—1977 Fjöldi ákvarðana 2	1962—1977 Fjöldi ákvarðana 7
Yfirnefndarákvarðanir	6	4	6	10	26
Aðild að ákvörðun:					
Samkomulag	—	—	2	6	8
Oddamaður, seljendur og einn kaupandi	—	—	—	—	—
Oddamaður, kaupendur og 1 seljandi	1	1	—	—	2

	1962—1965 Fjöldi ákvarðana	1966—1969 Fjöldi ákvarðana	1970—1973 Fjöldi ákvarðana	1974—1977 Fjöldi ákvarðana	1962—1977 Fjöldi ákvarðana
Oddamaður og seljendur án mótatkvæða kaupenda	—	—	1	—	1
Oddamaður og kaupendur án mótatkvæða seljenda	—	—	—	—	—
Oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda	3	2	1	3	9
Oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda	1	—	2	—	3
Oddamaður, 1 kaupandi og 1 seljandi	—	—	—	1	1
Oddamannsúrskurður	1	1	—	—	2
Alls	7	4	10	12	33

Tafla 2. Ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins 1962—1977 um annað verð en almennt fiskverð.

	1962—1965 Fjöldi ákvarðana	1966—1969 Fjöldi ákvarðana	1970—1973 Fjöldi ákvarðana	1974—1977 Fjöldi ákvarðana	1962—1977 Fjöldi ákvarðana
Samkomulag í ráðinu	33	39	30	47	149
Yfirnefndarákvarðanir	6	56	42	68	172
Aðild að ákvörðun:					
Samkomulag	—	14	11	14	39
Oddamaður, seljendur og 1 kaupandi	—	—	1	2	3
Oddamaður, kaupendur og 1 seljandi	—	—	—	—	—
Oddamaður og seljendur án mótatkvæða kaupenda	—	2	—	3	5
Oddamaður og kaupendur án mótatkvæða seljenda	—	—	2	—	2
Oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda	—	26	18	31	75
Oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda	5	13	9	17	44
2 samþ. og 3 sátu hjá	1	—	—	1	2
Oddamannsúrskurður	—	1	1	—	2
Alls	39	95	72	115	321

Lokaorð.

Þegar á heildina er litið má telja, að starfsemi Verðlagsráðsins hafi gefið allgóða raun. Þannig má benda á, að mikilvægasta ákvörðunin, almennt fiskverð frá áramótum hvert ár, hefur yfirleitt legið fyrir um eða fyrir miðjan janúarmánuð í þau sautján skipti, sem Verðlagsráð hefur komið þar nærri, og aðeins tvisvar eða þrisvar dregizt fram í febrúar. Eins er naumast hægt að álíta, að á þessum árum hafi orðið alvarlegar tafir á útgerðinni vegna dráttar eða deilna um fiskverðsákvörðun, þótt hún hafi oft sætt gagnrýni. Eðli málsins samkvæmt og allra aðstæðna vegna hljóta fiskverðsákvarðanir hér á landi jafnan að vera umdeildar. Við ríkjandi markaðsaðstæður hér getur fiskverð ekki ráðizt sjálfkrafa og óumdeilt á uppboði eða með öðrum hætti af mergð markaðarins, heldur togast aðilar á um verð í einhvers konar samningaþófi, ekki sízt vegna þess hve mikilvæg og augljós tekjuskiptingaráhrif fiskverðs hefur fyrir fjölmenna starfsstétt. Af þessu leiðir að samanburður

annarra stétta við tekjur sjómanna hlýtur jafnan að skipta máli. Á hinn bóginn er einnig við því að búast, að sjómenn setji einatt fram kröfur um fiskverðshækkun með vísun til breytinga á tekjum annarra stétta. Hér er um óhjákvæmilega víxlverkun að ræða meðan hlutaskiptin ráða tekjum sjómanna að stærstum hluta.

Breytingar á afkomu þjóðarbúsins, bæði vegna atburða innanlands og breytinga ytri skilyrða, koma yfirleitt fyrst fram í sjávarútveginum og af mestum þunga vegna lykilstöðu hans í gjaldeyrisöfluninni. Af þessum sökum verður fiskverðsákvörðunin erfiðari en ella og tengist of almennum efnahagsráðstöfunum, t. d. gengisbreytingum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er ekki auðvelt að koma auga á aðra leið við fiskverðsákvarðanir, sem leyst gæti Verðlagsráðið af hólmi, þannig að til ótvíræðra framfara horfði, þótt vafalaust megi bæta starfshætti ráðsins.

Meðan menn draga fisk úr sjó og skipta í hluti verður deilt um fiskverðið; hvort það sé rétt, hvort það sé sanngjarnt.

Fylgiskjal II.

Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF:

Starfshættir Verðlagsráðs sjávarútvegsins.
(Tímaritið **Ægir,** 1978.)

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem lagt var fram á Alþingi árið 1961 og samþykkt á því þingi segir svo m. a.:

„Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma verðákvörðunum á ferskum sjávarafla í fastari skorður en verið hefur um mörg ár, svo að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar." Og á öðrum stað segir: „Um aðrar fiskafurðir (aðrar en fersksíld) hefur gilt sú regla, allt frá því í desember 1956, er útflutningssjóður var stofnaður að lágmarksverð á þorski og öðrum fisktegundum en síld var ákveðið með lögum, fyrst með lögum nr. 86/1956 og síðar með lögum nr. 33/1958, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að setja það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiddu útgerðinni ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir."

Við setningu laganna var þannig við það miðað, að frjálsir samningar kæmust á milli fisksöluaðila og fiskkaupenda, og ríkisstjórn leyst undan beinum afskiptum af fiskverðsákvörðunum og hefur það án efa verið léttir fyrir hana.

Nefnd sú, sem undirbjó og samdi frumvarp til þeirra laga, sem nú er unnið eftir, var í aðalatriðum á einu máli um skipan ráðsins.

Allir voru í það minnsta sannfærðir um nauðsyn þess, að allir þeir aðilar, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta, ættu fulltrúa í ráðinu. Í fiskideild komist þeir ekki af með færri en 14, þ. e. 7 fulltrúa frá hvorri hlið. Í meðförum Alþingis breyttist fjöldinn í 12, þ. e. 6 fulltrúa seljenda og jafnmarga fulltrúa kaupenda. Þessi breyting Alþingis var vissulega umdeilanleg, en ekki verður fjallað nánar um hana hér.

Höfundar frumvarpsins voru sér vel meðvitandi um það, að bezt væri að komast af með eins fáa fulltrúa og hægt væri, til að gera ráðið liprara í starfi, en töldu sig ekki komast af með færri en 14 til að ná þessu takmarki, að allra hagsmunir væru sæmilega verndaðir og um leið haldið nokkru jafnvægi milli félagasamtaka.

Allmörg ár eftir stofnun Verðlagsráðs vann það störf sín að fullu í samræmi við lög þau, sem það starfar eftir. Þá var fiskverð rætt á fjölmörgum fundum í sjálfu Verðlagsráðinu áður en því var vísað til yfirnefndar, ef ekki náðist samkomulag í ráðinu. Í lögunum var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ekki næðist alltaf samkomulag í aðalráðinu og var því gert ráð fyrir yfirnefnd, sem í ættu sæti 2 fulltrúar frá hvorri hlið svo og einn aðili til viðbótar, sem nú er að breyttum lögum forstjóri Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Þess háttar stóri-

dómur er eðlilegur og sjálfsagður, þegar ekki næst samkomulag á annan hátt eftir ítarlegar tilraunir.

En nú er öldin önnur. Það telst orðið til undantekninga, ef miklu púðri er eytt í umræður í 12 manna ráðinu. Til málamynda er hitzt og skipzt á nokkrum orðum og svo er málinu vísað til yfirnefndar og nægir til þess ein rödd samkvæmt venju sem skapazt hefur og ég ætla ekki að fjalla um hér, hvort sé í samræmi við anda laganna eða ekki.

Í fiskideildinni við ákvörðun almenns fiskverðs, en það skiptir að sjálfsögðu mestu, þá heyrir það nú orðið nánast til undantekninga, ef samkomulag næst án tilstillis yfirnefndar. Hins vegar kemur það oft fyrir við verðlagningu einstakra tegunda.

Verðlagsráðið, eins og lögin gera ráð fyrir því, er að mínu mati góð stofnun, en með einni undantekningu þó. Ég álít, að með í störfum 12 manna ráðsins alveg frá upphafi þurfi að vera oddamaður. Oddamaður, ekki með úrskurðarvald, heldur á hann að vera fundarstjóri og sáttasemjari. Nú er formaður Verðlagsráðs jafnframt fundarstjóri, en hann er ávallt fulltrúi annars hvors aðilans og þess vegna ekki í sem beztri aðstöðu til sáttasemjarastarfa. Ég er ekki í vafa um, að með slíku fyrirkomulagi mætti ná meiri afköstum og betri árangri í störfum Verðlagsráðs. Hver þessi oddamaður ætti að vera læt ég ósagt, en teldi eðlilegt, að sá hinn sami yrði oddamaður yfirnefndar, ef og þegar hennar þyrfti með og fengi hann þá úrskurðarvald eins og hann hefur nú.

Með þessum hætti yrði hann í góðri aðstöðu til að kveða upp úrskurð sinn í yfirnefnd, eftir að hafa hlýtt á allra boðskap í ráðinu sjálfu og hafa reynt að miðla þar málum.

Nú kann einhver að segja, að þetta fyrirkomulag sé bæði þyngra í vöfum og dýrara, þar sem færri menn séu í yfirnefnd en verðlagsráðinu sjálfu. Það er alveg rétt, en hvað er þá verið að dragnast með ráðið sjálft, þessa 12 menn, ef sýnt þykir, að yfirnefndin sé einfær um þetta. Það er þá aðeins til málamynda.

Það er ljóst, að eins og starfsemi Verðlagsráðs hefur verið upp á síðkastið, þá eru þeir einir verulega starfhæfir í Verðlagsráði, sem taka oftast þátt í störfum yfirnefndar. Það er af eðlilegum orsökum. Þeir lifa og hrærast í þessu, misseri eftir misseri. Í þá er dengt miklu gagnaflóði frá Þjóðhagsstofnun, sem vissulega ætti einnig erindi til allra annarra verðlagsráðsmanna, en á því vill verða misbrestur. Hinir fulltrúarnir mæta þarna á fundi einstöku sinnum, en áhuginn hlýtur að dofna fljótlega, þegar þeim verður ljóst, að vera þeirra þarna skiptir harla litlu máli.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að þarna sitji einhverjir vondir menn, með það eina markmið að þæfa málin á fundum ráðsins þar til þeir geta sent hina óstarfhæfu fulltrúa heim og byrjað að vinna í yfirnefndinni. Ég held ekki, að svo sé, en ýmsar utanaðkomandi orsakir hafa valdið því, að reyndin er orðin sú.

Það er ekki hægt að tala um verðlagningu sjávarafla eða yfirleitt nokkuð, sem snertir efnahagsmál á Íslandi, án þess að reka sig harkalega á þá upplausn og þau vandræði, sem verðbólgan skapar. Afleiðingar hennar koma einna skýrast fram í fiskvinnslunni og öðrum atvinnugreinum, sem eiga því sem næst allt sitt undir sölu afurða á markaði erlendis. Þar er í flestum tilfellum mun stöðugra verðlag en hérlendis og óhægt um vik að flytja verðbólguna úr landi í formi verðhækkana nema að litlu leyti. Öðrum atvinnugreinum, sem að mestu leyti skipta við innlenda aðila, tekst að mestu leyti að velta verðhækkunum út í verðlagið innanlands á einn eða annan veg.

Þegar varan er flutt úr landi, er hún greidd með erlendum gjaldeyri, sem síðan er yfirfærður í íslenskar krónur í gjaldeyrisbönkunum samkvæmt gengisskráningu hverju sinni. Þær krónur eru síðan uppistaðan í tekjuhlið rekstrarreiknings fiskvinnslufyrirtækjanna. Gjaldahliðin samanstendur svo af nokkrum liðum, sem flestir eiga það sameiginlegt að fylgja hringiðu verðbólgunnar og víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Gjaldamegin eru að sjálfsögðu langstærstir tveir liðir, hráefni og vinnulaun. Þessir stærstu gjaldaliðir fiskvinnslunnar hafa að því leyti sérstöðu, að gert er ráð fyrir því, að fulltrúar fiskvinnslunnar eigi að geta haft áhrif á stærð þeirra, þ. e. a. s. laun í kjarasamningum og fiskverð í Verðlagsráði.

Í grein í Morgunblaðinu 21. febrúar 1976 gerði ég að umtalsefni þann mun, sem er á kjarasamningum milli launþega og vinnuveitenda og svo fiskverðsákvörðun.

Það er hvergi gert ráð fyrir því við gerð kjarasamninga að kallaður sé til oddamaður með úrskurðarvald, eins og gert er í Verðlagsráði, en ef til vill væri rétt að taka það upp, þótt ólíklegt sé að aðilar vinnumarkaðarins myndu fallast á þá skipan mála.

Ég er sannfærður um, að það eru fleiri en ég, sem ekki eru ánægðir með aukin umsvif yfirnefndarinnar, en telja að ákvarðanir um fiskverð skuli taka í Verðlagsráðinu, ef nokkur kostur er.

Er þess þá nokkur kostur? Ég geri ráð fyrir því, að í flestum tilfellum hafi fiskverðsákvörðunum verið vísað til yfirnefndar, þegar fulltrúum í Verðlagsráði hefur virzt, að ekki væri mögulegt að komast neitt áleiðis, nema oddamaður væri kallaður til.

Oddamaðurinn hefur reynzt í þeirri aðstöðu að geta komið saman fiskverði, þótt ekki sé mögulegt að sjá að það sé hægt. En hvernig það má vera skal ég reyna að skýra nánar.

Gerum ráð fyrir því, að í lok einhvers fiskverðstímabils hafi komið í ljós, að hvorki hafi verið um ágóða né tap að ræða hjá fiskvinnslunni. Það þýðir, að tekizt hefur að fylgja tízkustefnu Þjóðhagsstofnunar, að meðalrekstur skuli vera á núlli, eins og allir kannast við.

Í lok tímabilsins hafa orðið töluverðar verðhækkanir innanlands, bæði af innlendum og erlendum orsökum og þar sem kaup er bundið vísitölu hækkar kaupið í upphafi næsta tímabils um t. d. 10%. Nýtt fiskverð skal ákveðið og kemur Verðlagsráð saman til að huga að nýju að þeim málum. Seljendafulltrúarnir gera að sjálfsögðu kröfu um sömu hækkun fiskverðs a. m. k. eins og almenn launahækkun hefur orðið í landinu. Þar sem hagsmunir sjómanna og útvegsmanna fara að þessu leyti saman, þótt þeir deili einstöku sinnum um kaup og kjör, snúa þeir bökum saman í þessu máli. Gangur málanna í Verðlagsráði hefur verið sá undanfarin allmörg ár, að staða sem þessi hefur blasað við fulltrúum Verðlagsráðs, enda þótt undantekningar hafi sannað þá reglu, sem aðrar. Seljendur heimta hækkun, sem kaupendur geta ekki greitt, þar sem varan hækkar ekki jafnhratt á erlendum mörkuðum og verðlag hér innanlands og til viðbótar er skráning krónunnar sjaldnast í réttu hlutfalli við gildi hennar, ef þá nokkurn tímann.

Þessari fiskverðsákvörðun er vísað til yfirnefndar tafarlaust. Hér þarf oddamaður greinilega að koma til skjalanna. Það liggur nefnilega í augum uppi, að taprekstur er nú þegar í fiskvinnslunni vegna launahækkananna og þar að auki hlýtur hann að margfaldast, ef fiskverðið hækkar nú líka í svipuðu hlutfalli.

Oddamaður er hér ekki kallaður til í þeim tilgangi að hlusta á rök fulltrúanna, vega og meta rekstur veiða og vinnslu og kveða síðan upp einhvern Salómonsdóm. Honum, sem forstjóra Þjóðhagsstofnunar, er fullkunnugt um stöðuna fyrir. Hann er væntanlega einnig búinn að gera ríkisstjórninni aðvart um útlitið áður. Hann er ekki tilkallaður sem sáttasemjari og úrskurðaraðili nema að nafninu til. Hlutverk hans er að vega og meta, hver sanngirni felst í kröfum seljenda í samanburði við aðra landsmenn. Á þessu stigi koma kaupendur honum ekki við. Þeirra vanda verður að leysa síðar.

Að loknum athugunum sínum á því, hversu mikla hækkun sjómenn þurfa að fá til að halda í við aðra landsmenn í launum og ef til vill með hliðsjón af afkomu útgerðarinnar, ákveður hann fiskverð með fulltingi annars hvors aðilans eftir því, hvor þeirra er fáanlegur til að greiða atkvæði nær hans marki. Í þetta sinn skulum við segja, að 10% hækkun á fiskverði hafi orðið ofan á og gildir einu, hvort seljendur samþykktu þá hækkun eða kaupendur af ótta við enn meiri hækkun, ef oddamaður samþykkti verðið með seljendum.

Nú kemur fram mjög alvarleg rekstrarstaða hjá fiskvinnslunni og það er í þessum tilfellum, sem almenningur heyrir það, sem hann gerir oft gys að, barlóm fiskvinnslunnar. Hér vantar mikið á að endar nái saman. Þegar vinnslugreinarnar hafa verið reknar lengi samkvæmt kenningunni um meðalrekstur á núlli, bera þær ekkert tap stundinni lengur. Það er oddamanni ljóst. Hann hefur því auðvitað, áður en hann kvað upp sinn dóm, verið búinn að tryggja þau viðbrögð stjórnvalda, sem hann telur nægileg til að drösla fiskvinnslunni fyrir næsta horn.

Eins og alkunnugt er, er vandinn venjulega leystur með gengisfellingu fyrr eða síðar. Skylt er þó að geta þess, enda þótt ekki gefist tækifæri hér að skýra til hlítar tilurð og þróun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, að hann er látinn spila nokkra rullu í þessu sjónarspili. Fyrstu árin, sem hann starfaði, virðist hann hafa gegnt hlutverki sínu þokkalega sem verðjöfnunarsjóður, en síðan breytist hann í gengisjöfnunarsjóð. Verðjöfnunarsjóði, eins og Verðlagsráði, er gert að taka tillit bæði til söluverðs á erlendum mörkuðum og verðlags innanlands enda þótt báðar stofnanirnar hafi í seinni tíð litið meira og minna framhjá hinu fyrrnefnda.

Við aðstæður sem þær, er lýst var hér að framan, er líklegt að gengið verði ekki fellt strax, heldur er Verðjöfnunarsjóður látinn hlaupa undir bagga, jafnvel þó að um hækkað markaðsverð kunni að vera að ræða á tímabilinu. Ef til vill er ekkert til í þeim sjóði, en þá er það kallað, að ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr sjóðnum. Þá yfirlýsingu þekkir almenningur nú orðið og veit, að þá er skammt að bíða gengisfellingar eða annarra hliðstæðra aðgerða.

Þegar hér er komið, vona ég að allir skilji hvers vegna það er ekki á valdi Verðlagsráðsins sjálfs að ná samkomulagi um nýtt fiskverð án tilkomu oddamannsins frá ríkisstjórninni við aðstæður sem þessar. Það er einfaldlega ekki um neitt að semja fyrr en gengið hefur verið fellt, eða það liggur fyrir að minnsta kosti, að það verði fellt.

Á meðan á þessu stendur er gengið of hátt skráð og óeðlilega mikill innflutningur á hagstæðu gengi flæðir inn í landið.

Óeðlilega lágt verð á erlendum gjaldeyri leiðir til hlutfallslega lágs verðs innfluttra vara og það er hinum almenna neytanda vel kunnugt um, enda slakar hann aldrei á kaupæði sínu af ótta við, að gengið verði leiðrétt. Gildir þar einu, hvort um er að ræða fjárfestingavörur eða neyzluvörur. Í verðbólgu, eins og við höfum búið við, er reyndar orðið mjög erfitt að greina á milli fjárfestingavara og neyzluvara, því svo má heita, að öll kaup séu fjárfesting.

Þetta er stórkostleg sjálfsblekking og það vita allir, sem vilja vita það, en hvers vegna er ekki reynt að draga úr verðbólgunni?

Svarið við þeirri spurningu er flókið, en vafalaust er ein veigamesta ástæðan sú, að stærstur hluti þjóðarinnar er ennþá þeirrar skoðunar, að óðaverðbólga sé uppspretta auðs og forsenda sæmilegrar fjárhagsafkomu. Það er þess vegna hnefahögg í andlit hins almenna skuldara í landinu, sem allflestir eru, ef minnzt er á að reyna í alvöru að draga úr verðbólgunni. Hinn almenni borgari álítur það ennþá guðs blessun, að komast yfir ærlegt lán, helst svo stórt, að útilokað sé að sjá, hvernig hægt verður að greiða það aftur, því það tekst alltaf að lokum með verðlausum peningum.

Verðbólgan og fylgifiskar hennar afskræma svo allt efnahagskerfi landins, að vart stendur steinn yfir steini. Afleiðingarnar verða svo til dæmis þær, að Verðjöfnunarsjóður verður sjóður, sem ekki verðjafnar, og Verðlagsráð verður ráð, sem ekki verðleggur.

Á því er enginn vafi, að stofnun Verðlagsráðs sjávarútvegsins á sínum tíma og svo stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins voru spor í rétta átt, en því miður er svo komið, að hvorug þessara stofnana stendur lengur undir nafni. Það gerist æ algengara í störfum beggja þessara stofnana, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar og aðrir embættismenn í krafti ríkisstjórnar ákveði bæði fiskverð í yfirnefnd Verðlagsráðs og viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóði. Þær ákvarðanir eru sjálfsagt ekkert verri fyrir það, en við erum komin langt frá upphaflegum tilgangi með stofnun Verðlagsráðs, sem var að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda án beinna afskipta ríkisstjórnar.

Ég tók sæti í Verðlagsráði, þrátt fyrir það, að mér var ljóst áður, að ég væri ekki sáttur við starfshætti ráðsins, enda fannst mér sjálfsagt að kynnast því af eigin raun, við hvaða vandamál er þarna að glíma, úr því mér gafst tækifæri til. Með vísan til þess, sem ég hef sagt hér að framan, verð ég að viðurkenna það, að þær efasemdir, sem ég hafði um ráðið og starfshætti þess, áður en ég kynntist því beint sjálfur, reynast mér hafa við rök að styðjast, því miður. Það er ráðþrota ráð.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég sagði hér að framan, að stofnunin Verðlagsráð sjávarútvegsins er nauðsynleg og sjálfsögð, þar sem enn er líklega langt í land, að við Íslendingar getum tekið upp fiskmarkaði, a. m. k. ekki um allt land, og þess vegna verðum við að vinna að því, að Verðlagsráðið nái aftur því valdi og trausti, sem það hafði. Það er ekki á færi verðlagsráðsmanna einna að gera það, en vissulega geta þeir haft áhrif í þá átt, ef þeir vilja taka höndum saman.

Hitt er svo jafnvíst, að á meðan verðbólgan ræður hér ríkjum, er ekki von að vel fari.

Það er erfitt að sannfæra fólk um skaðsemi verðbólgu, meðan fjöldinn trúir því, að „glötuð sé greidd skuld“.“

Fylgiskjal III.

FRJÁLST FISKVERÐ — BURT MEÐ RÍKISVALDIÐ.
(Nýtt land, fimmtudaginn 24. september 1981. Forustugrein.)

„Fiskverð þarf að hækka um 13% eigi að reka flotann á núlli“, og „verði fiskverð samþykkt óbreytt þýðir það stöðvun flotans“, segir Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna í viðtali við Morgunblaðið á laugardag.

Þessi ummæli eru umhugsunar virði. Hver segir, að þessar upplýsingar séu réttar? Og hver segir, að Kristján Ragnarsson sé ekki að fjárkúga ríkisvaldið, hóta með stöðvun og atvinnuleysi, ef útgerðarmenn fá ekki það, sem þeir biðja um? Og hvað þýðir, að flotinn muni rekinn á núlli, ef 13% fiskverðshækkun fáist? Hvað er „flotinn“? Eru virkilega öll útvegsfyrirtæki eins rekin? Er hvergi góður rekstur, og hvergi vondur rekstur? Er ekki einhver sem græðir — og einhver sem tapar? Um hverja er verið að hugsa? Útvegsmennina? Sjómennina? Fólkið í vinnslunni? Eða allan almenning í landinu?

Kjarni málsins er sá, að sjávarútvegur á Íslandi er að verða vandamál í sama skilningi og landbúnaður á Íslandi er vandamál. Auðvitað eru þetta um margt merkar atvinnugreinar, og sjávarútvegur auk þess undirstaða gjaldeyrisöflunar. En sjávarútvegskerfið er samt helsjúkt, eins og ummæli Kristjáns Ragnarssonar undirstrika rækilega.

Kristján Ragnarsson er auðvitað ekki einkaframtaksmaður í neinum skilningi orðsins. Hann er ríkiskapítalisti. Fyrirtækin, sem að baki honum standa, og í hverra nafni hann talar, eru fyrirtæki, sem eru vön því að hóta ríkisvaldinu. Þau segja: „Ef VIÐ fáum ekki það sem VIÐ biðjum um, þá stöðvast flotinn. Og ef flotinn stöðvast, þá fær landverkafólk enga vinnu, þjóðarbúið engan gjaldeyri.“ Þessi fjárkúgun á auðvitað ekkert skylt við einkaframtak. Þetta er í raun ríkisrekstur. Og fiskvinnslan hegðar sér auðvitað nákvæmlega eins.

Þetta kerfi er svona vegna þess, að þegar samið er um fiskverð, þá setjast kaupendur (fiskvinnsla) og seljendur (útgerðarmenn og sjómenn) niður við borð. En þeir eru ekki að semja í venjulegum skilningi orðsins. Á milli þeirra situr svokallaður oddamaður, sem í tímanna rás hefur orðið sendisveinn ríkisvaldsins, sitjandi ríkisstjórnar. Hans hlutverk hefur, með tíð og tíma, ekki orðið það, að reyna að ná samkomulagi milli tveggja stríðandi fylkinga, heldur að hlusta á hótanir þeirra, hvers um sig, gagnvart ríkisvaldinu, bera þau boð til ríkisstjórnar, og taka síðan við skipunum þaðan um það, með hverjum hætti ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að höggva á hnútinn, hversu mikið hún ætli að millifæra úr sjóðum til hvers um sig, hvað hún ætli að fella gengið mikið.

Þessi leikur gengur því út á hótanir og fjárkúganir á hendur ríkisvaldinu, skattborgurum, en á ekkert skylt við lögmál einkarekstrar.

Og í skjóli þessa þróast svo ótrúlegt ástand. Fiskiskipaflotinn er alltof stór. Ríkisvaldið lætur hins vegar undan hótunum, og sníður fiskverð, og síðan gengi í þann stakk, að kerfið gangi. Mörg fiskvinnslufyrirtæki eru auðvitað með hreinan hallærisrekstur. Það breytir engu. Fjármagn er millifært til þeirra svo þau fari ekki á hausinn. Og þau segja: „Þá missir fólk vinnuna.“ Þeir tala við þingmennina. Ríkisvaldið lætur undan.

En menn skulu ekki halda, að alls staðar sé það þessi hallærislegi hallarekstur. Auðvitað eru fjölmörg fyrirtæki nógu vel rekin til þess að raka saman ómældum gróða í skjóli þessa ríkisstyrkta sjávarútvegs. Og þar er að finna milljarða hagsmuni.

Sagan skiptir máli: Það er Ólafur Thors, skömmu fyrir stríð, sem beitir sér fyrir því ógæfuspori, og hvarf þar með frá stefnu Jóns Þorlákssonar, að hætta að skrá gengið „rétt" og fara að skrá það eftir „þörfum sjávarútvegsins". Í kjölfar þessa fór svo Sjálfstæðisflokkurinn að gerast æ djarfari ríkisafskiptaflokkur. Komið var upp margháttuðu sjóða-, styrkja- og millifærslukerfi, margskráðum gjaldeyri o. s. frv. Þetta varð uppspretta óendanlegrar spillingar. Viðreisnarstjórnin 1959—1960 hjó á þennan hnút, stokkaði upp sjóðakerfið, endurskráði gengið og afnam hið flókna uppbótarkerfi.

Hún bjó síðan til nýtt verðákvörðunarkerfi í sjávarútvegi, í tveimur áföngum raunar, 1960 og 1964. Kerfið var í fyrstu einfalt. Seljendur og kaupendur skyldu semja, og sáttasemjari skipaður af Hæstarétti. Svona var það 1960—1964. En þá þótti ríkisvaldinu sem það réði ekki nógu, og oddamaður verður tilnefndur af ríkisvaldi. Efalítið var það rétt og skynsamleg stefna, miðað við aðstæður eins og þær voru 1964, og miðað við það hagkerfi sem viðreisnarstjórnin þá byggði upp. En síðan hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina. Smám saman hætti oddamaður að vera sáttasemjari, og varð fyrst fulltrúi, og loks sendisveinn ríkisvaldsins. Og eftir að verðbólga fór úr öllum böndum, upp úr 1970, þá varð þetta að hreinu fjárkúgunarkerfi, þar sem samningsaðilar hella úr skálum reiði sinnar yfir ríkisvaldið, hóta því og sparka í það, uns ríkisvaldið lætur undan.

Það má taka sögulegan samanburð, til myndskreytingar, ef ekki til annars: Mússólíni, í byrjun ferils síns, skóp samningakerfi um kaup og kjör, þar sem ríkið (flokkurinn) hafði oddamann. Svo vel sem þetta kerfi (raunar komið frá syndikalistum) leit út á pappírunum, þá fór samt svo, að innan ekki langs tíma var það oddamaðurinn sem ákvað kaup og kjör. Er samanburðurinn út í hött? Er það alveg víst?

Nýtt land er þeirrar skoðunar að liður í nauðsynlegum róttækum efnahagsráðstöfunum sé að afnema oddamann, fulltrúa ríkisvalds, þegar samið er um fiskverð. Hann er hvort sem er ekki annað, nú orðið, en móttakari hótana. Seljendur og kaupendur eiga að semja sjálfir, og á eigin ábyrgð. Þeir geta hótað hvor öðrum, að þetta frystihúsið sé að fara á hausinn, að þessi togarinn muni stöðvast. Allt samfélagið veit, að mörg frystihús eru allt of illa rekin, og að fiskiskipastóllinn er allt of stór, — sem síðan dregur lífskjörin stórlega niður í landinu.

Verði oddamaðurinn afnuminn, þá munu einhverjir segja, að hætta sé á því, að ekki semjist og flotinn og vinnslan stöðvist um sinn. Og hvað með það? Hvað halda menn að samningar um kaup og kjör séu? Auðvitað fylgir sú hætta ævinlega verkfallsrétti, bæði atvinnurekenda og launafólks, að semjist ekki, þá stöðvast framleiðslan. Atvinnurekendur í sjávarútveginum verða að læra, að ríkisvaldið er ekki endalaus hít, ekki gólfþurrka, sem endalaust er hægt að traðka á. Þetta fólk verður að semja upp á eigin ábyrgð, upp á þau verðmæti, sem fyrir hendi eru, án þess að ríkisvaldið millifæri milljarða og aftur milljarða til þeirra. Og náist ekki samningar, þá verður verkfall. Og geti einhver fyrirtæki ekki borið það verð, sem um semst, þá eiga þau að fara á hausinn — og þá getur komið að ríkissvaldinu að grípa inn og taka yfir.

Ríkisvaldið — skattborgarar — eiga ekki að bera endalausan kostnað, eiga ekki að láta undan endalausum hótunum aðila í sjávarútvegi. Það á að vera liðin tíð.

Eða rýni menn í svör Kristjáns Ragnarssonar: „Fiskverð þarf að hækka um 13% eigi að reka flotann á núlli .... Það er alveg ljóst að fiskvinnslan er ekki fær um að taka á sig svona mikla fiskverðshækkun. ... Þetta er þjóðfélagslegt vandamál en ekki vandamál okkar".

Nýtt land segir: Burt með fingur ríkisvaldsins, þegar samið er um fiskverð. Látum þá sjálfa bera ábyrgð á því, sem þeir semja um. Í kjölfar þess myndi fylgja ný ábyrgðartilfinning, og uppstokkun þessa kerfis, sem því miður er orðið fársjúkt.

Vilmundur Gylfason."

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um könnun á nýrri legu Vesturlandsvegar með sérstakri gerð brúa er hannaðar væru með tilliti til hafbeitarmöguleika í Kollafirði og Leiruvogi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin láti fram fara athugun á því hvort hagkvæm sé vega- og brúargerð úr Geldinganesi yfir Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes og verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúargerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi og fylgdi henni þá svohljóðandi greinargerð:

Tillaga þessi miðar að því að könnuð verði hagkvæmni nýs Vesturlandsvegar með brúargerð er hafi þann tilgang, auk umtalsverðrar styttingar fjölfarinnar þjóðbrautar, að skapa möguleika til fullnýtingar einkar ákjósanlegra aðstæðna fyrir laxahafbeit í Kollafirði og Leiruvogi. Brúarmannvirki og aðfyllingar yrðu því sérstaklega hönnuð með það í huga að þau gætu nýst sem fyrirstöður með sleppi- og móttökuaðstöðu fyrir laxfiskinn.

Sá hluti Vesturlandsvegar, sem hér um ræðir, er úr Geldinganesi, þ. e. Reykjavík, í Kjalarnes, og er þess að geta að samkvæmt samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 25. apríl 1977 og samþykktum skipulagsnefndar um endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur hafa borgaryfirvöld tryggt sér möguleika til hraðbrautarlagningar yfir Elliðavog um Geldinganes, en þar er eitt af framtíðarbyggingarsvæðum Reykjavíkurborgar.

Fiskirækt, ekki hvað síst laxahafbeit, er tvímælalaust einn álitlegasti kostur sem við Íslendingar höfum til þess að auka á fjölbreytni í atvinnulífi og útflutningi landsmanna. Þetta stafar einkum af hentugum aðstæðum til hvers kyns fiskiræktar, en talið er að á Norður-Atlantshafssvæðinu hafi t. d. hafbeitariðnaður hvergi meiri framtíðarmöguleika en einmitt hér við land.

Laxeldi á sér orðið nokkuð langa sögu og mikil reynsla hefur fengist á því sviði hér á landi undanfarna áratugi. Samt sem áður hefur þróunin ekki verið eins hröð í þessum efnum og æskilegt hefði verið. Norðmenn og Skotar hafa náð miklu forskoti undanfarinn áratug umfram Íslendinga í framleiðslu og markaðssetningu á eldisfiski. Með stofnun Kollafjarðarstöðvarinnar 1961 hófust tilraunir með hafbeit á laxi hér við land og hafa þegar gengið inn í stöðina í Kollafirði rúmlega 33 þúsund laxar. Einnig má nefna að sumarið 1982 fengust hjá Pólarlaxi hf. tæplega 2 þúsund laxar, en fyrstu gönguseiðum af laxi var sleppt við Straumsvík 1981 og nokkur skil urðu þar á laxi sumarið 1982.

Fjárhagslegur grundvöllur hafbeitarinnar hvílir á endurheimtum sjógönguseiðanna. Vegna fyrirkomulags laxveiða í löndum við Atlantshaf virðist rekstrargrundvöllur fyrir laxahafbeit vera bestur hér við land. Ástæðan er sú að annars staðar en við Ísland eru 80–90 hundraðshlutar laxins veiddir í sjó, en laxfiskur sem gengur í árnar þarf að standa undir sportveiðinni og sjá um viðhald stofnsins. Því kemst aðeins lítill hluti hafbeitarlaxins á sleppistað og sá aðili sem kostað hefur beitina nýtur ekki arðsins. Vegna banns við laxveiði í sjó horfa málin öðruvísi við hér hjá okkur. Þá er ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að önnur

lönd fari að dæmi Íslendinga og banni laxveiðar í sjó, enda styðjast veiðar þeirra við aldagamlar heföir og fjölmargir þar hafa afkomu sína af þeim.

Náttúruleg skilyrði til laxahafbeitar eru talin mjög ákjósanleg hér við land. Jarðvarmi gerir það og kleift að búa eldisfiski góð vaxtarskilyrði með því að unnt er að halda stöðugu hitastigi, óháð árstíma, veðri og vindum, í vatni sem er laust við gerla og sveppi. Þá er ekki vitað um neina alvarlega sjúkdóma er herja á lax og silung hér við land. Enn má nefna að lax og silungur eru mjög virk alidýr sem framleiða verðmæta eggjahvítu. Auk þess má benda á að fiskimjöl er langódýrasti hluti fiskifóðurs.

Hér á landi hafa á undanförnum árum farið fram tilraunir með hafbeit víða um land. Ágætur árangur hefur náðst, einkum á suðvestan- og vestanverðu landinu, í Kollafirði og Lárósi á Snæfellsnesi. Möguleikar á Faxaflóasvæðinu eru taldir einkar góðir, ekki síst vegna þess að flóinn liggur opinn fyrir tiltölulega hlýjum sjávarstraumum sunnan úr hafi, og hættan af hafís er hverfandi miðað við suma aðra landshluta. Þá eru önnur skilyrði, svo sem átumagn, talin ákjósanleg á þessu svæði.

Það, sem einkum skortir, er aðstaða til sleppinga sjógönguseiða og aðstaða til veiða á fullvöxnum laxi er leitar á sleppistaðina af hafi. Ef unnt yrði að skapa hagstæða sleppi- og móttökuaðstöðu, t. d. á umræddu svæði, mætti hugsa sér að fleiri en ein eldisstöð sleppti þar sjógönguseiðum, enda yrðu þau metin samkvæmt vel skilgreindum stöðlum, þannig að hlutur einstakra eldisstöðva af endurheimtum laxi yrði ákvarðaður á slíkum grundvelli. Um leið mætti stuðla að auknum gæðum á sjógönguseiðum og koma í veg fyrir að lélegum eða ónýtum seiðum verði sleppt til sjávar, en allmörg dæmi eru því miður um vinnubrögð af slíkum toga. Þá má og benda á að unnt er að stækka eða reisa á þessu svæði afkastamikla seiðaeldisstöð sem framleitt gæti milljónir sjógönguseiða. Stofnlagnir Hitaveitu Reykjavíkur og væntanlegrar hitaveitu Kjalarneshrepps liggja um næsta nágrenni og gætu því seiðaeldisstöðvar fengið nauðsynlega varmaorku til seiðaframleiðslu frá nærliggjandi hitaveitum. Í þessu sambandi má benda á að seiðaeldisstöð þarfnast varmaorku á þeim árstíma er hitaveita er aflögufær um heitt vatn. Það virðist því sem á þessu svæði sé möguleiki á mikilli framleiðslu á seiðum til sjógöngu og góð hafbeitarskilyrði fyrir lax, framleiðslu sem gæti skipt mjög miklu máli fyrir þjóðarbúið. Þá má benda á þann möguleika að heitt vatn verði notað til upphitunar sjávar á afmörkuðu svæði í Kollafirði eða Leiruvogi.

Víða erlendis er hafbeit á ýmsum laxategundum mikilvægur atvinnuvegur. Má í því sambandi nefna hafbeitarstarfsemi við Kyrrahaf. Kyrrahafslax er einn mikilvægasti nytjafiskur á Norður-Kyrrahafi, einkum fyrir Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Japana og Sovétmenn. Árið 1982 var laxveiði Bandaríkjamanna á Kyrrahafi alls um 325 þúsund tonn eða litlu minni en þorskveiði Íslendinga það ár, en töluvert meiri en þorskveiðin verður í ár. Framangreindar þjóðir leggja nú stöðugt meiri áherslu á laxahafbeit og má nefna að t. d. Sovétmenn stefna að því að framleiða 100 þúsund tonn árlega af hafbeitarlaxi.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að vekja athygli á þýðingarmiklu máli og koma fram með hugmynd um mannvirkjagerð í vegamálum sem samtímis gæti skapað einkar hagstæð skilyrði fyrir laxahafbeit. Ef að veruleika yrði, gæti það orðið til þess að Íslendingar tækju að sér forustu í fiskiræktarmálum með laxahafbeit í Norður-Atlantshafi sem skilað gæti umtalsverðum hagnaði í þjóðarbúið. Sú vega- og brúargerð, er miðaðist við að nýta þessi skilyrði til hlítar, hefur og þann kost að stytta leiðina frá Reykjavík upp á Kjalarnes um allt að 10 km og þá leiðina vestur og norður, en á fylgiskjali má sjá vegalengdir eftir því hvaða leið yrði valin. Vegagerð ríkisins hefur látið í té þær athuganir, svo og það kort sem fylgir.

Við samningu þessarar greinargerðar hefur verið stuðst við ritsmíðar ýmissa vísinda- og fræðimanna á sviði fiskiræktar, hafbeitar og haffræði.

Fylgiskjal.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Ný lega Vesturlandsvegar í Reykjavík og Mosfellssveit.

Skoðaðar voru lengdir tveggja nýrra valkosta sem sýndir eru á meðfylgjandi teikningu. Valkostir eru þá þessir:

A. Elliðavogur — Geldinganes — Gunnunes — Kollafjörður — Kjalarnes
B. Elliðavogur — Vesturlandsvegur — Hamrahlíð — Leiruvogur — Kollafjörður — Kjalarnes
C. Núverandi vegur

Upphafspunktur leiðanna er Elliðavogur, annars vegar við Miklubraut, merkt 1 á teikningunni, og hins vegar við Holtaveg, merkt 2. Sameiginlegur endapunktur er á Kjalarnesi við utanverðan Kollafjörð, merkt 3.

Vegalengdir eru þessar:


	1—2—3	2—3	2—1—3	1—3
Leið A	11,8 km	10,0 km		
Leið A1	12,5 km	10,7 km		
Leið B			16,0 km	14,2 km
Leið C			20,4 km	18,6 km

Umferð við Esjuberg var þessi árið 1983:
— Meðalársumferð (ÁDU): 1265 bílar á sólarhring
— Meðalsumarumferð (SDU): 2055 bílar á sólarhring.

Helstu einkenni vegarstæðis í sjó eru þessi:

	Dýpi miðað við meðalsjávarhæð	Lengd vegar í sjó
Elliðavogur (leið A)	6 m	1,0 km
Geldinganesheiði (leið A)		0,6 km
Geldinganes — Gunnunes (leið A)	5 m	0,9 km
Leiruvogur (leið B)		0,6 km
Kollafjörður (leið A)	11 m	0,9 km
Kollafjörður (leið A1 og B)	7 m	0,7 km

30.04.1984
E.Bj.


ESJA
MOSFELL
Leirvogsá
Kaldakvísl
HELGAFELL
REYKJAFELL
Hafravatn
MOSFELLSSVEIT
ÚLFARSFELL
VESTURLANDSVEGUR
LEIRUVOGUR
KJALARNES
Esjuberg
KOLLAFJÖRÐUR
GUNNUNES
GELDINGANES
Eiði
HOFSVÍK
ELLIÐAVOGUR
Viðey
VIÐEYJARSUND
FAXAFLÓI
Engey
Reykjavík
HÓLMASUND
FOSSVOGUR
A
A1
B
C
D
VEGAGERÐ RÍKISINS
VESTURLANDSVEGUR
VALKOSTIR
401-1215
H3-0920

Ed. 87. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um skipan rannsóknarnefndar samkvæmt 39. grein stjórnarskrárinnar til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva.

Flm.: Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds, Stefán Benediktsson,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. að kanna embættisleg afskipti einstakra ráðherra af rekstri þeirra útvarpsstöðva er héldu uppi ólöglegri starfsemi í verkfalli opinberra starfsmanna, meðal annars hvort ráðherrar hafi látið undir höfuð leggjast að sinna ótvíræðum skyldum sínum eða hafi með atbeina sínum torveldað réttum aðilum rannsókn þessara mála;
2. að kanna afskipti embættismanna af rekstri áður greindra útvarpsstöðva og gang kærumála vegna rekstrar stöðvanna.

Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist.

Hún skal í störfum sínum hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Fundir nefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði.

Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en tveimur mánuðum eftir samþykkt þessarar ályktunar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Útsendingar Ríkisútvarps féllu niður um hádegi mánudaginn 1. október vegna mótmæla starfsfólks sem ekki fékk laun sín að fullu greidd þann dag svo sem lög mæla fyrir um. Um kvöldið féll útsending sjónvarps niður af sömu ástæðu. Verkfall opinberra starfsmanna hófst síðan 4. október s. l.

Fljótlega, eða strax 3. október, hófu a. m. k. tvær útvarpsstöðvar útsendingar á FM-bylgju í Reykjavík. Var önnur miðuð út og reyndist hún vera í húsi Sjálfstæðisflokksins að Háaleitisbraut 1 í Reykjavík og kallaði sig „Frjálst útvarp". Hin mun í fyrstu hafa verið við Smiðjuveg í Kópavogi og rekin á vegum Dagblaðsins Vísis og kallaði sig „Fréttaútvarp DV". Eitthvað mun hafa verið um það að útvarpsstöðvar störfuðu annars staðar í þéttbýli, svo sem á Akureyri, Ísafirði, í Vestmannaeyjum og jafnvel víðar.

Samkvæmt skýrslu frá radíóeftirliti Pósts og síma var löggæslumönnum meinaður aðgangur að Valhöll, húsi Sjálfstæðisflokksins, til að kanna þá stöð sem þar var miðuð út. Ljóst er samkvæmt skýrslu radíóeftirlitsins sem prentuð er sem fylgiskjal með þessari tillögu að ráðherra póst- og símamála hafði afskipti af því máli. Ljóst er enn fremur að rannsókn þessara mála og kærur vegna þessarar starfsemi fengu ekki hraða málsmeðferð í kerfinu. Þess vegna er að mati flutningsmanna þessarar tillögu nauðsynlegt að draga fram í dagsljósið allar staðreyndir um afskipti einstakra ráðherra, svo og embættismannakerfisins, af þessum málum því að langur tími leið frá því að stöðvarnar tvær í Reykjavík hófu útsendingu þar til starfsemi þeirra var stöðvuð.

Fylgiskjal.

SKÝRSLA RADÍÓEFTIRLITS LANDSSÍMANS UM FÖR EFTIRLITSMANNA AÐ HÁALEITISBRAUT 1.

Hr. yfirverkfræðingur,
Gústav Arnar.

Reykjavík 4. 10. 1984.

Síðdegis í gær bárust radíóeftirlitinu fréttir um að ólögleg útvarpsstöð væri með sendingar í Reykjavík. Við, undirritaður ásamt Hjálmari Árnasyni skoðunarmanni, fórum þá þegar af stað til leitar. Við miðun frá Suðurveri við Stigahlíð reyndist stefnan vera norður Kringlumýrarbraut á tíðnunum ca. 100, 102, 104 og 106 MHz. Sterkust var sendingin á 102 MHz. Kölluð var til lögregla og kom bíll no. 25 skömmu síðar. Tveir lögreglumenn voru í bílnum, þeir Haukur Ásmundsson lögregluflokksstjóri, no. 38, og Þórður Þórðarson lögreglumaður, no. 151. Með stöðuga miðun var keyrt frá Suðurveri norður Kringlumýrarbraut og reyndist þá sendingin koma frá húsi Sjálfstæðisflokksins við Háaleitisbraut 1. Þar sem auglýsingasími útvarpsstöðvarinnar var gefinn upp í útsendingu hjá auglýsingastofu Ólafs Stephensen, síma 685716, var ákveðið að fara þangað. Í anddyri hússins var staddur Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og reyndi hann strax að meina okkur aðgang. Að lokum fékkst leyfi til að fara upp á 3. hæð, þar sem stofan er, í fylgd Kjartans. Þess skal getið að á þessari stundu hafði sending verið stöðvuð. Á auglýsingastofunni voru fyrir nokkrir starfsmenn stofunnar en Ólafur var ekki við. Radíóeftirlitið gerði kröfu um að fá að kanna húsakynni stofunnar. Lögreglumennirnir vildu þá kalla til Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjón og kom hann skömmu síðar ásamt Ólafi Stephensen sem einnig var kallaður til. Að sögn Magnúsar viðurkenndi Ólafur fyrir honum að hann hefði leyft afnot af símanúmeri sínu til að taka á móti auglýsingum fyrir „Frjálst útvarp" en að öðru leyti væri hann ótengdur málinu. Ólafur leyfði að radíóeftirlitið skoðaði húsakynni sín og gerðum við það. Ekkert þar inni benti til að sending ætti sér stað þaðan. Radíóeftirlitið gerði þá kröfu til lögreglunnar um að fá að fara upp á þak hússins til að kanna loftnet og leiðslur frá þeim. Magnús Einarsson fór formlega fram á þetta við Kjartan eftir að Magnús hafði áður ráðfært sig við William Möller, lögfræðing lögreglunnar. Kjartan Gunnarsson taldi sig einnig þurfa að ræða við sína lögfræðinga áður en hann tæki slíka ákvörðun. Skömmu seinna kom hann aftur og neitaði að gefa slíka heimild fyrr en hann hefði ráðfært sig við flokkinn á fundi sem ætti að vera á föstudaginn komandi. Jafnframt þessu bauð hann viðstöddum að koma niður á skrifstofu flokksins á 2. hæð. Davíð Oddsson borgarstjóri, sem áður hafði fylgst með málum, kom í þessu og tilkynnti að hann hafi verið að ræða við ráðherra póst- og símamála og að ráðherra hefði sagt að þetta væri ekki gert með heimild og vitund sinni. Á flokksskrifstofunni hringdi borgarstjóri aftur í ráðherra póst- og símamála og ræddi við hann um aðförina, rétti síðan Magnúsi Einarssyni símann og sagði að ráðherra vildi tala við hann. Eftir stutt símtal lagði Magnús á og tilkynnti að þar sem yfirmaður póst- og símamála hefði ekki veitt heimild fyrir þessu þá stöðvaði lögreglan frekari aðgerðir í málinu og færi. Borgarstjóri bað viðstaddan að fylgja okkur út úr húsinu og læsa framdyrum hússins.

Virðingarfyllst,
Þórir Garðarsson.

Nd. 88. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Bannað er án leyfis ríkisstjórnarinnar að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Um leyfi til bruggunar öls, sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, fer að öðru leyti skv. lögum um vörugjald. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um vörugjald. Um meðferð og sölu áfengs öls gilda ákvæði IV. og V. kafla þessara laga.

3. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengs öls og vína skv. þessum kafla.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. október 1985.

Greinargerð.

Á 106. löggjafarþingi voru flutt tvö mál er varða breytingu á gildandi áfengislögum.

Hið fyrra var þingsályktunartillaga um almenna atkvæðagreiðslu um „heimild til bruggunar og sölu meðalsterks áfengs öls“ um leið og næst yrði gengið til kosninga. Flutningsmenn voru Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson (sjá fylgiskjal II). Tillagan kom fyrst til umræðu í Sþ. 1. mars s.l. (sjá fylgiskjal III). Umræðunni var frestað og málið dagaði uppi.

Hið síðara var frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969. Flutningsmenn voru Jón Magnússon, sem þá sat á þingi sem varamaður, og Jón Baldvin Hannibalsson. Frv. kom til fyrstu umræðu í Nd. 13. apríl s. l. Jón Magnússon fylgdi því úr hlaði enda höfundur frumvarpsins (sjá fylgiskjal I). Frekari umræður urðu ekki um málið en því var vísað til allsherjarnefndar þar sem það dagaði uppi.

Hér með er þetta frumvarp til laga endurflutt með þeirri einu breytingu að gildistaka skv. 4. gr. frestast til 1. okt. 1985. (Sjá athugasemdir við einstakar greinar frv., um 4. gr. og aðlögunartíma innlendra framleiðenda.)

Um efnisrök málsins vísast til meðfylgjandi gagna: Greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar, framsöguræðu Jóns Magnússonar og annarra fylgiskjala (þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæði, umræðna um hana skv. þingtíðindum, skoðanakönnunar DV um afstöðu kjósenda til málsins og tillagna nefndar um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum sem gengur nokkuð í öndverða átt).

Greinargerð sú, er fylgdi frv. upphaflega, er svohljóðandi:

Í núgildandi áfengislögum telst áfengi vera hver sá vökvi sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Óheimilt er að flytja inn öl sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning slíks öls vegna sölu til varnarliðsins eða til útflutnings. Verði frumvarp þetta samþykkt getur ríkisstjórnin veitt leyfi til bruggunar öls sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli skv. nánari ákvæðum. Hömlum á innflutningi slíks öls í áfengislögum er aflétt.

Tilgangur flutningsmanna með frv. þessu er:

1. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,
2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,
3. að afla ríkissjóði tekna,
4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,
5. að samræma áfengislöggjöfina.

I.

Frá upphafi Íslandsbyggðar, alla söguöldina og jafnvel lengur, var af áfengum drykkjum eingöngu drukkið öl og mjöður. Eftir því sem leið fram á aldir breyttist þetta til hins verra þegar brennivínið kom til sögunnar. Lengi vel hafði þó ölið betur en upp úr miðri 17. öld fóru hlutföllin að jafnast. Eftir 1730 náði brennivínið yfirhöndinni en ölið þvarr að mestu leyti. Af þessum orsökum jókst drykkjuskapur svo ákaflega að bestu mönnum þjóðarinnar þótti horfa til vandræða og vildu á ýmsan hátt reyna að ráða bót á ástandinu, sbr. almenna bænaskrá frá Alþingi 1733 þar sem farið er fram á algert aðflutningsbann á áfengi eða því sem næst. Síðar á öldinni var þess oft farið á leit af Íslendingum að takmarkaður væri innflutningur áfengis en engar af þessum tilraunum báru árangur.

Á 19. öldinni kemur fram ný stefna með bindindishreyfingunni. Þessari stefnu óx mjög fylgi síðari hluta aldarinnar. Fyrir áhrif bindindishreyfingarinnar fer löggjafinn að gera ýmsar takmarkanir á tilbúningi, sölu og veitingum áfengra drykkja. Með tilskipun 26. febrúar 1872 er lagður sérstakur innflutningstollur á brennivín og aðra áfenga drykki, en allar aðrar vörur voru þá tollfrjálsar. Með lögum nr. 3. frá 10. febrúar 1888 eru fyrst lagðar verulegar hömlur á sölu og veitingu áfengra drykkja í landinu. Með lögum nr. 26 11. nóvember 1899 er enn hert á takmörkun vínsölu og vínveitinga. Með lögum nr. 5 12. janúar 1900 er lagt bann við tilbúningi áfengra drykkja að öli undanskildu. Með lögum frá 30. júlí 1909 var sett aðflutningsbann á áfengi. Loks var með lögum frá 1. janúar 1912 sett algjört bann við aðflutningi, bruggun eða sölu áfengis, bannlögin svonefndu.

Á árunum frá 1890—1912 dró mjög úr ofdrykkju og áfengisnautn. Þessa breytingu vildu margir þakka hæfilega takmarkaðri áfengislöggjöf samfara ötulli bindindisstarfsemi í landinu. Tilgangurinn með bannlögunum frá 1912 var að gera áfengisneyslu landræka, en þessi tilgangur náðist aldrei. Þvert á móti töldu margir bannlögin hafa orðið til tjóns fyrir bindindisstarfsemi í landinu og því í raun unnið gegn tilgangi sínum. Var á það bent að bannlögin hefðu aldrei náð að útrýma vínnautn, þau hafi breytt hugsunarhætti almennings gagnvart vínneyslu til hins verra og vegna þeirra hafi þróast margvísleg lögbrot svo sem smygl, leynivínsala, heimabrugg, auk áfengisneyslu sem að sjálfsögðu var bönnuð skv. bannlögunum.

II.

Frá setningu bannlaganna 1. janúar 1912 til þessa dags hafa allmörg frumvörp verið flutt á Alþingi til breytingar á áfengislögunum. Smám saman voru bannlögin afnumin, en slitur af þeim hefur þó haldist í íslenskri löggjöf, þ.e. hvað varðar bann við bruggun og sölu áfengs öls. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að sleppa þessu slitri af bannlögunum úr

löggjöfinni, en það hefur ekki tekist. Þau lagafrumvörp, sem flutt hafa verið um þetta atriði í áfengislöggjöfinni, eru þessi eftir því sem flutningsmenn kunna að greina:

1. Frumvarp til áfengislaga árið 1932. Flutningsmenn Jón Auðunn Jónsson, Bergur Jónsson, Lárus Helgason, Ólafur Thors og Jónas Þorbergsson.
   Tilgangur frumvarpsins var að koma á svipaðri skipun á bruggun, sölu og meðferð áfengis og var á fyrsta tug 20. aldar. Flutningsmenn töldu rétt að hafa sérlög um tilbúning, sölu og veitingar áfengs öls ef tilbúningur þess yrði heimilaður. Frumvarpi þessu var vísað til 2. umr. í Nd. með 14:5 atkvæðum og til allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið aftur á dagskrá.

2. Frumvarp til laga um ölgerð og sölumeðferð öls árið 1947. Flutningsmenn Sigurður Bjarnason, Steingrímur Steinþórsson og Sigurður E. Hlíðar.
   Tilgangur frumvarpsins var að draga úr neyslu sterkra drykkja og afla ríkissjóði tekna til framkvæmda í aðkallandi menningarmálum. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti leyfði styrkleiki áfengs öls yrði 4% af áfengi að vigt, en leyfi til ölgerðar gæti fjármálaráðherra veitt til 10 ára í senn. Frumvarp þetta var lagt fram í Nd. og vísað til 2. umr. með 19:13 atkvæðum og til allsherjarnefndar með 17:8 atkvæðum. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið aftur á dagskrá.

3. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum 1960. Flutningsmaður Pétur Sigurðsson.
   Tilgangur frumvarpsins var að koma á samræmi í áfengislöggjöfinni, en auk þess er vísað til þess að bann á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenskra þegna. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti styrkleiki áfengs öls mætti vera 3½% af vínanda að rúmmáli. Frumvarp þetta var lagt fram í Nd. og var vísað til 2. umr. með 25:6 atkv. og til allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið á dagskrá framar.

4. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum 1965. Flutningsmenn Pétur Sigurðsson, Björn Pálsson og Matthías Bjarnason.
   Tilgangur frumvarpsins var sá sami og lýst er í 3. tl. hér að framan. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti styrkleiki áfengs öls mætti vera 4,5% af vínanda að rúmmáli. Frumvarpið var lagt fram í Nd. og var fellt við 3. umr. með 23:16 atkvæðum.

5. Til viðbótar þessu má nefna breytingartillögur sem fluttar voru við afgreiðslu áfengislaga 1954, 1966 og 1967, svo og þingsályktunartillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls.

III.

Bruggun, sala og neysla áfengs öls á sér stað meðal allflestra þjóða heims. Styrkleiki ölsins er mismunandi, eða upp að 13,2% af rúmmáli sá sterkasti. Algengasti styrkleiki áfengs öls, sem neytt er, mun vera um eða undir 5% vínandi að rúmmáli. Í Norður-Ameríku, á Englandi og Norðurlöndum mun algengast að styrkleiki áfengs öls sé frá um 3,2% til 5% af vínanda að rúmmáli. Í öllum nágrannalöndum okkar er neysla áfengs öls mikil miðað við annað áfengi.

Nú geta farmenn, flugliðar og ferðamenn, sem koma frá útlöndum, keypt takmarkað magn af áfengu öli og flutt það með sér inn í landið. Fullyrða má að verulegu magni af áfengu öli sé á ári hverju smyglað inn í landið. Því er raunar haldið fram að bjórkassi með 24 flöskum (33 cl) af millisterku áfengu öli hafi hér ákveðið fast markaðsverð og nokkurt framboð sé af slíku öli þó að óleyfilegt sé miðað við núverandi áfengislöggjöf að flytja það

inn. Af þessu áfenga öli hefur íslenska ríkið engar tekjur og innlendir framleiðendur eru dæmdir úr leik.

Með auknum ferðalögum til útlanda hafa Íslendingar í síauknum mæli komist í kynni við neyslu áfengs öls og sama gildir um þá námsmenn sem stunda nám erlendis.

Ljóst er að töluvert stór hópur þjóðarinnar kýs að hér sé áfengt öl á boðstólum. Í því sambandi má m.a. benda á að í Reykjavík er nú selt áfengt öllíki á allmörgum stöðum og þeim fer fjölgandi þar sem sterku áfengi er blandað í ölið, þannig að styrkleiki drykkjarins er sagður svipaður eða meiri en gerist um áfengt öl í nágrannalöndum okkar. Þeir sem neyta þessa öllíkis vita í raun ekki um hvaða áfengisstyrkleika er að ræða eða hvers konar áfengis þeir neyta. Ekkert eftirlit eða prófun á sér stað á þessu áfengi. Skv. því sem næst hefur verið komist er styrkleiki þessa öllíkis almennt um 5% af vínanda að rúmmáli. Einnig má benda á að ölgerðarefni eru seld í matvörubúðum og innflutningur og sala þessara ölgerðarefna er töluverð.

Aðstaðan nú er því breytt í veigamiklum atriðum frá því sem hún var pegar síðast var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um bruggun og sölu áfengs öls. Það er því ekki vansalaust fyrir Alþingi að horfa upp á þessa þróun án þess að móta löggjöf sem er í samræmi við tíðarandann og er til þess fallin að vinna gegn drykkjusýki. Mikilvægast er að horfast í augu við staðreyndir. Nú getur hver, sem eldri er en 20 ára, keypt öllíki sem er um eða yfir 5% af vínanda að rúmmáli. Veikustu áfengistegundir í ÁTVR eru um eða undir 9% af vínanda að rúmmáli.

Þessar staðreyndir tala sínu máli og sýna glögglega hversu ófullkomin áfengislöggjöfin er og hversu fráleitt það er að meina bruggun áfengs öls og sölu þess hér á landi. Miðað við þá þróun, sem orðin er í áfengismálum, er það alveg ljóst að spurning er ekki hvort innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verður leyfð, heldur hvenær þessi síðasti angi bannlaganna verður afnuminn.

IV.

Flutningsmenn telja að samræmi verði að vera í áfengislöggjöfinni. Það er óneitanlega óeðlilegt að heimila sölu á sterku áfengi en banna það léttasta og að margra mati þá tegund áfengisneyslu sem hefur minnst tjón í för með sér fyrir líf og heilsu fólks. Á það má benda að nú er á boðstólum létt vín í Á.T.V.R. sem hefur minni áfengisstyrkleika en sterkustu gerðir áfengs öls, sbr. það sem áður segir.

Þó að í frumvarpi þessu felist einungis þær breytingar á áfengislögum að innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verði heimiluð með þar tilgreindum skilyrðum er það skoðun flutningsmanns að verði frumvarp þetta samþykkt beri svo fljótt sem auðið er að undirbúa sérstakt frumvarp um áfengt öl og ölgerð þar sem tilgreind væri m. a. gjaldtaka ríkissjóðs af ölframleiðslu, almenn ákvæði um skilyrði til að fá ölgerðarleyfi svo og nánari skilgreiningar og flokkun áfengs öls eftir styrkleika þess.

Þá er það enn fremur skoðun flutningsmanna að ákveðinn tími verði að líða frá því að bruggun og sala áfengs öls er samþykkt á Alþingi þangað til lögin taki gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja innlendum framleiðendum nauðsynlegt svigrúm til að undirbúa framleiðslu áfengs öls, auk þess sem reynt yrði með öllum þeim ráðum, sem tiltæk eru, að tryggja markaðssetningu og mikla markaðshlutdeild innlends öls á innanlandsmarkaði. Af þessum sökum geta verið ástæður til að fresta gildistöku laganna fram eftir árinu 1985. Þá þarf einnig að kanna hvort unnt er með tilliti til viðskiptasamninga við önnur lönd að í upphafi verði einungis á boðstólum áfengt öl framleitt innanlands en innflutningur hæfist að loknum eðlilegum aðlögunartíma íslenskra ölgerðarfyrirtækja. Þetta mætti gera með því að ákveða að 1. gr. frv. þessa tæki gildi síðar en 2. og 3. gr. frv. Með slíkum aðgerðum mundi frumvarpið efla öl- og gosdrykkjaiðnað í landinu, skapa ný störf, skilyrði fyrir útflutningi öls og auka tekjur ríkissjóðs.

Því hefur verið haldið fram að íslenska vatnið sé með því besta í heimi. Íslenskir ölgerðarmenn hafa og sýnt það að þeim er ekkert að vanbúnaði að framleiða gott áfengt öl sem gefur því besta, sem kemur frá öðrum þjóðum, ekkert eftir. Forsenda þess að framleiðendur geti sýnt hvað í þeim býr er að þeir fái markað fyrir vöru sína innanlands og geti í framhaldi af því, að fenginni reynslu, hafið útflutning.

V.

Í umræðum um áfengt öl fyrr og nú hefur helst verið fjallað um það hvaða afleiðingar áfengt öl á Íslandi mundi hafa fyrir drykkjuvenjur þjóðarinnar. Fylgjendur áfenga ölsins halda því fram að tilkoma þess mundi bæta úr í þessu efni og er það raunar skoðun flutningsmanna eins og fram kemur hér að framan. Þá muni áfengt öl valda því að minna verði neytt af sterkum drykkjum sem er vafalaust skaðlegasta tegund áfengisneyslu.

Andstæðingar áfengs öls benda aftur á móti á að tilkoma þess muni auka drykkjuskap, valda aukinni drykkjusýki, auk þess sem hætta sé á að unglingar hefji drykkju fyrr en nú er og hætta sé á að ýmsir vinnustaðir verði undirlagðir af ölneyslu á vinnutíma.

Flutningsmenn telja, miðað við reynslu annarra þjóða, að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls, án þess þó að það valdi aukinni ölvun eða drykkjusýki. Hér skiptir miklu máli að móta ákveðna áfengisstefnu og freista þess með verðstýringu að beina áfengisneyslu inn á þær brautir sem taldar eru skaðminnstar. Reynsla allra þjóða sýnir að hafa má áhrif á áfengisneyslu almennings með verðstýringu. Því hærra verð á áfengi þeim mun minni neysla. Hér á landi er áfengi dýrara en víðast í veröldinni og meðalneysla jafnframt ein sú lægsta. Með því að fella áfengt öl inn í slíkt verðstýrikerfi ætti að vera unnt að halda meðalneyslu áfengis niðri. Miðað við þessar forsendur er afar ólíklegt að tilkoma áfengs öls leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum, aukinnar drykkju unglinga eða valdi því að unglingar hefji drykkju yngri en nú gerist. Raunar er ólíklegt að áfengisneysla geti svo nokkru nemi frá því sem nú er náð til yngri aldurshópa. Einnig má benda á að auk þess sem áfengt öl verður dýrt hér á landi er framboð á ódýrum og ókeypis svaladrykkjum mun meira hér á landi en í helstu bjórdrykkjulöndum þar sem t. d. vatnið er þannig að Íslendingar mundu aldrei leggja sér það til munns. Um þessi atriði hafa um árabil verið miklar umræður og því óþarfi að rekja þessi atriði frekar í greinargerð þessari.

Frá árinu 1951 til ársins 1981 jókst heildarneysla áfengis á Íslandi úr 1,4 lítra af hreinu áfengi á íbúa í 3,2 lítra. Þrátt fyrir þessa aukningu neyta Íslendingar minnst áfengis allra Evrópuþjóða. Neysla á áfengistegundum hefur einnig breyst á undanförnum árum. Þannig hefur sala á sterku áfengi hlutfallslega minnkað frá 1974.

Þrátt fyrir mjög litla heildarneyslu áfengis miðað við aðrar þjóðir hefur komið í ljós að misnotkun áfengis og drykkjusýki er hér með því hæsta sem þekkist í veröldinni. Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar, en vafalaust eiga slæmar drykkjuvenjur okkar, mikil neysla sterks áfengis, skortur á samræmdri áfengisstefnu og skortur á fræðslu, sérstaklega ungs fólks, um áfengi og skaðsemi þess, mikinn þátt í því slæma ástandi sem hér ríkir í þessum efnum. Það er því full ástæða til að freista þess að bæta ástandið í þessum málum með aukinni fræðslu, samræmdri stefnu í áfengismálum sem m. a. þyrfti að fela það í sér að sveigja drykkjuvenjurnar frá sterku drykkjunum að neyslu léttra vína og áfengs öls.

Það er hlutverk Alþingis að móta slíka meginstefnu og þingmenn geta ekki skotið sér undan ábyrgð í þeim efnum. Má í því sambandi benda á ummæli í áramótabréfi Áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. M. a. af þessum ástæðum er mál þetta flutt. Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um hvort heimila skuli bruggun og sölu meðalsterks áfengs öls. Vilji flutningsmanna þeirrar tillögu er vafalaust sá að þoka málinu áfram og koma því í svipaðan farveg og lagt er til í frumvarpi

þessu, þannig að lítill efnislegur ágreiningur kann að vera milli flutningsmanna og þeirra hugmynda sem liggja að baki hjá flutningsmönnum framangreindrar þingsályktunartillögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að brott verði numin ákvæði úr áfengislögum sem banna innflutning áfengs öls.

Um 2. gr.

Miðað er við að leyfi ríkisstjórnarinnar þurfi til framleiðslu áfengs öls og áfengi verði einungis selt í útsölum ÁTVR og á vínveitingastöðum með þeim takmörkunum sem áfengislögin setja að öðru leyti um sölu og meðferð áfengis.

Um 3. gr.

Breytingin er til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Miðað er við að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. október 1985. Þessi tímatakmörk eru sett til að veita innlendum framleiðendum og þeim, sem hyggja á ölframleiðslu, ákveðið svigrúm. Verði þetta frv. að lögum þurfa stjórnvöld, snemma á aðlögunartímanum, að leita nauðsynlegra lagaheimilda er kveði á um tilhögun sölu og dreifingar, skatta- og verðstefnu o. fl.

Fylgiskjal I.

Framsöguræða Jóns Magnússonar (13. apríl 1984).

Áfengislög, frv. 296. mál (þskj. 575). — 1. umr.

Flm. (Jón Magnússon): Virðulegi forseti. Á þskj. 575 hef ég ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni flutt frv. til laga um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 3. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1969 falli brott. Með því að fella þessa grein brott er áfengislögum fer um innflutning á áfengu öli með sama hætti og innflutning á öðru áfengi. Í því sambandi má minna á lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, en þessu frv. er að sjálfsögðu ekki ætlað að raska þeim ákvæðum.

Með 2. gr. grv. er lagt til að sömu reglur gildi varðandi meðferð, tilbúning og sölu allra áfengra drykkja og er þá haldið þeirri skilgreiningu áfengislaga um að áfengi teljist hver sá vökvi sem hefur meira en 2 ¼% af vínanda að rúmmáli.

Með 3. gr. frv. er lagt til að 15. gr. áfengislaganna verði breytt til samræmis, verði 1. og 2. gr. frv. þessa samþykktar. Þá er enn fremur lagt til að lög þessi taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1985 og verður sú tímasetning skýrð sérstaklega hér á eftir.

Í grg. gera flm. grein fyir tilgangi með flutningi frv. þessa í fimm liðum á þessa leið:

1. Að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja.
2. Að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar.
3. Að afla ríkissjóði tekna.
4. Að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum.
5. Að samræma áfengislöggjöfina.

Ég tel óþarfa í framsöguræðu þessari að rekja sérstaklega sögu bjórmálsins hér á landi eða þau lagafrv. og brtt. sem fluttar hafa verið frá setningu bannlaganna til þessa dags. Það er þó ástæða til að benda á að eftir að brennivínið tók yfirhöndina hvað áfengisneyslu snertir hér á landi upp úr 1730 fyrir tillstilli danskra stjórnvalda og kaupmanna jókst drykkjuskapur ákaflega mikið. Ölneysla hafði þá um nokkurt skeið dregist saman en brennivínsneysla aukist.

Þess ber einnig að geta að í upphafi aldarinnar, meðan aðflutningur og sala sterks áfengis var verulega takmarkað en sala áfengs öls leyfð, minnkaði áfengisneysla nokkuð. Þessi tvö dæmi höfum við úr áfengissögu þjóðarinnar varðandi áhrif áfengs öls. Samkvæmt þeim virðast drykkjusiðir batna og drykkjuskapur minnka eftir því sem meira er neytt af áfengu öli í hlutfalli við sterk vín.

Enn eitt dæmi höfum við varðandi þá viðleitni að draga úr neyslu áfengis og útrýma því úr landinu, en það var við setningu bannlaganna. Niðurstaða af þeirri

tilraun var einfaldlega sú, að það er þýðingarlaust í áfengismálum að berjast gegn hlutum sem stór hluti þjóðarinnar vill, jafnvel þó að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur áfengisneyslu. Þessi dæmi skipta máli þegar reynt er að meta réttmæti þeirra staðhæfinga sem koma fram hjá flm. að með þeirri skipun sem lagt er til í frv. þessu megi draga úr neyslu sterkra drykkja og drykkjusiðir þjóðarinnar muni breytast til batnaðar.

Bjór hefur verið bruggaður í mörg þúsund ár. Frá alda öðli var hann áfengi þeirra þjóða sem bjuggu svo norðarlega að þær gátu hvorki ræktað þar þrúgur né útvegað hunang til að laga borðvín. Sterkasti bjórinn sem bruggaður er í dag, Kulminator frá Kulmbach í Bayern, er um 13.2% vínanda að rúmmáli en sá bjór sem algengastur er og mest drukkinn er milli 3.5% og 5% vínanda að rúmmáli. Í Þýska sambandslýðveldinu er bjórneysla mest eða 147 lítrar á mann á ári, í Danmörku er neyslan 128 lítrar á mann á ári, 60 lítrar í Svíþjóð, 55 lítrar í Frakklandi en mun minni í Noregi samkvæmt upplýsingum úr bókinni The World Guide of Beer, útgefin 1979.

Ég hygg að óþarfi sé að rekja þær reglur um framleiðslu og sölu á bjór sem gilda á hinum Norðurlöndunum því þm. er vafalaust sú framleiðsla og þær reglur kunnar. Það er þó ástæða til að minnast á Svíþjóð í þessu sambandi því hin síðari ár hafa verið settar fram alrangar fullyrðingar um stöðu bjórmála í Svíþjóð af andstæðingum bjórsölu hér á landi. Af slíkum fullyrðingum hefur helst mátt ráða að bjór væri bannaður í Svíþjóð. En það er rangt eins og sést m. a. af því að í Svíþjóð eru árlega drukknir 60 lítrar af bjór fyrir hvert mannsbarn í því ágæta landi og Svíar eru 17. mesta bjórneysluþjóð heims.

Framleiðslu á bjór í Svíþjóð er skipt í þrjá flokka. Flokkur I, léttöl, hefur minna vínandainnihald að rúmmáli en 2.8%. Fram til 1977 var flokki II skipt í tvo hluta, annan með bjór að styrkleika um 2.8% en hinn að styrkleika um 3.6%. Árið 1977 voru þessir hlutar sameinaðir í einn og þá miðað við framleiðslu á bjór um 2.8%. „Mellanölleť svokallaða sem var um 3.6% var þar með afnumið. En fram að þeim tíma hafði það verið mjög aðgengilegt, þ. e. selt mjög víða tiltölulega ódýrt og var um 65% af allri bjórneyslu í landinu. Þessi breyting hefur frá þeim tíma verið mjög mikið til umræðu í Svíþjóð og menn greint mjög á um réttmæti hennar.

Þriðji flokkurinn af bjór sem seldur er í Svíþjóð er um 4.5% af vínanda að rúmmáli. Þegar andstæðingar bjórsins hér vitna til Svíþjóðar máli sínu til stuðnings er því ljóst að þeir gera það á fölskum forsendum því að um leið og þeir hampa réttmæti þeirra breytinga sem gerðar voru á bjórlögum í Svíþjóð 1977, þá virðast þeir hinir sömu menn ekki gera sér grein fyrir því að þeir sem mæla fyrir bjór á Íslandi hafa lagt til að skipan bjórsölu á Íslandi yrði svipuð og nú gerist í Svíþjóð og jafnvel enn takmarkaðri hvað dreifingu varðar.

Þó að ég nefni þessi dæmi hér vil ég alls ekki gera lítið úr ýmsum ábendingum bjórandstæðinga. En á það ber samt að líta að flest rök þeirra eru í eðli sínu rök gegn áfengisneyslu og varða því bjórinn ekki sérstaklega öðruvísi en sem eina tegund áfengis. Menn eiga hins vegar aldrei að loka eyrunum fyrir rökum andmælenda sinna. Þeir sem harðast leggjast gegn sölu bjórs hér á landi byggja höfuðröksemdir sínar á því að þeir óttast að bjór muni sérstaklega auka drykkju unglinga. Sjálfur tel ég ekki að svo muni verða. En þessi mótbára er tvímælalaust það veigamikil að grannt verður að fylgjast með því, eftir að bjórinn hefur verið leyfður, hvernig þróunin verður í þessu efni og kippa í taumana varðandi sölumeðferð og verðlagningu á bjór ef þessi staðhæfing reynist eiga við rök að styðjast.

Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að byrjunaraldur áfengisneyslu hefur lækkað töluvert á undanförnum árum og það sama virðist gilda hér á landi, sbr. það að tala ungmenna, sem gista fangageymslur lögreglunnar vegna ölvunar, hefur farið vaxandi. Þá leyfi ég mér að benda á ummæli Helga Seljans í þingræðu fyrir nokkrum árum þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Mín skoðun er sú að eina réttlæting þess að færa aldurstakmarkið niður í 18 ár, svo sem við Páll Þorsteinsson lögðum til fyrir fjórum árum, var og er sú að eftirlitið yrði þá stórbætt og vel verði með því fylgst hverjar afleiðingarnar verða á enn yngri aldursflokka þó ég hljóti að telja það staðreynd að drykkjan sé þegar komin ískyggilega langt niður, jafnvel allt niður í 11—12 ára aldur."

Þessar staðhæfingar Helga Seljans eru mjög alvarlegar. Sé það rétt að byrjunaraldur áfengisneyslu sé í raun orðinn það lágur hér á landi að mjög svipi til þess sem gerist í nágrannalöndunum getur tilkoma bjórsins varla breytt hér til hins verra svo að neinu nemi. Það skiptir verulegu máli varðandi drykkju unglinga að stjórnvöld marki skynsamlega áfengisstefnu og stórauki fræðslu meðal unglinga um áfengi og áfengisneyslu og skaðsemi hennar. Þessi fræðsla er nú í molum. Það sýndi sig hins vegar þegar SÁÁ-menn voru með fræðsluherferð í skólum í tengslum við JC-hreyfinguna fyrir nokkrum árum að sú fræðsla hafði mikið að segja og var mjög góð. Unglingarnir fylgdust vel með og tóku mark á því sem þar var sagt. Það vantaði hins vegar að fylgja þessu eftir í skólastarfinu en það er einmitt það sem verður að gerast.

Önnur mótbára bjórandstæðinga er sú að drykkja á vinnustöðum aukist. Mér er ekki kunnugt um að drukkið sé á vinnustöðum á Íslandi í dag. E. t. v. eru til einhver undantekningartilvik. Ég hef satt að segja enga trú á því að um þetta geti orðið að ræða. Vinnubrögð og vinnumórall almennt eru með þeim hætti hér á landi. Hér skiptir einnig máli hvernig bjór er verðlagður og hversu aðgengilegur hann er.

Sú röksemd bjórandstæðinga að bjórinn muni auka heildarneyslu þjóðarinnar á áfengi getur vel verið rétt. Það þarf þó ekki að hafa neitt tjón í för með sér eða auka ölvun og drykkjusýki. Ég held því fram að jafnvel þó að til þess geti komið að heildarneyslan aukist eitthvað, þá geti drykkjusiðir batnað með bjórnum og minna verði neytt af sterkum drykkjum. Í þessu efni sem og öðrum sem varða mótbárur gegn bjór skiptir mestu máli hvernig verðlagningu og sölu bjórsins verður háttað. Um leið og bjórinn verður leyfður verður að móta samræmda stefnu í áfengismálum, freista þess með verðstýringu að beina áfengisneyslu inn á þær brautir sem taldar eru skaðminnstar. Mín skoðun er sú að heppilegast sé að ódýrasta alkóhóleiningin yrði í léttum vínum, næstódýrust í bjór en dýrust í sterkum vínum.

Reynsla allra þjóða sýnir að hafa má áhrif á áfengis-

neyslu almennings með verðstýringu. Því hærra verð sem er á áfengi þeim mun minni neysla. Hér á landi er áfengi dýrara en víðast í veröldinni og meðalneysla jafnframt ein sú lægsta. Þrátt fyrir það að um mjög litla heildarneyslu áfengis sé að ræða hér á landi miðað við aðrar þjóðir er misnotkun áfengis og drykkjusýki með því hæsta sem þekkist í veröldinni. Ástæðurnar eru vafalaust margar, en drykkjuvenjur okkar, mikil neysla sterks áfengis, og skortur á samræmdri áfengisstefnu og fræðslu ræður hér vafalaust miklu. Einhvern veginn virðist svo vera sem við höfum tileinkað okkur flesta ókosti áfengisneyslu en farið á mis við það skásta."

Það er óneitanlega nokkuð sérstakt að hafa áfengislöggjöf sem bannar léttustu tegund þessa vímugjafa og að margra mati þá skaðminnstu en leyfir það sterkasta og skaðmesta. Í þessu sambandi má benda á ummæli í greinum sem dr. Jón Óttar Ragnarsson manneldisfræðingur hefur að undanförnu birt í dagblöðunum og þýðingu Halldórs Laxness á grein sem birtist í heilbrigðisdálki Süddeutsche Zeitung í München 26. apríl 1977. En í inngangi þýðingar sinnar segir Halldór með leyfi forseta:

„Hér veit almenningur ekki gjörla um hvað verið er að tala þegar bjór er á dagskrá, þar sem drykkurinn hefur verið krímínaliseraður hjá okkur í tvær kynslóðir, það er að segja látinn jafnbrýna glæp allar götur síðan árið 1915."

Þessi ummæli Halldórs Laxness eru mjög lýsandi um þau viðhorf og viðbrögð sem hér hafa lengst af verið ríkjandi gagnvart bjór. Bjórnum hefur æ ofan í æ verið lýst sem einu því hættulegasta sem komið geti yfir íslenska þjóð og svo hefur farið að ýmsir trúa þessu og neita algerlega að skoða málið með opnum huga.

Bestu lýsingu sem ég hef fundið á afleiðingum þeirrar hörðu andstöðu sem hér hefur verið haldið uppi af fámennum hópi er að finna í bókinni Guðsgjafaþula eftir Halldór Laxness, en þar er því lýst að bátur skipaði upp farmi í Djúpvík. Grunur lék á og almannarómur taldi að smyglvarningur, m. a. bjór, væri í bátnum. Tveir menn létust þegar þeir neyttu efnis úr tunnu nokkurri sem þeir álitu að hefði að geyma bjór í föstu formi, en reyndist vera arsenik. Síðan segir í bókinni með leyfi forseta:

„(Eftirmáli.) Ég get ekki stillt mig um að prenta hér að lokum skeytaskifti milli Landssambands Kvenfélaga Í Sveitum Gegn Bjórflutningi Til Íslands og ritstjóra Norðurhjarans á Djúpvík. Skeytið er sent áðuren leiðrétting mín til Ríkisútvarpsins kom fram:

Guðrúnarstöðum vestan Helkunduheiðar osfrv.

Herra ritstjóri, sakir voveiflegrar morgunfréttar í útvarpinu í dag, þess efnis að tveir verkamenn hafi orðið bráðkvaddir af bjór á ritstjórnarskrifstofu verkamannablaðsins Norðurhjarans á Djúpvík í morgun, leyfum vér oss að láta í ljós skelfingu vora útaf lífshættulegum drukk sem ógnar eiginmönnum vorum og sonum. Vér treystum yður að gefa í blaði yðar fullnægjandi skýringar á þessu voðalega atviki. Vér krefjumst þess í nafni heilsu og velferðar íslensku þjóðarinnar að þessum óttalega vökva verði helt niður í niðurhellíngarstöðinni á Akureyri. Undirskrift 25 kvenmannsnöfn.

Skeyti frá blaðinu Norðurhjara, Djúpvík, til formanns kvenfélagasambands bjór-bindindiskvenna að Guðrúnarstöðum vestan Helkunduheiðar, pr Akureyri.

Háttvirtu frúr: Það var ekki bjór, heldur arsenik. Virðingarfyllst, ritstjóri Norðurhjarans, Djúpvík.

Svar frá Kvenfélagasambandinu, Guðrúnarstöðum, osfrv.

Til herra ritstjóra blaðsins Norðurhjara, Djúpvík.

Guði sé lof það var bara arsenik. Stjórnin."

Þó að sem betur fer hafi aldrei jafn dramatískir og alvarlegir hlutir gerst og lýst er hér, þá sýnir þessi frásögn vel hvernig viðhorfin hafa oft verið til bjórs og álit ýmissa á skaðsemi hans úr öllu samhengi við raunveruleikann. Þó að í frv. því sem hér ræðir um felist einungis þær breytingar á áfengislögum að innflutningur, bruggun og sala bjórs verði heimiluð með þar til greindum skilyrðum er það skoðun flm. að verði frv. samþykkt beri svo fljótt sem auðið er að undirbúa sérstakt frv. um bjór þar sem tilgreind verði gjaldtaka ríkissjóðs af bjórframleiðslu, sett almenn ákvæði um skilyrði til að fá ölgerðarleyfi, svo og skilgreiningar og flokkun bjórsins eftir styrkleika hans. Við leggjum jafnframt til að gildistaka laganna verði ekki fyrr en 1. jan. 1985, eða jafnvel síðar, til þess að innlendir framleiðendur fái nægilegt svigrúm til að undirbúa framleiðslu og sölu bjórs. Til greina kemur einnig að okkar mati að leyfa einungis innlendan bjór fyrst um sinn. Með slíkum aðgerðum mundi markaðshlutdeild innlendu framleiðslunnar verða mikil og skilyrði yrðu sköpuð til útflutnings. Þetta mundi skapa ný störf og skilyrði yrðu sköpuð til útflutnings. Þetta mundi skapa ný störf og efla öl- og gosdrykkjaiðnað í landinu. Jafnframt því mundu tekjur ríkissjóðs aukast.

Nú liggur fyrir Sþ. till. til þál., 111. mál, þskj. 138, um almenna atkvgr. um áfengt öl. Án þess að ég vilji leggja flm. þeirrar till. orð í munn hygg ég að viðhorf þeirra séu að þoka málinu áfram þannig að út af fyrir sig ætti ekki að vera ágreiningur á milli okkar, sem flytjum þetta frv., og flm. þáltill. Hér er ekki verið að neita þjóðaratkvgr. en á það bent að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að ráða fram úr málum með því að láta fara fram þjóðaratkvgr. um þau mál sem eru einhver feimnismál eða ef þm. óttast að einhver hluti kjósenda þeirra felli sig illa við afstöðu þeirra. Ef öll ákvæði um framkvæmd áfengismála ættu að vera samkvæmt þjóðaratkvgr. gæti orðið tafsamt með úrbætur sem reynslan sýndi að þyrfti að gera.

Í þessu sambandi bendi ég á ummæli úr kafla úr áramótabréfi áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál, að við kjósum alþm. til að setja okkur lög, m. a. áfengislög, og þeim ber að axla þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar."

Það sem ég er í raun hræddastur við varðandi þetta bjórmál er það, að þegar stíflan brestur og bjórinn verður leyfður, þá gerist það svo snögglega að ekkert svigrúm gefist til þess að móta skynsamlega stefnu í málinu fyrir fram og hlutur innlendrar framleiðslu verði af þeim sökum rýr.

Ég geri mér fullljóst að skoðanakannanir eru enginn heilagur sannleikur eða staðreynd um afstöðu fólks. Hins vegar hefur reynslan sýnt að vel unnar skoðanakannanir eru marktækar þó að í þeim geti verið ákveðnir skekkjuvaldar. Fyrirtækið Hagvangur er

þekkt fyrir að hafa framkvæmt vandaðar og marktækar skoðanakannanir á undanförnum árum. (**Gripið fram í:** Nei.) Nokkuð svo. (**Gripið fram í:** Ekki alltaf í kosningum.) Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði í okt.—nóv. á s. l. ári um sölu á bjór úr útsölum ÁTVR kom eftirfarandi í ljós. Það eru sex mánuðir síðan þessi skoðanakönnun var gerð. Spurt var um það hvort fólk væri því meðmælt að sala á áfengu öli yrði leyfð úr útsölum ÁTVR. Niðurstaðan varð sú að þeir sem vildu að þetta yrði leyft voru 63.5% aðspurðra. Á móti voru 33.7% aðspurðra og þeir sem kváðust ekki vita afstöðu sína voru 2.8%. Það sem er auk þessa athyglisvert við þessa skoðanakönnun er hvernig dreifingin er á afstöðu eftir aldurshópum. Þannig kemur í ljós að á aldrinum 20—29 ára eru 82.9% aðspurðra hlynntir því að leyfð verði sala á áfengu öli úr ÁTVR, einungis 14.2% á móti. Á aldrinum 30—39 ára eru 71.6% fylgjandi, 26 á móti. Á aldrinum 40—49 ára 60.4% með, 36.7% á móti og síðan á aldrinum 50—59 ára eru 48.7% með og 48.7% á móti. Af þeim sem eru 70 ára og eldri eru aftur á móti 26.8% með en 69% á móti.

Þetta er einkar athyglisvert og raunar í samræmi við það sem hefur verið að gerast í sambandi við sölu á áfengi á Íslandi, þar sem léttu vínin virðast sækja nokkuð á á kostnað sterku drykkjanna. Er það vitanlega af hinu góða. Ég hygg að þetta sýni líka að yngra fólkið í landinu kýs aðrar neysluvenjur hvað áfengi snertir en þeir eldri. Þá kemur einnig fram í þessari skoðanakönnun töluverður munur á skoðunum fólks á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýli annars vegar og svo hins vegar í dreifbýli, þar sem meiri hluti er á móti sölu áfengs öls í dreifbýli en aftur á móti töluvert mikill meiri hluti í þéttbýli hlynntur henni og þó sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel þessa skoðanakönnun sýna í raun hver meirihlutavilji þjóðarinnar er í þessu máli. Niðurstöðurnar eru svo eindregnar og ótvíræðar að þótt tekið sé tillit til hugsanlegra skekkjuvalda, þá liggur þó fyrir að meiri hluti fólksins í landinu vill að leyfð verði sala á bjór. Jafnvel þó að meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans. Ég byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa, þá eigi meiri hlutinn ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilja hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumunstur almennings og ég álít að varðandi það atriði eigi meiri hlutinn ekki endilega að geta sagt minni hlutanum fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hlutans fyrir skoðunum og vilja minni hlutans sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa.

Af því sem hér er rakið tel ég því skynsamlegt að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu og samþykki frv. þetta í samræmi við það sem virðist vera meirihlutavilji fólksins í landinu. Það sem knýr á um að Alþingi taki nú þegar afstöðu er að bjórneysla á Íslandi er staðreynd í dag í töluverðum mæli. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því. Ef við skoðum aðeins ástandið í dag, þá sjáum við hversu fráleitt það er að taka ekki á þessu máli. Nú geta menn keypt létt vín að styrkleika um eða undir 9% að vínandarúmmáli. Fjöldi veitingastaða selur bjórlíki sem er um 5% að styrkleika. Fjöldi umsókna liggur fyrir um leyfi til að setja upp veitingastaði og/eða selja slíkt bjórlíki í veitingahúsum, þannig að áður en þessi mánuður er á enda getur fjöldi þessara ölstofa sem selja bjórlíki verið orðinn hátt á þriðja tuginn ef hann er hreinlega ekki orðinn það nú þegar. Þessir staðir njóta mikilla vinsælda og það með öðru sýnir að stór hópur fólks kýs að hafa hér bjór. Væri nú ekki skynsamlegra, betra og heppilegra að hafa hér alvörubjór heldur en öl styrkt með sterku áfengi? Og mér er spurn: Að hvaða leyti getur falist í því meiri skaði að hafa bjór að styrkleika 5% en bjórlíki að sama styrkleika?

Til viðbótar þessu er selt töluvert magn af ölgerðarefnum. Þá er ótalið það magn sem árlega er flutt inn af bjór. Skv. upplýsingum sem ég hef aflað mér hjá tollgæslunni voru fluttar inn til landsins löglega árið 1979 413 400 flöskur af bjór, þ. e. 0.33—0.5 lítra flöskur. Þarna er Keflavíkurflugvöllur þó ekki inni í myndinni en talan mundi hækka í kringum 5—6 þús. flöskur ef hann bættist við. Á þeim tíma var bjórinnflutningur í gegnum Keflavíkurflugvöll bundinn við áhafnir flugvéla. En hver er síðan talan fyrir síðustu ár? Árið 1983 voru fluttar inn löglega 1 354 500 flöskur 0.33—0.5 lítra, eða um eða yfir 500 þús. lítrar af bjór. Það eru um 5.6 flöskur á hvert mannsbarn í landinu og neyslan rúmlega tveir lítrar á mann af bjór. Ljóst er að árið 1984 verður þessi innflutningur enn meiri, m. a. vegna þeirrar rýmkunar sem nýlega hefur verið gerð varðandi innflutning á íslenskum bjór. Þeir sem best þekkja áætla að löglegur innflutningur á bjór verði á yfirstandandi ári um 2 millj. bjórflöskur eða um 750—800 þús. lítrar af bjór yfir árið.

Til viðbótar þessu vita allir að mjög miklu magni af bjór er smyglað til landsins, en hvað það er mikið er erfitt að gera sér grein fyrir. Mér kæmi þó ekki á óvart þó að það væri annað eins magn, líklega þó meira. Þessu til viðbótar má benda á ferðamenn sem neyta bjórs erlendis og íslenska námsmenn og fleiri og er þá ótalinn sá leki sem kemur frá varnarliðinu og erlendum sendiráðum. Þegar allt kemur til alls má áætla að bjórneysla hér á landi á hvern íbúa geti nú verið um eða yfir 5 lítrar á ári eða um 10% af heildarársneyslu Finna, svo að dæmi sé tekið, en Finnar eru átjánda mesta bjórneysluþjóð heims. Mér er ekki ljóst hve mikils er neytt af bjórlíki, en það kemur þar fyrir utan. Aðstaðan nú er því allt önnur en hún hefur verið þegar mál þetta hefur áður komið til kasta Alþingis.

Í dag er bjórneysla og neysla áfengis af sama styrkleika og bjór staðreynd. Þeirri staðreynd þýðir ekkert að loka augunum fyrir. Af þeim sökum verður að marka þá stefnu sem er í samræmi við tíðarandann. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn. Þegar stór hluti þjóðar vill ákveðið neyslumunstur, þá finnur fólkið þeirri neyslu farveg jafnvel þó að hún sé ólögleg. Þetta sýnir reynslan alls staðar, bæði á bannárunum hér á landi og í Bandaríkjunum, en síðast en ekki síst sýna þær tölur og það ástand sem ég hef hér gert að umræðuefni það að þeir sem vilja bjór hafa orðið sér úti um leyfi til þess að neyta hans eða einhvers í líkingu við hann. Í bókinni sem ég vitnaði til áður, The World Guide of Beer, segir um bjórneyslu á Íslandi með leyfi forseta:

„Fyrr á öldum þótti það sýna mikla gestrisni á Íslandi að bjóða gestum upp á bjór. Í dag eru hlutirnir því miður öðruvísi. Aðeins má selja öl sem ekki hefur meiri styrkleika en 2.25% vínanda að rúmmáli. Pólarbjórinn

sem framleiddur er í landinu er bara til útflutnings." Og síðan kemur: „Í raun getur þó hver sá sem ætlar sér það komist yfir bjór, ef hann vill það."

Þetta var árið 1979. Síðan hefur bjórstreymið orðið enn meira til landsins. Stundum er sagt að glöggt sé gests augað, en þetta hafa þeir sem önnuðust útgáfu bókarinnar aflað sér upplýsinga um. Staðreynd sem æðimargir skjóta sér undan að kannast við.

Þessi tvískinnungsafstaða varðandi bjórinn þýðir í raun að tekjur ríkissjóðs af bjór eru minni en þær gætu verið. Stór hópur fólks verður lögbrjótar með því að flytja inn og veita viðtöku smygluðum bjór og innlendir framleiðendur eru að mestu leyti dæmdir úr leik.

Hér er um umfangsmikið mál að ræða og ég vona að málið geti fengið umfjöllun og afgreiðslu á þessu þingi. Eftir að frv. þetta var lagt fram hefur fjöldi fólks haft samband við mig, sem án undantekninga hefur mikinn áhuga á framgangi málsins. M. a. sendi einn áhugamaður norðan af landi mér eftirfarandi kvæði eftir Baldur Eiríksson frá Dvergasteini sem heitir Egill og ölið. Er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

Á Alþingi forðum fjörugt var,
flokkadrættir og stympingar
og umræður ærið snarpar.
Sátu þeir þar með sorfið stál,
sömdu um grið og vígamál
Egill og aðrir garpar.

Við höfum það fræga Alþing enn,
á því sitja nú spakir menn
og eru í ærnum vanda.
Með atkvæðabrask og orðatog,
útreikninga á máli og vog
hve mjöð okkar megi blanda.

Aldrei hefði hann Egill nennt
orðaskaki um tvö prósent
né daufum drykkjum að sinna.
Vísað hefði hann broti á bug
og bara látið það standa á tug
svo bragð mætti að bjórnum finna.

Niðjar Egils um aldaröð
ómælt supu hinn sterka mjöð
og vóðu í svima og villu.
Okkur með réttu er nú kennt
hve eitt eða jafnvel hálft prósent
má orka miklu og illu.

Brott eru horfin brekin forn,
brottu hin stóru drykkjarhorn,
margt er þar fleira falið.
Ýmislegt mundi Agli nú
allgott þykja um föng og bú
en minna í mjöðinn varið.

Egill var sinnar aldar barn,
ekki til sparðatínings gjarn
og viðskotaillur að vonum.
En handtökin snör við hlíf og stál,
hornadrykkju og skáldamál
voru hundrað prósent hjá honum.

Ég ítreka það síðan að ég vona það að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi því að það getur orðið um seinan að móta skynsamlega áfengisstefnu ef sú þróun sem orðin er í landinu fær að halda áfram enn um sinn. Þetta er spurning um það að menn þori að horfast í augu við staðreyndir og taka á þeim staðreyndum með raunhæfum hætti.

Fylgiskjal II.

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM ÁFENGT ÖL

1983 (106. löggjafarþing) — 111. mál.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar

um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um heimild til bruggunar og sölu meðalsterks áfengs öls.

Atkvæðagreiðslan fari fram samtímis næstu alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum, hvorar sem á undan verða.

Greinargerð.

Tvisvar áður, hin síðari ár, hefur bruggun og sala áfengs öls komið til kasta Alþingis í frumvarpsformi. Þau mál fengu mikið umtal, innan þings og utan. Annað var fellt. Hitt fékk ekki afgreiðslu.

Í þessari þingsályktunartillögu er **ekki** gert ráð fyrir því, eins og í fyrri tilvikum, að Alþingi sjálft taki endanlega ákvörðun í málinu, heldur verði því skotið til ákvörðunar þjóðarinnar í almennri atkvæðagreiðslu, eins og raun er á um aðrar meiri háttar breytingar er varða áfengislög. Einnig eru ákvarðanir um opnun eða lokun áfengisútsölu teknar í almennum atkvæðagreiðslum í viðkomandi sveitarfélagi.

Flutningsmenn gera ekki lítið úr þeirri hættu sem neyslu áfengis fylgir né þeirri ógæfu sem af ofneyslu þess hlýst. Hins vegar finnst flutningsmönnum það skjóta nokkuð skökku við að banna sölu á veikustu tegundum áfengis með öllu en leyfa ótakmarkaða sölu á sterkustu tegundum þess. Það sýnist svipað og að banna sölu á magnyl en leyfa sölu á morfíni.

Fram á 16. öld var áfengt öl, mjöður, notað í allmiklum mæli hér á landi og er ekki vitað til þess að um áfengisvandamál hafi þá verið að ræða. Það kom fyrst þegar farið var að flytja brennda drykki til landsins.

Andstæðingar áfengs öls hafa einkum uppi þau rök að það muni bætast við þá áfengisneyslu sem fyrir er, ekki koma í staðinn fyrir hana. Það telja þeir vera reynslu annarra þjóða þar sem ölið hefur verið leyft eftir langvarandi bann. Það má rétt vera, en í þeim tilvikum hefur sala ölsins verið leyfð í öllum matvöruverslunum. Flm. telja að áfenga ölið eigi einungis að selja í verslunum Á.T.V.R. í heilum og hálfum kössum og í þeim veitingahúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, og til útflutnings. Annars er reynsla flestra þjóða sú að áfengisneysla hefur aukist hin síðari ár, hvort sem áfengt öl hefur verið leyft eða ekki. Einnig skal það undirstrikað að hér er átt við meðalsterkt öl, ekki sterkari tegundir þess.

Ekki má gleyma því að leyfður er innflutningur á ölgerðarefnum sem margir notfæra sér og brugga þá oftast mun sterkara öl en áfengislögin leyfa og sterkara en það öl sem hér er talað um. Auk þess hafa ýmsir í framhaldi af því leiðst út í eimingu og þar með bruggun sterkra vína. Það er afleitt að hafa lög í landi sem fáir virða og ekki er unnt að framfylgja. Það venur menn á lögbrot og slíkum lögum ber að breyta.

Auðvitað má endalaust deila um þessa hluti, enda sýnir reynslan það. Ýmis rök finnast á móti sölu áfengs öls, en miklu fleiri með að mati flutningsmanna, a. m. k. á meðan áfengissala er á annað borð leyfð.

Flutningsmenn telja eðlilegast að þjóðin sjálf skeri úr í þessum efnum í almennri atkvæðagreiðslu og því er þingsályktunartillagan flutt.

Í framhaldi af þeirri atkvæðagreiðslu, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þarf að fylgja formleg breyting á 7. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, ef það reynist vilji meiri hluta kjósenda.

Fylgiskjal III.

UMRÆÐUR UM ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU UM ÁFENGT ÖL

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138). — Ein umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þskj. 138 er till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Flm. eru hv. þm. Magnús H. Magnússon, sá sem hér stendur, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Stefán Benediktsson. 1. flm. till. lagði hana fram þegar hann sat á þingi, en hann er varamaður Alþfl. Það er þess vegna sem það fellur í minn hlut að segja hér nokkur orð og reyna að koma því til leiðar að málið verði sent til hv. allshn. Sþ., sem gæti þá kynnt sér málið og komið því síðan aftur inn í Sþ. þar sem það fengi endanlega afgreiðslu.

Það er ástæða til að geta þess hér varðandi grg. sem fylgir með þáltill. að hún er að sjálfsögðu skrifuð af 1. flm., hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, svo sem algengast er um grg. sem fylgja till. á borð við þessa. Þótt þáltill. geri aðeins ráð fyrir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um bjórmálið, en ekki sé verið að fara fram á jákvæða yfirlýsingu Alþingis um að leyfa bruggun og sölu áfengs öls, má gera ráð fyrir að í umr. verði rædd efnislega með- og mótrök í því máli. Flm. vilja þó leggja áherslu á að með till. er einungis verið að leggja til að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið, en ekki að lögunum verði breytt nú þegar. Verði till. samþykkt gefst gnægð tækifæra til að ræða málið efnislega eins og vera ber.

Talsverðar umr. hafa orðið um þetta mál á undanförnum árum og virðast skoðanakannanir benda til að fylgi við bjórinn hafi heldur vaxið en hitt. Þetta kemur varla á óvart. Með auknum samskiptum við aðrar þjóðir, tíðari siglingum og vaxandi heimabruggun hér á landi hefur mönnum lærst að bjórinn þarf ekki að vera hættulegri Íslendingum en öðrum þjóðum. Flest rök gegn því að hér á landi sé leyft að brugga og drekka áfengt öl eru í eðli sínu rök gegn áfengisneyslu yfirleitt. Þau rök eru að sjálfsögðu gild sem slík, en varla verður það á dagskrá næstu árin að banna áfengi alveg, enda hafa Íslendingar og aðrar þjóðir heldur slæma reynslu af slíku banni.

Sérstakar mótbárur gegn bjórnum hafa einkum verið þær að bjórneyslan bætist við áfengisneyslu þjóðarinnar, að fólk byrji að drekka fyrr á ævinni og líkur á daglegri drykkju á vinnustöðum aukist. Öll þessi sjónarmið eiga fullan rétt á sér og taka ber tillit til þeirra þegar málið er rætt og ákvörðun tekin. Að mínu mati breyta þau samt ekki því að eðlilegt megi teljast að fólk hér á landi fái tækifæri til að drekka bjór fyrst á annað borð er verið að leyfa áfengisneyslu. Þegar bjórinn verður leyfður ber þó að hafa þessi viðhorf og reynslu annarra þjóða í huga.

Grundvallarspurningin er auðvitað sú: Hvers vegna getum við ekki fengið að drekka bjór hér á landi fyrst okkur er treyst til að drekka vín, bæði sterk og veik? Slíkt lögbundið bann, sem stríðir gegn siðgæðishugmyndum manna, er fremur til þess fallið að fólk haldi áfram að umgangast áfengi með því tvískinnungsviðhorfi sem einkennir drykkjuvenjur Íslendinga. Allir sem vilja geta nú bruggað sinn eigin bjór og reyndar aðrar áfengistegundir einnig. Flugliðar og farmenn geta flutt bjór til landsins og í sendiráðum hérlendis er drukkinn íslenskur bjór. Þannig er ekki bannað að neyta bjórsins, heldur aðeins að brugga hann og selja. Slík mismunun verður að sjálfsögðu óþolandi í augum þess fólks sem telur sig geta umgengist bjór með viðlíka hætti og útlendingar og íslenskt sérréttindafólk í þessum efnum.

Hér skal ekki farið út í þá sálma að bera saman gæði bjórs við annað áfengi. En benda má á þýðingu Halldórs Laxness á grein sem birtist í heilbrigðisdálki Süddeutsche Zeitung í München 26. apríl 1977. Í inngangi þýðingarinnar segir Halldór Laxness m. a., með leyfi forseta:

„Fróðlegt er að heyra hverju hlutgengir menn í heilbrigðismálum Þýskalands, þessa mikla bjórneyslulands, halda fram um þennan drykk, og bera saman við ýmislegt sem skrifað er um málið hér á landi — ekki síst með tilliti til þess að hér veit almenningur ekki gjörla um hvað verið er að tala þegar bjór er á dagskrá, þar sem drykkurinn hefur verið krímínaliséraður hjá okkur í tvær kynslóðir, það er að segja látinn jafnbrýna glæp allar götur síðan árið 1915."

Þetta er tekið orðrétt úr bókinni „Seiseijú, mikil ósköp" á bls. 121. Helgafell gaf bókina út.

Í umr. um bjórmálið er ekki eingöngu á það að líta hvort leyfa skuli sölu áfengs öls, heldur einnig hvernig að sölunni skuli staðið ef leyfð verður. Mín skoðun er sú, að varlega eigi að fara af stað í þeim efnum. Ég er á móti því að bjóða hann til sölu í matvörubúðum eins og víða tíðkast. Eðlilegt er að hann verði einungis seldur í útsölustöðum ÁTVR og þá aðeins í heilum eða hálfum kössum. Meira að segja kæmi til greina að fara enn hægar í sakirnar fyrst í stað og takmarka söluna við vínveitingahúsin þannig að engar flöskur verði í umferð heldur verði bjórinn einungis framreiddur í glösum. Slíkt kemur í veg fyrir fylliri á vinnustöðum og í ljós kemur hvort Íslendingar þola drykkinn verr en aðrar þjóðir. Sem kunnugt er hefur mesti styrrinn staðið um millisterka ölið í nágrannalöndunum. Af þeim sökum mætti reyna þá aðferð hér að leyfa fyrst í stað aðeins sölu bjórs með tilteknu áfengismagni og feta sig áfram á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist með þeim hætti. Slíkum atriðum hlýtur þingnefnd að velta fyrir sér og breyta till. samkv. því.

Að sjálfsögðu hefur löggjafarvaldið síðasta orðið um það hvort og hvernig skuli ákveða afnám bjórbannsins. Eðlilegast sýnist mér að almenningur ákveði það sjálfur í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er lagt til, enda virðist það vera regla hér á landi að almenn atkvæðagreiðsla fari fram um það hvort opna skuli áfengisútsölur á viðkomandi stöðum. Bjórmálið skiptir mönnum ekki í pólitíska flokka, en niðurstöður slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu gætu verið leiðbeinandi fyrir þm., enda má búast við því að í umr. um slíka atkvæðagreiðslu komi fram gnægð raka og gagnraka í málinu til að moða úr. Ef þingnefnd litist betur á þá hugmynd gæti Alþingi

kosið nefnd til að útbúa þá till. sem leggja skal fram um málið. Í henni þarf að vera greinargóð lýsing á framkvæmd þess.

Það er ekki algengt að efnt sé til þjóðaratkvæðis hér á landi. Samkvæmt stjórnarskránni er þó skylt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu þegar um er að ræða frv. sem horfir til breytingar á kirkjuskipuninni og um lög sem tekið hafa gildi en forseti lýðveldisins synjar staðfestingar. Einnig er talið að ákveða megi með lögum að þau öðlist ekki gildi fyrr en þau hafa verið staðfest með þjóðaratkvæði. Sú leið hefur aldrei verið farin hér á landi. Alþingi hefur hins vegar með þáltill. samþykkt að kanna hug kjósenda til löggjafarmálefna. Það var gert árið 1908 og 1933 um bannlögin og 1916 um þegnskylduvinnuna. Þjóðaratkvæðagreiðslan 1908 fór fram skv. þál. frá Nd. Um 60% kjósenda greiddu atkv. með banni en 40% gegn. Bannlögin voru síðan sett 1909. Þjóðaratkvæðagreiðslan 1916 um þegnskylduvinnu fór fram skv. þál. beggja deilda 1915. Niðurstaðan varð sú, að rúm 80% kjósenda greiddu atkv. gegn þegnskylduvinnu. Engin lög voru því samþykkt um það efni. Atkvæðagreiðslan um afnám innflutningsbanns á áfengi 1933 átti sér stað skv. þál. frá Sþ. Úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu urðu á þá lund að 57.7% kjósenda vildu afnema bannið en 42.3% voru með banni. Aðflutningsbannið var svo afnumið með áfengislögunum nr. 33/1935. Þjóðaratkvæði um mikilvægar breytingar á áfengislöggjöfinni eru mjög í takt við gildandi áfengislög, en í 10. gr. þeirra er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla skuli fara fram í bæjarfélagi áður en áfengisútsala er opnuð eða henni lokað.

Þar sem langt er um liðið síðan efnt var til þjóðaratkvgr. um áfengislöggjöfina þykir mér rétt að rifja aðdragandann nokkuð upp. Árið 1932 og 1933 eru flutt lagafrv. á Alþingi um breytingu á áfengislögunum þar sem gert er ráð fyrir því að aðflutningsbanni á áfengi sé rift og heimilað að flytja áfenga drykki til landsins. En það var ákveðið, eins og ég sagði áður, árið 1909 eftir þjóðaratkvgr. að banna áfenga drykki og gengu þá svokölluð bannlög í gildi. Árið 1933, þegar áfengislagafrv. er sent til allshn. Nd., gerist það að allshn. afgreiðir ekki málið, en þm. í allshn. leggja til að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið. Röksemdir eru þær m. a. að þjóðaratkvgr. hafi farið fram um bannið á sínum tíma. Umræður um málið urðu allmiklar, bæði um lagafrv. og eins um þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Í umræðum um lagafrv. kom fram till. um rökstudda dagskrá frá þingmanni Ísafjarðar. Hún hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Nd. Alþingis skírskotar til þess:

1. að meðan áfengisbannið var fullkomnast var drykkjuskapur áreiðanlega minnstur í landinu,

2. að með hverri tilslökun hefur drykkjuskapur aukist,

3. að þrátt fyrir allt er drykkjuskapur minni á Íslandi en í nokkru landi, þar sem ekki er bann,

4. að ef það, sem eftir er af banninu, væri að fullu afnumið, mundi mikil hætta á, að drykkjuskapur margfaldaðist,

5. að ósæmilegt er að afla ríkissjóði tekna með innflutningi sterkra drykkja, sem leiðir til aukinnar áfengisnautnar og meðfylgjandi hörmunga fyrir land og lýð,

6. að óverjandi er að afnema bannið að fullu, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði

og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þannig hljóðaði till. um rökstudda dagskrá frá þm. Ísafjarðar þegar breyting á áfengislögum var til umræðu árið 1933 á hv. Alþingi. Það er einmitt síðasti liðurinn í rökstuddu dagskrártillögunni sem þm. virðast hafa fallist á.

Í C- og D-hefti Alþingistíðinda frá aðalþinginu 1933, í dálkum 437—546 eru umr. um frv. Jóns Auðuns Jónssonar o. fl. Frv. var sent allshn. Nd. en hún lauk ekki málinu, heldur samdi þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu sem síðan var samþykkt á þinginu. Árið eftir, 1934, voru svo samþykkt ný áfengislög á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslunnar, sem fram fór fyrsta vetrardag 1933, skv. þáltill. sem samþykkt var í Sþ. hinn 29. maí 1933 með 26 atkv. gegn 2. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar urðu þau að 15 884 kjósendur greiddu atkv. með afnámi bannsins en 11 624 voru á móti.

Öl hefur að sjálfsögðu oft komið við sögu á Alþingi. Í seinni tíð aðallega í umr. um mál eins og það sem hér er til umr., en áður og fyrrum vegna öldrykkju á þingum. Í Jónsbók er ákvæði sem segir að „drykk skal enginn til lögréttu bera, hvorki til sölu eða á annan veg" og í Þórhalls þætti ölkofra segir m. a.: „Hann hafði þá iðju að gera öl á þingum til fjár sér, en af þessari iðn varð hann brátt málkunnugur öllu stórmenni, því að þeir keyptu mest mungát. Var þá sem oft kann verða, að mungátin eru misjafnt vinsæl og svo þeir, er seldu.".

Í dag er ástandið þannig að farmenn, flugliðar og ferðamenn geta keypt öl tollfrjálst. Íslenskt öl er drukkið í sendiráðum og á Keflavíkurflugvelli, heimabrugg er stundað mjög víða, en samt er bannað að selja öl við hlið annars áfengis í verslunum ÁTVR og á öldurhúsum. Með þessari till. vilja flm. láta kanna hver vilji þjóðarinnar sé í þessum efnum.

Herra forseti. Mér er það fullljóst að íslenska þjóðin á eins og margar aðrar þjóðir við áfengisböl að stríða. Fáum kemur þó til hugar allsherjaráfengisbann í alvöru. Framboði á áfengi ber að halda innan ákveðinna marka, þannig að freistingin blasi ekki alls staðar við. Að mínu áliti ber þó fyrst og fremst að draga úr eftirspurninni. Slíkt verður ekki gert með boðum né bönnum heldur skilvirkri og skynsamlegri fræðslu um afleiðingar drykkjunnar. Með breyttum reglum gefst kostur á nýjum umgengisvenjum og heilbrigðara almenningsáliti. Fræðslustarf áhugasamtaka og opinberra aðila í skólum og á vinnustöðum er happadrýgsta aðferðin og skilar miklu meiri árangri en boð og bönn sem stríða gegn skynsemi almennings og leiða til virðingarleysis gagnvart lögum og reglum.

Þessi till., ef samþykkt verður, hleypir vonandi af stað umræðum um áfengismál. Á grundvelli raka og gagnraka er eðlilegt að þjóðin greiði atkvæði um málið. Niðurstaðan verður leiðbeinandi fyrir Alþingi sem auðvitað á síðasta orðið.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að loknum fyrri hluta umr. send allshn. til frekari skoðunar og afgreiðslu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er á ferðinni gamalt mál í nýjum umbúðum, þ. e. flutningsmenn þessa máls leggja ekki á það höfuðáherslu lengur að

þeir vilji fá áfengt öl inn í landið eða það verði framleitt hér heldur hitt að þjóðin skuli láta í ljós álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu. Ef það er hugleitt að almenn atkvæðagreiðsla kemur að sjálfsögðu til greina um þetta mál eins og annað hljótum við fyrst að spyrja hvort málið sé svo mikilvægt að eðlilegt sé að það sé tekið upp í almennri atkvæðagreiðslu. Væri þá t. d. ekki fróðlegt að fá það upp í almennri atkvæðagreiðslu hvort mönnum finnst ekki eðlilegt að ef menn vinna sömu störf hlið við hlið beri þeim sama kaup? Ég er hér um bil viss um að það lægi alveg ljóst fyrir.

En það er athyglisvert að varaformaður Sjálfstfl. hefur hér umr. um þjórinn sem þjóðarnauðsyn á eftir umr. utan dagskrár um það atriði sem ég vék að áðan og hleypti greinilega þó nokkrum hita í marga hér í salnum. Ég vil byrja á að segja að mér sýnist að hugmyndir um beint lýðræði, á þann hátt að þjóðin segi álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu eigi varla mjög mikla framtíð. Á Vesturlöndum er búið að gera ýmsar tilraunir til að leysa þetta á auðveldari hátt með skoðanakönnunum og það væri miklu nær undir öllum svona kringumstæðum, að mínu viti, að setja lög um skoðanakannanir og beita þeim svo miklu oftar til að átta sig á þjóðarvilja en að taka upp þá almennu reglu að demba mjög mörgum málum inn í almenna atkvæðagreiðslu.

En e. t. v. er hugsunin á bak við þetta á þann veg að þar sem ekki hafi tekist að koma þessu máli í gegnum þingið nú um alllagan tíma og þm. almennt talið önnur mál merkari beri nú að fara þá leið að leggja höfuðkapp á að fá fram almenna aðkvæðagreiðslu um áfengt öl. Ég hygg að sú kenning sem kom hér fram hjá flm., hv. 2. þm. Reykv., að aðalatriðið væri að draga úr eftirspurninni og með því móti ætti að takmarka áfengisneyslu — reyndar minntist hann á fræðslu í skólum og margt fleira — sé vissulega rétt svo langt sem hún nær. Hins vegar mun það samt vera svo að fordæmið skiptir þar mestu máli og það er athyglisvert sem Einstein sagði um uppeldið þegar hann var spurður hvað skipti þar mestu máli. Hann sagði að það væri í fyrsta lagi fordæmið, í öðru lagi fordæmið og í þriðja lagi fordæmið.

Ef við höfum fylgst með þeim áhrifum sem sjónvarp og kvikmyndir hafa haft á venjur manna, m. a. glæpahneigð, fer ekki á milli mála að fordæmið er mjög mótandi í allri samfélagslegri hegðun. Ég er sannfærður um að ef Alþingi Íslendinga fer að leggja áherslu á áfengt öl sem einhvern bjargvætt fyrir þessa þjóð mun æska þessa lands að sjálfsögðu taka mið af því. Fyrst þm. telji svo mikilvægt að ölið sé bruggað og selt hljóti þeir að hafa gert ráð fyrir því að það yrði drukkið. Mér finnst dálítið mikil einfeldni í því annars vegar að leggja áherslu á frelsið varðandi söluna og varðandi það að brugga ölið ef menn vilja svo í sömu ræðu leggja áherslu á það hvernig þeir ætli að koma í veg fyrir að of mikið sé í umferð af þessari vöru með þeirri kenningu að draga eigi úr eftirspurn.

Ég sé fram á það að þetta mál mun að sjálfsögðu koma til allshn. Þar er allmikið af málum fyrir og að sjálfsögðu mun n. gefa sér tíma til að skoða þetta mál vel og vandlega þegar þar að kemur. En ég vænti þess að þingheimur geri sér grein fyrir því að hérna er raunverulega gerð tilraun til að fara inn um hliðardyr af því að aðaldyrnar voru lokaðar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Nú fyrir skömmu var opnað stórt meðferðarheimili, sjúkraheimili til að freista þess að bjarga allmörgum mönnum frá áfengisbölinu. Þetta heimili er ekki eina meðferðarheimilið af þessu tagi. Þau eru hér víða um land og mörg og öll full. Enda þótt við höfum fleiri sjúkrapláss fyrir drykkjusjúklinga en nokkur önnur þjóð í veröldinni duga þau ekki sem fyrir eru. Margfalt fleiri en þeir sem fara til slíkrar meðferðar eru illa farnir vegna áfengisneyslu. Stöðugt verða þeir unglingar, og ég held að það sé óhætt að segja þau börn, yngri sem ánetjast áfengisneyslu. Það er staðreynd að ákveðið hlutfall þeirra sem hefur drykkju ánetjast áfenginu þannig að það eyðileggur þeirra líf og þeirra nánustu. Áfengisvandamálið er kannske eina stóra vandamálið í þessu þjóðfélagi. Hin má leysa eftir atvikum.

Herra forseti. Það er reynsla annarra þjóða, sem hafa bætt bjórnum við annað áfengi, að það dregur ekki úr neyslu þess áfengis sem fyrir var á markaðnum heldur hefur bjórinn bæst við. Ef við athugum þær tölur sem fyrir liggja um það magn hreins vínanda sem hver einstaklingur drekkur í ákveðnum löndum kemur í ljós að þeir sem drekka mestan bjór drekka langmest af hreinum vínanda samtals yfir árið. Íslendingar eru sem betur fer enn tiltölulega lágt á þeirri skrá. Ég er ekki í nokkrum vafa um að meðalneysla áfengis mun vaxa ef bjórnum er bætt við. Ég held að það skaðræðisdýr sé nógu slæmt sem fyrir er þó við förum ekki að beita okkur fyrir að bæta öðru við.

Ég er ekki sammála þeim röksemdum þeirra manna sem eru að berjast gegn bjórdrykkju að unglingar læri eitthvað fyrr að drekka áfengi með bjór. Íslenskir unglingar, börn, hafa getað lært það nógu snemma og allt of fljótt þó að bjór hafi ekki verið á boðstólum. En ég vil minna hv. alþm. á að áfengisvandamálið er ærið fyrir og sú staðreynd liggur fyrir, sönnuð staðreynd, að bjórdrykkjan bætist við en kemur ekki í staðinn fyrir aðra áfengisneyslu.

Hvernig stendur svo á því að menn fara þessa leið nú, ákaflega sakleysislega leið, að velta ábyrgðinni af sjálfum sér — því auðvitað á þingið sjálft að taka ákvörðun í slíkum málum — yfir á þjóðaratkvæðagreiðslu? Við höfum sem betur fer tækifæri til að greiða atkv. um ýmsa hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu en þeirri aðferð á ekki að beita í slíkum málum sem þessum. Ég held að þjóðaratkvæðagreiðsla sem slík setji ofan við það að nota hana við að lauma inn meira áfengi til neyslu. Kannske þora flm. ekki að flytja sjálfir frv. um að hér skuli vera bruggaður bjór og seldur. Þeir eru að víkjast undan því og velta hlutunum yfir á aðra.

Herra forseti. Um þetta mætti auðvitað tala lengra mál en ég vil hvetja alþm. til, þegar þeir fjalla um þetta mál, að reyna að gera sér skýra grein fyrir þeim voðalegu afleiðingum sem af þeirri ákvörðun gæti leitt.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138). — Frh. einnar umr.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég er flm. að þeirri till. sem hér um ræðir og tel mér því skylt að taka til máls og gera grein fyrir ástæðum þess.

Þar er fyrst til að taka að hér er verið að tala um áfengismál og þarf varla að segja nokkrum að áfengi er hluti af okkar lífi. Áfengi er reyndar óæskilegur hluti af lífi minni hluta fólks en nokkuð eftirsóttur hluti af lífi meiri hluta fólks. Ofneysla áfengis er að nokkru leyti skilgreiningaratriði eftir því frá hvaða sjónarhóli það mál er skoðað. En nokkur almennur skilningur skilgreinir þetta vandamál þannig að u. þ. b. 10% fólks sé sú hætta búin af neyslu áfengis að til ofneyslu leiði.

Á s. l. tveimur öldum hefur sú þróun orðið í mannréttindum að fólk hefur öðlast aukinn rétt til að ráða sér sjálft og þar með öðlast aukna ábyrgð á sínum gerðum. Almenn skilgreining lýðræðis er sú orðin að meiri hlutinn ákveði fyrir heildina hvað verða skuli. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að bjórdrykkja dragi úr áfengisneyslu hér á landi, þvert á móti. Ég get þó fullyrt af fenginni reynslu að meiri hluti þjóðarinnar mun ekki leggjast í fyllirí. Ástæða þess að ég styð þetta mál er sú, að ég tel almenning í landinu þess fullbúinn að ráða því sjálfur hvað hann gerir í þessu máli og að meiri hlutinn eigi að ákveða í þessu máli sem öðrum hvað gera skuli.

Herra forseti. Ég get ekki leitt hjá mér þann málflutning sem átt hefur sér stað hér á þingi og verð að játa að það er alveg rétt til getið hjá andmælendum að hér sé reynt að fara með vissum hætti fram hjá þingi. Ástæðan er einfaldlega sú, að fáránleg kosningalög í landinu gera það að verkum að engin trygging er fyrir því að niðurstaða Alþingis sýni meirihlutavilja þjóðarinnar. Við vorum minnt á það hér áðan við umræðu um tilraunastöðina á Reykhólum. Þá tók til máls 1/15 þingheims, allir þm. Vestf., og þögðu þó tveir til viðbótar, því að hér sitja núna einn af hverjum tíu þm. sem Vestfirðingar. Þessi staðreynd leiðir það af sér að ekki er hægt að treysta því að það sé regla að Alþingi taki ákvörðun í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Ég ætla mér ekki að ræða vantrú vissra einstaklinga og vissra stjórnmálahreyfinga á beinu lýðræði. Opinberun þessa skorts á trausti á beinu lýðræði dæmir sig alveg sjálfkrafa. En það má benda á beint samhengi milli þess málflutnings og þess misvægis í mannréttindum sem kolrugluð kosningalöggjöf leiðir af sér.

Umr. frestað.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138, n. 1000 og 1025, 1003). — Frh. einnar umr.

Frsm. 1. minni hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um almenna atkvgr. um áfengt öl. Þetta nál. er frá 1. minni hl. allshn. Með tilliti til þess að hér er um mjög viðkvæmt og viðamikið mál að ræða tel ég rétt, herra forseti, að lesa upp nál. í heild:

„N. hefur fjallað um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Undirritaðir nm. eru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Á 40 ára tímabili, eða frá stofnun lýðveldisins, hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er hæpin afmælisgjöf að efna til þess að þjóðin skiptist í tvær stríðandi fylkingar. Vitað er að hver sem niðurstaðan yrði af slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu teldi sá aðili sem tapaði að ekki bæri að fara eftir niðurstöðunni. Vísast í því sambandi til ræðu Jóns Magnússonar, varaþm. og formanns Neytendasamtakanna, þar sem hann segir í þingræðu er hann mælti fyrir frv. til l. um breytingu á áfengislögum þess efnis að Alþingi heimili framleiðslu og sölu á áfengu öli á innlendum markaði:

„Jafnvel þó meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans. Ég byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa þá eigi meiri hl. ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilji hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumunstur almennings og ég álít að varðandi það atriði eigi meiri hl. ekki endilega að geta sagt minni hl. fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hl. fyrir skoðunum og vilja minni hl. sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa. Af því sem hér er rakið tel ég skynsamlegt að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu."

Á öðrum stað í sömu ræðu víkur Jón að skyldum þm. og vandkvæðunum á því að bera undir þjóðaratkvæði allar breytingar á áfengislöggjöfinni. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú liggur fyrir Sþ. till. til þál., 111. mál, þskj. 138, um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Án þess að ég vilji leggja flm. þeirrar till. orð í munn hygg ég að viðhorf þeirra sé að þoka málinu áfram þannig að út af fyrir sig ætti ekki að vera ágreiningur á milli okkar sem flytjum þetta frv. og flm. þáltill. Hér er ekki verið að neita þjóðaratkvæðagreiðslu, en á það bent að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að ráða fram úr málum með því að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þau mál sem eru einhver feimnismál eða ef þm. óttast að einhver hluti kjósenda þeirra felli sig illa við afstöðu þeirra. Ef öll ákvæði um framkvæmd áfengismála ættu að vera samkvæmt þjóðaratkvæðagreiðslu gæti orðið tafsamt um úrbætur sem reynslan sýndi að þyrfti að gera.

Í þessu sambandi bendi ég á ummæli og kafla úr áramótabréfi áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að við kjósum alþm. til að setja okkur lög, m. a. áfengislög, og þeim ber að axla þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki á bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar.""

Hér kemur það fram að bæði þeir sem vilja áfengt öl og þeir sem eru andvígir tilslökunum ætlast til þess hugrekkis af þm. að þeir taki beina efnislega afstöðu til mála á Alþingi. Með samþykkt þessarar þáltill. eru alþm. að vikja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli.

Undirritaðir nm. eru reiðubúnir til að taka efnislega afstöðu í þessu máli, enda liggur fyrir þinginu frv. til l. um þetta málefni.

Með vísan til framanritaðs leggja eftirtaldir nm. til að till. verði felld. Þorsteinn Pálsson var fjarverandi afgreiðslu málsins."

Undir nál. rita hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson frsm., Ólafur Þ. Þórðarson formaður og Eggert Haukdal.

Ég skal ekki vera langorður herra forseti, umfram það sem þegar hefur komið fram við lestur þessa nál.,

en vil aðeins segja þetta: Fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingu á áfengislögum þess efnis að Alþingi heimili framleiðslu og sölu á áfengu öli á innlendum markaði. Eftir 2. umr. í Nd. var frv. vísað til allshn. deildarinnar. Skoðun 1. minni hl. allshn. Sþ. kemur fram í nál. sem ég las áðan og vil undirstrika enn á ný, þar sem segir:

„Hér kemur það fram að bæði þeir sem vilja áfengt öl og þeir sem eru andvígir tilslökunum ætlast til þess hugrekkis af þm. að þeir taki beina efnislega afstöðu til mála á Alþingi. Með samþykkt þessarar þáltill. eru alþm. að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli. Undirritaðir nm. eru reiðubúnir til að taka efnislega afstöðu í þessu máli, enda liggur fyrir þinginu frv. til laga um þetta málefni.“

Í samræmi við þessa skoðun 1. minni hl. hefur verið óskað eftir því við allshn. Nd. að n. afgreiddi málið til deildarinnar og það yrði afgreitt á þessu þingi. Ég er þeirrar skoðunar að hv. alþm. verði að reka af sér það slyðruorð sem af þeim fer, því miður, í þessu máli, að þeir þori ekki að taka afstöðu í hv. Alþingi um að vera annaðhvort með eða á móti því að heimila sterkt öl á Íslandi. Það gera þeir því aðeins að þeir taki umrætt frv. til meðferðar og greiði atkvæði með því eða á móti.

Ég tel það mikið atriði og þýðingarmikið fyrir hv. Alþingi að þetta mál verði afgreitt á þingi. Því miður hefur Alþingi sett niður í augum þjóðarinnar oft og tíðum. Ég held að það mundi vera mjög alvarlegt mál fyrir hv. Alþingi ef það þorir ekki og skýtur sér undan þeirri skyldu að taka af skarið í þessum efnum. (Gripið fram í.) Þetta var óþörf athugasemd, ég var ekki búinn að ljúka máli mínu, hv. þm. gat því sparað sér þetta. Ég hef aldrei, hv. þm., haft það fyrir sið að hlaupa fyrir horn og mun hvorki gera það hér á Alþingi né annars staðar úr því sem komið er, enda aldrei ætlað mér að gera það.

Ég ætlaði einmitt að víkja að þessu atriði og segja: Ég get fyrir mitt leyti lýst því strax yfir að komi þetta frv. til atkvæða í hv. deild mun ég greiða því mitt atkvæði, ég mun segja já við því að heimila framleiðslu og sölu á áfengu öli á Íslandi. Með vísan til þessa og þeirrar grundvallarafstöðu minnar að hv. þm. eigi ekki að víkja sér undan þeim skyldum að setja landsmönnum lög í þessum efnum sem öðrum undirstrika ég þá afstöðu sem fram kemur í nál. 1. minni hl. um að fella beri þessa þáltill.

Frsm. 2. *minni* hl. (*Stefán Benediktsson*): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. allshn. og mælir hann með því að þáltill. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 1003 þar sem um er að ræða ákveðnar orðalagsbreytingar og nánari skilgreiningu á því hvaða atriði í raun og veru er verið að fjalla um í spurningunni um heimild til sölu og framleiðslu áfengs öls. Það er nú einu sinni þannig að bjór er ekki bara bjór, hann er áfengi, að vísu það veikasta, en hann ber að skoða í samhengi við áfengi almennt eins og við köllum það gjarnan, áfengismál.

Þótt áfengi sé viðurkenndur vímugjafi hér á landi hefur fólk ekki átt þess kost hingað til að kjósa stjórnmálahreyfingar með tilliti til þess málaflokks. Að mér vitandi hefur engin stjórnmálahreyfing yfirlýsta almenna stefnu í áfengismálum. Menn hafa sýnt ákveðnar tilhneigingar til þess að koma slíkri stefnu fram í þingi með því að þing reyni að verða sjálfu sér sammála um einhverja stefnu í þessum málum, en það hefur ekki tekist sem skyldi allavega hingað til. Þar af leiðandi hafa kjósendur aldrei kosið um þessa hluti.

Það er sitt hvað að kjósa um bjór eða kjósa um stefnu í áfengismálum. Það er að mínu mati nánast siðferðileg skylda Alþingis að kanna vilja þjóðarinnar í jafn þýðingarmiklu máli sem áfengismál eru almennt. Það getur í raun og veru ekki talist annað en eðlilegt að 60 þjóðkjörnir fulltrúar geri sér skýra mynd af því hver er vilji atkvæðisbærra kjósenda. Þessir kjósendur geta skoðast vegna fjölda síns sem fulltrúar nær hverrar einustu fjölskyldu á landinu.

Menn greinir á um það hvenær beita skuli almennri atkvæðagreiðslu til að kanna vilja fólks. En almennt vega menn slíkar kosningar og meta eftir því hversu málefnið snertir fólkið náið. Hvað formið snertir, þá er það ekki alveg rétt, sem hv. ræðumaður hér á undan mér hélt fram, að hér hafi ekki farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla síðan lýðveldið var stofnað. Forsetar eru í raun og veru kjörnir í þjóðaratkvgr. því að munurinn á henni og kosningum til þings liggur í jöfnu atkvæðavægi.

Það eru fá mál sem snerta fjölskyldulíf jafnnáið og áfengismál. Þess vegna hefur sú hefð mótast hér á landi, t. d. í sveitarfélögum, að þegar taka skal ákvörðun um það hvort opna skuli áfengisútsölu er leitað samþykkis eða synjunar íbúa viðkomandi sveitarfélags og þegar stórar breytingar hafa verið gerðar á stefnu í áfengismálum hér á landi hefur líka verið leitað álits þjóðarinnar á slíkum athöfnum. Þau fordæmi þekkja allir. Okkur fannst eðlilegra að láta það koma fram í till. með hvaða hætti ætti að selja eða dreifa áfengu öli og hver styrkleiki þess ætti að vera. Þess vegna leggjum við til að spurningin, sem borin verði upp í þessari almennu atkvæðagreiðslu, taki mið af þessum skilyrðum. Þau koma fram, eins og ég sagði, á þskj. 1003.

Bjór er áfengi og áfengi er ekki selt hér á landi annars staðar en í útsölum ÁTVR og á vínveitingahúsum. Að leggja til annan dreifingarmáta á bjór en öðru áfengi væri að rugla saman tveimur mjög óskyldum atriðum. Annars vegar því atriði hvort fólk vill breyta því ástandi sem nú ríkir í áfengismálum, þ. e. leyfa að drekka hið sterkasta áfengi eins og gert er í dag en banna það veikasta nema þá kannske aðeins ákveðnum sérréttindahópum, og hins vegar þeirri spurningu hvort breyta ætti þeim dreifingaraðferðum sem viðhafðar hafa verið við sölu áfengis hérna um áratuga skeið. Við, sem stöndum að 2. minnihlutaáliti, töldum það ekki nauðsynlegt.

Komið hafa fram gagnrýnisraddir sem telja að þm. vilji ekki eða þori ekki að taka afstöðu til áfengismála á Íslandi. Sumir gengu meira að segja svo langt að þeir töluðu um að menn yrðu að hafa burði til að berjast á móti straumnum og hafa vit fyrir fólki. Það að þm. þori ekki að taka afstöðu til bjórmálsins tel ég reyndar vera alrangt og reyndar mjög útbreiddan misskilning. Flestir ef ekki allir þm. hafa lýst því yfir að þeir séu reiðubúnir að taka afstöðu til spurningarinnar um það hvort heimila eigi frjálsa sölu og framleiðslu áfengs öls. Þetta er ekki spurning um það hvort menn þori eða hafi

hugrekki. Ég held að það hafi eiginlega aldrei verið þannig að hetjur hafi endilega verið kosnar hér á þing. Þetta er spurningin um það hvort menn telji sig hafa umboð til að taka þessa ákvörðun, jafnalvarleg og hún er, án þess að hafa kynnt sér vilja þjóðarinnar. Alþm. bera ábyrgð á lögum og leikreglum en ekki mönnum. Þar sem einstaklings- og valfrelsi ríkir ber einstaklinginn endanlega ábyrgð á eigin gerðum svo fremi sem hann hefur rétt til þess að velja og hafna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég átti satt að segja tæplega von á því að reynt yrði að knýja á um það á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þinghaldinu að fram færu umr. um þetta mál hér. Það eru mörg önnur mál sem liggja fyrir þinginu óafgreidd og ég sé satt að segja enga nauðsyn á því að taka þetta mál fram yfir mörg önnur mál sem liggja fyrir í þinginu. Það á bæði við um frv. sem liggja fyrir í deildum þingsins og einnig tillögur sem liggja fyrir hv. Sþ. Það á t. d. við um umr. um utanríkismál sem enn er ekki lokið. Ég átta mig satt að segja ekki á því offorsi sem er varðandi það að keyra þetta mál endanlega fram til lykta umfram fjölda annarra mála sem hér liggja fyrir.

Úr því að þetta mál er komið til umr. þá tek ég fyrir mitt leyti undir það nál. sem hér liggur fyrir á þskj. 1000 frá 1. minni hl. allshn. þar sem lagt er til að till. verði felld. Rök mín í þeim efnum eru af ýmsum toga. Í fyrsta lagi þau sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson rakti hér áðan, ég tel að þingið eigi sjálft að taka afstöðu í málum af þessu tagi. Í öðru lagi vil ég láta það koma fram að ég er andvígur því að hér yrði gerð þingsályktunarsamþykkt um bjór og tel að þingið eigi að taka afstöðu til þess með breytingu á lögum um áfengismál. Ég mundi sjálfur greiða atkvæði gegn því frv. sem hér liggur fyrir og vitnað var til frá hv. varaþm. Jóni Magnússyni og fleirum.

Það er rétt að það eru mörg mikilvæg mál sem þjóðin þarf að segja skoðun sína á. Hvað um málið sem rætt var hér lengst fyrir áramótin, fiskveiðimálin, og það hvernig háttað er veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands? Snertir það ekki hverja einustu fjölskyldu í landinu? Það snertir nánar hverja einustu fjölskyldu í landinu en flest önnur mál sem hér hafa verið uppi. Með þeim rökum hefði verið eðlilegra að taka það mál til þjóðaratkvæðis en flest önnur mál sem hér hafa verið rædd í vetur. Hvað með frv. um ríkismat sjávarafurða, svo að ég nefni annað dæmi? Það snertir líf allra fjölskyldna í landinu með beinum og óbeinum hætti hvernig að þeim málum er staðið og lífskjör þjóðarinnar. Hvað um þetta frumvarpafargan allt um að selja ríkiseignir, selja eignir þjóðarinnar? Það er hvert frv. á fætur öðru um þau mál hér inni í þinginu og ríkisstj. boðar að hún ætli áfram að halda á þeirri braut að selja almannaeignir. Því skyldu þessi mál þá ekki koma til þjóðaratkvæðis svo þjóðin fái að segja sjálf hvort hún vilji selja þessar eignir eða ekki? Var hún spurð að því í síðustu kosningum hvort ætti að selja þessa eign eða hina? Það held ég ekki.

Auðvitað eru menn kosnir á Alþingi til þess að taka afstöðu til mála af þessu tagi. Hins vegar er rétt að leggja á það áherslu að fleiri mál fari til þjóðaratkvæðis en gerst hefur á síðustu fjórum áratugum. En Alþingi hafnaði á sínum tíma þjóðaratkvæðagreiðslu um álverið í Straumsvík. Þar var brotið í blað í atvinnusögu Íslendinga að mínu mati þar sem útlendingar voru fyrsta sinni leiddir til vegs í atvinnumálum hér á landi. Það mál átti að fara til þjóðaratkvæðis margfalt frekar en það mál sem hér er á dagskrá. Þess vegna var það sem Alþb. og Framsfl. á þeim tíma lögðu til að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn við Sviss Aluminium.

Sama er að segja um aðild Íslands að EFTA. Það var grundvallarmál líka hvort Íslendingar ætluðu að bindast í samtök um fríverslun að einu eða öllu leyti. Það mál átti að bera undir þjóðaratkvæði eins og þá var lagt til. En ég tel að það sé í rauninni algerlega út í hött að bera mál af því tagi sem hér er um að ræða undir þjóðaratkvæði, fyrstu þjóðaratkvæðagreiðsluna eftir að Íslendingar samþykktu stofnun lýðveldis fyrir 40 árum, það teldi ég gersamlega óeðlilegt.

Nú er rætt um það í þessari tillgr. og frsm. 2. minni hl. gerði ekki grein fyrir því hvað það þýddi að fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla um framleiðslu og sölu áfengs öls. Hvað þýðir almenn atkvæðagreiðsla í þessu efni? Á að efna til sérstakra kosninga á Íslandi um þetta mál þar sem farið yrði eftir venjulegum reglum um kosningar? Eða er ætlunin að efna til kosninga samhliða alþingiskosningum um þetta mál? Eða er ætlunin að efna til kosninga samhliða sveitarstjórnarkosningum um þetta mál? Engin skýring liggur fyrir á þessu og það er útilokað fyrir þingið að samþykkja svona till. öðruvísi en að hér sé kveðið afdráttarlaust á um hlutina.

Segjum að þetta færi fram í tengslum við sveitarstjórnarkosningar. Það yrðu fróðlegar kosningar hér hjá okkur í því kjördæmi sem við erum stödd í, Reykjavík, því að í næstu borgarstjórnarkosningum á líka að fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla hér um hundahald. Hvernig halda menn að umr. verði hér um borgarstjórnarmálefni fyrir næstu kosningar ef samhliða er fyrst og fremst verið að knýja á um úrslit varðandi annars vegar hundahald og hins vegar bjór? Menn sjá auðvitað í hendi sér að slíkar kosningar yrðu skrípaleikur einber og það gengur ekki að halda þannig á málum. Að mínu mati er ekki verið að styrkja heldur að veikja lýðræðið með því að taka þannig á málum eins og hér mundi þá verða.

Hvernig halda menn síðan að þetta mundi gerast ef þetta yrði samhliða alþingiskosningum? Halda menn velt því fyrir sér hvernig þingmálafundirnir verða í landinu? Skyldu ekki áhugamenn í sambandi við áfengisvarnir t. d. og áfengismál ekki fjölmenna á þá fundi og knýja á um svör fyrst og fremst við þessu máli? Ég nefni sem dæmi minn góða vin, Árna Helgason í Stykkishólmi. Hann mundi ekki láta sér annað lynda en frambjóðendur í Vesturlandskjördæmi svöruðu til um það hvaða afstöðu þeir hefðu í þessu tiltekna máli burtséð frá öllum öðrum málum. Ég held að það sé algerlega fráleitt að láta þjóðmálaumræðu í tengslum við alþingiskosningar spillast af því að eitt einstakt deilumál er tekið út úr af því tagi sem hér er gerð till. um. Mér þykir það því undarlegt ef hv. alþm., sem þekkja til kosninga og hugsa málið til enda, láta sér detta það í hug að láta fara fram almennar kosningar til Alþingis og um leið verði þetta mál sérstaklega á dagskrá fyrir nú utan þann skrípaleik sem uppi yrði hér í Reykjavík þar sem hundahaldið bætist svo við. (**Gripið fram í:** En að hafa kartöflurnar með?)

Ég held líka, herra forseti, að hér sé um það að ræða að Alþingi marki ákveðna stefnu í því hvernig þjóðaratkvæði fer fram. Sú stefna á að mótast í stjórnarskránni og í umr. um breytingar á stjórnarskránni, sem fram hefur farið á undanförnum árum, hefur verið gert ráð fyrir því að setja sérstakar reglur um þjóðaratkvæði. Ég tel að nauðsynlegt sé að rýmka þar nokkuð um frá því sem verið hefur, en ég teldi algerlega óeðlilegt að fara að brjóta ísinn í þessum efnum með máli af þessum toga. Slíkt gæti spillt fyrir því að stjórnarskráin yrði bætt að þessu leyti. Svona mál mundi draga úr áhuga fólks almennt á því að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess vegna er það mín skoðun að slík þjóðaratkvæðagreiðsla mundi veikja þann lýðræðislega áhuga sem uppi er í landinu á því af eðlilegum ástæðum að settar verði hér almennar reglur um þjóðaratkv.

Auk þessa alls má kannske benda á það í þessu sambandi og mér finnst það skipta máli að nefnd áhugamannasamtaka og allra þingflokka er að störfum um mótun opinberrar stefnu í áfengismálum. Mér er kunnugt um að hún starfar vel og hefur þegar skilað ítarlegu nál. Meðan sú nefnd er að störfum er algerlega óeðlilegt að vera að afgreiða hér mál af þessum toga og eðlilegt að hún fái að fjalla um málin og þeir flokkar sem þar eiga fulltrúa geti komið á framfæri í gegnum þá þeirri afstöðu sem þeir vilja hafa uppi í þessum málum.

Nei, við skulum ekki vera að gera okkur leik að því að breyta almennri atkvæðagreiðslu hér í landinu í skrípaleik af neinu tagi. Við skulum gera okkur grein fyrir því að í alþingiskosningum er tekist á um almennar þjóðmálastefnur og þannig hlýtur það að verða. Það er ekki rétt, sem hér hefur verið sagt, að einstakir flokkar hafi ekki haft afstöðu í þessum málum, áfengismálum, eða að einstakir þm. hafi ekki haft það. Það hefur legið fyrir að einstakir þm. og flokkar hafa haft afstöðu í þessum efnum og hafa gert grein fyrir henni. (**Gripið fram í:** Hver er stefna Alþb. í áfengismálum?) Hún hefur m. a. komið fram, hv. þm., með þeim hætti að ýmsir af okkar frambjóðendum og þm. hafa verið mjög andvígir t. d. því að leyfa sölu á áfengum bjór og ég fullyrði að meiri hluti þingflokks Alþb. hefur tekið þá afstöðu að vera andvígur því að breyta áfengislögunum í þá átt að rýmka þau frá því sem verið hefur, það hefur verið okkar flokksleg afstaða. Þannig hefur það verið og þannig er það.

Hins vegar eru menn komnir í ákveðinn vanda í sambandi við þetta bjórmál. Búið er að leyfa innflutning á bjór úr fríhöfninni í stórum stíl, m. a. íslenskum bjór, og farið er að selja eitthvert sull á veitingastöðum sem kallað er bjór og birtast myndir af í auglýsingum. Ég held þess vegna að þarna séum við staddir frammi fyrir því að vissar varnir, sem menn vilja hafa uppi, virðast vera að bresta og sjálfsagt er nauðsynlegt að menn skoði sína afstöðu í þessum málum og jafnvel endurskoði, þeir sem það vilja, með tilliti til þess. Það er svo annað mál en það sem hér er verið að fjalla um. Hér er fyrst og fremst verið að ákveða að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál, almenn atkvæðagreiðsla, án þess að í tillgr. sé skilgreint hvers konar kosningar það eru. Eru það alþingiskosningar? Eru það sveitarstjórnarkosningar? (**Gripið fram í:** Hvort tveggja.) Eða almennar kosningar sem fara eingöngu fram um þetta mál? Eða eru menn að tala um að þetta gerist á annan hvorn veginn? Það er alveg útilokað fyrir Alþingi að segja: Látum það bara ráðast. — Hver ræður því þá? Hver mundi ráða því eftir þessari þáltill. hvort það væru sveitarstjórnarkosningar eða alþingiskosningar? Hver ákveður það? Hver mundi ákveða það? (**Gripið fram í:** Það kemur fram í till., hvorar sem á undan eru.) „Atkvæðagreiðsla fari fram við næstu almennar kosningar." Það þýðir að það geti verið sem sagt hvort heldur sem er alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar og það á að ráðast. Það gerir nú málið í rauninni enn þá ruglingslegra að mínu mati vegna þess að þar með eru menn að opna fyrir það, t. d. í sambandi við sveitarstjórnarkosningar, að fram fari atkvæðagreiðsla í maí í þéttbýlinu en í júní í dreifbýlinu. Þetta gengur alls ekki upp. Menn hljóta þá að vera að tala hér um alþingiskosningar. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég sé að agnúast við þá afstöðu almennt sem hér kemur fram. En ég bara bendi á að það eru almennir rökrænir gallar á þessari till. eins og hún hér liggur fyrir sem gerir það að verkum að ég held að þm. geti undir engum kringumstæðum samþykkt þá till. sem hér er á dagskrá burtséð frá afstöðu þeirra til bjórmálsins almennt.

Ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að láta þetta koma hér fram áður en atkvæðagreiðsla fer fram um málið á mánudaginn því að ég tel að hérna sé um að ræða alvarlegt mál. Það á ekki að umgangast þjóðaratkvæðagreiðslu, almenna atkvæðagreiðslu í landinu, af neinni léttúð. Og við eigum líka að muna það að við höfum á okkur í þessu efni ríkar skyldur um að þar sé gætt alls sóma og menn æði ekki út í ófærufen sem getur síðan spillt fyrir að sá lýðræðislegi áhugi, sem er á því að rýmka fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, fái síðar að njóta sín.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um að hann hefði tæplega átt von á því að þetta mál væri tekið til umr. Hann hafði orð á því og talaði um offors í þessu máli og að verið væri að knýja það fram til lykta. Hann vék að því að gert væri ráð fyrir að umr. um utanríkismál yrðu hér á eftir. Tekið var fram í upphafi fundar að það yrði. Það var tekið fram í upphafi fundar að það yrði leitast við að taka til umr. þau mál þar sem nál. lægju fyrir. Það er ekki í verkahring forseta að kveða upp dóm um það hvaða mál eru þess verð að þingið ræði þau. Þess vegna eru öll þau mál, sem nefndir hafa skilað áliti um, jafnrétthá að því leyti að það ber að taka þau til umr. ef kostur er.

Nú var vitað að það yrði knappur tími fyrir öll þessi mál. Þess vegna lét ég skrifstofu þingsins gera lista yfir röð mála á þann veg að eftir því sem við yrði komið yrðu þau mál tekin fyrst þar sem nál. var skilað fyrst. Skv. þessu hefur verið reynt að haga því hvaða mál væru tekin til umr. á þessum fundi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í nál. 1. minni hl. allshn., sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson mælti fyrir, kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með samþykkt þessarar þáltill. eru alþm. að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á

áfengu öli.“ Eitt þeirra atriða, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lagði áherslu á í sínu máli, var að þm. þyrftu að reka af sér það slyðruorð sem af þeim fer að þora ekki að taka afstöðu í þessu máli. Í ljósi þessara ummæla er nauðsynlegt að þeir þm., sem mæla með samþykkt þessarar þáltill. með þeirri breytingu sem fram hefur verið lögð, geri grein fyrir því af hverju þeir styðji þessa leið, að fram fari almenn atkvæðagreiðsla um áfengt öl.

Ljóst er að mikill ágreiningur er í þinginu ekki síður en hjá þjóðinni allri um þetta mál. Þm. skiptast ekki í afstöðu til þessa máls eftir stefnu pólitískra flokka eða samtaka sem mörkuð hefur verið um hvort leyfa eigi sölu áfengs öls heldur er ljóst að í þessu máli ræður fyrst og fremst einstaklingsbundin afstaða þm. Þegar svo er vaknar sú spurning hvort ekki eigi að viðhafa þau lýðræðislegu vinnubrögð að þjóðin fái í almennum kosningum að segja álit sitt á þessu máli og dómgreind þjóðarinnar sé ekki síður skynsamlegur og marktækur mælikvarði á réttmæti sölu áfengs öls en einstaklingsbundin afstaða 60 þingmanna. Valfrelsi þjóðarinnar hlýtur því að vera eins gild röksemd og einstaklingsbundin afstaða þm. í þessu máli.

Því hefur verið haldið fram að þeir þm., sem þessa leið vilja fara, séu að skjóta sér undan því að taka efnislega afstöðu í þessu máli. Með sömu rökum er hægt að halda því fram að þeir þm., sem vilja að án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu verði borið undir atkvæði þm. hvort leyfa eigi sölu áfengs öls, séu að skjóta sér undan því og koma í veg fyrir að þjóðin fái að taka efnislega afstöðu til þessa máls. Slík málsmeðferð gæti verið afdrifarík því þeir hinir sömu gætu þar með haft áhrif á aðra niðurstöðu sem fengist í þessu máli á Alþingi eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram. Með þeirri málsmeðferð er ekki síður troðið á rétti þeirra, sem eru á móti sölu áfengs öls, til að segja álit sitt á þessu máli í almennri atkvæðagreiðslu en þeirra sem vilja heimila valfrelsi hjá þjóðinni í þessu máli.

Það er einfaldlega rangt, sem haldið hefur verið fram, að með till. um þjóðaratkvæðagreiðslu séu þm. að skjóta sér undan ákvarðanatöku í þessu máli. Ég er hvenær sem er tilbúin til að taka slíka efnislega afstöðu til þessa máls sem ýjað er að í nál. meiri hl. að við séum að skjóta okkur undan að gera, sem viljum að viðhöfð verði önnur málsmeðferð í þessu máli, þ. e. að þjóðin fái fyrst að segja álit sitt á þessu máli í almennum kosningum áður en endanleg ákvörðun er tekin á Alþingi. Sú leið er hvort tveggja í senn lýðræðislegri og eðlilegri leið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að gefa hér neinar yfirlýsingar um það hversu vitleg þessi till. er eða gagnleg, en eitt er víst að hún fjallar ekki um bjór heldur um atkvæðagreiðslufyrirkomulag. Ég hafði aðeins hugsað mér að velta hér upp fjórum atriðum í sambandi við þessa till. sem mig langar að biðja þm. að hugleiða.

Í fyrsta lagi, hafa menn hugleitt það að hér er aðeins verið að tala um skoðanakönnun? Ég get ekki séð það af orðanna hljóðan í tillgr. að niðurstöður þessarar almennu atkvæðagreiðslu séu bindandi á einn eða annan veg og ég vil benda mönnum á að skoðanakannanir er hægt að framkvæma á annan máta en með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Annað atriði, sem mig langaði til að minnast á, hefur nú þegar verið gert að umræðuefni og það er hvort menn vilji nota þjóðaratkvæðagreiðsluheimildina á þennan máta, þ. e. á mál af þessu tagi. Hv. þm. Stefán Benediktsson talaði um það að áfengismál væru mikilvæg fjölskyldumál. Ég er honum fyllilega sammála í því og vil þá segja að það eru fjölmörg önnur mál, eins og t. d. fæðingarorlof, sem ég mundi þá mjög gjarnan vilja fá í þjóðaratkvæðagreiðslu og er líka mjög stórt og mikið fjölskyldumál, svo ekki sé minnst á önnur þjóðþrifamál og önnur stór þjóðmál sem um er að ræða.

Þessar spurningar hafa komið hérna fram áður: Er rétt að nota þjóðaratkvæðagreiðslu á mál af þessu tagi á meðan viðamikil og mikilvæg mál eru ekki borin undir þjóðaratkvæði? Ég þarf ekkert að minnast á 40 ára sögu lýðveldisins og ástæður sem þar er að finna fyrir því að bera ýmis mál sem upp hafa komið undir þjóðaratkvæði en ekki var gert. Um það er hv. þm. fullkunnugt.

Þriðja atriðið, sem ég vildi minnast á og einnig hefur verið rætt um hér, er það hvort menn hafa hugsað út í áhrifin sem þetta mál og almenn atkvæðagreiðsla um þetta mál hefði á þær kosningar sem færu fram samhliða. Það er ekki ljóst hvort átt er við sveitarstjórnarkosningar í þessari till. eða alþingiskosningar, einfaldlega þær sem á undan eru. Einhver orð hef ég heyrt um það að það hljóti að vera kosningar til Alþingis sem notaðar yrðu til að greiða atkvæði um þetta mál. Þá er það ljóst og það vitum við sem hér erum, við höfum reynslu af kosningum, kannske umfram aðra hér á landi, að kosningaundirbúningur og umræða um þau mál sem verið er að kjósa um þegar kosið er til Alþingis mun fyrst og fremst snúast um þetta mál. Ég set þar við stórt spurningarmerki og ég tel sjálf ákaflega óheppilegt að mál af þessu tagi yfirskyggi önnur og stór mál sem menn eru í rauninni að kjósa um í alþingiskosningum.

Ef út í almenna atkvæðagreiðslu yrði farið eins og till. hljóðar upp á væri því annað að mínu mati gersamlega ófært en að hafa hana sér, óháða öðrum kosningum í landinu.

Og þá er það fjórða atriðið sem mig langaði til að velta hér upp. Það er mjög dýrt. Eru menn tilbúnir til að leggja í slíkan kostnað út af máli eins og þessu á meðan hægt er að gera skoðanakannanir á miklu ódýrari máta?

Þessi atriði langaði mig til að taka hér fram og biðja menn að hugleiða varðandi efni þessarar till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að aldrei þessu vant get ég tekið undir flestallt það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan að öðru leyti en því að ég tel það út í hött að ásaka forseta um það þó að hann taki fyrir mál sem kemur frá n. Undir slíkt get ég ekki tekið en að því undanskildu get ég tekið undir allt, held ég, sem hann sagði um þetta mál. Ég vil ekki að það fari neitt á milli mála að ég er algerlega á móti því að rýmka um í þessu efni af þeirri ástæðu að hvar sem maður heyrir frá þeim þjóðum sem hafa reynslu í þessu máli er sú reynslan að meira hafi verið drukkið af áfengi eftir því sem rýmkað er meira um þessa hluti.

Ég vil taka enn þá dýpra í árinni en hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan og hv. 11. þm. Reykv. nú fyrir skömmu. Ég vil telja það blátt áfram hneyksli ef fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan sem væri í sögu okkar lýðveldis, á 40 ára afmælinu, yrði um þetta mál, jafn ómerkilegt og það er í mínum huga þannig séð þó að það geti haft skaðlegar afleiðingar fyrir þjóðina. Hvað með vímugjafaefnin, sem menn deila nú um hvort séu skaðleg, eða nokkuð skaðlegri en áfengi, verða þau ekki næst? Ég held að menn ættu að hugleiða það hvar þeir eru staddir í þessum málum.

Í sjálfu sér er eðlilegt að greidd séu atkvæði hér á Alþingi um þessi mál eins og hver önnur, það er bara allt annað mál. En eins og fram hefur komið og kemur fram í umsögn um þessa till. frá áfengisvarnaráði er til nefnd sem er að fjalla um þessi mál og er að vinna í þessum málum. Hvers vegna vilja menn ekki bíða eftir þeirri niðurstöðu fyrst búið er eftir kröfu Alþingis að setja slíka nefnd til að vinna að þessum málum? En ég sé ástæðu til að lesa hér upp úr þeirri umsögn sem kom frá áfengisvarnaráði, með leyfi forseta:

„Með bréfi dagsettu 29. mars s. l. sendi hv. allshn. Sþ. áfengisvarnaráði till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl, 111. mál, til umsagnar.

Áfengisvarnaráð leyfir sér, um leið og það sendir umsögn sína, að fara þess á leit við hv. allshn. að það fái að koma til viðræðna við n. Vísast í því sambandi til þess að áfengisvarnaráð er m. a. til þess kjörið af Alþingi að „fylgjast sem best með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau," eins og segir í 28. gr. áfengislaga. Telur áfengisvarnaráð miklu varða að ekkert fari milli mála um þá vitneskju og þær upplýsingar sem það hefur tiltækar og tjáir sig reiðubúið til samstarfs og þjónustu.

Skal þá snúið að umsögninni sjálfri.

Skilgreiningin á hugtakinu meðalsterkt öl er ekki alls staðar hin sama, jafnvel ekki alls staðar á Norðurlöndum.

Varðandi almenna atkvæðagreiðslu er vafamál hvort rétt sé að stuðla beinlínis að flokkadráttum um efni sem tengjast jafnnáið heilbrigði fólks og velferð sem áfengismál. Það er sammæli þeirra sem gerst vita að áfengi valdi víðtækara heilsutjóni á Vesturlöndum en annað sem menn leggja sér til munns. Því leggur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áherslu á að sem flestir sameinist í baráttu gegn þeirri vá sem þetta lögleyfða vímuefni veldur. Kjörorð stofnunarinnar er nú: „Allir heilir árið 2000". Þar á bæ er talið að torsóttasta hindrunin á veginum að því marki muni verða áfengisneysla sem framleiðendur og seljendur nota milljarða til að auka. Brýn nauðsyn er hér sem annars staðar að efla samstöðu um forvarnir í heilbrigðismálum og skilning á nauðsyn þeirra. Því ber að reyna að draga fram það sem þjóðin getur sameinast um í áfengisvörnum en síður það sem blæs í glæður sundrungar. Seint mundu menn efna til „almennrar atkvæðagreiðslu" um lögskyldu til bólusetningar og ýmissa sóttvarna.

Þá ber og að benda á að sjálfsagt er meiri hluti þjóðarinnar að velja sér leiðtoga þegar til Alþingis er kosið. Ef alþm. telja rétt að breyta áfengislögum ber þeim að gera það og í þá veru sem líklegt er að til heilla horfi að bestu manna yfirsýn.

Nú er að störfum allfjölmenn nefnd, skipuð af ráðh. að tilmælum Alþingis, og á að „vinna að undirbúningi tillagna um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum."

Til þess mun Alþingi væntanlega hafa stuðlað að skipun þessarar nefndar að þar yrði fjallað um málin af skynsamlegu viti og ekki rasað um ráð fram að neinu sem kynni að valda tjóni meiru en nú verður árlega af völdum þess vímuefnis sem menn sækjast eftir í öli, vínum og sterkum drykkjum. Því væri ráð að bíða eftir tillögum og niðurstöðum frá þessari nefnd ef þær eru þá ekki einhverjar fram komnar þegar.

Ljóst er af grg. með till. þessari að flm. eru hlynntir því að hafin verði bruggun og sala áfengs öls hérlendis. Því er ekki úr vegi að spyrja grundvallarspurninga í upphafi umfjöllunar um grg. Hvar hefur aukið framboð áfengis, þ. á m. öls, orðið til að bæta ástandið í vímuefnamálum? Hefur aukin öldrykkja einhvers staðar dregið úr tjóni af völdum vímuefna? Ekki höfum við getað fundið nein dæmi þess, en mörg um hið gagnstæða og er þar einkum kunn reynsla nágrannaþjóða af því að leyfa framleiðslu og sölu millióls.

Kunnugt er að ölið var hvorki Svíum né Finnum til þeirrar blessunar sem ýmsir ætluðu að það yrði. Síður mun kunnugt að Færeyingar leyfðu sölu áfengs öls um mitt ár 1980. Ölið er aðeins selt á tveim stöðum; annar staðurinn er í Þórshöfn, hinn í Klakksvík. Árið 1979 drukku Færeyingar í heild 158 þúsund lítra af hreinu áfengi en árið 1982 drukku þeir 171 þúsund lítra af hreinu áfengi. Í áfengislítrum á mann, 15 ára og eldri, er þetta 1979 5.2 lítrar af hreinu áfengi en 1982 5.5 lítrar af hreinu áfengi."

„Vínandinn er það efni blöndunnar er vímuáhrifunum veldur. Verða þau í samræmi við það hve mikið berst af vínandanum til blóðsins í einu og þaðan til miðtaugakerfisins. Einu gildir hvort vínandinn kemur úr öli, víni eða brenndum drykkjum. Áhrif hans verða ætíð hin sömu. Minna varðar um vatnið því líkami manna er að miklu leyti úr því gerður hvort eð er og býr yfir mikilli hæfni til þess að tempra innihald sitt af vatni.

Sé áfengi dulbúið sem fæða eða svaladrykkur verður hættan af því mun meiri. Öl er gjarnan meðhöndlað á þann máta. Jafnvel á þeim heimilum þar sem vín og sterkt áfengi er geymt í læstum hirslum þar sem börn og unglingar ná ekki til þess er öl geymt í kæliskáp heimilisins innan um matvöru og svaladrykki, aðgengilegt öllum heimilismönnum. Aðgát sú, sem sjálfsögð þykir gagnvart sterkara áfengi, nær síður til ölsins. Það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukna hættu á áfengisneyslu unglinga og jafnvel barna. Sú hefur orðið raunin á í löndum sem leyfa bruggun og sölu á áfengu öli. Þar um má t. d. vitna til reynslu Þuríðar Jónsdóttur félagsráðgjafa úr starfi hennar í Halifax í Kanada: „Í Halifax leitaði yngra fólk hjálpar en hér ... vegna vímuefnaneyslu árum saman ... Þar var um tvær tegundir að ræða, áfengt öl og hass ..."

Jafnframt er hætta á að auðveldur aðgangur að áfengu öli leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum og þar með til aukinnar hættu á vinnuslysum, lélegum vinnubrögðum og til aukinna fjarvista.

Lífeðlisfræðileg áhrif vínanda á miðtaugakerfi manna eru margþætt og flókin. Frumur í berki framheilans virðast vera viðkvæmari fyrir þeim en t. d. frumur lífsnauðsynlegra sjónstöðva í mið- og afturheila. Áhrifa tiltölulega lítils magns vínanda í blóði gætir því fyrr í

röskun á starfsemi ýmissa svæða í berki framheilans, ekki síst þess hluta hans sem hefur með vitræna starfsemi að gera, t. d. dómgreind eða stjórnun „impulsa", t. d. hömlur á tilfinningum og löngunum.

Öldrykkja getur þannig orðið kveikja að neyslu sterkara áfengis. Vínandinn í áfenga ölinu, þótt í litlum mæli sé, getur orðið til þess að skerða dómgreind og losa um hömlur hjá neytandanum og veikja þannig fyrirfram teknar ákvarðanir hans um að stilla neyslunni í hóf og láta neyslu sterkara áfengis vera.

Ölvunarakstur er nú þegar mjög verulegt vandamál hér á landi. Árlega hlýst af honum mikið tjón á lífi manna, limum og eignum. Umtalsverður hópur manna er árlega tekinn ölvaður við stjórn ökutækja. Ísland er land þar sem veður er óstöðugt, færð oft slæm og samgöngur erfiðar. Því hljóta margir, sem þannig missa ökuleyfi, að verða fyrir verulegu tjóni og hafa af því ýmiss konar óþægindi og erfiðleika.

Sumir vilja fremur telja það, hve margir eru teknir ölvaðir við akstur hér á landi, vitnisburð um góða löggæslu á þessu sviði en vitnisburð um það að Íslendingar hafi öðrum fremur tilhneigingu til þess að setjast ölvaðir undir stýri bifreiða sinna. Vel má vera að nú sé því þannig varið. Með tilkomu áfengs öls er hætt við að á því verði breyting og ölvunarakstur verði þá mun tíðari en nú.

Þeim sem horfa á stór bifreiðastæði við ölstofur í Bretlandi sneisafull af bifreiðum tæmast á stuttri stundu eftir að drykkju dagsins lýkur á ölstofunni dylst ekki að þaðan hljóta margir að fara út í umferðina með meira magn vínanda í blóði sínu en umferðarlögin leyfa. Niðurstöður flutninga- og vegarannsóknastofnunarinnar bresku frá 1974 sýndu að einn af hverjum þremur ökumönnum, sem létu lífið í slysum úti á vegum, hafði magn vínanda í blóði yfir þeim 80 mg% sem lög í Bretlandi miða ölvunarakstur við. Hér á landi eru mörkin lægri eða við 50 mg%. Milli kl. tíu að kvöldi og fjögur að morgni virka daga vikunnar óx þetta hlutfall í einn af hverjum tveim og á laugardagskvöldum og aðfaranóttum sunnudaga náði það að verða 71 af hundraði. Vafalaust má rekja mikið af þessum ölvunarakstri og dauðsföllum, er honum tengjast, til hinna fjölmörgu ölstofa í Bretlandi og mikillar neyslu áfengs öls.

Vínandi truflar að sjálfsögðu starfsemi fleiri fruma líkamans en taugafruma og störf fleiri líffæra en heilans. Það fellur að mestu leyti í hlut lifrarinnar að losa líkamann við vínanda sem neytt er. Við daglega neyslu áfengra drykkja getur það orðið mjög verulegt álag á hana ofan á aðra starfsemi sem hún verður að inna af hendi.

Menn hefur greint á um það hve miklu magni hún ráði við að eyða á sólarhring án þess að henni sé ofboðið. Þau mörk hafa verið að færast niður á við fram að þessu.

Hjá grannþjóðum okkar virðist vera náið samband milli tíðni skorpulifrar og heildarneyslu hreins vínanda. Dánartíðni af völdum skorpulifrar hefur verið lág hér á landi og kemur það vel heim við að dagleg neysla áfengis mun enn þá vera heldur sjaldgæf hérlendis. Sala áfengs öls mundi vafalaust leiða til daglegrar neyslu áfengis hjá mörgum og valda þannig auknu álagi viðvarandi vínandabruna á lifur margra neytenda þótt vínandamagn í blóði þeirra yrði e. t. v. ekki svo mikið að það ylli hjá þeim einkennum verulegrar ölvunar.

Það lögmál gildir yfirleitt um vímuefnaneyslu að veikari efni kalla á þau sem sterkari eru. Sjálfsagt á það rætur að rekja til margra og margvíslegra orsaka, m. a. til þeirrar myndunar þols sem á sér stað hjá neytendum og leiðir til þess að þeir bæði þola stærri skammta af efninu í einu og þurfa meira magn af því en áður til þess að fá af neyslu þess sömu áhrif. Vínandi er einmitt dæmigert vímuefni þar sem þetta lögmál er í fullu gildi. Freistandi er að benda á sem dæmi um þetta lögmál að á bannárunum, þegar leyfð hafði verið sala á víni allt að 21% styrkleika, sóttu neytendur almennt ekki eftir því að fá til viðbótar veikari tegundir áfengis, svo sem öl, heldur sterkari brennda drykki.

Flutningsmenn þáltill. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl benda í grg. á það „að leyfður er innflutningur á ölgerðarefnum sem margir notfæra sér og brugga þá oftast mun sterkara öl en áfengislögin leyfa ... Auk þess hafa ýmsir í framhaldi af því leiðst út í eimingu og þar með bruggun sterkra vína." Þarna er í raun og veru verið að draga fram hið sama lögmál og lýst er hér að framan. Þeir leiðast út í bruggun sterkara áfengis og eimingu vegna þess að vínandinn í áfenga ölinu, sem þeir brugguðu, fullnægir ekki til lengdar þörf þeirra fyrir áhrif vínandans.

Greiður aðgangur að sterku öli leiðir til þess að fleiri umgangast vínanda og umgengni við hann verður tíðari. Hjá ýmsum mun sú umgengni leiða til aukinnar neyslu vínanda, hvort heldur hann kemur í mynd áfengs öls, léttra vína eða brenndra drykkja. Hætt er við að þetta bitni þannig á þeim sem þegar eru orðnir ofneytendur að þeir auki drykkju sína og hljóti af henni meiri skaða. Þannig kemur t. d. fram í grein, er prófessor Kendell við háskólann í Edinborg hefur ritað 17. sept. 1983, að neyslutollur á áfengi í Bretlandi var hækkaður í mars 1981. Við það steig verðlag áfengis hraðar en almennt verðlag í Bretlandi í fyrsta skipti í 30 ár. Athuganir á áhrifum þessa leiddu í ljós að hjá hópi neytenda áfengis, sem neysla hafði verið könnuð hjá á árunum 1978 og 1979, hafði neyslan dregist saman um 18% er hún var könnuð að nýju á árunum 1981 og 1982, en neikvæðar afleiðingar hennar höfðu jafnframt minnkað um 16%. Stórdrykkjumenn og neytendur, sem grunur lá á að væru orðnir háðir áfengi, höfðu jafnframt minnkað sína neyslu a. m. k. jafnmikið og hófdrykkjumennirnir. Þeir höfðu líka orðið fyrir mun minni neikvæðum afleiðingum af henni. Hluti af skýringunni á því hvers vegna ofneytendur drukku minna gæti vel verið fólginn í því að þegar aðrir neytendur í umhverfinu drukku sjaldnar sköpuðust færri tækifæri fyrir ofneytendurna til þess að hrífast með í drykkju.

Þegar byrjuð er neysla áfengis á áfengu öli er hætt við að hún haldi áfram í sterku áfengi, sbr. það sem sagt er hér að framan. Þetta á ekki síst við í þeim tiltellum þar sem neysla ölsins hefur leitt til myndunar þols fyrir áhrifum vínanda þannig að aukið magn þarf af vínanda til þess að ná þeim áhrifum sem eftir er sóst.

Fram hefur komið í umræðum um sölu áfengs öls hér á landi að áhugi er á innlendum iðnaði á sviði ölgerðar. Framleiðendur eygja hér allverulegan markað eða markað fyrir 12—15 millj. lítra af áfengu öli á ári, sbr.

grein í Dagblaðinu/Vísi 7. apríl 1984. Þetta jafngildir 480—600 þús. lítrum af hreinum vínanda á ári eða u. þ. b. 2—2.6 lítrum af hreinum vínanda á hvert mannsbarn í landinu. Reikna má með að meginhluti þessa vínanda yrði bein aukning þeirrar neyslu sem fyrir er. Hætt er við að ekki yrði eingöngu um beina aukningu að ræða heldur jafnframt óbeina.

Til þess að ná 12—15 millj. lítra markaði hérlendis þyrftu framleiðendur bæði að einbeita sér að því að láta fjölga útsölustöðum áfengis og halda uppi kynningarherferðum fyrir ölið. Það yrði lögð áhersla á ánægju þá sem fólgin er í öldrykkju og ágæti ölsins. Þar sem sterkt öl er jafnframt áfengi yrði þetta óhjákvæmilegur áróður fyrir neyslu áfengis almennt. Liggja mundu í þagnargildi hinar skaðlegu afleiðingar mikillar og tíðrar áfengisneyslu. Aukningar neyslu áfenga ölsins mundi trúlega fljótlega gæta einnig í aukinni neyslu annarra tegunda áfengis, þó líklega fyrst og fremst í neyslu brenndra drykkja.

Reynsla nágrannaþjóða okkar, svo sem Svía og Finna, varð á þann veg að vínandi úr áfengu öli, sem bætt var í hóp þeirra áfengistegunda sem fyrir voru, bættist við heildarneyslu þjóðanna á vínanda en dró ekki úr henni. Þetta kemur líka vel heim við þá reynslu að í þeim löndum Evrópu þar sem neysla áfengs öls hefur lengi verið hefðbundin hefur heildarneysla vínanda farið vaxandi á undanförnum árum.“ (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því að það er ákveðið að umr. um utanríkismál hefjist ekki síðar en kl. 6. Ég vildi því mega biðja hv. ræðumann ef hann er ekki að ljúka ræðu sinni hvort hann geti haft hæfileg þáttaskil þannig að við getum byrjað umr. um utanríkismál kl. 6.) Það er sjálfsagt að verða við því.

Umr. frestað.

Fylgiskjal IV.

SKOÐANAKÖNNUN DV UM AFSTÖÐU FÓLKS TIL ÞJÓÐARATKVÆÐIS

DV. FÖSTUDAGUR 16. MARS 1984.

Niðurstöður skoðanakönnunar DV:

Yfirgnæfandi meirihluti vill þjóðaratkvæði um bjórinn

Afgerandi meirihluti landsmanna er fylgjandi því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um hvort leyfður skuli áfengur bjór hér á landi.

Þetta sýnir skoðanakönnun sem DV gerði fyrir rúmri viku.

Spurt var: Ertu fylgjandi eða andvigur því að þjóðaratkvæðagreiðsla verði látin fara fram um hvort leyfa skuli áfengt öl?

Urtakið í könnuninni var 600 manns. Jöfn skipting var milli kynja. Helmingur urtaksins var á Reykjavíkursvæðinu og því hinn helmingurinn utan þess. Fylgjandi þjóðaratkvæði um bjórinn voru 74,5% úrtaksins. Andvíg voru aðeins 17,7%. Aðeins 4% voru óákveðin, og 3,8% svöruðu ekki spurningunni.

Þetta þýðir að hvorki meira né minna en 80,8% þeirra sem afstöðu tóku voru fylgjandi því að þjóðaratkvæðagreiðsla skæri úr í hinu harðvítuga deilumáli um bjórinn.

Skoðanakannanir hafa nokkrum sinnum verið gerðar um spurninguna hvort leyfa skuli áfengt öl eða ekki.

Oft hefur þar verið mjótt á munum. Þó virðast stuðningsmenn bjórsins fremur hafa sótt sig í könnunum að undanförnu og verið ofan á.

Í þessari könnun kom fram að ýmsir, sem eru andvígir því að áfengt öl verði leyft, studdu samt hugmyndina um að þjóðaratkvæðagreiðsla skæri úr.

Í skoðanakönnuninni voru 78,3% karla fylgjandi þjóðaratkvæði um bjórinn og 70,6% kvenna.

Hlutföll voru svipuð á Reykjavíkursvæðinu og utan þess.

-HH

Niðurstöður skoðanakönnunarinnar urðu þessar:	
Fylgjandi þjóðaratkvæði	447 eða 74,5%
Andvígir	106 eða 17,7%
Óákveðnir	24 eða 4%
Vilja ekki svara	23 eða 3,8%
Ef aðeins eru teknir þeir, sem tóku afstöðu, verða niðurstöðurnar þessar:	
Fylgjandi	80,8%
Andvígir	19,2%

Ummæli fólks í könnuninni:

„Þjóðin ráði hlutunum"

„Ég vil láta leyfa bjórinn strax. Síðan getur farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hann þegar reynslan af honum er fengin," sagði karl í Stykkishólmi þegar hann svaraði spurningunni um hvort hann væri fylgjandi eða andvígur þjóðaratkvæðagreiðslu um bjórinn. „Það á að láta þjóðina skera úr um hvort bjórinn kemur eða ekki," sagði kona í Stykkishólmi. „Ég er samþykkur því að áfengt öl verði selt í verslunum Áfengisverslunar ríkisins. Ég held að bjórinn verði samþykktur í atkvæðagreiðslu, er alveg öruggur um að þjóðin segði já," sagði karl á Reykjavíkursvæðinu." „Fylgjandi. Mér finnst rétt að þjóðin ráði hlutunum en ekki bara nokkrir menn," sagði kona á Reykjavíkursvæðinu.


„Fylgjandi. Mér finnst sjálfsagt að fólk fái að ákveða þetta sjálft þótt ég vilji sjálf ekki fá bjórinn," sagði kona á Reykjavíkursvæðinu. „Ég er hlynnt því að leyfa almenningi að ráða þessu," sagði kona á Reykjavíkursvæðinu. „Er þjóðaratkvæðagreiðsla ekki hæstiréttur? Kemur þá ekki í ljós skoðun fólksins?" sagði karl á Reykjavíkursvæðinu. „Ég er fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um sem flest mál," sagði karl á Reykjavíkursvæðinu. „Ég er á móti bjórnum en mér finnst sjálfsagt að leggja þetta í dóm þjóðarinnar," sagði karl á Reykjavíkursvæðinu. „Ég vil þjóðaratkvæðagreiðslu um bjórinn til að fá lyktir í málið," sagði karl í sveit. „Ég hef alltaf verið andvíg bjórnum en frekar vil ég sjá börnin full af bjórnum en veltast um í einhverri lím- eða eiturlyfjavímu," sagði kona í sveit. „Er á móti bjór en vil atkvæðagreiðslu," sagði kona úti á landi. „Ég vil bjór, og það strax," sagði karl úti á landi.

„Nóg af svilli"

„Alþingismennirnir eiga að geta ráðið fram úr þessu án þjóðaratkvæðagreiðslu," sagði karl á Reykjavíkursvæðinu á hinn bóginn. „Það er nóg fyrir af þessu bölvaða sulli," sagði kona úti á landi. „Við verðum að hugsa um börnin," sagði kona úti á landi. „Það er ekki hættandi á að vinfólkið nái yfirhöndinni. Ég vil ekki fá áfengt öl," sagði kona á Reykjavíkursvæðinu. „Ég vil ekki sjá þjóðaratkvæðagreiðslu um bjórinn því að ég er á móti honum og tel hana leiða til frekari notkunar á sterkum drykkjum," sagði kona á Vesturlandi. „Ég vil ekki sjá bjórinn og því ekki atkvæðagreiðslu. Hann er bæði óhollur og skaðlegur," sagði kona á Suðureyri. „Engin ástæða til að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu," sagði karl á Reykjavíkursvæðinu.

„Mér finnst bjór góður en ég er ekki tilbúinn til að flytja hann inn í landið," sagði karl úti á landi. „Ég nota ekki bjór og færi ekki að nota hann þótt hann fengist. Ég óttast að hann kunni að verða sama vandamálið hér og á hinum Norðurlöndunum," sagði kona á Reykjavíkursvæðinu.

-HH



Helgi Seljan alþingismaður:

Menn feimnir við að neita

„Þessar niðurstöður segja mér út af fyrir sig ekkert um hvaða afstöðu menn hafa til þessa máls í heild sinni," segir Helgi Seljan alþingismaður.

„En ég býst við því að menn séu nokkuð feimnir við neita að leggja þetta mál undir dóm þjóðarinnar. Og mönnum finnist það vera heldur ólýðræðislegt að gera það ekki ef þeir eru spurðir um það afmarkað og beint. Mér þykir það hins vegar heldur dapurlegt ef þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um þetta mál á meðan ýmis önnur stórmál í landinu eins og afstaða til friðarmála og varnarmála í heiminum eru ekki borin undir þjóðina. Mér þykir það nokkuð hlálegt að þetta mál sé talið þýðingarmesta málið til að leggja fyrir þjóðina.

En út af fyrir sig óttast ég ekki niðurstöður þjóðaratkvæðis um þetta mál. Ég hef þá trú á minni þjóð að þrátt fyrir að hún sýni ekki oft pólitískan þroska geti hún sýnt broska í þessu máli," segir Helgi Seljan.

-SþS



Jón Óttar Ragnarsson dósent:

Ánægður með þennan mikla meirihluta

„Ég er að sjálfsgöðu ánægður með þessar niðurstöður og sérstaklega að það skuli vera svona mikill meirihluti með bjórnum," segir Jón Óttar Ragnarsson dósent.

„Ég held hins vegar að það verði eitthvað reynt að hræða fólk frá afstöðunni með bjórnum þegar fer að draga nær þessari atkvæðagreiðslu ef af henni verður, sem ég vona. Og það held ég að verði gert á tveimur forsendum. Annars vegar með áróðri um aukna unglingadrykkju og hins vegar með áróðri um að upp spretti einhvers konar bjórbúllur fyrir karlmenn þar sem konur fái ekki við neitt ráðið og allt fari úr böndum.

En ég vona bara að fólk láti ekki hræða sig og breyti ekki um skoðun og að þessi atkvæðagreiðsla fari fram sem fyrst," segir Jón Óttar Ragnarsson.

-SþS

Páll Daníelsson viðskiptafræðingur:

Segir ekki allt um afstöðuna til áfengs bjórs

„Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á þessari niðurstöðu. Hún segir ekki allt um afstöðu fólks til áfengs öls," segir Páll Daníelsson, formaður Landssamtakanna gegn áfengisbölinu.

„Þessi tillaga um þjóðaratkvæði hefur verkað sem einhliða áróður um að alþingismenn hefðu ekki kjark til að taka beina afstöðu með eða á móti áfengu öli. Þá er ekki óeðlilegt að hinn almenni kjósandi teiji sig þurfa að taka við stjórninni og axla ábyrgðina.

Hins vegar vil ég taka það fram að það er einkum í áfengismálum sem Alþingi hefur verið tilbúið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Og þá ma spyrja hvers vegna ekki í ýmsum öðrum málum sem standa kannski almenningi bæði hagsmunalega nær og fólk þekkir betur til úr daglegum störfum.

Miðað við reynslu annarra þjóða þætti mér fróðlegra að DV spyrði hvort fólk væri því fylgjandi að börn og unglingar drykkju áfengan bjór. Slík spurning myndi snerta kjarna málsins um áfengt öl," segir Páll Daníelsson.

-SþS



Magnús Magnússon varaþingmaður:

Ekki hissa á þessum tölum

„Þessar niðurstöður segja mér það, sem ég reyndar hef haldið lengi, að menn vilja ekki láta segja sér fyrir verkum í þessum efnum," segir Magnús Magnússon, varaþingmaður Alþýðuflokksins, einn þeirra sem stendur að þingsályktunartillögunni um þjóðaratkvæði.

„Einfremur sýnir þetta að menn vita, hvað sem má segja um vandræði út af áfengisneyslu, að bjórinn er það meinlausasta af þessu öllu saman.

Eg er því ekki hissa á þessum töl-



Skákmót á Neskaupstað

A mánudaginn hefst alþjóðlegt skákmót á Neskaupstað sem verður af svipuðum styrkleika og nýlokið mót í Grindavík. Jóhann Þórir Jónsson, ritstjóri Skákar, stendur fyrir mótinu í samráði við bæjarstjórn Neskaupstaðar. Tefli verður í Egilsbúð frá kl. 17 til 22 virka daga en um helgar hefst tafl kl. 14.

Þátttakendur verða Bandarikjamennirnir Lombardy og Mc-Cambridge, Kenezevic frá Júgóslaviu, Schüssler og Wedberg frá Svíþjóð, Guðmundur Sigurjónsson, Margeir Pétursson, Helgi Ólafsson, Jóhann Hjartarson, Benóný Benediktsson, Dan Hansson og Róbert Harðarson.

Átta vinninga þarf til þess að öðlast afanga að stórmeistaratitli en sex vinninga til áfanga að titli alþjóðlegs meistara. Mótinu lýkur 1. apríl.

DV. MIÐVIKUDAGUR 4. APRÍL 1984.

Skoðanakönnun DV:

Allra flokka fólk vill þjóðaratkvæði um bjór

Í skoðanakönnun DV nýverið var sama fólkið meðal annars spurt hvort það væri fylgjandi eða andvígt þjóðaratkvæðagreiðslu um bjórinn, og hvaða flokk eða lista það styddi. Því má sjá, hvernig afstaðan til þjóðaratkvæðis um hið umdeilda bjórmál skiptist eftir flokkum.

Útkoman varð þjóðaratkvæðagreiðslu mjög í vil. Mikill meirihluti stuðningsmanna allra flokkanna vill láta fara fram þjóðaratkvæði um, hvort leyfa skuli áfengt öl hér á landi.

Fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um bjórinn voru í könnuninni yfir 82 prósent sjálfstæðismanna, tæp 77 prósent framsóknarmanna, 73,5 prósent alþýðubandalagsmanna, tæp 68 prósent alþýðuflokksmanna, yfir 81 prósent stuðningsfólks Kvennalista, tæp 89 prósent stuðningsmanna Bandalags jafnaðarmanna og yfir 69 prósent þeirra, sem ekki svöruðu til um á- kveðinn flokk eða lista.

Sjá meðfylgjandi töflur. -HH.



Afstaða sjálfstæðismanna til þjóðaratkvæðagreiðslu um bjórinn var þessi:

Fylgjandi	138	eða	82,1%
Andvígir	24	eða	14,3%
Óákveðnir	6	eða	3,6%

Afstaða framsóknarmanna var þessi:

Fylgjandi	43	eða	76,8%
Andvígir	8	eða	14,3%
Óákveðnir	4	eða	7,1%
Svara ekki	1	eða	1,8%

Afstaða alþýðubandalagsmanna var þessi:

Fylgjandi	36	eða	73,5%
Andvígir	12	eða	24,5%
Óákveðnir	1	eða	2,0%

Afstaða alþýðuflokksmanna var þessi:

Fylgjandi	21	eða	67,7%
Andvígir	8	eða	25,8%
Óákveðnir	2	eða	6,5%

Afstaða stuðningsmanna Kvennalista var þessi:

Fylgjandi	13	eða	81,3%
Andvígir	2	eða	12,5%
Óákveðnir	1	eða	6,3%

Umrætt ákvæði hefur mætt ákveðinni andstöðu, þar sem talið er að hér sé verið að heimila óhæfilega háa gjaldtöku. Til þess að hefta eigi framgang frumvarpsins hefur greinin verið felld niður.

Til samræmis við framangreindar breytingar á frumvarpinu hafa verið gerðar breytingar á greinargerð er fylgdi frumvarpinu.

I.

Tíundarlögin frá 1096 eru fyrstu lög, sem sett voru um gjöld til kirkna hér á landi. Lagareglur um gjöld til kirkna hafa síðar mótast sumpart fyrir löggjöf og þó meir fyrir

venjur, og er af því mikil saga. Þegar kom fram á síðari hluta 19. aldar, var gjaldkerfi þetta orðið svo margslungið, að furðu gegndi. Voru þá flutt frv. til laga um einföldun þessara gjalda en heildarendurskoðun fór þó ekki fram fyrr en í upphafi aldarinnar. Voru fyrstu heildarlögin um þetta efni lögfest 1909 (nr. 40). Var gerð mikil gjaldahreinsun með lögum þessum, svo og með lögum nr. 50/1911. Með lögum nr. 29/1921 og 72/1941 var sóknargjöldum endanlega komið í það horf, sem þau eru nú í samkvæmt lögum nr. 36/1948, sbr. síðar lög nr. 24/1954 og nú nr. 40/1964.

Samkvæmt gildandi lögum eru sóknargjöld að meginstefnu til persónugjöld, nefskattur, og eru þau eini nefskatturinn eftir að almannatryggingalögum var breytt að þessu leyti. Gjöld þessi eru þó ekki alfarið nefskattur, því að þegar tekjur kirkju hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, heimilar 3. gr. laga nr. 36/1948 sóknarnefnd að jafna niður því, sem á vantar, á sóknarmenn sem hundraðshluta af útsvari, enda komi til samþykki safnaðarfundar.

Sóknargjöld hafa verið mjög lág undanfarna áratugi og að sínu leyti lægri en var fyrr á öldinni. Tekjur sókna verða svo naumar með þessu lagi, að það hlýtur að draga úr safnaðarstarfi, þótt sjálfboðavinna margra áhugasamra manna hafi bjargað miklu í því efni. Er löngu orðið tímabært og raunar aðkallandi að breyta löggjöf um sóknargjöld, svo sem oft hefir verið óskað eftir af hálfu þjóðkirkjunnar.

II.

Á kirkjuþingi hafa breytingar á löggjöf um sóknargjöld oft verið til umræðu, sbr. t. d. 1960 og 1970. Á kirkjuþingi 1972 var samþykkt ályktun um tekjustofna sókna og á grundvelli hennar var skipuð nefnd manna til að gera tillögur að breyttri skipan þessara mála. Samþykkti kirkjuþing frv. til laga um sóknargjöld á árinu 1974, og var þar stuðst við frv., sem samið var á grundvelli þess starfs, sem áðurgreind nefnd leysti af hendi. Frv. til laga um sóknargjöld var svo lagt fyrir Alþingi 1974—1975 og aftur 1975 án þess þó að hljóta afgreiðslu. Á kirkjuþingi 1978 var enn samþykkt frv. til laga um sóknargjöld. Kirkjulaganefnd hefir nú endurskoðað frv. þetta. Er frv. það, sem hér er flutt að ósk biskups og kirkjuráðs, í samræmi við hið endurskoðaða frv., er kirkjulaganefnd samdi.

III.

Meginbreytingin, sem fólgin er í frv. þessu, er sú, að hér er lagt til, að sóknargjöld verði ekki lengur nefskattur, þ. e. sama skattfjárhæð án tillits til tekna manna eða gjaldþols, heldur verði þau tiltekinn **hundraðshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns,** sbr. 1. gr. frv. Í frv. því, sem flutt var á Alþingi 1974 og 1975, var gjaldið miðað við ákveðinn hundraðshluta af útsvari hvers gjaldþegns. Sú tilhögun er að vísu einföld og brotalítil í framkvæmd, en réttara þykir þó að miða hér gagngert við útsvarsstofninn. Heppilegt þykir að reglur útsvarslaga um álagningu, kærur og úrskurð þeirra, gjalddaga, innheimtu og innheimtuúrræði, dráttarvexti, lögtaksrétt o. fl. gildi einnig um gjöld þessi, og er kveðið á um það í 6. og 7. gr. frv. Ákvæði eru hér um gjöld til utanþjóðkirkjumanna í 4. og 5. gr. frv., svipuð þeim, sem nú eru í lögum.

Í frv. þessu eru ákvæði um það, að tiltekinn hluti af sóknargjöldum hverfi til sameiginlegs sjóðs prófastsdæmis eftir því sem héraðsfundur mælir fyrir um, sbr. 8. gr., en sjóðnum er einnig ætlað framlag frá ríkissjóði. Er þetta hvort tveggja nýmæli.

Ef frv. þetta verður lögfest, er til þess stofnað, að um álagningu gjalda þeirra, sem hér er fjallað um, á árinu 1985 fari eftir lögum þessum, sbr. 9. gr. frv.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er endurflutt nú að mestu óbreytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegast þykir að miða gjaldskylduna við útsvarsskyldu, en í gildandi lögum er gjaldskyldan bundin við 16—67 ára aldur. Í frumvarpinu er ráðgert, að það sé á valdi sóknarnefnda (safnaðarráðs) að fella niður eða lækka sóknargjöld ellilífeyrisþega, öryrkja eða annarra. Er að því stefnt af hálfu þjóðkirkjunnar að kosningarréttur innan hennar verði miðaður við 16 ára aldur, og eru vissulega ýmis rök til þess, að þetta tvennt, gjaldskylda og þegnréttindi innan kirkjunnar, falli saman. Þessi grein fjallar eftir orðanna hljóðan aðeins um þjóðkirkjumenn, en ræður einnig í reynd úrslitum um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna, svo sem 4. og 5. gr. eru úr garði gerðar.

Gjaldskyldir eru þeir, sem orðnir eru 16 ára á tekjuárinu.

Þótt maður sé eigi búsettur hér á landi allt tekjuárið, verður hann allt að einu sóknargjaldsskyldur, ef útvarsskyldur er, sbr. 2. mgr.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að horfið verði frá þeirri tilhögun, að sóknargjald sé nefskattur og verði í þess stað hundraðshluti af útsvarsstofni. Er sá hundraðshluti að vísu greindur með nokkru svigrúmi. Þessi skipan tryggir sjálfkrafa aðlögun að hækkandi útgjöldum sókna. Á sóknarnefnd að taka ákvörðun um hundraðshlutann innan greindra marka í samráði við héraðsprófast. Áður en sú ákvörðun er tekin, ber sóknarnefnd að semja fjárhagsáætlun, er verði grundvöllur að ákvörðuninni. Mælt er fyrir um, að sóknargjald skuli að jafnaði vera hið sama innan prófastsdæmis, og horfir atbeini héraðsprófasts til þess að stuðla að samræmi í því efni.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er að mestu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1948, en ekki þykir ástæða til að lögfesta hér ákvæði, sem hliðstætt sé 2. málsgr. 3. gr. Sérákvæði um Reykjavíkurprófastsdæmi miðast við lagaframkvæmd að undanförnu.

Nauðsynlegt er, að skattstjóri fái vitneskju um ákvarðanir um hækkanir sóknargjalda allsnemma árs vegna væntanlegrar álagningar, og eru ákvæði, sem að þessu lúta, í 1. málsgr. 6. gr. frv.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 36/1948, en vísað er þó hér til laga um trúfélög nr. 18/1975.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er efnislega samhljóða 4. málsgr. 1. gr. laga nr. 36/1948 að því undanskildu, að gjaldið rennur nú í Háskólasjóð, en eigi prófgjaldasjóð. Hefir prófgjaldasjóður verið lagður niður, en Háskólasjóður komið í hans stað að verulegu leyti. Tekið skal fram, að gjöld þessi hafa runnið í Háskólasjóð undanfarin ár.

Í 2. málsgr. er kveðið svo á, að gjöld greiðist til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá 1. desember næstliðinn, sbr. að sínu leyti 2. málsgr. 1. gr. um þjóðkirkjuna.

Um 6. og 7. gr.

Hér eru ákvæði um álagningu gjalda samkvæmt I. og II. kafla, innheimtu og innheimtuúrræði, ábyrgð á greiðslu, dráttarvexti, lögtaksrétt o. fl.

Í megindráttum á að beita reglum um útsvör eftir því sem við getur átt, sbr. lög nr. 73 1980, IV. og VI. kafla, nema annars sé getið. Er kveðið á um þetta í 6. gr. frv. Um innheimtu er þess þó að geta, að sóknarnefndum eða forstöðumönnum trúfélaga er tveggja kosta völ. Þeir geta óskað eftir því, að innheimtumenn þinggjalda eða gjalda til sveitarsjóða

sjái um innheimtuna eða gert það sjálfir, sbr. 1. og 2. málsgr. 7. gr. frv. Hins vegar er lagt til, að lögbundið verði, að innheimtumenn þinggjalda innheimti gjöld til Háskóla Íslands, sbr. 2. málsgr. 7. gr. Í 6. gr. er tekið sérstaklega fram, að hjón beri sameiginlega ábyrgð á gjöldum hvors annars, en í hrd. 1976, bls. 1014—1015, var talið, að slíku væri ekki að heilsa samkvæmt gildandi lögum. Bent skal á, að ákvæði 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 36/1948, er leggur á „heimilisráðanda" skyldur til að svara til sóknargjalda þeirra manna, sem eiga lögheimili hjá honum, er ekki í frv., enda samrýmist það naumast almennum lagaviðhorfum og meginreglum skattaréttarins, og mun því úrræði ekki beitt í framkvæmd. Þá þykir heldur ekki ástæða til að taka með í frv. ákvæði, sem hliðstætt sé við 5. gr. laga nr. 36/1948, en ekki felst þó breyting á því fyrirkomulagi, sem þar greinir, í þessu.

Mikilvægt er, að sóknarnefndir tilkynni skattstjórum ákvarðanir um gjöld samkvæmt lögunum, og er kveðið á um þetta í 1. málsgr. 6. gr., sem er allsherjarákvæði, er tengist 1. málsgr. 2. gr., 3. gr. og 5. gr.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að lögfest verði heimildarákvæði þess efnis, að héraðsfundur geti mælt svo fyrir, að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum, sbr. 2. og 3. gr. frv., renni í sérstakan sjóð í prófastsdæmi, héraðssjóð, sem ætlað er að sinna sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmis samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og sjóðsstjórnar. Eru ákvæði í 8. gr. um vörslu sjóðsins, reikningshald og stjórn. Gert er ráð fyrir, að veitt sé fé til héraðssjóða úr ríkissjóði eftir því sem fjárlög kveða á árlega og úthluti kirkjuráð því fé milli héraðssjóðanna. Er og eðlilegt, að kirkjuráð undirbúi tillögur um fjárveitingar samkv. þessu, að fengnum tillögum stjórna héraðssjóða.

Að því hlýtur að stefna í vaxandi mæli á næstunni, að á vegum prófastsdæma fari fram ýmiss konar kirkjuleg starfsemi og þaðan megi vænta frumkvæðis til nýjunga og eflingar í þeim störfum. Má hér nefna æskulýðsstarfsemi, starf í þágu aldraðra, ýmsa kirkjulega félags- og menningarstarfsemi, þ. á m. starfsemi kirkjukóra og safnaðarfélaga, námskeið og ráðstefnur um kirkjuleg málefni eða einstök störf í þágu kirkjunnar, blaðaútgáfu, fjölritun gagna fyrir safnaðarstarf o. fl. Hér getur einnig komið til samstarf fleiri prófastsdæma, svo sem ýmis dæmi eru um nú þegar, með atbeina héraðssjóða. Héraðssjóðirnir gætu, ef vel tekst til, orðið upphaf að starfsstöðvum prófastsdæma, sem mikil þörf er á, með starfsliði í þágu hvers prófastsdæmis.

Gert er ráð fyrir, að héraðsfundir mæli fyrir um starfsemi héraðssjóða og gæti þar verið bæði um almenn fyrirmæli að ræða og einnig sérgreind. Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar. Er hún skipuð þremur mönnum, prófasti, sem er formaður og annast vörslu sjóðsins, og tveimur mönnum, leikmanni og presti, kjörnum af héraðsfundi til fjögurra ára í senn, og eru varamenn kosnir með sama hætti. Héraðsfundur kýs endurskoðendur, héraðsnefnd sér um úthlutanir úr sjóðnum samkvæmt almennri fyrirsögn héraðsfundar og annast reikningshald. Gerir hún héraðsfundi grein fyrir starfsemi sjóðsins og leggur endurskoðaða reikninga fyrir hann til samþykktar.

Árangurinn af störfum héraðssjóðanna veltur vissulega mjög á því, hversu til tekst um fjárútvegun til þeirra, en slíkir sjóðir geta gegnt miklu hlutverki, verkefnin eru næg og brýn.

Um 9. gr.

Rétt þykir að hafa heimildarákvæði um setningu reglugerðar um þau efni sem lögin taka til.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir því í greininni að álagning gjalda á árinu 1985 fari samkvæmt frv. þessu.

Nd. 103. Frumvarp til laga [99. mál]

um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Umdæmaskipting þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Landinu er skipt í kirkjusóknir. Sóknir mynda prestaköll, prófastsdæmi og biskupsdæmi, svo og kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings.

Mörk sókna og prestakalla og prófastsdæma skulu óbreytt vera, svo sem þau hafa mótast af lögum og í lagaframkvæmd, en um breytingar á þeim fer eftir því, sem greinir í lögum þessum og í öðrum lögum, er við eiga, sbr. einkum lög nr. 35/1970.

Um mörk vígslubiskupsdæma fer eftir því sem segir í lögum nr. 38/1909 og um kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings svo sem greinir í lögum nr. 48/1982.

Landið allt er eitt biskupsdæmi uns önnur skipan kann að verða á því gerð.

II. KAFLI

Um kirkjusóknir og skipan þeirra.

a. Almenn ákvæði.

2. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhags- og félagsleg eining, en tengist öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi og með annars konar samstarfi, sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um, eða einstakar sóknarnefndir stofna til.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni, sbr. 8. og 9. gr., og bera sameiginlegar skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmætum ákvörðunum.

b. Stærð kirkjusókna, sóknarmörk og breytingar á þeim.

3. gr.

Í kirkjusókn skulu að jafnaði eigi vera fleiri en 4000 sóknarmenn og eigi færri en 100. Nú verða sóknir mannfleiri eða mannfærri, og skal héraðsfundur þá gera tillögur um, hvernig við skuli bregðast, að fengnum tillögum sóknarnefnda og aðalsafnaðarfunda.

Sóknarmörk skulu vera glögg. Við ákvörðun þeirra skal taka tillit til félagslegra aðstæðna, samgangna, staðhátta og hefðar.

Við skipulagningu í þéttbýli skal taka mið af líklegri skipan sókna og staðsetningu kirkna og höfð í því efni samráð við sóknarprest, sóknarnefndir og prófast.

4. gr.

Aðalsafnaðarfundur eða aðalsafnaðarfundir, ef mál varðar fleiri sóknir en eina, gera tillögur til héraðsfunda um skiptingu kirkjusóknar, sameiningu sókna og um sóknarmörk svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu. Héraðsfundur (safnaðarráð) getur einnig átt frumkvæði að tillögum í þessu efni, einkum er 1. málsgr. 3. gr. á við, en mál skal þá leggja fyrir aðalsafnaðarfund (aðalsafnaðarfundi) til samþykktar.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsgr. taka gildi, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir þær eða meiri hluti aðalsafnaðarfunda, ef því er að skipta, svo og héraðsfundur. Nú ná tillögur um þessi efni eigi samþykki allra þeirra aðilja, sem greindir voru, og sker kirkjumálaráðherra þá úr, að fengnum tillögum biskups.

Þegar ný sókn er löglega stofnuð, er presti þess prestakalls, sem hin nýja sókn tekur yfir, skylt að annast þar kirkjulega þjónustu.

Nú er hin nýja sókn hluti af tveimur prestaköllum, og ákveður þá kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups, hvor hinna tveggja presta á að þjóna sókninni. Sama er, ef sókn er hluti úr fleiri en tveimur prestaköllum.

5. gr.

Nú er kirkjusókn skipt og tekin upp ný sókn eða sóknarmörk færð til, og skal þá miða fjárskipti sóknanna við hlutfallslegan fjölda þeirra sóknarmanna, sem breytingin tekur til. Ef aðilja greinir á um fjárskiptin, geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess, að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti, er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Nefndin veitir aðiljum færi á að skýra mál sitt, og kannar hún málsefni eftir föngum. Hún kveður að svo búnu á um fjárskiptin, þ. á m. um greiðslukjör.

6. gr.

Nú er sókn aflögð með því að hún sameinast annarri sókn eða sóknum, og skulu eignir hennar þá renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna, sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarmanna, er hverri sókn bætist.

Þegar sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki, skal prófastur varðveita eignir hennar, en lausafé skal þá ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði með bestu fáanlegu kjörum. Nú er aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi á ný með samþykki héraðsfundar, og á sú sókn þá rétt til framangreindra eigna.

Þegar sókn er aflögð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsgr., getur biskup, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar og héraðsfundar, þá mælt svo fyrir, að sóknarkirkjan verði greftrunarkirkja.

III. KAFLI

Um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu.

a. Sóknarmenn.

7. gr.

Sóknarmenn eru allir þeir, sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjunni. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög nr. 18/1975.

b. Réttur sóknarmanna á kirkjulegri þjónustu o. fl.

8. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og þátttöku í almennu safnaðarstarfi. Þeir sóknarmenn, sem ekki geta notið kirkjulegrar þjónustu í sókn sinni, svo sem vegna vistunar á stofnunum utan sóknar eða vegna dvalar utan sóknar ella, t. d. vegna sjúkleika eða af atvinnuástæðum, eiga rétt á slíkri þjónustu í þeirri sókn, sem þeir búa í eða dveljast.

9. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum, er skal að jafnaði miða við eftirfarandi tilhögun:

A. Ef sóknarmenn eru 600 hið fæsta skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Ef tveir prestar þjóna sömu sókn, skulu a. m. k. vera tvær guðsþjónustur hvern helgan dag.

B. Í sókn með 300 til 600 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta annan hvern helgan dag.

C. Í sókn með 100 til 300 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta fjórða hvern helgan dag.

D. Í sókn með færri en 100 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta áttunda hvern helgan dag.

Prófastur endurskoðar þjónusturétt vegna fjölgunar eða fækkunar sóknarmanna eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og kveður á um hann, að fengnum tillögum sóknarnefnda.

10. gr.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkju, þegar þeir eru fullra 16 ára.

Sóknarmönnum er skylt að hlíta þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum og lögmætum samþykktum safnaðarfunda og ákvörðunum kirkjustjórnar, sem stoð eiga í lögum.

IV. KAFLI

Um safnaðarfundi.

11. gr.

Aðalsafnaðarfund skal halda ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál, sem lögmælt er, að undir hann beri, svo og þau mál, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda, ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum, sbr. 10. gr. 1. málsgr.

12. gr.

Sóknarnefnd boðar safnaðarfundi með þriggja daga fyrirvara hið skemmsta á sama hátt og tíðkanlegt er um messuboð í sókninni.

Fundarefni skal kynnt í fundarboði.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á safnaðarfundum.

V. KAFLI

Um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti.

a. Sóknarnefndir, skipun og verkaskipting. Endurskoðendur.

13. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd, sem annast framkvæmdir á vegum sóknarmanna og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti eða sóknarprestum og starfsmönnum sóknarinnar.

14. gr.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum, þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö, og níu, ef sóknarmenn eru 4000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi, þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1000 eða 4000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk, og ákveður aðalsafnaðarfundur þá, hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a. m. k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru, og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir voru kosnir í.

Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis, þegar hún telur ástæðu til.

15. gr.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. málsgr.

Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, sem haldinn er eftir gildistöku laga þessara, skal kjósa sóknarnefndir samkvæmt þeim í öllum kirkjusóknum landsins, og fellur umboð sóknarnefndar niður, þegar ný sóknarnefnd hefir verið kosin samkvæmt þessu.

Að tveimur árum liðnum frá kosningunni skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, þ. e. einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu, og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé um þetta innan nefndarinnar. Kjörtímabili hins hluta nefndarinnar lýkur eftir fjögur ár frá frumkosningu. Skal þessi kjörtilhögun síðan gilda til frambúðar að breyttu breytanda.

Nú andast sóknarnefndarmaður, flytur úr sókninni eða hverfur úr sóknarnefnd af öðrum ástæðum. Skal þá kjósa aðalmann í hans stað á næsta aðalsafnaðarfundi fyrir þann hluta kjörtímabilsins, sem þá er eftir að því er þann mann varðar. Varamaður hans gegnir starfi uns sú kosning fer fram.

16. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem hafa náð sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá, sem átt hefir sæti í sóknarnefnd, getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

Aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður hafi ákveðið verksvið í safnaðarstarfinu. Skal það þá kynnt á aðalsafnaðarfundi, áður en kosning fer fram.

Sóknarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefir farið fram. Skipa þeir framkvæmdanefnd, þegar sóknarnefndarmenn eru fleiri en fimm.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni, þ. á m. um byggingarframkvæmdir.

Aðalsafnaðarfundur kýs tvo menn og aðra tvo til vara til fjögurra ára í senn til að endurskoða reikninga sóknarinnar og kirkjubyggingareikninga, ef því er að skipta.

b. Starfshættir og verkefni sóknarnefnda.

17. gr.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim. Fundur er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fundinn. Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi. Enn fremur organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjulegra félaga, sem tengjast sókninni, ef málefni þessara aðilja eru sérstaklega til umræðu þar.

18. gr.

Sóknarnefnd vinnur að þeim verkefnum, sem henni eru ætluð í lögum og stjórnvaldsreglum eða fengin henni með samþykktum safnaðarfunda, svo og að málum, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur eða biskup vísar til hennar.

19. gr.

Sóknarnefnd er í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefir umsjón með kirkju safnaðarins svo og safnaðarheimili og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af þeim skuli háttað.

Sóknarnefnd skal gæta að réttindum kirkju og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

20. gr.

Sóknarnefnd sér um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Skal hún ásamt sóknarpresti hafa forystu um kirkjubyggingu, endurbyggingu kirkju eða stækkun kirkju og byggingu safnaðarheimilis, eftir því sem aðalsafnaðarfundur mælir fyrir um.

Sóknarnefnd sér um, að kirkju sé vel við haldið og búnaði hennar, og skal leitast við að fegra og prýða kirkju og umhverfi hennar eftir því sem kostur er. Á þetta einnig við um safnaðarheimili.

Sóknarnefnd annast vörslu og ávöxtun á lausafé kirkjunnar (safnaðarheimilis) og ber ábyrgð á fjárreiðum sóknarinnar og skal reikningsfærsla öll vera skipuleg og glögg. Sóknarnefnd leggur fram á aðalsafnaðarfundi endurskoðaða reikninga sóknarinnar fyrir umliðið ár. Að fenginni samþykkt þeirra skulu reikningarnir sendir áritaðir af sóknarnefnd til prófasts eigi síðar en 1. júní ár hvert, nema prófastur veiti rýmri frest. Nú gerir prófastur athugasemdir við reikning, sem sóknarnefnd getur eigi fallist á, og er henni þá kostur að láta fylgja skýringar sínar og andsvör til héraðsfundar, er úrskurðar reikninginn, sbr. 32. gr.

21. gr.

Sóknarnefnd er sóknarpresti og starfsfólki sóknarinnar til stuðnings í hvívetna og stuðlar að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna.

Um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra er mælt í lögum.

Um ráðningu starfsmanna sókna eru ákvæði í 25. gr.

Um störf sóknarnefndar í sambandi við veitingu prestsembætta fer svo sem fyrir er mælt í lögum.

c. Safnaðarfulltrúar.

22. gr.

Sóknarnefnd kýs úr sínum hópi safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður, er nýkjörin sóknarnefnd, sbr. 15. gr. 2. málsgr., hefir kosið safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum þessum.

Sóknarnefnd sendir prófasti starfsskýrslu sóknarinnar eigi síðar en þremur vikum áður en héraðsfundur er haldinn. Safnaðarfulltrúi gerir grein fyrir störfum og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi eftir að héraðsfundur var haldinn.

d. Bókhald og erindisbréf.

23. gr.

Sóknarnefnd heldur þessar bækur:

1. Gerðabók og skulu þar bókaðar fundargerðir sóknarnefnda og safnaðarfunda. Ef byggingarnefnd kirkju er skipuð, skal hún halda sérstaka gerðabók.
2. Bréfabók, þar sem varðveitt skulu bréf til sóknarnefndar og afrit af bréfum, er hún ritar.
3. Sjóðsbók, þar sem bókfærð eru öll útgjöld sóknarinnar og tekjur, gjafir, áheit og annað, er fjármál varðar, og vísað til fylgiskjala.
4. Kirkjubók og skal í hana rita allar kirkjuathafnir og greina í megindráttum frá öðrum safnaðarstörfum.
5. Kirkjuskrá um sóknarkirkju, byggingarsögu hennar, viðhald kirkju og réttindi hennar o. fl.

Bækur samkvæmt 1.–3. tölulið löggildir prófastur, en sóknin kostar andvirði þeirra. Bækur samkvæmt 4. og 5. tölulið löggildir biskup og leggur sókninni til.

24. gr.

Biskup Íslands setur sóknarnefndum almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófastsfundar og kirkjuráðs.

VI. KAFLI

Um starfsmenn kirkjusókna.

25. gr.

Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju (kirkjuvörð) og aðra slíka starfsmenn og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Rétt er sóknarnefnd að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf, enda hafi safnaðarfundur heimilað það. Um kaup og kjör og ráðningartíma fer sem í 1. málsgr. greinir.

Biskup Íslands staðfestir erindisbréf sóknarnefndar fyrir þessa starfsmenn.

Starfsmenn sókna, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta, eiga rétt á setu á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 31. gr.

26. gr.

Stofna skal til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna, eftir því sem fé er veitt til þess, og skal þar fjallað um almenn safnaðarstörf eða sérstaka þætti þeirra. Námskeiðin skulu haldin á vegum prófastsdæmis, biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka. Skulu sóknarnefndir sjá um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað.

27. gr.

Aðalsafnaðarfundur getur kveðið svo á, að mynda skuli starfsmannanefnd innan sóknar. Þar eiga sæti sóknarprestur (sóknarprestar), sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sóknarinnar, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta. Starfsmannanefnd fjallar um störf og starfsháttu starfsmanna sóknarinnar, starfsskilyrði þeirra og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi starfsmannanefndar, er haldnir skulu a. m. k. einu sinni á ári, en skylt er að boða til fundar, ef þrír þeirra, sem sæti eiga í nefndinni, æskja þess. Starfsmannanefnd heldur sérstaka gerðabók. Samþykktir hennar eru ekki bindandi, nema safnaðarfundur staðfesti þær.

28. gr.

Nú kemur upp ágreiningur varðandi störf starfsmanna innan sóknar og verður eigi leystur þar á vettvangi. Er þá rétt að vísa málinu til prófasts, sem leitar lausnar í samráði við sóknarprest. Ef eigi tekst að leysa málið, skal ágreiningnum vísað til héraðsfundar til úrskurðar, en aðiljar geta skotið þeim úrskurði til biskups til fullnaðarúrlausnar.

VII. KAFLI

Um héraðsfundi og héraðsnefndir.

a. Um héraðsfundi.

29. gr.

Héraðsfundi skal halda í prófastsdæmi eigi síðar en 31. október ár hvert, en til aukahéraðsfunda skal stofna samkvæmt því, sem segir í 33. gr.

Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til umræðna um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar skulu rædd þau málefni, sem lög leggja til héraðsfunda eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska, að þar séu rædd.

30. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálfs mánaðar fyrirvara og skal fundarboð, er greini fundarefni, sent öllum þeim, sem rétt eiga til setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi.

Mál, sem eigi eru greind í fundarboði, verða eigi tekin til umræðu, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fundarmanna samþykki.

31. gr.

Atkvæðisrétt á héraðsfundi eiga þjónandi prestar prófastsdæmis og safnaðarfulltrúar. Á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis skulu safnaðarráðsfulltrúar hafa atkvæðisrétt.

Sóknarnefndarmenn og aðrir þeir, sem sæti eiga í starfsmannanefnd sóknar, sbr. 27. gr., eiga rétt á fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

32. gr.

Prófastur leggur fram á héraðsfundi endurskoðaða reikninga kirkna í héraðinu fyrir næstliðið reikningsár til umræðu og úrskurðar. Á héraðsfundi skal enn fremur gerð grein fyrir starfsemi og fjárreiðum héraðssjóðs á umliðnu starfsári, ef slíkum sjóði er til að dreifa, og fjárreiðum prófastsdæmis.

33. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skylt er að boða slíkan fund, ef ¼ hluti atkvæðisbærra fundarmanna óskar þess. Um fundarboðun fer samkvæmt 30. gr.

34. gr.

Hver sá, sem rétt á til setu á héraðsfundi, getur óskað að bera þar upp tillögur sínar um kirkjuleg málefni, sem heyra undir starfssvið héraðsfunda. Hann skal mælast til þess við héraðsnefnd, að málefni þessi verði rædd þar og greind í fundarboði.

35. gr.

Þeir fundarmenn á héraðsfundi, sem verða í minni hluta við einstakar samþykktir fundarins, geta óskað þess, að sérálit þeirra fylgi ályktunum fundarins til biskups, ef um er að ræða málefni, sem til úrskurðar hans eða kirkjumálaráðherra kemur.

b. Um héraðsnefnd.

36. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfunda. Prófastur er formaður héraðsnefndar, en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn, einn safnaðarfulltrúa og einn prest, til fjögurra ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti.

Héraðsfundur kýs tvo endurskoðendur reikninga héraðssjóðs og tvo til vara til fjögurra ára í senn.

Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi og öðrum, sem eiga hlut að máli. Hún er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum að því er varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs og gerir tillögur um kirkjulega starfsemi á vegum prófastsdæmisins. Er henni heimilt með samþykki héraðsfundar að ráða starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum. Héraðsnefnd undirbýr héraðsfundi.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði.

VIII. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

37. gr.

Kirkjumálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök atriði, er varða framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

38. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og skulu kosningar safnaðarfulltrúa og kosningar í sóknarnefndir og héraðsnefndir prófastsdæma fara fram jafnskjótt og föng eru á, en umboð núverandi sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa fellur niður, þegar slík kosning hefir farið fram, sbr. 15. og 22. gr.

Við gildistöku laganna falla úr gildi 4. gr. tilskipunar um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi, lög nr. 36 16. nóvember 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda og lög nr. 71/1941 og nr. 39/1961 um breytingu á þeim lögum, og enn fremur 11.—13. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð. Enn fremur önnur þau ákvæði laga, er eigi fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. haldast ákvæði lokamálsgreinar 1. gr. laga nr. 35/1970, þó svo, að í stað tölunnar 5000 kemur töluorðið 4000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur kirkjulaganefnd að meginstofni til samið. Í henni áttu upphaflega sæti dr. Sigurbjörn Einarsson biskup og síðar eftirmaður hans, Pétur Sigurgeirsson, og enn fremur dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Frumvarp kirkjulaganefndar var að tilhlutan kirkjuráðs lagt fyrir kirkjuþing í nóvember 1982 til umfjöllunar.

Kirkjuþing gerði smávægilegar breytingar á frumvarpinu og hafa þær verið felldar inn í frumvarpið eins og það liggur nú fyrir.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi skömmu fyrir þinglok vorið 1983 og fékk ekki umfjöllun.

Með frumvarpinu fylgdi frá kirkjulaganefnd eftirfarandi greinargerð. Á henni hafa verið gerðar smávægilegar breytingar til samræmis við þær breytingar, sem kirkjuþing gerði á frumvarpinu.

Greinargerð.

I.

Allt fram á síðara hluta 19. aldar kvað lítið eða nánast ekkert að afskiptum þjóðkirkjumanna annarra en kennimanna af málefnum þjóðkirkjunnar. Kirkjan var miðstýrð. Á síðustu áratugum 19. aldar hefst hér merkileg og öflug hreyfing, er stefndi að aukinni hluttöku safnaðarmanna í stjórnun kirkjumála og að frjálsræði í trúarefnum. Frumvörp mörg og athyglisverð voru lögð fyrir Alþingi, flest þeirra samin af kirkjumálanefnd þeirri, sem skipuð var á 8. áratug þeirrar aldar. Mörg frumvörpin urðu að lögum, og ollu þau straumhvörfum í þessum efnum. Af þeim og öðrum lögum, sem lögleidd voru um þessar mundir, má nefna lög nr. 5/1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda (viðaukalög 12/5 1882, 22/5 1900 og breytingarlög 16/9 1898), lög 27/2 1880 um skipun prestakalla, fyrstu lögin, er mæltu fyrir um afskipti leikmanna af veitingu prestsembætta, þótt með öðru móti væri en síðar, lög 9/1882 um leysing sóknarbands, lög 12/5 1882 um kosningarrétt kvenna m. a. á safnaðarfundum, þ. e. ekkna og „ógiftra kvenna, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar", lög 1/1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða og lög 4/1886 um utanþjóðkirkjumenn. Þetta var hinn mesti fjörkippur, er kirkjulöggjöf tók. Á næstu árum við þetta tímabil varð einnig talsverð gróska í kirkjulöggjöf. Má nefna í því sambandi lög 36/1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, lög 28/1907 og síðar lög 32/1915 um veitingu prestakalla, svo og lög 38/1909 um vígslubiskupa og lög 21/1921 um biskupskosningu, en þessi síðastnefndu lög tvenn mæltu fyrir um kosningu til embætta án þess að vísu að veita leikum mönnum rétt til hluttöku í kjöri. Býr enn að þeirri miklu skorpu í setningu kirkjulaga, sem hér var vikið að, því að ýmis þessara laga eru enn í gildi, lítið breytt.

Hin lýðræðislega uppbygging innan þjóðkirkjunnar markast bæði af hluttöku sóknarmanna í stjórnun kirkjusóknar á vettvangi safnaðarfunda og með kjöri sóknarnefnda og með þátttöku leikmannafulltrúa á héraðsfundum, að því er varðar málefni prófastsdæmis. Síðar hefir svo komið til seta leikmanna í kirkjuráði (1931) og á kirkjuþingi (1957), sem fjalla um miðlæg stjórnunarmál þjóðkirkjunnar. Þá má benda á prestskosningar og hluttöku þjóðkirkjumanna í þeim, en fyrsti vísir að afskiptum sóknarmanna af þeim stafar frá 1880 (bundið við sóknarnefndir), sbr. síðar lög frá 1886, 1907 og nú lög nr. 32/1915. Á Alþingi 1980 var samþykkt frv. til laga um biskupskosningar, sbr. lög 96/1980, sem felur í sér, að leikmenn fái með vissum hætti kosningarrétt við biskupskjör.

Um lýðræði í málefnum þjóðkirkju ber auk þessa að benda á ákvæði 79. gr. 2. málsgr. stjórnarskrár, sem mælir fyrir um þjóðaratkvæði, ef Alþingi hefir samþykkt frv. til laga um breytingu á kirkjuskipun ríkisins, svo sem hún er greind í 62. gr. stjórnarskrár.

II.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fjallar um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir og héraðsfundi o. fl.

Rétt hefir þótt að hefja frv. á ákvæði um umdæmaskiptingu landsins innan þjóðkirkjunnar. Er þar leitast við að draga upp heildarmynd. Er hún fólgin í samtaki úr ýmsum lögum og áréttingu á þeim og tilvísun til einstakra ákvæða. Að öðru leyti fjallar frv. um kirkjusóknir, stjórnunarmálefni og félagsmálefni þeirra og þ. á m. lýðræði innan þeirra, svo og um samstarf sóknanna á héraðsfundum prófastsdæma, sem mjög tengjast þessu máli.

Athyglisvert er, að eigi eru fyrirmæli í kirkjulögum um samstarf sókna innan tiltekins prestakalls undir forystu sóknarprests, sem er eðlilegur tengiliður milli þeirra. Er vissulega ekkert því til fyrirstöðu, að slíku samstarfi verði við komið, og tíðkast að nokkru marki.

Kirkjusóknin er grunneining í umdæmisskiptingu þjóðkirkjunnar. Hún er smæsta einingin þar og jafnframt á ýmsan veg virkasta aflið í kirkjulegu starfi eða umgerð um það – sá þátturinn, sem snýr gagngert að einstökum þjóðkirkjumanni og mestu skiptir um rétt hans til kirkjulegrar þjónustu og færi hans á þátttöku í kirkjustarfinu. Á vettvangi kirkjusóknar afmarkast fyrst og fremst staða þjóðkirkjumanns innan kirkju sinnar.

Hér á landi hefir um langan aldur hagað svo til, að oftast eru fleiri en ein sókn í prestakalli. Hins gætir þó einnig í þéttbýli, að prestur þjóni aðeins einni sókn, og til er, að tveir prestar þjóni einni og sömu sókninni. Margar kirkjusóknir hér á landi eru vissulega mannfáar og verður torvelt fyrir sóknarmenn að standa undir kostnaði við kirkjuþjónustu. Í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. er brotið upp á þeirri tillögu, að kirkjusóknir geti sameinast um kirkju. Í þessu frv. er gert ráð fyrir þeim úrkosti, að sóknir geti sameinast. Í báðum tilvikum eru það hin breyttu félagslegu viðhorf, með stórbættum samgöngum o. fl., sem um margt hafa raskað forsendum fyrir sóknarskiptingunni. Hins vegar verður hér að fara að með allri gát, því að kirkjusóknin sem slík gegnir veigamiklu hlutverki til samstarfs og samstöðu sóknarmanna, og er varhugavert að skipa málum svo, að í berhögg gangi við vilja þorra sóknarmanna í þessu efni.

Reynslan leiðir á hinn veg í ljós, að mjög fjölmennar kirkjusóknir ala af sér ýmiss konar vandkvæði í kirkjustarfi. Er þá m. a. hætt við, að tengsl sóknarmanna og sóknarprests verði ópersónuleg og þjónusta prests ófullnægjandi. Er eðlilegt, að svigrúm sé veitt til að mynda nýjar sóknir, þegar mannfjöldi hefir náð tilteknu marki, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv. sbr. 3. gr., sjá til samanburðar lok 1. gr. og 3. gr. laga nr. 35/1970.

Í sambandi við kirkjusóknir og tilhögun þeirra leitar á sú spurning, hvort prestaköll í núverandi mynd séu til frambúðar. Hafa komið fram hugmyndir um að hverfa frá þeim, halda sókninni sem grundvallareiningu og efla prófastsdæmið að sínu leyti. Mætti hugsa sér að mynda starfsstöðvar presta í hverju prófastsdæmi og verði þá þörfum sóknanna fullnægt með skipulögðu starfi slíkra stöðva, þó svo að hver einstök sókn eigi aðgang að tilteknum presti til almennrar kirkjuþjónustu. Þetta er mál, sem þarfnast mikillar athugunar, en hugmyndin er athyglisverð. Auðsætt er, að langur aðdragandi yrði að því að koma á slíkri skipan, þótt horfið yrði að því ráði að keppa að henni sem stefnumiði. Úrlausn þess máls þarf ekki að hafa áhrif á frumvarp það, sem hér hefir verið tekið saman, og verður það því eigi rætt frekar, en tekið skal fram, að ákvæði frv. þessa um héraðsnefnd og ákvæði frv. til laga um sóknargjöld að því er varðar héraðssjóði ættu að stuðla að slíkri þróun.

Frumvarp þetta er samið m. a. með hliðsjón af tillögum starfsháttanefndar þjóðkirkjunnar.

III.

Við samningu frv. þessa voru tekin til endurskoðunar lög nr. 36/1907 um sóknarnefndir og héraðsnefndir, svo og ákvæði, er varða sóknir og sóknarskipun í öðrum lögum, einkum 11. – 13. gr. laga nr. 35/1970. Skal nú reifað stuttlega helsta efni frv.

III. 1. Þess er fyrr getið, að rétt þótti að hefja frv., sbr. 1. gr., á heildarákvæði um umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar.

III. 2. Ákvæðin um kirkjusóknir eru talsvert dreifð í kirkjulöggjöfinni, og er leitast við í II. kafla frv. að setja þau fram í samfelldu máli. Er þar m. a. veitt skýrgreining á hugtakinu kirkjusókn. Safnað er saman í eitt ákvæðum um sóknir, stærð sókna og sóknarmörk, breyting á sóknarmörkum og sameiningu sókna og niðurlagningu þeirra.

III. 3. Í III. kafla eru ýmis nýmæli varðandi það, hverjir séu sóknarmenn og hver sé

réttur þeirra og hverjum skyldum þeir skuli hlíta. Er hér að nokkru leyti um lögfestingu að ræða á tíðkanlegri framkvæmd mála, en einnig öðrum þræði nýmæli að stofni til.

III. 4. Í IV. kafla eru ákvæði um safnaðarfundi, og er leitast við að ganga tryggilegar frá boðun þeirra og dagskrá en nú er, a. m. k. miðað við skráð lög. Reynt er og að afmarka frekar en nú er, hvert sé viðfangsefni funda þessara. Þar er þó ekki um tæmandi ákvæði að ræða, sbr. þegar ýmis ákvæði V. kafla, svo og annarra kirkjulaga.

III. 5. Í V. kafla eru fyrirmæli um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Þar eru ýmis nýmæli, sem lýst verður í athugasemdum við V. kafla eða einstakar greinar þar. Geta má þess, að ný ákvæði eru um tölu sóknarnefndarmanna og verður hún nokkru hærri í þéttbýli en verið hefir. Ber þar þó að hafa aðgát, því að varhugavert er að hafa slíkar nefndir úr hófi fjölmennar. Mælt er fyrir um kosningu sóknarnefnda á aðalsafnaðarfundi, kjörtímabil, varamenn, svo og kosningu endurskoðenda kirkjureikninga og reikninga vegna kirkjubyggingar, en það er nýmæli. Um stöðu nefndarinnar og verkefni eru ákvæðin nokkru rækilegri en nú er, svo og um ályktunarfæri nefndarinnar. Þá er mælt fyrir um fundarsókn prests svo og um fundarsókn starfsmanna sóknar, þegar fjallað er um málefni þeirra sérstaklega, og er það sumpart nýmæli. Í 22. gr. frv. er lagt til í samræmi við ályktanir kirkjuþings, að safnaðarfulltrúi, sem á sæti á héraðsfundum prófastsdæmis, sé kosinn af sóknarnefnd, en eigi á aðalsafnaðarfundi, svo sem nú er, sbr. 16. gr. laga nr. 36/1907, og er sóknarnefnd bundin við að kjósa fulltrúann úr sínum hópi. Þá er kjörtímabil safnaðarfulltrúa stytt úr 6 árum í 4 ár. Sú breyting felst einnig í 22. gr. frv., að sóknarnefndarmenn eiga almennt rétt til setu á héraðsfundum með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefir aðeins hinn kjörni safnaðarfulltrúi (varasafnaðarfulltrúi). Einnig er það nýmæli, að biskup skuli setja sóknarnefndarmönnum almennt erindisbréf, sbr. 24. gr. frv.

III. 6. Í VI. kafla frv. er kveðið á um starfsmenn sókna, og geymir sá kafli að verulegu leyti nýmæli. Sum þeirra eru þó lögfesting á venjubundinni framkvæmd.

Ný að stofni til eru ákvæði um námskeið fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna, sbr. 26. gr. og um starfsmannanefnd innan sókna, sbr. 27. gr. og um það, hversu ráðið verði til lykta ágreiningi, er risið getur varðandi störf starfsmanna, sbr. 28. gr.

III. 7. Í VII. kafla frv. um héraðsfundi eru nokkur nýmæli, þ. á m. um rétt sóknarnefndarmanna til setu á slíkum fundum svo og þeirra, sem sæti eiga í starfsmannanefndum sókna. Þá er í 36. gr. kveðið á um héraðsnefnd, sem er framkvæmdanefnd héraðsfunda, skipuð tveimur prestum og einum leikmanni. Er þetta nýmæli, sem ætlað er það hlutverk að gera héraðsfundina aflmeiri en nú er til aukins samstarfs fyrir prófastsdæmi í heild sinni. Við þetta mál tengist svo tillaga í frv. til laga um sóknargjöld þess efnis, að stofna megi til sérstakra héraðssjóða innan prófastsdæmis með vissum hluta af sóknargjöldum, og hefir héraðsnefnd forsjá sjóðs þessa og sér um úthlutun úr honum.

III. 8. Í VIII. kafla er m. a. fjallað um stjórnvaldsreglur, sem kirkjumálaráðherra setur um framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla

Í honum eru ákvæði um umdæmaskiptingu innan þjóðkirkjunnar.

Um 1. gr.

Heppilegt þykir að hefja frv. þetta, sem fjallar um grunneiningu í umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar, á heildarákvæði um slíka skiptingu. Byggist ákvæðið á samtaki einstakra laga um þetta efni.

Um II. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um kirkjusóknir og skipun þeirra, um sóknarmörk, skiptingu kirkjusókna, sameiningu þeirra og um það, hvenær og hversu sókn verði lögð niður.

Um 2. gr.

Í 1. málsgr. er veitt skýrgreining á hugtakinu kirkjusókn, sem er samfélag þess fólks innan þjóðkirkju, sem býr innan sóknarmarka. Sóknarmenn mynda söfnuð. Maður telst sóknarmaður í ýmsum samböndum, þótt leyst hafi sóknarband, sbr. lög 9/1882, sem eru nú óraunhæf.

Í 2. málsgr. segir, að kirkjusóknin sé sjálfstæð, fjárhagsleg og félagsleg eining. Kirkjusóknin er lögpersóna og á t. d. sem slík sóknarkirkju og eftir atvikum aðrar kirkjueignir. Hún á tilkall til sóknargjalda. Sóknarnefnd er með fulltingi safnaðarfunda í fyrirsvari fyrir sóknina, m. a. í fjárhagslegum efnum. Í dómsmálum er þó eigi ávallt einhlítt, að sóknarnefndin sé ein til málsaðildar. Sóknir hafa samstarf innan prófastsdæmis á vettvangi héraðsfunda. Svo sem fyrr greinir, eru eigi fyrirmæli í kirkjulöggjöf um samstarf sókna, er teljast til sama prestakalls, undir forystu sóknarprests og formanna sóknarnefnda. Er þó eðlilegt, að til samvinnu komi milli slíkra sókna, t. d. í sambandi við kirkjukóra og félagsmál, en reynslan sýnist ekki hafa leitt í ljós þörf á að skipa því máli með lögum.

Í 3. málsgr. segir almennt um tilkall sóknarmanna til kirkjulegrar þjónustu og að þeir beri sameiginlega skyldur eftir því sem kveðið er á um í lögum eða lögmætum ákvörðunum. Sóknarmenn njóta lýðréttinda í kirkjusókn, m. a. með þátttöku í safnaðarfundum, þar sem kosin er sóknarnefnd, endurskoðendur og safnaðarfulltrúi og ráðið er til lykta margvíslegum málefnum sóknarinnar.

Um 3. gr.

Hér eru viðmiðunarreglur varðandi mannfjölda í kirkjusókn. Skal lagt til grundvallar, að í kirkjusókn séu ekki fleiri en 4000 sóknarmenn og að jafnaði eigi færri en 100. Í lögum nr. 35/1970, 1. gr. segir, að í Reykjavíkurprófastsdæmi skuli jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi í hlut hvers að meðaltali. Í 3. gr. sömu laga er svo fyrir mælt, að utan Reykjavíkurprófastsdæmis skuli „prestar vera svo margir, að sem næst 4000 komi á hvern." Ákvæði 3. gr. frv. er sama efnis og síðastgreint ákvæði og á hvarvetna við á landi hér. Nýmæli er, að sóknarmenn skuli að jafnaði eigi vera færri en 100. Þegar sókn er orðin svo fámenn, er ekki heiglum hent að halda uppi almennu safnaðarstarfi. Byggt er þó á því, að farið verði að því með gát að leggja niður kirkjusókn, þegar svona stendur á, og skiptir höfuðmáli hver hugur sóknarmanna sjálfra er til þess máls.

Um 4. gr.

Í 1. og 2. málsgr. er fjallað um kirkjusóknir, skiptingu og sameiningu sókna og um breytt sóknarmörk. Eru þau ákvæði að mestu í samræmi við 11. gr. laga nr. 35/1970. Gert er þó ráð fyrir í lok greinarinnar, að kirkjumálaráðherra geti skorið úr máli, að fengnum tillögum biskups, ef tillögur um þessi efni ná ekki samþykki allra þeirra aðilja, sem um málið eiga að fjalla, t. d. svo að héraðsfundur gangi gegn ályktunum meiri hluta safnaðarfunda um skiptingu kirkjusóknar. Þetta myndi þó verða fágætt.

Ákvæði 3. málsgr. eru að mestu í samræmi við lokamálsgr. 12. gr. laga nr. 35/1970.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 12. gr. 1. og 2. málsgr. laga nr. 35/1970 taka til, en er nokkru einfaldari í sniðum og bindur ekki hendur matsmanna í jafnríkum mæli sem 12. gr. Prófastur á að vera formaður matsnefndar, og er það nýmæli.

Um 6. gr.

Hún er sama efnis sem 13. gr. laga nr. 35/1970. Hér er greint á milli tveggja tilvika, að því er varðar niðurlagningu sóknar, þ. e. að sókn sameinist annarri sókn eða hún sé niður lögð vegna þess að hún eyðist af fólki.

Ákvæði 3. málsgr. er nýmæli, en samkvæmt henni er biskupi heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar, ef gerlegt er, og héraðsfundar, að sóknarkirkja verði greftrunarkirkja, ef sókn er aflögð samkv. 1. eða 2. málsgr. 6. gr. Í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. er lagt til, að slík kirkja hlíti umsjón biskups og héraðsprófasts og að rekstrar- og viðhaldskostnaður hennar greiðist af eignum og tekjum kirkjugarðs.

Um III. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu og raunar um stöðu þeirra, réttindi og skyldur, innan sóknar og þar af leiðandi innan þjóðkirkjunnar.

Um 7. gr.

Í lögum um trúfélög nr. 18/1975 er það afmarkað, hverjir teljist til þjóðkirkjunnar og þá einnig hverjir tengist öðrum söfnuðum eða standi utan trúfélaga. Í þessari grein er hins vegar leitast við að kveða á um það, hvernig tilheyrslu þjóðkirkjumanna er háttað til einstakrar kirkjusóknar. Er það mikilvægt atriði, því að sú tilheyrsla er grundvöllur undir réttindi manna og skyldur, þ. á m. um það, hvar maður á frumrétt til kirkjuþjónustu og hvar hann megi njóta þegnréttinda sinna sem þjóðkirkjumaður og hvar hann eigi að gjalda sóknargjöld o. fl.

Þau guðfræðilegu og kirkjuréttarlegu viðhorf standa á gömlum merg, að skírn sé forsenda þess, að menn geti talist tilheyra kirkju. Er þetta sjónarmið víða lögbundið, t. d. í dönsku lögunum um safnaðarráð frá 1970. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá reglu, að skírn sé forsenda fyrir því að menn tilheyri þjóðkirkjunni. Hins vegar eru ekki ákvæði í lögum, er setja foreldrum frest til að skíra börn, og verða börn því í fyrstu talin tilheyra þjóðkirkju, þótt óskírð séu.

Um 8. gr.

Í fyrstu málsgr. er því lýst almennt, að sóknarmenn eigi rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og á þátttöku í safnaðarstarfi þar. Er það síðan sundurgreint, í hverju þjónustan sé fólgin, án þess þó að þar sé um tæmandi talningu að ræða. Þá er einnig mælt fyrir um, hvernig farið sé þjónustu utan sóknar, þegar svo hagar til, að maður getur ekki fært sér í nyt þjónustu í sókn sinni vegna fjarvista.

Rétt er að benda á, að í framkvæmd hér á landi ríkir mikið frjálsræði um það, til hvaða prests menn leiti um kirkjulega þjónustu, svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og greftrun. Allt að einu skiptir máli, að við njóti almennra lagaákvæða um þetta efni.

Um 9. gr.

Grein þessi geymir nýmæli, a. m. k. í þeim lagabúningi, sem hér er valinn. Hér er lagt til að festa í lögum, hver réttur sóknarmanna sé til guðsþjónustu, og er fjöldi guðsþjónusta í sókn miðaður við fjölda sóknarmanna. Grein þessi er í samræmi við ályktun kirkjuþings 1978, en vissulega getur orkað tvímælis, hvar mörkin verði sett. Mælt er fyrir um, að héraðsprófastur endurskoði þjónusturétt í hverri einstakri sókn eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, að fengnum tillögum sóknarnefnda, og skal þá athuga breytingar á fjölda sóknarmanna.

Tekið skal fram, að hér er kveðið á um lágmarksrétt sóknarmanna á guðsþjónustum, en sóknarpresti er að sjálfsögðu heimilt að messa oftar en ákvæði þessi segja til um.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um kosningarrétt og kjörgengi sóknarmanna á safnaðarfundum og við opinberar kosningar í þjóðkirkju, sbr. einkum prestskosningar. Í 5. gr. laga nr. 36/1907 var

að höfuðstefnu miðað við það, að menn væru fullveðja, þ. e. 25 ára. Þessu var breytt með lögum 60/1917, er fullræðisaldur var ákveðinn 21 ár, og var það áréttað í lögum 95/1947, en samkvæmt þeim urðu menn þó einnig fullveðja við hjúskaparstofnun. Aldurinn var lækkaður með breytingu á lögræðislögum í 20 ár með lögum 75/1967, og er nú 18 ár, sbr. lög 26/1979. Í þessari grein frv. er lagt til, að aldurinn verði 16 ár, en jafnframt er gert ráð fyrir í frv. til laga um sóknargjöld, að menn verði gjaldskyldir 16 ára. Kirkjuþing hefir fyrir sitt leyti lagt til, að þessi aldursbreyting verði gerð, og er þjóðkirkjan fyrst opinberra stofnana til að brjóta upp á því, að kosningaraldur í opinberum kosningum verði 16 ár.

Í 2. málsgr. 10. gr. segir almennt, að sóknarmönnum sé skylt að hlíta þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum og lögmætum samþykktum safnaðarfunda og ákvörðunum kirkjustjórnar, sem stoð eiga í lögum. Lög taka hér einnig til stjórnvaldsreglna, sem styðjast við lög.

Um IV. kafla

Þessi kafli fjallar um safnaðarfundi, verkefni, starfshætti, fundarboðun, ályktunarfæri o. fl.

Um 11. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um, að aðalsafnaðarfund skuli halda ár hvert. Annarra safnaðarfunda er skylt að boða til að ósk meiri hluta sóknarnefndar eða ¼ hluta ákvæðisbærra sóknarmanna hið fæsta. Greinin leysir af hólmi 3. og 4. gr. laga nr. 36/1907 eða kemur í stað ýmissa atriða, sem þar greinir.

Samkv. 4. gr. laga 36/1907, sbr. lög 71/1941, 2. gr., á að halda aðalsafnaðarfund á tímabilinu 1. apríl til 1. júní ár hvert. Í 11. gr. frv. er þetta hins vegar ekki bundið að öðru leyti en því að slíkan fund á að halda ár hvert. Væntanlega munu venjur myndast í hverri sókn um þetta.

Nokkru rækilegri ákvæði eru í 11. gr. frv. um verkefni safnaðarfunda en í lögum 36/1907.

Í 2. málsgr. er tekið fram, að aðalsafnaðarfundur fari með æðsta ákvörðunarvald innan safnaðar í málefnum kirkjusóknar. Á það er að líta, að sumum málum verður ekki ráðið til lykta á vettvangi sóknar heldur þarf atbeini stjórnvalda kirkjumála utan sóknar til að koma, t. d. biskups eða ráðuneytis.

Bent skal á, að stundum er áskilið, að mál hlíti meðferð á aðalsafnaðarfundi, þ. á m. kosning sóknarnefndar og endurskoðenda, ákvörðun um að hefjast skuli handa um kirkjubyggingu eða meiri háttar breytingu á kirkju, svo og aðrar mikilvægar ákvarðanir. Benda má á 4. gr., 6. gr. 3. málsgr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 20. gr. og 27. gr. frv. í þessu sambandi.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um boðun safnaðarfunda, dagskrá, ályktunarfæri funda og úrslit mála á safnaðarfundum, sbr. 3. gr. laga 36/1907. Hér er vitaskuld sleppt því atriði í greindri 3. gr., sem svo segir, að þær einar breytingar verði gerðar á tillögum sóknarnefnda, sem hún aðhyllist. Fær slíkt með engu móti samrýmst almennum viðhorfum um lýðræði í félagsmálum, og raunar ekki eftir því farið.

Um V. kafla

Hér eru ákvæði um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Er nú aldarreynsla komin á sóknarnefndir (og héraðsnefndir), sbr. lög nr. 5/1880, en frv. til laganna flutti sr. Arnljótur Ólafsson, raunar á grundvelli frv., er kirkjumálanefndin 1877–1878 samdi. Hafa lög um nefndir þessar tekið ótrúlega litlum stakkaskiptum á þessu aldarbili, sbr. nú lög 36/1907. Við endurskoðun þá, sem nú hefir farið fram á þessum lögum, hafa menn reynt að færa sér í nyt reynslu af þessum lögum. Sumpart hafa lagaákvæði verið færð til samræmis við lagaframkvæmd, þótt einnig gæti hér nýrra hugmynda.

Um 13. gr.

Í þessari grein er mælt um, að sóknarnefnd skuli vera í hverri kirkjusókn, og í höfuðdráttum segir hér um verkefni sóknarnefndar, en þau eru sérgreind síðar í þessu frv. Þótt kirkjusóknir sameinist um kirkju, verða sóknarnefndir allt að einu tvær, en sameinist sóknir verður sóknarnefnd ein. Þótt bændakirkja sé í sókn, ber allt að einu að kjósa sóknarnefnd. Þessi grein er að mestu í samræmi við 1. gr. laga 36/1907.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um fjölda sóknarnefndarmanna og kosningu þeirra og varamanna þeirra. Í 4. gr. 2. málsgr. laga 36/1907, sbr. lög 71/1941, 2. gr., er boðið, að sóknarnefndarmenn skuli vera fimm, þar sem 1000 menn eða fleiri eru í sókn, en þrír að öðrum kosti. Í 13. gr. frv. er hins vegar lagt til, að sóknarnefndarmenn verði 3, þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella 5, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 eða fleiri megi sóknarnefndarmenn vera 7 og svo 9, ef þeir eru 4000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næst liðinn. Má fjölga sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi, þegar kjör sóknarmanna á fram að fara eftir að þeir verða 1000 eða 4000 hið fæsta. Felur þetta í sér nokkra fjölgun sóknarnefndarmanna frá því, sem nú er, en þess er þó gætt, að fjöldinn verði eigi úr hófi hár. Í 14. gr. er boðið að kjósa skuli a. m. k. jafnmarga varamenn sem tölu aðalmanna nemur, en í gildandi lögum er aðeins heimild, en ekki skylda, til að kjósa varamenn.

Vakin er athygli á ákvæði 3. málsgr. 16. gr. frv., en samkv. henni eiga formaður, gjaldkeri og ritari sóknarnefndar að mynda framkvæmdanefnd hennar, ef sóknarnefndarmenn eru fleiri en fimm.

Um 15. gr.

Þessi grein er svipuð að efni til og 6. gr. laga 36/1907, en þó er hér lagt til, að kjörtímabil sóknarnefnda verði stytt úr 6 árum í 4 ár. Er það í samræmi við það, sem tíðkanlegt er við kosningar nú á tímum til trúnaðarstarfs. Sóknarnefnd ber að kjósa á aðalsafnaðarfundi, þ. á m. á framhaldsaðalsafnaðarfundi, ef slíku er til að dreifa, svo sem tíðkast hefir. Til álita kemur að heimila, að almenn kosning fari fram innan kirkjusóknar um sóknarnefnd, svo sem t. d. er í Noregi, og þá jafnvel með hlutfallskosningu (listakosningu). Ekki er þó vitað um óskir safnaða í þá veru, og hefir slík heimild því eigi verið greind í 15. gr. Vafalaust er hægt að koma við hlutfallskosningu, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir, en ella hljóta þeir kosningu, sem flest fá atkvæði sem einstaklingar, og atkvæðamagn hvers um sig ræður röð varamanna.

Um það hversu sóknarnefnd endurnýist smám saman eru ákvæði í 3. málsgr., sbr. nú 6. gr. laga 36/1907. Ákvæði 4. málsgr. eru einnig að mestu í samræmi við greint lagaákvæði.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er efnislega í samræmi við 2. og 3. málsgr. 6. gr. laga 36/1907.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður skuli hafa tiltekið verkefni í safnaðarstarfi, og skal það þá tilkynnt áður en kosning fer fram. Þau verksvið, sem hér eru höfð í huga, eru t. d. umsjón eigna og fjársýsla, barna- og æskulýðsstarf, þjónustustörf við sjúka, einstæða og fatlaða, félagsráðgjöf og almenn félagsmál. Þótt eigi sé kveðið á um þetta, áður en kosning fer fram, er ljóst, að sóknarnefnd getur skipt störfum með nefndarmönnum, svo og skipað nefndir til að fjalla um einstök málefni, sbr. 4. málsgr. Bundið er í 3. málsgr., að nefndarmenn skipti með sér störfum formanns, gjaldkera og ritara. Formaður er eigi kosinn sérstaklega á aðalsafnaðarfundi, og kemur slík tilhögun þó vissulega mjög til greina. Þeir þrír, sem greindir voru, skipa framkvæmdanefnd sóknarnefndar, ef hún er skipuð fleiri mönnum en fimm. Er þetta nýmæli.

Í lokamálsgr. er lagt til, að tveir endurskoðendur verði kjörnir samtímis því, að sóknarnefnd er kosin, og tveir til vara. Kjörtímabil er fjögur ár. Endurskoðendur endurskoða kirkjureikninga og byggingarreikninga kirkju, ef því er að skipta, svo og sjóða, er kirkjan kann að eiga. Sóknarnefnd leggur endurskoðaða reikninga fram á aðalsafnaðarfundi til samþykktar.

Um 17. gr.

Hér eru fyllri ákvæði en nú eru um boðun funda í sóknarnefnd og um það, hvenær fundur sé ályktunarfær. Er áskilið, að meiri hluti sitji fund, þ. e. tveir nefndarmenn af þremur, þrír af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu.

Í 2. málsgr. segir, að sóknarprestur (prestar) sitji fundi nefndarinnar að jafnaði, sbr. nú lokamálsgr. 2. gr. laga 36/1907. Nýmæli er, að einnig skuli organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjukórs og kirkjulegra félaga, sem tengjast sókn, sækja fund nefndarinnar, ef málefni þeirra aðilja eru sérstaklega til umræðu í nefndinni. Mun þetta tíðkast víða, án þess að skráðra lagareglna njóti við, en eðlilegt þykir að lögfesta reglur um þetta atriði.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar almennt um verkefni sóknarnefnda, en í 19. — 23. gr. frv. eru greind ýmis sérgreind verkefni. Þau eru þó eigi tæmandi talin í frv. heldur ráðast þau af ýmsum kirkjulögum, svo sem lögum um kirkjur og kirkjubyggingar, sóknargjöld, kirkjugarða, veitingu prestakalla o. fl. Sumpart stafa viðfangsefnin frá samþykkt safnaðarfunda svo og héraðsfunda, en sóknarprestur, héraðsprófastur og biskup geta einnig vikið málum til sóknarnefnda eða kirkjumálaráðherra og kirkjuþing eða Alþingi eða einstakar nefndir þess.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um stöðu sóknarnefndar, þ. e. að hún sé í fyrirsvari fyrir kirkjusókn gagnvart stjórnvöldum og einstaklingum og stofnunum. Ber manni því að snúa sér til sóknarnefndar um mál kirkjusóknar almennt eða til sóknarprests, sem kemur erindi á framfæri við sóknarnefnd. Þá segir, að sóknarnefnd hafi umsjón með sóknarkirkju og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af kirkju sé háttað. Í frv. til laga um sóknarkirkjur eru nánari ákvæði um afnot af kirkjum þ. á m. um, að heimilt sé að skjóta niðurstöðu greindra aðilja til prófasts og eftir atvikum til biskups. Umsjónarhlutverk sóknarnefndar er mikilvægt og stendur m. a. í tengslum við fyrirmæli 20. gr.

Í lokamálsgrein 19. gr. er sóknarnefndum gert að skyldu að gæta að réttindum kirkna og kirkjueigna og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

Ákvæði 19. gr. eiga einnig við um safnaðarheimili.

Um 20. gr.

Með þessu ákvæði er sóknarnefndum lögð sú skylda á herðar að sjá um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Í þessu felst, svo sem greinir í 2. málsgr., að kirkju sé vel við haldið og búnaði hennar og að sóknarnefnd leitist við að fegra og prýða kirkjuna og umhverfi hennar. Stefnumiðið hlýtur að vera, að kirkja verði aðlaðandi og að þar sé gætt smekkvísi í hvívetna. Hyggja ætti sérstaklega að kirkjulist í því sambandi og er kirkjulistanefnd þjóðkirkjunnar til ráðgjafar í því efni.

Eitt af hlutverkum sóknarnefndar er að leitast eftir megni við að sjá borgið þörfum hreyfifatlaðra manna, heyrnar- og sjónskertra. Í frv. til laga um kirkjur og kirkjubyggingar er ákvæði, sem býður að taka skuli sérstakt tillit til þarfa fatlaðra við teikningar og annan undirbúning að kirkjubyggingu, þ. á m. við endurbyggingu kirkju. Mikil þörf er á endurbótum í eldri kirkjum í því skyni að fullnægja þörfum fatlaðra. Mætti m. a. hugsa sér að kirkjubyggingasjóður fengi sérstök fjárframlög til endurlána til sóknarkirkna til þess að

standa straum af kostnaði við slíkar endurbætur. Þessi verkefni eru brýn, sbr. og m. a. lög nr. 47/1981.

Í 3. málsgr. er ákvæði um, að sóknarnefndir annist vörslu og ávöxtun á lausafé kirkju og beri ábyrgð á fjárreiðum sóknar og reikningshaldi. Í 4. gr. laga nr. 20/1890 er m. a. boðið, að fé, sem kirkjur eiga afgangs af útgjöldum, skuli ávaxta í Hinum almenna kirkjusjóði. Eftir þessu mun ekki farið um lausafé, sem ekki er ætlað til lengri ávöxtunar, og munu sóknarnefndir leggja það inn á banka eða sparisjóði. Þetta frv. hreyfir að vísu ekki við 5. gr. laga 20/1890, en ætlunin er að endurskoða það ákvæði á næstunni. Sóknarnefndum ber að gæta þess að ávaxta fé kirkju sem tryggilegast og með hagkvæmum hætti.

Um 21. gr.

Í 1. málsgr. er sóknarnefnd falið að hafa umsjón með því, að guðsþjónustur og aðrar helgiathafnir og safnaðarstarfsemi í kirkju fari sómasamlega fram og með þeirri helgi, er hæfir, sbr. nú 7. gr. laga 36/1907. Ber sóknarnefnd að sjá til þess, að allt sé til reiðu fyrir guðsþjónustu og aðrar helgiathafnir, að starfsmenn mæti stundvíslega og kirkja sé hlý og vel hirt. Sóknarnefnd stuðlar að því, að ekkert trufli guðsþjónustu og raski helgi hennar, þ. á m. að kirkjugestir gangi hljóðlega og greiðlega til sæta sinna. Gæta skal þess m. a., að kostur sé á sálmabókum fyrir sem flesta kirkjugesti. Ákvæði þetta á að sínu leyti við um safnaðarheimili.

Í 1. málsgr. er sóknarnefndum boðið að vera sóknarpresti og starfsfólki sóknar til liðsinnis í hvívetna og stuðla að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna. Er þetta ákvæði að mestu í samræmi við 7. gr. laga 36/1907, en texti þó nokkru styttri.

Í 2. málsgr. er tilvísunarákvæði um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra. Hefir kirkjulaganefnd samið sérstakt frv. til laga um sóknargjöld, en um þetta efni gilda nú lög 36/1948 ásamt breytingarlögum.

Um ráðningu starfsmanna er í 3. málsgr. vísað til 25. gr. frv. og í 4. málsgr. er um afskipti sóknarnefnda af veitingu prestakalla vísað til laga um það efni, nú laga 32/1915. Minnt er á, að á Alþingi hefir nokkrum sinnum verið flutt frv. til laga um nýskipan þeirra mála, en frv. hafa ekki náð fram að ganga.

Um 22. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir kosningu safnaðarfulltrúa og tengsl hans við kirkjusóknina. Samkv. 16. gr. laga 36/1907 kýs aðalsafnaðarfundur safnaðarfulltrúa til setu á héraðsfundi prófastsdæmis. Hér er hins vegar lagt til, að sóknarnefnd kjósi safnaðarfulltrúa og annan til vara úr sínum hópi. Þá er lagt til, að kjörtímabil verði stytt úr 6 árum í 4 ár. Svo sem áður greinir, er hér fylgt ályktun kirkjuþings 1978 um þetta efni. Mælt er fyrir um það í frv., að umboð núverandi safnaðarfulltrúa falli niður, þegar nýr safnaðarfulltrúi hefir verið kosinn samkv. þessu ákvæði. Það er hin nýkjörna sóknarnefnd samkv. 15. gr. frv., sem kjósa skal safnaðarfulltrúa samkv. þessum reglum. Boðið er, að safnaðarfulltrúi geri grein fyrir starfi og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi eftir að héraðsfundur er haldinn, en hann gerir sóknarnefnd grein fyrir þessu sem fyrst að loknum héraðsfundi.

Nýmæli er, að aðrir sóknarnefndarmenn en hinn kjörni safnaðarfulltrúi eigi rétt á setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr. 2. málsgr. frv.

Um 23. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hverjar bækur sóknarnefndir skuli halda. Bækur þær, sem greinir í 4. og 5. tölulið, eru nýjar að stofni til og eru nánari ákvæði um þær í frv. til laga um sóknarkirkjur o. fl. Kirkjubók, sbr. 4. tölulið, á að geyma tæmandi skrá um starfsemi í kirkju, og er mikilvæg heimild, sem að sínu leyti myndar grundvöll undir skýrslugerð. Kirkjuskrá, sbr. 5. tl., á einum þræði að koma í stað máldagabóka og hafa að geyma yfirlit yfir

réttindi kirkna, en á að öðru leyti að veita ýmiss konar fræðslu um kirkjubygginguna og viðhald á henni o. fl.

Sóknarnefnd ber að vanda til allrar bókfærslu og varðveislu á gögnum kirkju.

Um 24. gr.

Hér er lagt til, að biskup setji sóknarnefnd almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófastastefnu og kirkjuráðs. Er þetta nýmæli. Störf sóknarnefndar eru talsvert umfangsmikil og ákvæði um þau í alldreifðum ákvæðum kirkjulaga. Er því veigamikið, að slíkt erindisbréf sé gefið út til leiðbeiningar fyrir sóknarnefndir, og sé það gert hið fyrsta eftir gildistöku laganna. Prófastar hafa mikla reynslu á þessu sviði, og er því kveðið svo á, að þeir verði m. a. hafðir með í ráðum, er erindisbréf er samið.

Um VI. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um starfsmenn kirkjusókna. Þar kveður allmikið að nýmælum.

Um 25. gr.

Í 1. málsgr. segir, að sóknarnefnd ráði organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju og aðra slíka starfsmenn og semji um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Ákvæði þetta er víðtækara en sambærilegt ákvæði laga 36/1907, og er ákvæði frv. í samræmi við venjur. Ekki eru starfsmenn tæmandi taldir, sbr. orðin „aðra slíka starfsmenn“. Um kaup, kjör og ráðningartíma eru nú að einhverju leyti heildarsamningar. Ef um óvenjuleg kjör er að ræða, þarf sóknarnefnd að jafnaði að bera mál undir safnaðarfund.

Í 2. málsgr. er sóknarnefnd heimilað með samþykki safnaðarfundar að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf. Er m. a. fordæmi fyrir starfi safnaðarsystur. Er mikilvægt að sókn geti haft starfsmann í sinni þjónustu ekki síst til að sinna mannúðarmálum og ýmsum félagslegum vandamálum. Hljóta reglur um starfsmannahald að mótast smám saman, og er örðugt að setja fyrirmæli um starfsvettvang þessara starfsmanna. Er m. a. af þeirri ástæðu boðið í 3. málsgr., að starfsmönnum sé sett almennt erindisbréf.

Í 4. málsgr. segir um rétt starfsmanna til setu á héraðsfundum, og er það nýmæli.

Um 26. gr.

Brýn þörf er á því, að stofnað sé til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna. Er slík starfsemi þegar hafin, þótt í takmörkuðum mæli sé. Í greininni er gert ráð fyrir, að námskeið verði haldin á vegum prófastsdæmis eða biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka, m. a. þeirra er taka yfir fleiri en eitt prófastsdæmi, t. d. samtök fyrir Hólastifti hið forna. Að sjálfsögðu getur einnig komið til greina, að t. d. biskup eða kirkjuráð beiti sér fyrir námskeiðahaldi. Um kostnað er þess eins getið, að sóknarnefndir sjái um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað. Er þess vænst, að á fjárlögum verði tekin upp fjárveiting í því skyni að kosta slík námskeið. Gætu hér einnig komið til styrkveitingar úr Kristnisjóði o. fl. Rétt er að benda á, að námskeið fyrir kirkjuorganista og sumpart fyrir söngfólk er haldið á vegum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og tónskóla hennar, sbr. lög um það efni nr. 3/1981.

Um 27. gr.

Grein þessi er nýmæli. Er þar kveðið á um starfsmannanefnd, sem heimilt er að stofna til innan kirkjusóknar samkv. fyrirmælum aðalsafnaðarfundar. Í henni eiga sæti sóknarprestur eða sóknarprestar, sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sóknar, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta. Verkefni nefndarinnar er að fjalla um störf og starfshætti sóknarinnar, starfsskilyrði þar og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi, og er gert ráð fyrir, að

hann sé að jafnaði formaður nefndarinnar, nema hann færist undan því. Samþykktir eru ekki bindandi nema safnaðarfundur staðfesti en mál kann þó að vera þess eðlis að sóknarnefnd geti ráðið því til lykta án þess að bera það undir safnaðarfund. Samþykktin getur raunar verið á þá lund, að stjórnvöld utan sóknar verði að fjalla um málið til viðbótar við það, er í greininni segir.

Sóknarnefndir eiga að efla samstarf innan sóknar og samræma ýmis störf þar. Er þess að vænta, að slík samstarfsnefnd, sem greinin fjallar um, geti komið ýmsu góðu til leiðar. Skapast þar vettvangur til umræðna um mál, er verið getur aflvaki frjórra hugmynda.

Um 28. gr.

Greinin er nýmæli. Hún víkur að ágreiningi, sem upp kann að koma varðandi störf starfsmanna sóknar. Er kveðið á um það, með hverjum hætti honum verði ráðið til lykta, ef eigi tekst að leysa hann innan sóknarinnar sjálfrar, svo sem langtíðast er. Hér er aðeins mælt fyrir um úrlausnir á slíkum ágreiningi á stjórnarfarslega vísu, en hugsanlegt er, að ágreiningur sé þannig vaxinn, að dómstólar eigi eða geti um fjallað. Ber að túlka orðin „til fullnaðarúrlausnar“ með það í huga. Tekið skal fram, að mjög hefir verið fágætt, að þess konar ágreiningur rísi, sem greinin víkur að, en allt að einu er réttmætt að kveða á um þessi efni í settum lögum.

Um VII. kafla

Í þessum kafla er skipað saman ákvæðum um héraðsfundi og héraðsnefndir. Ákvæðin fela í sér endurskoðun á 17. — 20. gr. laga 36/1907, en ákvæðin um héraðsnefndir eru þó nýmæli. Lagt er til, að nokkrar breytingar verði gerðar á ákvæðum um héraðsfundi. Þeir eiga rót að rekja til laga nr. 5/1880 og hafa gegnt góðu og gildu hlutverki síðastliðna öld sem vettvangur til umræðna um kirkjumál prófastsdæmis og til samstarfs og viðkynningar manna í héraðinu. Með ákvæðum frv. er ætlunin að treysta þessa fundi og greiða fyrir því, að prófastsdæmin eflist sem eining í umdæmaskiptingu þjóðkirkjunnar. Er ætlandi, að ákvæðin um héraðsnefndir í frv. þessu og ákvæðin um héraðssjóð í frv. til laga um sóknargjöld muni stuðla að þessu, ef að lögum verða.

Um 29. gr.

Í 17. gr. laga 36/1907 er boðið, að héraðsfundi skuli halda árlega í júní eða september. Hér er lagt til í 1. málsgr., að þeir verði haldnir eigi síðar en 31. október ár hvert.

Í 2. málsgr. er ákvæði um verkefni héraðsfunda. Eru þeir vettvangur fyrir kennimenn og leikmenn til umræðna og samstarfs um sameiginleg málefni prófastsdæmisins og raunar um kirkjumálefni á víðtækari grundvelli. Breyttar þjóðfélagsaðstæður krefjast aukinnar samvinnu milli sókna og sóknarpresta innan prófastsdæmis, eftir atvikum með nokkurri verkaskiptingu presta. Efling héraðsfunda á að greiða fyrir slíkri samvinnu og stuðla að ýmiss konar starfsemi, sem getur verið sameiginleg fyrir prófastsdæmið, svo sem barna- og æskulýðsstarfsemi, útgáfu fjölritaðra eða prentaðra blaða eða upplýsingarita vegna guðsþjónustuhalds, starfsemi í þágu aldraðra, fatlaðra og sjúkra, og gögn vegna fermingarundirbúnings o. fl. Héraðsfundur er kjörinn vettvangur til umræðna um slík samstarfsmál. Á fundum þessum á einnig að fjalla um einstök, sérgreind verkefni, svo og mál, sem kirkjustjórn vísar til héraðsfunda eða einstakar sóknir og starfsmenn þeirra. Tekið er fram, að hver þjóðkirkjumaður getur óskað þess, að um tiltekið kirkjumálefni sé fjallað á héraðsfundi eða tillögu um úrlausn þess. Héraðsfundur fjallar um endurskoðaða reikninga kirkjusókna í prófastsdæminu, sem prófastur hefir áður kannað almennt, svo og um fjárreiður héraðssjóðs, ef stofnaður hefir verið, sbr. 5. gr. frv. til laga um sóknargjöld. Héraðsfundur kýs tvo menn í héraðsnefnd, sbr. 36. gr., og varamenn þeirra.

Um 30. gr.

Samkv. 18. gr. laga 36/1907 er héraðsfundur lögmætur, ef meiri hluti presta og leikmanna (safnaðarfulltrúa eða varamanna þeirra) situr fundinn. Hér er lagt til, að héraðsfundur sé ályktunarhæfur, ef rétt sé til hans boðað, sbr. 2. málsgr. Samkv. 1. málsgr. á fundarboðun að vera skrifleg og boðað skal til fundar með a. m. k. hálfs mánaðar fyrirvara og á að senda öllum, sem rétt eiga til setu á fundinum, fundarboð, er greini fundarefni. Þarf að fylgja þessum reglum vandlega, því að á því veltur ályktunarhæfni fundar, að rétt sé staðið að fundarboðun.

Um 31. gr.

1. málsgr. er í samræmi við 17. gr. laga 36/1907.

2. málsgr. er nýmæli. Í henni er lagt til, að sóknarnefndarmenn og aðrir þeir, sem sæti eiga í starfsmannanefndum sókna, eigi rétt á fundarsetu og hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Þeir eiga ekki atkvæðisrétt þar, nema kjörnir séu safnaðarfulltrúar. Sóknarnefndarmenn og starfsmenn sókna eru yfirleitt áhugamenn um safnaðarstarf og málefni kirkjunnar og má vænta þess, að þátttaka þeirra í fundunum stuðli að víðtækum umræðum um viðfangsefni fundanna.

Um 32. gr.

Ákvæðið er í samræmi við síðara málslið 19. gr. laga 36/1907, en hér er því bætt við, að gera skuli grein fyrir starfsemi og fjárreiðum héraðssjóða, ef stofnaðir hafa verið í prófastsdæmi, svo og fjárreiðum prófastsdæmis. Reikningar, er að þessu lúta, hlíta meðferð og úrskurði héraðsfunda.

Um 33. gr.

Rétt þykir að kveða hér á um aukahéraðsfund, m. a. ef ¼ hluti atkvæðisbærra héraðsfundarmanna óskar þess. Er þetta nýmæli.

Um 34. gr.

Hér eru ákvæði um, að hver sá, sem rétt á til setu á héraðsfundi, þ. e. ekki eingöngu þeir, sem eiga þar atkvæðisrétt, geti borið þar upp tillögur sínar um kirkjuleg málefni, sem heyra undir verksvið funda þessara. Viðkomandi skal hafa uppi ósk um, að tillagan sé greind í fundarboði. Ef héraðsnefnd fellst eigi á tilmælin, er allt að einu heimilt að fjalla um málefni, ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fundarmanna fallast á það, sbr. 30. gr. 3. málsgr.

Um 35. gr.

Ákvæði þessu svipar til lokamálsgr. 20. gr. laga 36/1970, og er það raunar sjálfsagt, að sérálit minni hluta fylgi ályktun meiri hluta til biskups eða kirkjumálaráðherra, ef þess er óskað.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og kveður á um héraðsnefnd prófastsdæmis undir forystu prófasts. Er það skipað auk hans presti og leikmanni, er héraðsfundur kýs til fjögurra ára í senn, og skal enn fremur kjósa varamenn þeirra. Er héraðsnefnd framkvæmdanefnd héraðsfunda. Ber henni að fylgja eftir ályktunum þeirra og er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum um sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs og gerir tillögur um kirkjulega starfsemi á vegum prófastsdæmisins. Er henni heimilt með samþykki héraðsfundar að ráða starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum, þ. á m. í þágu sjúkra, aldinna og fatlaðra, og til að sinna almennum félagsmálum. Héraðsnefnd undirbýr héraðsfundi.

Héraðsnefnd á að geta orðið mikilvægur bakhjarl fyrir héraðsfundi og stuðlað að því, að prófastsdæmið verði virkari starfseining en nú er. Getur hér fengist þýðingarmikil reynsla,

sem leitt gæti síðar til þess að virkja prófastsdæmin í enn rýmra mæli en nú er til skipulagningar á kirkjulegri starfsemi í héraðinu.

Prófastur er oddviti héraðsnefndar og kveður hana til fundar. Kostnaður greiðist úr héraðssjóði prófastsdæmis.

Um VIII. kafla

Hér eru ákvæði um setningu reglugerðar varðandi framkvæmd laganna, svo og um gildistöku þeirra og um kosningu sóknarnefnda, endurskoðenda, safnaðarfulltrúa og héraðsnefndar. Auk reglugerðar, sbr. 37. gr., er gert ráð fyrir því, að einstökum starfsmönnum séu sett erindisbréf, sbr. 24. gr. og 25. gr.

Bent skal á, að ákvæði 2. gr. laga 35/1970 heldur gildi sínu þótt frv. þetta verði lögfest.

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir,
Helgi Seljan, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds,
Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir,
Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta.

Í starfi sínu geri nefndin m. a. samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og í samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi:

1. olíuverð til fiskiskipa,
2. orkuverð til fiskvinnslu, s. s. frystingar og bræðslu,
3. viðhalds- og þjónustukostnað, s. s. verð á tækjum, vélum og varahlutum,
4. fjármagnskostnað og fjárfestingar,
5. flutningskostnað útflutningsafurða,
6. söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum,
7. launakostnað í veiðum og vinnslu,
8. ríkisstyrki.

Nefndin skal jafnframt taka til athugunar skipulag veiða og vinnslu og gera tillögur um ráðstafanir sem tryggi að eðlilegt samræmi verði á milli afkastagetu skipa og fiskvinnslustöðva.

Nefndin hefji störf nú þegar og um næstu áramót skal hún skila sérstökum tillögum um úrlausn á vanda togaraútgerðarinnar. Í þeim tillögum skal nefndin leggja áherslu á:

a. að skapaður verði rekstrargrundvöllur fyrir togara sem ná meðalaflaverðmæti eða meira á ári miðað við venjulegar aðstæður og að treyst verði sérstaklega útgerð þar sem hún er meginforsenda atvinnulífs.
b. að benda á hvernig farið skuli með þann kostnað og þær skuldir sem útgerðin getur ekki staðið undir með eðlilegum hætti.

Nefndin skal strax í upphafi fara þess á leit við sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir því að opinberir sjóðir grípi ekki til aðgerða sem leiða myndu til stöðvunar skipa meðan unnið er að fyrsta áfanga nefndarálitsins.

Nefndin skili af sér með skýrslu til Alþingis eigi síðar en við upphaf þings haustið 1985.

Nefndin hafi samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo sem þurfa þykir og fái sérfræðiaðstoð ef með þarf.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að strax verði tekið á hinum brýna rekstrarvanda togaraútgerðar í landinu jafnframt því sem gert er ráð fyrir heildarúttekt á stöðu sjávarútvegsins.

Á síðasta þingi flutti Svanfríður Jónasdóttir tillögu til þingsályktunar um kosningu milliþinganefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Tillagan náði ekki fram að ganga og er því endurflutt hér en auk þess er í þessari tillögu nú gert ráð fyrir sérstöku átaki vegna togaraútgerðarinnar þar sem stjórnvöld hafa ekki bent á leiðir í þeim efnum. Því er eðlilegt að Alþingi taki það mál sérstaklega í sínar hendur og er gert ráð fyrir því að þingmannanefndin skili þeim hluta verksins af sér fyrir áramót. Er því lögð áhersla á að nefndin starfi hratt og skili áliti hið allra fyrsta.

Það er staðreynd að hver íslenskur sjómaður fiskar meira en annars staðar gerist og að færri skip eru notuð til að ná þeim afla en hjá þeim þjóðum sem við gjarnan berum okkur saman við.

Það er einnig staðreynd að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn meginundirstaða íslensks efnahagslífs og nægir í því sambandi að benda á hlutdeild hans í útflutningstekjum okkar en hún hefur undanfarin ár verið á bilinu 70%—80%. Á sama tíma hafa ársverk í veiðum og vinnslu aðeins verið 13,5—14,5% af unnum ársverkum.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur rekstrargrundvöllur sjávarútvegs verið með þeim hætti að hann berst í bökkum og kjör þess fólks, sem við hann vinnur, oft og tíðum bæði lakari og ótryggari en gerist hjá öðrum stéttum en kjör þessa fólks eru nátengd þeim rekstrarskilyrðum sem sjávarútveginum eru búin.

Það er ljóst að til að sjávarútvegurinn geti keppt við aðrar greinar um vinnuafl og svarað kröfum um aukin gæði og verðmætasköpun þarf að tryggja rekstrargrundvöllinn.

Í ljósi þessa og mikilvægis sjávarútvegsins í þjóðarbúskapnum gerir tillagan ráð fyrir að dregnar verði saman viðtækar upplýsingar um rekstrarskilyrði sjávarútvegs og stöðu hans, m. a. með tilliti til aðstæðna sjávarútvegs í samkeppnislöndum okkar. Í framhaldi af gagnasöfnun verði bent á leiðir til úrbóta.

Hvað varðar þann hluta tillögunnar sem fjallar um vandamál togaraútgerðarinnar sérstaklega, er rétt að benda á að sú hætta er nú yfirvofandi að útgerð í landinu verði eingöngu ákveðin með hliðsjón af forsendum fjármagnsins. Það mun leiða til þess að útgerð getur lagst niður þar sem síst skyldi. Fyrir liggur að stjórnvöld hafa ekki ráðið við þennan vanda og því er eðlilegt að Alþingi taki á málinu sérstaklega eins og gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu.

Síðari hluti tillögunnar byggist á þeirri forsendu að nefndin ljúki þeim hluta starfa sinna, er við kemur rekstrarvanda togaranna, fyrir áramót 1984—1985. Rökin fyrir því að taka þessi mál til sérstakrar skoðunar eru margþætt.

Í fyrsta lagi er togaraútgerðin einn mikilvægasti þáttur atvinnulífsins í landinu og víða meginforsenda atvinnu í heilum byggðarlögum.

Í öðru lagi er nú svo illa komið útgerð margra nýjustu togaranna að stöðvun blasir við.

Í þriðja lagi er ljóst að vandi útgerðarinnar hefur verið notaður af stjórnvöldum sem skálkaskjól til að halda lífskjörum niðri, meðal annars í yfirstandandi kjaradeilu.

Hafa þarf sérstaklega í huga að togaraútgerðin býr við mjög misjafnan fjármagnskostnað og þau skip, sem keypt eru eftir 1977, standa að því leyti miklu verr en eldri skip. Það liggur fyrir að rekstur nýrri skipanna er að jafnaði hagkvæmari á aflaeiningu en eldri skipanna og þess vegna væri fráleitt að láta fjármagnskostnaðinn einan ráða úrslitum um það hvaða skip eru gerð út og hver ekki.

Tillögugreinin skýrir sig að mestu sjálf þó að nauðsynlegt sé að taka fram eftirfarandi:

a. Með „rekstrargrundvelli“ er átt við að útgerð meðalskips, sem greiðir venjuleg laun, fjármagnskostnað og olíukostnað, geti gengið með eðlilegum hætti. Síðari hluti a-liðar gerir ráð fyrir því að heildaratvinnusjónarmið vegi þungt við ákvarðanir þær sem teknar verða.
b. Vafalaust getur niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem tillagan byggist á, orðið sú að einhverjir togarar séu óhagkvæmir og því rétt að leggja þeim um sinn. Þá er líklegt að talið verði nauðsynlegt að einhver hluti fjármagnskostnaðar verði felldur niður af útgerðunum. Kostnaður við þetta hvort tveggja gæti orðið verulegur. Því er nauðsynlegt að nefndin bendi á það nákvæmlega hverjir það eru sem eiga að bera þann kostnað. Til greina gæti komið að stofna sérstakan Atvinnuöryggissjóð útgerðarinnar sem starfaði við hlið Fiskveiðisjóðs.

Það er augljóst að þetta mál þolir enga bið. Þess vegna verður að ætlast til þess að nefndin vinni hratt. Öll gögn eiga að vera fyrir hendi í máli þessu þannig að sá þáttur verksins á þegar að liggja fyrir í meginatriðum. Það sem skortir er ákvörðun Alþingis um úrræði þar sem stjórnvöld hafa brugðist þeirri skyldu sinni að taka á vandanum.

Fylgiskjal.

TILLÖGUR ÞINGFLOKKS OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ALÞÝÐUBANDALAGSINS TIL LAUSNAR VANDA SJÁVARÚTVEGSINS.

Samþykkt á sameiginlegum fundi þingflokks og framkvæmdastjórnar 24. júlí 1984.

Framkvæmdastjórn og þingflokkur Alþýðubandalagsins átelja harðlega þann seinagang og það úrræðaleysi sem einkenna tök ríkisstjórnarinnar á sjávarútvegsmálum. Mánuðum saman hefur blasað við stöðvun í þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna með hrikalegum afleiðingum fyrir lífskjör í þeim landshlutum sem byggja mest á sjávarútvegi og fyrir þjóðarbúið í heild.

Alþýðubandalagið telur að grípa verði strax til aðgerða til þess að koma í veg fyrir stöðvun og þar með stórfellt atvinnuleysi. Alþýðubandalagið telur að eftirfarandi ráðstafanir eigi að gera til þess að koma í veg fyrir stöðvun í sjávarútveginum:

1. Afurðalán verði hækkuð í það hlutfall birgða sem áður var.
2. Vextir af afurðalánum verði lækkaðir.
3. Lausaskuldum í sjávarútvegi verði breytt í lengri lán og tryggt að skuldbreytingin verði framkvæmd undanbragðalaust. Staðið verði við fyrirheit frá síðustu áramótum um skuldbreytingu og felldir niður dráttarvextir frá áramótum af þeim lánum sem átti að skuldbreyta þegar fiskverð var ákveðið.
4. Gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja útgerðinni olíu á lægra verði en nú er um að ræða. Meðal annars verði útvegsmönnum veittur möguleiki á því að kanna sérstaklega hvort unnt er að flytja inn ódýrari olíu en nú er til fiskiskipaflotans svo að tryggt verði að olían sé jafnan á bestu fáanlegum kjörum. Gera verður gangskör að því að spara olíu í fiskiskipaflotanum enn frekar en gert hefur verið og orku í fiskvinnslunni.
5. Orkuverð til fiskvinnslunnar verði endurskoðað. Fiskvinnslan — íslenska stóriðjan — greiðir nú tíu til tólf sinnum hærra verð fyrir orkuna en erlenda stóriðjan.
6. Gagngert verði unnið að því að tryggja ódýrari þjónustu við sjávarútveginn en nú er um að ræða. Verði sérstaklega tekið á bönkum, olíufélögum og skipafélögum í þessu sambandi sem græða nú hundruð milljóna króna á ári. Ekki er vafi á því að uppistaðan í hagnaði þessara fyrirtækja er sótt í sjávarútveginn.

7. Ekki verði tekinn gengismunur af skreiðarbirgðum og endurgreiddur sá gengismunur sem tekinn hefur verið af skreið að undanförnu.

Með þeim aðgerðum, sem hér hefur verið lýst, væri komið í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins á næstunni. Jafnframt þarf að gera skipulagsbreytingar í sjávarútveginum sem skapa forsendur fyrir mannsæmandi lífskjörum verkafólks og sjómanna sem hafa orðið fyrir sérstökum árásum á kaup sitt og kjör. Á sama tíma og sjávarútvegurinn stendur verr en nokkru sinni fyrr blasa hvarvetna við upplýsingar um aukinn gróða þjónustuaðila og millilíða. Innflutningsverslunin valsar með fjármagn — einnig erlent lánsfé — í stórum stíl en sjávarútvegurinn mætir afgangi. Í stað þess að taka á vandamálum framleiðslunnar virðast ráðherrar leggja megináherslu á að snúast í kringum fulltrúa erlendra auðfélaga. Alvarlegt er einnig að ríkisstjórnin virðist ætla að láta markaðskreddur ráða ferðinni með þeim afleiðingum að atvinnuleysi í heilum landshlutum verði niðurstaðan innan nokkurra vikna ef svo heldur fram sem horfir. Alþýðubandalagið telur að ekki eigi að láta köld markaðslögmálin ráða úrslitum um atvinnuþróunina heldur beri að mæta framleiðslusamdrætti og fjármagnskostnaði sjávarútvegsins á skipulegan hátt á grundvelli félagslegra sjónarmiða.

Alþýðubandalagið telur enn fremur að hefja eigi þegar undirbúning að endurskoðun á kvótakerfinu sem ákveðið var á Alþingi sl. vetur.

Sþ. 105. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Árni Johnsen, Björn Dagbjartsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Valdimar Indriðason, Þorsteinn Pálsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, og ekki síst kjarnorkuveldin, sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela utanríkisráðherra að láta gera úttekt á þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Henni fylgdi þá svofelld greinargerð:

Meiri samstaða ríkir nú en oft áður um stefnuna í öryggismálum Íslands. Grunnþættir hennar eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Hugmyndir hafa komið fram um aukna þátttöku Íslands í eigin vörnum innan þessa ramma og eru umræður um þær alkunnar. Á öryggismálum eru tvær hliðar, ef þannig má að orði komast: annars vegar sú er lýtur að því að tryggja öryggið með varnarviðbúnaði og hins

vegar sú er lýtur að afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Til marks um það, hve þessir þættir eru nátengdir, er ákvörðun utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins frá 12. desember 1979 um endurnýjun á meðallangdrægum kjarnorkuvopnabúnaði á vegum bandalagsins í Evrópu og að teknar verði upp viðræður um niðurskurð slíkra vopna í álfunni.

Á Alþingi hafa á undanförnum áratugum komið fram ýmsar tillögur um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar. Það er einkenni þessara tillagna, að rökstuðningur fyrir þeim byggist fremur á óskhyggju en raunsæju mati á vænlegum leiðum. Flestar bera tillögurnar þess og merki, að þær eru af erlendum uppruna og taka ekki beinlínis mið af innlendu mati og íslenskum öryggishagsmunum. Allir eru sammála um það, að varhugavert sé að láta óskhyggju ráða ferðinni í umræðum um stríð og frið. Eftir því sem innlend þekking á herfræðilegum þáttum hefur aukist hefur samstaða um stefnu þjóðarinnar í öryggismálum vaxið. Æskilegt er að sama þróun verði í afstöðunni til afvopnunarmála. Á því sviði þurfa að liggja fyrir skýrir og þaulhugsaðir kostir.

Friðarumræðurnar, sem sett hafa verulegan svip á stjórnmálalíf á Vesturlöndum undanfarin misseri, snúast í raun um það, með hvaða hætti á að takmarka vígbúnað og skera niður vopnakerfi. Um þessi mál er rætt hvarvetna þar sem stjórnmálamenn og stjórnarerindrekar hittast á alþjóðavettvangi. Íslendingar hafa lítið sem ekkert látið að sér kveða á þessu sviði, enda lítið verið stuðlað að mótun sameiginlegrar stefnu í þessum málum. Venjulega láta Íslendingar sér nægja að benda á það, að þeir séu vopnlaus þjóð og meiri afvopnunarsinna sé ekki unnt að finna. Svo einfaldar röksemdir duga ekki lengur, hvorki í umræðum innanlands né utan. Það þarf að móta markvissa og samræmda stefnu Íslands í afvopnunarmálum þar sem tekið er mið af íslenskum hagsmunum. Forsenda þess, að slík stefna verði mótuð, er sú alhliða úttekt sem hér er hvatt til að gerð verði.

Það vekur athygli, þegar lesið er erindisbréf Öryggismálanefndar sem skipuð var á grundvelli samkomulags milli Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks haustið 1978, að þar er hvergi vikið beint að afvopnunarmálum þótt nefndinni sé að vísu falið að fjalla um „hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi". Afvopnunarmál spanna miklu víðtækara svið en þetta, eins og fram kom til dæmis á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sumarið 1982 og til umræðu var á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Í hvorugu tilviki hafa Íslendingar kynnt hugmyndir um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar sem byggðar eru á þeirra eigin mati og niðurstöðum. Íslendingar eiga óbeina aðild í gegnum Atlantshafsbandalagið að viðræðunum í Vínarborg um jafnan og gagnkvæman samdrátt venjulegs herafla í Mið-Evrópu (MBFR-viðræðurnar), og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hafa þeir einstakt tækifæri til að fylgjast með viðræðum Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna í Genf annars vegar um niðurskurð langdrægra kjarnorkuvopna (START) og hins vegar um niðurskurð meðallangdrægra kjarnorkuvopna (INF). Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í opinberum umræðum hér á landi, hvaða áhrif þessar viðræður hafa beint á stöðu Íslands. Fram hafa komið athyglisverðar hugmyndir um takmörkun vígbúnaðar í hafinu, meðal annars þess efnis, að eldflaugakafbátar búnir langdrægum eldflaugum fái griðastað á afmörkuðum hafsvæðum. Þessar hugmyndir hafa lítt eða ekkert verið kynntar hér á landi og þannig mætti áfram telja.

Í Öryggismálanefnd sitja fulltrúar allra þingflokka. Nefndin hefur ekki tillögurétt samkvæmt erindisbréfi sínu, heldur á hún að afla gagna og gefa út álitsgerðir um öryggismál íslenska lýðveldisins. Ekki væri óeðlilegt, næði sú tillaga, sem hér er flutt, fram að ganga, að utanríkisráðherra fengi Öryggismálanefnd til að semja þá skýrslu sem í tillögunni er getið. Við það starf mundi einnig reyna á samstöðu stjórnmálaflokkanna og stuðning þeirra við frekari framgang málsins.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um skipan framleiðslustjórnar, verðlagningar og sölumála í landbúnaði.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp um skipan framleiðslustjórnar, verðlagningar og sölumála í landbúnaði svo og annars þess sem lög nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., taka til. Markmið laganna verði að auka frjálsræði í viðskiptum, tryggja viðskiptalegt aðhald að vinnsluaðilum og að sem stærstur hluti hins endanlega söluverðs afurðanna skili sér til bænda.

Nefndin skili Alþingi áliti sínu fyrir 1. apríl 1985.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það stjórnkerfi, sem nú er við lýði í landbúnaðarmálum, er augljóslega orðið úrelt með öllu og stendur í vegi fyrir framförum og endurbótum. Þess vegna er nauðsynlegt að finna nýja skipan sem taki við af núverandi aðstæðum og stuðli að hagkvæmni.

Það er einkenni núverandi kerfis að verð til neytenda á landbúnaðarvörum er hátt en verð til bænda er lágt. Milliliðir, svo sem vinnsluaðilar, hafa hins vegar allt sitt á þurru og vel það. Af þessum sökum hefur vinnslu- og stjórnkerfi landbúnaðarins sætt vaxandi gagnrýni að undanförnu.

Athugun Hagvangs fyrir síðustu ríkisstjórn leiddi í ljós að kostnaði við framleiðslu einstakra mjólkurafurða væri ekki haldið til haga í bókhaldi mjólkurbúa. Verðmyndun á kakómjólk og mangósopa hefur ekki fengist upplýst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Í greinargerð Þorvalds Búasonar um slátrunarkostnað eru leidd rök að miklum duldum hagnaði sláturhúsa. Léleg nýting fjárfestingar í vinnslustöðvum landbúnaðarins hefur ítrekað komið til umræðu. Á sama tíma hafa risið og eru að rísa dýrar stórbyggingar fyrir vinnslustöðvar landbúnaðarafurða án sýnilegs fjárskorts til framkvæmdanna þrátt fyrir samdrátt og þrengingar á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Öllum atvinnurekstri er hollt að njóta viðskiptalegs aðhalds og færa má rök að því að slíkt skorti einmitt að því er vinnslustöðvar landbúnaðarins varðar og sé skýringanna á því, sem að ofan er rakið, ekki síst þar að leita.

Gildandi stjórn- og verðmyndunarkerfi landbúnaðarins er orðið gamalt að stofni til. Það gegndi sjálfsagt mikilvægu hlutverki við þær aðstæður sem upphaflega ríktu en á hinn bóginn er nauðsynlegt að það svari á hverjum tíma til ríkjandi aðstæðna. Af þeim sökum og með tilvísun til galla, sem komið hafa fram, er rétt að finna nýja skipan þessara mála. Því er þessi tillaga flutt enda telja flutningsmenn að Alþingi eigi að hafa frumkvæði um málið.

Markmiðið á að vera að auka hagkvæmni í vinnslunni og stuðla þannig að því að sem stærstur hluti endanlegs afurðaverðs skili sér til bænda og neytendum verði ekki gert að greiða óeðlilega hátt verð. Í þessu skyni er sérstaklega bent á að auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja viðskiptalegt aðhald.

Sþ. 107. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um mat á leiðum við veiðileyfastjórn á fiskveiðum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að gera í samráði við sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsluaðila úttekt á leiðum við veiðileyfastjórn á fiskveiðum og leggja á þær mat með tilliti til þess að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðarstaðir fái að njóta sín. Hlutverk nefndarinnar verði að gera ítarlega athugun á mismunandi fyrirkomulagi veiðileyfastjórnar og meta líklega kosti í samráði við ofangreinda hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá sem nefndin telur rétt að kveðja til ráðuneytis.

Nefndin skal skila tillögum sínum og greinargerðum til Alþingis og samtaka sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnsluaðila.

Nefndinni er heimilt að ráða til sín sérfræðinga eftir því sem þörf er talin á.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að þegar verði hafist handa um mat á mismunandi leiðum við stjórn á fiskveiðum. Í þessu skyni þarf að fara fram úttekt á þeim leiðum sem til greina koma og kanna kosti þeirra og galla.

Hér á landi hefur ýmsum aðferðum verið beitt, þ. á m. á yfirstandandi ári einni gerð svonefnds kvótakerfis. Árangur hefur verið misjafn og ýmsir gallar á hverri aðferð hafa komið í ljós. Markmið könnunar þeirrar, sem hér er lagt til að gerð verði, er á hinn bóginn að leita þess fyrirkomulags sem hagkvæmast er og þeir, sem í greininni starfa, geta sætt sig við.

Íslendingar eiga mikið undir því að vel takist til við stjórn fiskveiða. Þess vegna er nauðsynlegt að kanna gaumgæfilega allar leiðir og velja síðan það form sem farsælast sýnist.

Fyrir hendi eru allumfangsmiklar rannsóknir á stjórnkerfum í fiskveiðum og þróun hagfræðikenninga á þessu sviði hefur verið nokkuð ör á undangengnum árum. Þessar rannsóknir og kenningar verður að skoða af gaumgæfni og meta með hliðsjón af reynslu okkar og aðstæðum. Á sama hátt er fyrir hendi nokkur reynsla meðal annarra þjóða sem rétt er að skoða og meta.

Málið í heild sinni og hverja hugmynd verður að skoða fordómalaust því að fáfræði og fordómar eru lélegur leiðarvísir.

Athugun nefndarinnar verður að beinast að því að meta mismunandi leiðir með tilliti til þess að tryggja góða nýtingu fiskimiða, stuðla að gæðum og góðri nýtingu fiskafla og hagkvæmni og framþróun í veiðum og vinnslu. Hagstæðar útgerðaraðstæður og góður rekstur verða að fá að njóta sín. Skrifræði og miðstýringu verður að sneiða hjá eftir mætti.

Íslendingar eiga mikið undir góðri fiskveiðistjórn og því verður að teljast fyllsta ástæða til þess að kanna þessi mál gaumgæfilega. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Sþ. 108. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um fjármögnun krabbameinslækningadeildar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Stefán Benediktsson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Helgi Seljan, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til þjóðarátaks til að fullgera megi krabbameinslækningadeild á Landspítalalóð á næstu 3 til 4 árum.

Fjár verði aflað með eftirfarandi hætti:

— Gefinn verði út sérstakur skuldabréfaflokkur að upphæð a. m. k. 125 milljónir króna til 6 ára með verðtryggðum kjörum og á vöxtum sem Seðlabankinn ákveður. Skuldabréfin skulu undanþegin skattskyldu.

— Ríkissjóður leggi til árlega þá fjárhæð sem á vantar til að ljúka megi krabbameinslækningadeildinni á næstu 3 til 4 árum.

Ríkissjóður skal þegar í upphafi leggja fram það fjármagn sem þarf til að örva sölu skuldabréfa með skipulegri upplýsingamiðlun í fjölmiðlum um nauðsyn þess þjóðarátaks sem til er stofnað. Upplýsingar þessar skulu unnar í samráði við læknaráð Landspítalans.

Greinargerð.

Markmið þeirrar tillögu sem hér er flutt felur í sér að stofnað verði til þjóðarátaks til að fullgera krabbameinslækningadeild sem fyrirhugað er að byggja á Landspítalalóð.

Þótt fimm ár séu nú liðin síðan undirbúningur hófst að uppbyggingu krabbameinslækningadeildar á Landspítalalóð þá hefur framkvæmdum ekkert miðað vegna fjárskorts.

Á fjárlögum yfirstandandi árs voru veittar 12 milljónir króna en með því fé hefði verið unnt að láta fara fram útboð og hefja jarðvegsframkvæmdir en stefnt var að því að ljúka þeim á þessu ári. Leyfi til að hefja framkvæmdir hefur hins vegar ekki fengist og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er ekki gert ráð fyrir neinu fé til framkvæmda.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu að óverjandi sé með öllu að frekari dráttur verði á að hefja framkvæmdir og fullgera krabbameinslækningadeildina. Því er í þessari tillögu lagt til að farin verði sú leið að afla fjár með því að gefa út sérstakan skuldabréfaflokk að upphæð a. m. k. 125 milljónir króna til 6 ára með verðtryggðum kjörum og á vöxtum sem Seðlabankinn ákveður. Ríkissjóður leggi síðan til árlega þá fjárhæð, sem á vantar, til að ljúka megi krabbameinslækningadeild á næstu þremur til fjórum árum.

Í greinargerð stjórnar læknaráðs Landspítalans frá því í nóvember 1983 kemur fram að á undanförnum sex árum hefur verið farið fram á kaup á nauðsynlegum geislameðferðartækjum, línuhraðli, í stað kóbalttækis Landspítalans sem er orðið úrelt og svarar ekki lengur kröfum tímans sem eina háorkumeðferðartæki landsins. Línuhraðlar þurfa mjög miklar geislavarnir en ekkert húsnæði á Landspítalalóð uppfyllir nú geislavarnarkröfur fyrir slíkt tæki.

Í greinargerð læknaráðsins kemur einnig fram að ef ekki verður leyst úr vanda deildarinnar sé fyrirsjáanlegt að geislameðferð muni falla niður vegna úreltrar aðstöðu. Margir krabbameinssjúklingar, sem sl. ár hafa notað geislameðferðar á þessari deild Landspítalans, verða þá tilneyddir til að leita lækninga erlendis.

Á sl. þingi voru þessi mál nokkuð til umræðu en þar kom fram að árunum 1979 til 1983 hafi þurft að senda utan 144 sjúklinga til krabbameinslækninga vegna aðstöðuleysis hérlendis. Einnig var upplýst að í geislameðferð komu 289 sjúklingar á árinu 1983 og talið var að um helmingur eða tveir þriðju þeirra þyrftu á geislameðferð í línuhraðli að halda sem enn er ekki fyrir hendi hér á landi.

Ef gripið verður til þess ráðs á næstu 2—3 árum að senda þessa sjúklinga utan til krabbameinslækninga mun það hafa geysilegan kostnað í för með sér. Til marks um það má geta þess að heilbrigðisráðherra upplýsti á Alþingi sl. vetur að frá 1. jan. 1983 til 28. nóv. 1983, eða á 11 mánaða tímabili, hefðu 14 sjúklingar farið utan til lækninga og hefði kostnaðurinn numið 5 milljónum 585 þúsund kr. eða tæplega 400 þúsund króna kostnaður á hvern sjúkling. Ef helmingur þeirra sjúklinga, sem þarf á sérstakri geislameðferð að halda, væri sendur til útlanda til krabbameinslækninga þá þýðir það, miðað við ofangreinda forsendu, 57—58 milljónir króna árlega.

Þessar tölur sýna glögglega hve brýnt það er að hraða öllum framkvæmdum til að fullgera megi krabbameinslækningadeildina sem ekki aðeins hefur sparnað í för með sér þegar til lengri tíma er litið heldur og gerir kleift að veita krabbameinssjúklingum þá lífsnauðsynlegu þjónustu hér á landi sem þeir þurfa.

Það er ljóst að Íslendingar eru orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum sínum í tækjabúnaði og allri aðstöðu til krabbameinslækninga. Nágrannaþjóðir okkar hafa til að mynda fyrir löngu tekið upp svonefndan línuhraðal sem er lífsnauðsynlegt tæki við nútímageislalækningar. Í Kaupmannahöfn einni saman eru nú 7 slík tæki í notkun. Ekkert húsnæði hér á landi uppfyllir nú þær geislavarnarkröfur sem gerðar eru fyrir slík tæki. Ekki er því unnt að veita krabbameinssjúklingum hér á landi sambærilega meðferð við það sem gerist annars staðar og skortur á aðstöðu hérlendis hindrar að unnt sé að nýta til fulls framfarir í meðferð á krabbameinssjúklingum.

Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að mjög brýnt er orðið að leitað sé allra leiða til að fullgera megi krabbameinslækningadeildina á sem skemmstum tíma. Ef ekkert fjármagn verður veitt til framkvæmda á næsta ári er einsýnt að verulegur dráttur verður á að þær hefjist.

Krabbameinslækningadeildin, sem í tillögunni er gert ráð fyrir að ljúka megi á næstu 3—4 árum eða jafnvel fyrr með þeirri leið sem hér er lögð til um fjármögnun, er brýnt forgangsverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu hér á landi. Það er skoðun flutningsmanna tillögunnar að þessi leið muni stuðla að því fyrr en ella að hægt verði að taka krabbameinslækningadeildina í notkun þannig að nútímaleg meðferð í geislalækningum geti hafist hér á landi.

Nd. 109. Frumvarp til laga [105. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Svavar Gestsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristófer Már Kristinsson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.

Með mismunun í lögum þessum er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Aðgerðir, sem eru sérstaklega ætlaðar til að bæta stöðu kvenna skv. 1. grein, 2. málsl., teljast ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu, og vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með kjörum í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa er konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

10. gr.

Hátterni, sem gengur gegn 5.—8. gr. laga þessara, telst brot á lögunum nema atvinnurekandi sýni fram á með verulegum líkum að ekki hafi verið um að ræða mismunun eftir kynferði.

III. KAFLI

Menntun.

11. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

12. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

13. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Þegar beðið er um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal nefna karl og konu. Sé það ekki gert skal veita Jafnréttisráði skriflega rökstudda greinargerð um ástæður þess. Við skipun skal þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.

14. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags.

Leitast skal við að skipa aðila sem hafa sérstakan áhuga og þekkingu á jafnréttismálum.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

15. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, og er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra, og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði og skal áætla nægjanlegt fé á fjárlögum hvers árs til að Jafnréttisráð geti sinnt þeim verkefnum sem því eru falin í lögum þessum.

16. gr.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar 5—7 manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

17. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
3. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
4. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m. a. varðar þetta lagaefni og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
5. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
6. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
7. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.
8. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

18. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—13. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

19. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 18. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

20. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

21. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

Fyrir tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum má beita 20. og 22. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Höfði ríkissaksóknari ekki opinbert refsimál vegna ætlaðra brota á lögum þessum er Jafnréttisráði heimilt að höfða refsimál. Fer um þau mál eftir reglum laga um meðferð einkamála eftir því sem við á.

22. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.

VII. KAFLI.
Önnur ákvæði.

23. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

24. gr.

Ríkisstjórnin skal gera framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna í raun.

25. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir fimm ár.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Það er nú endurflutt óbreytt. Frumvarpið var samið af stjórnskipaðri nefnd sem skipuð var í apríl 1981. Nefndin skilaði áliti til félagsmálaráðherra 12. apríl 1983. Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra féllst ekki á frumvarp nefndarinnar heldur flutti nýtt frumvarp sem gekk skemmra en frumvarp nefndarinnar í mörgum greinum. Félagsmálaráðherra hefur nú endurflutt sitt frumvarp sem einnig var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Þetta frumvarp

er flutt á ný til þess að Alþingi megi vera ljóst hvaða atriði hafa breyst í frumvarpi ráðherra og ríkisstjórnar frá upphaflegum tillögum nefndarinnar.

Þegar nefndin skilaði af sér sendi hún svofellt skilabréf, dags. 12. apríl 1983:

„Nefnd sú um jafnréttismál karla og kvenna, sem þér hr. félagsmálaráðherra skipuðuð 3. apríl 1981 og fólu m. a. að gera tillögu að breytingum á jafnréttislögum, sendir yður hér með frumvarp það til laga sem hún hefur samið um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Samkvæmt skipunarbréfi hefur við tillögugerðina verið tekið tillit til reynslunnar frá því að núgildandi lög voru sett og tekið mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál.

Önnur meginverkefni, sem nefndinni voru falin, voru könnun á jafnréttismálum í framkvæmd, einkum að því er varðar stöðu láglaunakvenna, laun þeirra og lífskjör, og í þriðja lagi tillögugerð um verkefnaáætlun í jafnréttismálum til næstu tíu ára. Nefndinni var uppálagt að hafa í starfi sínu samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Rauðsokkahreyfinguna og jafnréttisnefndir sveitarfélaga og í bréfi yðar til nefndarinnar síðar var sérstök áhersla lögð á samstarfið við Jafnréttisráð varðandi verkefnaáætlun og könnun á stöðu láglaunakvenna. Samstarfsnefnd Jafnréttisráðs og jafnréttisnefndarinnar var tilnefnd og falið að ræða hvernig best yrði staðið að slíkri könnun. Starfaði hún um hríð en niðurstaða hennar var síðan að bæði væru upplýsingar varðandi atvinnumál karla og kvenna af skornum skammti og dreifðar og engin heildarmynd lægi fyrir. Mikil vinna væri því að gera slíka könnun og raunar ekki unnt nema til kæmi starfsmaður sem falið væri verkefnið. Í framhaldi af umræðum samstarfsnefndarinnar leggur nefnd um jafnréttismál því til að Jafnréttisráði verði í samvinnu við ýmsa aðila, sem málið varðar, gert kleift að vinna sérstaklega að könnun og samræmingu upplýsinga um atvinnumál karla og kvenna og sífelldri endurnýjun þeirra upplýsinga með ráðningu sérstaks starfsmanns sem sinni þessu máli.

Nefndin telur eðlilegt að í stað verkefnaáætlunar til næstu tíu ára verði, í samræmi við það lagafrumvarp sem hún hefur unnið, gerð framkvæmdaáætlun til fimm ára.

Nefndin leggur að lokum til að frumvarpið verði kynnt ýmsum aðilum og umsagnir um það fengnar áður en það er lagt fyrir Alþingi.

Reykjavík, 12. apríl 1983.
F. h. nefndarinnar
Vilborg Harðardóttir."

Nú hefur félagsmálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frv. þetta, 243. mál, þskj. 431, gjörbreytir tillögu nefndarinnar og kollvarpar þeim jafnréttishugmyndum sem þar eru lagðar til grundvallar. Þess vegna hafa sex þingmenn stjórnarandstöðunnar ákveðið að flytja frumvarpið eins og nefndin gerði tillögu um, ásamt greinargerð og fylgiskjölum. Þau gögn fara hér á eftir.

Það skal tekið fram að einstakir flutningsmenn áskilja sér auðvitað allan rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Tilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er meðal annars sá að Alþingi eigi aðgang að þeim gögnum sem unnin hafa verið.

„Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Svavar Gestsson félagsmálaráðherra skipaði í aprílmánuði 1981 nefnd til að fjalla um jafnréttismál karla og kvenna og var eitt af meginverkefnum hennar tillögugerð um breytingu á jafnréttislögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að lögin

voru sett. Nefndin skyldi í tillögu sinni taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál. Enn fremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Í nefndina voru skipaðar Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir sendiráðsritari, Bergþóra Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og formaður Jafnréttisráðs, Ingibjörg Hafstað kennari, María Pétursdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríður Thorlacius ritstjóri, sem nefndin kaus ritara sinn, og Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri er var skipuð formaður nefndarinnar. Rétt er að taka fram að meiri hluti nefndarmanna hafði áður starfað saman í undirbúningsnefnd fyrir Kvennaáratugarráðstefnu S.þ. í Kaupmannahöfn 1980 og í sendinefnd á ráðstefnunni og var starf nefndarinnar þannig að nokkru leyti framhald af fyrra starfi. Í undirbúningsnefnd kvennaráðstefnunnar voru á sínum tíma tilnefndir fulltrúar Jafnréttisráðs (Bergþóra Sigmundsdóttir og Guðríður Þorsteinsdóttir), félagasamtaka sem störfuðu að jafnréttismálum, þ. e. K.R.F.Í. (Berglind Ásgeirsdóttir), K.Í. (María Pétursdóttir) og R.H.S. (Ingibjörg Hafstað) og tryggði sú skipan enn frekar gott samstarf þessara aðila. Auk þess voru í undirbúningsnefndinni Guðrún Erlendsdóttir, Sigríður Thorlacius og Vilborg Harðardóttir. Berglind Ásgeirsdóttir fluttist vegna starfa sinna til útlanda síðla árs 1981 og var þá Esther Guðmundsdóttir formaður K.R.F.Í. skipuð í nefndina í hennar stað. Elín Pálsdóttir Flygenring, núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, var ráðin starfsmaður nefndarinnar í janúar 1983.

Nefndin hefur á þeim tveim árum síðan hún var skipuð kynnt sér og rætt ítarlega framkvæmd jafnréttislaga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og borið saman. Hún hefur farið yfir starfsáætlun S.þ. frá Kaupmannahafnarráðstefnunni 1980, einkum þann kafla sem fjallar um aðgerðir heima fyrir í einstökum löndum. Nefndin miðaði starfið við hálfnaðan kvennaáratuginn 1975—1985 og ákvað að kanna hvort eitthvað og þá hvað hefði breyst í jafnréttismálum á þeim tíma, hvað hefði verið gert og hvað hamlaði jafnrétti. Fór nefndin yfir þær kannanir sem gerðar hafa verið um jafnréttismál á vegum ýmissa aðila og gerði úttekt á hlutdeild kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum. Jafnframt aflaði nefndin upplýsinga frá öllum starfandi stjórnmálaflokkum um skipan aðalstjórna þeirra, framkvæmdastjórna, miðstjórna og annarra trúnaðarstaða með tilliti til hlutdeildar kynjanna í þeim.

Síðar á tímabilinu var stjórnmálaflokkunum skrifað á ný og spurt um breytingar frá upphafi kvennaáratugar á hlutfalli karla og kvenna í almennu flokksstarfi, í trúnaðarstöðum og á framboðslistum til sveitarstjórna og til Alþingis. Einnig var spurt um jafnréttisstarf innan flokkanna, álit þeirra á áhrifum jafnréttislaganna frá því að þau voru sett 1976, á hlutverki Jafnréttisráðs og að lokum hvaða breytinga væri þörf að þeirra mati. Svipaðar fyrirspurnir voru sendar stéttafélagasamtökum (A.S.Í., B.H.M., B.S.R.B., F.F.S.Í., S.Í.B., Félagi bókagerðarmanna og Stéttarsambandi bænda) og til Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Þá var Jafnréttisráði og jafnréttisnefndum sveitarfélaganna skrifað og spurst fyrir um störf þeirra og viðhorf til áhrifa og árangurs laganna og hlutverks og starfs Jafnréttisráðs og hvaða breytingar teldust æskilegar eftir fimm ára reynslu. Að lokum voru könnuð á sama hátt viðhorf þeirra félagasamtaka sem hafa jafnréttisbaráttu ofarlega á dagskrá, þ. e. K.Í., K.R.F.Í., R.H.S. og — síðar er þau komu fram — Samtaka um kvennaframboð á Akureyri og í Reykjavík.

Svör bárust frá allflestum þessara aðila og hefur nefndin síðan byggt störf sín, afstöðu og stefnumótun við samningu tillagna þeirra um breytingar á lögunum, sem hér liggja fyrir, á þessum svörum, fyrrnefndum könnunum, framkvæmdaáætlun S.þ. og samanburði á jafnréttisstarfsemi á Norðurlöndum og árangri af þeim.

Niðurstaða nefndarinnar er að enn sé alllangt í land að staða karla og kvenna sé jöfn hér á landi eða að hér ríki raunverulegt jafnrétti kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna frá 1976 og þar áður lög um Jafnlaunaráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs (Jafnlaunaráðs) frá sama tíma. Vissulega hafa lögin komið að gagni og reynst betri en ekki, en þau hafa þó ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafði verið og ekki reynst nógu vel í framkvæmd, þannig að breytingar hafa ekki orðið afgerandi, hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Þrátt fyrir lagalegan rétt til sömu menntunar, atvinnu og launa skortir mikið á að konur hljóti jafnmikla menntun, njóti sömu launa og karlar eða hafi sömu tækifæri til áhrifa í þjóðfélaginu. Konur eru stærsti hluti láglaunastétta hér á landi og hlutdeild þeirra í störfum verður æ minni eftir því sem störfin eru betur launuð og hærra metin í þjóðfélaginu. Hér veldur mestu rótgróin kynjaskipting á vinnumarkaðnum og móðurhlutverk kvenna og þær skyldur og ábyrgð sem það leggur þeim á herðar. Því fyrra hlýtur að vera hægt að breyta ef vilji er fyrir hendi og markvisst að því unnið og þann aðstöðumun karla og kvenna, sem móðurhlutverkið skapar í raun, ætti að vera unnt að jafna með ákveðnum þjóðfélagslegum aðgerðum. Lagasetning eins og sú, sem hér er lögð til, gæti verið liður í þeim aðgerðum, ekki síst sé henni fylgt eftir með markvissri reglugerð og tímabundnum framkvæmdaáætlunum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

II. Helstu nýmæli.

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir fyrri lögum með tilliti til þeirra atriða sem áður voru nefnd. Helstu nýmæli þess eru að tilgangur laganna sé ekki aðeins að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla, heldur beinlínis að bæta stöðu kvenna. Ætti það ákvæði að opna leið til tímabundinna aðgerða sem nauðsynlegar þættu. Önnur mikilvæg breyting, sem gert er ráð fyrir, er breytt skipan Jafnréttisráðs á þá lund að félagasamtök, sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá, tilnefni fulltrúa í ráðið. Það ætti að tryggja að í ráðinu sitji ævinlega fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að þessum málum. Önnur nýmæli eru að lögleiða skipan jafnréttisnefnda í sveitarfélögum og að leitast sé við að hafa sem jafnasta tölu kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þá eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar vegna ólöglegra auglýsinga og atvinnurekendum er gert að vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækja sinna. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórn geri framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn, auk þess sem lögin séu endurskoðuð eftir fimm ár frá setningu. Að lokum eru ákvæði um viðurlög vegna brota á lögunum mun ákveðnari en áður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Í 1. kafla laganna eru sett almenn ákvæði. Gildissvið laganna er þar markað og tilgangur þeirra rakinn. Athygli skal vakin á nýmæli, sem er eitt meginmarkmið laganna, en það er að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu.

1. gr.

Hér er um sömu stefnuyfirlýsingu að ræða og í 1. gr. l. nr. 78/1976 um að tilgangur laganna sé að ná fram jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Hér er þó talað um að „koma á“ jafnrétti og jafnri stöðu, en í núgildandi lögum er talað um að „stuðla að“ jafnrétti. Þar með eru stjórnvöld skyld til að vinna að jafnrétti í raun og þetta orðalag leggur þar með aukna ábyrgð á stjórnvöld.

Einnig er nefnt í greininni sjálfri að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti á öllum sviðum. Samkvæmt því er ekkert svið undanþegið lögunum.

Ein meginbreyting hefur átt sér stað frá núgildandi lögum, en það er 2. málsl. 1. gr. frv. þar sem segir að „sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum laganna“. Þetta er eitt af grundvallaratriðunum í frumvarpinu og á að vera til sérstakrar áréttingar þar sem staðreynd er að staða kvenna nú í þjóðfélaginu er verri en karla (sjá nánar í inngangi).

2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. l. nr. 78/1976 nema að því leyti að bætt er hér inn í gr. „með stjórnvaldsaðgerðum“.

Það er eitt meginskilyrði fyrir jafnrétti kynjanna að konur og karlar hafi sömu möguleika til atvinnu og menntunar. Þótt konur og karlar hafi sömu möguleika að formi til er því ekki fyrir að fara í raun. Þjóðfélagið gerir konum ekki jafnkleift og körlum að stunda hvaða atvinnu eða nám sem er. Kemur þar aðallega til hin venjubundna ábyrgð kvenna á heimilishaldi og börnum.

Nánar skal kveðið á um þessar stjórnvaldsaðgerðir í reglugerð skv. 23. gr. frumvarpsins og framkvæmdaáætlun skv. 24. gr.

Til þess að jafnrétti komist á er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi inn í með sérstökum aðgerðum.

3. gr.

3. gr. er ný og í 1. mgr. kemur fram að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil, en það er meginregla þessa frumvarps. Í 2. mgr. er hugtakið mismunun skýrt nánar og falla þar undir atriði þar sem ekki er augljóst að um mismunun sé að ræða. Það eru atriði sem skapa mismunandi stöðu kvenna og karla „í raun“ vegna kynferðis. Með þessu er átt við að ekki sé nóg að réttarstaðan sé sú sama heldur þarf staða kynjanna að vera sú sama í framkvæmd. Sem dæmi má taka að úthlutun námslána fer eftir tekjum maka en það kemur sér einkum illa fyrir konur þar sem maki þeirra er oftast hærra launaður.

Í greininni er talað um „atriði sem tengd eru kynferði“ og gæti það t. d. átt við ýmis atriði þar sem kynferðið hefur ekki bein áhrif heldur önnur atriði sem tengjast því, t. d. ef konu er neitað um vinnu á ákveðnum vinnustað þar sem hreinlætisaðstaða er eingöngu hönnuð fyrir karla.

3. mgr. er nýtt ákvæði í lögunum, en ljóst er að til þess að jöfn staða náist í raun þarf að grípa til sérstakra ráðstafana.

Ein af ástæðunum fyrir ójafnri stöðu kynjanna er að atvinnumarkaðurinn er almennt kyngreindur. Til að breyta því gæti þurft að beita ákveðnum aðgerðum, t. d. að veita öðru kyninu forgang að námi eða störfum um tíma uns ákveðnu hlutfalli er náð og væru slíkar aðgerðir heimilaðar skv. 1. gr. 2. ml. frumvarpsins.

Almennt er talið að ekki sé það mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna varðandi meðgöngu og fæðingu. Þó þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um það til að forðast allan misskilning í þessum efnum.

II. KAFLI

Atvinna.

Hér er safnað saman öllum ákvæðum sem fjalla um atvinnumál. Í 4. gr. eru orðskýringar, auk meginreglunnar um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. 9. og 10. gr. eru nýjar og fjalla um skyldu atvinnurekenda til að jafna stöðu kynjanna innan atvinnufyrirtækis síns eða stofnunar og um sönnunarbyrði.

4. gr.

Jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf hefur lengi verið meginatriði í jafnréttisbaráttu. Þegar árið 1954 voru sett ákvæði um jöfn laun kvenna og karla í

ríkisþjónustu og árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð í ákveðnum starfsgreinum. Árið 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð og árið 1976 lög um jafnrétti kvenna og karla með ákvæðum um jöfn laun. Þrátt fyrir þessa lagasetningu er enn gífurlegur munur á launum karla og kvenna. Nægir að benda á jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980—1982 og í Kópavogi 1982 og vinnumarkaðskönnun Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1981 þar sem í ljós kom að laun kvenna voru 51,8% lægri en laun karla.

Hér er sú breyting gerð frá 2. málsl. 2. gr. laga nr. 78/1976 að konur og karlar skulu einnig njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta ákvæði er til fyllingar ákvæðinu um jöfn laun. Í 2. og 3. mgr. eru svo skilgreind hugtökin „laun" og „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf" en þessar skilgreiningar eru þær sömu og í alþjóðasáttmála ILO, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 100/1952, um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Hér er ekki einungis átt við að konum og körlum með sama starfsheiti séu greidd jöfn laun heldur einnig að störf séu ekki metin til launa eftir því hvort þau eru að meginhluta unnin af konum eða körlum.

Með skilgreiningu á „kjörum" í 4. mgr. er verið að taka af öll tvímæli um hvað átt er við með því hugtaki í 1. mgr.

5. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 3. gr. laga nr. 78/1976, en framsetning ákvæðisins er skýrari í frumvarpinu en lögunum.

6. gr.

Í þessari grein er gerð sú breyting frá 4. gr. laga nr. 78/1976 að hér er talað um starf „sem laust er". Með þessu orðalagi verður ákvæðið víðtækara því að ekki eru öll laus störf auglýst.

Þá eru hér tekin af öll tvímæli um að þeir, sem birta auglýsingu, eru ábyrgir ekki síður en auglýsandi og skiptir þá ekki máli á hvaða hátt hún er birt. Ástæður þessara breytinga eru þær að ákvæði þetta í lögum 78/1976 er margbrotið daglega.

Í 3. mgr. er undantekningarregla í samræmi við 1. gr. frv., en sá fyrirvari er settur að koma verður fram í auglýsingunni ef þessi mgr. á að gilda. Ætti það að koma í veg fyrir að þessi undantekningarregla verði misnotuð.

7. gr.

7. gr. er samhljóða 5. gr. laga nr. 78/1976.

8. gr.

Þetta ákvæði er efnislega hið sama og 6. gr. núgildandi jafnréttislaga en ekki er hér skilyrði að um sama atvinnurekanda þurfi að vera að ræða. Það er óþarfa þrenging að miða við sama atvinnurekanda og gerir ákvæðið ómarkvissara.

9. gr.

Sú tregða, sem er á jafnréttisþróuninni, á ekki síst rót sína að rekja til hefðbundinnar kynjaskiptingar á vinnumarkaðnum. Erfitt hefur reynst að vinna gegn henni. Tilgangur ákvæðisins er að fá atvinnurekendur til að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Atvinnurekendum eru gefnar frjálsar hendur um á hvaða hátt þeir stuðla að þessu, eingöngu er sett skilyrði um að aðgerðirnar séu markvissar.

10. gr.

10. gr. er ný af nálinni en svipuð ákvæði eru í sænsku lögunum um jafnrétti í atvinnulífinu og finnska frumvarpinu að lögum um jafnrétti kynjanna.

Þrátt fyrir að meginregla íslensks réttar sé sú að sá sanni sök sem brotið er á finnast þó undantekningartilfelli frá þeirri reglu, svo sem í áfengislöggjöfinni, 2. málsl. 17. gr. laga nr. 82/1969. Hér er öfugri sönnunarbyrði komið á þar sem mun auðveldara virðist fyrir atvinnurekanda að sanna að ekki hafi verið um mismunun á kynjum að ræða heldur en er fyrir aðila að sýna fram á hið gagnstæða.

III. KAFLI

Menntun.

Hér er fjallað um menntun með tilliti til jafnrar stöðu kynjanna. Er þetta nokkuð ítarlegra ákvæði en verið hefur og skýrara kveðið á um ábyrgð.

11. gr.

1. mgr. 11. gr. er nokkurn veginn samhljóða 7. gr. laga nr.78/1976, en 2. mgr. er ný og þarfnast ekki skýringar. Eðlilegast er að menntamálaráðuneytið sé framkvæmdaaðili varðandi námsgögn og fræðslu í skólum.

IV. KAFLI

Önnur svið.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði sem ekki heyra undir atvinnu- eða menntamál. Hér er safnað saman ákvæðum um bann við lítilsvirðandi auglýsingum; um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum og um skipan jafnréttisnefnda. Tvö hin síðarnefndu eru nýmæli.

12. gr.

Í 8. gr. laga 78/1976 er ákvæði um þetta en þar kemur ekki skýrt fram hvern leiða má til ábyrgðar fyrir brot á því ákvæði, einungis er talað um auglýsanda. Í 12. gr. þessa frumvarps eru auglýsendur og þeir, sem hanna og birta auglýsingu, ábyrgir fyrir brotum á ákvæðinu. Er leitast við að gera ákvæðið virkara með þessu móti. Má þá jafnt ganga að einum sem öllum þessum aðilum.

Setningin „eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“ er ný og sett til að taka af öll tvímæli um að allar auglýsingar sem mismuna kynjunum séu óheimilar.

13. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku þeirra í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvarðanatöku í þjóðfélaginu. T. d. voru konur 6,8% þeirra sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1981. Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu með því að nefnd verði bæði karl og kona þegar tilnefna á og ber þeim sem skipar að velja sem jafnast hlutfall kynjanna í samræmi við ákvæði greinarinnar.

14. gr.

Jafnréttisnefndir voru fyrst settar á stofn árið 1976. Þær voru flestar árið 1980, eða 26, í mars 1983 voru þær aðeins 14. Rétt þykir að jafnréttisnefndir starfi í kaupstöðum og víðar ef við verður komið því að ekki er nóg að jafnréttisbaráttan eigi sér stað nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Hún verður að ná til landsbyggðarinnar allrar.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

Í þessum kafla er fjallað um hvernig framkvæma skuli lögin og er það enn aðallega í höndum Jafnréttisráðs, en nokkrar breytingar eru lagðar til um skipan þess.

Nýmæli er að lögfesta ákvæði um ráðgjafarnefnd.

Verkefni Jafnréttisráðs eru þau sömu og verið hafa, en með nokkurri viðbót.

15. gr.

Í þessari grein er sem áður gert ráð fyrir að Jafnréttisráð annist framkvæmd laganna.

Hér er gert ráð fyrir að Jafnréttisráð verði skipað sjö mönnum í stað fimm og bætast við fulltrúar frá K.R.F.Í. og K.Í., en að öðru leyti er ráðið eins skipað.

Rétt þykir að tryggja áhugasamtökum, sem hafa að markmiði að vinna að jafnréttismálum, fulltrúa í ráðinu. Þau samtök, sem hér er lagt til að tilnefni fulltrúa í ráðið, eru einu samtökin utan stjórnmálaflokka sem nú hafa jafnrétti karla og kvenna sem eitt meginstefnumál sitt.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf formaður ráðsins að vera löglærður en ekki þótti ástæða til þess að halda þessu skilyrði þar sem 2. mgr. kveður á um að ráða skuli sérstakan lögfræðing til að annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf sem hefur reynst stór hluti verkefna á skrifstofu ráðsins.

Það er einnig nýmæli að aðili, sem skipaður er af félagsmálaráðherra, sé varaformaður en nauðsynlegt er að varaformaður eigi sæti í ráðinu sem aðalmaður.

Mannfæð og fjárskortur hefur alltaf hamlað starfsemi Jafnréttisráðs og því er 2. og 3. mgr. sett í frumvarpið til að reyna að tryggja að önnur verði raunin í framtíðinni.

16. gr.

Ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs hefur starfað síðan 1976 og sinnt veigamiklum jafnréttisverkefnum. Því er mikilvægt að tryggja að hún starfi áfram og að Jafnréttisráð ákveði hvernig hún skuli skipuð eftir aðstæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 78/1976, en bætt er inn í verkefni sem hefur reynst vera eitt af meginverkefnum ráðsins en það er að sjá um fræðslu- og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings og auk þess skal Jafnréttisráð hafa samstarf við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

18. gr.

18. gr. er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 78/1976.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

Viðurlaga- og réttarfarsákvæði eru efnislega þau sömu og í l. nr. 78/1976, en refsiákvæðið þó mun ítarlegra þar sem lögfest er heimild fyrir Jafnréttisráð að fara í einkarefsimál.

19. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga, en þó er hér fyrirvari um að höfða megi mál til viðurkenningar á rétti aðila þó að ekki sé um skaðabótakröfu að ræða. Skaðabótakrafa felur jafnan í sér viðurkenningarkröfu og þykir því rétt að veita skýra heimild til málshöfðunar þótt eingöngu sé um viðurkenningarkröfu að ræða.

20. gr.
20. gr. er samhljóða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1976.

21. gr.
Ákvæði um refsiábyrgð eru mun ítarlegri hér en í núgildandi lögum. Brot varðar fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.
2. mgr. kveður á um hlutlæga refsiábyrgð en slíkt er ekki heimilað í lögum nr. 78/1976. Þetta þykir eðlileg regla í þessu tilviki þótt undantekningarregla sé þar sem brot gegn ákvæðum frv. mundu oft verða þess eðlis að þau varði rekstur fyrirtækja eða stofnana á einhvern hátt og því má ætlast til þess af stjórnendum að þeir fylgist með starfsemi sinni, m. a. hvað þetta varðar.
3. mgr. er einnig ný regla og sett til að taka af allan vafa um tilraun og hlutdeild.
Skv. 4. mgr. er Jafnréttisráði heimilt að höfða einkarefsimál höfði ríkissaksóknari ekki opinbert refsimál vegna ætlaðra brota. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að Jafnréttisráð geti fengið dóm um ákveðin atriði sem haft geta fordæmisgildi.

22. gr.
22. gr. er efnislega í samræmi við 13. gr. laga nr. 78/1976.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, t. d. um setningu reglugerðar, gildistöku o. fl. Nýmæli er að ríkisstjórninni er ætlað að gera framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn og að lögin skuli endurskoða að fimm árum liðnum.

23. gr.
23. gr. er samhljóða 14. gr. l. nr. 78/1976.

24. gr.
Það, sem aðallega hefur staðið virkni laga nr. 78/1976 fyrir þrifum, er að stjórnvöld eru samkvæmt þeim ekki gerð sérstaklega ábyrg. Hér er reynt að girða fyrir það vandamál með því að ríkisstjórnin geri framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Þar skal greina frá aðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti í raun.

25. og 26. gr.
Þarfnast ekki skýringa.

Við undirritaðar lýsum okkur samþykkar frumvarpi þessu til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, greinargerð með því og athugasemdum.

Reykjavík, 12. apríl 1983.

Vilborg Harðardóttir.	Guðríður Þorsteinsdóttir.	Ingibjörg Hafstað.
María Pétursdóttir.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Sigríður Thorlacius.
Esther Guðmundsdóttir.	Arndís Björnsdóttir.	Bergþóra Sigmundsdóttir.“

Ed. 110. Frumvarp til laga [106. mál]

um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim umsækjanda sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðherra að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð eða 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um umsækjanda.

3. gr.

Veita má þeim tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi.

Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis. Umsækjandi skal sanna að 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um hagi hans. Binda má leyfið við ákveðinn tíma.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

4. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga sem skulu samdar af nefnd er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð að deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, annar er yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins og hinn þriðji skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Nefndin skal enn fremur kveðja til tvo sérfróða tannlækna til þátttöku í meðferð einstakra mála er varða sérgrein þeirra og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

5. gr.

Starfssvið tannlækna nær yfir varnir, greiningu og meðferð á sjúkdómum og ágöllum í munni, kjálkum og aðlægum vefjum, þar með talið hvers konar tannskekkja og tannvöntun.

6. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa og afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja sem þeir þurfa við lækningar sínar og nota þau tæki og efni er fram koma á hverjum tíma og þeir þurfa við starfa sinn, enda hafi þeir aflað sér þekkingar á meðferð þeirra.

7. gr.

Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk, svo og sérhæft aðstoðarfólk. Sérhæft aðstoðarfólk skal, hvert á sínu sviði, hafa hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks starfsfólks tannlækna.

8. gr.

Aðstoðarfólk samkvæmt 7. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði sem undir tannlækningar falla.

Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að vinna nokkurt það verk sem undir tannlækningar heyrir.

9. gr.

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

11. gr.

Ef landlæknir verður þess var að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins skal hann áminna viðkomandi og skýra jafnframt heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.

Komi áminningin ekki að haldi ber landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

12. gr.

Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis má svipta viðkomandi tannlæknaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu tannlækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

14. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við fulltrúa tannlæknadeildar Háskóla Íslands og Tannlæknafélags Íslands.

Hér er um að ræða endurskoðaða útgáfu af frumvarpi til laga um tannlækningar sem flutt var á 94. löggjafarþingi 1973—74 og aftur á s. l. þingi en varð ekki útrætt.

Lög um tannlækningar eru að stofni til frá 14. júní 1929. Gefur því auga leið að mörg ákvæði þeirra eru ýmist úrelt eða mjög ófullnægjandi á marga vegu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. læknalaga og velflestra, ef ekki allra, sérlaga um heilbrigðisstéttir, sem sett hafa verið á síðustu 10—15 árum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um það, að veita **skuli** leyfi samkvæmt 1. gr. öllum þeim, sem uppfylla skilyrði þessarar greinar.

Í frumvarpi sem fram var lagt á 94. löggjafarþingi var, auk framangreindra skilyrða, ætlast til að umsækjandi væri íslenskur ríkisborgari og hefði meðmæli landlæknis til starfans. Í meðförum Alþingis var skilyrði um íslenskt ríkisfang fellt út. Hér er lagt til að greinin verði að þessu leyti til eins og Alþingi hafði frá gengið, þegar málið dagaði uppi.

Að athuguðu máli er hér líka sleppt skilyrðinu um meðmæli landlæknis, sem var í fyrra frumvarpi. Ástæður þessa eru einkum þær, að hér er verið að fjalla um hæfni manna, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Háskóla Íslands og sem **skulu** fá óskerta heimild til að vinna þau störf, sem þeir hafa menntast til, nema fram hafi komið sérstakar vanhæfisástæður. Um það, hvort slíkt hafi komið fram hjá umsækjanda, getur landlæknisembættið ekki vitnað öðrum fremur. Þar verður þekking kennara tannlæknadeildar að vega mest, og því er nauðsyn að umsögn deildarinnar fylgi. Ráðherra getur, hvenær sem hann telur tilefni til, óskað umsagnar landlæknis og að embættið kynni sér hagi mannsins, þá sem máli skipta í þessu samhengi.

Um 3. gr.

Í 2. grein er fjallað um umsækjendur, sem **eiga rétt** á að fá starfsleyfi **nema** bent sé á andlega eða siðferðilega ágalla þeirra, sem vanhæfi gætu valdið.

Í þessari grein er hins vegar fjallað um þá, sem ekki teljast eiga slíkan rétt sjálfkrafa. Það, sem skilur á milli, er að í fyrra tilvikinu hafa menn lokið prófi frá Háskóla Íslands en í síðara tilviki frá öðrum háskólum.

Með tilliti til þess, að kröfur þær, sem gerðar eru til lokaprófs í tannlækningum, eru mjög mismunandi hjá hinum ýmsu þjóðum og skólum, er nauðsynlegt að kanna hvort kröfur viðkomandi skóla hafi verið nægilegar, áður en tannlæknum, sem numið hafa erlendis, er veitt starfsleyfi.

Þetta skilyrði var fellt niður í meðferð neðri deildar Alþingis á hliðstæðu frumvarpi 1973. Það þykir þó nauðsynlegt, enda er þetta sami háttur og hafður er á annars staðar á Norðurlöndum.

Eini aðilinn, sem kannað getur þetta hérlendis, er tannlæknadeild Háskóla Íslands eftir að hún fékk viðunandi starfsskilyrði. Hafa tveir erlendir tannlæknar nú þegar fengið aðgang að deildinni til að gangast undir nauðsynleg hæfnispróf.

Útilokað er fyrir þá, sem ekki geta tjáð sig og skilið íslenska tungu að einhverju marki, að annast tannlækningar hérlendis. Er því haldið óbreyttu skilyrði um slíkt úr núgildandi tannlæknalögum.

Með tilliti til þess, að í auknum mæli er farið að gera hérlendis vísindalegar rannsóknir á tönnum og umhverfi þeirra, þarf að gera ráð fyrir tímabundinni leyfisveitingu til slíkra starfa.

Norðurlandaþjóðirnar hafa nú þegar gert með sér milliríkjasamning um gagnkvæm starfsréttindi heilbrigðisstétta. Því þykir rétt að gera ráð fyrir að tannlæknar falli undir slíkan samning í framtíðinni.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um sérfræðireglur og sérfræðileyfi. Er hún óbreytt úr núgildandi lögum, nema að í stað annars fulltrúa Tannlæknafélags Íslands í sérfræðinefndinni kemur yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins, sem þykir heppilegt eftir að komin er sérstök tannheilsudeild í ráðuneytið.

Komið hefur fram sú hugmynd að fela tannlæknadeild Háskóla Íslands þessi mál líkt og gert er ráð fyrir í læknalögum og neðri deild Alþingis lagði til 1973. Slíkt er ekki talið heppilegt vegna þess hve tannlæknadeildin er fámenn. Flyttist þá umfjöllun og ákvörðunartaka um þessi mál í hendur þröngs hóps tannlækna, en hvorki stéttarfélag né heilbrigðisyfirvöld hefðu áhrif, sem gæti þó verið æskilegt í mörgum tilvikum.

Um 5. gr.

Skilgreining á starfssviði tannlækna er efnislega lítt breytt en einfaldari heldur en áður.

Um 6. gr.

Þessi grein er nær óbreytt úr núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Skýr ákvæði um aðstoðarfólk tannlækna hefur vantað í núgildandi lög og var það, eitt með öðru, ástæðan til þess að nauðsyn bar til að tannlæknalög yrðu endurskoðuð.

Gera má ráð fyrir að sérhæfing aðstoðarfólks tannlækna aukist og kennsla í þeim greinum verði tekin upp í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Í þessu sambandi má nefna tannfræðinga (hygiejnister, tandplejere) og aðstoðarfólk (klinikassistenter).

Reynslan hefur orðið sú annars staðar á Norðurlöndum, að slíkt aðstoðarfólk hefur tekið að sér, undir yfirstjórn tannlækna, mörg einfaldari störf, sem heyra undir hina almennu tannlæknisþjónustu, en sem oft hefur ekki verið lögð nægileg áhersla á af tannlæknum í önn dagsins.

Má í þessu sambandi nefna fræðslu um varnir gegn tannskemmdum. Án efa má m. a. þakka það starfi tannfræðinga, hve góðum árangri hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa náð

með fyrirbyggjandi starfi, á meðan við höfum orðið á eftir í þeim efnum, en tannfræðingar eru nú fyrst að hasla sér völl hér á landi.

Hvernig svo sem ákveðið verður í framtíðinni að haga menntun þessara stétta, er eðlilegt að endanleg starfsleyfi og löggildingu fái þessar stéttir eins og aðrar heilbrigðisstéttir hjá heilbrigðisráðherra, enda sanni þær fyrir honum að menntun hvers og eins uppfylli þau skilyrði, sem lög setja fyrir slíku starfsleyfi.

Tannsmiðir eru nú orðnir iðnaðarmenn og falla því ekki undir ákvæðin um sérhæft aðstoðarfólk tannlækna. Starfa flestir þeirra á eigin verkstæðum að verkefnum fyrir tannlækna.

Um 8. gr.

Þar sem það er tannlæknirinn einn, sem getur greint sjúkdóm þann, sem til meðferðar kemur og gefið fyrirmæli um eða stjórnað þeirri meðferð, sem sjúklingurinn skal fá, verður öll aðgerð við sjúklinginn að fara fram undir handleiðslu og á ábyrgð hans. Þegar af þessari ástæðu leiðir, að því aðstoðarfólki, sem heimilað er að vinna við tannlækningar, verður aldrei heimilað að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla. Að öðru leyti leiðir ákvæði þessarar greinar beint af lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og stöðu þeirra í heilbrigðiskerfinu.

Um 9. gr.

Rétt þykir að taka ákvæði um þagmælsku tannlæknis og allra annarra, sem að tannlækningum starfa undir handleiðslu hans, beint upp úr læknalögum til að leggja áherslu á þetta atriði.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig tekin upp úr læknalögum, þó eru hér sérreglur um opnun lækningastofu eða flutning. Ákvæði þetta var fellt niður í meðförum Alþingis 1973. Þar sem gera verður ráð fyrir þeim möguleika, að tannlæknar starfi hérlendis án þess að vera í stéttarfélagi tannlækna, er ekki nægjanlegt að hafa þessi ákvæði í siðareglum félagsins.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Grein þessi er að stofni til úr læknalögum, en gert er ráð fyrir að vandamál, sem upp kunna að koma í sambandi við störf tannlækna, séu kynnt strax í upphafi heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands, til að flýta fyrir afgreiðslu og gera aðhald virkara.

Einnig var haft í huga að enginn tannlæknir starfar við landlæknisembættið en aftur á móti í ráðuneytinu.

Um 13. gr.

Grein þessi er sömuleiðis efnislega tekin úr læknalögum til að leggja áherslu á þessi atriði.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 111. Fyrirspurn [107. mál]

til fjármálaráðherra um samræmingu á skráningu og mati fasteigna.

Frá Gunnari G. Schram og Karvel Pálmasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar þeirrar sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981 þar sem ríkisstjórninni var falið að láta hraða undirbúningi þess að koma á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum sem annast mat og skráningu fasteigna í landinu?

Sþ. 112. Fyrirspurn [108. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skipti eða sölu aflakvóta milli skipa.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hversu mikil brögð eru að kvótaskiptum, sbr. 18. gr. reglugerðar um stjórn botnfiskveiða 1984:
   a. milli skipa frá sömu verstöð,
   b. milli verstöðva og
   c. að öðru leyti, sbr. lokamálsgr. 18. gr., að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis og umsögn sveitarstjórna og sjómannafélaga í viðkomandi stöð?
2. a. Er ráðuneytinu kunnugt um viðskipti með aflakvóta milli útgerða?
   b. Hefur ráðuneytið heimilað slík viðskipti?
3. Ef svo er, getur ráðuneytið upplýst:
   a. á hvaða verði tonnið af þorski gengur í slíkum viðskiptum?
   b. hversu mikið aflamagn hefur þannig gengið kaupum og sölum?
   c. hver er hlutur áhafna þeirra skipa sem selt hafa hluta af aflakvóta sínum, eða kemur hagnaður eingöngu í hlut útgerðarinnar?
4. Ef ráðuneytinu er, á þessu stigi málsins, ókunnugt um slík kvótaviðskipti mun það beita sér fyrir rannsókn á málinu?

Sþ. 113. Fyrirspurn [109. mál]

til sjávarútvegsráðherra um lífeyrismál sjómanna.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað líður endurskoðun á lögum og reglum um lífeyrismál sjómanna þar sem öllum sjómönnum verði tryggð sömu lífeyrisréttindi við 60 ára aldur?

Sþ. 114. Fyrirspurn [110. mál]

til félagsmálaráðherra um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvenær hyggst félagsmálaráðherra leggja fyrir Alþingi til staðfestingar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 158, sem kveður á um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda og samþykkt var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1982?

Ed. 115. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Í stað 2. – 6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, sem flutt var á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er frumvarpið flutt til samræmis við breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sem samþykktar voru með lögum nr. 46/1984. Var þá breytt reglum um meðferð varnings í skipum og öðrum farkostum er til landsins koma, þannig að ekki er skylt að innsigla tollskyldan varning, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota. Er þess í stað lögð á skipstjóra skylda til að setja slíkan varning undir lás, og afhenda tollgæslu skrá yfir varninginn. Með ákvæði 1. gr. er lagt til að um áfengi gildi sams konar reglur og um annan tollskyldan varning samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 25. gr. þeirra laga.

Með 2. gr. þessa frumvarps er lagt til að fellt verði úr gildi sérákvæði 2. mgr. 6. gr. áfengislaga um víðáttu landhelgi. Er landhelgi þar ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði. Með breytingunni verður landhelgin samkvæmt áfengislögum hin sama og ákveðin er í lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þ. e. 12 sjómílur frá grunnlínu, sem dregin er milli ystu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, eins og þeim var breytt á síðasta Alþingi, fylgir tollalögsagan nú landhelgi.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar.

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðrún Agnarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Svavar Gestsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Hér á landi eru ekki til nein almenn stjórnsýslulög sem m. a. hefðu að geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni (sbr. réttarfarsreglur), þ. e. bæði form- og efnisreglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þ. á m. um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru fáar. Af þessu leiðir að þeir, sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum, standa höllum fæti. Oft er ekki ljóst hver er réttur þeirra við málsmeðferðina, m. a. hvort þeir megi koma á framfæri skoðunum sínum og sjónarmiðum við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá í hvaða mæli.

Hér mætti hreyfa þeirri mótbáru að óskráðar stjórnarfarsreglur komi í stað skráðra réttarreglna. Því er því miður ekki að heilsa. Slíkar reglur eru margar næsta óljósar og samhæfða framkvæmd skortir sem veiti þeim ótvírætt lagagildi. Þar að auki skortir beinlínis skráðar eða óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttar sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa. Oftast er ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvald skuli t. d. rökstyðja synjun um leyfi. Þá er ekki að finna ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin byggist á. Hið sama gildir í öðrum tilvikum að reglur skortir almennt um skyldu stjórnvalda til þess að rökstyðja almennt úrskurði sína. Fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda en ekki náð fram að ganga. Einnig skortir í íslenskum stjórnarfarsrétti almennar settar reglur um heimild manna til þess að koma að andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrskurðar eða úrlausnar hjá stjórnvöldum. Sama má segja um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Flestir virðast að vísu sammála um það að samkvæmt íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans. Þessi réttarregla hefur þó verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér.

Hér á landi er ekki til embætti umboðsmanns Alþingis, en það hefur verið stofnað í ýmsum nálægum löndum. Er hlutverk umboðsmannsins að taka við kærum og kvörtunum frá borgurum sem telja að yfirvöld hafi á einhvern hátt gengið á hlut þeirra. Er unnt að koma fram leiðréttingum vegna aðgjörða stjórnsýsluyfirvalda á ýmsan hátt með aðgjörðum umboðsmannsins. Þetta starf hefur hins vegar ekki verið lögleitt hér á landi þótt tillögur hafi komið fram um það. Er því enn brýnni nauðsyn en ella á heildstæðri og virkri stjórnsýslulöggjöf til þess að vernda rétt borgaranna gagnvart yfirvöldum.

Þeir gallar, sem hér hefur verið vikið að, varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldum heldur starfsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum

álitaefnum á margvíslegustu sviðum. Hætta er á að úrlausnir verði handahófskenndar og skilvirkni mun minni en æskilegt verður að telja.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sett verði almenn stjórnsýslulög hér á landi. Er það annars vegar vegna réttaröryggissjónarmiða og hins vegar vegna hagkvæmnis- og skilvirknissjónarmiða. Ástæðulaust er að slíkar reglur séu allt of flóknar og nákvæmar heldur verður að greina hér milli aðalatriða og aukaatriða. Fyrirmyndir að slíkri stjórnsýslulöggjöf má finna m. a. á Norðurlöndum. Í Noregi voru sett lög um meðferð mála í stjórnsýslunni árið 1967 og í Svíþjóð 1971 og í Danmörku hefur verið samið ítarlegt frumvarp til stjórnsýslulaga.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Flm.: Tómas Árnason, Gunnar G. Schram, Geir Gunnarsson,
Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn og aðilum vinnumarkaðarins að gera samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstöður verði birtar opinberlega.

Kostnaður af athugun þessari verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í almennum umræðum um kjaramál er oft gerður samanburður á lífskjörum launafólks hér á landi og í öðrum löndum. Oft er slíkur samanburður hvergi nærri einhlítur og ályktanir, sem dregnar eru af slíkum samanburði, geta orkað tvímælis.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu og framkvæmd hennar stæðu vonir til að hlutlægur samanburður yrði gerður. Að ýmsu leyti er nærtækt að bera Íslendinga saman við aðrar Norðurlandaþjóðir. Þjóðfélagsgerð þessara ríkja er á margan hátt lík þótt bæði neysluvenjur og lífsvenjur þeirra séu að ýmsu leyti ólíkar. Þess vegna eru upplýsingar e. t. v. sambærilegri en hjá ýmsum öðrum þjóðum. Auk staðhátta er íslenskt þjóðfélag þó yfirleitt einhæfara og því hættara við snöggum sveiflum í efnahags- og atvinnumálum. Þess vegna væri samanburður e. t. v. eðlilegri við Norður-Noreg, norðurhéruð Svíþjóðar og Finnland. Ljóst er að Norðurlandabúar búa við ein bestu lífskjör í veröldinni. Það er því bæði fróðlegt og gagnlegt að athuga hvernig launafólk á Íslandi er á vegi statt miðað við aðrar þjóðir Norðurlanda.

Það kemur ekki fram í texta ályktunarinnar við hvaða tímamörk þessi athugun skuli miðuð. Eðlilegast gæti verið að miða við seinustu fimm til tíu árin. Hjá því verður aldrei komist að árferði kann að vera hagstæðara í einu landi en öðru á tilteknu tímabili. Einnig er gengi á einstökum árum e. t. v. ekki marktækt. Þegar af þeirri ástæðu verður svona samanburður fyrir einstök ár aldrei einhlítur.

Það eru margir þættir þessa máls sem þörf væri að skoða nánara. Fyrst er að nefna samanburð á þjóðartekjum á mann, þá hlutfall launa af þjóðartekjum og hlut launafólks í hreinum þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu. Við slíkan samanburð þarf að athuga og bera saman, ef unnt er, tekjur af eigin atvinnurekstri, þ. e. a. s. aðrar atvinnutekjur en laun sem launamenn bera úr býtum. Fróðlegur er og samanburður á hlutfalli neyslu, einkaneyslu og samneyslu, og fjármunamyndun. Þá þarf að bera saman hve lengi launafólk er að vinna fyrir launum sínum, þ. e. vinnutíma og orlof, svo og hlunnindi sem ekki teljast til beinna peningalauna. Í þessu sambandi þarf og vel að huga að mismunandi neyslumynstrum í

ýmsum löndum og mismunandi skattkerfum. Atvinnuöryggi er einn allra þýðingarmesti þáttur velferðarþjóðfélags. Skattar hafa afgerandi áhrif á tekjur og lífskjör og því eðlilegt að bera þá saman, m. a. hlutfall beinna skatta og þjóðarframleiðslu og hlutfall beinna skatta heimilanna og brúttótekjur þeirra miðað við greiðsluár.

Þá er og ýmislegt í nútímaþjóðfélagi sem fróðlegt er að gera samanburð á og gefur vísbendingar um hvernig lífskjörin eru raunverulega. Nefna má stærð íbúðarhúsnæðis, bílafjölda, sjónvarp, myndbönd, síma og e. t. v. fleiri ábendingar um lífskjör.

Sþ. 118. Fyrirspurn [114. mál]

til félagsmálaráðherra um Greiningarstöð ríkisins.

Frá Svavari Gestssyni.

Hefur nefnd sú, sem skipuð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, skilað áliti? Ef svo er, hvenær hyggst ráðherra gera grein fyrir áliti nefndarinnar og leggja tillögur hennar um framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins fyrir Alþingi til staðfestingar?

Sþ. 119. Fyrirspurn [115. mál]

til menntamálaráðherra um leiðsögukennara.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hve margir leiðsögukennarar eru starfandi í grunnskólum landsins, sbr. 10 gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, nr. 38/1971, og 5. tl. 12. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974?

Sþ. 120. Fyrirspurn [116. mál]

til iðnaðarráðherra um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur iðnaðarráðuneytið uppi áætlanir um breytingu á reglum um álagningu verðjöfnunargjalds af raforku á árinu 1985? Ef svo er, í hverju felst þá sú breyting?

Sþ. 121. Fyrirspurn [117. mál]

til iðnaðarráðherra um aðveitustöð hjá Prestsbakka á Síðu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Verður staðið við gerða áætlun um uppsetningu aðveitustöðvar hjá Prestsbakka á Síðu á árinu 1985? Ef svo verður, hvenær má þá búast við að stöðin verði tekin í notkun?
2. Hver mun annast framkvæmdir við verkið?

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Helgi Seljan, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að undirbúin verði og framkvæmd eftirfarandi atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd:

1. Í tengslum við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar sameinuð í einu ráðuneyti ekki síðar en í árslok 1985.
2. Undirbúin verði löggjöf um umhverfismál sem sérstaklega taki til mengunarvarna á landi, í sjó og í lofti, svo og framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun frá frárennsli og verksmiðjum.
3. Endurskoðuð verði lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, m. a. til samræmis við nýja löggjöf um mengunarvarnir (skv. 2. lið) og breytta yfirstjórn umhverfismála (skv. 1. lið).
4. Lagt verði fyrir yfirstandandi Alþingi frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd sem undirbúið hefur verið á vegum Náttúruverndarráðs og stjórnvalda.
5. Gripið verði til samræmdra aðgerða til verndar gróðri með friðun og hóflegri nýtingu eftir því sem við á og komið á virkri stjórn og eftirliti í þessu skyni. Næsta landgræðsluáætlun (1986—1990) verði mótuð með hliðsjón af slíku endurmati og nýjum viðhorfum.
6. Auknar verði rannsóknir á dýrastofnum á landi og í sjó við Ísland og tryggt að við nýtingu þeirra og verndun sé tekið mið af vistfræðilegum sjónarmiðum.
7. Gert verði átak í skipulagsmálum með lagabótum og með langtímasjónarmið í huga og tekið tillit til þess að landið allt er skipulagsskylt. Bætt verði hið fyrsta úr vöntun á kortum og öðrum grunnforsendum svo að unnt sé að koma við nútímalegum vinnuaðferðum við undirbúning og gerð skipulagstillagna.
8. Náttúruverndarráð undirbúi í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar.
9. Mótuð verði opinber stefna í ferðamálum sem feli í sér nauðsynlegar verndaraðgerðir fyrir náttúru landsins með tilliti til breyttra samgönguhátta og aukins ferðamannastraums.
10. Aukin verði fræðsla um íslenska náttúru, umhverfisvernd og auðlindir í fjölmiðlum og skólum, m. a. með því að nýta söfn, friðlýst svæði og náttúrulegt umhverfi við þéttbýli með skipulegum hætti í þessu augnamiði.

Ríkisstjórnin láti gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun til næstu 10 ára um æskilegar úrbætur samkvæmt ofangreindu og leggi hana fyrir næsta reglulegt Alþingi til að auðvelda stefnumörkun og fjáröflun í þessu skyni.

Greinargerð.

Eftir mikla vakningu í umhverfismálum um 1970 og fram eftir síðasta áratug, sem m. a. birtist í lagabótum, margefldum umsvifum Náttúruverndarráðs og þróttmiklu starfi áhugafélaga um náttúruvernd, hafa umhverfis- og náttúruverndarmál lent í öldudal. Má segja að nú ríki ládeyða á þessu sviði miðað við það sem var fyrir nokkrum árum. Birtist hún m. a. í minnkandi fjárveitingum til þessara mála, svo sem til Náttúruverndarráðs og til landgræðsluáætlunar, en skv. fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1985 eru framlög til landgræðsluáætlunar skert um helming að krónutölu, í 13 m. kr. í stað 26,4 m. kr. á fjárlögum 1984.

Að mati flutningsmanna stafar þessi öfugþróun m. a. af því að ekki hefur verið komið á nauðsynlegum endurbótum í stjórnkerfinu varðandi umhverfismál með því að sameina í einu ráðuneyti málaflokka á þessu sviði. Þannig er ábyrgð í umhverfismálum og náttúruvernd nú dreift á flest ráðuneyti og enginn einn ráðherra er öðrum fremur talsmaður umhverfismála. Nauðsynlegar lagabætur í mikilvægum málaflokkum hafa dregist úr hömlu og fjárveitingar til framkvæmda og eftirlits á grundvelli gildandi laga og reglugerða verið alls ónógar.

Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma mörg þau atriði sem brýnust eru á sviði umhverfismála og náttúruverndar og móta áætlun um aðgerðir til næstu 10 ára. Verði sú áætlun lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Tillagan tekur m. a. mið af ályktunum síðustu náttúruverndarþinga (fylgiskjal I) og ítarlegri samþykkt landsfundar Alþýðubandalagsins í nóvember 1983 um umhverfisvernd og auðlindir (fylgiskjal II).

Sú leið er valin með flutningi tillögunnar að benda á marga þætti, þar sem skórinn kreppir, í stað þess að flytja um þá sjálfstæðar tillögur. Er þá haft í huga að óvíða er jafnmikil þörf á góðri yfirsýn og á sviði umhverfismála og því æskilegt að Alþingi fjalli um þessi mál í samhengi. Flutningsmönnum er ljóst að ábendingar í tillögunni eru engan veginn tæmandi og þess er að vænta að í meðferð þingsins bætist sitthvað við sem réttmætt er að taka inn í þennan áhersluramma.

1. Umhverfisráðuneyti.

Tólf ár eru liðin frá því að náttúruverndarþing fyrst ályktaði um nauðsyn þess að meðferð umhverfismála í stjórnkerfinu yrði gerð skilvirkari og yfirstjórn helstu þátta umhverfismála sameinuð í einu ráðuneyti. Síðan hefur þetta verið áréttað á öllum náttúruverndarþingum og að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti.

Náttúruverndarráð beitti sér fyrir undirbúningi að þessu máli þegar á árunum 1974—75 og í framhaldi af því starfaði stjórnskipuð nefnd sem undirbjó frumvarp um umhverfismál. Var það fyrst flutt á Alþingi 1977—78 og hefur síðan ítrekað verið í endurskoðun innan stjórnkerfisins án þess löggjafinn hafi tekið af skarið. Á fylgiskjali III með þessari tillögu er að finna ábendingar um þá málaflokka sem eðlilegt er að mati flutningsmanna að falli undir umhverfisráðuneyti, svo og stofnanir sem eðlilegt er að tengist umhverfisráðuneyti í heild eða að hluta (fylgiskjal IV).

Á fylgiskjali III er einnig að finna skrá yfir helstu lög sem snerta umhverfisvernd og á fylgiskjali V er listi yfir nokkrar stofnanir, ráð og nefndir sem fjalla um umhverfismál.

Af þessum gögnum má ljóst vera hvílík sundurvirkni nú ríkir í þessum málum og hversu brýnt er að úr verði bætt. Óhætt er að fullyrða að í samanburði við önnur lönd Vestur-Evrópu eru þessi mál í óvenjuslæmu horfi innan okkar stjórnkerfis. Í grannlöndum okkar, svo sem í Noregi, Danmörku og Englandi, voru stofnuð sjálfstæð umhverfisráðuneyti fyrir meira en áratug og varð tilkoma þeirra lyftistöng fyrir stjórn umhverfismála í þessum löndum.

Unnið er nú að tillögum til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands á vegum ríkisstjórnarinnar. Hefur nefnd sú, sem fjallar um málið, sett fram allróttækar hugmyndir um breytingar á Stjórnarráðinu, m. a. samruna ráðuneyta og stofnun nýrra. Þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur komið tillögum sínum um að yfirstjórn helstu þátta umhverfismála verði sameinuð í einu ráðuneyti á framfæri við nefndina og að umhverfismál komi fram í heiti ráðuneytisins.

2. Mengunarlöggjöf.

Óvíða eru jafnmiklar gloppur í lögum er snerta umhverfismál og varðandi mengun á landi, sjó og í lofti. Ósamræmið í stjórnsýslunni og varðandi eftirlit er einnig hrikalegt á þessu sviði og vöntun á tengslum milli aðila sem fara með einstaka þætti mengunarmála. Þetta skýrist m. a. ef litið er á fylgiskjöl III—V.

Frárennsli frá íbúðarhúsnæði og atvinnurekstri er í miklum ólestri, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, og mengun frá iðnrekstri víða tilfinnanleg, m. a. frá fiskimjölsverksmiðjum. Sorphirðu og sorpeyðingu er einnig víða áfátt í þéttbýli og strjálbýli.

Á þessum þáttum þarf að taka í löggjöf og með raunsæjum framkvæmdaáætlunum því að vandinn vex stöðugt á meðan ekkert er að gert. Hugsanlega þarf að marka sérstaka tekjustefnu hjá sveitarfélögum til að tryggja úrbætur.

Áðurnefnt lagafrumvarp um umhverfismál, sem fyrst var flutt á Alþingi 1977—78, var viðleitni til úrbóta, svo og setning laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem vikið er að hér á eftir.

3. Endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Með setningu laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, var leitast við að ná fram meiri hagkvæmni á sviði hollustumála og fylla í eyður í löggjöf. Innan Hollustuverndar ríkisins er skv. lögunum reynt að sameina „yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdu“ (sbr. 13. gr.). Stofnunin heyrir, eins og framkvæmd laganna í heild, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum er kveðið á um að þau skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku og sérstaklega skyldi kanna innan þriggja ára frá gildistöku laganna um möguleika á frekari samræmingu löggjafar um þau mál sem lögin taka til.

Við nefnda endurskoðun laganna, sem væntanlega er hafin á vegum stjórnvalda, er nauðsynlegt að hafa í huga þá endurskipan stjórnsýslunnar sem fjallað er um í 1. lið tillögunnar. Í tíð síðustu ríkisstjórnar komu í ljós verulegir annmarkar á núverandi skipan í sambandi við undirbúning að umhverfisráðuneyti.

4. Endurskoðun laga um náttúruvernd.

Á 3. náttúruverndarþingi 1978 var m. a. fjallað um endurskoðun laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og skorað á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því máli. Á 4. náttúruverndarþingi vorið 1981 var kynnt endurskoðað frumvarp að náttúruverndarlögum og samþykkti þingið samhljóða að mæla með því. Þremur hugmyndum um breytingar var vísað til athugunar Náttúruverndarráðs. — Frumvarp þetta var ekki lagt fram þótt fullbúið væri í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens. Á 5. náttúruverndarþingi vorið 1984 greindi Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra frá því að frumvarp til náttúruverndarlaga væri fullfrágengið og því er ríkisstjórninni samkvæmt þingsályktunartillögunni falið að leggja það fram á yfirstandandi 107. löggjafarþingi.

5. Gróðurvernd.

Náttúruverndarþing 1984 samþykkti nokkrar ályktanir varðandi gróðurvernd, þar á meðal á hálendi landsins. Til staðar eru heimildir í lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, sem

ekki hefur verið beitt svo sem æskilegt væri, m. a. ákvæðum 21.—23. greinar um gróðurvernd og ítölu. Gróðurverndarnefndir, sem lögin kveða á um, hafa verið lítilvirkar með fáum undantekningum og þarfnast sú skipan gagngerrar endurskoðunar.

Þá skortir mjög á að fyrir liggi aðgengilegar upplýsingar um raunverulegt beitarþol afréttarlanda, þrátt fyrir mikið starf að kortlagningu gróðurlendis landsins á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nýting á fjármagni skv. landgræðsluáætlunum 1974—1985 hefur einnig verið gagnrýnd, og nauðsynlegt að taka þau mál til róttækrar endurskoðunar við gerð næstu landgræðsluáætlunar (1986—1990).

Tryggja þarf að vegna breyttra aðstæðna í landbúnaði verði framar öllu tekið tillit til landgæða og ásigkomulags gróðurlendis og dregið úr eða útilokuð beit um lengri eða skemmri tíma á ofnýttum landsvæðum.

6. Nýting og verndun dýrastofna.

Fáar þjóðir eiga afkomu sína jafnmikið undir fiskveiðum og Íslendingar. Viðgangur fiskistofnanna er því eitt stærsta mál þjóðarinnar, en langtum minna fé og mannafla hefur verið varið til hafrannsókna en eðlilegt gæti talist. Sérstaklega skortir á víðtæka þekkingu á lífsskilyrðum á íslenskum hafsvæðum og vistfræði fiskimiðanna og yfirsýn varðandi einstaka nytjastofna.

Þetta á einnig við um aðra dýrastofna í sjó, t. d. bæði hvali og seli, sem mjög hafa verið umræddir hin síðari ár. Rannsóknir á þessum stofnum hafa verið ónógar og ráðist hefur verið í aðgerðir eins og fækkun sela í tengslum við hringorm í fiski án fræðilegrar undirstöðu og viðhlítandi rökstuðnings.

Svipuðu máli gegnir um fugla. Má þar nefna handahófskenndar tilraunir til að halda „vargfugli“ í skefjum, svo og gæsastofnum sem valda tjóni á ræktuðu landi.

Af landspendýrum má minna á íslenska refinn sem reynt hefur verið að halda í skefjum og útrýma með ærinni fyrirhöfn. Nú telja sumir æskilegt að friða refinn á vissum landsvæðum í tilraunaskyni og tengja þá aðgerð kerfisbundnum rannsóknum á stofninum. Átak hefur verið gert undanfarin ár til að auka þekkingu á hreindýrastofninum, en þær athuganir hafa lítil áhrif haft á stjórn veiða úr honum enn sem komið er.

Brýnt er að kerfisbundið verði fyllt í eyður á þekkingu manna á dýrastofnum og að tiltækri vitneskju sé síðan beitt við stjórn á nýtingu stofnanna. Þar þurfa vistfræðileg viðhorf að koma í stað fordóma og handahófs.

7. Skipulagsmál.

Vísað er til ítrekaðra tillagna á náttúruverndarþingum um skipulagsmál og til samþykktar síðasta Alþingis um landnýtingaráætlun (fylgiskjal VI).

Í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens hafði Svavar Gestsson félagsmálaráðherra frumkvæði að víðtækri endurskoðun á löggjöf um skipulagsmál. Þeirri endurskoðun á nú að vera lokið og frumvarp að nýjum skipulagslögum kemur væntanlega fljótlega fram á yfirstandandi Alþingi.

Til þessa hefur vinna að skipulagsmálum beinst nær eingöngu að þéttbýlisstöðum og allt of lítil tengsl verið á milli hagrænna og landfræðilegra þátta við mótun skipulags.

Náttúruverndarráð hefur með aðstoð áhugamanna um náttúruvernd lagt fram mikilsverðan skerf til skipulags utan þéttbýlis með friðlýsingum og skráningu náttúruminja (fylgiskjöl VII—VIII), en fjölda annarra þátta vantar inn í myndina til að unnt sé að móta heildstætt skipulag um landnotkun er taki til landsins alls. Þáttur í slíku skipulagi þarf að vera víðtæk landslagsvernd og reglur til að takmarka jarðrask og efnisnám og beina því á tiltekna staði sem valdir hafa verið í þessu skyni.

8. Verndun fossa og hvera.

Síðasta náttúruverndarþing ályktaði að flýta beri vinnu við forgangsröðun orkuframkvæmda. Í upphafi rannsókna þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif hugsanlegra virkjana og raða þeim í forgangsröð út frá viðtæku mati, m. a. varðandi áhrif á umhverfið.

Á vegum Náttúruverndarráðs hefur þegar farið fram mikil vinna og gagnaöflun til að flokka vatnsföll og fossa, jarðhitasvæði og einstaka hveri út frá verndargildi, svo og votlendissvæði og aðrar gróðurvinjar á hálendinu sem gætu orðið í hættu vegna vatnsmiðlana (sjá fylgiskjöl IX—XI). Sérstök samráðsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis hefur fjallað um virkjanaáform og umhverfisáhrif, er þeim myndu fylgja, allt frá árinu 1972. — Þessir aðilar eiga því fljótlega að geta lagt fram áætlun um æskilega forgangsröðun virkjana og um leið verndaráætlun varðandi vatnsföll og jarðhitasvæði. Alþingi ætti síðan að staðfesta slíka áætlun og gefa þannig leiðbeiningar um rannsóknir og framkvæmdaáform til lengri tíma litið. — Í þessu sambandi má vísa til reynslu Norðmanna þar sem norska Stórþingið hefur friðlýst fjölmörg vatnsföll, sumpart um takmarkaðan tíma. Slík flokkun og mat af hálfu Alþingis á að geta komið í veg fyrir illvíg átök eins og þau sem við þekkjum m. a. úr Laxár- og Blöndudeilum.

9. Ferðamál og umhverfisvernd.

Vaxandi ferðamannastraumi fylgja margháttuð vandamál og hættur á fjölsóttum en viðkvæmum svæðum, ekki síst í óbyggðum. Vegslóðar, sem í upphafi voru lagðir fyrir smalamenn, veiðimenn eða rannsóknaraðila, eru fyrr en varir orðnir fjölfarnir af innlendum og útlendum ferðamönnum á kraftmiklum ökutækjum. Rallakstur ýtir undir aðra fullhuga að spreyta sig, einnig utan vega. Merkingum og leiðbeiningum er afar áfátt og eftirlit í molum.

Ferðamálaráð hefur lögum samkvæmt skyldum að gegna varðandi umhverfisvernd, en fjárráð eru takmörkuð og hagsmunaaðilar í ferðamálum gefa tóninn.

Að leiðsögumönnum og eftirlitsaðilum á áningarstöðum ferðamanna hefur verið illa búið og útlendir ferðahópar sniðganga sumir hverjir innlenda leiðsögumenn.

Friðlýst svæði eru víða afar illa undir það búin að taka við ferðamannastraumi, snyrtiaðstaða bágborin, gönguleiðir fáar og illa merktar.

Allt kallar þetta á stefnumörkun í ferðamálum með tilliti til umhverfisverndar. Þess þarf að gæta að uppbygging ferðamannareksturs verði ekki á kostnað viðkvæmrar náttúru landsins og fjármagn verði tryggt til nauðsynlegra aðgerða til að varna tjóni og truflun af völdum ferðamennsku.

10. Umhverfisfræðsla.

Fátt er mikilvægara til að ná árangri í umhverfisvernd en fræðsla og upplýsingar til almennings. Á undanförnum árum hefur verið gert átak í umhverfisfræðslu í grunnskólum, m. a. með bættu kennsluefni. Á þessu sviði má hins vegar ekki verða stöðnun og hlutur fjölmiðla og samtaka áhugamanna og opinberra stofnana skiptir hér miklu. Síðasta náttúruverndarþing fjallaði um umhverfisfræðslu og samþykkti allítarlega ályktun sem tekið er mið af í tillögugreininni. Nýting náttúrulegs umhverfis í byggð og óbyggð til umhverfisfræðslu er á byrjunarstigi hérlendis, en einmitt á því sviði er unnt að ná miklum árangri til að glæða skilning og móta afstöðu ungra og aldinna til umhverfisins. Tilraunir með slíka leiðsögn, sem gerðar hafa verið í þjóðgörðunum í Skaftafelli og á Þingvöllum, lofa góðu. Að sama marki beinast göngu- og skoðunarferðir á vegum ferðafélaga sem njóta vaxandi vinsælda.

Í umhverfisvernd gildir svipað og um heilsugæslu að fyrirbyggjandi aðgerðir skila bestum árangri og kosta minnst til lengri tíma litið. Sé brugðist við á þeim sviðum sem vísað

er til í þingsályktunartillögunni er unnt að bæta úr mörgu í umhverfismálum og náttúruvernd í tíð einnar kynslóðar. Alþingi þarf hér að vísa veginn og tryggja almannahagsmuni og verndun íslenskrar náttúru.

Fylgiskjöl:

1. Samþykktir náttúruverndarþings í apríl 1984.
2. Samþykkt landsfundar Alþýðubandalagsins í nóv. 1983 um umhverfisvernd og auðlindir.
3. Skrá yfir málaflokka og lög á sviði umhverfisverndar.
4. Minnisblað um frumvarpsdrög til laga um umhverfisvernd (30. apríl 1979).
5. Skrá yfir nokkrar stofnanir, ráð og nefndir sem fjalla um umhverfismál.
6. Þingsályktun um landnýtingaráætlun (22. maí 1984).
7. Friðlýst svæði — uppdráttur.
8. Náttúruminjaskrá — uppdráttur.
9. Fossar — verndartillögur.
10. Háhitasvæði — verndartillögur.
11. Votlendissvæði — verndartillögur.
12. Staðarvalsnefnd um iðnrekstur — skipunarbréf.
13. Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum — þingsályktunartillaga.
14. Mengun lofts og lagar — langtímabreytingar. Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn (10. apríl 1984).

Fylgiskjal I.

ÁLYKTANIR FIMMTA NÁTTÚRUVERNDARÞINGS
13.—15. apríl 1984 í Reykjavík.

Allar tillögur, sem lagðar voru fyrir þingið, voru teknar til umfjöllunar í einni eða fleiri hinna fjögurra nefnda sem störfuðu á þinginu, þ. e. mannvirkjagerðarnefnd, ferðamálanefnd, umhverfisfræðslunefnd og allsherjarnefnd, en þeirri síðastnefndu var skipt í tvennt vegna mikils fjölda tillagna er til hennar bárust. Nefndirnar ræddu þessar tillögur og lögðu síðan fyrir þingið til afgreiðslu.

Allar tillögurnar, sem lagðar voru fyrir þingið eftir umfjöllun í nefndum, voru samþykktar samhljóða utan tillögu um friðlýsingu Fossvogsdals, en hún var samþykkt með 45 atkvæðum gegn 12.

Hér á eftir fara allar ályktanir sem samþykktar voru á fimmta náttúruverndarþingi 1984.

Um beitarnýtingu hálendisins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ályktar að sem best þurfi að tryggja að hinn viðkvæmi hálendisgróður verði aldrei ofnýttur. Tryggja þarf að búpeningur sé ekki rekinn á fjall fyrr en gróður er nægur og beitartími verði jafnan takmarkaður eftir árferði. Ein helsta forsenda þess er að nægilegum fjármunum verði varið til gróður- og beitarþolsrannsókna. Nú þegar liggja fyrir niðurstöður um „reiknað beitarþol“ margra hálendisvinja samkvæmt gróðurkortum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en ákvörðun á „raunverulegu beitarþoli“ er skammt á veg komin.

Náttúruverndarþing fer þess á leit við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að hún leggi sem fyrst fyrir Náttúruverndarráð yfirlit um stöðu beitarþolsrannsóknanna og áætli hversu langan tíma taki og hversu kostnaðarsamt verði að ljúka rannsóknum og ákvörðun á raunverulegu beitarþoli hálendisins, svo og annars úthaga í landinu. Sjá má árangur af ýmiss konar aðgerðum til að minnka beitarálag, t. d. með því að draga úr upprekstri stóðhrossa í afrétti og með styttingu á beitartíma, og sauðfé hefur fækkað verulega síðustu árin. Þó er rík ástæða til að vara við ofnýtingu hálendisgróðurs, ekki síst vegna hins kalda árferðis sem einkennt hefur síðustu ár.

Um landnýtingaráætlun.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að flýta afgreiðslu tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun sem nú liggur fyrir þinginu (mál nr. 106, þingskjal 128).

Um verndun náttúrulegs gróðurs á friðuðum svæðum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 vekur athygli Náttúruverndarráðs á nauðsyn þess að í þjóðgörðum, á friðlöndum og fólkvöngum sé reynt að vernda náttúrulegan gróður eins og kostur er og verja hann áföllum og eyðingu.

Um sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 felur Náttúruverndarráði að kanna fyrirhugaðar breytingar á sauðfjárveikivarnagirðingunni á Kili og tryggja að hún samræmist náttúruverndarsjónarmiðum. Ef úr framkvæmd verður ber að kanna hvort unnt sé að friða hólfið sem myndast á milli gömlu girðingarinnar og hinnar nýju.

Um þjóðgarða í umsjá Náttúruverndarráðs.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að þjóðgarðar, sem eru í umsjá ráðsins, njóti framvegis meiri verndar. Í því sambandi verði lögð áhersla á aukið eftirlit, betri umgengni og komið í veg fyrir búfjárbeit í þjóðgörðum.

Um náttúruvernd í landnámi Ingólfs.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að unnið verði að aukinni náttúruvernd í landnámi Ingólfs. Þingið hvetur sveitarstjórnir og samtök þeirra á svæðinu til þess að vinna skjótt að því máli í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Búnaðarfélag Íslands. Landnám Ingólfs er landfræðilega og félagslega sérstætt. Hefðbundinn landbúnaður er þar að víkja fyrir þéttbýli og öðrum landnotum. Samhliða aukinni náttúruvernd þarf að vinna að heildarskipulagi fyrir landnotkun á svæðinu og m. a. tryggja víðefðm útivistarsvæði og opnar gönguleiðir til fjalls og fjöru og koma í veg fyrir gróðureyðingu og óheft jarðrask.

Um friðlýsingu Fossvogsdals.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 samþykkir að skora á bæjaryfirvöld, sem eiga land í Fossvogsdal, að sameinast nú þegar um friðlýsingu dalsins sem útivistarsvæðis frá fjöru að vestan inn í Meltungu að austan.

Um framkvæmd laga um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að veita á næsta ári nægt fé til rannsókna og verndunar Mývatns og Laxár, þannig að hægt verði að standa við lög og reglugerðir um verndun þessa svæðis. Felur þingið Náttúruverndarráði að sækja á þessu ári um fjárveitingar til ráðningar á líffræðingi við Rannsóknastöðina við Mývatn, fjárveitingar

til ákveðinna rannsókna þar og fé til að ljúka við endurbætur á gamla prestssetursbúsinu á Skútustöðum.

Um náttúruminjaskrá.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir eftirfarandi tilmælum til Náttúruverndarráðs:

Að náttúruminjaskrá verði kynnt ítarlega við næstu útgáfu og að þar komi fram m. a. hver staða skráningar náttúruminja er í landinu (eða einstökum landshlutum).

Að náttúruminjaskrá fylgi upplýsingar um tillögur til náttúruminjaskrár frá landshlutasamtökum um náttúruvernd og að Náttúruverndarráð fjalli um þær og gefi umsögn sem komi fram í skránum.

Að Náttúruverndarráð gefi umsögn um verndartillögur sem gerðar eru í framhaldi af sérstökum náttúruverndarkönnunum vegna ýmissa stórframkvæmda.

Að Náttúruverndarráð hvetji náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir enn frekar til þess að vinna að skráningu náttúruminja.

Um setningu laga um umhverfismál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hraðað verði undirbúningi og setningu laga um umhverfismál og stofnun sérstaks ráðuneytis þar sem sameinuð verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfismála. Stefnt verði að því að slíkt ráðuneyti taki til starfa ekki síðar en í ársbyrjun 1986 og fram að þeim tíma verði endurskoðaðir lagabálkar er varða umhverfisvernd.

Um friðun landsvæða fyrir beit.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að markvisst verði unnið að friðun landsvæða fyrir beit, bæði friðlýstra svæða sem til þess eru fallin og landsvæða umhverfis þéttbýlisstaði.

Um verndarlöggjöf fyrir vatnasvæði Þingvallavatns.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 hvetur til þess að sett verði hið fyrsta verndarlöggjöf um allt vatnasvæði Þingvallavatns og stjórn náttúruverndarmála á svæðinu verði samræmd í samvinnu við Þingvallanefnd.

Þingið telur eðlilegt að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði settur undir stjórn Náttúruverndarráðs eins og aðrir þjóðgarðar en þinghelgin verði áfram undir stjórn Alþingis.

Um eftirlit með breytingum á loft- og sjávarmengun.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að skipulega verði fylgst með langtímabreytingum á mengun í lofti og á hafsvæðum við Ísland, m. a. vegna geislavirkra efna og efna er valda súrri úrkomu.

Um vistfræðilegar rannsóknir á fjörum og grunnsævi.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að lögð verði áhersla á skipulagningu og framkvæmd vistfræðilegra rannsókna á fjörum og grunnsævi.

Sérstaklega verði rannsakað lífríki þeirra innfjarða sem ætla má að verði brúaðir á næstu árum og áhrif þeirra mannvirkja á það. Þar má til nefna: Kolgrafarfjörð og Álftafjörð á Snæfellsnesi, Gilsfjörð, Þorskafjörð í A-Barð., Dýrafjörð í V-Ís. o. fl. Nauðsynlegt er að þessum rannsóknum sé hraðað og þeim lokið áður en til framkvæmda kemur.

Um frið og útrýmingu kjarnorku.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að kjarnorkuvopnum verði útrýmt úr vopnabúri heimsins.

Stærsta ógn við náttúru jarðar og allt lífkerfi hennar er kjarnorkuváin. Afleiðingar kjarnorkuátaka yrðu ekki sambærilegar við nein vistfræðileg áföll í skráðri sögu mannkyns og myndu skilja eftir jörð eitraða af geislavirkni.

Þrátt fyrir þessa vitneskju rennur gífurlegt fjármagn til vaxandi kjarnorkuvígbúnaðar. Á meðan berst mannkynið harðri baráttu við gróðureyðingu, þurrka, hungur, sjúkdóma og fátækt.

Þingið beinir því til allra, sem vettlingi geta valdið, ríkisstjórna, samtaka og almennings, að vinna að friði í smáu og stóru í sátt við líf og land, himin og jörð.

Um Friðarviku 1984.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 tekur undir málstað FRIÐARVIKU 1984 og með öllum þeim sem af einlægni vinna að friði og afvopnun.

Um útivistarsvæði í þéttbýli.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ítrekar samþykkt síðasta þings um útivistarsvæði í þéttbýli svohljóðandi (sjá bls. 4 í viðauka í Skýrslu um störf Náttúruverndarráðs 1981—1984):

„Þingið beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna og náttúruverndarnefnda að við skipulagningu verði tekin frá í þéttbýli rúm svæði með þarfir komandi kynslóða fyrir heilbrigt umhverfi og útivist fyrir augum. Minnir þingið á að ráðstöfun lands hefur áhrif um langa framtíð og að með auknum frítíma verður meiri þörf fyrir nálæg útivistarsvæði. Varar þingið eindregið við því að gengið sé á svæði sem í skipulagi hefur verið ætlað til útivistar. Jafnframt beinir þingið því til náttúruverndarnefnda að þær komi fólkvangsfriðun skv. náttúruverndarlögum á öll stærri útivistarsvæði í eða við þéttbýli."

Um lögfestingu friðlýsinga.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að staðfesta með lögum mikilvægar friðlýsingar sem nú eru ákveðnar með reglugerðum. Þannig yrðu t. d. sett sérstök lög um hvern þjóðgarð og aðra mikilvæga staði.

Um landvörslu á hálendinu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hið fyrsta verði komið á hreyfanlegri landvörslu, einkum á hálendinu og öðrum viðkvæmum svæðum. Þingið felur náttúruverndarráði að leita allra leiða, m. a. með viðræðum við dómsmálaráðuneytið og ferðamálaráð um þátttöku í kostnaði til að slík varsla geti orðið að veruleika sem allra fyrst. Einnig telur þingið að auka þurfi staðbundna vörslu á friðlýstum svæðum frá því sem nú er, m. a. til að landverðir geti betur sinnt upplýsinga- og fræðsluhlutverki sínu og öðru eftirliti.

Um takmörkun á innflutningi torfæruökutækja erlendra ferðamanna.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á viðkomandi yfirvöld að setja reglur um takmörkun á innflutningi stórra torfæruökutækja útlendinga til ferðalaga hérlendis.

Um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að gerð verði ítarleg úttekt á skipulagi og umfangi fræðslustarfsemi fyrir erlenda ferðamenn við komu til landsins. Þingið telur að í kjölfar slíkrar úttektar sé æskilegt að Náttúruverndarráð starfi að úrbótum á þessu sviði í samvinnu við ferðamálaráð og aðra aðila.

Um herferð ferðamálaráðs Íslands til bættrar umgengni um landið.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir stuðningi við herferð ferðamálaráðs Íslands til bættrar umgengni um landið. Þingið telur að setja þurfi í löggjöf skýrari ákvæði um skyldur landeigenda til góðrar umgengni.

Um varðveislu náttúrufars á hálendi landsins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur áherslu á að auknar ráðstafanir verði gerðar til að varðveita náttúrufar á hálendi landsins. Gróður- og jarðvegseyðing verði stöðvuð og unnið að endurheimt gróðurs jafnt á hálendi sem láglendi.

Þingið telur að öll landnot, s. s. búfjárbeit, ferðamennska, orkunýting og önnur mannleg afskipti, þurfi að vera með þeim hætti að landgæðum og svipmóti landsins verði ekki spillt.

Um álver við Eyjafjörð.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur á það áherslu vegna hugmynda um álver við Eyjafjörð að fyrir slíkar stórframkvæmdir beri jafnan að rannsaka vandlega umhverfið og líkleg áhrif þeirra á það og leita til fremstu sérfræðinga á því sviði.

Þingið beinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnvalda að engar ákvarðanir séu teknar né samningar hafnir fyrr en að fengnum niðurstöðum úr slíkum rannsóknum.

Jafnframt minnir þingið á að þær niðurstöður geta verið háðar túlkun og þess vegna leggur náttúruverndarþing á það áherslu að haft sé fullt og reglubundið samráð við náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndir í heimahéraði um rannsóknir og framkvæmdir af þessu tagi.

Um undirbúning orkumannvirkja.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar því að við undirbúning orkumannvirkja er nú farið að huga miklu fyrr að líklegum áhrifum þeirra á umhverfi. Þannig telur náttúruverndarþing að strax í upphafi rannsókna þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif þeirra og raða þeim í forgangsröð eftir þeim áhrifum til samanburðar við forgangsröðun eftir öðrum sjónarmiðum. Þetta ætti að tryggja að fullt tillit sé tekið til umhverfisáhrifa til jafns við önnur sjónarmið þegar valið er milli kosta til nánari rannsókna og framkvæmda. Því þarf að flýta vinnu við endurskoðun á forgangsröðun á orkunýtingarkostum með hliðsjón af umhverfis- og náttúruvernd.

Náttúruverndarþing telur að sú reynsla, sem fengist hefur af samráði Náttúruverndarráðs og þeirra sem að mannvirkjagerð standa, sé afar mikilsverð. Þingið telur því rétt að við setningu nýrrar reglugerðar um náttúruvernd komi ákvæði sem byggi á þessari reynslu.

Um skipulagsmál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hefja stórátak í skipulagsmálum með langtímasjónarmið í huga sem taki tillit til þess að allt landið er orðið skipulagsskylt og umsvif í strjálbýli og óbyggðum fara stöðugt vaxandi. Samræma þarf framkvæmdaáform opinberra aðila sem annarra og fella þau í eina skipulagslega heild þar sem tekið verði mið af æskilegri landnýtingu. Jafnframt þarf að tryggja reglulega endurskoðun á staðfestu skipulagi.

Um kortagerð vegna skipulagsvinnu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að bætt verði úr vöntun á nauðsynlegum kortum vegna skipulagsvinnu í dreifbýli og óbyggðum og Landmælingum Íslands falið að hafa forustu um þau efni. Jafnframt verði tryggð samræming á starfi þeirra aðila sem vinna að kortagerð í landinu.

Um friðlýsingu stórra ósnortinna landsvæða.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að kannað verði hvar enn séu til staðar stór landsvæði ósnortin af akvegum, vegslóðum og öðrum mannvirkjum. Valin verði síðan nokkur slík óbyggðasvæði og þau friðlýst.

Um umhverfisfræðslu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar aukinni fræðslu um umhverfismál í skólum og meðal almennings. Jafnframt leggur þingið áherslu á að aukinn verði þáttur náttúru Íslands og náttúruverndar í fræðslunni. Með því móti má efla virðingu og skilning landsmanna á náttúrlegu umhverfi og stuðla að skynsamlegri nýtingu á auðlindum lands og sjávar.

Náttúruverndarþing hvetur Náttúruverndarráð til að leggja aukna áherslu á útgáfu aðgengilegra fræðslu- og upplýsingarita fyrir skóla og bókasöfn þeirra. Einnig verði fræðsla um náttúru landsins aukin í fjölmiðlum. Þingið hvetur kennara til að notfæra sér námskeið skólarannsóknadeildar og Kennaraháskóla Íslands í umhverfisfræðslu og leiðsögn um vettvangsrannsóknir í nánasta umhverfi skólanna svo að þeir megi flytja þá fræðslu áfram til nemenda sinna.

Náttúruverndarþing telur að við skipulagningu byggðar þurfi að halda eftir opnum svæðum er sýni náttúrulegt umhverfi, s. s. fjörur, votlendi, tjarnir, holt og móa. Jafnframt hvetur þingið til að þannig verði gengið frá nánasta umhverfi skóla að það rækti með nemendum virðingu fyrir umhverfi sínu. Þá beinir þingið þeirri áskorun til sveitarfélaga að umhverfisfræðsla verði veigamikill þáttur í sumarstarfi barna og unglinga.

Náttúruverndarþing hvetur sveitarstjórnir og Náttúruverndarráð til að undirbúa í samvinnu við kennara fræðslu fyrir skólanemendur og almenning um áhugaverð svæði í byggð og óbyggð. Í því skyni verði gengið frá merkingum, göngustígum, fræðsluefni, verkefnum og vakin athygli á því sem örvar skilning á náttúru þessara svæða.

Um umhverfisfræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum og í Alviðru.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir yfir eindregnum stuðningi við þau áform Þingvallanefndar að stórauka umhverfisfræðslu í þjóðgarðinuum á Þingvöllum. Þá fagnar þingið þeirri ákvörðun Landverndar og Árnessýslu að stofna til umhverfisfræðslu að Alviðru í Ölfusi.

Um endurskoðun laga um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir þeim tilmælum til menntamálaráðherra og Alþingis að endurskoðuð verði hið fyrsta lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, með það að markmiði að slík starfsemi verði efld, m. a. með stuðningi ríkisins við náttúrufræðistofur í tengslum við náttúrugripasöfn landshlutanna. Vísað er til álitsgerðar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 1972 „til að gera athugun og gefa ráðuneytinu skýrslu um hvort æskilegt muni vera að koma á formlegum tengslum milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með hvaða hætti".

Minnt er á eitt hundrað ára afmæli Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 1989 sem verðugt tilefni þess að henni verði fengið nýtt og hentugt húsnæði fyrir starfsemina þannig að hún geti starfað sem nútímalegt náttúrugripasafn og vísindastofnun sem glæðir áhuga og eykur skilning á náttúrunni og náttúruvernd í landinu.

Um rannsóknir á smáhvölum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnar að fé verði veitt til grundvallarrannsókna á smáhvölum hér við land, t. d. hnísu og háhyrningi, sbr. ráðleggingar Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1983 (IWC/34/4, bls. 45 og 47f).

Um rannsóknir á hvölum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar því að auknar hafa verið rannsóknir á hvölum hér við land á undanförnum árum. Bent er á að utanríkismálanefnd Alþingis lagði til hinn 2. febr. 1983 að hvalarannsóknir verði stórauknar, en þessu hefur ekki enn verið fylgt eftir með nauðsynlegum fjárveitingum. Náttúruverndarþing skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að efla enn verulega þessar rannsóknir á næstu árum og nýta þannig þau tækifæri sem gefast meðan hvalveiðar eru stundaðar. Þingið leggur áherslu á að jafnframt því að byggja á rannsóknum á veiddum hvölum verði einnig stundaðar í auknum mæli alhliða rannsóknir sem unnt er að stunda án veiða.

Um friðun dýralífs í Hornstrandafriðlandi.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að það kanni leiðir til að friða allt dýralíf í Hornstrandafriðlandi.

Um setningu laga um selveiðar.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algjörlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og látrum.

Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frumvarp það, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leggur þingið eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt. Hún hljóðar í frumvarpinu svo:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo, og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd, er samdi frumvarpið, lagði til:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Að öðru leyti tekur þingið ekki afstöðu til frumvarpsins, enda ekki haft tækifæri til að kynna sér það.

Um notkun eiturefna til skordýraeyðingar.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir yfir áhyggjum vegna víðtækrar notkunar hættulegra eiturefna til skordýraeyðingar og hvetur til notkunar hættuminni aðferða til að minnka tjón af völdum skordýra.

Um mikilvægi lífríkis Þjórsárvera.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ítrekar sérstöðu og mikilvægi lífríkis Þjórsárvera og beinir þeim eindregnu tilmælum til virkjunaraðila að hlífa friðlandi veranna. Enn fremur skorar þingið á Alþingi að lögfesta friðlýsingu Þjórsárvera.

Um friðland í Þjórsárverum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur til að friðlandið í Þjórsárverum verði tilnefnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi.

Um frárennslismál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á sveitarstjórnir og stjórnvöld að marka heildarstefnu í frárennslismálum á sama hátt og almennt tíðkast hjá menningarþjóðum þar sem ástand í frárennslismálum á höfuðborgarsvæðinu og reyndar landinu öllu er óviðunandi.

Náttúruverndarþing bendir á að með lögum nr. 67/1981 var staðfestur alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum þar sem fjallað er um almenna skyldu aðildarríkja samningsins til að draga sem mest úr mengun sjávar, þar með talin mengun frá landi um holræsi. Áhersla verði lögð á að varðveita lífríki fjöru og fjöruborðs um leið og komið verði í veg fyrir mengun sjávar og ferskvatns.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKT LANDSFUNDAR ALÞÝÐUBANDALAGSINS Í NÓV. 1983 UM UMHVERFISVERND OG AUÐLINDIR.

Lífríki lands og sjávar er það fjöregg sem þjóðin hefur reist tilveru sína á frá öndverðu: Grasnytjar, afurðir búpenings og sjávarafli. Þær auðlindir verður því að vernda gegn ofnýtingu, rányrkju og mengun og bæta sem verða má fyrir þá röskun sem orðið hefur af mannavöldum.

Á auðlindir lands og sjávar ber að líta sem sameign þjóðarinnar sem hver kynslóð nýtir og skilar hinni næstu, helst í betra ástandi en við var tekið. Æskilegt er að stuðla að sem víðtækastri almannaeign á landi og landgæðum og tryggja afnotarétt í stað einkaeignar. Bændur skulu eiga jarðir til landbúnaðarnytja ef þeir kjósa, en nauðsynlegt er að hindra allt brask með jarðnæði til sveita og með lóðir og lendur í þéttbýli og grennd.

Í stað handahófs í landnýtingu þarf að koma skipulag er taki til landsins alls og kveði á um ráðstöfun þess til einstakra nýtingarþátta. Að þessu þarf að vinna á lýðræðislegan hátt og leitast við að samræma sjónarmið og jafna aðstöðu fólks í þéttbýli og dreifbýli til að njóta landsins auk þess sem tryggð sé víðtæk náttúruvernd. Varðveita skal fornan rétt gangandi manna til umferðar um landið og friðsæld og sérkenni ósnortinnar náttúru.

Við uppbyggingu raforkuiðnaðarins þarf sem fyrst að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð um orkuverð og örugga raforku, en því marki verður best náð með samtengingu og dreifingu orkuvera um landið.

Enn er lítill hluti fallorkunnar virkjaður og nýting jarðvarma til raforkuvinnslu er á byrjunarstigi. Ráðstöfun þessara orkulinda er eitt örlagaríkasta mál þjóðarinnar og ákvarðanir þar að lútandi geta skipt sköpum um efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði hennar. Ljóst er að borgarastéttin hefur fullan hug á að bjóða þessa orku fala útlendum auðhringum og gæti endurtekið samninga á borð við þann sem fulltrúar hennar gerðu við Alusuisse um álverið í Straumsvík. Þar er á ferðinni útlent auðfélag sem kaupir orku á gjafverði til langs tíma og nýtur þar að auki margs konar hlunninda og var um skeið undanþegið lágmarksmengunarvörnum.

Alþýðubandalagið er því andvígt að erlend auðfélög fái aðstöðu til atvinnurekstrar á Íslandi og telur að uppbyggingu stóriðju í landinu beri að haga eftir efnahagsgetu þjóðarinnar sjálfrar.

Alger forsenda er að íslenska ríkið eigi meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum. Við byggingu og staðsetningu stóriðjumannvirkja ber að sýna ítrustu aðgæslu um mengunarvarnir, en ekki er síður nauðsynlegt að taka fullt tillit til félagslegra og efnahagslegra áhrifa.

Við undirbúning framkvæmda í orkumálum og iðnaði sem og við aðra mannvirkjagerð ber að leggja áherslu á að fullt tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða frá byrjun.

Vaxandi blikur eru á lofti í umhverfismálum víða um lönd, á sinn hátt ólíkar að ásýnd en samslungnar að eðli í iðnaðarríkjum og fátæktarlöndum. Í hinum síðarnefndu veldur skefjalaust arðrán auðvaldslanda fyrr og nú mestu um það hungurstig sem þar er hlutskipti milljóna. Ör fólksfjölgun án samsvarandi efnahagslegra og félagslegra umbóta bætir síðan gráu ofan á svart. Á hinn bóginn hafa framleiðsluhættir og markaðskerfi auðvaldslanda í för með sér gegndarlausa sóun auðlinda og mengun umhverfis sem æ víðar ógnar vistkerfum og tilveruskilyrðum manna. Þessi helstefna bætir nýjum, ógnvekjandi kreppuboðum við þær mótsagnir sem fyrir voru í auðvaldsskipulaginu og gerir það enn brýnna að hið blinda peningaveldi verði leyst af hólmi. Þess í stað þarf að stefna til sósíalisma með félagslegum framleiðsluháttum, sameign á auðlindum og mikilvægustu þáttum efnahagsstarfseminnar undir lýðræðislegri stjórn. Þá fyrst — í þjóðfélagi þar sem ábyrgðin á framleiðslu og arðskiptingu hvílir á herðum hins vinnandi fjölda — er unnt að sigrast á aðsteðjandi vistkreppu og öðrum efnahagslegum og félagslegum mótsögnum auðvaldsskipulagsins.

Einnig hér á Íslandi verður verndun auðlinda og umhverfis ekki skilin frá almennri þjóðfélagsþróun í landinu. Félagsleg eign auðlinda og stórvirkra framleiðslutækja, ásamt óskoruðu efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfsforræði, er leiðin til að tryggja farsæla þróun þessara mála með alþjóðarheill og framtíðarmarkmið fyrir augum.

Frumkvæði Alþýðubandalagsins.

Þetta eru nokkrir kaflar úr stefnuskrá Alþýðubandalagsins eins og hún var samþykkt fyrir 9 árum en Alþýðubandalagið setti fyrst íslenskra stjórnmálaflokka fram afdráttarlausa stefnu í umhverfismálum. Sú stefna er enn í fullu gildi. Þar er krafan um óskert íslenskt forræði yfir sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar ásamt andstöðu gegn erlendri ásælni meðal grundvallaratriða.

Flokkurinn hefur ítrekað minnt á þessa stefnu sína síðan í fundarsamþykktum og leitast við að koma henni í framkvæmd á Alþingi, í ríkisstjórnum og í samvinnu við áhugamannasamtök. Má í því sambandi minna á að Alþýðubandalagið hefur á síðustu árum haft forgöngu um víðtækar rannsóknir á náttúrufarslegum og félagslegum áhrifum af staðsetningu meiri háttar iðju- og orkuvera, sett lög og reglugerðir um hollustuvernd og stutt bann við hvalveiðum, svo að dæmi séu tekin.

Tillögur Alþýðubandalagsins um almannaeign á orkulindum, virkjunarrétti og jarðhita neðan 100 m dýpis fengu hins vegar ekki byr í ríkisstjórnum síðustu 5 árin. Sama máli gegndi um endurbætur á stjórnkerfinu varðandi umhverfismál.

Hætturnar fram undan.

Þótt ýmislegt hafi áunnist í umhverfisvernd eru þau atriði miklu fleiri sem ekki hafa náð fram að ganga og á ýmsum sviðum blasa við meiri hættur en áður. Má þar m. a. nefna:

- Hættuna af kjarnorkuvá, m. a. fyrir fiskimiðin vegna siglinga kjarnorkukafbáta í grennd við landið.
- Minnkandi sjávarafla vegna ofveiði samfara óhagstæðum ytri skilyrðum.
- Ofbeit og ofnýtingu á stórum landsvæðum sem verður enn afdrifaríkara í kólnandi árferði.
- Hnignun gróðurvinja og marghátttað rask í óbyggðum vegna vaxandi umferðarþunga og ferðamennsku.

- Ásókn erlendra auðhringa í orkulindir landsmanna og þjónkun innlendra afla við hagsmuni þeirra.
- Mengun af völdum frárennslis við þéttbýli.

Nýting auðlindanna.

Alþýðubandalagið mun beita sér fyrir því að vörn verði snúið í sókn í skynsamlegri nýtingu auðlindanna og heitir á önnur stjórnmálaöfl og áhugamenn um umhverfisvernd til samstöðu um framtíðarhagsmuni lands og þjóðar á þessu sviði. Lífrænum auðlindum má ekki stofna í tvísýnu fyrir stundarhag með því að ganga á höfuðstólinn. Þjóðin á sjálf að njóta arðsins af íslenskum orkulindum.

Ræktun í stað rányrkju.

Landsfundurinn hvetur til stóraukinna rannsókna á íslenskri náttúru og auðlindum til að auka þekkingu og auðvelda skipulag og stjórn á nýtingu þessara gæða. Afdrifaríkar sveiflur í stærð ýmissa mikilvægustu fiskistofna okkar síðustu árin undirstrika nauðsyn þessa. Ræktun verður að taka við af rányrkju á gróðurlendum og fiskimiðum og afstýra verður skaðlegri mengun. Tært loft og ómengað vatn og haf eru ómetanleg gæði fyrir þjóðina bæði í starfi og tómstundum.

Efnahagslögsaga og kjarnorkuvá.

Landsfundur Alþýðubandalagsins krefst þess að íslenska efnahagslögsagan verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja um hana bönnuð. Ísland á að skipa sér í hóp þjóða sem berjast gegn losun geislavirkra úrgangsefna í sjó og taka virkan þátt í umræðum um mengun úthafa og andrúmslofts.

Sérstök áhersla verði lögð á samstarf við grannþjóðirnar um nýtingu stofna sem fara milli lögsögusvæða. Fyllstu aðgát verður að sýna við vinnslu auðæfa af hafsbotni í Norður-Atlantshafi sem haft gæti mengun í för með sér, ekki hvað síst við olíuvinnslu.

Endurvinnsla og orkusparnaður.

Stefna ber að endurvinnslu úrgangs og efnisleifa eins og frekast er kostur og draga úr notkun einnota varnings sem felur í sér sóun verðmæta og mengun umhverfis. Á tímum þverrandi auðlinda og vaxandi mengunar er það siðferðisleg skylda hverrar þjóðar að leggja áherslu á orkusparnað og sem fyllsta nýtingu hráefna.

Umhverfismálaráðuneyti.

Enn eru mikilvægir þættir umhverfismála til meðferðar í eigi færri en sex ráðuneytum, þótt meira en áratugur sé liðinn síðan sett var fram krafa um bætta stjórn þeirra mála. Landsfundurinn ítrekar kröfuna um sérstakt umhverfismálaráðuneyti sem taki til starfa innan tveggja ára í tengslum við endurskipulagningu Stjórnarráðsins. Stjórnarnefnd umhverfismála taki strax til starfa til að vinna að samhæfingu af opinberri hálfu uns sérstakt ráðuneyti hefur verið stofnað.

Fræðsla og landkynning.

Brýnt er að stórauka fræðslu um náttúru landsins og umhverfismál í skólum og auka útgáfustarfsemi og kynningu á þessu sviði. Rannsóknir, fræðsla og upplýsingamiðlun til þjóðarinnar eru forsendur eðlilegrar skoðanamyndunar og skynsamlegrar afstöðu til umhverfismála.

Öll landkynning og auglýsingastarfsemi skal taka mið af ströngustu umhverfisverndarkröfum. Koma verður í veg fyrir að viðkvæm náttúra landsins verði miskunnarlausri sölumennsku að bráð.

Kortlagning og skipulag.

Landsfundurinn bendir á að kortlagning landsins er enn afar ófullkomin og brýnt er að bæta þar úr, m. a. til að unnt sé að hraða gerð landnýtingarskipulags. Kortlagning hafsbotnsins innan íslenskrar lögsögu er á algjöru frumstigi og einnig á því sviði þarf að efla rannsóknir og fylla í eyður.

Mun meiri gaum þarf að gefa skipulagi vinnustaða með tilliti til hollustu og aðlaðandi starfsumhverfis.

Verndun hálendis.

Reynsla síðasta sumars sýnir að hamla verður gegn vaxandi ásókn erlendra „safari"-hópa og rallakstursklúbba um óbyggðir landsins. Gera verður þá kröfu til ferðamálaráðs að það fylgi fast eftir reglugerðum sem settar voru s. l. vor um eftirlit með hópferðum erlendra ferðaskrifstofa um landið og takmörkun á innflutningi þeirra á vistum, eldsneyti og farartækjum. Tryggja verður að innlendur fararstjóri sé í hverri hópferð. Auka þarf fjárveitingar til landvörslu og koma í veg fyrir bifreiðaakstur um viðkvæmustu gróðurvinjar hálendisins og akstur utan vega.

Endurskoðun náttúruverndarlaga.

Endurskoða þarf lög um náttúruvernd með hliðsjón af tillögum náttúruverndarþings 1981, m. a. til að rýmka rétt almennings til umferðar og útivistar og kveða skýrar á um skyldur þeirra er ferðast um landið. Sérstaklega þarf að huga að verndun óbyggðanna fyrir óeðlilegri röskum vegna rannsóknastarfa og annars undirbúnings og mannvirkjagerðar, svo sem virkjana, sem og vegna ferðamennsku.

Landsfundur Alþýðubandalagsins 1983 telur umhverfisvernd og bætta auðlindameðferð eitt brýnasta mál þjóðarinnar. Meðferð auðlindanna varðar hag ókominna kynslóða á sama hátt og efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði. Ekki aðeins þarf að vernda hið hagnýta heldur einnig hið fagra og óræða í íslenskri náttúru.

Fylgiskjal III.

SKRÁ YFIR MÁLAFLOKKA OG LÖG Á SVIÐI UMHVERFISVERNDAR.

A. MÁLAFLOKKAR Á SVIÐI UMHVERFISVERNDAR.
Byggt á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Náttúruverndarmál og útilífsmál.

Menntamálaráðuneyti:	Náttúruvernd, minjar og þjóðgarðar aðrir en Þingvellir.
Forsætisráðuneyti:	Þingvellir og Þingvallaþjóðgarður.
Samgönguráðuneyti:	Ferðalög.

Friðun og verndun villtra dýra og plantna.

Menntamálaráðuneyti:	Fuglafriðun og fuglaveiðar.
	Friðun hreindýra og eftirlit.

Landbúnaðarráðuneyti:	Veiði í ám og vötnum.
	Eyðing refa og minka.
Sjávarútvegsráðuneyti:	Hvalveiðar (selveiðar).

Þjóðminjavernd.

Menntamálaráðuneyti:	Þjóðminjasafn.
	Byggðasöfn.

Skipulagsmál og ráðstöfun lands.

Félagsmálaráðuneyti:	Skipulag, skipulagsstjórn og embætti skipulagsstjóra.
	(Byggingarmál).
Landbúnaðarráðuneyti:	Þjóðgarðar og kirkjujarðir.
	Jarðeignasjóður.
	(Jarðalög).

Mengunarvarnir.

Félagsmálaráðuneyti:	Vinnustaðir.
Heilbrigðismálaráðuneyti:	Almenn heilbrigðismál, heilsugæsla og heilsuvernd.
	Eiturefni og hættuleg efni.
Samgönguráðuneyti:	Siglingar, eftirlit með skipum (mengun sjávar).

Umhverfisrannsóknir.

Menntamálaráðuneyti:	Náttúrufræðistofnun Íslands.
	Náttúrugripasöfn.
	Rannsóknaráð ríkisins.
Samgönguráðuneyti:	Landmælingar.
	Veðurstofan.

Nýting og vernd auðlinda.

Iðnaðarráðuneyti:	Orka, orkunýting.
	Námurekstur.
Sjávarútvegsráðuneyti:	Friðun og nýting fiskimiða.

Gróðurvernd.

Landbúnaðarráðuneyti:	Landgræðsla.
	Skógrækt.

B. LÖG SEM SNERTA UMHVERFISVERND.

1. Mengun.

Lög nr. 85/1968 og 27/1973, um eiturefni og hættuleg efni.
Lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, (sjá mengun sjávar og vatnalög).
Lög nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

2. Skipulag, ráðstöfun lands.

Lög nr. 19/1964 og 31/1978, skipulagslög.
Lög. nr. 54/1978, byggingarlög.
Lög nr. 65/1976, jarðalög.

3. Náttúru- og þjóðminjavernd.
Lög nr. 52/1969, þjóðminjalög.
Lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.
Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla.
Lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

4. Dýrategundir.
Lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.
Lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
Lög nr. 26/1949, um hvalveiðar.
Lög nr. 52/1957, 9/1964 og 26/1971, um eyðingu refa og minka.
Lög nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks.
(Tvenn staðbundin lög um seli.)

5. Gróðurvernd.
Lög nr. 3/1955, um skógrækt.
Lög nr. 17/1965, um landgræðslu.
Lög nr. 42/1969 og 43/1976, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.
Lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.
Lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
Lög nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks.

6. Námur.
Lög nr. 24/1973, námulög.
Lög nr. 16/1940, um mótak.

7. Orka, vatn.
Lög nr. 15/1923 og 90/1938, vatnalög.
Lög nr. 58/1967, orkulög.
Lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

8. Auðlindir sjávar.
Lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.
Lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

9. Mengun sjávar.
Lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins.
Lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó.
Lög nr. 77/1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.
Lög nr. 20/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.
Lög nr. 53/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Lög nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.
Lög nr. 67/1981, um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Fylgiskjal IV.

MINNISBLAÐ UM FRUMVARPSDRÖG TIL LAGA UM UMHVERFISMÁL.

Minnisblað
til félagsmálaráðherra
frá iðnaðarráðherra.

Iðnaðarráðuneytið
30. apríl 1979.

Efni: Frumvarpsdrög til laga um umhverfismál.

Varðandi fyrirhugað frumvarp um umhverfismál vil ég gefa eftirfarandi ábendingar:

1. Stofnað verði sjálfstætt umhverfisráðuneyti, sbr. tillögur náttúruverndarþings 1978 og á fyrri þingum.
2. Auk málaflokka, sem tillögur voru um í frv. fyrri ríkisstjórnar frá 1977 að félli undir ráðuneyti umhverfismála, legg ég til að athugað verði að **bæta við** eftirtöldum:
   2.1 Auðlindamál með tilliti til rannsókna, upplýsingaöflunar og tillögugerðar til stjórnvalda (Alþingis, ríkisstjórnar, ráðuneyta).
   2.2 Landnýting (land, landgrunn, sjór) innan íslenskrar auðlindalögsögu (tengist auðlindamálum).
   2.3 Skógrækt (skógvernd).
   2.4 Landgræðsla (gróðurvernd).
   2.5 Þjóðminjavernd (fornminjar, húsavernd).
3. Stofnanir sem eðlilegt væri að tengdust umhverfisráðuneyti í heild eða að hluta (ásamt útibúum utan höfuðstöðva):
   Náttúruverndarráð,
   Heilbrigðiseftirlit ríkisins,
   Skipulagsstjórn ríkisins,
   Rannsóknaráð ríkisins,
   Rannsóknastofnanir atvinnuveganna (tengsl),
   Hafrannsóknastofnun (tengsl),
   Orkustofnun (tengsl),
   Náttúrufræðistofnun Íslands,
   Landmælingar Íslands,
   Öryggismálaeftirlit,
   Eiturefnanefnd,
   Siglingamálastofnun (mengun sjávar),
   Landgræðsla ríkisins,
   Skógrækt ríkisins,
   Þjóðminjasafnið,
   Veðurstofa Íslands.

4. Athuga þyrfti um breytingar á frumvarpinu frá 1977 með hliðsjón af ofangreindum hugmyndum.

Ég teldi rétt að ætla sér tíma fram að Alþingi að hausti til að fara vandlega yfir frumvarpið og ræða umrædda skipulagsbreytingu varðandi Stjórnarráðið í ríkisstjórninni og við fleiri aðila eftir atvikum. Leggja málið síðan fram vel undirbúið í þingbyrjun.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal V.

NOKKRAR STOFNANIR, RÁÐ OG NEFNDIR SEM FJALLA UM UMHVERFISMÁL.

Náttúruverndarráð, sjö manna, kosið af náttúruverndarþingi skv. lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd (undir menntamálaráðuneyti).

Náttúruverndarnefndir, starfandi í sýslum (sýslunefndir) og kaupstöðum (bæjarstjórnir) skv. náttúruverndarlögum. (Umhverfismálaráð í nokkrum kaupstöðum.)

Gróðurverndarnefndir, starfandi í sýslum og kaupstöðum skv. lögum nr. 17/1965, um landgræðslu (undir landbúnaðarráðuneyti).

Skógrækt ríkisins, skv. lögum nr. 3/1955 (undir landbúnaðarráðuneyti).

Landgræðsla ríkisins, skv. lögum nr. 17/1965 (undir landbúnaðarráðuneyti).

Þjóðminjasafn Íslands, skv. þjóðminjalögum, nr. 52/1969, (undir menntamálaráðuneyti).

Náttúrufræðistofnun Íslands, skv. lögum um almennar náttúrurannsóknir, nr. 48/1965 (undir menntamálaráðuneyti).

Rannsóknaráð ríkisins, skv. lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, (einnig rannsóknastofnanir atvinnuveganna) (undir menntamálaráðuneyti).

Hollustuvernd ríkisins, skv. lögum frá 1981, m. a. með heilbrigðiseftirlit (starfsleyfi), mengunarvarnir og eiturefnanefnd (undir heilbrigðisráðuneyti).

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar á vegum stærri sveitarfélaga (skv. lögum um hollustuvernd).

Siglingamálastofnun, varnir gegn mengun sjávar, skv. lögum nr. 77/1966 (undir samgönguráðuneyti).

Skipulagsmál, skipulagsstjórn o. fl., skv. skipulagslögum nr. 19/1964, með síðari breytingum (undir félagsmálaráðuneyti).

Skipulagsnefndir, byggingarnefndir og byggingarfulltrúar á vegum sveitarfélaga (skv. byggingarlögum frá 1978 og reglugerð frá 1979).

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, skv. lögum nr. 41/1979 (undir utanríkisráðuneyti).

Hafsbotn, hagnýting auðlinda og eignarréttur að auðlindum hafsbotns (löggjöf í undirbúningi) (undir iðnaðarráðuneyti).

Nefndir tengdar iðnaðarráðuneyti:

Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs (frá 1972): Tilnefndir þrír menn frá hvorum.

Staðarvalsnefnd um iðnrekstur (frá 1980): Fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Framkvæmdastofnun — byggðadeild.

Fylgiskjal VI.

Þingsályktun


um landnýtingaráætlun.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast nú þegar til um að undirbúningi og vinnu við landnýtingaráætlun verði hraðað. Við gerð slíkrar áætlunar verði lögð áhersla á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.


Gerð verði kostnaðaráætlun um landnýtingarskipulag sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um framkvæmdahraða.

Samþykkt á Alþingi 22. maí 1984.


Fylgiskjal VII.




Fylgiskjal VIII.




Fylgiskjal IX.





Fylgiskjal X.





Fylgiskjal XI.




VATNAVERND: B-FLOKKUR
Skráð svæði
Svæði < 10km²
Guðm. Ingvarsson
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
0 10 20 30 40 50 100km

Fylgiskjal XII.

STAÐARVALSNEFND UM IÐNREKSTUR — SKIPUNARBRÉF.

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli, Reykjavík
3. okt. 1980

Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að kanna hvar helst komi til álita að reist verði iðjuver í tengslum við nýtingu á orku- og hráefnalindum landsins.

Eftirtaldir menn hafa verið skipaðir í nefndina:

Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur, formaður,

Vilhjálmur Lúðvíksson verkfræðingur, Náttúruverndarráði,

Ingimar Sigurðsson deildarstjóri, heilbrigðisráðuneyti,

Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, byggðadeild Framkvæmdastofnunar, og

Haukur Tómasson jarðfræðingur, Orkustofnun.

Ritari nefndarinnar verður Bragi Guðbrandsson lektor.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna umrædda staði sem helst kæmu til álita ef reist yrðu iðjuver í tengslum við nýtingu á auðlindum landsins.

Jafnframt ber nefndinni að taka tillit til líklegra áhrifa sem slík fyrirtæki hefðu á atvinnulega og efnahagslega þróun, samfélag, náttúru og umhverfi. Er nefndinni falið að greina í hverju slík áhrif séu helst fólgin og bera saman viðkomandi staði með hliðsjón af því.

Vísað er til greinargerðar frá samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs frá 26.1. 1978 um hugsanlega áfangaskiptingu á störfum nefndarinnar og um æskileg samráð við gerð þessarar könnunar. Gert er ráð fyrir að nefndin skili áliti til ráðuneytisins í áföngum.

Haga ber könnuninni eftir föngum þannig að hún geti nýst við ákvarðanir um iðnaðarkosti og orkuver sem eru til umræðu.

Nefndinni er ætlað að samræma störf þeirra stofnana sem málið varðar og tryggja að staðarval verði sem best undirbúið. Jafnframt sé unnið að þessum málum í eðlilegu samráði við sveitarfélög og samtök þeirra.

Fyrirsjáanlegt er að nokkur kostnaður mun verða af athugunum vegna þessa máls og óskar ráðuneytið eftir áætlun nefndarinnar hið fyrsta um störf hennar og kostnað vegna þeirra í ár og á næsta ári.

Þóknun vegna starfa nefndarinnnar verður ákveðin af þóknananefnd fjármálaráðuneytisins.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Fylgiskjal XIII.

MENGUNARVARNIR Í FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUM. — ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA.

(1979, 102. löggjafarþing, 12. mál. Flm.: Helgi Seljan, Hjörleifur Guttormsson.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að á árinu 1980 verði gert átak til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum slíkra fyrirtækja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin taki m. a. mið af að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn sé tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og athugaðir möguleikar á bættri nýtingu hráefnis og orkusparnaði samhliða viðhlítandi mengunarvörnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveim síðustu þingum en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er nú endurflutt með óbreyttri greinargerð frá s. l. vori og ber að skoða í því ljósi.

Marggefin tilefni valda því, að rétt þykir nú og brýnt að flytja þingsályktunartillögu um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Meginatriði þess vanda, sem þar er komið inn á, kalla á skjóta og örugga úrlausn þar sem stjórnvöld hljóta að hafa alla forustu.

Til þess að greinargerð með tillögu þessari mætti vera sem ítarlegust var leitað til fróðustu aðila um upplýsingar.

Eyjólfur Sæmundsson deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins veitti þær góðfúslega og færa flm. honum þakkir fyrir glöggar upplýsingar um eðli vandans og beinar tillögur til úrbóta. Meginmál þess, sem hér fer á eftir, er á þessu byggt.

Á nýafstaðinni loðnuvertíð komu fram háværar kröfur frá íbúum ýmissa byggðarlaga um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, og er þar skemmst að minnast kröfugöngu húsmæðra í Keflavík og Njarðvík vegna óþolandi loftmengunar frá verksmiðjunni í Njarðvík. Hér er um að ræða gamalt vandamál, sem menn hafa átt við að stríða, og hafa oft áður komið fram mótmæli íbúa í byggðarlögum þar sem slíkrar mengunar gætir í verulegum mæli. Þannig barst þingmönnum Austurlandskjördæmis afrit af erindi til ríkisstjórnarinnar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum 5 þéttbýlisstaða á Austurlandi í nóvember 1978, þar sem heitið er á stjórnvöld að beita sér fyrir úrbótum á loft- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, sem valdi m. a. íbúum þessara staða verulegum óþægindum og jafnvel heilsutjóni. Einnig hafa farið fram undirskriftasafnanir, sem fjöldi fólks hefur tekið þátt í, t. d. á Akranesi og í Keflavík og Njarðvík. Mengun frá verksmiðjunum hefur hins vegar nú náð nýju hámarki vegna stóraukins aflamagns og aukinnar afkastagetu einstakra verksmiðja.

Á landinu munu vera starfandi í dag 33 verksmiðjur, sem unnið geta úr feitum fiski (loðnuverksmiðjur) eða unnið gætu úr slíkum fiski með fremur litlum endurbótum, auk u. þ. b. 20 verksmiðja, sem einungis geta unnið úr fiskúrgangi. Verst hefur ástand loftmengunarmála að undanförnu verið í bæjunum við Faxaflóa utan Reykjavíkur og á Austfjörðum, en vandamálsins verður vart víðast hvar þar sem slíkar verksmiðjur eru reknar.

Mengunarvandamál fiskimjölsverksmiðja eru ekki einungis takmörkuð við loftmengun. Víða hefur orðið vart við verulega sjávarmengun frá slíkum verksmiðjum, einkum á Austfjarðahöfnum og á Siglufirði, þar sem grútur frá verksmiðjunum hefur lagst á fjörur. Var gerð athugun á vandamáli þessu s. l. haust á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og niðurstöður ásamt tillögum um úrbætur birtar í skýrslu um málið (Grútarmengun frá loðnuvinnslu, Reykjavík 30. okt. 1978). Ljóst er enn fremur að mikil verðmæti fara forgörðum hvert ár með frárennsli frá verksmiðjunum. Auk þessara vandamála má benda á að veruleg óþrif stafa víða af slæmri umgengni um athafnasvæði verksmiðjanna og ófullnægjandi frágangi hráefnisgeymslna. Starfsumhverfi er einnig víða verulega ábótavant, m. a. vegna ónógrar loftræstingar, óþrifa á vinnustöðum, heilsuspillandi hávaða og ófullnægjandi starfsmannaaðstöðu.

Fram til 1969 voru opinber afskipti af þessum málum alfarið í höndum heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga. Með lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969, var sveitarfélögum áfram falið heilbrigðiseftirlit hverju í sínu umdæmi, en stofnað var Heilbrigðiseftirlit ríkisins er hafa skyldi yfirumsjón með starfi heilbrigðisnefndanna. Með reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, sem sett var samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, var rekstur fiskimjölsverksmiðja, ásamt með rekstri annarra verksmiðja sem mengunarhætta fylgir, bundinn sérstöku starfsleyfi heilbrigðismálaráðherra. Reglugerðin nær jafnt til eldri fyrirtækja sem nýrra, og skulu umsóknir um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum sendar Heilbrigðiseftirliti ríkisins er gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu hvers leyfis. Auk heilbrigðisyfirvalda hefur Náttúruverndarráð látið þessi mál nokkuð til sín taka og þau hafa verið rædd sérstaklega á tveim síðustu náttúruverndarþingum.

Almennt má segja að mjög treglega hafi gengið að fá framgengt kröfum heilbrigðisyfirvalda um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja. Hafa verksmiðjueigendur m.a. borið við fjármagnsskorti, skorti á opinberri fyrirgreiðslu og skorti á samræmingu krafna um úrbætur. Þær úrbætur, sem helst hafa verið gerðar fram til þessa gagngert til þess að draga úr óþef og loftmengun, eru sem hér segir:

Reykjavík.

Við þær þrjár verksmiðjur, sem starfræktar eru, hefur reykurinn verið hreinsaður í einföldum þétti og þvottaturnum, en slíkur búnaður fjarlægir einungis hluta lyktarefnanna. Auk þess var reistur 70 m hár reykháfur við verksmiðjuna að Kletti.

Þorlákshöfn.

Reistur var rúmlega 40 m hár reykháfur árið 1976 og er talið að hann hafi orðið að verulegu gagni, enda landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að vænta má gagns af slíkri ráðstöfun.

Grindavík.

Við verksmiðjuna hefur verið reistur rúmlega 30 m hár reykháfur sem talinn er hafa dregið úr óþægindum, enda aðstæður svipaðar og í Þorlákshöfn.

Akranes.

Reistur var á s. l. ári 43 m hár reykháfur við verksmiðjuna. Reykháfurinn mun hafa komið að verulegu gagni fyrir þá sem búa næst verksmiðjunni, en kvartanir hafa eftir sem áður borist frá íbúum sem fjær búa. Einungis er litið á þessa ráðstöfun sem bráðabirgðaráðstöfun til fárra ára.

Hafnarfjörður.

Á s. l. ári var settur upp við verksmiðjuna hreinsibúnaður, sem Jón Þórðarson hefur hannað. Er útblástursloftið fyrst meðhöndlað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan í hreinsitæki Jóns Þórðarsonar. Rekstur búnaðarins hefur gengið nokkuð erfiðlega vegna erfiðleika á öflun nægilega hreins sjávar fyrir þétti- og þvottabúnaðinn auk bilana á tækjabúnaði. Einungis hafa verið gerðar takmarkaðar mælingar á hreinsihæfni búnaðarins, enda nauðsynlegur búnaður til slíkra mælinga ekki fyrir hendi í landinu eins og síðar mun frá greint. Þannig liggur ekki fyrir í dag hvort búnaður þessi muni geta leyst þann vanda sem honum er ætlað að leysa. Vissulega væri æskilegt að vandamál sem þessi yrðu leyst með íslensku hugviti og framleiðsla slíks búnaðar félli íslenskum iðnaði í skaut.

Njarðvík.

Hafist hefur verið handa um að endurnýja búnað verksmiðjunnar og taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að útblástursloft verði hreinsað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan brennt undir gufukötlum verksmiðjunnar. Þessi aðferð hefur gefið góða raun í nágrannalöndunum, en þar hafa verið reistir sérstakir efnahreinsiturnar til viðbótar þessum búnaði til notkunar í þeim tilvikum þegar gufukatlar anna ekki brennslu útblástursloftsins.

Neskaupstaður.

Við endurreisn verksmiðjunnar eftir snjóflóðin í desember 1974 var við hönnun mannvirkja gert ráð fyrir að hreinsibúnaður yrði settur upp við verksmiðjuna síðar. Kannanir hafa verið gerðar á hentugum búnaði og tilboða aflað, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. Að því máli er nú hugað alveg sérstaklega og ákvörðun væntanleg innan tíðar um aðgerðir.

Loftmengun, sem frá fiskimjölsverksmiðjunum stafar, er flókið vandamál og erfitt úrlausnar. Við rotnun og niðurbrot á fiski myndast fjöldi daunillra lofttegunda sem losna úr læðingi, þegar unnið er úr hráefninu, og berast út í andrúmsloftið. Tækniþróun til lausnar þessa vandamáls hefur hins vegar verið ör á undanförnum árum. Við upphaflega afgreiðslu starfsleyfa skv. reglugerð nr. 164/1972 á árunum 1972 til 1974 var þannig gengið út frá því, að vandamál þetta yrði ekki leyst nema með háum reykháfum. Í maí 1976 gaf Heilbrigðiseftirlit ríkisins hins vegar út ítarlega greinargerð um þessi mál sem byggð var á könnun á þróun þessara mála í nágrannalöndunum. Urðu niðurstöður stofnunarinnar þær, að eyða mætti lyktinni að mestu leyti og kæmu eftirtaldar þrjár leiðir helst til greina í því efni:

1. Tekinn verði upp þvottur útblástursloftsins í svonefndum efnahreinsiturnum af viðurkenndri gerð.
2. Tekin verði upp brennsla útblástursloftsins í eldhólfi þurrkara með svonefndri Hetland-aðferð.
3. Breytt verði um framleiðsluhætti og tekin upp gufuþurrkun samfara brennslu lyktarefna undir gufukötlum eða eyðingu þeirra í efnahreinsiturnum.

Frá því greinargerð þessi var gefin út hefur orðið enn frekari þróun og menn fengið reynslu af þeim búnaði sem um ræðir.

Fram hafa komið frá verksmiðjueigendum ábendingar um að setja verði staðlaðar kröfur um hæfni lykteyðingarbúnaðar við fiskimjölsverksmiðjur. Þetta er ýmsum erfiðleikum háð vegna þess, hve samsetning útblástursloftsins er flókin. Engu að síður hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins nú gert tillögu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um setningu fastmótaðra reglna í þessum efnum, bæði um lágmarkshæfni slíks búnaðar og framkvæmd mælinga og mats á hæfni búnaðarins. Til þess að nauðsynlegar mælingar geti farið fram skortir hins vegar fjármagn til kaupa á nauðsynlegum mælibúnaði og þjálfunar starfsmanna (líklegur kostnaður er 4—5 milljónir kr. á núverandi gengi). Fyrr en slíkar mælingar hafa verið gerðar verður

hins vegar ekki skorið úr um hæfni þess búnaðar, sem settur hefur verið upp í Hafnarfirði og unnið er að að koma upp við verksmiðjuna í Njarðvík, né heldur annars búnaðar, sem upp kann að verða settur í náinni framtíð.

Ljóst er að Íslendingar hafa dregist langt aftur úr nágrannaþjóðunum í þessum málum, en þar eru nú starfræktar fjölmargar verksmiðjur sem leyst hafa sín mengunarvandamál að langmestu leyti, bæði hvað varðar loftmengun og sjávarmengun. Jafnframt eru þessar verksmiðjur betur búnar framleiðslutækjum og hafa að jafnaði náð betri nýtingu hráefnis en hér er algengast. Á allra síðustu árum hefur þó stórauknu fjármagni verið varið til fjárfestingar í íslenskum loðnuverksmiðjum, svo sem fram kemur í skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um loðnuverksmiðjur frá janúar 1979. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem unnið hefur verið að á undanförnum tveimur árum, og þeim áætlunum um framkvæmdir, sem uppi eru. Fram kemur að á árinu 1977 var á vegum loðnuverksmiðjanna varið 1886.6 millj. kr. og á árinu 1978 2 234.9 millj. kr. til framkvæmda, en á árinu 1979 er áætlað að verja 2 976.8 millj. kr. Af þessum upphæðum er einungis óverulegum fjárhæðum varið til mengunarvarna.

Gera þarf stórátak til úrbóta í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja hér á landi á næstu árum. Leggja ber á það höfuðáherslu að firra sem fyrst íbúa þeirra byggðarlaga, sem nú eru verst settir í þessum efnum, þeim óþægindum sem loftmengunin hefur valdið, jafnframt því að komið verði í veg fyrir alvarlega mengun sjávar af völdum frárennslis. Jafnframt þarf að samræma aðgerðir í mengunarmálum úrbótum á öðrum þáttum í rekstri verksmiðjanna. Þannig má í ýmsum tilvikum koma við aðgerðum til hagræðingar og framleiðniaukningar samhliða mengunarvörnum í stað þess að einungis verði um fjárfestingu í fjárhagslega óarðbærum mengunarvarnabúnaði að ræða. Sérstaklega ber að athuga í hverju tilviki hvort hagkvæmt sé að taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar, en með gufuþurrkun má auka gæði framleiðslunnar. Enn fremur þarf að taka tillit til sjónarmiða orkusparnaðar, en á undanförnum árum hafa m. a. komið fram hugmyndir um nýtingu þeirrar orku sem felst í útblásturslofti fiskimjölsverksmiðja.

Ljóst má vera af framansögðu að nauðsynlegt er að efna til samstarfs þeirra aðila er vinna að málefnum fiskimjölsiðnaðarins. Virðist eðlilegast að gerð verði víðtæk áætlun um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, þar sem einnig verði tekið tillit til framleiðni- og orkusparnaðarsjónarmiða. Slíkri áætlun væri heppilegast að skipta annars vegar í almennar lágmarkskröfur, sem allar verksmiðjur verða að uppfylla, og hins vegar frekari kröfur, sem einstakar verksmiðjur yrðu að uppfylla vegna sérstakrar stöðu sinnar, t. d. vegna óheppilegrar afstöðu til byggðar, mikilla afkasta eða langs vinnslutíma. Hinar almennu kröfur þurfa m. a. að ná til aðgerða í frárennslismálum, frumhreinsunar á útblásturslofti, loftræstingar á framleiðslubúnaði og vinnslusölum, frágangs hráefnisgeymslna, frágangs og umgengni um athafnasvæði og fleira. Hinar sérstöku kröfur þurfa hins vegar fyrst og fremst að beinast að frekari aðgerðum til lykteyðingar þar sem þeirra er þörf.

Ljóst er að þær úrbætur, sem hér er um fjallað, munu kosta mikið fé og að árangur muni ekki nást nema til komi fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera. Sérstaklega ber að hafa í huga í þessu sambandi að verulegur hluti kostnaðar mun óhjákvæmilega verða fjárhagslega óarðbær fyrir verksmiðjurnar. Á fjárlögum fyrir árið 1979 er í fyrsta sinn veitt heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af búnaði til mengunarvarna. Til þess að tryggja þá samræmingu aðgerða, sem rætt er um hér að framan, er hins vegar nauðsynlegt að aðflutningsgjöld verði einnig felld niður af meginframleiðslubúnaði fyrir fiskimjölsverksmiðjur, svo sem gufuþurrkurum, gufukötlum o. fl. Auk þessara aðgerða er ljóst að einnig verður að koma til stóraukin lánafyrirgreiðsla til verksmiðjanna þannig að dreifa megi kostnaði við mengunarvarnir yfir hæfilegt tímabil. Sérstaklega þarf að meta í þessu sambandi hvort heppilegt sé að leggja hluta af hráefnisverði verksmiðjanna í sérstakan sjóð til fjármögnunar á úrbótum í þessum málum.

Fylgiskjal XIV.

MENGUN LOFTS OG LAGAR — LANGTÍMABREYTINGAR.

(Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn 10. apríl 1984.)

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. samgrh. og heilbrrh. fsp. um rannsóknir á mengun lofts og lagar við Ísland. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvernig er fylgst með langtímabreytingum á mengun lofts og lagar við Ísland?

2. Hvaða niðurstöður liggja fyrir um slíka mengun, m. a. varðandi geislavirk efni og súra úrkomu?"

Markmiðið með fsp. er að fá upplýst hvernig þessum málum er hagað hérlendis, en tilefnið er m. a. þær fréttir sem nýlega hafa borist um það að vart hefði orðið geislavirkra efna á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands. Þar hefði komið fram við mælingar cesíummengun þar sem um er að ræða geislavirkt efni sem rakið hefur verið til Windscale-stöðvarinnar á Bretlandi, en það er stöð þar sem unnið er úr kjarnorkuúrgangi.

Nú hefur komið í ljós við mælingar að mengun frá þessari stöð hefur komið fram við mælingar í Norðursjó og í Norðurhöfum, þ. e. við Austur-Grænland. Hér er vissulega um mál að ræða sem nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld fylgist náið með þar sem Austur-Grænlandsstraumurinn kvíslast sitt hvoru megin við Ísland og getur borið mengun á íslenska veiðislóð. Afleiðingar af slíku, ef um verulega mengun er að ræða, geta vissulega orðið alvarlegar fyrir fiskveiðar og sölu fiskafurða frá Íslandi. Ísland hlýtur því að gera kröfur til þess að fyrir þessa mengun verði tekið. Ég hygg raunar að Ísland hafi slegist í hóp með öðrum Norðurlöndum sem hafa óskað eftir úrbótum á þessari úrgangsvinnslu kjarnakleyfra efna á Bretlandseyjum.

Hinn mengunarþátturinn sem sérstaklega er nefndur í fsp. varðar súra úrkomu. En sem kunnugt er veldur fátt meiri áhyggjum í iðnaðarríkjum nú en mengun af völdum súrrar úrkomu sem stafar af brennisteinssamböndum og fleiri efnasamböndum sem berast út í andrúmsloftið frá iðjuverum af ýmsu tagi. Ástandið er nú þannig í Mið-Evrópu að verulegur hluti skóglendis t. d. í Vestur-Þýskalandi er þegar stórskemmdur. Maður les jafnvel um að ⅓ skóglendis þar í landi beri nú þegar skaða af völdum mengunar, sérstaklega vegna súrrar úrkomu.

Sama er að segja um Norðurlönd sem verða fyrir barðinu á þessari mengun, sérstaklega vegna þess að hún berst með suðvestlægum eða vestlægum vindum frá Bretlandseyjum og Mið-Evrópu inn yfir Norðurlönd og hefur valdið þar geysilegu tjóni nú þegar á skóglendum og á fersku vatni. Þannig er mikið af veiðivötnum í Noregi þegar spillt og sumpart ördeyða svo að þar er engan fisk að fá og ekkert líf sem staðið geti undir vatnafiski.

Hérlendis höfum við talið okkur að mestu laus við mengun af þessu tagi. Engu að síður hljótum við að eiga að fylgjast með slíku því að loftstraumar berast inn yfir Ísland og loftmengun af þessu tagi getur hingað borist og valdið tjóni sem sérstaklega mundi þá bitna á ferskvatni, auk sýringar jarðvegs.

Hv. alþm. er kunnugt að umhverfismál okkar eru ekki í því horfi sem skyldi hvað varðar stjórnsýslu og fyrirkomulag þessara mála. Ég veit að þessi mál heyra undir ýmis ráðuneyti, þ. á m. heilbrmrn. sem fer með hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, en einnig undir samgrn. sem fer með málefni Siglingamálastofnunar. Hún hefur með að gera eftirlit með mengun sjávar og eftirlit með alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa gerst aðilar að varðandi mengun sjávar. Þar má nefna samninginn um bann við losun úrgangsefna í hafið, hina svokölluðu Osló-samþykkt og einnig Parísar-samninginn um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem staðfestur var með lögum frá Alþingi 18. maí 1981.

Umræða um endurbætur á löggjöf varðandi umhverfismál varðar ekki síst mengunarvarnir og nauðsynina á að koma þeim málum í viðunandi horf, gera löggjöfina skilvirka að þessu leyti og tryggja samræmingu í þessum efnum.

Ég vænti þess að þau svör sem vænta má frá hæstv. ráðh. varpi ljósi á þessi efni, sem hér er um spurt, en það varðar sérstaklega langtímabreytingar vegna mengandi efna.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Rannsóknir á mengun hafsins við Ísland hafa hingað til verið fremur takmarkaðar og tæpast hægt að tala um markvissar athuganir eða mælingar á mengun sjávar hér við land. Þess vegna er mjög erfitt að fullyrða um það hvort mengun sjávar hafi hér vaxið á síðustu árum eins og víða annars staðar í heiminum, staðið í stað eða jafnvel minnkað. Helst er rætt um mengun í sjó sem mjög staðbundið fyrirbæri, svo sem mengun einstakra hafna og/eða mengun frá verksmiðjum.

Að vísu eru, vegna krafna frá erlendum kaupendum fiskafurða héðan, framkvæmdar reglulega mælingar á tilvist kvikasilfurs og þungmálma í fiskafurðum. Má segja að þessar mælingar eigi að gefa nokkra vísbendingu yfir lengra tímabil um breytingar á tilvist þessara efna í hafinu ef um slíkt er að ræða, þar eð slíkt ætti að koma fram í breyttu innihaldi þeirra í fiskafurðum. Þessar mælingar, sem hófust að marki 1974, leiða í ljós að litlar breytingar hafa orðið á tilvist þessara efna í helstu fiskafurðum okkar á þessu tímabili.

Á vegum aðildarríkja tveggja alþjóðasamninga um varnir gegn mengun hafsins, þ. e. svonefndrar Oslósamþykktar frá 1972 um varnir gegn losun úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum og svonefndrar Parísarsamþykktar frá 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, eru nýlega hafnar skipulagðar mælingar (monitoring program) í Norðaustur-Atlantshafi. Í þessum mælingum er lögð áhersla á að taka sjávarsýni, botnssýni og ákveðnar fisktegundir til athugunar. Vonast er til að Ísland geti orðið virkur þátttakandi í þessari starfsáætlun sem væntanlega mun, þegar fram líða stundir, varpa frekara ljósi á mengun sjávar hér við land. Nú nýlega hefur verið óskað eftir því við íslensk

stjórnvöld frá erlendum aðildarríkjum að Ísland taki þátt í þessu verkefni þar sem gera megi ráð fyrir að mælingar hér við land endurspegli nokkuð hin náttúrlegu mörk mengunar í sjó.

Af þungamálmum hefur kvikasilfur mest verið rannsakað í sjó í grennd við Ísland. Var það vegna þess að fyrir nokkrum árum komu fram erlendar niðurstöður, sem bentu til þess að allmikið kvikasilfur væri í pólsjó. Í stystu máli hafa rannsóknir hér stangast mjög á við þær erlendu og sýnt að styrkur kvikasilfurs í sjó er mjög lítill.

Þegar gaus í Heimaey 1973 og hraun rann í sjó kom fram nokkur aukning á kvikasilfri og einnig kísilflúor, járni, mangan og zinki. Vegna mikillar blöndunar við eyna náðu þessi áhrif skammt og ollu engum skaða.

Rannsóknir á DDT og öðrum pólyklórineruðum kolvatnsefnissamböndum, svo sem PCB, í lífverum sjávar hér við land eru mjög takmarkaðar. Árið 1971 var þó safnað sýnum af ýmsum tegundum fiska sem voru rannsökuð í Woods Hole í Bandaríkjunum. Niðurstöður bentu til nokkurs styrks þessara efna í sýnum héðan en miklu lægri þó en er í lífverum frá svæðum þar sem mengunar gætir, eins og t. d. í Norðursjó. Þess ber að gæta að talið er að DDT og PCB berist loftveg um alla jörðu.

Um mælingar á mengun af völdum geislavirkra úrgangsefna í hafinu er það að segja að þær hafa ekki farið fram hér við land. Nýlegar athuganir á vegum Svía og Dana við Austur-Grænland benda til þess að geislavirk mengun hafi vaxið í sjó í Austur-Grænlandsstraumnum sem gengur upp að Íslandsströndum. Þessa auknu mengun, sem enn er þó langt fyrir neðan hættumörk, má rekja til endurvinnslustöðva fyrir kjarnorkuúrgang í Evrópu, aðallega þó á Englandi. Ísland hefur brugðið hart við þessum teiknum og lagt fram tillögur ásamt Dönum, Norðmönnum og Svíum um að tækjabúnaður endurvinnslustöðvanna verði bættur þannig að komið verði í veg fyrir þessa mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur framkvæmt mælingar til að fylgjast með áhrifum af völdum mengandi starfsemi. Í því sambandi hafa einnig verið gerðar bakgrunnsmælingar til að fá upplýsingar um ástandið eins og það var áður. Niðurstöður þessara mælinga má nota til að fylgjast með þróun mengunar á viðkomandi svæði, en þær eru allt of fáar og strjálar til að gefa upplýsingar um ástand mengunarmála í landinu í heild.

Söfnun úrkomusýna og loftsýna til efnagreiningar hefur verið framkvæmd frá árinu 1958 í samvinnu við erlenda aðila. Athugunin hefur nær eingöngu beinst að súrnun úrkomu af völdum aðfluttrar brennisteinsmengunar. Veðurstofa Íslands hefur annast söfnun sýnishorna, en frá 1978 hefur þetta verið hluti af verkefni á vegum Efnahagsnefndar Evrópu. Söfnun þessara sýna fer nú fram á Írafossi.

Niðurstöður benda til að enn sé loftmengun lítil hér á landi. Brennisteinstvígildi og köfnunarefnistvígildi, sem talin eru valda mestu um súrnun úrkomu, hafa verið mæld en í mjög litlum mæli. Köfnunarefnistvígildi hefur aðeins verið mælt umhverfis Reykjavík þar sem ætla má að styrkur þess sé mestur. Niðurstöður benda til að mengun sé 20—30% af áhyggjumörkum. Mengun af völdum brennisteinstvígildis hefur í öllum tilfellum mælst undir 10% af áhyggjumörkum nema á mjög takmörkuðum svæðum í kringum mengandi starfsemi. Brennisteinstvígildi og köfnunarefnistvígildi eru ekki góðir mælikvarðar á aðflutta mengun. Súlfat, nítrat og sýrustig úrkomunar gefa fremur vísbendingu um hana. Sýrustig úrkomu í jafnvægi við koltvígildi ómengaðs andrúmslofts er um það bil 5.5. Hér á landi hefur sýrustig í úrkomu mælst nærri þessari tölu, en svo virðist sem sýrustig hafi nokkuð lækkað. Þannig mældist sýrustig áranna 1958—1968 að meðaltali 5.5, en áranna 1974—1979 5.1. Þá mælast öðru hvoru stutt tímabil þar sem sýrustig er verulega lægra.

Það sem gert hefur verið af mælingum á tínu ryki í andrúmsloftinu bendir til þess að rykmengun sé á bilinu 10—30% af áhyggjumörkum. Með tínu ryki er hér átt við rykkorn sem eru minni en 10 míkrómetrar í þvermál.

Lítið hefur verið gert af vatnsmengunarmælingum hér á landi og ekki um neinar reglulegar mælingar að ræða. Nokkuð hefur verið gert til að kanna mengun frá holræsum og benda niðurstöður til þess að á nokkrum stöðum gæti mengunar af þeirra völdum en svo til ekkert er vitað um vatnsmengun af öðrum völdum.

Hér á landi eru geislavirk efni einkum notuð á stærstu sjúkrahúsunum og þá til lækninga, sjúkdómsgreininga og við rannsóknir. Auk þess eru geislavirk efni lítillega notuð við rannsóknir utan sjúkrahúsanna, við kennslu og í iðju og iðnaði. Haft er eftirlit með innflutningi og meðferð geislavirkra efna af hálfu Hollustuverndar ríkisins, áður Geislavarna ríkisins. Með hliðsjón af þeirri notkun sem um er að ræða á ekki að þurfa að óttast mengun vegna geislavirks úrgangs, sérstaklega þar sem meðferð geislavirkra efna hér á landi er í samræmi við reglur Alþjóðageislavarnaráðsins þar um.

Á árunum 1960—1967 fóru fram á vegum Geislavarna ríkisins og Raunvísindastofnunar Háskólans umfangsmiklar mælingar á geislavirkum efnum í andrúmslofti, í kjöti og mjólk. Hliðstæðar mælingar fóru einnig fram í flestum löndum Evrópu um þetta leyti. Var það vegna tilrauna stórveldanna með kjarnorkuvopn ofanjarðar en þær höfðu í för með sér geislavirkt úrfelli um alla jörðina. Niðurstöður þessara mælinga hér voru sambærilegar við hliðstæðar mælingar á hinum Norðurlöndunum.

Á árinu 1967 var ákveðið að þessum mælingum skyldi ekki haldið áfram enda var þá hætt tilraunum með kjarnorkuvopn ofanjarðar auk þess sem mælingar sýndu að magn geislavirkra efna hafði minnkað mikið frá því sem var. Fylgst hefur verið með niðurstöðum mælinga á Norðurlöndunum á 8. og 9. áratugnum. Til samanburðar og fróðleiks má geta þess að þegar mælingum var hætt hér á landi 1967 mældust um 14700 Bq af geislavirku cesíum pr. 1000 lítra mjólkur og í Færeyjum mældust á árinu 1981 5100 Bq af geislavirku cesíum pr. 1000 lítra mjólkur.

Á árinu 1982 fóru fram mælingar á styrk geislavirks cesíum í Norðaustur-Grænlandsstraumnum. Sýni voru tekin nálægt 70° N og 20° V. Styrkur geislavirks cesíum reyndist vera 5.4—6.8 Bq pr. 1000 lítra sjó. Vegna hins geislavirka úrfellis sem féll til jarðar á 7. áratugnum er styrkur geislavirks cesíum á þessu hafsvæði áætlaður um 5 Bq pr. 1000 lítra sjó. Þessa örlitlu aukningu á styrk geislavirks cesíum, 0.4—1.8, má rekja til kjarnorkuvera í Bretlandi er leiða geislavirkan úrgang í Írlandshaf. Þaðan berast efnin norður með Danmörku og Noregi og allt norður til Svalbarða en sveigja síðan með

straumnum niður með Austur-Grænlandi. Talið er að það taki efnin 8—10 ár að berast þessa leið. Af hálfu Hollustuverndar ríkisins er fylgst náið með þróun þessara mála.

Í þessu svari er stuðst við upplýsingar frá Siglingamálastofnun ríkisins, mengunarvarnadeild, og geislavörnum innan Hollustuverndar ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem fram koma í svari hans. Þær bera í fyrsta lagi vott um að mengun geislavirkra efna og sýring sé ekki nálægt hættumörkum og er það vissulega ánægjuefni. Hitt er áhyggjuefni að um aukningu er að ræða á geislavirkum efnum á hafsvæðum sem tengjast straumakerfinu við Ísland. *Við höfum lengi talið okkur í nokkrum sérflokki* varðandi mengunarmál og hælst um af hreinu vatni og tæru lofti. Það eru vissulega gæði sem við þurfum að standa mjög fast vörð um, ekki síst sem matvælaframleiðsluland og einnig í ljósi þess að lífríki á norðlægum slóðum er viðkvæmara fyrir mengun en gerist á suðlægari slóðum, þar sem ýmsar aðstæður fyrir líf eru hagstæðari.

Ég tel að brýna nauðsyn beri til þess að samræma tök íslenskra stjórnvalda á þessum málum, því að eins og kom fram í svari hæstv. ráðh. þá eru það fleiri en ein og fleiri en tvær stofnanir sem sinna þessum málum. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að samvinna milli þeirra er engan veginn með þeim hætti sem æskilegast væri. Sumar þessara stofnana, eins og t. d. Veðurstofa Íslands, hafa sinnt þessum verkefnum, sumpart með *tilstyrk erlendra aðila og fyrir hvatningu erlendis frá* og hafa ekki fengið sérstakt fjármagn til þess að vinna að þessum málum. Það mun gilda að ég hygg um Veðurstofu Íslands.

Siglingamálastofnun, sem ber ábyrgð á eftirliti með mengun sjávar, hefur kvartað undan því að hafa ónóg ráð til þess að fylgjast með í þessum efnum enda verið leitast við að spara í rekstri stofnunarinnar að undanförnu að ég hygg.

Ég held að við þurfum að gæta þess, jafnframt því sem fullrar hagsýni er gætt, að þrengja ekki svo að þeim aðilum sem eiga að rækja eftirlit varðandi mengun lofts og lagar að ekki sé um fullkomna upplýsingasöfnun að ræða miðað við þau tæki og tækni sem við ráðum yfir í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. nefndi það, að nú væri búið að gera *áætlun um athuganir á mengun í Norðurhöfum á vegum* þeirra þjóða sem standa að Oslóar-samkomulaginu og Parísar-samkomulaginu um mengun sjávar og fyrirhugað sé að Íslendingar gerist aðilar að þessu starfi. Ég fagna því vissulega að svo er og vænti þess að þær athuganir verði með þeim hætti, að Íslendingar geti haft af þeim sem fyllst gagn.

Ég nefndi í inngangsorðum mínum umhverfismál og stjórnun þeirra og fyrirhugaða löggjöf. Fyrr í vetur var hæstv. félmrh. inntur eftir því hér á þingi hvenær mætti vænta frv. til laga um umhverfismál. Það mun hafa verið í öndverðum febrúarmánuði. Hæstv. ráðh. taldi þá líklegt að frv. um þetta efni kæmi fram á þingi *snemma í mars eða í öllu falli í marsmánuði*. Mars er nú liðinn og kominn apríl. Ég vek athygli á þessu vegna þess að með slíkri löggjöf þarf alveg sérstaklega að taka á þeim málum sem varða mengunarmálefni og fylla í þær eyður sem eru í okkar löggjöf.

Ég vil að endingu þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og treysti honum til þess að stuðla að endurbótum á þessu sviði varðandi mengunarrannsóknir, ekki síst rannsóknir til lengri tíma þannig að Ísland fái haldið stöðu sinni sem eitt af þeim tiltölulega fáu löndum jarðar, þar sem mengun er tiltölulega *lítil* og undir hættumörkum. Það þarf að vera okkar takmark.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég hef mikinn hug á því að þessi ráðuneyti bæði fylgist vel með í þessum efnum og við höfum í hyggju að eiga náið samstarf við erlend aðildarríki að þeim tveimur alþjóðasamningum sem fyrr er getið þannig að Ísland taki þátt í því verkefni sem ég ræddi um. Gera megi ráð fyrir að mælingar hér við land geti nokkuð endurspeglað hin náttúrlegu mörk mengunar í sjó. Við tökum þátt í þessu alþjóðasamstarfi. En það er hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þessar stofnanir sem hér eiga hlut að máli hafa ekki fengið nægilegt fjármagn á liðnum árum og ekki nú og eru illa settar til þess að auka starfsemi sína á þessu sviði. Við erum að vísu ólíkt betur settir í þessum efnum en þjóðir á meginlandi Evrópu en það breytir því ekki að okkur ber að halda vöku okkar og fylgjast með því sem er að gerast því að hættan er nálægt okkur þó að við séum ólíkt betur á vegi staddir en þessar þjóðir.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli og ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargott svar. Því er ekki að neita að geislavirkni í hafi er visst áhyggjuefni hvort sem hún stafar af vinnslu geislavirkra úrgangsefna á Bretlandseyjum eða slysi sem gæti orðið t. d. á kjarnorkuknúnum kafbát einhvers staðar í hafinu. Það er ekki vegna þess að kjarnorkuknúnir kafbátar muni geta valdið sprengingu heldur getur leki af geislavirkni í hafinu í nágrenni Íslands haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sölu okkar á fiskafurðum.

Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins höfum við reiknað með því, því að það eru fleiri en þessar tvær stofnanir sem taldar voru upp sem *telji sér málið skylt*, við höfum reiknað með því að fyrr eða síðar yrðum við að vera í stakk búnir til þess að geta mælt geislavirkni í fiskafurðum hvenær sem þess er krafist. Mér er ekki kunnugt um hversu mikils búnaðar er þörf en ég hef við lauslega áætlun talið að hann sé ekki mjög mikill. Hitt er alveg laukrétt að mjög nauðsynlegt er að þarna sé einhver samræmd afstaða og aðstaða og alger óþarfi að margar stofnanir séu að grautast í þessu í einu.

Við höfum, eins og reyndar kom fram, í mörg ár fylgst með þungmálmamengun og reyndar einnig í sambandi við þessar DDT-mælingar frá 1970, það litla sem gert var. Ég get fullyrt það að vottorð um að engra þungmálma sé að vænta í íslenskum fiskafurðum hafa haft sitt að segja við sölu á þessum afurðum. Þetta getur hvenær sem er átt við um geislavirkni líka.

Nd. 123. Frumvarp til laga [119. mál]

um lögverndun á starfsheiti kennara.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristófer Már Kristinsson.

1. gr.

Rétt til að bera starfsheitið kennari hefur sá einn sem fullnægir skilyrðum laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

2. gr.

Óheimilt er að ráða til kennslustarfa við skólastofnanir á vegum opinberra aðila aðra en þá sem réttindi hafa skv. 1. gr., með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið leyfi til kennslustarfa má veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 1. gr.

4. gr.

Sérstök nefnd, skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis og stjórnar Bandalags kennarafélaga að jöfnu, skal veita umsögn um allar ráðningar skv. 2. gr. og leyfisveitingar skv. 3. gr.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 2. mgr. 7. gr. og 3. málsl. 8. gr. laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Komi upp sú staða við skóla að enginn með tilskilin réttindi sæki um auglýsta stöðu getur skólanefnd sótt um leyfi til menntamálaráðuneytisins til þess að ráða starfsmenn til að sinna kennslustörfum til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Nefnd skv. 4. gr. skal einnig veita umsögn um ráðningu slíkra starfsmanna. Leitast skal við af hálfu ráðuneytis og skólanefnda að fækka slíkum undanþágum. Með það í huga skal endurmeta þetta ákvæði um heimild til að veita undanþágur ekki síðar en að 3 árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að treysta stöðu kennara með því að lögvernda starfsheiti þeirra sem hafa full kennararéttindi og heimilt er að ráða til starfa hjá opinberum skólastofnunum.

Bandalag kennarafélaga (BK), sem sameinar innan sinna vébanda flesta kennara í grunnskólum og framhaldsskólum, sneri sér með bréfi, dagsettu 11. september 1984, til allra þingflokka á Alþingi með ósk um stuðning við stefnumál sín. Í bréfi þessu var sérstök áhersla „lögð á það baráttumál kennarastéttarinnar að kennarastarfið verði lögverndað og

það gert óheimilt að ráða aðra til kennslustarfa en þá sem hafa aflað sér réttinda til starfsins".

Sem svar við þessari ósk Bandalags kennarafélaga var fyrir þingbyrjun hafinn á vegum flutningsmanna þessa máls undirbúningur að frumvarpi til laga um lögverndun á starfsheiti kennara og réttindum í tengslum við slík ákvæði. Við undirbúning málsins var m.a. höfð hliðsjón af lögum sem sett hafa verið á undanförnum árum til verndar á réttindum og heiti ýmissa starfsstétta, þar á meðal félagsráðgjafa, sálfræðinga og bókasafnsfræðinga.

Drög að lagafrumvarpi þessu voru send stjórn Bandalags kennarafélaga með bréfi 15. október s.l. með ósk um umsögn. Barst svar frá stjórn Bandalags kennarafélaga í bréfi 22. október s.l. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, var tekið tillit til ýmissa ábendinga sem komu fram af hálfu stjórnar BK.

Margvísleg rök mæla með því að starfsheiti kennara verði lögverndað og kennarastarfinu og menntun kennara þannig veitt meiri viðurkenning en nú er samkvæmt gildandi lögum.

Áttatíu ár eru nú liðin síðan Kennaraskóli Íslands hóf störf og fór að útskrifa sérmenntað fólk til kennslustarfa. Nú útskrifar skólinn um 100 kennara á ári. Við Háskóla Íslands hófst kennsla í uppeldis- og kennslufræðum (kennaramenntun fyrir fólk með háskólapróf í ákveðinni grein eða greinum) árið 1952 og þaðan hafa útskrifast árlega um 70 til 80 manns á undanförnum árum. Ætla mætti að þessar tvær stofnanir útskrifuðu nægan fjölda kennara til starfa í skólum landsins og þar með væri hægt að skipa sérmenntað fólk í allar kennarastöður. En raunin er því miður önnur. Aðeins hluti þess fólks, sem aflað hefur sér kennararéttinda, sækist eftir kennslustörfum. Þar valda lág laun og erfiðar vinnuaðstæður mestu. Engar hömlur eru heldur settar við því að ráða réttindalaust fólk í kennslu. Ástandið er nú þannig að á grunnskólastigi eru starfandi rúmlega 400 réttindalausir kennarar og eru það um 15% kennara á þessu skólastigi.

Stórversnandi kjör á síðustu árum hafa valdið því að gamalreyndir kennarar hafa unnvörpum horfið frá kennslu og leitað eftir betur launuðum störfum á vinnumarkaðnum. Haldi þessi þróun áfram má búast við að enn dragi úr því að fullmenntaðir kennarar sækist eftir kennslu og fjöldi ófaglærðs fólks við kennslustörf stóraukist. Þess má auk þess geta að laun kennara eru hérlendis mun lægri en kennaralaun í nágrannalöndum okkar. Á sama tíma eru gerðar æ meiri kröfur til kennara og skóla og verkefni þeirra aukin. Kennsluhættir hafa breyst og vinnuálag á kennara hefur aukist. Á síðasta áratug hefur það færst í vöxt í tengslum við breytta kennsluhætti að kennarar þurfi sjálfir að búa til námsefni. Æ meiri tími fer í að fylgjast með nýjungum í skólastarfi og breyttu námsefni og ný verkefni bætast við í skólastarfi, m.a. skv. ákvörðunum Alþingis. Ýmis félagasamtök ætla skólunum líka að sinna verkefnum á sínu áhugasviði af margvíslegu tilefni.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að hlúa sem best að kennaramenntun og kennarastarfinu til að gera það eftirsóknarvert. Ein leið í þeirri viðleitni er að starfsheitið kennari verði lögverndað. Telji menn nauðsynlegt að halda uppi kennsluréttindanámi, og jafnvel efla það frá því sem nú er, er eðlilegt að stefnt sé að því að aðeins fólk, sem lokið hefur því námi, sinni kennslu.

Með því að setja lög þess efnis, að eingöngu þeir, sem hafa tilskilin réttindi, megi bera starfsheitið kennari, má ætla að staða kennara eflist og meiri áhersla verði lögð á að búa vel að þeim svo að unnt verði að manna skólana fólki sem búið hefur sig undir kennarastarfið.

Vitað er að fjöldi réttindalausra kennara er meiri úti um landið en á Reykjavíkursvæðinu. Það skal ekki vanmetið að víða hefur ágætisfólk hlaupið í skarðið þegar ekki hefur tekist að fá kennara með réttindi og lagt sig fram um að sinna starfi sínu sem best þrátt fyrir skort á starfsundirbúningi. Engum blandast hins vegar hugur um að þetta fólk stæði betur að vígi ef það hefði lokið kennaranámi áður en það hóf kennslustörf. Oft hefur verri námsárangur á

ákveðnum svæðum verið settur í samband við fjölda kennara án kennsluréttinda og tíð kennaraskipti. Einnig má benda á að fólk án kennsluréttinda hefur ekki aðgang að kennaranámskeiðum í Kennaraháskóla Íslands eða möguleika á að nýta sér þau. Aðgangur að þessum námskeiðum er takmarkaður vegna ónógra fjárveitinga, auk þess sem kennslufræðilegur bakgrunnur er nauðsynlegur fyrir nær öll námskeiðin; þau eru því skipulögð sem endurmenntun en ekki grunnmenntun.

Í þessu sambandi er minnt á ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra, svo hljóðandi:

„Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, *skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi.* Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð."

Mikilvægt er að með hliðstæðum hætti sé tekið á málum þeirra er við kennslu hafa starfað að undanförnu en ekki hafa fullgild kennararéttindi.

Að sjálfsögðu verður sá vandi ekki leystur í einni svipan að fá kennara með fyllstu réttindi í allar kennarastöður í landinu. Því verður löggjafinn að gera ráð fyrir tíma til aðlögunar að breyttum kröfum. Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er skapað svigrúm í 3 ár til slíkrar aðlögunar. Þann tíma þarf að nota til að bæta svo kjör og starfsaðstöðu kennara að fólki með kennaranám að baki þyki fýsilegt að leggja fyrir sig kennslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Rétt þykir að taka tillit til þeirra sem nú sinna kennslu án þess að hafa kennsluréttindi. Hér getur verið um að ræða fólk sem sinnt hefur kennslu um árabil og í raun litið á kennslu sem sitt ævistarf.

Um 4. gr.

Mikilvægt er að kennarasamtökum sé sköpuð aðstaða til þess að fylgjast með öllum kennararáðningum og geta þannig gætt hagsmuna kennara og nemenda í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Gera verður ráð fyrir að tekið verði fullt tillit til umsagnar þeirrar nefndar sem setja á á fót samkvæmt þessari grein.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um þrjú bréf fjármálaráðherra.

Flm.: Svavar Gestsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að draga til baka eftirfarandi bréf fjármálaráðuneytisins:

1. Til allra ráðuneyta um „starfsskyldur forstöðumanna“, dags. 25. sept. 1984, undirritað af Höskuldi Jónssyni fyrir hönd ráðherra.
2. Til allra ráðuneyta um skráningu á athöfnum BSRB-manna, dags. 8. okt. 1984, undirritað af Höskuldi Jónssyni fyrir hönd ráðherra.
3. Til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, dags. 22. okt. 1984, undirritað af Albert Guðmundssyni og Höskuldi Jónssyni.

Greinargerð.

Alþingismönnum barst eftirfarandi bréf, dags. 23. okt. 1984, frá BSRB.

„Hr. alþingismaður.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt með öllum atkvæðum á fundi stjórnar BSRB í dag:

„Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeirri einræðislegu framkvæmd fjármálaráðherra, sem er sjálfur annar aðilinn í kjaradeilu BSRB, sem fram kemur í þremur bréfum fjármálaráðherra, dags. 25. sept., 8. okt. og 22. okt. 1984, sem hér með fylgja í ljósriti. Bandalagsstjórnin vekur athygli á því að með bréfum þessum er stefnt að því að afnema þau mannréttindi og það lýðfrelsi sem íslenskt þjóðfélag byggir á.

Í bréfunum felst:

1. Fyrirskipun til forstöðumanna ríkisstofnana að ganga í verk undirmanna sem eru í verkfalli og þar með fremja verkfallsbrot.
2. Ögrun við félagsmenn um skrásetningu á gjörðum þeirra og framkomu að viðlögðum brottrekstri síðar.
3. Hótun um beitingu hegningarlaga skv. lagagr. er varðað getur margra ára fangelsi.

Því er beint til alþingismanna hvort þeir telji að í löggjöf, sem Alþingi hefur samþykkt, felist þessi stefna og hvort það sé vilji Alþingis að réttarríkið sé afnumið með þessum hætti af framkvæmdavaldinu.“

Virðingarfyllst,
F. h. stjórnar BSRB

Kristján Thorlacius
form.

Albert J. Kristinsson
1. varaform.

Haraldur Steinþórsson
2. varaform.“

Þau bréf, sem hér um ræðir, eru á þessa leið:

„Til allra ráðuneyta.
Starfsskyldur forstöðumanna.

Með lögum nr. 31/1976 voru tekin upp ákvæði í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er bönnuðu tilteknum starfsmönnum ríkisins þátttöku í verkfalli, þrátt fyrir heimildir félaga í BSRB til að stofna til verkfalla. Meðal þessara starfsmanna eru forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra og forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra. Félagar innan BSRB, sem starfa sem verslunarstjórar eða skólastjórar almennra skóla, eru ekki taldir forstöðumenn í skilningi laganna og er þeim því heimilað að taka þátt í verkfalli.

Tilgangurinn með því að banna forstöðumönnum að fara í verkfall er sá að þeir halda starfsemi stofnana gangandi eftir því sem tími og kraftar þeirra leyfa. Tilgangslaust er að hafa forstöðumann við störf í verkfalli megi hann eða geti ekki sinnt störfum í stofnun sinni.

Fjármálaráðuneytið telur að forstöðumönnum ríkisstofnana beri skylda til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr þeirri röskun er verkfall hefur á starfsemi stofnana þeirra. Forstöðumennirnir eru yfirmenn stofnana og geta þeir og staðgenglar þeirra gengið í hver þau verk sem undir verksvið stofnunar þeirra heyrir og þeir bera ábyrgð á að komist í framkvæmd.

Beri svo við að forstöðumaður eða staðgengill hans geti ekki sinnt brýnum verkefnum er lúta að öryggisvörslu og heilsugæslu ber þeim að kynna kjaradeilunefnd þann vanda er af því leiðir. Í 26. gr. laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, nr. 29/1976, segir svo:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli."

Fjármálaráðuneytið leggur á það áherslu að forstöðumaður leiti ávallt til kjaradeilunefndar um milligöngu telji hann að leggja þurfi vinnuskyldu á mann er ella væri í verkfalli. Telur ráðuneytið að meðan á verkfalli stendur taki ábyrgð ríkissjóðs sem vinnuveitanda aðeins til þeirra félaga innan BSRB er kvaddir hafa verið til starfa af kjaradeilunefnd, eða eru undanþegnir verkfalli, sbr. 1. mgr. þessa bréfs.

Kjaradeilunefnd hefur aðsetur í Borgartúni 6, sími 27868 og 25429.

Þess er hér með óskað að ráðuneytin komi erindi þessu á framfæri við stofnanir á þeirra vegum.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson."

„Til allra ráðuneyta.

Í deilum þeim, er nú hafa risið milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og BSRB, hefur orðið vart ýmissa gerða félaga í BSRB sem varða við lög. Athafnir þessar eru sumar af því tagi að þær valda ríkissjóði tjóni er telja verður bótaskylt. Aðrar eru þannig að starfsmenn ríkisins brjóta gegn starfsskyldum sínum með þeim hætti að vafasamt verður að teljast að þeir séu hæfir til að gegna störfum sínum.

Til athugunar hlýtur að koma að viðkomandi aðilar verði látnir sæta ábyrgð lögum samkvæmt fyrir háttsemi sína. Í því skyni telur fjármálaráðuneytið mjög brýnt að ráðuneyti og forstöðumenn stofnana skrái niður þau tilvik sem telja má að koma þurfi til athugunar í þessu sambandi og geri þeim, sem taldir eru brjóta lög, grein fyrir bótaskyldu eða öðrum afleiðingum er tengjast kynnu gjörðum þeirra.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.“

„Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Grettisgötu 89
Reykjavík.

Þann 3. október s. l. kvað kjaradeilunefnd upp svofelldan úrskurð, sbr. ákv. 26. gr. l. nr. 29/1976:

„Samþykkt að lágmarksstarfsliði, tveir menn á vakt, úr vöruskoðunardeild og skipa- og flugvéladeild Tollgæslunnar í Reykjavík, sé skylt að starfa við eftirfarandi þrátt fyrir verkfall:

a. Skoðun farangurs farþega og áhafna samkvæmt verklagsreglum stofnunarinnar hjá þeim sem ætla má að flytji til landsins eiturlyf eða vopn í farangri sínum.
b. Afgreiðslu neyðarsendinga, s. s. lyfja- og lækningatækja.

Ekki er ætlast til að starfsmenn þessir vinni að tollafgreiðslu á birgðum eða farmi.“

Tollstjórinn í Reykjavík hefur tjáð ráðuneytinu að tollverðir hafi þann 17. október s. l. farið til skyldustarfa sinna í m/s Álafossi þar sem skipið lá í Sundahöfn en verið meinað af svonefndum verkfallsvörðum BSRB að komast um borð. Þann 18. október s. l. reyndu tollverðir að komast um borð í m/s Selá þar sem skipið lá við Austurbakkann í Reykjavíkurhöfn en sem fyrr meinuðu verkfallsverðir tollvörðum að sinna störfum sínum.

Með vísan til ákv. 106. og 107. gr. almennra hegningarlaga telur ráðuneytið eðlilegt að mál það sem hér um ræðir sæti opinberri rannsókn. Áður en ákvörðun um slíka aðgerð er tekin vill ráðuneytið hvetja Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til að létta af þeim hindrunum sem settar hafa verið í veg tollvarða.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.“

Sþ. 125. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um framkvæmdaáætlun til úrbóta í umferðarmálum.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Stefán Guðmundsson, Þórarinn Sigurjónsson, Haraldur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun til þriggja ára um úrbætur í umferðarmálum. Áætlunin nái til eftirtalinna atriða:

1. Almennrar kynningar og fræðslu í umferðarmálum með bætta umferðarmenningu að leiðarljósi.
2. Umferðarslysavarna og bætts öryggisbúnaðar farartækja.
3. Frekari fræðslu ökumanna áður en þeir fá fullnaðarökuskírteini.
4. Kennslu- og leiðbeiningarstarfa á sviði vélhjólaaksturs.
5. Rannsókna á sviði umferðaröryggis.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Er hún því endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

Árlega verður mikið eignatjón af völdum umferðarslysa hér á landi og það tjón, sem verður á lífi manna og limum af þeirra völdum, verður að sjálfsögðu aldrei metið til fjár. Fyrir liggur að unnt er með fyrirbyggjandi aðgerðum af ýmsum toga að fækka slysum og tjóni í umferðinni, — sú hefur a. m. k. orðið raunin bæði hér á landi, t. d. á árunum 1968 og 1969 þegar breytt var yfir í hægri umferð, og erlendis, t. d. í Finnlandi en þar var gert sérstakt átak í þessum málum á áttunda áratugnum, enda fækkaði slysum þar á því tímabili einna mest meðal Evrópuþjóða. Enn fremur má benda á þær upplýsingar landlæknisembættisins að sjúklingum, sem lagðir voru inn á sjúkrahús vegna umferðarslysa, hafi fækkað um 25% árið 1983. Svo sem kunnugt er var árið 1983 norrænt umferðaröryggisár og var af því tilefni sérstök áhersla lögð á umferðaröryggismál.

Full ástæða er til að þessi málaflokkur — umferðarslysavarnir — verði kannaður sérstaklega í kjölfar hins norræna umferðaröryggisárs. Því er þessi tillaga um þriggja ára framkvæmdaáætlun á þessu sviði borin fram. Varðandi þau atriði, sem sérstaklega er getið undir töluliðum 1—5, mætti til dæmis taka eftirfarandi þætti til athugunar:

Töluliður 1: Efla má umferðarnefndir bæjar- og sveitarfélaga og koma þeim á fót þar sem þær eru ekki starfandi. Þess má geta að Umferðarráð hefur gefið út form að slíkum samþykktum sem einstakar nefndir geta stuðst við. Áróður, ekki síst í ríkisfjölmiðlum, er afar mikilvægur og ber að leita leiða til þess að hann verði sem markvissastur. Benda má á nauðsyn þess að gera viðurkenndan orðalista yfir hugtök og heiti sem snerta umferð og umferðaröryggismál, en þau eru nú mjög á reiki og mismunandi hugtök notuð um sömu hluti.

Töluliður 2: Á sviði bætts öryggisbúnaðar liggur nærri að nefna skyldunotkun bílbelta og hertar reglur um notkun ökuljósa og glitmerkja sem hvort tveggja þykir hafa sannað gildi sitt, t. d. á Norðurlöndum. Benda má á nauðsyn þess að tollar og álögur á öryggisbúnað, t. d. hjólbarða, endurskinsþríhyrninga, hjálma vélhjólafólks, barnabílstóla o. fl., verði sem minnst. Gefa þyrfti verkstjórum og verktökum, sem vinna að umferðarmannvirkjum, kost á námskeiðum um fyrirkomulag og meðferð lausra umferðarmerkja og annarra viðvarana vegna framkvæmda í gatnakerfinu. Þörf er á að því sé betur fylgt eftir að umferðarmannvirki séu tekin út og þau ætíð tilbúin til umferðar þegar þau eru tekin í notkun.

Huga mætti að endurskoðun á skipulagi og starfsháttum hjá lögreglunni með tilliti til aukinnar áherslu á bætta umferðarmenningu, enda verður þáttur löggæslunnar í fyrirbyggjandi starfi á þessu sviði seint ofmetinn. Á sama hátt mætti hugsanlega endurskoða starfshætti Bifreiðaeftirlits ríkisins og leggja meiri áherslu á að bifreiðaeftirlitsmenn fylgist með ástandi og öryggisbúnaði bifreiða á götum úti.

Skólabíla þyrfti að merkja sérstaklega og gera þarf úttekt á umferðaraðstæðum skólabarna. Nauðsynlegt er að skólalóðir séu skipulagðar með tilliti til aðgreiningar umferðar, og einn þáttur í hönnun skóla ætti að vera teikning og skipulagning skólalóðarinnar með tilliti til umferðar gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Gott skipulag þessa á skólalóðum hefði mikið uppeldislegt gildi fyrir skólabörnin og viðhorf þeirra til reglu í umferðinni á sama hátt og skipulagsleysi hefur öndverð áhrif.

Hjólreiðar hafa færst í vöxt og er rétt að kanna hvort ekki eigi að taka upp opinbert gæðaeftirlit með reiðhjólum jafnframt því sem hjólaskoðun lögreglu og umferðarráðs verði efld. Þá má kanna hvort rétt þyki að takmarka hjólreiðar sjö og átta ára barna í umferðinni við það að þau verði í fylgd fullorðinna. Slíkt gæti stuðlað að markvissari leiðbeiningum foreldra til barna í umferðinni. Rétt væri að stefna að aukinni aðgreiningu í umferð og gera áætlanir um lagningu göngu- og hjólreiðastíga á þéttbýlisstöðum og næst þeim. Að síðustu má varpa fram þeirri hugmynd hvort rétt sé að merkja sérstaklega bifreiðar þeirra ökumanna sem eru með bráðabirgðaökuskírteini. Slíkt tíðkast erlendis, t. d. í Bretlandi og Finnlandi, og gerir hvort tveggja að skapa visst aðhald og auka líkur á að byrjendur njóti skilnings og umburðarlyndis í umferðinni.

Töluliður 3: Oft er orðað að mismunandi sé hvern undirbúning menn hljóti fyrir ökupróf, m. a. eftir því hvort prófraunin er þreytt í dreifbýli eða þéttbýli, hvort æfingartímar séu teknir að vetri eða sumri o. s. frv. Ástæða væri til að kanna hvort ekki sé þörf frekari samræmingar ökuprófa um landið og stöðlunar þeirra. Þá má hugsa sér að komið yrði upp æfingarsvæðum fyrir ökumenn þar sem þeir gætu á einum stað kynnst sem flestum þeirra vandamála sem upp geta komið í akstri. Gera mætti kröfu til þess að þeir, sem lærðu á bíl, þyrftu að spreyta sig bæði í vetrarakstri og sumarakstri þar sem aðstæður geta verið mjög mismunandi. Mætti t. d. gera það með þeim hætti að fullnaðarökuskírteini væri því aðeins gefið út að fyrir lægi vottorð ökukennara um að nemi, sem þreytt hefði próf að sumarlagi, hefði einnig tekið einhverja tíma að vetrinum það árið sem bráðabirgðaökuskírteini gildir — og öfugt um mann sem tekið hefði próf að vetri til. Undir þessum tölulið mætti einnig taka til athugunar að könnuð væri þekking ökumanna á umferðarmerkingum og umferðarlögum þegar ökuskírteini þeirra eru endurnýjuð á 10 ára fresti.

Töluliður 4: Ýmsu er talið áfátt í kennslu- og leiðbeiningarstarfi á sviði vélhjólaaksturs. Benda má á nauðsyn þess að efla félagsstarf meðal vélhjólaeigenda, bæta tæknilega aðstöðu varðandi þjálfun og próf á vélhjól og taka þarf upp sérstaka skráningu keppnishjóla ásamt hertu eftirliti með sölu þeirra og skráningu við eigendaskipti.


Töluliður 5: Rannsóknir á sviði umferðaröryggis eru nú um margt taldar afar ófullnægjandi og ekki nóg að gert til þess að kanna raunverulegar orsakir umferðarslysa. Lögregluskýrslur eru fyrst og fremst miðaðar við störf dómara en beinast ekki að rannsókn á innri orsökum slysa. Þess má geta að samkvæmt loftferðalögum er starfandi flugslysanefnd sem skal kanna orsakir flugslysa ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin á einnig að gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Svipuð nefnd — rannsóknarnefnd sjóslysa — er starfandi samkvæmt ákvæðum í lögum um eftirlit með skipum.

Rannsóknir af þessu tagi eru liður í fyrirbyggjandi starfi og virðist ekki síður brýn þörf fyrir það í sambandi við umferðarslys. Að lokum má benda á þann möguleika að leitað verði samstarfs við Háskóla Íslands, t. d. félagsvísindadeild, um ýmiss konar rannsóknir á sviði umferðarslysavarna.

Norrænt umferðaröryggisár

UMFERÐAR RÁÐ


SLYS Á GANGANDI FÓLKI Í UMFERÐINNI Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



Norrænt umferðaröryggisár

UMFERÐAR RÁÐ


LÁTNIR Í UMFERÐARSLYSUM Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



Norrænt umferðaröryggisár


UMFERÐAR RÁÐ

HEILDARFJÖLDI UMFERÐARSLYSA Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



UMFERÐAR RÁÐ

ALDURSSKIPTING SLASAÐRA Í UMFERÐINNI Á ÍSLANDI ÁRIN 1978 — 1983



Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um sölu á íslenskri sérþekkingu erlendis.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Stefán Guðmundsson, Tómas Árnason, Ólafur Þ. Þórðarson, Haraldur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga með hvaða hætti unnt er að koma íslenskri ráðgjöf, sérfræðiþekkingu og reynslu í atvinnulífinu á markað erlendis og hvernig megi samræma vinnubrögð og aðstoða þá aðila sem hafa nú þegar kannað möguleika á útflutningi íslenskrar tækniþekkingar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Er hún því endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

Til skamms tíma höfum við Íslendingar litið svo á að lífsafkoma okkar byggðist á þeim auðlindum sem felast í landinu sjálfu, hafinu umhverfis það og orkunni í fallvötnum og jarðhita. Að undanförnu hefur athygli manna beinst meira og meira að þeirri auðlindinni sem eðlilegast væri að telja upp fyrsta en það er sú orka sem felst í manninum sjálfum, hugvitið, þekkingin og reynslan.

Eins og nú háttar í þjóðarbúskap okkar má telja að þeir atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, sem mest byggja á landsgæðum og hafinu, hafi nokkurn veginn nýtt þær auðlindir svo sem aðstæður leyfa, vonandi þó aðeins um stundarsakir. Stjórnvöld hafa gefið orkunni verulegan gaum og eru uppi ýmsar áætlanir um virkjun hennar og nýtingu og nefndir að störfum við markaðsöflun fyrir orkuna og afurðir sem vinna má með fulltingi hennar.

Hugvitið er hins vegar sú auðlind er við höfum enn sem komið er lítt hugleitt að geti verið markaðsvara eitt og sér. Á þessu hafa aðrar þjóðir fyrir löngu áttað sig og hagnýtt sína sérþekkingu sem markaðsvöru í öðrum löndum. Íslendingar hafa á undanförnum árum keypt erlendis frá margvíslega þekkingu sem í mörgum tilfellum hefur ekki verið til staðar hér á landi. En þó gæti verið álitamál í sumum tilvikum — t. d. á sviði tækniþekkingar — hvort ekki hafi verið leitað langt yfir skammt. Og þó að við eigum enn eftir að sækja margvíslega þekkingu til annarra landa er mál til komið að brjóta í blað og huga að því með hvaða hætti við getum selt okkar íslensku sérþekkingu erlendis.

Íslendingar eru vel menntuð þjóð og búa yfir reynslu og þekkingu á ýmsum sviðum sem hagnýta mætti í þágu annarra þjóða. Þetta á ekki hvað síst við um þekkingu í útvegi og fiskvinnslu og tækniþekkingu á sviði jarðhita. Einnig má nefna þá miklu reynslu sem fengist hefur vegna framkvæmda við vatnsaflsvirkjanir á undanförnum árum. Miklar framfarir hafa orðið í almennum iðnaði, m. a. við úrvinnslu landbúnaðarafurða, svo sem prjónaiðnaði, skinnaiðnaði og sútun. Veiðarfæragerð er einnig vel þróuð og komin á hana mikil reynsla. Hér er starfræktur öflugur landbúnaður í harðbýlu landi við hin erfiðustu skilyrði og er hann sá atvinnuvegur sem hvað mesta og lengsta reynslu hefur að baki. Ekki er nokkur vafi á að íslenskir landbúnaðarráðunautar hafa öðlast mjög góða þekkingu og dýrmæta reynslu í störfum sínum sem án efa gæti nýst öðrum þjóðum. Ýmsir aðrir möguleikar en þeir, sem hér hafa verið tilgreindir, eru að sjálfsögðu fyrir hendi og ber að leita þeirra og koma á framfæri eftir því sem tækifæri gefast til.

Miðlun á þekkingu til annarra landa, starfsemi Íslendinga erlendis og samskipti á alþjóðavettvangi stuðla einnig að því að viðhalda og auka hæfni innlendra aðila. Slíkt

hagnýtist að sjálfsögðu í verkefnum hér heima og færir þjóðinni þar að auki gjaldeyristekjur. Samkeppni á erlendum mörkuðum er hörð í þessu efni sem öðru og brýnt er að nýta þá möguleika sem Íslendingar hafa til að ná traustri fótfestu í greinum þar sem íslensk sérfræðiþekking er á heimsmælikvarða. Aðrar þjóðir sækja fast inn á þau svið og Íslendingar standa að ýmsu leyti höllum fæti í samkeppninni, ekki síst vegna þess að íslensk fyrirtæki eru flest smá í sniðum og samræmingu og heildarstefnumótun á þessu sviði skortir.

Hinn 8. febrúar s. l. gekkst Orkustofnun fyrir fundi um aðferðir við útflutning á jarðhitaþekkingu. Á fundinum komu þær athyglisverðu upplýsingar fram að ráðgjafarfyrirtæki á Norðurlöndum hafa sótt mjög á erlenda markaði undanfarin 15 ár með góðum árangri. Um 40% verkefna finnskra verkfræðinga eru erlendis (mest í Sovétríkjunum) en 25 — 30% verkefna verkfræðinga annars staðar á Norðurlöndum. Íslenskar verkfræðistofur eru langt á eftir í þessu tilliti.

Íslendingar eiga aðild að Norræna verkefnaútflutningssjóðnum sem stofnaður var árið 1982 og starfar í náinni samvinnu við Norræna fjárfestingarbankann. Sjóðurinn veitir norrænum fyrirtækjum áhættufjármagn til að kanna möguleika þeirra á að komast inn á markaði í þróunarlöndum. Áhersla hefur einkum verið lögð á þrjú svið í starfsemi sjóðsins. Það eru tæki og búnaður til sjávarútvegs, landbúnaðar og orkumála. Íslendingar hafa ýmislegt fram að færa á öllum þessum sviðum og getur sjóðurinn því orðið þýðingarmikill íslenskum hagsmunum. Grundvallarþáttur í starfsemi sjóðsins er að styrkja norræn fyrirtæki og samtök við gerð skilyrða- og arðsemisathugana í tengslum við alþjóðleg verkefni. Til að styrkja fyrirtæki við öflun nýrra verkefna í þróunarlöndum gefur sjóðurinn þeim kost á áhættufjármagni, allt að helmingi af kostnaði. Ef verkefni tekst endurgreiðir fyrirtækið það fé sem sjóðurinn veitti. Leiði athugun fyrirtækisins hins vegar ekki til neins fellur endurgreiðsla niður, þ. e. fyrirgreiðslan breytist í beinan styrk.

Meðal ýmissa þjóða hefur tíðkast að veita þróunaraðstoð með fjárframlögum eða hagstæðum lánum með skilyrðum um að sérfræðivinna og tækjabúnaður sé keyptur frá viðkomandi þjóð. Á fyrrnefndum fundi Orkustofnunar kom fram að þetta er ýmist gert með tvíhliða samningum milli þjóðanna um þróunaraðstoð eða með því að styrktarþjóðin leggur ákveðna fjárupphæð til alþjóðastofnunar til sérstaks verkefnis í tilteknu þróunarlandi en á móti kemur fjárframlag frá alþjóðastofnuninni og þróunarlandinu. Oft skipta upphæðir í slíkum þróunarverkefnum milljónum dollara og eru því töluvert hærri en þær takmörkuðu fjárveitingar sem Íslendingar veita til þróunaraðstoðar. Slík verkefni koma þróunarlandinu oft mjög til góða, skapa umtalsverð verkefni fyrir ráðgjafarfyrirtæki, verktaka og iðnfyrirtæki í þróaða landinu, en gera fyrirtækjum í öðrum löndum eins og Íslandi illmögulegt að koma tækniþekkingu sinni á markað. Ef til vill ættu Íslendingar að hugleiða að eyrnamerkja framlög til alþjóðastofnana jafnframt því sem auka þarf slík framlög. Dæmi frá löndum eins og Nýja-Sjálandi benda til þess að þegar til lengri tíma er litið geti framlög til þróunarlanda skilað sér að fullu til baka í formi viðskipta. En það er nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki leiti uppi slík verkefni á erlendri grund því að þau fást ekki að öðrum kosti. Það kom fram á fundinum að danska hitaveitusambandið hefur siglt í kjölfar styrkþega Jarðhitaskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna frá Kína eftir þjálfun þeirra á Íslandi til þess að afla verkefna fyrir dönsk ráðgjafarfyrirtæki og iðnfyrirtæki við hönnun og byggingu hitaveitna í Kína.

Margir telja að á sviði jarðhita standi Íslendingar best að vígi til að flytja út tækniþekkingu. Í því sambandi má geta þess að fyrirhugað er að ráðast í mikla uppbyggingu í tengslum við jarðhitaauðlindir Filippseyinga. Alþjóðabankinn fjármagnar umtalsverðan hluta verkefnisins auk þess sem lítils háttar aðstoð kemur frá Japan, Nýja-Sjálandi og Ítalíu. Íslenskt fyrirtæki — Virkir hf. — hefur með stuðningi Norræna verkefnaútflutningssjóðsins boðið í verkfræðiþátt, þ. e. hönnun, eftirlit, verkefnastjórnun o. fl. þætti þessa verkefnis, en ef til kæmi gætu Íslendingar hugsanlega einnig tekið að sér t. d. borunarvinnu og aðra þá tæknivinnu þar sem íslensk þekking og reynsla kynni að nýtast. Þess má geta að Virkir hf.

hefur um nokkurt árabil unnið að verkefni í Kenya og nú er á döfinni nýtt verkefni fyrir Eþíópíu. Þá mun einnig vera í uppsiglingu stórt jarðhitaverkefni í Grikklandi sem mjög er áhugavert fyrir íslenska tækniráðgjafa að fylgjast með. Eðlilegt er að Orkustofnun fylgist vel með þessum málum þar sem flestir jarðvísindamenn landsins með reynslu á sviði jarðhitarannsókna starfa hjá þeirri stofnun.

Benda má á að Slippstöðin á Akureyri hefur í samvinnu við finnska aðila kannað möguleika á að flytja út þekkingu sína og reynslu við skipasmíðar og hugsanlega smíði tilraunaskipa. Ákveðnir aðilar í Marokkó sýndu þessu verkefni áhuga en samningar náðust ekki. Nú er verið að reyna fyrir sér víðar á þessu sviði.

Úlfur Sigurmundsson framkvæmdastjóri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hefur haft með höndum athuganir á mögulegum útflutningi fiskveiði- og fiskvinnsluverkefna í Vestur-Afríku og víðar. Tilgangurinn er sá að flytja út íslenska framleiðslu, þekkingu og reynslu á fiskveiða- og fiskvinnslusviðinu. Þessi verkefni hafa notið aðstoðar Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, en skilyrði aðstoðar þar eru m. a. þau að norrænir hagsmunir séu skýrir og að hið minnsta tvær Norðurlandaþjóðanna eigi hagsmuna að gæta í hverju verkefni sem sjóðurinn styrkir. Að auki hefur sjóðsstjórnin lagt þunga áherslu á að verkefni feli í sér raunhæfa möguleika á viðskiptum sem byggjast á markaðslegum sjónarmiðum. Í árslok 1983 höfðu íslenskir aðilar fengið 128 000 finnskra marka framlög úr sjóðnum og voru það 6% þess heildarfjár sem varið hafði verið til aðstoðar.

Þótt hér hafi einkum verið vikið að möguleikum Íslendinga til útflutnings á sérþekkingu á sviði sjávarútvegs og jarðhita eru möguleikarnir til á fleiri sviðum. Í erindi Pálma Kristinssonar byggingarverkfræðings, sem mjög hefur hugað að útflutningsmöguleikum innlends verktakaiðnaðar, á aðalfundi Verktakasambands Íslands 30. mars s. l. kom m. a. fram að útflutningur á verktakastarfsemi væri nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í þróun verktakaiðnaðarins hér á landi. Hann fullyrti að þrátt fyrir frekar bágborið ástand verktakaiðnaðarins í heild væru hér á landi 2–4 verktakafyrirtæki sem ættu möguleika á og hefðu þörf fyrir að komast á erlenda markaði. Ástæðan væri einkum lítill og sveiflukenndur markaður hér á landi og að þannig hefði verið brugðist við svipuðum vanda meðal annarra þjóða. Á Norðurlöndum hefðu opinberir aðilar og fyrirtæki á öllum sviðum byggingar- og mannvirkjagerðar (ráðgjöf, hönnun, framkvæmdir) tekið höndum saman til að efla þessa starfsemi. Ávinning slíkrar starfsemi taldi Pálmi einkum fólginn í eftirfarandi:

— Tækifæri gefst til að flytja út hugvit, reynslu og verkkunnáttu íslenskra verktakafyrirtækja og tæknimanna.
— Í kjörfar slíkrar starfsemi fylgir oft aukin eftirspurn eftir iðnaðarvörum tengdum mannvirkjagerð.
— Við störf erlendis fæst reynsla á ýmsum sviðum sem síðar kemur að gagni við úrlausn verkefna hér heima og stuðlar því að tækniframförum og aukinni framleiðni í íslenskum byggingariðnaði.
— Við störf erlendis skapast sambönd við erlend verktakafyrirtæki í samkeppni og samstarfi og ætti það að efla fyrirtækin.
— Útflutningur á verktakaiðnaði skapar nýja starfsmöguleika og er gjaldeyrisaflandi.
— Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir að útflutningur á verktakastarfsemi er arðvænlegri en sambærileg starfsemi á heimamarkaði.

Þá kom fram í máli Pálma að markaðsöflun væri gífurlega kostnaðarsöm og í nágrannalöndunum hafi opinberir aðilar komið til aðstoðar með lánafyrirgreiðslu og markaðsöflun gegnum utanríkisþjónustu eða markaðsskrifstofur erlendis.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að það sé lykilatriði að samræma betur útflutningstilraunir Íslendinga. Útflutningur á hugviti og þjónustu þarf að teljast eðlilegur þáttur í útflutningsstarfsemi þjóðarinnar.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um framhaldsrannsóknir á ilmenitmagni í Húnavatnssýslum, eiginleikum þess og vinnsluhæfni.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim ilmenitsvæðum sem þekkt eru í Húnavatnssýslum og leita nýrra svæða þar sem títanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni títans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf, fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Er hún því endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

„Vitað er um nokkra staði í Húnavatnssýslum þar sem ilmenit er að finna, en ilmenit er títansteind ($TiFeO_3$) sem er helsta títanhráefnið í heiminum sem unnið er nú.

Ilmenitið er unnið bæði úr bergi og sandi og er það aðallega í basísku djúpbergi (gabbróí).

Þeir staðir, sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum, þar sem ilmenit er að finna, eru Steinsvað í Víðidalsá, Urðarfell upp af Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan í Víðidalsfjalli, Deildarhjalli í Vatnsdalsfjalli og fleiri staðir. (Sjá fskj.)

Þær takmörkuðu rannsóknir, sem fram hafa farið á þessum stöðum, benda til þess að þar geti verið um mikið magn af basísku bergi að ræða, og hafa frumrannsóknir sýnt athyglisvert magn af títan, auk málmsteinda, í berginu.

Árið 1978 var gefin út könnunarskýrsla Iðnþróunarstofnunar Íslands og Orkustofnunar um íslenskt ilmenit.

Fram kemur í skýrslunni að þótt hlutfall títans og annarra verðmætra efna í íslensku ilmeniti sé e. t. v. lágt miðað við það sem best gerist erlendis, þá sé tekið til vinnslu berg með sífellt minna innihaldi verðmætra efna með hverju árinu sem líður, þar sem auðugustu námurnar eru nýttar fyrst og verið er að taka til vinnslu námur sem ekki þóttu vinnsluhæfar áður. Dæmi: kopargrýti 1942 1.1%, 1977 0,65%, 2000 (áætl.) 0,03%.


Þá virðast rannsóknir sýna að á Íslandi sé títanauðugt berg í allmiklum mæli á hverjum stað, einnig virðast kornastærð, aukaefni, harka bergsins o. fl., sem máli skiptir varðandi vinnsluhæfni, hagstætt íslenska ilmenitinu.

Með tilkomu nálægrar orkuvinnslu (Blönduvirkjunar), með tilliti til nálægðar tveggja þéttbýlisstaða, Hvammstanga og Blönduóss, og hafnaraðstöðu þar, svo og með tilliti til þéttbýlla sveita í næsta nágrenni virðast ýmis skilyrði vera fyrir hendi til framkvæmda og framleiðslu ef þær rannsóknir, sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að fram fari, leiða í ljós að hagkvæmt sé að hefja vinnslu títans og annarra verðmætra efna á þeim stöðum sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að benda sérstaklega á mismun þess að vinna dýrmæt hráefni til iðnaðarframleiðslu úr íslenskri jörð eða flytja hráefnið e. t. v. um hálfan hnöttinn hingað til vinnslu eins og gert er.

Þar sem nokkur vitneskja er þegar fyrir hendi um verðmæt efni í jörðu hér á landi, eins og að framan greinir, ber okkur að bæta við þá vitneskju með frekari rannsóknum, svo við vitum hvar við stöndum í þessum efnum, og vinna að verðmætasköpun með íslenskum höndum úr íslenskri jörð og með íslenskri orku, ef eða þegar hagkvæmt þykir. Það er með þessi grundvallaratriði í huga sem flm. flytja þessa þingsályktunartillögu og vonast til að hún njóti skilnings og fyrirgreiðslu Alþingis.“

Fylgiskjal.



Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um staðgreiðslu skatta.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á staðgreiðslukerfi skatta eigi síðar en tveimur árum eftir samþykkt þessarar ályktunar.

Greinargerð.

Fyrir tæpum 20 árum, eða árið 1965, lýsti þáverandi ríkisstjórn því yfir að hún vildi taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Allar götur síðan hefur mikil vinna farið í undirbúning þess að taka upp slíkt kerfi og á þessum hartnær 20 árum hafa margar ríkisstjórnir haft staðgreiðslu skatta á stefnuskrá sinni. Tvisvar sinnum hafa verið lögð fram frumvörp um þetta efni, árin 1978 og 1981, án þess að hljóta endanlega afgreiðslu á þingi.

Með flutningi þessarar tillögu vilja fulltrúar Kvennalistans láta í ljósi afstöðu sína til þessa máls. Sú afstaða mótast af hagsmunum skattgreiðenda og þá fyrst og fremst þeirra sem hafa sveiflukenndar tekjur. Má þar sérstaklega nefna sjómenn og fiskvinnslufólk, svo og konur sem þurfa að minnka við sig störf utan heimilis eða hverfa tímabundið af vinnumarkaði til að gæta bús og barna.

Fullvíst er að staðgreiðslukerfi skatta á fylgi innan allra flokka og stjórnmálasamtaka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi og með afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu kæmi í ljós hvort um meirihlutafylgi er að ræða.

Sþ. 129. Fyrirspurn [125. mál]

til samgönguráðherra um símamál.

Frá Ellert B. Schram.

Hvaða ráðstafanir gera yfirvöld Pósts og síma til að símleyndar sé gætt, bæði allajafna og sérstaklega í verkföllum opinberra starfsmanna? Er það gert með sérstöku eftirliti eða tækjabúnaði?

Sþ. 130. Fyrirspurn [126. mál]

til menntamálaráðherra um skipan nýs útvarpsstjóra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar við nýlega skipan í embætti útvarpsstjóra?
2. Var leitað umsagnar útvarpsráðs, starfsmannafélaga Ríkisútvarpsins eða einhverra annarra aðila?
3. Var rætt við alla umsækjendur og náms- og starfsferill þeirra kannaður til hlítar?

Sþ. 131. Fyrirspurn [127. mál]

til forsætisráðherra um hagsmunaárekstra í stjórnsýslunni.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hafa verið gefnar út leiðbeiningar í Stjórnarráðinu eða í einstökum ráðuneytum til að koma í veg fyrir að eigin hagsmunir hafi eða geti haft áhrif á störf
a) ráðherra
b) forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana eða
c) annarra opinberra starfsmanna?

Ef svo er, hvernig hljóða þær? Ef ekki, telur ráðherra þörf á að setja slíkar leiðbeiningar?

Sþ. 132. Fyrirspurn [128. mál]

til viðskiptaráðherra um breytingar á afurðalánum bankakerfisins.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á afurðalánum Seðlabankans og viðskiptabankanna til atvinnuveganna á undanförnum mánuðum?
2. Hafa þessar breytingar ekki haft í för með sér lakari lánafyrirgreiðslu en áður var?
3. Leiða þessar breytingar til þess að vísað sé í auknum mæli á erlendar lántökur?
4. Er áformað að draga enn frekar úr lánafyrirgreiðslu Seðlabankans á næstunni?

Ed. 133. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1981, um breyting á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Tómas Árnason, Skúli Alexandersson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

Síðari málsliður 6. greinar laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í maímánuði árið 1981 voru samþykkt lög þess efnis að hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skuli nota það við akstur á vegum. Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsa fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í september 1980, lyki. Á þeirri stundu ætluðu menn að endurskoðunin væri vel á veg komin þannig að um skammtímaráðstöfun væri að ræða

varðandi refsiákvæði laganna. Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hluta þáverandi alþingismanna í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda.

Samkvæmt sérstakri skýrslu, sem tekin var saman á vegum Umferðarráðs um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983, kemur fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum beðið bana. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða; þar af eru 15 frá 1. október 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi. Á þessu sést að hér er um stórt mál að ræða sem í bókstaflegri merkingu getur skilið milli lífs og dauða, og því brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum.

Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er, en samkvæmt síðustu talningu lögreglu og Umferðarráðs var notkun hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsæti. Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, t. d. í Noregi þar sem lagaákvæði án refsingar giltu um nokkurra ára skeið án þess að viðunandi árangur næðist. Í Sviss voru lög um skyldunotkun frá árinu 1976 numin úr gildi í árslok 1977 en öðluðust gildi á ný árið 1981. Kom fram greinileg sveifla á þessum árum þar sem beint samhengi reyndist milli lítillar notkunar öryggisbelta og fjölgunar látinna í umferðarslysum.

31. janúar s. l. var rétt ár liðið frá því að sett voru lög um skyldunotkun öryggisbelta í Bretlandi. Á þessu ári fækkaði banaslysum farþega í framsætum úr rúmlega 2200 í um 1500, eða um þriðjung. Auk mannslífanna er talið að öryggisbeltin hafi forðað fimm til sjö þúsund manns frá alvarlegum meiðslum. Andlitsmeiðslum hefur t. d. fækkað þar í sumum sjúkrahúsum um 70%, höfuðmeiðslum fækkað verulega og augnmeiðsli vegna bílslysa hafa nær horfið á mörgum sjúkrahúsum. Nú munu um 90 af hundraði breskra bílstjóra og framsætisfarþega nota belti enda sekt um 2500 krónur ef út af er brugðið. Ef framsætisfarþegi hefur ökuréttindi og gerist brotlegur við lögin greiðir hann sektina sjálfur, annars verður bílstjórinn að greiða fyrir hann. Margir áhrifamiklir aðilar í Bretlandi lögðust á sínum tíma gegn lagasetningu um skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal var félag breskra bíleigenda sem mælti með notkun án lögþvingunar. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengist, hefur félagið snúið við blaðinu og styður lögin.

Allt kemur þetta heim og saman við þá skoðun fjölmargra aðila hér á landi, þ. á m. Umferðarráðs, að lögum um skyldunotkun verði að fylgja refsiákvæði eins og umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. Enda munu vandfundin lög þar sem dómsvaldinu er ekki ætlað að beita viðurlögum ef út af er brugðið. Á sama hátt má ætla að undansláttur í framkvæmd einnar lagagreinar leiði til minni virðingar manna fyrir öðrum lögum.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt. Það var samþykkt samhljóða í efri deild, en þegar kom til afgreiðslu í neðri deild mætti frumvarpið þeim hindrunum sem vörnuðu því framgangs. Hvers vegna vita flutningsmenn ekki. Það er hins vegar ástæða til að spyrja nú hve margir hafi látið lífið í umferðarslysum á þeim tíma, sem liðinn er frá því að tök voru á að samþykkja frumvarpið, vegna þess að þeir notuðu ekki bílbelti. Og enn má spyrja: Hve margir verða örkumla ævilangt vegna þessa?

Sþ. 134. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands.

Flm.: Gunnar G. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla og hraða rannsóknum á landgrunni Íslands, innan jafnt sem utan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, með sérstöku tilliti til auðlinda sem þar kunna að finnast.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er því endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

Rúmt ár er nú liðið frá því að hinn nýi hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður af Íslands hálfu og af 117 öðrum þjóðum. Varð það þann 10. desember 1982.

Með sáttmála þessum er staðfestur yfirráðaréttur strandríkja sem Íslands til landgrunnsins og hafsbotnsins innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Þar að auki getur verið um að ræða réttindi ríkja utan við þau mörk allt út að 350 sjómílna mörkunum eða jafnvel enn lengra. Byggist það á jarðfræðilegu framhaldi landsins og öðrum jarðfræðilegum þáttum landgrunns og hafsbotns. Af þessum sökum er hin mesta nauðsyn á því að aflað sé sem gleggstrar vitneskju um landgrunnið og hafsbotninn umhverfis Ísland svo að unnt sé að styðja kröfur um landgrunnsréttindi utan 200 sjómílna markanna, en þar er m. a. um að ræða hafsbotnssvæðin í suðausturátt, svo sem áður hefur komið fram í ályktunum Alþingis. Hér er um grundvallarrannsóknir að ræða sem hverri þjóð er nauðsynlegt að framkvæma, og þá ekki síst Íslendingum sem eiga hér verulegra hagsmuna að gæta. Slíkar rannsóknir á íslenska landgrunninu hafa til þessa aðeins átt sér stað í takmörkuðum mæli. Nauðsyn er því á að gerð verði rannsóknaráætlun til nokkurra ára þar sem fjallað verði um öflun aukinnar almennrar grundvallarþekkingar á landgrunninu og hafsbotninum umhverfis landið og þá jafnt utan 200 sjómílna markanna sem innan þeirra. Er eðlilegt að leitað verði samvinnu við erlendar vísindastofnanir um slíkar rannsóknir en alþjóðasamvinna á þessum vettvangi hefur farið mjög vaxandi hin síðari ár. Er þetta hið fyrra markmið þessarar þingsályktunartillögu.

Í öðru lagi er hin mesta nauðsyn á því að efla og hraða rannsóknum á landgrunni Íslands svo að unnt verði að ganga úr skugga um það hvaða auðlindir kunna að finnast þar. Slíkar rannsóknir hafa fram til þessa verið af mjög skornum skammti og hefur þar fyrst og fremst hamlað skortur á fjármagni og tækjakosti. Einn helsti áfanginn er þó könnun sem bandaríska fyrirtækið Western Geophysical Co. of America gerði á setlögum fyrir norðan Ísland árið 1978. Um þessar rannsóknir og aðrar gaf iðnaðarráðherra Alþingi skýrslu 10. janúar 1980.

Niðurstöður rannsókna hins bandaríska fyrirtækis voru þær að um veruleg setlög væri að ræða fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, en tilvist setlaga er forsenda þess að um olíu eða jarðgas geti verið að ræða. Mælingar þessar voru hins vegar frummælingar og þarf að gera mun ítarlegri rannsóknir og tilraunaboranir til þess að unnt sé að segja fyrir um það með nokkurri vissu hvort horfur séu á að olía finnist á þessu svæði.

Tilraunaboranir fóru í framhaldi af þessu fram í Flatey á Skjálfanda árið 1982 á vegum Orkustofnunar. Staðfestu þær að allþykk setlög er að finna undir eynni en borholan var hins vegar langt frá því að vera nógu djúp til þess að unnt væri að ganga úr skugga um heildarþykkt setlaganna.

Um framkvæmd annarra hagnýtra hafsbotnsrannsókna við Ísland hefur vart verið að ræða á síðustu árum. Þó hefur nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, sem skipuð var 1980 af þáverandi iðnaðarráðherra, gert áætlanir um slíkar rannsóknir. Er frekar vikið að störfum hennar og öðrum þáttum þessa máls í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari. Nefndin hefur nú hætt störfum og önnur ekki enn verið skipuð.

Þessu til viðbótar skal þess getið að áform eru um rannsóknir á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen með tilliti til auðlinda sem þar kynnu að finnast. Munu rannsóknirnar fara fram á grundvelli samnings Íslands og Noregs um Jan Mayen sem í gildi gekk 1982. Norðmenn munu kosta slíkar forrannsóknir en Íslendingar munu þó bera einhvern kostnað vegna forvinnu og úrvinnslu rannsóknargagna.

Hér verður ekki getið nánar um forsögu landgrunns- og hafsbotnsrannsókna við Ísland. Flm. hefur óskað eftir greinargerð um þau efni sem Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytisins, hefur tekið saman og birt er sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Meginatriði þessa máls er það að hagnýtar auðlindarannsóknir á landgrunninu hafa til þessa verið af mjög skornum skammti. Mál er að á því verði breyting og þessum málum miklu meiri gaumur gefinn af stjórnvöldum. Hér á landi starfa allmargir vísindamenn sem menntun hafa til slíkra rannsókna, en þá hefur til þessa skort starfsaðstöðu, rannsóknartæki og fjármagn til starfa á þessu sviði. Þá er og sjálfsagt að hefja nýja og nánari samvinnu við erlenda rannsóknaraðila við auðlindaleit hér við land, auk Norðmanna. Mál þessi hafa áður komið til kasta Alþingis. Má þar nefna frumvarp til laga um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði sem flutt var í efri deild 1981 af þeim Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Það frumvarp náði ekki fram að ganga.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér liggur fyrir, er flutt til þess að hvetja til skjótra aðgerða í þessum mikilvægu málum. Landgrunn Íslands innan 200 sjómílna markanna er sjö sinnum stærra en landið sjálft og full ástæða til þess að kanna sem fyrst hvaða auðlindir þar kunna að leynast. Eins og sakir standa er ekki um að ræða skipulagt starf á þessu sviði né mótaðar rannsóknaráætlanir. Á þessu þarf að verða breyting og með tillögu þessari er einmitt hvatt til þess að svo megi verða.

Fylgiskjal.

Greinargerð Árna Þ. Árnasonar skrifstofustjóra iðnaðarráðuneytisins um rannsóknir setlaga og hugsanlegra auðlinda í landgrunninu.

1. Rannsóknir.

Á síðustu öld hafa farið fram nokkrar rannsóknir á jarðfræði Íslands og byggingu landsins. Á síðustu áratugum hafa berglög á Íslandi verið nokkuð könnuð og leitað ýmissa jarðefna sem verðmæt gætu verið til vinnslu. Þá hafa orkulindir á landi, s. s. vatnsafl og jarðvarmi, verið mikið kannaðar og nýttar að nokkru. Hagnýtar rannsóknir hafa á síðustu áratugum farið fram á vegum iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnunar, Rannsóknaráðs ríkisins o. fl.

Rannsóknir á hafsbotninum og jarðlögunum undir honum eru svo að segja nýhafnar hér á landi. Rannsóknir á jarðlögum sjávarbotnsins á íslensku yfirráðasvæði eru stutt á veg komnar. Ekkert verður um það sagt á þessu stigi hvort olíu eða önnur verðmæt jarðefni er að finna í þessum jarðlögum. Eigi er hægt að ganga endanlega úr skugga um hvort um olíu sé

að ræða nema með borunum. Hins vegar má með jarðeðlisfræðilegum könnunaraðferðum leiða að því líkur hvort jarðlagaskipan sé slík að hún sé líkleg til að mynda svo kallaðar olíugildrur. Með slíkum jarðeðlisfræðilegum könnunum er minnkuð sú áhætta að grípa í tómt sem jafnan er samfara borunum. Að þessu leyti er olíuleit um margt hliðstæð jarðhitaleit eins og hún hefur verið stunduð um árabil á Íslandi.

Þær jarðeðlisfræðilegu könnunaraðferðir, sem reynst hafa gagnlegastar við leit að olíu og gasi, eru jarðsveiflumælingar (seismik), segulmælingar og þyngdarmælingar. Af þessum aðferðum eru jarðsveiflumælingar langmest notaðar í olíuleit og gefa bestar upplýsingar um líklegar olíugildrur. Jarðsveiflumælingar fela í sér könnun á jarðlögum með hljóðbylgjum. Þessar mælingar eru jafnan gerðar frá skipi. Þyngdarmælingar gefa upplýsingar um gerð og byggingu berglaga með mismunandi eðlismassa. Þau hafa lítil en þó vel mælanleg áhrif á aðdráttarafl jarðar. Þyngdarmælingar á sjávarsvæðum eru venjulega framkvæmdar á skipi. Segulmælingar eru hins vegar ýmist framkvæmdar í flugvélum eða á skipum. Berglög með mismunandi seguleiginleika hafa áhrif á segulsvið jarðar við yfirborð. Því geta slíkar mælingar gefið vísbendingu um skipan jarðlaga á svipaðan hátt og hinar tvær fyrrtöldu aðferðir. Jarðeðlisfræðilegar mælingar eru yfirleitt gerðar samfellt eftir beinum línum og eru þær mismunandi þéttar eftir því hversu ítarleg könnunin á að vera, allt frá 20 km milli lína niður í 2 km.

2. Þrjú stig olíuleitar.

Gera má greinarmun á þrem stigum í olíu- og jarðgasleit:

1) Jarðeðlisfræðileg frumkönnun til leitar að setlögum.
2) Jarðeðlisfræðilegar setlagarannsóknir. Nákvæm skoðun á gerð setlaga og leit að setmyndunum þar sem hugsanlega gæti safnast olía eða jarðgas.
3) Boranir. Bein leit að olíu eða jarðgasi með borunum á líklegum stöðum.

Meðferð málsins á hverju þessara stiga krefst sérstakrar stefnumörkunar og verður sú stefna eigi mótuð án vitneskju um niðurstöður fyrri rannsókna.

3. Horft til Norðmanna.

Í sambandi við rannsóknir á landgrunni Íslands, olíuleit og umsóknir ýmissa aðilja um leyfi til rannsókna og leitar þar hefur lengi verið litið til Norðmanna um það hvernig þeir hafa staðið að undirbúningi viðræðna og samningagerð um olíuleit. Hefur áhugi verið fyrir því að fá vitneskju um þá reynslu sem af þessum málum hefur fengist í Noregi.

Á fundi norrænna iðnaðarráðherra í Stavanger í júní 1975 ræddi dr. Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnaðarráðherra, þessi mál við Ingvald Ulveseth, þáverandi iðnaðarráðherra Noregs, svo og O.C. Muller, ráðuneytisstjóra norska iðnaðarráðuneytisins. Tóku þeir því ákaflega vel að veita upplýsingar og buðu fram alla aðstoð og fyrirgreiðslu í því efni. Þegar Odvar Nordli forsætisráðherra, ásamt Eivind Bolle sjávarútvegsráðherra, komu til Íslands í opinbera heimsókn í ágústmánuði 1976 var þetta mál einnig tekið upp. Á norrænum ráðherrafundi í Helsingfors í desember 1976 komu þessi mál til umræðu milli Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra, Nordlis og Bjartmars Gerde iðnaðarráðherra Noregs, og kom þar fram að norska ríkisstjórnin vildi bjóða Íslendingum að kynna sér þessi mál.

4. Nefndarskipan, skýrslugerð, málið hjá ríkisstjórn.

Á ríkisstjórnarfundi hinn 1. febrúar 1977 var samþykkt tillaga iðnaðarráðherra, dr. Gunnars Thoroddsens, þess efnis að fela þrem mönnum að kynna sér og gera skýrslu um það með hverjum hætti norsk stjórnvöld undirbjuggu viðræður og samningagerð um olíuleit á landgrunni Noregs. Skipaði iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 7. febrúar 1977, eftirtalda þrjá menn til að annast framangreint verkefni: Árna Þ. Árnason skrifstofustjóra, formann,

Árna Tryggvason sendiherra og dr. Guðmund Pálmason jarðeðlisfræðing. Kynntu nefndarmenn sér þessi mál í Noregi og lauk nefndin störfum og skilaði skýrslu til iðnaðarráðherra 18. mars 1977. Lagði ráðherra skýrsluna síðan fyrir ríkisstjórnina.

5. Starfshópur iðnaðarráðuneytisins.

Í framhaldi af þessu starfaði síðan, að boði iðnaðarráðherra, dr. Gunnars Thoroddsens, á vegum ráðuneytisins vinnuhópur að undirbúningi sambærilegra mála hérlendis. Umræddan starfshóp skipuðu frá byrjun Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, dr. Guðmundur Pálmason jarðeðlisfræðingur, Orkustofnun, Ólafur Egilsson deildarstjóri, utanríkisráðuneyti, Þóroddur Th. Sigurðsson verkfræðingur og Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytisins, formaður. Síðar, er kom til viðræðna við áhugaaðila um frumkönnun á landgrunninu, bættust í hópinn Gunnar Bergsteinsson forstöðumaður Sjómælinga Íslands og Gísli Einarsson hrl., fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu. Annaðist starfshópurinn undirbúnings- og ráðgjafarstörf, tillögur og greinargerðir fyrir ráðherra, viðræðufundi við erlenda áhugaaðila og samningafundi.

Hafsbotnsrannsóknir þær, sem vinnuhópurinn fjallaði um, voru eingöngu gerðar með hagnýt viðskiptaleg sjónarmið fyrir augum.

6. Landgrunnsnefnd, Orkustofnun.

Rétt er að geta þess að hinn 8. maí 1972 var skipuð af menntamálaráðuneytinu svonefnd landgrunnsnefnd eða samstarfsnefnd um landgrunnsrannsóknir. Hlutverk nefndarinnar var m. a. að gera tillögur að skipulagningu og samræmingu vísindalegra rannsókna á landgrunni Íslands. Með bréfi, dags. 1. mars 1977, sendi umrædd samstarfsnefnd niðurstöður eða skýrslu landgrunnsnefndar, sem var dags. í nóvember 1976, um skipulag landgrunnsrannsókna. Í nefndinni áttu sæti dr. Vilhjálmur Lúðvíksson frá Rannsóknaráði ríkisins, dr. Guðmundur Pálmason frá Orkustofnun, Gunnar Bergsteinsson frá Sjómælingum Íslands, Gunnar Ólafsson frá Landhelgisgæslunni, Hlynur Sigtryggsson frá Veðurstofu Íslands, dr. Leó Kristjánsson frá Raunvísindastofnun Háskólans og dr. Svend Aage Malmberg frá Hafrannsóknastofnuninni.

Í skýrslu landgrunnsnefndar er m. a. greint frá því að nefndin hafi lagt til: „að hjá íslenskri stofnun, t. d. Orkustofnun, verði ráðið starfslið er fái aðstöðu til að sérhæfa sig í þeim málum sem þetta varðar og verði falið að hafa umsjón með hinum faglegu hliðum olíuleitar fyrir hönd Íslendinga. Hafi stofnunin jafnan yfirlit um stöðu þekkingar á landgrunni umhverfis Ísland frá sjónarmiði olíutilvistar eða annarra kolvetna og jarðefna í jarðlögum landgrunnsins. Yrði þetta eðlileg ráðstöfun þar sem Orkustofnun heyrir undir iðnaðar- og orkuráðuneytið og flestar ákvarðanir yrðu teknar á þeim vettvangi. Orkustofnun hefur auk þess á sínum snærum fræðilega þekkingu sem hagnýta mætti við túlkun mæliniðurstaðna. Olíuleitartækni yrði þannig auðvelt að byggja upp við hliðina á hliðstæðri starfsemi sem nú er í gangi á Orkustofnun.“

7. Almenn skilyrði rannsóknaleyfa.

Hinn 31. janúar 1978 skilaði vinnuhópur sá, er fjallaði um það á vegum iðnaðarráðuneytisins hvernig staðið skyldi að veitingum leyfa til setlagakönnunar, tillögum til iðnaðarráðherra. Lagði dr. Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra greinargerðina síðan fyrir ríkisstjórnina.

8. Stefnumörkun, ríkisstjórnarályktun.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 30. maí 1978 var gerð eftirfarandi samþykkt varðandi rannsóknir orkulinda á íslensku yfirráðasvæði:

„Ríkisstjórnin heimilar iðnaðarráðherra að veita leyfi til setlagarannsókna á landgrunni Íslands á grundvelli þeirra almennu skilyrða er fram komu í 2. kafla minnisblaðs frá 31. janúar 1978 sem lagt hefur verið fram í ríkisstjórninni. Umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins verði leitað hverju sinni."

9. Undirbúningur leyfisveitinga.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 30. maí 1978, fól iðnaðarráðherra formlega þeim mönnum, er starfað höfðu á vegum ráðuneytisins að þessum málum, að undirbúa leyfisveitingar til kannana á landgrunninu með tilliti til setlaga er kynnu að innihalda olíu, að annast samningaviðræður við fyrstu áhugaaðila og annað er nauðsynlegt kann að þykja í því sambandi, að gera tillögur um frekari skref eftir því, sem málin þróast. Skyldi vinnuhópurinn vinna að ætlunarverki sínu í samráði við þá aðila sem einstakir þættir málsins gæfu tilefni til.

10. Frumkönnun setlaga.

Fyrsti áfangi rannsóknar er, sem að framan segir, frumkönnun setlaga sem felur í sér mælingar gerðar frá skipi.

Á árinu 1971 heimilaði þáverandi iðnaðarráðherra, Jóhann Hafstein, Shell-olíufélaginu í Hollandi, mælingar á hafsbotninum við Ísland. Sérfræðileg viðskipti og umsjón væru þá falin Orkustofnun. Umfang mælinganna varð minna en efni stóðu til, um 300 km mælilína vestur af landinu.

Hinn 17. ágúst 1978 heimilaði iðnaðarráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical Co. að framkvæma slíkar rannsóknir. Hér var um að ræða bergmáls-, segul- og þyngdarmælingar frá skipi á fjórum línum norðan við landið, samtals 1100 km að lengd. Mælingarnar voru framkvæmdar í nóvember og desember 1978. Í umboði iðnaðarráðuneytisins var Orkustofnun falið að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum. Hafði hún um tíma eftirlitsmann, sérmenntaðan í jarðeðlisfræðum, um borð í skipinu og var það í samræmi við ákvæði leyfisins um að leyfishafa væri skylt að veita slíkum fulltrúa óhindraða aðstöðu til þess að fylgjast með öllum gangi rannsóknanna. Unnið var að mælingum í London á fyrri hluta árs 1979 og tók sérfræðingur Orkustofnunar þátt í allri úrvinnslu gagnanna. Í samræmi við skilmála leyfisveitingarinnar afhenti síðan rannsóknafyrirtækið iðnaðarráðuneytinu eintak af öllum gögnum og niðurstöðum könnunarinnar og var þeim öllum komið í vörslu Orkustofnunar.

11. Niðurstöður mælinganna 1978 um könnun á landgrunninu út af Norðurlandi.

Í könnuninni var mæld þykkt setlaga á sjávarbotninum norðan við landið á fjórum mælilínum að samanlagðri lengd 857 km. Þrjár af þessum línum lágu út frá ströndinni, en sú fjórða hornrétt þar á, nálægt brún landgrunnsins. Mælilínurnar voru lagðar í stórum dráttum samkvæmt tillögum frá Western Geophysical, en af íslenskri hálfu voru gerðar á þeim nokkrar breytingar með hliðsjón af upplýsingum sem aflað hafði verið með þyngdarmælingum á vegum Orkustofnunar á árunum 1972—1973, innan ramma rannsóknaráætlunar landgrunnsnefndar.

Miðlínan út frá landinu (lína C) reyndist einna áhugaverðust með tilliti til setlaga. Þar kemur fram setlagalægð, um 200 km löng og með hámarksþykkt setlaga um 4000 metra. Sjávardýpi er þar hvergi meira en 400 metrar. Berggrunnurinn undir setlögunum er brotinn sundur sums staðar, og ná misgengi upp í setlögin stundum alveg upp í sjávarbotninn. Jarðlagaskipaninni á þessum stað svipar að sumu leyti til þess sem fundist hefur á öðrum stöðum í heiminum þar sem kolvetni hafa safnast fyrir í setlögum.

Á hinum mælilínunum koma einnig fram setlög, en mjög misþykk, allt að 2000 metra þykk. Þessi rannsókn gefur þó aðeins mjög grófa hugmynd um dreifingu setlaga á landgrunninu norðan við landið.

12. Nefnd um hagnýtar setlagarannsóknir.

Með bréfi, dags. 4. september 1980, skipaði iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, nefnd til ráðgjafar um frekari undirbúning olíuleitar við Ísland og stefnumótun í því sambandi. Nefndin kom í stað áðurnefnds starfshóps er skipaður var með bréfi iðnaðarráðherra, Gunnars Thoroddsens, dags. 30. maí 1978. Í nefndina voru skipaðir: Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri, formaður, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri, varaformaður, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur, Guðmundur Magnússon verkfræðingur, dr. Guðmundur Pálmason forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, Jón Ólafsson haffræðingur og Þóroddur Th. Sigurðsson verkfræðingur. Ritari nefndarinnar var Karl Gunnarsson jarðeðlisfræðingur, Orkustofnun.

Verkefni nefndarinnar var að vinna að athugunum í sambandi við setlög og þá jafnframt könnun á vísindalegum möguleikum á kolvetnum á íslenska landgrunninu í samræmi við það sem sagði í stjórnarsáttmála um þetta efni:

„Haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda og í því sambandi gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða."

13. Frekari áform.

Rétt er að leggja á það áherslu að til þess að kolvetni finnist í berglögum þurfa bæði að vera fyrir hendi myndunarskilyrði, þ. e. lífrænar leifar, og geymsluskilyrði, þ. e. berg, sem geymt getur í sér kolvetnin í langan tíma. Af könnuninni 1978 og niðurstöðum hennar var ekki að vænta neinnar vísbendingar um það hvort hagstæð myndunarskilyrði fyrir kolvetni væru fyrir hendi. Ítarlegri jarðfræðilegar rannsóknir þarf að gera til að skera úr um þetta þar sem teknar væru með í myndina þær nýju upplýsingar sem þarna höfðu fengist.

Þótt ekki hafi fyrir fram verið vitað hvort um veruleg setlög væri að ræða á landgrunninu norðan við landið voru þó niðurstöðurnar ekki að öllu leyti óvæntar. Þyngdarmælingarnar, sem gerðar voru á árunum 1972—1973 á vegum Orkustofnunar, sýndu aflanga lægð í þyngdarsviðinu utan við mynni Eyjafjarðar og austur á Skjálfanda. Orsök hennar eru tiltölulega létt berglög. „Lína C" var lögð svo að suðurendinn næði yfir þyngdarlægðina og fékkst þannig staðfesting á því að setlög væru að öllum líkindum orsök hennar.

Setlagadalinn, sem kom fram í þyngdarmælingunum og kalla mætti Flateyjardal nyrðri því að Flatey situr á honum miðjum, var talið og er æskilegt að kanna betur með frekari rannsóknum.

Nefndin skilaði iðnaðarráðherra tillögu um umfangsmikla þriggja ára rannsóknaáætlun. Voru þær umfangsmestar á „Skjálfandadal" og frumrannsókn á suðurhluta Jan Mayen-hryggjar og við landið. Það fór svo að ekki fékkst nema takmörkuð fjárveiting fyrir næsta ár samkv. fjárlögum þar eð veittar voru 20 millj. g. kr. til þessara mála. Eins og gefur að skilja nægði þessi fjárveiting ekki til þess að framkvæma nein meiri háttar áform.

14. Rannsóknir á Skjálfandasvæðinu 1981.

Þær athuganir, sem fé hrökk til, beindust að Skjálfandasvæðinu. Þannig voru sumarið 1980, að tilstuðlan nefndarinnar (NHH) þar sem Orkustofnun var framkvæmdaraðili, stundaðar jarðfræðirannsóknir í Flatey á Skjálfanda, Flateyjardal og við Húsavík. Athuganir þessar miðuðust við að auka vitneskju um syðri takmörk setlaga þeirra sem liggja undir hafsbotni undan Mið-Norðurlandi. Jarðfræðikönnun var gerð í Flatey og nærri Húsavík og athuguð mæligögn úr borholum við Húsavík. Þyngdarmælingar fóru fram í Flatey og

Flateyjardal og umhverfis Húsavíkurkaupstað. Nokkrar segulmælingar voru einnig gerðar í Flatey.

Athuganir þessar bentu til þess að líkur væru á að setlögin, sem einna þykkust eru úti fyrir mynni Eyjafjarðar, en ná austur á Skjálfandasvæðið, væru einnig undir Flatey. Þannig gáfu þessar athuganir vísbendingu um að skynsamlegt væri að bora í Flatey til þess að kanna nánar undirstöðu eyjarinnar og þau setlög sem þar væri að finna.

15. Rannsóknaborun (grunnborun) í Flatey á Skjálfanda 1982.

Að tilstuðlan nefndarinnar (NHH) fól svo iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, Orkustofnun framkvæmd sérstakrar rannsóknaborunar í Flatey á Skjálfanda sumarið 1982 til þess að kanna hugsanleg setlög sem framangreindar mælingar bentu til að væri að finna undir eyjunni.

16. Niðurstöður. Staðfest tilvist setlaga.

Fyrstu niðurstöður kjarnaholuborunarinnar í Flatey árið 1982 lágu fyrir í ársbyrjun 1983. Borunin staðfesti þá tilgátu, sem sett hafði verið fram, að undir Flatey væri að finna allþykk setlög, en borholan var hins vegar langt frá því að vera nægilega djúp til þess að ganga úr skugga um heildarþykkt þeirra. Engar vísbendingar um kolvetni fundust í borkjörnum og setlögin virtust ekki sérlega líkleg til myndunar eða geymslu olíu, en þörf er talin á frekari rannsóknum svo að fullyrða megi um það.

Sem stendur er unnið að áframhaldandi rannsóknum á borkjörnum í því skyni að varpa ljósi á myndunarsögu jarðlaganna og hverjar líkur kunni að vera á kolvetnamyndun á meira dýpi. Til að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögunum þar nyrðra þarf að bora niður fyrir 2000 metra dýpi. Samkvæmt fyrri vísbendingum gætu setlögin þarna verið um 4000 metra þykk. Rannsóknarholan var hins vegar 554 metra djúp og ekki voru tök á með þeim búnaði, sem fyrir var, að ná lengra niður.

17. Áform um rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum.

Í samningi Íslands og Noregs, sem undirritaður var 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen og gekk í gildi 2. júní 1982, er ákveðið að Ísland og Noregur skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til komi.

Í 2. og 3. gr. samningsins er nánar getið um framkvæmd fyrsta stigs kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar sem fram á að fara á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Norðmenn skulu kosta forrannsóknir á hafsbotninum en skipulag skal vera í höndum beggja aðila sameiginlega. Þótt Norðmenn komi til með að bera kostnað þurfa Íslendingar að gera ráð fyrir ýmsum atriðum og kostnaði, svo sem vegna forvinnu framkvæmdar og úrvinnslu rannsóknanna o. fl.

Í desembermánuði 1981 ræddi formaður NHH við forsvarsmann norsku olíustofnunarinnar í Stavanger um þessi mál og í janúar 1982 kom aðstoðarforstjóri stofnunarinnar hingað til Reykjavíkur á viðræðufund NHH um þessi mál.

Í apríl 1983 fól iðnaðarráðherra sérstaklega tveim forsvarsmönnum NHH að eiga viðræður í Stavanger við forsvarsmenn norsku olíustofnunarinnar um fyrsta stig kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar þeirrar á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen sem getið er í 2. og 3. grein framangreinds samnings. Á fundinum var rætt allítarlega og ákveðið hvernig tengslum aðila yrði háttað meðan á samvinnu stæði.

Í ofangreindum umræðum við olíustofnunina norsku var af hálfu fulltrúa iðnaðarráðherra kveðið á um það að sá aðili, sem annaðist tengsl við olíustofnunina af hálfu Íslands, að því er tekur til framkvæmdaatriða þessara rannsókna, verði Orkustofnun. Munu sérfræðingar Orkustofnunar og olíustofnunarinnar fjalla nánar um einstaka framkvæmdaþætti.

Stefnt er að því af hálfu beggja aðila að framkvæmd setþykktarmælinganna á Jan Mayen-hryggnum geti farið fram sumarið 1985.

Nefndin um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir hætti svo störfum hinn 31. desember 1983 skv. bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 19. desember 1983.

18. Aðstaða til hafsbotnsrannsókna hjá Orkustofnun.

Í samræmi við tillögu landgrunnsnefndar frá 1976 og síðari starfsemi á vegum iðnaðarráðuneytisins, NHH, hefur verið unnið að því að koma upp hjá Orkustofnun sérhæfðri aðstöðu til hafsbotnsrannsókna með orkulindir sérstaklega í huga. Faglega séð er slík starfsemi náskyld þeirri sem þegar er fyrir hendi hjá stofnuninni vegna jarðhitarannsókna. Sérfræðileg þekking, sem byggð hefur verið upp vegna jarðhitaleitar og rannsókna, nýtist þannig einnig við rannsóknir á hafsbotninum kringum landið.

Nú er verið að koma upp tölvuvæddu gagnasafni yfir allar rannsóknir sem gerðar hafa verið til þessa og snerta gerð hafsbotnsins á íslensku yfirráðasvæði. Eru slík gögn að talsverðu leyti fengin frá erlendum rannsóknastofnunum. Þess er að vænta að með þessu fáist gott yfirlit um þekkinguna á þessu sviði er nýta megi til stefnumörkunar um frekari rannsóknir, m. a. á Jan Mayen-hryggnum.

19. Löggjöf um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Þrátt fyrir ýmis gildandi lagaákvæði og samninga er landgrunnið ekki eign ríkisins í skilningi opinbers réttar. Hins vegar er það hluti af ríkissvæðinu, þannig að strandríkið hefur ríkisyfirráð varðandi allar rannsóknir og nýtingu auðlinda þess. Í þessu felst að enginn má rannsaka eða nýta auðlindir landgrunnsins án skýlauss leyfis strandríkis.

Þegar mál þessi öll eru skoðuð í ljósi framþróunarinnar er ljóst að nauðsynlegt er að setja skýrari ákvæði um heimildir ríkisins til nýtingar þeirra auðæfa sem á og í hafsbotninum kunna að vera. Ekki er útilokað að á og í hafsbotninum á íslensku yfirráðasvæði sé að finna verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja hið fyrsta lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Fyrir því var samið innan vébanda nefndar iðnaðarráðuneytisins um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir frumvarp til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Í frumvarpi þessu er einungis fjallað um lífrænar og ólífrænar auðlindir á og í hafsbotninum en ekki lífverur. Málum varðandi nýtingarrétt á lífríki sjávar verður hins vegar að skipa með sérstökum lögum, og því var ekki fjallað um þau á vettvangi iðnaðarráðuneytisins. Haft var samráð við þáverandi forsætisráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, og utanríkisráðherra, Ólaf Jóhannesson, og frumvarpið hafði áður verið borið undir m. a. dr. Gunnar G. Schram prófessor sem taldi að hér væri um gagnlegt og tímabært frumvarp að ræða. Frumvarp þetta var lagt fram af þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, á síðasta þingi, 105. löggjafarþingi, og varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fyrir efri deild Alþingis hinn 16. desember 1982. Núverandi ríkisstjórn hefur samþykkt, að tillögu Sverris Hermannssonar iðnaðarráðherra, að leggja umrætt frumvarp aftur fyrir Alþingi með fyrirvara um samþykki þingflokka stjórnarinnar þar sem frumvarpið er enn til afgreiðslu.

Sþ. 135. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um úthlutunarreglur húsnæðislána.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Helgi Seljan, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að sjá til þess að samþykkt húsnæðismálastjórnar frá 19. sept. sl. um breyttar úthlutunarreglur húsnæðislána, sem taka eiga gildi um næstu áramót, nái ekki fram að ganga.

Greinargerð.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra, sem byggja á hefðbundinn hátt, hafa verið greidd út í þremur áföngum, fyrsti hlutinn 6 mánuðum eftir að húsið er fokhelt, en annar hluti 12 mánuðum eftir fokheldi og síðasti hluti 18 mánuðum eftir fokheldi. Þessar úthlutunarreglur eru miðaðar við venjulegan byggingartíma steinsteyptra húsa.

Byggingartími einingahúsa er hins vegar miklu skemmri og hafa úthlutunarreglur lána til kaupenda slíkra húsa þess vegna miðast við að greiða þau út á u. þ. b. 10 mánuðum frá fokheldi.

Fyrsti hluti lánsins er þannig greiddur út ½ mánuði eftir fokheldi, annar hlutinn þremur mánuðum síðar og þriðji hlutinn um 10 mánuðum eftir fokheldi. Þess ber þó að gæta að fokheldisstig eru í raun ekki sambærileg. Hús, sem byggð eru með hefðbundnum hætti, eru talin fokheld með uppsteyptum veggjum en ófrágengnum að utan og innan, með pappa á þaki og plasti í gluggum og gættum, en einingahúsin hins vegar fullbúin að utan með gleri í gluggum, hurð í útidyrum, með frádregnum þakbrúnum og niðurföllum. Þá er einingahúsið einangrað og sum eru á þessu stigi með fullfrágengna veggi að innan, þ. e. tilbúna undir málningu.

Af þessu má sjá að fokheldisstig húsanna eru engan veginn sambærileg. Með þeim úthlutunarreglum, sem upp voru teknar árið 1977, var því stefnt að því að jafna aðstöðumun þeirra, sem kaupa einingahús, og þeirra sem byggja á hefðbundinn hátt. Enn fremur áttu þær að stuðla að bættri samkeppnisstöðu innlendrar einingahúsagerðar gagnvart innflutningi slíkra húsa, og að flestra mati hefur það tekist.

Hinn 19. september sl. samþykkti hins vegar húsnæðismálastjórn að úthlutun lána vegna einingahúsa skyldi frá næstu áramótum fara fram á jafnlöngum tíma og úthlutun lána vegna hefðbundinna húsa þrátt fyrir svo ólíkar aðstæður sem áður er lýst. Að mati flutningsmanna þessarar tillögu væri það spor aftur á bak ef þessi ákvörðun húsnæðismálastjórnar næði fram að ganga.

Framleiðsla og bygging einingahúsa hefur verið vaxandi atvinnugrein nú síðustu árin. Að margra áliti hefur þessi byggingarmáti auðveldað mörgum að koma sér upp húsnæði sem ella hefðu átt erfitt með það. Þar skiptir byggingartíminn meginmáli en hann er yfirleitt aðeins 3—6 mánuðir og getur raunar verið enn skemmri.

Það er húsbyggjendum í raun ómetanlegt hagræði að geta flutt inn í hús sitt aðeins örfáum vikum eftir að bygging þess hefst. Þess vegna er þessi byggingaraðferð kostur hinna efnaminni.

Augljóst er einnig það hagræði að geta unnið að framleiðslu húsanna að mestu leyti innan dyra í verksmiðju og stytta þannig mjög þann tíma sem unninn er úti við á byggingarstað í misjöfnum veðrum. Þannig fæst samfelld vinna sem ekki er jafnháð veðurfari og hefðbundin byggingarstarfsemi.

Auk hagræðis og sparnaðar fyrir húsakaupendur, og samfelldari og þægilegri vinnu við húsagerðina, má benda á að einingahús eru framleidd á ýmsum stöðum á landinu þar sem mikilvægt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði að hlúa að vaxandi atvinnugreinum.

Í greinargerð frá 3. maí 1983 vegna könnunar á íslenskum einingahúsum er talið upp 21 fyrirtæki sem framleiðir einingahús, þar af 6 á höfuðborgarsvæðinu, en hin 15 dreifð um allt landið, á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi, á Blönduósi, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Með samræmdum gæðakröfum og ströngu eftirliti hefur framleiðsla íslenskra einingahúsa orðið fyllilega samkeppnishæf við hefðbundinn byggingarmáta.

Þróun einingahúsaframleiðslu hérlendis nú hin síðustu ár hefur dregið stórlega úr innflutningi húseininga í íbúðar- og sumarhús. Sú þróun hefur án efa aukið hlut þeirra sem að byggingariðnaði starfa.

Með breyttum úthlutunarreglum lána, sem húsnæðismálastjórn leggur til að taki gildi um næstu áramót, væri verið að auka aðstöðumun tvenns konar byggingaraðferða sem hvorar tveggja eiga jafnmikinn rétt á sér. Þær reglur yrðu öllum í óhag, húsbyggjendum og byggingariðnaðinum í heild.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að á árinu 1985 leggi íslenska ríkið fram 10 milljónir króna til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík og síðan samkvæmt fjárlögum hverju sinni með hliðsjón af verkáætlun til 10 ára.

Kirkjumálaráðherra skipi sjö manna nefnd til að annast undirbúning verksins og eftirlit með framkvæmd þess. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumálaráðherra tilnefni einn mann, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra, biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju í Reykjavík, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Greinargerð.

Hvaða afstöðu sem menn kunna að hafa persónulega til guðdómsins og kristninnar, og í þeim efnum eru skoðanir Íslendinga mjög skiptar, getur enginn maður neitað því að kristin menning hefur haft ómælanleg og mikilsverð áhrif á íslenska menningu og listsköpun. Þegar Íslendingar rituðu þær miðaldabókmenntir, sem lengur en nokkuð annað mun halda nafni þessarar dvergþjóðar á lofti, gerðist það fyrir þann sköpunarmátt er leystist úr læðingi þegar heiðin norræn menning og kristin Evrópumenning mættust á endimörkum heimsins.

Náin tengsl hafa ævinlega verið milli trúar og listar og nægir í því tilliti að nefna evrópskar miðaldakirkjur og listskraut þeirra, einhver mest völundarsmíð á byggðu bóli, ellegar alla þá dýrlegu tónlist sem orðið hefur til kringum trúariðkanir. Á þeim öldum, þegar kristnin átti hvað sterkust ítök í hugum Evrópumanna og konungar, furstar og kirkjuhöfðingjar gengust fyrir því að eyða stórfelldum fjármunum til að reisa voldugar kirkjur, gera stórfengleg myndverk og semja göfuga tónlist guði til dýrðar, þá áttu Íslendingar ekki þann veraldlega auð sem þurfti til að reisa óbrotgjarna minnisvarða af áþreifanlegu tagi. En við

áttum samt andann og það efni sem kannski er öllu dýrara, orðin. Og við áttum menn sem gátu sett saman úr þessu efni þau listaverk sem munu standa meðan einhver kann íslensku og metur list. Sá maður, sem best kvað á íslensku, var auðvitað séra Hallgrímur Pétursson.

Nú eru breyttir tímar. Íslendingar eiga nú veraldarauð nægan til að reisa guði voldugar byggingar, og undanfarna áratugi hefur verið unnið af mikilli atorku og ósérhlífni við að koma upp mannvirki á Skólavörðuholti í minningu hins mikla skálds. Um þessa kirkju hefur að vísu staðið nokkur styr þá áratugi sem hún hefur verið í smíðum, en nú er byggingu hennar að ljúka og hún er óumdeilanleg staðreynd og því mál að þrætum linni og menn taki höndum saman um að gera kirkju séra Hallgríms sem veglegasta og fegursta. Engin ytri vandkvæði ættu að vera á slíku þar sem þjóðin á nú orðið valinn hóp manna sem getur unnið fagra hluti úr margvíslegustu efnum: litum, gleri, mósaík, steini, bronsi o. s. frv. Það sem hins vegar þarf að koma til er sú stærð í hugsun, sú efling andans, sem fyrri tíma furstar og höfðingjar höfðu til að bera þegar þeir létu gera miðaldakirkjur að ódauðlegum listaverkum, og einnig var aflvaki séra Hallgríms Péturssonar þegar hann orti sín ódauðlegu ljóð.

Íslendingar greiða seint skuld sína við séra Hallgrím Pétursson. En minningu hans verður vart meiri sómi sýndur en með því að fela íslenskum listamönnum að gera kirkju hans að musteri listar og fegurðar í hjarta höfuðborgar landsins þar sem menn mega eiga griðastað til að hlýða á það sem hann unni mest, orð guðs, skáldskap og tónlist.

Á árinu 1986 er áætlað að ljúka byggingu hinnar miklu kirkju séra Hallgríms. Hallgrímskirkja hefur algjöra sérstöðu meðal kirkna landsins sem landskirkja, eign allrar þjóðarinnar og mest guðshús á Íslandi. Það væri því mjög við hæfi að Alþingi gæfi höfuðborg landsins og kirkju þá gjöf sem hér er lagt til, gjöf sem standa mun meðan land byggist, bornum og óbornum til friðar og gleði.

Byggingarsaga Hallgrímskirkju.

Fyrsta tillagan um kirkjubyggingu á Skólavörðuholti kom fram árið 1916, um svipað leyti og hafist var handa við byggingu safnhúss Einars Jónssonar, Hnitbjarga. Guðjón Samúelsson, hinn mikli húsameistari sem síðar varð, var þá nemi í húsagerðarlist við listaakademíuna í Kaupmannahöfn og var að vinna að fyrsta stórverkefni sínu, húsi Nathans og Olsens.

Sjálfur segir Guðjón Samúelsson í viðtali við Morgunblaðið 14. desember 1924:

„Árið 1916 kom til orða að farið yrði að hugsa fyrir byggingu handa þjóðminja-, náttúrugripa- og málverkasafninu, og bað Einar Arnórsson mig um að gera uppdrátt að húsi fyrir þessi söfn. Var þá helst talað um að það yrði byggt á Skólavöruhæðinni. Uppdrátt þann gerði ég, og datt mér þá í hug að vel væri við eigandi að reisa kirkju þarna líka og gerði ég uppdrátt að henni um leið. Mynd af uppdrættinum er í síðasta hefti Óðins."

Guðjón Samúelsson lauk námi árið 1919 og var ári síðar skipaður húsameistari ríkisins. Því starfi gegndi hann til dauðadags árið 1950 og hafa fáir menn haft jafnmikil áhrif á íslenska húsagerðarlist og hann. Meðal helstu verka hans eru Þjóðleikhúsið, Háskóli Íslands, Landspítalinn, Sundhöll Reykjavíkur, Akureyrarkirkja — og síðast en ekki síst Hallgrímskirkja í Reykjavík.

Árið 1924 var skipuð nefnd til að vinna að fyrsta skipulagsuppdrætti af Reykjavík. Í nefndinni sátu Geir G. Zoëga vegamálastjóri, Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, Knud Ziemsen borgarstjóri og Matthías Þórðarson þjóðminjavörður. Guðjón Samúelsson lagði fram tvær tillögur að skipulagi Skólavörðuholtsins og hafði þá hugmyndir um að þar stæði í framtíðinni „háborg íslenskrar menningar". Á miðju torgi skyldi standa dómkirkja landsins, en allt um kring hana helstu menningarstofnanir þjóðarinnar. Urðu á sínum tíma miklar umræður og deilur um þessar hugmyndir, en uppdrættir að skipulagi holtsins bera

vott um stórhug húsameistara og metnað og eru menningarsöguleg skjöl. Og vel má vera að menn hefðu betur farið að tillögum Guðjóns Samúelssonar.

Fyrstu þrjá áratugi þessarar aldar áttu íbúar Reykjavíkur aðeins eina þjóðkirkju, en Fríkirkjan hafði verið stækkuð og vígð að nýju árið 1924. Því var farið að huga að byggingu nýrrar kirkju þegar íbúatala höfuðborgarinnar óx. Á sóknarfundi í Dómkirkjunni 5. desember 1926 var samþykkt tillaga um að reisa nýja kirkju í austurbænum, „til dæmis á Skólavörðuholtinu", eins og segir í fundargerð.

Árið 1929 veitti stjórnin fé til að efna til samkeppni á vegum sóknarnefndar Dómkirkjunnar um uppdrætti að nýrri kirkju sem vera skyldi veglegasta kirkja landsins. Tillögur bárust fáar og þótti engin aðgengileg. Ágúst Pálsson, síðar arkitekt, vann til fyrstu verðlauna, en önnur verðlaun hlaut Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari. Hvorugur uppdrátturinn var notaður.

Árið 1937 ritaði ríkisstjórnin Guðjóni Samúelssyni bréf fyrir áeggjan safnaðarnefndar Dómkirkjunnar og fól honum að teikna og standa fyrir byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð, en þá höfðu þegar verið samþykkt lög á Alþingi um stofnun Hallgrímsprestakalls. Guðjón Samúelsson varð við þessari beiðni og 11. júní 1942 mátti í fyrsta sinn líta líkan af hinni nýju kirkju. Viðbrögð manna urðu á ýmsa lund, en að mestu lofsamleg í fyrstu. Jólablað Tímans árið 1942 var helgað nýrri Hallgrímskirkju og Jónas Jónsson frá Hriflu var ákafur stuðningsmaður hennar og færði fyrir byggingu hennar þjóðernisleg og tilfinningaleg rök. Síðar stóðu heiftúðugar deilur um kirkjuna í dagblöðum og öðrum ritum áratugum saman sem nú er mál að linni þegar sér er fyrir endann á byggingu þessa mikla mannvirkis á árinu 1986.

Séra Ragnar Fjalar Lárusson hefur bent á að kirkjan hafi nú verið rúm 40 ár í smíðum, eða jafnlengi og það tók Móses að leiða Ísraelsmenn yfir eyðimörkina til fyrirheitna landsins. Þegar litið er á þetta mikla mannvirki er það næsta ótrúlegt að það skuli að mestu hafa verið byggt fyrir frjáls framlög velunnara kirkjunnar og óbilandi elju safnaðarins. Framlög ríkis og borgar eru aðeins óverulegur hluti byggingarkostnaðar og víst er að mismikils skilnings var að mæta þegar talsmenn byggingarinnar komu á fund yfirvalda með beiðni um fjárstyrk á þessum fjórum áratugum, þó að nokkuð hafi þar úr ræst á allra síðustu árum þegar séð varð að byggingunni yrði lokið. Sú óbilandi elja, sem borið hefur framkvæmdina uppi, er án efa einsdæmi. Á þar ekki minnstan þátt Hermann Þorsteinsson framkvæmdastjóri byggingarsjóðs sem hefur gegnt því starfi í meira en 20 ár. En ótalmargir aðrir hafa lagt hönd á plóginn og mikið starf má þakka Kvenfélagi Hallgrímskirkju, safnaðarprestum fyrr og nú og fjölmörgum öðrum.


Það er ljóst að nú þegar kirkja séra Hallgríms er risin fyrir þrotlaust starf safnaðarins er það vart á færi hans að ganga þannig frá kirkjunni að innan að sómi sé að nema til komi aðstoð frá allri þjóðinni. Það sem hér þarf til getur Alþingi Íslendinga lagt fram svo að hinu mikla skáldi, séra Hallgrími Péturssyni, frumherja íslenskrar húsagerðarlistar, Guðjóni Samúelssyni, og íslenskum listamönnum, sem nú eru á meðal okkar, sé sómi að um aldur og alla tíð.

Hlutverk nefndar þeirrar er skipa skal.

Flutningsmönnum er ljóst að listskreyting Hallgrímskirkju er mikið verk sem óhjákvæmilega tekur langan tíma og krefst vinnu fjölmenns hóps listamanna. Þetta umfangsmikla verk þarfnast góðs og skipulegs undirbúnings og því er brýnt að hann geti hafist sem fyrst. Án efa er nauðsynlegt að efna til einhvers konar ráðstefnu með listamönnum þjóðarinnar um vinnubrögð, t. d. um hvort efna skuli til samkeppni um hugmyndir að heildarskipulagi skreytingar, eða hvort annan hátt megi hafa á. Hlutverk nefndarinnar hlýtur að vera að ná sem bestu samstarfi við íslenska listamenn og sjá til þess að þeir fjármunir, sem veittir eru í þessu skyni, nýtist sem best.

Fylgiskjal.

HALLGRÍMSKIRKJA Í REYKJAVÍK.



Ed. 137. Frumvarp til laga [133. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Landssmiðjunni hf., Reykjavík, ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda hluta af söluandvirði með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum, sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 102 23. júní 1936, um Landssmiðju, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi

Í febrúar 1984 var Helga G. Þórðarsyni, verkfræðingi, falið að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Markmið könnunarinnar var m. a. að auðvelda ákvörðun umfangs áframhaldandi úttektar á fyrirtækinu og aðstoða starfsmenn við að meta möguleika þeirra á að kaupa fyrirtækið. Úttekt þessari, sem unnin var í samvinnu við stjórnendur og starfslið fyrirtækisins, var lokið í júní 1984. Helztu niðurstöður voru þessar:

„1. Ekki er nauðsynlegt að ríkið eigi og reki fyrirtækið til þess að markmiðum þess verði náð.
2. Viðskipti Landssmiðjunnar eru dreifð á marga aðila og verkefni fjölbreytt.
   Viðskipti ríkisfyrirtækja voru 35% af heild árið 1983.
   Þáttur innflutningsverzlunar var um 40% 1983.
   Aukning viðskipta frá þeirri lægð, sem verið hefur, er töluvert bundin velgengni í sjávarútvegi og auknum virkjanaframkvæmdum.
3. Verkefni framleiðsludeilda voru 1983:

Framleitt eftir reikningi	55%
Tilboðsverk	38%
Framleitt á lager	7%

4. Tekjuafgangur án verðbreytingafærslna og aukafyrninga varð:

1981	+ 1 878 þús. kr.
1982	÷ 2 100 þús. kr.
1983	÷ 3 811 þús. kr.

Stofn til verðbreytingafærslu myndast af lántökum vegna framkvæmda við Skútuvog 7 og því óviðkomandi rekstri Landssmiðjunnar þessi ár.

5. Orsaka hallans er að leita í versnandi ytri skilyrðum í málmiðnaði. Harðnandi samkeppni hefur leitt til naumari tilboða og halla á tilboðsverkum.
   Hugsanlega hefði mátt bregða við með því að draga saman seglin.
6. Forsendur fjárfestingar að Skútuvogi 7 hafa brostið með því að horfið var frá áformum um skipaverkstöð við sundin.
7. Fela þyrfti rannsóknarstofnunum (Fiskiðnaðarins eða Iðntækni) að leiða til lykta tilraunir með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju.
8. Framlegðarstig einstakra deilda sýnir lakasta útkomu í plötusmiðju. Hún hefur hæst hlutfall tilboðsverka, 60%."

Á grundvelli forkönnunarinnar ályktaði rekstrarráðgjafinn að til þess að rétta við reksturinn þyrfti að ná fram eftirfarandi breytingum:

„1. Auka heildarálagningu í vörusölu með því að
   a) Hækka álagningarhlutfall
   b) Selja aukið vörumagn í verðgildi talið
   Af þessu tvennu er lítið svigrúm til hækkunar álagningarhlutfalls.
   Hins vegar benda líkur til að auka megi sölumagn með því að endurskipuleggja aðstöðu og starfsháttu.
2. Auka heildarframlegð framleiðsludeilda með því að
   a) Fá meiri verkefni
   b) Auka framleiðni
   Af þessu tvennu er lítið svigrúm til aukinna verkefna eins og er. Er það fyrst og fremst gengi sjávarútvegsins um þessar mundir, sem takmarkar þá möguleika. Það er því eina leiðin að auka framleiðni. Raunhæfir möguleikar til árangurs eru í því efni.
3. Minnka kostnað þjónustudeilda
   Forystumenn Landssmiðjunnar hafa bent á að ná megi fram töluverðum sparnaði í mannahaldi með því að sameina birgðarými og afgreiðslu á einn stað, þar með talin vörusala. Þessar hugmyndir verða að teljast raunhæfar og æskilegar.
   Jafnframt þarf að koma á betri birgðastýringu og stefna að minni fjárbindingu í vörubirgðum.
4. „Annar kostnaður", sem svo er kallaður í ársreikningi, er kostnaður við yfirstjórn og annar sameiginlegur kostnaður í fyrirtækinu. Yfirstjórn og skipulag er í sniðum fyrir stærra fyrirtæki eins og Landssmiðjan var fyrir nokkuð löngu síðan.
   Sníða þarf skipulag og mannahald betur að núverandi og framtíðarþörfum. Líklegt er að ná megi fram einhverjum sparnaði."

Í tengslum við úttekt þessa og samhliða endurskipulagningu á rekstrinum hófust óformlegar viðræður milli fulltrúa starfsmanna og iðnaðarráðherra um möguleika á sölu á fyrirtækinu til starfsmanna.

Hinn 8. marz 1984 stofnuðu 52 af starfsmönnum Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll að samkomulagi við Iðnaðarráðuneytið um kaup á Landssmiðjunni, kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis og kynna félagsmönnum niðurstöður kannana. Þá var félaginu falið að undirbúa stofnsamning hlutafélags ef niðurstöður bentu til þess að af kaupum gæti orðið.

Í stjórn félagsins voru kosnir eftirtaldir menn:

Formaður	:	Sigurður Daníelsson
Ritari	:	Þorleifur Markússon
Meðstj.	:	Jón Hallgrímsson
"	:	Pétur Grímsson
"	:	Tryggvi Benediktsson

Félagið fól stjórninni umboð sitt til viðræðna og samningsgerðar við Iðnaðarráðuneytið varðandi kaup starfsmanna á Landssmiðjunni með fyrirvara um samþykki félagsfundar. Með bréfi til iðnaðarráðherra, dags. 9. marz 1984, óskaði stjórn félagsins eftir viðræðum um kaup á fyrirtækinu.

Með bréfi, dags. 15. marz 1984, skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður um sölu Landssmiðjunnar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í Iðnaðarráðuneyti, formann,
Gunnlaug Claessen, deildarstjóra í Fjármálaráðuneyti, og
Guðmund Malmquist, hdl., Framkvæmdastofnun ríkisins.

Með nefndinni hefur starfað Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Landssmiðjunnar og aðra þætti er varða söluverð fyrirtækisins, svo sem um rekstrarhorfur, ástand véla og tækja, viðskiptavild og horfur í málmiðnaði almennt.

Nefndin átti allmarga fundi með ofangreindri viðræðunefnd félags starfsmanna og 13. júlí sl. náðist samkomulag um meginþætti í kaupsamningi milli aðila. Þegar samningsgrundvöllur þessi lá fyrir ákváðu 23 starfsmenn Landssmiðjunnar að ganga til samstarfs í hlutafélagi, sem hlaut nafnið Landssmiðjan hf., með það fyrir augum að ganga til lokasamninga um kaup á Landssmiðjunni og var við það miðað að yfirtaka á rekstrinum færi fram þann 1. janúar 1985. Á fundi ofangreindra starfsmanna 25. júlí 1984 voru eftirtaldir kosnir í undirbúningsstjórn fyrir hið væntanlega hlutafélag:

Sigurður Daníelsson (stjórnarformaður),
Þórður G. Guðlaugsson,
Þorleifur Markússon,
Tryggvi Benediktsson og
Finnbogi Jónsson.

Undirbúningsstjórn þessi og viðræðunefnd ríkisins áttu síðan nokkra fundi í ágústmánuði og var frá texta kaupsamningsins gengið á viðræðufundi 23. ágúst 1984.

Stofnfundur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. var haldinn 13. september 1984 og voru stofnendur 23 starfsmenn Landssmiðjunnar. Hlutafé var ákveðið kr. 4 020 000, og skrifuðu stofnendur sig fyrir hlutum á bilinu kr. 100 000 til kr. 210 000 hver. Í stjórn hins nýstofnaða hlutafélags voru kosnir eftirtaldir menn:

Þorleifur Markússon, formaður
Guðmundur Finnbjörnsson,
Þórður G. Guðlaugsson,
Finnbogi Jónsson og
Sigurður Daníelsson.

Kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf. var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis hinn 20. september 1984 og er kaupsamningurinn, ásamt fylgiskjölum, fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja hinu nýstofnaða hlutafélagi ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

2. Kaupsamningur um Landssmiðjuna

Meginatriði kaupsamningsins eru:

a) Ríkissjóður selur hlutafélaginu Landssmiðjunni hf. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum, sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum, hlutabréfum í Tollvörugeymslunni hf. og viðskiptakröfum eins og þær verða þann 31. desember 1984 og er kaupverð kr. 22 115 638,00.
Undanskilin sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands hf. og Sameinuðum verktökum hf., tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar síðastliðin ár, og fasteignir Landssmiðjunnar.

b) Kaupverðið greiðist þannig, að kaupverð véla og tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun, en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til 8 ára. Viðskiptakröfur greiðast með yfirtöku viðskiptaskulda og andvirði vörubirgða greiðist með verðtryggðu skuldabréfi til 4 ára.
Lán vegna kaupanna eru tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum.

c) Áskilið er af hálfu ríkisins að hlutafé í Landssmiðjunni verði eigi minna en kr. 4 000 000. Þar sem hið nýja félag kaupir ekki fasteignir Landssmiðjunnar hefur seljandi skuldbundið sig til að veita kaupanda veðleyfi í núverandi fasteignum Landssmiðjunnar að fjárhæð allt að kr. 4 000 000. Slíkt veðleyfi verður aðeins veitt vegna efnis, tækja og vélakaupa, sem fasteignaveðs er krafizt fyrir, og þá með baktryggingu í hinum keyptu vörum.

d) Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda núverandi fasteignir Landssmiðjunnar til allt að 15 ára. Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu kaupanda með árs fyrirvara.

e) Seljandi skuldbindur sig til að beita sér fyrir því að erlendir aðilar, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, veiti samþykki sitt fyrir því að umboðin verði yfirfærð til Landssmiðjunnar hf.
Samþykki helztu erlendra viðskiptaaðila Landssmiðjunnar á yfirfærslu umboða til Landssmiðjunnar hf. liggur nú fyrir.

f) Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.

g) Miðað er við að yfirtaka starfsmanna á rekstrinum fari fram 1. janúar 1985.

3. Nánar um greiðslukjör

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum, sem fjármálaráðuneytið hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu dags. 7. desember 1983, þ. e. hvað varðar greiðslu á varanlegum eignum.

Greiðslukjör á vörubirgðum miðast við áætlaðan veltuhraða birgðanna. Eins og áður sagði eru síðan viðskiptakröfur greiddar með yfirtöku viðskiptaskulda, sem eru álíka fjárhæðir.

4. Nánar um kaupverð

Vegna ákvörðunar á kaupverði véla og tækja var framkvæmt ítarlegt mat á öllum tækjum og vélum Landssmiðjunnar af fulltrúum beggja aðila (sjá fylgiskjal með frumvarpi þessu). Hafa ber í huga að vélar, verkfæri og önnur tæki Landssmiðjunnar eru mörg hver úrelt orðin.

Mat á viðskiptavild er í eðli sínu vandasamt. Fyrirtækið hefur einkaumboð hér á landi fyrir nokkra erlenda framleiðendur og hefur verzlunarþátturinn í rekstri fyrirtækisins aukizt hin síðari ár. Þá er Landssmiðjan þekkt firmaheiti hér á landi og hefur fyrirtækið

viðskiptasambönd víðsvegar um land. Við samninga um þetta atriði hafa starfsmenn bent á að viðskiptavild fyrirtækisins sé háð persónulegum samböndum einstakra starfsmanna og því, að starfsmenn hafa veitt mjög góða varahluta- og viðgerðaþjónustu. Starfsmenn telja eðlilegt að tillit sé til þessa tekið þegar viðskiptavild fyrirtækisins er metin við sölu til starfsmannanna sjálfra. Þá hefur verið á það bent að fyrirtækið hefur verið rekið með nokkru tapi undanfarin ár og þó eru húseignir, tæki og vélar að mestu afskrifaðar.

Að öllu þessu athuguðu telur viðræðunefnd ríkisins kaupverð eftir atvikum viðunandi. Um verðmat á vörubirgðum vísast í sérstakt fylgiskjal þar um.

5. Nánar um fasteignir Landssmiðjunnar

Núverandi starfsstöð Landssmiðjunnar við Sölvhólsgötu er að stofni til húseign sem tekin var í notkun árið 1942 auk verkstæðishúss frá árinu 1955. Húsnæðið er óhentugt og áforma starfsmenn að byggja yfir starfsemina á næstu árum. Með það í huga hefur verið samið um að Landssmiðjan hf. geti sagt upp leigusamningi um fasteignirnar með árs fyrirvara. Á árinu 1979 var hafizt handa um byggingu nýs verkstæðishúss fyrir Landssmiðjuna að Skútuvogi 7. Starfsmenn telja að bygging af því tagi, sem þar er áformuð, sé of stór í sniðum og henti ekki starfsemi fyrirtækisins. Forsendur þeirrar fjárfestingar voru enn fremur þær að skipaverkstöð risi við Elliðaárvog. Nú hefur verið horfið frá þeim áformum og hefur forsenda nýbyggingarinnar því brostið að því leyti. Niðurstaðan af viðræðum aðila hefur því orðið sú að ríkið haldi eftir öllum núverandi fasteignum Landssmiðjunnar.

6. Endurskipulag á rekstri Landssmiðjunnar

Í tengslum við úttekt Helga G. Þórðarsonar á rekstri fyrirtækisins og samhliða viðræðum um yfirtöku starfsmanna á fyrirtækinu hefur staðið yfir víðtæk endurskipulagning á rekstrinum og hafa starfsmennirnir haft forustu um þá endurskipulagningu. Helztu markmið endurskipulagningarinnar hafa verið að:

a) Auka sölustarfsemi
b) Auka framlegð framleiðsludeilda
c) Minnka kostnað þjónustudeilda
d) Minnka kostnað við yfirstjórn
e) Samræma og einfalda stjórnun fyrirtækisins og gera hana virkari.

Til þess að stuðla að þessum markmiðum hefur m. a. verið gripið til eftirtalinna aðgerða:

a) Fest hafa verið kaup á tölvu sem gerir mögulegt að tengja sölustarfsemina betur öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Þá hefur verið gert átak í að efla sölustarfsemi fyrirtækisins.
b) Starfsaðstaða hefur verið endurskipulögð og áform eru uppi um að koma á bónus þar sem við á.
c) Lagerar, sem voru á mörgum stöðum, verða nú sameinaðir og verður hægt að fækka starfsmönnum í lagervörzlu. Þá verður öll núverandi starfsemi endurskipulögð og flutt saman á 1. hæð og jarðhæð hússins auk verkstæðishússins og næst þannig verulega aukin samhæfing milli deilda. Eftir endurskipulagninguna munu 2. og 3. hæð Landssmiðjuhússins verða rýmdar og mun það lækka rekstrarkostnað hins nýja fyrirtækis verulega.
d) Fækkað verður starfsfólki í yfirstjórn. Með tilkomu nýrrar tölvu mun bókhald og eftirlit með rekstri verða einfaldað verulega. Þá verður skrifstofan flutt á fyrstu hæð hússins, og mun það auka samhæfingu starfa og spara mannafla.

Með ofangreindum ráðstöfunum er gert ráð fyrir að fækka megi núverandi starfsfólki um 15—20, þ. e. úr 65—70 mönnum í um 50 starfsmenn, án nokkurs samdráttar í rekstri.

Eftir að ofangreindar hagræðingaraðgerðir hafa komið að fullu til framkvæmda má búast við að rekstrarhorfur fyrirtækisins verði allgóðar. Þá má vænta mikils af þeirri breytingu í rekstri að starfsmenn eignast fyrirtækið og ráða málum þess sjálfir.

7. Afhendingardagur

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að afhending fari fram 1. janúar 1985. Til þess að það geti orðið er lagt til að veitt verði heimild til sölunnar sem fyrst og eigi síðar en fyrir jólaleyfi Alþingis í desembermánuði.

Fylgiskjal.

Kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf., dags. 20. september 1984, ásamt fylgiskjölum.

Fylgiskjal.

KAUPSAMNINGUR UM LANDSSMIÐJUNA

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

OG

LANDSSMIÐJUNNAR HF.

20. september 1984

Ríkisstjórn Íslands, hér eftir nefnd seljandi, og Landssmiðjan hf., Sölvhólsgötu 13, Reykjavík, sem er hlutafélag í eigu starfsmanna Landssmiðjunnar, hér eftir nefnt kaupandi, gera með sér svofelldan

KAUPSAMNING:

1. gr. — Afmörkun hins selda.

Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi til að kaupa ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum, sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum og viðskiptakröfum eins og þær verða hinn 31. desember 1984. Þá fylgja með í sölunni hlutabréf Landssmiðjunnar í Tollvörugeymslunni hf.

Undanskilin sölu þessari eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands hf. og Sameinuðum verktökum hf. Ennfremur fasteignir Landssmiðjunnar, þ. e.

a) Fasteignin Skútuvogur 7, Reykjavík
b) Fasteignin Sölvhólsgata 13, Reykjavík
c) Fasteignin Skúlagata 8, Reykjavík

Þá er undanskilin í sölunni tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar síðastliðin ár. Skuldir vegna fasteigna ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar og tilraunafiskimjölsverksmiðju, sbr. 8. lið í ársreikningi Landssmiðjunnar 1983 (að undanskildum lánum nr. 0721189 og 4159) eru Landssmiðjunni hf. óviðkomandi.

2. gr. — Ástand hins selda.

Eignirnar eru seldar í núverandi ástandi, sem kaupandi gerir sér fullkomna grein fyrir. Vélar, ökutæki, verkfæri, skrifstofuáhöld, húsgögn og vörubirgðir Landssmiðjunnar voru sérstaklega yfirfarnar í júní 1984 og verðlagðar skv. beiðni Iðnaðarráðuneytisins annars vegar og starfsmanna Landssmiðjunnar hins vegar (sjá fylgiskjal nr. 2).

3. gr. — Umsamið kaupverð.

Umsamið kaupverð sundurliðast þannig:

	Kr.
Vélar og tæki	6 055 638,-
Hlutabréfaeign	60 000,-
Viðskiptavild	1 000 000,-
Lager 01.01.1985	(5 000 000,-)
Viðskiptakröfur	(10 000 000,-)
Samtals Kr.	(22 115 638,-)

Það athugast að lager og viðskiptakröfur eru áætlaðar. Verði viðskiptakröfur hærri en viðskiptaskuldir greiðist mismunur á viðskiptaskuldum og viðskiptakröfum þannig:

a) Útborgun 30%.
b) 70% með skuldabréfi til 8 ára, 1. gjalddagi 01.04.1987, vísitölutryggt, miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1985.

Verði viðskiptaskuldir hærri en viðskiptakröfur dregst mismunurinn frá útborgun og skuldabréfi í sömu hlutföllum.

Um mat á lager vísast ttil sérstaks minnisblaðs, sem er fylgiskjal með kaupsamningi þessum. Kaupandi ábyrgist greiðslu á yfirteknum viðskiptakröfum á hendur Landssmiðjunni seljanda að skaðlausu.

Umsamið kaupverð alls hins selda er kr. 22 115 638,- sem kaupandi greiðir á eftirfarandi hátt:

	Kr.
1. Hinn 1. janúar 1985	1 423 128,-
2. Með útgáfu skuldabréfs til 8 ára, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í júní 1984 á gjalddaga 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 01.04.1987	5 692 510,-
3. Yfirtaka viðskiptaskulda	(10 000 000,-)
4. Skuldabréf til 4 ára, verðtryggt (miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1985) á gjalddögum 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 01.10.1986	(5 000 000,-)
Samtals	(22 115 638,-)

Vextir af skuldinni, skv. ofangreindum skuldabréfum í lið 2. og 4., skulu eins og hún er á hverjum tíma vera hæstu vextir sem teknir eru af lánskjaravísitölulánum til lengri tíma, skv. ákvörðun Landsbanka Íslands, þó ekki hærri en 5% á ári. Vextirnir skulu greiddir á gjalddögum eftir á, á sama tíma og afborganir, þó þannig að fyrsta greiðsla vaxta af skuldabréfi skv. 2. lið skal fara fram 1. apríl 1986. Greiðslustaður er hjá ríkisféhirði. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum, þ. e. vélum, tækjum, áhöldum. Verðtrygging fjárhæða skv. 1. lið og 2. lið miðast við júní 1984. Verðtrygging fjárhæða skv. 4. lið miðast við janúar 1985. Vextir reiknast frá afhendingardegi.

4. gr. — Afhending, arður og gjöld.

Allar hinar seldu eignir skulu afhentar kaupanda til fullra afnota hinn 1. janúar 1985 og miðast uppgjör gjalda við þann dag. Greiðir kaupandi gjöld frá og með þeim degi og hirðir jafnframt arð af hinum seldu eignum frá sama tíma. Kaupandi greiðir opinber gjöld Landssmiðjunnar 1985, lögð á gjaldstofn ársins 1984, sem hluta af uppgjöri viðskiptakrafna og skulda skv. 3. gr. Kröfur, sem upp kunna að koma vegna starfsemi Landssmiðjunnar til ársloka 1984 og ekki er vitað um við afhendingu, eru kaupanda óviðkomandi.

5. gr. — Kvaðir og veðheimildir.

Hlutafé og hlutafjárloforð í Landssmiðjunni hf. skal á yfirtökudegi vera eigi minna en kr. 4 000 000,-.

Seljandi skuldbindur sig til að veita kaupanda veðleyfi í hinni leigðu fasteign vegna lána að fjárhæð allt að kr. 4 000 000,- gegn tryggingum sem metnar verða gildar. Slíkt veðleyfi verður aðeins veitt vegna efnis-, tækja- og vélakaupa sem fasteignaveðs erkrafizt fyrir og þá með baktryggingu í hinum keyptu vörum.

Kaupandi skuldbindur sig til að færa veð þau, sem seljandi veitir veðleyfi fyrir, á fasteignir sem Landssmiðjan hf. kann að eignast.

6. gr. — Um leigu á núverandi fasteignum Landssmiðjunnar.

Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda skv. sérstökum leigusamningi til 15 ára, sem er fylgiskjal með samningi þessum, fasteignirnar Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8 í Reykjavík, og skal grunngjald leigunnar ákveðið kr. 75,- pr. m^2 miðað við 1. júní 1984, vísitölutryggt. Tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1990 greiðist þó hálft grunngjald.

Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu kaupanda með árs fyrirvara, í fyrsta sinn 1. janúar 1986. Þó er kaupanda heimilt að segja upp leigu á 3. og 4. hæð hússins með 6 mánaða fyrirvara.

7. gr. — Umboð Landssmiðjunnar fyrir erlenda aðila.

Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi umboð Landssmiðjunnar fyrir erlenda framleiðendur verði yfirfærð til Landssmiðjunnar hf.

8. gr. — Vinna fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki.

Seljandi mun beita sér fyrir því að þau ríkisfyrirtæki og þær ríkisstofnanir sem hafa á undanförnum árum skipt við Landssmiðjuna muni halda því áfram a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði vinnunnar.

9. gr. — Starfsmannamál.

Öllum núverandi starfsmönnum ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar verður sagt upp í septembermánuði miðað við 1. janúar 1985. Landssmiðjan hf. hefur fullt frelsi til að endurráða þá starfsmenn Landssmiðjunnar sem hið nýja fyrirtæki telur nauðsynlegt að endurráða.

10. gr. — Fyrirvarar af hálfu seljanda.

Seljandi gerir fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis fyrir sölu á Landssmiðjunni. Iðnaðarráðherra mun beita sér fyrir að lagt verði fram stjórnarfrumvarp um heimild til sölu á Landssmiðjunni í október 1984.

11. gr. — Fyrirvarar af hálfu kaupanda.

Kaupandi gerir fyrirvara um samþykki Alfa Laval, Atlas Copco og Dexion fyrir yfirtöku Landssmiðjunnar hf. á umboðum ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar fyrir nefnd fyrirtæki hér á landi.

12. gr. — Afsal og kostnaður vegna skjala.

Afsal fyrir eignunum, svo og veðskuldabréf, skal gefið út svo fljótt sem verða má, þ. e. þegar lagaheimild liggur fyrir. Stefnt skal að því að gefa út afsal og veðskuldabréf fyrir 31. desember 1984. Kaupandi greiðir kostnað af stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs, svo og leigusamnings. Hver aðili greiðir eigin kostnað vegna skjalagerðar.

Rísi mál út af kaupum þessum eða samningi skal reka það fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum. Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. september 1984.

F. h. Ríkisstjórnar Íslands
Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðherra
Albert Guðmundsson
Fjármálaráðherra

F. h. Landssmiðjunnar hf.
Þorleifur Markússon
Þórður G. Guðlaugsson
Guðm. Finnbjörnsson
Finnbogi Jónsson
Sigurður Daníelsson
Í stjórn Landsmiðjunnar hf.

Vottar:
Halldór J. Kristjánsson
Deildarlögfræðingur
Gunnlaugur Claessen
Ríkislögmaður
Guðm. Malmquist, hdl.
Ásgeir Thoroddsen, hdl.

Fylgiskjöl með kaupsamningi þessum eru:

1. Stofnsamningur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf., dags. 13. september 1984.
2. Landssmiðjan, verðmat á vélum, ökutækjum, verkfærum, skrifstofuáhöldum, húsgögnum og vörubirgðum — júní 1984. (Niðurstöður).
3. Sameiginlegir minnispunktar um verðmat á vörubirgðum Landssmiðjunnar vegna sölu til Landssmiðjunnar hf., dags. 20. september 1984.
4. Húsaleigusamningur milli ríkissjóðs og Landssmiðjunnar hf. um leigu á Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8, dags. 20. september 1984.

Fylgiskjal 1.

Endurrit úr fundargerðarbók:
Undirritaðir aðilar, sem hafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1978 ákveðið að stofna hlutafélag í síðar greindum tilgangi, gera með sér svofelldan

STOFNSAMNING:

I. Nafn félagsins skal vera Landssmiðjan hf. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
II. Tilgangur félagsins er framleiðsla og sala í málmiðnaði, innflutningur, sala og þjónusta á tækjum og búnaði, og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Hlutafjárhæðin er ákveðin kr. 4 020 000,00 sem skiptist í 402 10 000,00 króna hluti. Stofnendur leggja fram hlutafé sem hér segir í reiðufé; sbr. síðar.
Stofnendur skuldbinda sig til að greiða helming hlutafjárins nú, en eftirstöðvar að jöfnu á árunum 1985 og 1986.
III. Skrásetningargjöld við félagsstofnunina greiðir félagið sjálft. Engin þóknun greiðist til stofnenda sjálfra.
IV. Hlutabréfin skulu skráð á nafn eigenda og skal halda nákvæma skrá yfir eigendur hlutabréfa. Eitt atkvæði fylgir hverjum kr. 10 000,00 hlut.
V. Hluthöfum er eigi skylt að sæta innlausn á hlutum sínum.
VI. Félagið á sjálft forkaupsrétt á hlutabréfum, sem kunna að vera til sölu, að því marki sem landslög leyfa. Að því frágengnu eiga hluthafar forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra. Veðsetning hlutabréfa er óheimil, nema með samþykki stjórnar félagsins.
VII. Engum hlutum í félaginu skulu fylgja nokkur sérréttindi önnur en forgangsréttur til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum og forkaupsréttur að fölum hlutum.
VIII. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum.
Enginn af stofnendum félagsins áskilur sér stöðu hjá félaginu, eða önnur fríðindi.
IX. Drög að samþykktum félagsins liggja fyrir á fundinum.

Reykjavík, 13.9.1984.

Nafn	**Nafnnr.**	**Hlutafé krónur**
Ingvar Christiansen (sign)	4764—5123	100 000,00
Torfi Benediktsson (sign)	8914—9193	210 000,00
Haukur Baldursson (sign)	3810—6716	210 000,00
Þorleifur Markússon (sign)	9695—2899	210 000,00
Örn Jónsson (sign)	9918—5627	180 000,00
Þórður G. Guðlaugsson (sign)	9512—6596	210 000,00
Jóhann Krüger (sign)	4983—0319	210 000,00
Jón Hallgrímsson (sign)	5140—6494	210 000,00
Eiríkur Ásgeirsson (sign)	1855—6367	100 000,00
Þormóður Snæbjörnsson (sign)	9705—3006	180 000,00
Hjalti Jóhannesson (sign)	4177—7486	180 000,00
Guðmundur Finnbjörnsson (sign)	3058—5100	210 000,00
Dagnýr M. Marinósson (sign)	1551—3500	180 000,00
Svavar Sigurðsson (sign)	8681—8167	100 000,00
Magnús Jónasson (sign)	6267—8593	100 000,00
Óskar Ármannsson (sign)	6914—7569	100 000,00

Nafn	Nafnnr.	Hlutafé krónur
Guðmundur Júlíusson (sign)	3085—7550	180 000,00
Pétur Grímsson (sign)	7090—7267	210 000,00
Finnbogi Jónsson (sign)	2324—0335	210 000,00
Friðrik Ágúst Helgason (sign)	2455—6964	210 000,00
Sigurður Daníelsson (sign)	7847—8292	210 000,00
Birgir Finnbogason (sign)	1117—5287	210 000,00
Sævar Hafsteinsson (sign)	8837—2395	100 000,00
Alls 23 hluthafar.	Hlutafé alls kr.	4 020 000,00

Staðfest rétt endurrit

Reykjavík, 20. sept. 1984

Þorleifur Markússon
stjórnarform.

Fylgiskjal 2.

Agúst Jósefsson Sigurður Daníelsson

Verðmat á vélum, ökutækjum, verkfærum, skrifstofuáhöldum, húsgögnum og vörubirgðum Landssmiðjunnar við Sölvhólsgötu, Reykjavík.

Verðmat þetta er framkvæmt að beiðni Iðnaðarráðuneytisins annars vegar og starfsmanna Landssmiðjunnar hins vegar.

Niðurstöður:

	Kr.
1. Vélar og tæki skv. meðfylgjandi matsgerð	5 263 179,00
2. MICRO, PDP 11 tölva ásamt fylgihlutum keypt á árinu 1984	792 459,00
Kr.	6 055 638,00

Að beiðni Iðnaðarráðuneytisins annars vegar og starfsmanna Landssmiðjunnar hins vegar hafa undirritaðir framkvæmt verðmat á eignum Landssmiðjunnar öðrum en fasteignum, verðbréfum og óinnheimtum reikningum.

I. Starfsemi Landssmiðjunnar:

Landssmiðjan var stofnuð 1930 og hefur verið starfrækt síðan. Starfsemin hefur lengst af einkennzt af rekstri alhliða járn- oog trésmiðju. Verkefni fyrirtækisins voru fjölbreyttari fyrr á árum og mannafli allt að 200 manns í stað 79 í júní 1984. Hluti framleiðslu- og þjónustugreina hefur verið lagður niður, svo sem tréskipasmíði, trésmíði, módelsmíði, málmsteypa, eldsmíði og rafvirkjun.

II. Tækjakostur:

Einkennandi er gamall tækjabúnaður sem ýmist nýtist ekki vegna úreldingar eða vegna breytinga í rekstri. Af vélum eru 77% 10—50 ára gamlar og nam viðgerðarkostnaður véla og verkfæra á árinu 1983 ..... Kr. 1 386 052,-
og vegna bifreiða ..... Kr. 546 502,-

1 932 554,-

Vélar 1—5 ára eru 12,2% af heildarfjölda og vélar 5—10 ára eru 10,8%.

III. Verðmat:

Við verðmat véla yngri en 10 ára var höfð hliðsjón af nýviði og miðað við 10% afskrift á ári. Eldri vélum en 10 ára var skipt í tvo hópa, þær sem eru enn í notkun og þær sem eru taldar úreltar. Þau tæki sem eru í notkun voru verðlögð eftir ástandi. Úreltar vélar voru ekki verðlagðar en mat gerir ráð fyrir að þær fylgi í kaupum. Svipaðri aðferð var beitt við mat annarra eigna.

IV. Verð:

	Kr.
1. Járnsmíðavélar sbr. fylgiskjal nr. I	3 117 800
2. Trésmíðavélar sbr. fylgiskjal nr. II	114 600
3. Ökutæki sbr. fylgiskjal nr. III	852 000
4. Húsgögn, skrifstofuáhöld sbr. fylgiskjal nr. IV	510 000
5. Verkfæri sbr. fylgiskjal nr. V	668 779
6. Vörubirgðir endurmetist við yfirtöku sbr. tillögu að verðmati, fylgiskjal VI	
Verð án vörubirgða kr.	5 263 179

Reykjavík, 15. júní 1984.

Ágúst Jósefsson. Sigurður Daníelsson.

Fylgiskjal 3.

SAMEIGINLEGIR MINNISPUNKTAR UM VERÐMAT Á VÖRUBIRGÐUM LANDSSMIÐJUNNAR VEGNA SÖLU TIL LANDSSMIÐJUNNAR HF.

I. Skýringar á birgðum:
   1. Fullunnar vörur:
      Framleiðsluvörur Landssmiðjunnar á lager.
      Sm. hlutir v/samsetn. á varmaskiptum, blásara o. þ. h.
   2. Verk í vinnslu:
      Tilboðsverk og verk unnin í tímavinnu skv. verkbókhaldi önnur en viðhaldsvinna v/eigin tækjabúnaðar, húseignar o. þ. h.
   3. Birgðir af efnisvörum:
      Efnislager tengist verkstæðisrekstri með efnisútvegun. Birgðir eru ekki skráðar á spjaldskrá. Mest ber á vörutegundum, sem lítið eða ekkert hreyfast milli ára. Innkaup hjá innlendum eða erlendum aðilum eru nú miðuð við einstök verkefni.
   4. Verzlunarvörur:
      Varahlutir, hilluefni, vörur frá umboðsaðilum o. fl., svo sem Alfa Laval, Atlas Copco, Hatz, Arnold & Stolzenberg, Dexion o. fl.

II. Matsverð birgða:
   1. Fullunnar vörur:
      Kostnaðarverð vörunnar á talningardegi × 0,5.
   2. Verk í vinnslu:
      Kostnaðarverð án söluskatts að frádregnum innborgunum skv. verkbókhaldi × 0,9. Meta skal tilboðsverk eftir stöðu þess miðað við tilboðsverð.
   3. Birgðir af efnisvörum:
      Innkaupsverð án söluskatts á talningardegi að frádregnum úreltum vörum × 0,5. Fylgja skal úreldingarreglu á vörum og vöruflokkum, sem beitt er við verðlagningu vörutalningar 31/12 1983.
   4. Verzlunarvörur:
      Verzlunarvörubirgðir á innkaupsverði án söluskatts að frádregnum þeim vörum sem ekki hafa hreyfzt í 2 ár × 0,5.
   5. Rafmagnsvörulager sé metinn á kr. 7 500,-

III. Birgðir af vörum keyptar á lager eftir 1. september 1984 verða seldar á kostnaðarverði.

IV. Rökstuðningur fyrir matstillögum:
   1. Grundvöllur að stuðlinum 0,5 á liðunum 1, 3 og 4 er að lagernum verði velt einu sinni á 5 árum.
   2. Verk í vinnslu telst vera þess virði sem kostnaði nemur í verkbókhaldi.

Reykjavík, 20. september 1984.

F. h. ríkisins
Halldór J. Kristjánsson
form. viðræðunefndar.

F. h. Landssmiðjunnar hf.
Sigurður Daníelsson
form. viðræðunefndar.

Fylgiskjal 4.

Ríkisstjórn Íslands, hér eftir nefnd leigusali, og Landssmiðjan hf., hér eftir nefnd leigutaki, gera með sér svohljóðandi

leigusamning:

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka fasteignirnar Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8 í Reykjavík. Telst hið leigða vera samtals 2.939 m².

2. gr.

Leigutími er 15 ár frá 1. janúar 1985 að telja. Leigutaka er heimilt að segja samningnum upp með 1 árs fyrirvara á leigutímanum. Enn fremur er leigutaka heimilt að segja upp leigu á 3. og 4. hæð hússins, eða samsvarandi hlutum hins leigða, með 6 mánaða fyrirvara.

3. gr.

Leigutaki greiðir leigusala í leigu grunngjald, sem ákvarðast kr. 75,00 pr. m², vísitölutryggt miðað við vísitölu íbúðarhúsnæðis í júní 1984. Leigan fyrir fyrstu 6 ár leigutímans, þ. e. frá 1. janúar 1985 til 31. desember 1990, skal þó vera hálft grunngjald. Leigan fyrir síðari 9 ár leigutímans, þ. e. frá 1. janúar 1991 til 31. desember 1999, skal vera fullt grunngjald.

4. gr.

Ákvæði laga um húsaleigu skulu gilda um meðferð og viðhald leigutaka á húsum og samskipti leigusala og leigutaka skv. samningi þessum, eftir því sem við á og til fyllingar á samningi þessum.

5. gr.

Leigutaki tekur við hinu leigða hinn 1. janúar 1985. Leigusali greiðir skatta og skyldur af húsum og lóð.

6. gr.

Leigutaka er heimilt, í samráði við leigusala, að breyta húsum og mannvirkjum og setja í þau innréttingar eftir þörfum leigutaka. Breytingar, sem leiða til aukins verðgildis fyrir leigusala, skulu við uppsögn greiddar eftir samkomulagi, og eftir því sem þær nýtast leigusala.

7. gr.

Framleiga á réttindum leigutaka samkvæmt samningi þessum er heimil.

8. gr.

Breytist forsendur samnings þessa í einhverju verulegu, skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að taka upp viðræður í góðri trú um endurskoðun á leigusamningnum.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum.

Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. september 1984.

F. h. Ríkisstjórnar Íslands

Albert Guðmundsson,
fjármálaráðherra

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra

F. h. Landssmiðjunnar hf.

Þorleifur Markússon,
stjórnarformaður

Vottar:
Halldór J. Kristjánsson
Gunnlaugur Claessen
Guðm. Malmquist
Ásgeir Thoroddsen.

Ed. 138. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

A-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga skal dráttur í happdrættinu fara fram mánaðarlega, fyrst 10. janúar og síðan 5. hvers mánaðar. Að mati happdrættisstjórnar er talið að tíminn frá áramótum, þegar sala og endurnýjun happdrættismiða hefst að marki, og fram að 10. janúar sé of naumur. Er talið brýnt að rýmka þann tíma sem er til sölu og endurnýjunar miða eftir áramót. Er lagt til að dagsetning dráttar verði eigi bundin í lögum heldur verði kveðið á um það efni í reglugerð fyrir happdrættið, og þar tekið tillit til þarfa happdrættisins.

Sþ. 139. Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Geir Gunnarssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Karvel Pálmasyni og Ellert B. Schram.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Alþingi, 5. nóv. 1984.

Kjartan Jóhannsson.	Eiður Guðnason.	Geir Gunnarsson.
Karl Steinar Guðnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Guðmundur Einarsson.	Karvel Pálmason.
	Ellert B. Schram.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Hinn 22. maí 1981 voru samþykkt á Alþingi lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og taka lán eða veita ríkisábyrgð fyrir lánum til handa félaginu.

Þessar samþykktir voru vitaskuld gerðar á grundvelli þeirra áætlana sem þá lágu fyrir.

Þar sem ríkissjóður er megineigandi fyrirtækisins er eðlilegt að Alþingi fylgist reglulega með því hvernig áætlanir hafa staðist og hvaða áform séu uppi um rekstur fyrirtækisins.

Í samræmi við þessi sjónarmið óskuðu 10 þingmenn eftir því á 104. löggjafarþingi að þáverandi iðnaðarráðherra gæfi Alþingi skýrslu um fyrirtækið sem hann og gerði á vordögum 1982.

Sú skýrsla, sem hér er óskað eftir að gefin verði, ætti að sýna samanburð á upprunalegum áætlunum og þeim upplýsingum, sem fram komu í skýrslu iðnaðarráðherra vorið 1982, við raunverulegan stofnkostnað og rekstrarafkomu á þeim tíma sem síðan er liðinn. Jafnframt er óskað eftir að áætlanir um frekari stofnkostnað og rekstrarafkomu næstu ára komi fram í skýrslunni ásamt arðsemismati og þeim áformum sem nú eru uppi varðandi fyrirtækið.

Rekstrarafkoma og rekstraráætlanir óskast sundurliðaðar á helstu rekstrarþætti og stofnkostnaðaráætlanir sömuleiðis á meginþætti.

Í skýrslunni ætti jafnframt að koma fram efnahagsstaða fyrirtækisins um þessar mundir.

Að því er mat á rekstrarhorfum fyrirtækisins varðar er nauðsynlegt að sérstaklega sé gerð grein fyrir markaðsstöðu fyrirtækisins, þ. á m. hversu mikið hafi þegar verið selt af salti og hverjar tekjur af því hafi verið og hverjar áætlanir séu um þessi atriði á næstu árum.

Sþ. 140. Fyrirspurn [135. mál]

til menntamálaráðherra um skólakostnað.

Frá Kristófer Má Kristinssyni.

1. Hvað líður undirbúningi á vegum menntamálaráðuneytisins að nýrri löggjöf um skólakostnað?
2. Hver eru meginstefnumið ráðherra varðandi slíka löggjöf?

Nd. 141. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ingvar Gíslason,
Halldór Blöndal.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 9. gr. laganna bætist: Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins.

2. gr.

Á eftir 53. gr. laganna komi nýr kafli er verði VIII. kafli og orðist svo:

VIII. KAFLI

Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins.

54. gr.

Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið.

55. gr.

Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins hefur aðalaðsetur á Akureyri eða í nágrenni, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

56. gr.

Í stjórn Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins skulu vera þrír menn skipaðir af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af samtökum lífefnaiðnaðarins og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

57. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknarstofunnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

58. gr.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Forstjóri skal skipaður til 4 ára í senn. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfsfólk.

59. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknarstofunnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

60. gr.

Við Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.
Bæjarstjórn Akureyrar.
Iðntæknistofnun Íslands.
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, einn fulltrúa hver.
Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands.
Verkmenntaskólinn á Akureyri.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og lífefnaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

61. gr.

Verkefni Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir lífefnaiðnaðinn í landinu.
2. Rannsóknir á nýtingu innlendra hráefna til lífefnaiðnaðar.
3. Rannsóknir og þróun framleiðslutækni og aðferða í lífefnaiðnaði og aðstoð við að koma á fót nýjum framleiðslugreinum.
4. Uppbygging og rekstur tilraunaverksmiðju á sviði lífefnaiðnaðar.
5. Nauðsynleg rannsóknarþjónusta við lífefnaiðnaðinn.
6. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt lítillega breytt.

Greinargerð um líftækni eftir dr. Jón Braga Bjarnason var prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu síðast og er svo gert aftur. Því til viðbótar má benda á ágæta greinargerð þeirra Guðna Á. Alfreðssonar, Jakobs K. Kristinssonar og Guðmundar Eggertssonar sem út kom síðast liðinn vetur og nefnist „Líftækni á Íslandi“. (Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 20, Reykjavík 1984).

Frumvarpinu fylgdi í fyrra svohljóðandi greinargerð.

Það er nánast samdóma álit allra sem til þekkja að lífefnaiðnaður muni fara ört vaxandi á næstu áratugum og skipa traustan sess í iðnaðarframleiðslu framtíðarinnar. Því er jafnvel spáð að lífefnaiðnaður muni leika svipað hlutverk í atvinnulífi á næstu öld og stóriðja og efnaiðnaður hafa gert á þessari.

Það er því ljóst að miklu skiptir að við Íslendingar fylgjumst vel með á þessu sviði og nýtum þau tækifæri sem íslenskar aðstæður bjóða upp á í þessu sambandi. Mikið fellur til af hráefni hér innanlands sem ástæða er til að ætla að geti orðið undirstaða blómlegs

lífefnaiðnaðar í framtíðinni ef rétt er á málum haldið. Má þar einkum nefna úrgangsefni frá sjávarútvegi og landbúnaði sem nú eru í mörgum tilfellum lítt eða ekki nýtt.

Í greinargerð, sem dr. Jón Bragi Bjarnason hefur samið um lífefnatækni, er þróun lífefnatækninnar á Íslandi rakin og vikið að afskiptum stjórnvalda. Greinargerð þessi er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Í október árið 1973 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Nefndin var undir forustu dr. Sigmundar Guðbjarnasonar og skilaði hún áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum.

Hinn 4. maí árið 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Tillaga þessi var send iðnaðarráðuneytinu sem fól Iðntæknistofnun að vinna að málinu með svohljóðandi bréfi, dagsettu 11. ágúst 1982:

„Meðfylgjandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað var samþykkt á Alþingi á s. l. vori og falin iðnaðarráðuneytinu til framkvæmdar.

Ráðuneytið fer þess á leit við Iðntæknistofnun Íslands að hún geri yfirlit yfir þær rannsóknir sem fram hafa farið á ýmsum þáttum lífefnaiðnaðar hjá rannsóknarstofnunum og Háskóla Íslands. Í framhaldi þeirrar samantektar óskar ráðuneytið eftir ábendingum Iðntæknistofnunar varðandi vænlega kosti innlends lífefnaiðnaðar."

Málið hefur síðan verið í höndum Iðntæknistofnunar.

Í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins 1982—1987 er m. a. vikið að lífefnatækni þar sem fjallað er um langtímaverkefni. Rannsóknaráð hefur síðan nýlega skipað starfshóp um þróun líftækni. Skipunarbréf hópsins, dagsett 8. mars 1984 og undirritað af dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni, er birt sem annað fylgiskjal með frumvarpi þessu. Í bréfinu eru markmið þeirrar athugunar, sem hópnum er ætlað að standa fyrir, skilgreind ítarlega og koma þar vel fram brýnustu verkefni sem vinna þarf að á næstunni í þessum málaflokki.

Umfangsmiklar rannsóknir eru forsenda þess að lífefnaiðnaður komist á fót og nái að verða vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi í framtíðinni. Kanna þarf grundvöll fyrir framleiðslu lífefna, þróa framleiðsluaðferðir og framleiðslutækni og mennta starfsfólk til rannsóknar-, eftirlits- og framleiðslustarfa.

Rannsóknum á sviði lífefnaiðnaðar eða lífefnatækni hefur hingað til verið sinnt við bágar aðstæður og vanefni hérlendis og má vart svo lengur standa með tilliti til væntanlegs mikilvægis þessarar framleiðslutækni í framtíðinni. Hér er gerð tillaga um að komið verði á fót sjálfstæðri rannsóknarstofu í lífefnaiðnaði sem gerist brautryðjandi á sviði lífefnarannsókna, þrói framleiðsluaðferðir og aðstoði við að koma nýjum framleiðslugreinum á fót. Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins mun, ef af verður, tengjast lífefnaiðnaðinum sem atvinnuvegi með svipuðum hætti og rannsóknastofnanir atvinnuveganna gera nú hver á sínu sviði. Meðal annars þess vegna er talið heppilegast að stofnunin sé frá upphafi sjálfstæð og lúti sérstakri stjórn. Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins þarf eðli málsins samkvæmt að starfa í nánum tengslum við atvinnulífið, aðrar rannsóknarstofnanir, Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir.

Gerð er tillaga um að rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins verði valinn staður á Akureyri. Er það m. a. gert vegna þess að hér þarf nánast að byggja frá grunni nýja stofnun og gefst því gott tækifæri til að sýna í verki vilja til dreifingar ríkisstofnana um landið. Einnig má á það benda að á Eyjafjarðarsvæðinu fellur mikið til af hráefnum frá landbúnaði og sjávarútvegi sem ætla má að geti orðið undirstaða öflugs lífefnaiðnaðar. Þá myndi tilkoma slíkrar rannsóknastofnunar efla skólastarf á æðri stigum á viðkomandi stað og verða lyftistöng í menntunarmálum jafnt sem í atvinnulegu tilliti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. Þarfnast ekki skýringar.

2. gr. Kaflinn um Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins er saminn með hliðsjón af III. - VII. kafla í núgildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Ákvæði um stjórn, verksvið stjórnar og forstjóra, svo og um ráðgjafarnefnd, eru sambærileg við hliðstæð ákvæði í lögunum um einstakar rannsóknastofnanir.

Í 56. gr. í VIII. kafla er kveðið á um það að Rannsóknarstofa lífefnaiðnaðarins skuli hafa aðsetur á Akureyri eða í nágrenni. Í greinargerð er vikið að þessu og vísast til þess.

Verksvið Rannsóknarstofu lífefnaiðnaðarins er skilgreint í 61. gr. VIII. kafla og er þar tekið mið af stöðu mála og aðstæðum hérlendis. Jafnframt er höfð hliðsjón af skilgreiningu á verksviði annarra rannsóknastofnana atvinnuveganna.

3. gr. Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Dr. Jón Bragi Bjarnason, dósent í lífefnafræði við Háskóla Íslands:

GREINARGERÐ UM LÍFEFNATÆKNI.

Inngangur.

Lífefnatækni má skilgreina sem þá aðferðafræði sem notar lífverur eða kerfi og aðferðir lífheimsins til lausnar á viðfangsefnum í framleiðslu- og þjónustugreinum. Hér er fyrst og fremst átt við notkun lífhvata (ensíma), ýmist hreinsaðra eða lífverubundinna, til þess að hvetja efnahvörf sem annars mundu aðeins gerast með aðstoð dýrra og mengandi miðla.

Lífefnatækni er ekki að öllu leyti ný af nálinni. Aðferðir hennar hafa verið notaðar frá fornu fari. Þar má nefna matvælaframleiðslu af mörgum toga, svo sem osta- og jógurtgerð, öl- og víngerð og ýmislegt fleira. En þau svið lífefnatækninnar, sem talin eru mikilvægust í nútíð og framtíð, eru ensímtækni, þ. e. einangrun og notkun hreinna lífhvata, og genatækni, þ. e. flutningur erfðaefnis milli lífvera. Sem dæmi má nefna ensímframleiðslu fyrir iðnað, heilsugæslu og rannsóknarstarfsemi og framleiðslu insúlíns og interferons með erfðabreyttum örverum.

Staða ensímiðnaðar árið 1981 var á þann veg að framleiðslan var um 65 000 tonn að verðmæti um 400 milljónir bandaríkjadala. Spáð er aukningu í 75 000 tonn að verðmæti 600 milljónir dala fyrir árið 1985. Ensímiðnaður er ung en ört vaxandi iðngrein þar sem um 25 fyrirtæki sjá um nær alla heimsframleiðsluna, en sex þeirra eru langtum stærst. Meðal vestrænna þjóða eru þær þjóðir, sem stunda mikinn matvælaútflutning, stærstu ensímframleiðendurnir, t. d. Danir með tæplega helming framleiðslunnar og Hollendingar með um fimmtung. Skýringin á þessu kann að vera tengd nauðsyn matvælaútflutningsþjóðanna til þess að gera sem mest verðmæti úr hráefninu, en mörg ensímanna eru einmitt úr matvælaúrgangi. Slíkt er vitanlega lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst á tímum minnkandi hráefnis fyrir okkar mikilvæga matvælaiðnað, fiskiðnaðinn. Af ensímframleiðslunni 1981 voru 59% próteinkljúfandi ensím, 28% kolhydratakljúfandi ensím, 3% fitukljúfandi ensím en 10% annað.

Samkvæmt skýrslu sænska verkfræðingafélagsins var heildarvelta lífefnatæknimarkaðarins 25 milljarðar bandaríkjadala árð 1980 og er þar spáð rúmlega þúsundfaldri aukningu til ársins 1990. Ólíklegt verður að teljast að aukningin verði svo ör, en engu síður er víst að hún verður mjög ör og miklu örari en á flestum ef ekki öllum öðrum sviðum.

Þær greinar, sem hafa orðið fyrir eða munu líklega verða fyrir áhrifum lífefnatækninnar, eru matvælaiðnaður, fóðuriðnaður, olíuiðnaður, annar orkuiðnaður, nýting úrgangs og endurvinnsla, mengunarvarnir, lyfjaiðnaður og heilsugæsla. Á alþjóðavettvangi eru jafnmiklar vonir bundnar lífefnatækni og hinni svonefndu rafeinda- og örtölvubyltingu. Breska tímaritið Economist spáir því að iðnaður leiddur af þessari tækni muni setja svip sinn á atvinnulíf næstu aldar í jafnríkum mæli og iðnaður, sem leiddur er af eðlisfræði og efnafræði (stóriðja og efnaiðnaður), hefur sett á atvinnulíf tuttugustu aldarinnar.

Þróun lífefnatækni á Íslandi.

Umfjöllun um lífefnatækni hefur verið afar lítil á Íslandi. Þó eru margar atvinnugreinar hér á landi sem starfa á sviði hefðbundinnar lífefnatækni eða nýta afurðir og aðferðir lífefnatækninnar. Þetta eru atvinnugreinar eins og mjólkuriðnaður, ölgerð, sútun, brauðgerð, sælgætisgerð og fleiri. Þó eru hinar trúlega fleiri sem gætu og ættu að nýta þessa tækni. Er þar fyrst að nefna fiskiðnað, landbúnað, orkuiðnað og lyfjaiðnað. Á þessum sviðum eru möguleikar miklir og margvíslegir.

Í október 1973 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til þess að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum. Nefndin benti á að mikið væri til af innlendu hráefni fyrir lífefnaiðnað og vísaði þar einkum til úrgangsefna í sjávarútvegi og landbúnaði. En nefndin tók einnig fram að umfangsmiklar rannsóknir væru forsenda þess að unnt væri að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lífefna og að nauðsynlegt væri að ráða hæfa starfsmenn til þess að sinna þessum rannsóknum. Spár og niðurstöður nefndarinnar hafa reynst réttar að því er best verður séð, en hins vegar hefur rannsóknum lítt verið sinnt. Þá hafa opinberir aðilar ekki markað neina stefnu í þessum málum, né heldur heitið stuðningi við rannsóknir á sviði lífefnatækni, með þeim alvarlegu afleiðingum að ungt fólk aflar sér síður menntunar á þessu sviði, en þekking og kunnátta er undirstaða þessarar tækni sem og annarrar háþróaðrar tækni.

Hinn 4. maí 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Ítarleg greinargerð fylgdi tillögunni. Ekki virðist nein hreyfing hafa komist á málið við þetta.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins, „Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Langtímaáætlun 1982—1987", segir um verkefnaval fyrir langtímaverkefni m. a. eftirfarandi:

„Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni á ýmsum sviðum, sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum, sem líkleg eru til að verða mikilvæg, má m. a. nefna: Raf- og rafeindatækni, tölvu- og upplýsingatækni, orkunýtingartækni, lífefnatækni, vatns- og sjávareldistækni og fóður- og matvælatækni."

Ljóst er af skýrslunni að ofangreindum sviðum er fundinn samastaður a. m. k. að einhverju leyti í Rannsóknastofnunum atvinnuveganna, nema lífefnatækni þar sem hvergi er aðstaða í mannafla og tækjum til slíkra rannsókna. Hins vegar eru forsendur nokkuð góðar til rannsókna á sviði lífefnatækni við ýmsar stofnanir Háskóla Íslands, svo sem við Raunvísindastofnun, Líffræðisstofnun, Verkfræðistofnun og Tilraunastöðina að Keldum. Á það er einnig bent í skýrslu Rannsóknaráðs að rannsóknir í þágu úrvinnslugreina gætu í verulegum mæli farið fram innan Háskólans. Hins vegar skortir fjárveitingu til þess að ráða rannsóknarfólk til starfans. Að öðru leyti er flest til reiðu að hefja öflugt rannsóknarstarf á

sviði lífefnatækni. Á næstu missirum hyggst Rannsóknaráð beita sér fyrir könnun á lífefnatækni með það fyrir augum að gera tillögur að stefnumótun og er það vel. Það er hins vegar ljóst að rannsóknarviðleitnina verður að styðja nú þegar.

Lífefnatæknirannsóknir á Raunvísindastofnun.

Á efnafræðistofu Raunvísindastofnunar hafa á undanförnum árum farið fram athuganir á möguleikum ýmissa þátta lífefnatækninnar á Íslandi. Rannsóknir hafa hingað til farið fram með aðstoð lausráðins fólks og hefur í því sambandi komið til aðstoð ýmissa aðila, svo sem Vísindasjóðs, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Fiskimálasjóðs og Rannsóknarsjóðs Háskólans. Hafa þessar rannsóknir fyrst og fremst miðað að því að athuga það hráefni sem fellur til hér á landi, sérstaklega í landbúnaði og sjávarútvegi og að kanna vinnsluaðferðir sem falla best að þessu hráefni og aðstæðum innanlands. Í öðru lagi hafa þær miðað að því að rannsaka þá framleiðsluvöru sem úr hráefninu fæst, sérstaklega ef um hráefni frá sjávarútvegi er að ræða. Þá hafa einnig verið athugaðir möguleikar á beitingu nýrra aðferða lífefnatækninnar við hefðbundna atvinnuvegi innlenda, svo sem við fiskvinnslu, mjólkuriðnað og fleiri. Nokkur dæmi um athuganir okkar og niðurstöður fara hér á eftir.

Mikið er af lyfjaefninu heparin í sauðfjárgörnum og er það auðvinnanlegt eftir aðferð sem hönnuð var á Raunvísindastofnun. Þrjár skýrslur liggja fyrir um vinnslu heparins og höfum við þar með lokið rannsóknum á því sviði.

Vinnsla líffhvata úr fiskúrgangi hefur verið til athugunar um nokkurt skeið. Hefur í því sambandi mest áhersla verið lögð á vinnslu próteinkljúfandi líffhvata úr skúfum og görnum þorsks. Nú liggur fyrir aðferð til þess að vinna grófhreinsaða ensímblöndu úr þessu hráefni sem nota má í ýmsan iðnað, en mikil vinna er fram undan við fullhreinsun ýmissa ensíma í blöndunni. Fullhreinsuð ensím eru eðlilega verðmætari en hálfhreinsaðar ensímblöndur. Undanfarið hafa þessar rannsóknir legið niðri vegna fjárskorts.

Á undanförnu ári hafa rannsóknir á verkun saltsíldar farið fram á Raunvísindastofnun og miða þær að því að skilja feril verkunarinnar. Fyrsta áfanga þessara rannsókna er nú senn lokið og bendir margt til þess að verkun saltsíldar verði fyrst og fremst fyrir tilstilli próteinkljúfandi ensíma úr meltingarvegi síldarinnar. Ef það reynist rétt opnast ýmsir athyglisverðir möguleikar á síldarverkun með ensímum úr síld eða þorski.

Framtíðarmöguleikar lífefnatækni á Íslandi.

Möguleikar lífefnatækninnar á Íslandi eru fjölmargir og fer fjöldi þeirra fyrst og fremst eftir hugmyndaauðgi og kunnáttu fróðra manna. Því má segja að möguleikarnir séu óteljandi og þess vegna ekki vettvangur hér til þess að tína þá alla til. Þó skal þess freistað að nefna nokkur dæmi.

1. **Vinnsla lífefna.**
   Heparin og líffhvatar úr sauðfjárgörnum.
   Líffhvatar úr fiskúrgangi.
   Líffhvatar og hormón úr sláturúrgangi.
   Fiskafóður úr loðnumjöli.
   Líffhvatar úr hitaþolnum hveraörverum.
   Lyfjaefni úr blóðvökva blóðgjafa.
   Örverufóður úr slógmeltu og mysu.
2. **Ný notkun lífefna.**
   Síldarverkun með líffhvötum.
   Sætefni úr mysu með líffhvötum.
   Roðfletting síldar með líffhvötum.
   Ostagerð með líffhvötum úr þorski.

Hér eru aðeins nokkur dæmi tiltekin sem gætu skilað verðmætum upp á nokkur þúsund milljónir króna árlega. En það er deginum ljósara að ekkert þessara dæma verður að veruleika, né heldur lífefnaiðnaður yfirleitt, án kostnaðarsamra rannsókna og innlendrar þekkingaröflunar.

Lokaorð.

Eins og fyrr greindi er helsti þrándur í götu þróunar lífefnatækninnar á Íslandi áhugaleysi og skortur á rannsóknarviðleitni. Áhugaleysi fjárveitingavaldsins og forustumanna atvinnuveganna stafar fyrst og fremst af eðlilegum þekkingarskorti, en máttleysi rannsóknarstarfseminnar af andvaraleysi stjórnmálamanna og forsvarsmanna rannsóknastofnana. Hinn auðfengni afli undanfarinna ára og áratuga hefur auðvitað haft slævandi áhrif á viðleitni til nýjunga, en það er lífsnauðsyn að nýta betur innlent hráefni, einkum þegar skortur er á því. Hér er um háþróaðan iðnað að ræða sem ekki er mannfrekur en skilar miklu í aðra hönd, og það er sú tegund atvinnustarfsemi sem mannfá neyslufrek þjóð þarf á að halda.

Ef til vill getur könnun Rannsóknaráðs haft veruleg áhrif til að auka áhuga manna á lífefnatækni, en ljóst er þó að meginniðurstöður hennar verða á sama veg og könnunar iðnaðarráðuneytisins fyrrum, þ. e. að lífefnatækni lofar góðu en að rannsókna sé jafnframt þörf. Það þarf því að fylgja fast eftir með öflugu rannsóknarstarfi.

Þegar er fyrir hendi vísir að rannsóknum á sviði lífefnatækni við Háskóla Íslands. Þennan vísi verður að styrkja og efla nú þegar svo að unnt verði að viðhalda þeirri þekkingu og reynslu sem búið er að byggja upp og samheldni nái að haldast í þessum rannsóknum. Ekki er fært að bíða eftir niðurstöðum könnunar Rannsóknaráðs og væntanlega jákvæðum viðbrögðum.

Fylgiskjal II.

Rannsóknaráð ríkisins
8. mars 1984.

BRÉF VILHJÁLMS LÚÐVÍKSSONAR VARÐANDI SKIPUN STARFSHÓPS UM ÞRÓUN LÍFTÆKNI.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins hefur ákveðið að skipa starfshóp til að kanna þróunarforsendur líftækni hér á landi.

Með líftækni er hér átt við beitingu vísindalegra og verkfræðilegra aðferða til að umbreyta efnum með aðstoð lífvera eða virkra lífefna í framleiðsluferlum og við framkvæmd hvers kyns þjónustustarfsemi og rannsókna (heilbrigðisþjónustu, læknisfræði, erfðafræði, líffræði).

Markmið þessarar athugunar eru m. a. eftirfarandi:

1. Að skýra þýðingu líftækni fyrir íslenskt þjóðfélag og benda á þá möguleika sem þekkingarsvið þetta opnar, m. a. til nýrrar eða bættrar framleiðslu, betri heilbrigðisþjónustu og öflugri rannsóknarstarfsemi á ýmsum sviðum.
2. Að taka saman upplýsingar um núverandi stöðu þekkingar og hagnýtingar hér á landi á sviði líftækni og greina hvaða starfskraftar og færni er líkleg til að bætast við á næstu árum.
3. Að benda á þær hættur sem fylgt geta líftæknilegri starfsemi fyrir umhverfi eða heilsu manna og hvaða reglur þurfi að setja um slíka starfsemi til að forðast hugsanleg slys og draga úr áhættu.

4. Að gera tillögur um leiðir til að auka þekkingu og færni í mikilvægustu greinum innan líftæknisviðsins.
5. Að gera svo sem kostur er frumúttekt á vænlegustu möguleikum líftækni hér á landi, hvaða lífefni helst er unnt að vinna, í hvaða magni og úr hvaða hráefnum, hvernig markaðshorfur eru fyrir þessi efni og hvert er verðlag á þeim, hver er líklegur framleiðslukostnaður og hvaða heildarábata fyrir þjóðarbúið í heild getur orðið um að ræða af vinnslu þessara lífefna. Enn fremur að gera frumúttekt, ef kostur er, á þeirri verðmætisaukningu og/eða kostnaðarminnkun í vinnslu sem líftæknilegar aðferðir geta haft í för með sér í ýmsum hefðbundnum vinnslugreinum (svo sem t. d. síldarverkun og ostagerð).
6. Að gera tillögur um eflda starfsemi á þeim sviðum sem talið er að skilað geti mikilvægum þjóðhagslegum árangri á komandi árum, þar með um æskilegar skipulagsbreytingar eða verkaskiptingu í rannsóknum og þróunarstarfsemi, ef æskilegt þykir.
7. Að gera tillögur um leiðir til að hvetja til nýjunga í iðnaði og framleiðslu sem byggist á líftækni.

Æskilegt er að hópurinn hafi í starfi sínu samráð við stofnanir, samtök eða atvinnufyrirtæki sem áhuga gætu haft á máli þessu og lagt fram mikilvæg sjónarmið. Sérstaklega er bent á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fyrirtæki eins og Sláturfélag Suðurlands, Samband ísl. samvinnufélaga, Lýsi hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamtök fiskframleiðenda o. fl.

Tilgangur þessarar könnunar er að skapa stjórnvöldum yfirsýn yfir stöðu líftækninnar hér á landi í alþjóðlegu samhengi og að leggja grundvöll að stefnumótun varðandi eflingu þessa mikilvæga þekkingarsviðs og fjölþætta hagnýtingu þess í framtíðinni.

Stefnt er að því að hópurinn ljúki störfum fyrir haustið 1985, og er æskilegt að fram fari kynning á niðurstöðum nefndarinnar áður en skýrslu hennar verður endanlega lokið.

Ert þú hér með beðinn að taka sæti í starfshóp þessum.

Hópinn skipa eftirfarandi einstaklingar:
Jakob Kristinsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands,
Ólafur Andrésson, Tilraunastöðinni Keldum,
Sveinn Jónsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
Jón Bragi Bjarnason, Raunvísindastofnun háskólans,
Ari K. Sæmundsen, Rannsóknastofu í veirufræði,
Hörður Jónsson, Iðntæknistofnun Íslands, og
Sigmundur Guðbjarnason, Raunvísindastofnun háskólans.

Prof. Sigmundur Guðbjarnason verður formaður starfshópsins og Úlfar Antonsson, vatnalíffræðingur hjá Rannsóknaráði ríkisins, verður ritari hópsins.

Þóknun fyrir störf hópsins greiðist í samræmi við reglur hins opinbera.

Sþ. 142. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um fjárframlög til níunda bekkjar grunnskóla.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að tryggja að ríkissjóður gegni sömu skyldum hvað varðar fjárframlög við 9. bekk grunnskóla og við aðra bekki grunnskólans, án þess þó að skólaskylda komi til.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu þessari felst að nemendur 9. bekkjar njóti sömu réttinda og aðrir nemendur grunnskóla.

Skólaskylda 9. bekkjar hefur ekki enn komist til framkvæmda, m. a. vegna mjög skiptra skoðana skólamanna og annarra um það mál. Þrátt fyrir það er hróplegt óréttlæti að nemendur 9. bekkjar skuli ekki sitja við sama borð og aðrir nemendur grunnskóla hvað varðar framlög úr ríkissjóði.

Nú er nám í 9. bekk undanfari alls náms á framhaldsstigi og reynslan sýnir að um 95% nemenda, sem ljúka námi í 8. bekk, halda áfram. Því virðist skólaskylda 9. bekkjar ástæðulaus.

Nú er það svo að unglingar innan 16 ára aldurs teljast ekki fullgildir á vinnumarkaðnum og hafa því lágt kaup. Þrátt fyrir það eru lögð á þá útgjöld umfram aðra grunnskólanema, svo sem námsbókakaup.

Í dreifbýlinu gengur þessi mismunun enn lengra þar sem nemendur þurfa búsetu vegna að vera í heimavistarskólum. Öll börn og unglingar, sem í heimavist eru, greiða hráefniskostnað í mötuneyti. En auk þess er nemendum 9. bekkjar gert að standa straum af launakostnaði starfsfólks í mötuneyti. Má því ljóst vera að útgjaldaaukning heimilanna vegna þessa er umtalsverð.

Tillaga þessi er því réttlætismál, ekki aðeins til að jafna aðstöðu nemenda innan grunnskóla heldur og til að draga úr þeim aðstöðumun sem ríkir á milli fólks í dreifbýli og þéttbýli.

Ed. 143. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga um löggilta endurskoðendur er að finna svofellt ákvæði: „Engum er heimilt að endurtaka próf þetta nema einu sinni.“ Þau sjónarmið, sem stóðu að baki þessa ákvæðis, voru þau að það skapi visst aðhald að takmarka hve oft hver einstaklingur geti endurtekið prófið. Hins vegar hefur reynslan sýnt að erfitt er að standast þessi próf og hefur komið fyrir að menn hafi fallið tvisvar og þar með verið útilokaðir frá því að öðlast löggildingu til endurskoðunar. Því hefur og verið haldið fram að í þessu ákvæði felist í raun sú ályktun að sá prófmaður, sem hefur fallið tvisvar, geti ekki bætt kunnáttu sína. Í 46. gr. reglugerðar nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands kemur fram að prófmanni er heimilt að þreyta próf tvisvar. Auk þess segir í greininni að þó svo að prófmaður falli í bæði skiptin á prófinu geti háskóladeild veitt undanþágu frá ákvæðum þessum ef sérstaklega standi á. Sjá má af þessu að ákvæði laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eru strangari í garð prófmanna en þau sem gilda um próftöku við Háskóla Íslands. Af þessum sökum er með frumvarpi þessu lagt til að umrætt ákvæði verði fellt niður þannig að framvegis skipti ekki máli hvort prófmaður hafi áður fallið á sambærilegu prófi.

Nd. 144. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

16. gr. laganna (1. gr. laga nr. 97/1980) orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á fjögurra mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða utan vinnumarkaðar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Nú hefur móðir tekið a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 15 866 kr. á mánuði, miðað við 1. nóvember 1984, og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkmannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða tvíburafæðingu og einn mánuð fyrir hvert barn að auki ef fæðast fleiri í einu. Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr. og 7. mgr.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar fjórum mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en 5 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein, svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án þess að orlofsupphæð breytist.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það sem hér greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 98 1. júní 1984.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á 105. löggjafarþingi. Fyrsti flutningsmaður var þá Alexander Stefánsson núverandi félagsmálaráðherra, meðflutningsmenn þeir sem endurflytja frumvarpið nú.

Ein efnisbreyting er gerð á frumvarpinu, sú að í stað þriggja mánaða fæðingarorlofs komi fjórir mánuðir.

Flutningsmenn telja mikilvægt að móðir sé ekki neydd til að vinna utan heimilis fyrstu mánuðina eftir barnsburð. Hvað sá tími þarf að vera langur mun vera einstaklingsbundið. Enginn vafi leikur á því að æskilegt er að fæðingarorlof sé a. m. k. 9 mánuðir og að því beri að stefna. (Í Svíþjóð er fæðingarorlof t. d. í 9 mánuði.) Flutningsmönnum er það hins vegar ljóst að því marki verður tæpast náð nema í áföngum, jafnvel þótt efnahagsástandið væri skárra en það er talið vera þessa stundina.

Ef frumvarp þetta verður að lögum óbreytt þá mun útgjaldaaukningin, sem af því leiddi, verða rúmar 100 milljónir kr. sem skiptast þannig:

Full orlofsgreiðsla 1. nóv. 1984 er 15 866 kr. á mánuði. Tryggingastofnun ríkisins greiddi fæðingarorlof til 4266 kvenna árið 1982 og til 4258 kvenna árið 1983 og skiptist þannig:

1982:

1. Óskertar 3 mánaða greiðslur 2401 fæðing.
2. Til þeirra sem fengu 2/3 hl. 853 fæðingar.
3. Til þeirra sem fengu 1/3 hl. 1012 fæðingar.

1983:

1. Óskertar 3 mánaða greiðslur 2718 fæðingar.
2. Til þeirra sem fengu 2/3 hl. 778 fæðingar.
3. Til þeirra sem fengu 1/3 hl. 762 fæðingar.

Ef skiptingin yrði eins og hún var 1982 yrði kostnaðaraukinn við það að allar konur fengju sama fæðingarorlof, er Tryggingastofnun ríkisins innti af hendi, um 47 milljónir kr. miðað við þá greiðslu sem nú er, eða 15 866 kr. á mánuði. Ef skiptingin yrði eins og hún var 1983 mundi hún kosta um 37 milljónir kr.

Að lengja fæðingarorlof um einn mánuð og að allar konur fái sömu greiðslu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi kosta um 68 milljónir á ári miðað við greiðslur eins og þær eru núna.

Breyting sú sem gerð var á 16. gr. laganna á síðasta þingi og varðar fleirburafæðingar er tekin óbreytt inn í frumvarpið.

Flutningsmönnum þykir rétt að láta greinargerðina frá 1982 fylgja hér með:

Með lögum um fæðingarorlof, sem samþykkt voru á Alþingi 19. des. 1980 og tóku gildi 1. jan. 1981, var vissulega gerð mikilvæg breyting á lögum um almannatryggingar, þar sem ákveðið var að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggðar greiðslur í fæðingarorlofi.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu 1980 sagði meðal annars:

„Tilgangur með fæðingarorlofi er sá, að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu, sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Því er rétti til fæðingarorlofs skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris sé ekki um sömu aðila að ræða, sbr. 13. mgr. Hins vegar þykir rétt að framlengja fæðingarorlof þegar frekari umönnunar er þörf, t. d. við fleirburafæðingar eða í alvarlegum sjúkleikatilvikum barna, sbr. 11. mgr. Starf móðurinnar getur orðið æði umfangsmikið í slíkum tilfellum. Er því rétt að faðirinn fái tækifæri til að leysa hana af hólmi og að hann fái yfirleitt tækifæri til að sinna barni sínu nánar.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, leiðir til eftirfarandi helstu breytinga á réttarstöðu foreldra í fæðingarorlofi:

1. Allar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu eiga sama rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs, en á mismunandi launum, allt eftir atvinnuþátttöku. Eins og kunnugt er eru gildandi ákvæði um rétt til fæðingarorlofs bæði í lögum um atvinnuleysistryggingar og víða í kjarasamningum. Í báðum tilfellum er fæðingarorlofsréttur bundinn við aðild að verkalýðsfélagi og bundinn við atvinnuþátttöku í ákveðnum mæli.

   Með því að lögleiða fæðingarorlof fyrir allar konur felur frumvarp þetta í sér þá meginbreytingu á rétti þessum, að heimavinnandi konur fá í fyrsta skipti fæðingarorlof. Má gera ráð fyrir því, að hér sé um að ræða u. þ. b. 2000 konur á hverju ári sem nú öðlast fæðingarorlof í fyrsta skipti.
2. Gert er ráð fyrir því, að foreldri, sem hefur hálfa til fulla atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði eða 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, eigi rétt á óskertum mánaðarlegum fæðingarorlofsgreiðslum í þrjá mánuði, eins og viðmiðunargreiðslur eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir því, að þær fjárhæðir breytist ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar eins og þær verða í 8. fl. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta aldursþrepi, samkvæmt núgildandi kjarasamningum.

   Foreldri, sem er með fjórðungs til hálfrar atvinnuþátttöku eða 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um ⅓, þ. e. á rétt til ⅔ af mánaðarlegum greiðslum í þrjá mánuði. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar, heimavinnandi eða er með fjórðungs atvinnuþátttöku eða minna, þ. e. 515 stundir og minna á síðustu 12 mánuðum, á með sama hætti rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um ⅔ og á þannig rétt á ⅓ hluta fullra viðmiðunarlauna í þrjá mánuði.
3. Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur í reglugerð. Gera má ráð fyrir því, að vandkvæðum geti verið bundið fyrir ýmsa hópa kvenfólks að sanna atvinnuþátttöku sína eða störf sem meta mætti jafngild atvinnuþátttöku. Má sem dæmi nefna sjómannskonur, konur bænda, þær sem stunda nám með heimilisstarfi og þær sem stunda atvinnurekstur. Ekki þóttu tök á því í þessum texta að marka ákveðna stefnu hvað þessar starfsgreinar kvenna snertir og hugsanlega aðrar sem erfitt eiga með sönnun á vinnuframlagi sínu. Verður að gera ráð fyrir því, að tíminn og reynslan leiði í ljós, hvernig eðlilegast sé að meta hin einstöku störf, og er því gert ráð fyrir því, að ráðherra sé veitt heimild til setningar reglugerðar um alla nánari útfærslu greinarinnar, að fenginni reynslu.

   Eins og áður segir er gert ráð fyrir því, að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði nú fæðingarorlof að öllu leyti. Er því jafnframt þessu frumvarpi lagt fram annað frumvarp um breyting á almannatryggingalögum, sem varðar greiðsluhlutdeild atvinnurekenda á Íslandi í lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar.

4. Ef um fleirburafæðingu er að ræða framlengist fæðingarorlof um einn mánuð. Sömuleiðis er sjúkleiki barns krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með almennu læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði.
5. Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslum samkvæmt 6. mgr. greinarinnar í þann tíma sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó þannig að aldrei verði heildarfæðingarorlof lengra samtals en fjórir mánuðir.
6. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að fæðingarorlof falli niður frá og með þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Er því gert ráð fyrir því, að foreldri fái réttinn til fæðingarorlofs þar til barni er ráðstafað. Þó er gert ráð fyrir því vegna fæðingarinnar, að foreldri eigi í slíkum tilfellum að minnsta kosti rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð, þó barni sé ráðstafað fyrir þann tíma. Sama rétt á kona einnig ef um er að ræða fósturlát sem er þess eðlis að jafna má til fæðingar.
7. Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri skulu njóta allt að tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslna vegna töku barns til 5 ára aldurs.
8. Gert er ráð fyrir sveigjanlegum fæðingarorlofsrétti að því leyti til að foreldri er heimilt, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án sérstakrar greiðslu.
9. Að lokum er það áréttað í greininni, að hún tekur til og leysir af hólmi núgildandi fæðingarorlofskerfi, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þó þannig að betri heildarréttur, sem verkalýðsfélag hefur samið um, skal ekki skerðast af ákvæðum frumvarpsins. Þá ber þess að geta, að enda þótt 1. mgr. greinarinnar geri ráð fyrir því, að allir foreldrar á Íslandi eigi rétt á fæðingarorlofi, gilda sérstakar reglur um fæðingarorlof opinberra starfsmanna og er að svo stöddu ekki gert ráð fyrir því, að ákvæði frumvarpsins taki til þeirra. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi njóta konur atvinnuleysistrygginga í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 56/1975, sbr. reglugerð nr. 14/1976. Að auki njóta konur samningsbundins fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þannig njóta konur innan Verkamannasambands Íslands dagvinnukaups í 3 vikur í fæðingarorlofi skv. kjarasamningi. Konur innan V.R. óskerts kaups í 12 virka daga. Konur innan Landssambands iðnverkafólks dagvinnukaups í 2 vikur. Konur innan Starfsmannafélagsins Sóknar dagvinnukaups í 3 vikur og dagvinnukaups í 3 mánuði eftir þriggja ára starf. Innan Hins ísl. prentarafélags njóta konur dagvinnukaups í 3 vikur. Innan Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar og Kísiliðjunnar óskertra launa í 3 mánuði. Hjá Járnblendifélaginu óskertra launa í 6 vikur. Hjá ÍSAL óskertra launa í 6 vikur. Innan BSRB og BHM óskertra launa í 3 mánuði, skv. reglugerð. Hjá Sambandi ísl. bankamanna óskertra launa í 3 mánuði.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 14/1976 greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður fæðingarorlof þann tíma sem launagreiðsla atvinnurekenda í fæðingarorlofi nemur skemmri tíma en 90 bótadögum. Bætur samkv. lögum um almannatryggingar hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt því ákvæði.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er létt af Atvinnuleysistryggingasjóði núverandi greiðslum fæðingarorlofs, og einnig er þessu frumvarpi ætlað að létta af atvinnurekendum samningsbundnu fæðingarorlofi, að svo miklu leyti sem þar er ekki um rýmri rétt að ræða en frumvarpið gerir ráð fyrir."

Þegar frumvarpið var til meðferðar á Alþingi 1980 gerði 1. flutningsmaður þessa frumvarps þær athugasemdir við frumvarpið að óeðlilegt væri að upphæð fæðingarstyrks væri ekki sú sama til allra fæðandi kvenna án tillits til tekna eða þátttöku á vinnumarkaði, og

vísaði þar til aðaltilgangs laganna, enn fremur hrópandi óréttlæti þess gagnvart heimavinnandi konum. 1. flm. benti einnig á þá miklu skriffinnsku sem fylgja mundi vottorðum og sönnunarskyldu vegna atvinnuþátttöku, sem væri algjör óþarfi þar sem barnsburðarvottorð læknis væri aðalatriðið.

1. flm. féllst á að draga til baka breytingartillögu þar sem nauðsyn bar til að flýta afgreiðslu málsins fyrir áramót 1980—81, í tengslum við samkomulag ríkisstjórnar við launþegasamtökin í landinu sem lögðu aðaláherslu á málið vegna fólks í stéttarfélögum á vinnumarkaði.

1. flm. gaf þá yfirlýsingu við afgreiðslu málsins að hann mundi fylgjast með framkvæmd málsins og beita sér fyrir breytingum síðar.

Samkvæmt upplýsingum, sem 1. flm. hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, nam greiðsla fæðingarorlofs 1982 76 486 822 kr. vegna 4266 fæðinga, sem skiptust þannig skv. ákvæðum laganna:

1. Óskertar 3 mán. greiðslur, 2401 fæð. 55 379 876
2. Til þeirra er fá ⅔ hl., 853 fæð. 13 257 293
3. Til þeirra er fá ⅓ hl., 1012 fæð. 7 831 653

Ljóst er að verulega fjárhæð þarf til að jafna þennan mun, en hér er um að ræða réttlætismál, ekki síst viðurkenningu á réttarstöðu heimavinnandi móður, og hefur mikið gildi fyrir uppeldi barna sem ekki verður metið til fjár.

Sþ. 145. Fyrirspurn [140. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um útgáfu símalyfseðla

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um útgáfu lyfseðla í gegnum síma?
2. Er fyrirhugað að breyta þeim reglum til þess að koma í veg fyrir misnotkun?

Sþ. 146. Fyrirspurn [141. mál]

til fjármálaráðherra um útgjaldaauka ríkissjóðs vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hversu hárri fjárhæð hefðu launagreiðslur til ríkisstarfsmanna, sem féllu niður meðan á verkfalli stóð, numið?
2. Hver er áætlaður útgjaldaauki ríkissjóðs vegna kauphækkana ríkisstarfsmanna
   a. á mánuði,
   b. á einu ári?
3. Hversu stór hluti útgjalda ríkissjóðs (sbr. 2 b) má áætla að skili sér aftur í ríkissjóð í formi beinna og óbeinna skatta ef tekið er tillit til margfeldisáhrifa aukinnar neyslu?

Sþ. 147. Fyrirspurn [142. mál]

til fjármálaráðherra um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum.

Frá Gunnari G. Schram.

Hvenær er þess að vænta að fjármálaráðherra leggi fyrir Alþingi tillögur um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum svo sem fyrir var mælt í þingsályktun þeirri sem samþykkt var á Alþingi 22. maí síðast liðinn?

Ed. 148. Frumvarp til laga [143. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi, 1984.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 5. nóvember 1984, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. marz 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975) um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslenzku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

ÞRIÐJI VIÐAUKI
VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 5. dag nóvembermánaðar 1984

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

annars vegar

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, og (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað, sem er í eigu Íslenzka Álfélagsins hf. („ISALs“), dótturfélags Alusuisse;

Við aðalsamninginn eru tengd tiltekin fylgiskjöl, þar á meðal rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og ISALs og aðstoðarsamningur — rekstur milli Alusuisse og ISALs;

Ríkisstjórnin og Alusuisse óska nú að breyta tilteknum ákvæðum aðalsamningsins varðandi framleiðslugjald það er ISAL greiðir, og er það þáttur af sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, sem dagsettur er 5. nóvember 1984;

Í kjölfar samningaviðræðna, sem fram hafa farið samkvæmt tilteknum ákvæðum í bráðabirgðasamningi dagsettum 23. september 1983 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, óska ríkisstjórnin og Alusuisse nú ennfremur að breyta tilteknum öðrum ákvæðum aðalsamningsins;

Aðilarnir staðfesta að hvorki tilvist né efni þeirra breytinga á aðalsamningnum, sem gerðar eru með samningi þessum, feli í sér viðurkenningu af hálfu neins aðila um að hann hafi brotið í bága við neitt ákvæði aðalsamningsins eða haldið fram neinni rangri túlkun á neinu þeirra ákvæða aðalsamningsins, sem breyting tekur til;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum

1.01. Samning þennan ber að nefna þriðja viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og

þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr. 1.01	(a)	
„Alusuisse“	málsgr. 1.01	(b)	
„Landsvirkjun“	málsgr. 1.01	(c)	
„Kaupstaðurinn“	málsgr. 1.01	(d)	
„ISAL“	málsgr. 1.01	(e)	
„Dótturfélag Alusuisse“	málsgr. 1.01	(f)	
„Fylgiskjöl“	málsgr. 1.02		
„Fylgisamningar“	málsgr. 1.02		
„Rafmagnssamningur“	málsgr. 1.02	(a)	
„Aðstoðarsamningur — rekstur“	málsgr. 1.02	(c)	(ii)
„Bræðsla“	málsgr. 1.03	(b)	

1.03. „Fylgiviðaukar“ merkja skjöl þau, sem hér eru viðfest sem (i) fylgiskjal A, þ. e. þriðji viðauki við rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og ISALs; (ii) fylgiskjal B, þ. e. þriðji viðauki við aðstoðarsamning — rekstur milli Alusuisse og ISALs; og (iii) fylgiskjal C, þ. e. breytingar á stofnsamningi og samþykktum Íslenzka Álfélagsins hf. (Icelandic Aluminium Company Limited).

1.04. „Staðfestingarlögin“ merkja lög þau frá Alþingi, er veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 6.02 í samningi þessum.

1.05. „Gildistökudagur“ merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 6.02 í samningi þessum.

2. gr.

Breyting á ákvæðum aðalsamningsins varðandi skatta og gjaldskyldu

2.01. Málsgrein 27.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að sett er semikomma í stað punkts á eftir orðunum „sem við á“ í staflið (a) og síðan bætt þar við eftirfarandi:

„stofnkostnaður vegna mengunarvarnabúnaðar og búnaðar, sem settur er upp í tengslum við mengunarvarnabúnað, og skyldur kostnaður við fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrstu stækkun bræðslunnar, aðra stækkun bræðslunnar og þriðju stækkun bræðslunnar, afskrifaður með jöfnum ársafskriftum á 8 ára tímabili frá þeim tíma að hann er tekinn í notkun, allt eins og nánar er tilgreint í málsgrein 2.02 í þriðja viðauka við aðalsamninginn og fylgiblaði A með honum; og heimilt er að byrja afskriftir á gengistapi, er ISAL verður fyrir, á sama ári og tapið verður til.“

2.02 Eftirstöðvar afskriftastofna 1. janúar 1984 vegna mengunarvarnabúnaðar og búnaðar, sem settur er upp í tengslum við hann, og skylds kostnaðar (sem innifelur án takmörkunar þá liði, sem greindir eru í töflu 1 á fylgiblaði A með þessum samningi) að því er varðar fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrstu stækkun bræðslunnar, aðra stækkun bræðslunnar og þriðju stækkun bræðslunnar, eru eins og greint er um ýmsa flokka þessa búnaðar og kostnaðar, í töflu 2 á fylgiblaði A með samningi þessum. Þessa stofna í hverjum flokki skal afskrifa frá 1. janúar 1984 á þeim afskriftatíma, sem eftir er fyrir hvern flokk samkvæmt umræddri töflu 2, en þó háð endurmati vegna gengistapa, en slíkt endurmat skal gera í samræmi við aðalsamninginn.

2.03. Málsgrein 27.03 í aðalsamningnum breytist einnig á þá lund, að bætt er við staflið (d) nýjum málslið, svohljóðandi:

„ISAL á hvenær sem er rétt til að inna framlag í varasjóðinn á hverju tilteknu ári, og að hækka eða lækka hvert það framlag til að halda samræmi við þá takmörkun um 20%, sem sett er hér að ofan, þar til nettóhagnaður ISALs fyrir það ár hefur verið endanlega

staðfestur með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eða endanlega ákvarðaður með öðrum hætti samkvæmt samningi þessum.“

2.04. Málsgreinum 29 05, 29.06 og 29.07 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að þær verði svohljóðandi í heild sinni:

„29.05. Til þess að staðreyna, hvort framleiðslugjald það, sem ISAL hafi greitt og beri að greiða fyrir eitthvert almanaksár, verði umfram 55% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, vegna þess að leiðréttur taxti hafi verið í gildi, eða minna en 35% af slíkum nettóhagnaði, skal Alusuisse leggja fyrir ríkisstjórnina eigi síðar en 1. júní næsta árs á eftir skýrslu um endurreikning á framleiðslugjaldi fyrir viðkomandi ár („endurreikningsskýrslu“). Í sambandi við þann endurreikning skal Alusuisse hafa byrðina af að sanna nettóhagnað ISALs fyrir það ár með endurskoðuðum reikningum, er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt endurreikningsskýrslunni. Þessir endurskoðuðu reikningar skulu vera byggðir á ársreikningum ISALs fyrir viðkomandi ár, og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur.

29.06. Ríkisstjórnin skal á eigin kostnað skipa alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa slíka reikninga og ársreikninga ISALs fyrir hvert ár, og heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög.

29.07. Endurreikningsskýrslu fyrir hvert ár ber ISAL að afhenda ásamt greiðslu að fullu á þeirri fjárhæð framleiðslugjalds, sem gjaldskyld er, eftir því sem endurreikningsskýrslan sýnir, umfram þær fjárhæðir, er greiddar hafa verið þegar á skattárinu samkvæmt málsgr. 29.02 og sýndar eru í c-lið viðkomandi framleiðslugjaldsskýrslu. Endurskoðun endurreikningsskýrslunnar, sem ríkisstjórnin lætur fram fara, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ISAL eigi síðar en hinn 1. september á endurreikningsárinu. Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig tilkynntar ISAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ISALs fyrir umrætt ár eftir 1. september á endurreikningsárinu.

2.05. Málsgrein 30.03 í aðalsamningi breytist hér með á þann veg, að niður falla orðin „samkvæmt málsgrein 29.06“ í staflið (a) og í stað þeirra skal skotið inn orðunum „og yfirförnum samkvæmt ákvæðum málsgreina 29.05 og 29.06“.

2.06. Málsgrein 30.10 í aðalsamningi er hér með breytt með því að fella niður orðin „samkvæmt málsgrein 29.06“ og skjóta inn í þeirra stað orðunum „og yfirfarin samkvæmt ákvæðum málsgreina 29.05 og 29.06“.

2.07. Málsgrein 29.09 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„29.09. Á gildistökudegi sáttargerðarsamnings dags. 5. nóvember 1984 á milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse skal ríkisstjórnin færa ISAL til eignar fjárhæðina 4.081.071,85 Bandaríkjadollara (að viðbættum 1.646,93 Bandaríkjadollurum fyrir hvern dag frá 5. nóvember 1984 til gildistökudags umrædds sáttagerðarsamnings eða frá 1. janúar 1985, eftir því hvor kemur fyrr, og 1.792,91 Bandaríkjadollara fyrir hvern dag frá 1. janúar 1985, þar til að gildistökudeginum kemur), er svarar til skattinneignar ISALs samkvæmt málsgrein 29.09 í aðalsamningnum, eins og hún átti við fyrir gerð þriðja viðauka við aðalsamninginn, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem Alusuisse hefur samþykkt, í greindum sáttargerðarsamningi, að skattinneignin skuli lækkuð um. Skattinneign þessi flyst frá gildistökudegi greinds sáttargerðarsamnings með ársvöxtum,

er séu jafnháir forvöxtum Seðlabanka Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma, og ber að nota hana til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ISALs vegna almanaksára eftir 31. desember 1983, að því leyti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð framleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár þegar gjaldið er reiknað á grunntaxta. Skuldajöfnuðinn skal framkvæma hinn 1. febrúar ársins á eftir, þannig að vextir á fjárhæð sérhvers slíks skuldajafnaðar hætti að falla á 1. febrúar á því eftirfarandi ári. Ef einhverjar eftirstöðvar verða af þessari skattinneign þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið, skulu þær endurgreiddar ISAL í reiðufé."

2.08. Málsgrein 33.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að sett er komma í stað punkts á eftir síðari málslið hennar og síðan bætt við hana eftirfarandi: „og engin viðurlög skulu á lögð vegna framleiðslugjalds ISALs í sambandi við endurskoðun þá, sem um ræðir í málsgreinum 29.06 og 29.07 í samningi þessum."

3. gr.

Breyting á almennum ákvæðum aðalsamningsins

3.01 Málsgrein 49.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að þriðji málsliður er felldur niður og í stað hans skotið inn nýjum málslið svohljóðandi: „Eigi síðar en þremur árum áður en þrjátíu og fimm ár eru liðin frá AR I (á „valdegi") getur hvort heldur ríkisstjórnin eða Alusuisse lýst yfir (með skriflegri tilkynningu til hins aðilans) þeirri ætlan sinni að kjósa að framlengja gildistíma samnings þessa, og þá einnig gildistíma fylgisamninganna, um önnur tíu ár til viðbótar, og hafi slík yfirlýsing verið gefin, getur hvor aðili sem er kosið að framlengja gildistímann eigi síðar en sex mánuðum áður en þessi þrjátíu og fimm ár eru liðin."

4. gr.

Breyting á ákvæðum aðalsamnings varðandi hluti og hluthafa í ISAL

4.01. Málsgrein 1.01(g) í aðalsamningnum breytist þannig að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„(g) „Samþykktur hluthafi" merkir sérhvert félag (annað en Alusuisse eða dótturfélög Alusuisse), sem ekki er íslenskt og sem á fimmtíu af hundraði (50%) eða minna af hlutafé í ISAL;"

4.02. Hvarvetna þar sem þau koma fyrir í aðalsamningnum skulu orðin „minnihluta hluthafi" eða „minnihluta hluthafar" falla brott, en orðin „samþykktur hluthafi" eða „samþykktir hluthafar", í sömu röð, koma í þeirra stað.

4.03. Í niðurlagi málsgreinar 22.01 í aðalsamningnum falla brott orðin „minna en fimmtíu og einn hundraðshluta (51%) þeirra útistandandi hlutabréfa sem almennur atkvæðisréttur í ISAL fylgir", og kemur eftirfarandi í þeirra stað: „minna en fimmtíu hundraðshluta (50%) af útistandandi hlutabréfum í ISAL, er almennur atkvæðisréttur fylgir (að meðtöldum í þeim fimmtíu hundraðshlutum sérhverjum hlutabréfum, er aðrir lögaðilar kunna að eignast í samræmi við málsgrein 22.04)."

4.04. Málsgrein 22.03 í aðalsamningnum breytist á þessa leið og verður svohljóðandi í heild sinni:

„22.03. Ef hlutabréf í ISAL eru gefin út eða framseld (með sölu eða á annan hátt) handa einhverjum samþykktum hluthafa með samþykki ríkisstjórnarinnar, skal hinn samþykkti hluthafi þar með og svo lengi sem hann á slík hlutabréf öðlast og vera aðnjótandi réttinda hluthafa í ISAL og þeirra hagsbóta, sem því fylgja, en þó með þeim skilmálum og skilyrðum, sem segir í þessari málsgrein 22.03. Án þess að takmarka á

nokkurn hátt rétt ríkisstjórnarinnar til þess að setja önnur skilyrði fyrir veitingu samþykkis síns til slíkrar útgáfu eða framsals á hlutabréfum í ISAL, skal það jafnan vera skilyrði fyrir slíkri útgáfu eða framsali, að hinn væntanlegi samþykkti hluthafi undirriti og afhendi ríkisstjórninni skriflegt skjal í því formi, er ríkisstjórnin telur fullnægjandi, þar sem hinn samþykkti hluthafi skal meðal annars fallast á öll ákvæði og skilmála samnings þessa og fylgiskjalanna og skal samþykkja að vera bundinn af öllum slíkum ákvæðum og skilmálum að því leyti sem þau eiga við um samþykkta hluthafa, þar á meðal af ákvæðum 45., 46. og 47. greinar samnings þessa, án þess að tæmandi sé talið. Hafi ríkisstjórnin og Alusuisse ekki samþykkt annað, skal útgáfa eða framsal hluta til samþykkts hluthafa ekki hafa neinskonar áhrif á neinar skuldbindingar Alusuisse gagnvart Landsvirkjun, kaupstaðnum eða ríkisstjórninni samkvæmt samningi þessum eða fylgiskjölunum, né á skuldbindingar þessara aðila gagnvart Alusuisse eða ISAL."

4.05. Við 22. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein 22.04, svohljóðandi:

„22.04. Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar 22.01 skal Alusuisse eiga rétt til að framselja (með sölu eða á annan hátt) hlutabréf, sem Alusuisse á í ISAL, í heild eða að hluta til eins eða fleiri lögaðila, nú eða síðar, sem eru á þeim tíma í einkaeign Alusuisse, beint eða í gegnum aðra slíka aðila í einkaeign, eða að láta gefa út hlutabréf í ISAL til slíkra aðila, og að láta framselja þau hlutabréf, sem þannig eru gefin út eða framseld, á meðal slíkra aðila og frá slíkum aðilum til Alusuisse. Slík útgáfa eða framsöl til þessara aðila eða framsöl þeirra á meðal skulu aðeins halda gildi sínu jafnlengi og þessi tengsl við Alusuisse vara, nema ríkisstjórnin samþykki annað. Útgáfa eða framsal á hlutabréfum til umræddra aðila skal ekki hafa neinskonar áhrif á neinar skuldbindingar Alusuisse gagnvart Landsvirkjun, kaupstaðnum eða ríkisstjórninni samkvæmt samningi þessum eða fylgiskjölunum, né á skuldbindingar þessara aðila gagnvart Alusuisse eða ISAL. Ef hlutabréf í ISAL eru gefin út og framseld til einhvers slíks aðila skal hann þar með og jafnlengi og hann á þau hlutabréf öðlast og vera aðnjótandi réttinda hluthafa í ISAL og þeirra hagsbóta, sem því fylgja, en þó með þeim skilmálum og skilyrðum, sem segir í þessari málsgrein 22.04. Sérhver aðili, sem þannig hefur fengið hlutabréf í ISAL útgefin eða framseld, skal verða skuldbundinn af samningi þessum og fylgiskjölunum á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins og skal staðfesta þetta berum orðum með því að undirrita og afhenda ríkisstjórninni skriflegt skjal í því formi, sem ríkisstjórnin telur fullnægjandi, þar sem aðilinn fellst á öll ákvæði og skilmála samnings þessa og fylgiskjalanna og samþykkir að vera bundinn af öllum þessum ákvæðum og skilmálum að því leyti sem þau eiga við um slíka aðila, þar á meðal af ákvæðum 45., 46. og 47. greinar samnings þessa, án þess að tæmandi sé talið. Alusuisse skal skilyrðislaust ábyrgjast ríkisstjórninni, Landsvirkjun og kaupstaðnum réttar og skilvísar efndir af hálfu slíks aðila á öllum skuldbindingum hans samkvæmt ákvæðum þessum og skilmálum. Þar sem rætt er um Alusuisse í samningi þessum sem eiganda að hlutabréfum í ISAL, þar á meðal í málsgreinum 20.01, 22.01 og 22.02, án þess að tæmandi sé talið, skal svo á litið að átt sé einnig við sérhvern slíkan aðila, sem er eigandi að þeim hlutabréfum."

4.06. ISAL skal samþykkja breytingarnar á stofnsamningi og samþykktum þess, sem greinir í fylgiskjali C með samningi þessum, eigi síðar en á næsta aðalfundi ISALs eftir gildistökudag þessa samnings.

5. gr.

Tengsl við breytingar á fylgiviðaukunum

5.01. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu aðilar að fylgiviðaukunum undirrita þá í því formi sem fylgiviðauki A og fylgiviðauki B eru. Ríkisstjórnin og Alusuisse

staðfesta samþykki sitt við fylgiviðauka A með áritun sinni á hann, og ríkisstjórnin staðfestir samþykki sitt við fylgiviðauka B með áritun á hann.

5.02. Fylgiviðauki A verður beinn hluti af fylgiskjali A með aðalsamningnum, fylgiviðauki B verður beinn hluti af fylgiskjali C2 með aðalsamningnum og fylgiviðauki C verður beinn hluti af fylgiskjali E með aðalsamningnum. Allar tilvísanir til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eða hvers þeirra sem er, sem gerðar eru í aðalsamningnum (eins og honum hefur hér með verið breytt), eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna eins og þeim hefur verið breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema samhengi krefjist annars.

6. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur

6.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum, eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

6.02. Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

6.03. Útreikningur og endurskoðun vegna framleiðslugjaldsskyldu ISALs frá og með 1. janúar 1984 skal fara eftir aðalsamningnum eins og honum er breytt með samningi þessum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Sverrir Hermannsson
iðnaðarráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich N. Ernst
forstjóri

FYLGIBLAÐ A VIÐ ÞRIÐJA VIÐAUKA VIÐ AÐALSAMNINGINN

Tafla 1

(1) Þurrhreinsistöðvar I og II, sem samanstanda af pokahúsum, efnahverfum, reykháfum, loftþjöppustöðvum nr. 2 og 3, spennistöðvum nr. 54 og 55, veikstraumskerfi, tengingum, undirstöðum og daggeymum nr. 1 til og með 4.
(2) Reykrör um 7 km á lengd, 0,4 til 3,0 metrar að þvermáli.
(3) Forskautahluti keranna að meðtöldum tölvustýrðum punktþjónustueiningum með skurnbrjótum, súrálsgeymum, súrálsskömmturum, lyftibúnaði, þverbitum, mótorfestingum og hjálparskautbrúm.
(4) Raflausnarendurvinnslustöð með raflausnarmölunarstöð og raflausnargeymslusílói; að auki eru 3 raflausnarflutningatæki, ALF_3-síló, kríólít síló, pokaopnunarbúnaður, tilheyrandi undirstöður og fastabúnaður.
(5) Tölvustýrikerfi, sem samanstendur af 12 MPX-stöðvum (ásamt búnaði), tölvubygging (ásamt 2 stýritölvum og öðrum búnaði), og rafmagnsbúnaði.
(6) Þéttflæðisúrálsflutningakerfi í kerskála 1, 2 brúarkranar með 4 súrálstönkum í kerskála 2, ásamt tilheyrandi undirstöðum.
(7) Járnsteypibúnaður fyrir skautgaffla, ásamt 1 ísteypustöð, 2 járnbræðsluofnum, 1 brúarkrana, spennistöð nr. 67, 2 afdráttarpressum og aukabúnaði.
(8) Skauthúðunarstöð.
(9) Loftþjöppumiðstöð nr. 4 með 4 MAHLE loftþjöppum og loftþurrkurum, spennistöð nr. 56, tengingum og tilheyrandi undirstöðum.
(10) 20 kV orkudreifikerfi/kaplar.
(11) Nauðsynlegur búnaður á svæðinu.
(12) Flutningskostnaður fyrir ofangreindan búnað.
(13) Byggingarkostnaður og uppsetningarkostnaður fyrir ofangreindan búnað.

Tafla 2

Flokkar	Afskriftatími		Eftirstöðvar afskriftastofna	Eftirstöðvar afskriftatíma
	Byrjun	Endir	hinn 1. janúar 1984	frá 1. janúar 1984
Stig 1 til og með 4	1. júlí 1979	30. júní 1987	132,365,124	3 ár 6 mánuðir
AR IV	1. janúar 1980	31. desember 1987	77,662,532	4 ár
Stig 5	1. janúar 1982	31. desember 1989	72,134 626	6 ár
Stig 6	1. janúar 1982	31. desember 1989	234,431,079	6 ár
Stig 7	1. apríl 1982	31. marz 1990	335,759,841	6 ár 3 mánuðir

THIRD AMENDMENT
TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LIMITED

AGREEMENT made as of the 5th day of November, 1984

BETWEEN

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the „Government"), of the First Part,

AND

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hereinafter referred to as Alusuisse"), a company organized under the laws of Switzerland, of the Second Part.

WHEREAS the Government and Alusuisse are parties to an agreement dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (i) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, and (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and effective as of June 12, 1976 (hereinafter as so amended referred to as the "Master Agreement"), relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvik in the Township of Hafnarfjördur, owned by Icelandic Aluminium Company Ltd. ("ISAL"), a subsidiary of Alusuisse:

WHEREAS certain Scheduled Documents are annexed to the Master Agreement, including a certain Power Contract between Landsvirkjun and ISAL and a certain Assistance Agreement-Operation between Alusuisse and ISAL;

WHEREAS the Government and Alusuisse now wish to amend certain provisions in the Master Agreement relating to the Consolidated Tax payable by ISAL, as part of the Settlement Agreement dated as of November 5, 1984 between the Government and Alusuisse;

WHEREAS the Government and Alusuisse, as a result of negotations conducted pursuant to certain provisions of the Interim Agreement dated as of September 23, 1983 between the Government and Alusuisse, now wish to amend certain other provisions of the Master Agreement;

WHEREAS the Parties acknowledge that neither the existence nor the contents of the amendments to the Master Agreement set forth herein constitute admissions by either party that any provision in the Master Agreement has been breached by such party or that any interpretation of any affected provision of the Master Agreement heretofore advanced by such party is incorrect;

NOW IT IS HEREBY DECLARED AND AGREED AF FOLLOWS:

Article 1

Title of this Agreement and Definitions Used Herein

Section 1.01. This Agreement shall be known as the Third Amendment to the Master Agreement.

Section 1.02. Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in the Sections specified in Article 1 of the Master Agreement:

"Government"	Section 1.01(a)
"Alusuisse"	Section 1.01(b)
"Landsvirkjun"	Section 1.01(c)
"Township"	Section 1.01(d)
"ISAL"	Section 1.01(e)
"Alusuisse Affiliate"	Section 1.01(f)
"Scheduled Documents"	Section 1.02
"Scheduled Contracts"	Section 1.02
"Power Contract"	Section 1.02(a)
"Assistance Agreement-Operation"	Section 1.02(c)(ii)
"Smelter"	Section 1.03(b)

Section 1.03. The "Scheduled Amendments" shall mean the documents annexed hereto as (i) Schedule A, namely the Third Amendment to the Power Contract between Landsvirkjun and ISAL; (ii) Schedule B, namely the Third Amendment to the Assistance Agreement-Operation between Alusuisse and ISAL; and (iii) Schedule C, namely the Amendment to the Memorandum of Association and Statutes of Islenzka Alfelagid H/F (Icelandic Aluminium Company Limited).

Section 1.04. The "Ratifying Act" shall mean the Act of the Althing that gives this Agreement the force of law in Iceland as provided in Section 6.02 of this Agreement.

Section 1.05 "Effective Date" of this Agreement shall have the meaning assigned to that term in Section 6.02 of this Agreement.

Article 2

Amendment of Provisions in the Master Agreement Relating to Taxes and Fiscal Relationship

Section 2.01. Section 27.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the period following the word "respectively" in subsection (a) thereof, inserting in its place a semicolon, and inserting thereafter the following:

> "depreciation of the cost of pollution abatement equipment and equipment installed in conjunction with pollution abatement equipment and related costs with respect to the First Stage of the Smelter, Smelter-First Enlargement, Smelter-Second Enlargement, and Smelter-Third Enlargement, on a straight-line basis over a period of eight years from the dates of commissioning of such equipment, all as more fully set forth in Section 2.02 of the Third Amendment to the Master Agreement and Exhibit A thereto, and depreciation of foreign exchange losses incurred by ISAL may be commenced in the year in which such losses are incurred."

Section 2.02. The depreciable value as of January 1, 1984 of pollution abatement equipment and equipment installed in conjunction therewith and related costs (including without limitation the items listed in Table 1 of Exhibit A to this Agreement) with respect to the First Stage of the Smelter, Smelter-First Enlargement, Smelter-Second Enlargement,

and Smelter-Third Enlargement is as set forth, for various categories of such equipment and costs, in Table 2 of Exhibit A to this Agreement. Such value for each such category shall be depreciated from January 1, 1984 over the remaining depreciation period for each such category set forth in said Table 2, subject to revaluation due to foreign exchange losses, such revaluation to be made in accordance with the Master Agreement.

Section 2.03. Section 27.03 of the Master Agreement is hereby further amended by inserting at the end of subsection (d) thereof a new sentence reading as follows:

"ISAL has the right to make an allocation into such reserve fund in any given year, and to increase or decrease any such allocation in order to accord with the 20% limitation set forth above, at any time until the Net Profits of ISAL for such year are finally agreed upon between Alusuisse and the Government or otherwise finally established pursuant to this Agreement."

Section 2.04. Sections 29.05, 29.06, and 29,07 of the Master Agreement are hereby amended to read as follows in their entirety:

"**Section 29.05.** In order to ascertain whether the Consolidated Tax paid and payable by ISAL in respect of any calendar year will be in excess of 55% of the Net Profits of ISAL for that year, by reason of the application of an Adjusted Rate, or less than 35% of such Net Profits, Alusuisse shall submit to the Government on or before June 1 of the following year a statement of recalculation of Consolidated Tax for such calendar year (the "Statement of Recalculation"). For purposes of such recalculation, Alusuisse shall have the burden of establishing the Net Profits of ISAL for such year, by means of audited statements to be submitted to the Government together with the Statement of Recalculation. Such audited statements shall be submitted to the Government based upon the annual accounts of ISAL for the respective year and shall be prepared by independent public accountants selected by Alusuisse.

Section 29.06. The Government shall, at its own expense, appoint an international firm of independent public accountants to review and verify such statements and accounts of ISAL for each year, and such accountants may conduct such examination of the books and records of ISAL as they may deem necessary, in accordance with international practices and Icelandic law.

Section 29.07. The Statement of Recalculation in respect of each year shall be submitted together with payment in full of the amount of Consolidated Tax which the Statement of Recalculation may show to be payable by ISAL over and above the amounts previously paid in the year of taxation pursuant to Section 29.02 and shown under subsection (c) of the applicable Consolidated Tax Statement. The review of the Statement of Recalculation carried out on the part of the Government shall be completed and the results thereof notified to ISAL on or before September 1 of the year of recalculation. If such review has not been so completed and the results thereof so notified to ISAL, the Consolidated Tax liability of ISAL for the year in question cannot be contested after September 1 of the year of recalculation."

Section 2.05. Section 30.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words "as provided in Section 29.06" in subsection (a) thereof and inserting in their place the words "and reviewed as provided in Sections 29.05 and 29.06, respectively".

Section 2.06. Section 30.10 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words "as provided in Section 29.06" and inserting in their place the words "and reviewed as provided in Sections 29.05 and 29.06, respectively".

Section 2.07. Section 29.09 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows in its entirety:

"**Section 29.09.** As of the effective date of a certain Settlement Agreement dated as of November 5, 1984 between the Government and Alusuisse, the Government shall credit ISAL with the amount of US $4,081,071.85 (plus US $1,646.93 for each day from November 5, 1984 until the effective date of said Settlement Agreement or January 1, 1985, whichever is earlier, and US $1,792.91 for each day from January 1, 1985 until said effective date), corresponding to the tax credit of ISAL according to Section 29.09 of the Master Agreement as applicable prior to the Third Amendment to the Master Agreement, less the amount by which Alusuisse has agreed, by means of such Settlement Agreement, that such tax credit shall be reduced. Such credit shall then be carried forward from the effective date of said Settlement Agreement with interest at a rate per annum which is equal to the United States Federal Reserve Discount Rate as published from time to time, and shall be applied by way of set-off against Consolidated Tax obligations of ISAL payable in respect of any calendar year after December 31, 1983, to the extent that such obligations are in excess of the total amount of the Consolidated Tax for such year when computed at the Base Rate. Such set-off shall be effected as of February 1 of the following year so that interest on the amount of any such set-off shall cease to accrue as of February 1 of such following year. If upon the expiration or termination of this Agreement there is any remaining amount of such tax credit, it shall be repaid in cash to ISAL."

Section 2.08. Section 33.01 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the period at the end of the final sentence thereof, inserting in its place a comma, and adding thereafter the following: "and no penalty shall be assessed with respect to the Consolidated Tax of ISAL in relation to the review referred to in Sections 29.06 and 29.07 of this Agreement."

Article 3

Amendment of Provisions in the Master Agreement Relating to General Matters

Section 3.01. Section 49.01 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the third sentence thereof and inserting in its place a new sentence reading as follows: "Not less than three years prior to the thirty-fifth anniversary of PDD I ("Option Date"), either the Government or Alusuisse may declare (by written notice to the other) an intention to elect to extend the term of this Agreement, including the term of the Scheduled Contracts, for a further additional ten year period, and in the event that such declaration has been made, either Party may elect so to extend such term not less than six months prior to such thirty-fifth anniversary."

Article 4

Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Shares and Shareholders of ISAL

Section 4.01. Section 1.01(g) of the Master Agreement is hereby amended to read as follows in its entirety:

"(g) "Approved Shareholder" shall mean any non-Icelandic corporation (other than Alusuisse or any Alusuisse Affiliate) owning fifty percent (50%) or less of the shares of ISAL;"

Section 4.02. Wherever they appear in the Master Agreement, the words "Minority Shareholder" or "Minority Shareholders" shall be deleted and replaced respectively by the words "Approved Shareholder" or "Approved Shareholders".

Section 4.03. At the end of Section 22.01 of the Master Agreement, the words "less than fifty-one percent (51%) of the outstanding shares having ordinary voting power of ISAL" are hereby deleted and replaced by the following: "less than fifty percent (50%) of the outstanding shares having ordinary voting power of ISAL (including in such fifty percent any shares acquired by other legal entities pursuant to Section 22.04)".

Section 4.04. Section 22.03 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows in its entirety:

"**Section 22.03.** If with the consent of the Government shares in ISAL shall be issued or transferred (by sale or otherwise) to any Approved Shareholder, such Approved Shareholder shall thereby and so long as it shall hold such shares have and enjoy the rights and benefits of a shareholder in ISAL, subject, however, to the terms and conditions of this Section 22.03. Without limiting in any way the right of the Government to impose other conditions in granting its consent to any such issue or transfer of shares in ISAL, it shall be a condition to any such issue or transfer that the prospective Approved Shareholder shall execute and deliver to the Government a written instrument, in form satisfactory to the Government, whereby such Approved Shareholder shall, among other things, consent to all the terms and provisions of this Agreement and the Scheduled Documents and agree to be fully bound by all such terms and conditions to the extent applicable to Approved Shareholders, including, but not limited to, the provisions of Articles 45, 46, and 47 hereof. Unless otherwise agreed by the Government and Alusuisse, an issue or transfer of shares to an Approved Shareholder shall not in any way affect any obligations of Alusuisse towards Landsvirkjun, the Township, or the Government under this Agreement and the Scheduled Documents nor of those parties towards Alusuisse or ISAL."

Section 4.05. There shall be added to Article 22 of the Master Agreement a new Section 22.04, reading as follows:

"**Section 22.04.** Notwithstanding the provisions of Section 22.01, Alusuisse shall have the right to transfer (by sale or otherwise) in whole or in part the shares in ISAL, held by Alusuisse, to one or more existing or future legal entities which are at the time wholly-owned by Alusuisse, directly or indirectly through other such wholly-owned entities, or to have shares in ISAL issued to such entities, and to have the shares so transferred or issued transferred among such entities and by such entities to Alusuisse. Such issues or transfers to such entities or such transfers among them shall remain valid only so long as such relationship with Alusuisse remains, unless otherwise consented to by the Government. An issue or transfer of shares to any such entity shall not in any way affect any obligations of Alusuisse towards Landsvirkjun, the Township, or the Government under this Agreement or the Scheduled Documents nor of those parties towards Alusuisse or ISAL. If shares in ISAL are issued or transferred to any such entity, the entity shall thereby and so long as it shall hold such shares have and enjoy the rights and benefits of a shareholder in ISAL, subject, however, to the terms and conditions of this Section 22.04.Each such entity to which ISAL shares are issued or transferred shall become bound by this Agreement and the Scheduled Documents by virtue of the issue or transfer, and shall expressly confirm this by executing and delivering to the Government a written instrument, in form satisfactory to the Government, whereby such entity shall consent to all the terms and provisions of this Agreement and the Scheduled Documents and agree to be fully bound by all such terms and provisions to the extent applicable to such entities, including, but not limited to, the provisions of Articles 45, 46, and 47 hereof. Alusuisse shall unconditionally

guarantee to the Government, Landsvirkjun, and the Township the due and punctual performance by such entity of its obligations under such terms and provisions. Any reference in this Agreement to Alusuisse in its capacity as a holder of shares in ISAL, including without limitation such references in Sections 20.01, 22.01, and 22.02 shall be construed as including a reference to any such entity which is a holder of such shares."

Section 4.06. ISAL shall adopt the amendments to its Memorandum of Association and Statutes that are set forth in Schedule C to this Agreement not later than at ISAL's next Annual General Meeting after the Effective Date hereof.

Article 5

Relation to the Scheduled Amendments

Section 5.01. Concurrently with the signing of this Agreement, the Scheduled Amendments shall be signed by the parties thereto in the form of Schedule A and Schedule B hereto. The Government and Alusuisse shall affirm their consent to Schedule A by their signatures thereunder, and the Government shall affirm its consent to Schedule B by its signature thereunder.

Section 5.02. Schedule A hereto shall become an integral part of Schedule A to the Master Agreement, Schedule B hereto shall become an integral part of Schedule C2 to the Master Agreement, and Schedule C hereto shall become an integral part of Schedule E to the Master Agreement. Unless the context otherwise requires, any reference to the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, made in the Master Agreement (as amended hereby) or otherwise made hereafter, shall be deemed to be made to the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts as amended by the Scheduled Amendments and by prior Scheduled Amendments.

Article 6

Status of this Agreement and Effective Date

Section 6.01. This Agreement is made as a supplemental agreement to the Master Agreement pursuant to the provisions of Article 51 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Master Agreement as fully as if it were incorporated therein. Except as modified herein or hereby, the provisions of the Master Agreement shall not be changed or affected and shall remain in full force and effect. Unless the context otherwise requires, any reference to the Master Agreement made in the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, or otherwise made hereafter shall be deemed to be a reference to the Master Agreement as amended by this Agreement.

Section 6.02. Upon the signing of this Agreement by the Parties hereto, and upon notice being given as provided in Article 51 of the Master Agreement, this Agreement, accompanied by a Law Bill relating thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and the completion of all other legislative requirements, this Agreement shall become effective (the "Effective Date") and shall have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act.

Section 6.03. The calculation and review of ISAL's Consolidated Tax liability from January 1, 1984 onward shall be governed by the provisions of the Master Agreement as amended by this Agreement.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government and Alusuisse as of the date first above written.

THE GOVERNMENT OF ICELAND

By Sverrir Hermannsson
Minister of Industry

SWISS ALUMINIUM LTD.

By Dr. Bruno F. Sorato
President and Chief Executive Officer

By Dr. Dietrich N. Ernst
Executive Vice-President

EXHIBIT A TO THE THIRD AMENDMENT TO THE MASTER AGREEMENT

Table 1

(1) Dry adsorption plants I and II, consisting of baghouses, reactors, chimney stacks, compressor stations Nos. 2 and 3, transformer substations Nos. 54 and 55, light current system, utilities, foundation, and daysilos Nos. 1 through 4.
(2) All exhaust ducts, approximately 7 km in length with a diameter from 0.4 to 3.0 meters.
(3) The anodic part of the pots, including EPT-units with crustbreakers, alumina silos, alumina feeders, lifting units, cross beams, motor connections, and auxiliary anode beams.
(4) Flux recuperation installation consisting of a flux processing plant and a flux storage silo; in addition, 3 flux transport vehicles, AlF_3-silo, cryolite silo, bag splitting plant, appurtenant foundations, and stationary equipment.
(5) Process computer system consisting of 12 MPX-rooms (including equipment), computer building (including 2 process computers and other equipment), and electrical equipment.
(6) Dense phase alumina transport system in potline 1, 2 bridge cranes with 4 alumina tanks in potline 2, and appurtenant foundations.
(7) Casting-in installation for anode rods, including 1 cast-in station, 2 iron melting furnaces, 1 bridge crane, transformer substation No. 67, 2 thimble removal presses, and auxiliary equipment.
(8) Anode coating station.
(9) Compressor central station No. 4 with 4 Mahle compressors and air dryer, transformer substation No. 56, utilities, and appurtenant foundations.
(10) 20 kV plant power distribution system/cables.
(11) Necessary site installations.
(12) Transport costs for above items.
(13) Construction and installation costs of above items.

Table 2

Category	Depreciation Period Start	Depreciation Period End	Remaining Depreciable Value as of January 1, 1984	Remaining Depreciation Period as from January 1, 1984
Phase 1 through 4	July 1, 1979	June 30, 1987	132,365,124	3 years 6 months
PDD IV	January 1, 1980	December 31, 1987	77,662,532	4 years
Phase 5	January 1, 1982	December 31, 1989	72,134,626	6 years
Phase 6	January 1, 1982	December 31, 1989	234,431,079	6 years
Phase 7	April 1, 1982	March 31, 1990	335,759,841	6 years 3 months

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest verði samkomulag, er tekizt hefur með ríkisstjórninni og Swiss Aluminium Ltd. (Alusuisse) um tilteknar breytingar á aðalsamningi þeirra frá 28. marz 1966 (með áorðnum breytingum frá 28. október 1969 og 10. desember 1975) um álbræðslu við Straumsvík, samfara breytingum á rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og Íslenzka Álfélagsins hf. (ISAL), er honum fylgir. Eru breytingar þessar settar fram í svonefndum þriðja viðauka við aðalsamninginn, dags. 5. nóvember 1984, sem iðnaðarráðherra hefur undirritað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis.

Viðauki þessi er lagður fram sem hluti af frumvarpinu, en honum fylgja eftirtaldir viðaukar við fylgisamninga aðalsamningsins, er gerðir voru samtímis og eru lagðir fram til upplýsingar sem fylgiskjöl með greinargerð þessari:

Þriðji viðauki við rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og ISALs.

Þriðji viðauki við aðstoðarsamning — rekstur milli ISALs og Alusuisse.

Breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenzka Álfélagið hf.

Þá eru lagðir fram til upplýsingar sem fylgiskjöl með greinargerð þessari tveir samningar sem einnig voru undirritaðir hinn 5. nóvember 1984 jafnframt undirritun þriðja viðauka við aðalsamninginn:

Sáttargerðarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., varðandi lausn deilumála milli aðilanna, í framhaldi af því sem um var samið í því efni í 1. gr. bráðabirgðasamnings milli þeirra frá 23. september 1983.

Samkomulagsbréf milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., varðandi framhald viðræðna um tiltekin málefni, samkvæmt öðrum greinum í nefndum bráðabirgðasamningi.

Efni þeirra samninga, sem hér um ræðir, er í þremur meginþáttum.

Í **fyrsta lagi** hefur náðst fullt samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um lausn á öllum deilumálum þeirra vegna liðins tíma, og þá sérstaklega þeirra ágreiningsefna varðandi framleiðslugjald ISALs, sem lögð voru fyrir dómnefndir lögfræðinga og skattasérfræðinga á s. l. vetri samkvæmt ofangreindum bráðabirgðasamningi, er kynntur var á Alþingi í október 1983. Felst samkomulag þetta í umræddum sáttargerðarsamningi, er hefur verið staðfestur sem dómssátt fyrir dómnefndum þessum og mun taka gildi sem slíkur er frumvarp þetta verður að lögum.

Í **öðru lagi** er samið um tilteknar breytingar á nokkrum ákvæðum aðalsamningsins um álbræðsluna, sem gerðar eru í tengslum við sáttargerðarsamninginn. Varða nokkrar þeirra framleiðslugjald ISALs og fjalla um sum þeirra atriða, er urðu að deiluefni á liðnum tíma, en aðrar fjalla um eignaraðild að ISAL og er ætlað að gera Alusuisse kleift að framselja hluti í félaginu til dótturfélaga sinna í einkaeign og einnig til óskyldra aðila sem svarar allt að 50 af hundraði. Eru þetta þær heimildir, sem ráðgerðar voru samkvæmt málsgr. 3.3 í bráðabirgðasamningnum og er ætlað að greiða fyrir möguleikum á stækkun álbræðslunnar. Samfara þessum atriðum er gerð breyting á ákvæðum í aðstoðarsamningi — rekstri milli ISALs og Alusuisse og á stofnsamningi og stofnsamþykktum ISALs.

Í **þriðja lagi** er samið um grundvallarbreytingar á ákvæðum rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ISALs, sem fela í sér endanlegt samkomulag um verðlag á orku til álbræðslunnar næstu tuttugu árin, þ. e. þau tæplega 10 ár sem eftir eru af yfirstandandi samningstímabili og næsta tíu ára tímabil þar á eftir. Jafnframt eru ákvæði um hversu með

skuli fara ef samningar verða framlengdir eftir þann tíma, þ. e. á síðara 10 ára viðbótartímabilinu, sem til greina getur komið samkvæmt núgildandi samningum. Í hinum nýju ákvæðum um orkuverð felst stórfelld breyting til hækkunar frá fyrra verði, auk þess sem tryggðir eru möguleikar til endurskoðunar á samningsskilmálum eftir breyttum aðstæðum í framtíðinni. Með þeim er að fullu lokið þeirri endurskoðun á rafmagnssamningnum, sem að var stefnt með bráðabirgðasamningnum frá 1983.

Auk þess er staðfest með ofangreindu samkomulagsbréfi, að viðræðum verði haldið áfram milli aðila um önnur málefni, þ. e. fyrst og fremst um skattamál ISALs og möguleika á stækkun álbræðslunnar.

Við framlagningu samninganna á Alþingi er við það miðað, að þeir hljóti sömu meðferð og var í upphafi um álsamningana frá 1966. Var aðalsamningurinn þá staðfestur með lögum nr. 76/1966 og honum veitt lagagildi, en aðrir samningar lagðir fram sem fylgiskjöl til kynningar. Þessari aðferð var einnig fylgt við gerð fyrsta viðauka við samningana, sbr. lög nr. 19/1970, er samið var um að flýta byggingu annars kerskála bræðslunnar og lengja hinn fyrsta, og annars viðauka við samningana, sbr. lög nr. 42/1976, er samið var um breytingar á reglum um framleiðslugjald ISALs, hækkað orkuverð fyrir rafmagn til álversins frá Landsvirkjun og heimild til stækkunar hjá ISAL.

Í samræmi við þetta og 51. gr. aðalsamningsins er hinn nýi þriðji viðauki við aðalsamninginn lagður fram til staðfestingar af hálfu Alþingis sem hluti af frumvarpi þessu, en hinir samningarnir til kynningar. Jafnframt er gildistaka allra samninganna, þar á meðal sáttargerðarsamningsins, tengd gildistöku viðaukans við aðalsamninginn, þannig að þeir öðlast ekki gildi fyrr en frumvarpið um staðfestingu hans er orðið að lögum. Á meðan gilda ákvæði bráðabirgðasamningsins um orkuverð eins og verið hefur að undanförnu.

Hér á eftir fylgir stutt greinargerð um aðdraganda samninganna og almennt efni þeirra. Í framsögu með frumvarpinu verður gerð nánari grein fyrir samningunum og einstökum atriðum málsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að koma megi að frekari skýringum við meðferð málsins á Alþingi, eftir því sem ástæða þykir til.

Með greinargerð þessari fylgir umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi hennar (fskj. I). Síðan fylgir hinn íslenzki texti hinna svonefndu fylgiviðauka með viðaukanum við aðalsamning, þ. e. viðaukans við rafmagnssamning (fskj. II), viðaukans við aðstoðarsamning — rekstur (fskj. III) og breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenska Álfélagið h/f (fskj. IV). Þar á eftir fylgir hinn íslenzki texti sáttargerðarsamningsins (fskj. V), og að lokum er samkomulagsbréfið í íslenzkri þýðingu (fskj. VI).

1. Aðdragandi

Samkomulagið milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um lausn deilumála og samningar þeir, sem nú liggja fyrir, eru árangur af því starfi, sem unnið hefur verið á vegum ríkisstjórnarinnar frá því á miðju sumri 1983, skömmu eftir að hún tók við völdum. Á þeim tíma höfðu ágreiningsmál út af skattlagningu ISALs varað í nær þrjú ár. Hafði fjármálaráðuneytið endurákvarðað framleiðslugjald félagsins fyrir árin 1976–1980 og bætt við það viðurlögum, og jafnframt boðað lögtaksaðgerðir til að framfylgja greiðslukröfum á hendur félaginu. Til að afstýra þeim vísaði Alusuisse málinu í alþjóðlegan gerðardóm á vegum ICSID (International Center for Settlement of Investment Disputes), með bréfi dags. 29. apríl 1983. Hafði Iðnaðarráðuneytið fallizt á þá málsmeðferð fyrir sitt leyti með bréfi 9. maí 1983, enda var hún í samræmi við ákvæði samninga um álbræðsluna.

Núverandi ríkisstjórn ákvað hins vegar að kanna möguleika á að taka málið öðrum tökum. Hinn 14. júní 1983 skipaði Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, sem meðal annars var falið að hefja viðræður við Alusuisse

með það fyrir augum að komizt yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenzka ríkisins og um að orkuverð yrði hækkað og viðræður hafnar milli aðila um endurskoðun gildandi samninga um rekstur álbræðslu Íslenzka Álfélagsins í Straumsvík.

Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar, formaður, Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur, og dr. Gunnar G. Schram, prófessor. Með nefndinni hefur starfað Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, og Hjörtur Torfason, hrl., lögfræðilegur ráðunautur Iðnaðarráðuneytisins í stóriðjumálum. Ritari nefndarinnar er Garðar Ingvarsson, hagfræðingur.

Á fundum samninganefndarinnar með fulltrúum Alusuisse og ISAL þá um sumarið náðist samkomulag, sem staðfest var af ríkisstjórninni og undirritað af iðnaðarráðherra í formi áðurgreinds bráðabirgðasamnings, hinn 23. september 1983. Í þeim samningi var annars vegar kveðið á um aðferðir til að leita skjótari lausnar á yfirstandandi deilum, með því að leggja ágreiningsefni fyrir tvær sérstakar dómnefndir, og hins vegar um að stofna til viðræðna um orkuverð og önnur málefni varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar í Straumsvík. Jafnframt var samið um verulega hækkun á orkuverði þann tíma sem viðræður um endurskoðun samninga stæðu yfir.

Strax eftir undirskrift bráðabirgðasamningsins var hafizt handa um undirbúning frekari samningaviðræðna, og komu samninganefndir aðilanna saman til fundar í lok október 1983 þar sem ákveðið var um fyrirkomulag viðræðnanna og skipun undirnefnda vegna nauðsynlegrar upplýsingaöflunar og undirbúningsstarfs fyrir hinar eiginlegu samningaviðræður. Þar var annars vegar um að ræða undirnefnd til að afla upplýsinga um orkukostnað áliðnaðar í Evrópu og Ameríku sem og samkeppnisstöðu álframleiðslu á Íslandi, og hins vegar undirnefnd sem ætlað var að fjalla um og gera athuganir á breyttu skattkerfi fyrir ÍSAL.

Að því er varðar samningaviðræður um endurskoðun orkuverðs hefur samninganefnd um stóriðju haft samráð við sérstaka stjórnarnefnd stjórnar Landsvirkjunar sem skipuð var í lok október 1983 til þess að annast samningaviðræðurnar af hálfu Landsvirkjunar. Í nefnd þessari eiga sæti Baldvin Jónsson, hrl., formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson, alþingismaður, og Böðvar Bragason, sýslumaður. Nefndin og fulltrúar hennar hafa tekið þátt í samningafundum samninganefndar um stóriðju þegar endurskoðun rafmagnssamningsins hefur verið á dagskrá. Í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamningsins fór fram umfangsmikil gagnasöfnun á vegum nefndanna varðandi orkuverð og aðra samkeppnisstöðu álbræðslunnar í Straumsvík, í samanburði við sambærileg fyrirtæki, einkum í Evrópu og Norður-Ameríku.

Fyrsti samningafundurinn eftir undirritun bráðabirgðasamningsins var haldinn í Reykjavík í ársbyrjun. Annar samningafundur var haldinn í byrjun febrúar og höfðu nefndirnar þá skipulagt tíða fundi fram á vorið. Um þetta leyti forfallaðist einn af aðalsamningamönnum Alusuisse vegna veikinda, og urðu aðilar sammála um að gera hlé á fundum meðan á því stóð. Var tíminn notaður til frekari vinnu að athugunum á samkeppnisstöðu álframleiðslu á Íslandi og öðrum tæknilegum þáttum málsins, sem reyndust tímafrekari en áætlað hafði verið.

Í maímánuði var aftur tekið til við eiginlegar samningaviðræður, og í júní var kominn á þær verulegur skriður að því er tók til endurskoðunar orkuverðs. Hins vegar var þá jafnframt orðið ljóst að meðferð deilumála fyrir dómnefndum ætti enn langt í land. Sú skoðun kom fram hjá báðum aðilum, að þetta gæti orðið verulegur hemill á framvindu samningsviðræðnanna og árangur af þeim, þannig að ástæða væri til að kanna hvort unnt væri að leysa deilumálin með öðrum hætti, þ. e. með sáttargerð. Á fundi samninganefndanna í Reykjavík í lok júlí var þetta tekið gagngert til umræðu samhliða öðrum málefnum sem fyrir fundinum lágu. Samkomulag náðist um að vinna að sáttargerð á grundvelli tiltekinna efnisatriða, og yrði sáttargerðin liður í þeim heildarsamningum aðila, sem að var stefnt með bráðabirgðasamningnum. Í samræmi við þetta var lögmönnum aðila falið að óska

eftir því við dómnefndirnar tvær að frekari málsmeðferð hjá þeim yrði frestað meðan aðilar könnuðu til botns hvort ná mætti sáttum í málinu.

Á samningafundum í ágúst til október einbeittu aðilar sér að þessari könnun samtímis því að viðræðum um rafmagnssamninginn var haldið áfram.

Sá árangur hefur nú náðst að sáttargerðarsamningur hefur verið undirritaður. Jafnframt hefur tekizt fullt samkomulag um endurskoðun rafmagnssamningsins, eins og að framan greinir. Aðrir þættir þeirrar endurskoðunar á samningum aðila, sem ákveðin var með bráðabirgðasamningnum, hafa allir verið til umfjöllunar á samningafundum það sem af er, þó að ekki hafi verið unnt að leiða þá til lykta að svo stöddu. Hafa aðilar orðið sammála um að ganga endanlega frá þeim þáttum, sem meðferð er lokið á, bæði vegna mikilvægis þeirra sjálfra og svo hins, að bið eftir frekari viðræðum um aðra þætti mundi valda mjög verulegri seinkun á afgreiðslu þeirra og þá einnig nokkurri óvissu um afdrif málsins.

Með frumvarpi þessu er leitað staðfestingar Alþingis á þeim niðurstöðum viðræðnanna, sem þannig hafa náðst í þessum áfanga. Jafnframt verður viðræðum um aðra þætti haldið áfram eins og fyrr greinir.

2. Um starf dómnefnda

Í fyrsta kafla bráðabirgðasamningsins frá 23. sept. 1983 var fjallað um lausn á deilu aðila út af framleiðslugjaldi ISALs fyrir árin 1976—1980, sem kom upp í árslok 1980 og var komin í alþjóðlegan gerðardóm. Mátti við því búast, að sú meðferð málsins yrði flókin og langvinn, þar sem deilan var margþætt og engin samstaða um meðferð hennar. Meðal annars var alls óvíst, hvort unnt yrði að ljúka málinu í einni lotu, án þess að frávísunaratriði og deilur um málsmeðferð eða um einstaka þætti yrðu til að tefja fyrir framvindu þess í heild. Gæti deilan þannig staðið a. m. k. 2—3 ár og orðið kostnaðar- og fyrirhafnarsöm að því skapi.

Ekki var grundvöllur til að ná sáttum um málið haustið 1983, en hins vegar náðist samkomulag um að einfalda meðferð þess í verulegum mæli og gera hana hraðvirkari. Var aðferðin til þess einkum sú að skipta deiluefnunum í tvo aðalflokka, sem hvor um sig yrði falinn sérstakri dómnefnd sérfræðinga til álitsgerðar eða úrskurðar samhliða. Loks yrði tölulegur útreikningur í málinu falinn þriðju dómnefndinni, sem mundi annast endurreikning framleiðslugjaldsins ef og eftir því sem við ætti í ljósi álitsgerða hinna nefndanna. Að sjálfsögðu var erfitt að fullyrða, hversu langan tíma þessi málsmeðferð tæki, en samninganefndir aðila töldu ástæðu til að ætla að niðurstöður aðalnefndanna tveggja gætu legið fyrir þegar um vorið 1984. Skyldi að því stefnt að svo yrði innan 6 mánaða frá skipun þeirra.

Af dómnefndunum skyldi hin fyrsta (skv. málsgr. 1.1 í bráðabirgðasamningnum) skipuð þremur lögfræðingum, sérfróðum um samskipti af alþjóðlegum toga, og a. m. k. formaðurinn vera af hlutlausu þjóðerni. Þeirri nefnd var m. a. ætlað að skila álitsgerð um ágreiningsatriði í sambandi við verðlagningu á hráefnum (súráli og anóðum) frá Alusuisse til ISALs og beitingu hinnar umsömdu reglu um að fara eftir hlutlægum mælikvarða í viðskiptaháttum milli óskyldra aðila (reglunni um viðskipti í seilingarfjarlægð, at arm's length).

Aðilarnir skipuðu fulltrúa í þessa dómnefnd í október 1983. Alusuisse tilnefndi Leon Silverman, kunnan lögmann í New York. Iðnaðarráðherra tilnefndi Stanley S. Surrey, prófessor í skattarétti við lagadeild Harvard-háskóla. Þessir tveir dómnefndarmenn völdu síðan sameiginlega formann nefndarinnar, Philip F. Vineberg, lögmann í Montreal. Hann var skipaður í byrjun desembermánaðar 1983. Prófessor Surrey lézt í lok ágústmánaðar s. l. Í hans stað tilnefndi iðnaðarráðherra Hugh J. Ault, prófessor í skattarétti við lagadeild Boston College, í dómnefndina. Þinghöldum dómnefndarinnar var valinn staður í New York.

Önnur dómnefndin (skv. málsgr. 1.2 í bráðabirgðasamningnum) skyldi skipuð þremur íslenzkum skattasérfræðingum og skila álitsgerð um tiltekin málefni, sem meira voru af bókhaldslegum toga, svo sem um afskriftareglur og meðferð á gengistöpum. Þessi dómnefnd var skipuð í október 1983. Þar sátu af hálfu ríkisstjórnarinnar Ólafur Nílsson, löggiltur endurskoðandi, en af hálfu Alusuisse Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi. Þeir tilnefndu með samkomulagi Guðmund Skaftason, hrl. og löggiltan endurskoðanda, sem formann dómnefndarinnar. Þinghöld þessarar nefndar voru ákveðin í Reykjavík.

Gert var ráð fyrir að þriðja dómnefndin yrði skipuð þegar hinar tvær hefðu lokið störfum. Áttu ríkisendurskoðandi og endurskoðendur ISALs (með eitt atkvæði) að skipa dómnefnd þessa ásamt formanni, sem aðilar kæmu sér saman um.

Til að annast flutning mála fyrir dómnefndunum af Íslands hálfu skipaði iðnaðarráðherra þrjá talsmenn, þá Ragnar Aðalsteinsson, hrl., Eirík Tómasson, hrl., og Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í Iðnaðarráðuneytinu. Þessir lögfræðingar hafa farið sameiginlega með málin og haft um þau samráð við dr. Gunnar G. Schram og Hjört Torfason, hrl., vegna samninganefndar um stóriðju. Charles J. Lipton, lögmaður í New York, hefur verið lögfræðilegur ráðunautur vegna dómnefndarmálsins þar í borg.

Fyrsta þinghald dómnefndarinnar í Reykjavík fór fram í desember 1983. Málflutningur fyrir nefnd þessari var einfaldur að því leyti, að ekki þurfti að koma til mikillar sjálfstæðrar gagnaöflunar með söfnun upplýsinga eða framburði vitna, þar sem málið snerist fyrst og fremst um útlistun og túlkun á samningslegum og bókhaldslegum atriðum og reglum á grundvelli upplýsinga, sem þegar lágu fyrir í meginatriðum. Hins vegar fór verulegur tími í samningu og framlagningu þeirra greinargerða, sem aðilar skiptust á.

Ekki tókst að ljúka málsmeðferð fyrir dómnefndinni vorið 1984, en hún var komin á lokastig í júlímánuði, og fór þá fram munnlegur flutningur í málinu og það var lagt í úrskurð. Þó hafði Alusuisse gert kröfu um, að úrskurður nefndarinnar um hluta af málinu yrði látinn bíða úrslita í hinu málinu, og var lagt á vald dómnefndarinnar sjálfrar að skera úr um það atriði.

Fyrsti fundur dómnefndarinnar í New York var haldinn í desember 1983, og í framhaldi af honum lögðu aðilar fram frumgreinargerðir. Fyrsta þinghald í málinu var síðan í febrúar 1984. Þar var lagður grundvöllur að rekstri málsins og teknar ákvarðanir um réttarfarsatriði. Tvenn málflutningsþinghöld fóru fram, í lok apríl og lok júní, og gert var ráð fyrir frekara málflutningsþinghaldi um miðjan september. Ljóst var þannig á miðju sumri, að málið mundi enn taka verulegan tíma og jafnvel ná fram á árið 1985.

Þessi gangur málsins átti sér eðlilegar orsakir, þótt hann yrði þannig seinvirkari en aðilar höfðu búizt við. Meðal annars kom í ljós að fram þyrfti að fara allumfangsmikil gagnasöfnun og yfirheyrsla á sérfróðum vitnum, jafnframt því sem taka þurfti tillit til þess, að hinir tilkvöddu dómnefndarmenn urðu að gegna starfi sínu við hlið annarra mikilvægra skyldustarfa, og varð því lengra en ella á milli þinghalda.

Ljóst er um dómnefndirnar, að í þær völdust hinir mætustu menn, sem ríkisstjórnin hefur borið til fyllsta traust, og einnig hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar haldið vel á málum. Hefur sáttaleiðin ekki verið tekin af því að eitthvað hafi á skort í þessum efnum, heldur vegna þeirra kosta, sem hún hefur fram yfir dómstólaleiðina. Enda þótt ákveðið hafi verið á sínum tíma að leggja deilumál aðila fyrir dómnefndir til álitsgerðar eða úrskurðar var það ekki fyrir þá sök, að þetta væri hin eina leið til að leysa úr málunum, heldur vegna hins, að ekki voru möguleikar á að ná fullum sáttum eins og þá var statt. Hefur það verið eindregin skoðun þeirra, sem um málin hafa fjallað, að halda bæri á þeim eins og hverju öðru dómsmáli, þannig að ekki bæri að vísa á bug neinum raunhæfum möguleikum, er skapast kynnu til að leysa úr málinu með sátt á viðunandi grundvelli, heldur gæti slík sátt verið fullgild leið til að ljúka málinu, og málareksturinn sjálfur ein af leiðunum til að skapa grundvöll fyrir sáttinni.

3. Um sáttargerðarsamninginn.

Sáttargerð sú, er tekizt hefur milli aðila með þessum samningi, er liður í hinum heildarlegu samningaviðræðum þeirra um þau málefni, sem um getur í bráðabirgðasamningnum, og til þess ætluð að treysta grundvöllinn að samningslegum tengslum þeirra og vinsamlegum samskiptum í framtíðinni. Hún felur í sér heildarlausn á öllum ágreiningsmálum þeirra í milli, sem gerð er án þess að tekin sé afstaða til einstakra málefna aftur í tímann. Var það samdóma niðurstaða aðila að rétt væri að gera sáttina á þessum grundvelli, ef hún ætti að takast á annað borð.

Aðalefni samningsins er á þessa leið:

a. Ríkisstjórnin og Alusuisse samþykkja að ljúka öllum deilum sín í milli varðandi framleiðslugjald ISALs með sátt fyrir dómnefndunum tveimur og að fella inn í þá sáttargerð allan ágreining sín í milli.
b. Ríkisstjórnin leysir Alusuisse og ISAL undan öllum framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma, og félögin falla að sínu leyti frá öllum kröfum, sem um gæti verið að ræða af þeirra hálfu.
c. Alusuisse fellst á að ISAL greiði ríkisstjórninni USD 3 000 000, með lækkun á skattinneign ISALs hjá ríkissjóði samkvæmt gildandi samningum.
d. Aðilar eru ásáttir um að gera tilteknar breytingar á ákvæðum gildandi aðalsamnings og annarra samninga, eins og að er vikið hér á eftir.
e. Tekið er fram, að samningurinn feli ekki í sér neina viðurkenningu af hálfu aðila á neinni ábyrgð eða á gildi neinna krafna, staðhæfinga eða röksemda, sem farið hafi þeirra í milli.
f. Samningurinn verður lagður fyrir dómnefndirnar í málum aðila og staðfestur þar sem dómssátt, með þeim fyrirvara að frumvarp þetta verði að lögum, sem fyrr segir. Á gildistökudegi hans falla allar kröfur fyrir dómnefndunum endanlega niður og málum þar talið endanlega lokið, auk þess sem ofangreint gerðardómsmál á vegum ICSID er endanlega fellt niður.

Sáttargerðin er meðal annars byggð á því viðhorfi, að deilur aðila hafi fyrst og fremst staðið um túlkun og framkvæmd á samningum aðilanna, en ekki um vanefnd á þeim, og feli í sér skoðanaágreining, sem unnt eigi að vera að leysa með vinsamlegum hætti. Andófsmenn gegn álbræðslunni í Straumsvík hafa stundum hyllzt til að lýsa ágreiningnum á þá leið, að Alusuisse hafi haft í frammi sviksamlegt athæfi gagnvart Íslendingum. Í þessu efni er aðstaðan hins vegar sú, að ríkisstjórn Íslands hefur aldrei sakað Alusuisse um sviksamlegt athæfi, eins og fram hefur komið í yfirlýsingum ráðherra í fyrri ríkisstjórnum, og í málarekstri fyrir dómnefndunum hefur aldrei komið til greina að hafa slíkar ásakanir í frammi.

4. Um þriðja viðauka við aðalsamninginn.

Samningur þessi fjallar um nokkrar breytingar á aðalsamningnum frá 1966, sem áður hefur verið breytt 1969 og 1975. Er form hans með svipuðu sniði og áður hefur verið fylgt. Í inngangi er gerð stutt grein fyrir aðdraganda hans, og í 1. gr. er fjallað um skýrgreiningar.

Í 2. gr. er að finna breytingar á tilteknum ákvæðum í VI. kafla aðalsamningsins um skatta og gjaldskyldu. Er þar tekið á nokkrum atriðum, sem orðið hafa að ágreiningsefni milli aðila, og þá með framtíðarlausn í huga, en ekki uppgjör vegna liðins tíma.

Í málsgr. 2.01 er sett ný regla um afskriftir á mengunarvarnabúnaði við núverandi kerskála álversins. Er búnaði þessum áætlaður sérstakur afskriftatími, eins og endurskoðendur ríkisstjórnarinnar töldu eðlilegt, en hins vegar er hann hafður mun styttri en afskriftatími verksmiðjunnar, sem um var samið í öndverðu (8 ár á móti 15), og styðst það við eðlileg sjónarmið. Í málsgr. 2.02 og á fylgiblaði er gerð töluleg grein fyrir stöðu þessara afskrifta.

Jafnframt er heimilað um gengistöp, að byrjað sé að afskrifa þau á því ári er þau verða til, og er það í samræmi við þau sjónarmið, sem fylgt hefur verið eftir íslenzkum skattalögum á síðari árum.

Í málsgr. 2.03 er heimilað með breytingu á málsgr. 27.03 (d), að ISAL geti leiðrétt framlög í varasjóð innan hinna leyfilegu marka (20% af nettótekjum), ef breyting eigi sér stað á þeim tekjum, sem skattur er reiknaður af, eftir að þær eru upphaflega taldar fram. Þessi regla er í fullu samræmi við þær reglur, sem fylgt hefur verið við almenna skattlagningu fyrirtækja hér á landi.

Í málsgr. 2.04 er gerð veruleg breyting á málsgr. 29.05 — 29.07, er fjalla um framtal og endurskoðun á tekjum ISALs. Er nú kveðið á um skyldubundna árlega endurskoðun á reikningum ISALs, í stað þess að hún var áður valkvæð og ekki framkvæmd reglulega. Af þessari breytingu leiðir að ekki á að þurfa að koma til afturvirkrar endurskoðunar á framleiðslugjaldinu, eins og um var að ræða vegna áranna 1976—1979, þegar árleg endurskoðun fór ekki fram. Er því einnig svo á kveðið, að afturvirkar aðgerðir af því tagi eigi ekki að koma til, þannig að ekki sé unnt að vefengja framleiðslugjald ISALs eftir á nema endurskoðun hafi farið fram fyrir tilskilinn endurskoðunartíma (1. sept. næsta árs). — Í málsgr. 2.05 og 2.06 eru gerðar orðalagsbreytingar vegna tilfærslu ákvæða í málsgr. 29.05 og 29.06.

Í málsgr. 2.07 er samið um nýjan stofn skattinneignar ISALs samkvæmt málsgr. 29.09 í aðalsamningnum, sem leiðir af hinni umsömdu lækkun inneignarinnar vegna ákvæða sáttargerðarsamningsins. Og einnig er þar um samið, að skuldajöfnuð vegna skattinneignarinnar skuli jafnan miða við 1. febrúar (sem er fyrsti gjalddagi skatts skv. leiðréttum taxta sbr. málsgr. 29.03).

Í málsgr. 2.08 er síðan kveðið svo á með breytingu á málsgr. 33.01 í aðalsamningnum, að ekki skuli lögð á viðurlög vegna framleiðslugjalds ISALs í sambandi við þá endurskoðun, sem um ræðir í málsgr. 29.06 og 29.07, þ. e. hina árlegu endurskoðun samkvæmt þeim greinum vegna ákvörðunar á nettótekjum félagsins. Hér er fyrst og fremst átt við, að ekki komi til álita að beita viðurlögum hliðstæðum við þau, sem um ræðir í 106. gr. tekjuskattslaga vegna galla eða vöntunar á framtali. Enda þótt þessi viðurlög séu talin eðlilegur þáttur í almennum tekjuskattslögum, eiga þau ekki vel við um aðila eins og ISAL af ýmsum ástæðum, ekki síður eins og ákvæðum aðalsamningsins um greiðslu og uppgjör framleiðslugjaldsins verður nú breytt. Í fyrsta lagi er framleiðslugjald ISALs ekki hreinn tekjuskattur og þannig ekki með öllu sambærilegt. Í öðru lagi er ISAL aðili, sem sætir sérstökum framtalsreglum og sérstakri endurskoðun, en venjuleg viðurlög eru ætluð til aðhalds gagnvart hinum ótiltekna hópi skattborgara, þar sem útilokað er að skattyfirvöld geti endurskoðað hjá hverjum og einum. Og í þriðja lagi er m. a. á það að líta, að hin árlega athugun á nettótekjum ISALs er að verulegu leyti gerð til samanburðar og leiðréttingar á skatti, sem félagið er þegar búið að greiða, þegar athugun fer fram, en ekki til skattálagningar frá grunni. Má í því sambandi vísa til ákvæðanna um greiðslu skatts skv. grunntaxta við útskipun áls (málsgr. 29.02) og skatts skv. leiðréttum taxta snemma á næsta ári (málsgr. 29.03), auk þess sem áður var nefnt um skuldajöfnuð vegna skattinneignar.

Á hinn bóginn er þessu nýja ákvæði ekki ætlað að taka til þess, hvað gera ætti, ef ISAL gerðist sekt um sviksemi í framtali tekna, og í samningum aðila hefur aldrei komið til umræðu, að slíkt atferli kæmi til greina. Í því tilviki væri komið út fyrir svið venjulegra viðurlaga og inn á svið refsinga og um þær mundi þá fara eftir almennum hegningarlögum.

Í 3. gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum málsgr. 49.01 um gildistíma aðalsamningsins til samræmis við breytingu á 15. gr. rafmagnssamnings, er um ræðir í greinargerð um hann. Er hún í því fólgin að ekki þurfi að taka endanlega ákvörðun um 10 ára framlengingu

samninganna í síðara skiptið, sem hún kemur til greina, fyrr en 6 mánuðum fyrir valdag, þ. e. eftir að fyrir liggur hvaða orkuverð muni eiga að gilda fyrir það tímabil.

Í 4 gr. viðaukans er gerð breyting á ákvæðum 22. gr. aðalsamningsins um hluti og hluthafa í ISAL. Í fyrsta lagi er Alusuisse heimilað að selja þriðja aðila allt að 50% af hlutafé í ISAL í stað 49% áður (málsgr. 22.01), og skilgreiningu samningsins á „minnihluta hluthafa" í málsgr. 1.01 (g) breytt í samræmi þar við, í „samþykktan hluthafa". Ráðstöfun af þessu tagi verður að öllu leyti háð samþykki ríkisstjórnarinnar, sem yrði frjálst að setja hvers konar skilyrði í því sambandi, eins og um ræðir nánar í málsgr. 22.03.

Jafnframt er bætt við aðalsamninginn nýrri málsgr., 22.04, þar sem Alusuisse er heimilað að framselja hlutabréf í ISAL til dótturfyrirtækja í einkaeign sinni, þ. e. til lögaðila, þar sem Alusuisse á 100% hlutafjár eða eignaraðildar. Tekið er fram, að Alusuisse ábyrgist réttar og skilvísar efndir slíks aðila á skuldbindingum gagnvart ríkisstjórninni, Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstað eftir því sem um sé að ræða.

Þessi ákvæði 4. gr. eru sett í framhaldi af málsgr. 3.3 í bráðabirgðasamningnum frá 1983. Jafnframt þeim er gert ráð fyrir breytingu á ákvæðum í stofnsamningi og samþykktum ISALs á fylgiskjali C með viðaukanum (fskj. IV hér).

Í 5. og 6. gr. viðaukans er fjallað um tengsl hans við hina viðaukana og þá fylgisamninga aðalsamningsins, sem þeir breyta, svo og tengslin við gildandi aðalsamning. Í málsgr. 6.02 er svo fjallað um gildistöku viðaukans, í samræmi við þau sjónarmið, sem lýst var í upphafi greinargerðarinnar.

5. Um viðauka við aðstoðarsamning — rekstur

Á fylgiskjali B með viðaukanum við aðalsamning er gerð breyting á ákvæðum málsgr. 2.03 (c) í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ISALs, þar sem fjallað er um tæknilega aðstoð hins fyrrnefnda við innkaup á hráefnum og öðrum aðföngum handa hinu síðarnefnda. Hefur grein þessi verið mjög til umræðu í deilumálum aðila vegna ákvæða hennar þess efnis, að Alusuisse skuli jafnan leitast við að tryggja að ISAL geti fengið þessi aðföng með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru.

Með breytingu þessari er það gert ótvírætt, að umrædd ákvæði 2.03 (c) um „beztu skilmála" eigi við í þeim tilvikum, þegar Alusuisse veitir ISAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ISAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Frá sjónarmiði Alusuisse skiptir þessi túlkun ákvæðisins ekki aðeins máli gagnvart ríkisstjórninni, heldur einnig gagnvart hugsanlegum samstarfsaðila í ISAL samkvæmt hinum nýju ákvæðum þar um, og hefur fyrirtækið því lagt áherzlu á að fá aðstoðarsamningnum breytt að þessu sinni.

Eftir sem áður verður það málsgr. 27.03 í aðalsamningnum, um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli óháðra aðila, sem geymir aðalákvæðin um mat á viðskiptum Alusuisse og ISALs. Við það mat er það meginálitaefnið, hvaða viðskipti óháðra aðila séu sambærileg við viðskiptin hjá ISAL, og á það álitaefni getur reynt með svipuðum hætti hvort sem aðstoðarsamningnum er breytt eða ekki. — Gert er annars ráð fyrir, að reglur málsgr. 27.03 verði meðal þeirra atriða, sem til umræðu komi í framhaldsviðræðum aðilanna um skattamál, sem fyrirhugaðar eru.

6. Um rafmagnssamninginn.

Í sérstakri umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, sem er hér hjálagt sem fylgiskjal nr. I, er að finna lýsingu þriðja viðauka við rafmagnssamninginn, en meginatriði hans eru eftirfarandi:

a. Orkuverð verður í framtíðinni breytilegt þannig að grunnverð verður 15 mill/kWh. Verðið breytist í samræmi við vísitölu (I) álverðs, þó þannig að orkuverðið verður aldrei undir 12,5 mill/kWh og ekki yfir 18,5 mill/kWh. Vísitalan er reiknuð út frá hreyfingum fjögurra álverða, sem nákvæmlega eru skilgreind í rafmagnssamningnum.
b. Ný grein kveður svo á um að á fimm ára fresti geti hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samningnum, ef átt hafa sér stað ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar breytingar á aðstæðum, sem leiða til röskunar á jafnvægi samningsins og harðréttis fyrir aðila.
c. Ef annar hvor aðilinn neitar að verða við ósk um viðræður um endurskoðun má skjóta slíkri neitun til úrskurðar gerðardóms, sem taka verður afstöðu til þess, hvort breyttar forsendur liggi fyrir þannig að aðilum beri að hefja viðræður um endurskoðun samningsins. Ef slíkar viðræður leiða ekki til niðurstöðu, þá má einnig skjóta þeim ágreiningi til gerðardóms.
d. Hinar nýju breytingar á rafmagnssamningnum taka gildi um leið og þriðji viðauki við aðalsamning ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, þ. e. að fenginni staðfestingu Alþingis.
e. Gildistími hins nýja orkuverðs er 20 ár, þ. e. frá því nú og þar til 35 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns (1. október 2004), enda hafi aðalsamningurinn verið framlengdur frá 1994 til 2004. Að þeim tíma loknum getur hann framlengzt um 10 ár til viðbótar, ef aðalsamningurinn er þá framlengdur. Komi til slíkrar framlengingar, skal samið um nýtt rafmagnsverð, ef ósk kemur fram um það af hálfu annars hvors aðilans. Í samningnum er að finna ákvæði um viðmiðun við ákvörðun nýs rafmagnsverðs sem eru hagstæð Landsvirkjun. Fimm ára endurskoðunarreglan gildir einnig á þessum síðustu 10 árum samningsins.

Fylgiskjal I.

Umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Íslenzka Álfélagsins hf. (ISAL), dags. 2. nóvember 1984.

Fylgiskjal II.

Fylgiskjal A með þriðja viðauka við aðalsamninginn milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. — **Þriðji viðauki við rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og Íslenzka Álfélagsins hf.**

Fylgiskjal III.

Fylgiskjal B með þriðja viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. — **Þriðji viðauki við aðstoðarsamning — rekstur milli Íslenzka Álfélagsins hf. og Swiss Aluminium Ltd.**

Fylgiskjal IV.

Fylgiskjal C með þriðja viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. — **Breyting á stofnsamningi og samþykktum fyrir Íslenzka Álfélagið hf.**

Fylgiskjal V.

Sáttargerðarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 5. nóvember 1984.

Fylgiskjal VI.

Bréf um samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 5. nóvember 1984.

Fylgiskjal I.

Umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Íslenzka Álfélagsins h.f. (ISAL)

A. Breytingar á rafmagnssamningum

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu breytingum sem fyrirhugaðar eru á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ISAL frá 28. júní 1966 eins og honum hefur verið breytt með fyrsta viðauka frá 28. október 1969 og öðrum viðauka frá 10. desember 1975, en ætlunin er að hinar nýju breytingar verði í sérstökum þriðja viðauka við rafmagnssamninginn.

1. Nýtt orkuverð og verðbreytingaákvæði

Orkuverð skal reiknast í byrjun hvers ársfjórðungs fyrir þann ársfjórðung eftir neðangreindri formúlu, þó þannig að orkuverðið verði aldrei undir 12,5 Bandaríkjamill á kWst og aldrei yfir 18,5 Bandaríkjamill á kWst:

$P = P_0 (0.3 + 0.7 \times 0.86 \times I)$.

Skýringar:

P = Orkuverð í Bandaríkjamillum á kWst.

P_0 = Viðmiðunarverð = 15 Bandaríkjamill á kWst.

I = Vísitala reiknuð skv. neðangreindri formúlu:

$$I = 0.25 \left[\frac{LME}{LME_0} + \frac{MW}{MW_0} + \frac{PIP}{PIP_0} + \frac{ASIP}{ASIP_0} \right]$$

Þar sem:

LME = Meðaltal fyrir undanfarandi ársfjórðung á daglegum meðalverðum á hrááli eins og skráð í Metal Bulletin fyrir hráál sem er a. m. k. 99,5% hreint ("Cash delivery") og breytt frá sterlingspundum í dollara á gengi hvers dags eftir miðjugengi eins og það er skráð í Financial Times (á blaðsíðunni sem sýnir "Currencies, Money and Capital Markets" í töflunni "The Dollar Spot and Forward").

LME_0 = 64,70 U.S. Bandaríkjacent á pund, sem er meðaltal reiknað á sama hátt og að ofan er greint fyrir LME fyrir tímabilið 1. jan. 1983 til og með 30. júní 1984. (Reiknað er með að 1 tonn samsvari 2204,62 pundum.)

MW = Meðaltal fyrir undanfarandi ársfjórðung af mánaðarmeðalverðum í Bandaríkjacentum á pund fyrir hráál sem er a. m. k. 99,7% hreint ("Cash delivery"), eins og skráð í Metals Week USA undir fyrirsögninni "U.S. Free Market".

MW_0 = 68,70 Bandaríkjacent á pund reiknað á sama hátt og að ofan er getið fyrir MW tímabilið 1. jan. 1983 til og með 30. júní 1984.

PIP = Hin alþjóðlega verðvísitala Pechiney fyrir undanfarandi ársfjórðung um verð á hrááli sem er a. m. k. 99,5% hreint og gildir fyrir sölu til óskyldra viðskiptavina eins og skráð í Metal Bulletin.

PIP_0 = 161,42 sem er meðaltal ofangreindrar PIP vísitölu fyrir tímabilið 1. jan. 1983 til og með 30. júní 1984.

ASIP = Meðaltal af neðangreindum tveimur verðum fyrir undanfarandi ársfjórðung:

a) Meðaltal í Bandaríkjacentum á pund af söluverði Swiss Aluminium Ltd. til óskyldra viðskiptavina fyrir hráál a. m. k. 99,7% hreint.

b) Meðaltal í Bandaríkjacentum á pund fyrir sölu á a. m. k. 99,7% hreinu hrááli til óskyldra aðila frá hinum tveimur álverum sem Alusuisse á í Þýskalandi.

$ASIP_0$ = 63,03 Bandaríkjacent á pund sem er meðaltal af ASIP reiknað á sama hátt og að ofan er greint fyrir tímabilið 1. jan. 1983 til og með 30. júní 1984.

Gert er ráð fyrir því að þegar á ASIP verðin reyni samkvæmt framangreindri formúlu eigi Landsvirkjun rétt á að ASIP verðin séu sannreynd af óháðum löggiltum endurskoðanda.

2. Endurskoðun skilmála

Á fimmta, tíunda og fimmtánda árdegi rafmagnssamningsins getur hvort heldur Landsvirkjun eða ISAL tilkynnt hinum aðilanum með sex mánaða fyrirvara að átt hafi sér stað teljandi og ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ISAL, sem hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á fjárhagsstöðu Landsvirkjunar eða ISAL, hvort sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningnum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á. Komi tilkynning af þessu tagi fram ber aðilum að leitast við að ná samkomulagi um breytingu á rafmagnssamningnum til að leysa aðilann, sem í hlut á, undan afleiðingum umræddrar breytingar á aðstæðum. Nái aðilar ekki samkomulagi um tilvist eða áhrif breyttra aðstæðna, er hvorum þeirra fyrir sig heimilt að skjóta slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, svo og hugsanlegum ágreiningi um þær samningsbreytingar, sem nauðsynlegar séu vegna þeirra.

3. Gildistaka og gildistími

Hinn nýi rafmagnssamningur tekur gildi um leið og hinar fyrirhuguðu breytingar á aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eru staðfestar af Alþingi. Rafmagnssamningnum er ætlað að gilda til 1. október árið 2004, þ. e. í um 20 ár, og gilda á því tímabili framangreind ákvæði um endurskoðun skilmála.

Að 20 ára gildistímanum liðnum má framlengja rafmagnssamninginn um 10 ár til viðbótar ásamt aðalsamningnum og hefur ríkisstjórnin einhliða heimild til slíkrar framlengingar svo og Alusuisse samkvæmt óbreyttum ákvæðum þar að lútandi í 49. grein aðalsamningsins. Komi til slíkrar framlengingar ber samkvæmt þriðja viðaukanum við rafmagnssamninginn að semja um nýtt rafmagnsverð komi fram ósk um það af hálfu Landsvirkjunar eða ISAL, en að öðrum kosti gildir óbreytt verð út framlengingartímann. Komi til samningsumleitana um nýtt rafmagnsverð fyrir framlengingartímann ber m. a. að taka tillit til raforkukostnaðar í áliðnaði í Evrópu og Ameríku, samkeppnisstöðu á mörkuðum í Evrópu og Ameríku fyrir ál, sem framleitt er á Íslandi, og framleiðslukostnaðar raforku frá vatnsorkuverum á Íslandi. Náist ekki samkomulag um nýtt verð skal það ákveðið af dómnefnd þriggja sérfræðinga, sem tilnefnd yrði af aðilum eftir ákveðnum reglum. Verð, sem ákveðið yrði samkvæmt framangreindu, skal gilda í þau 10 ár, sem hér er um að ræða, en vera háð hugsanlegri breytingu eftir fyrstu 5 árin samkvæmt ákvæðinu um endurskoðun skilmála.

B. Umsögn

Veigamesta breytingin á rafmagnssamningnum snertir orkuverðið, en hún felur í sér u. þ. b. tvö- til þreföldun á því orkuverði frá ISAL sem Landsvirkjun bjó við, áður en bráðabirgðasamningur ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse gekk í gildi þann 23. september 1983. Til þess að lýsa því frekar hvaða áhrif þetta hefur á tekjur Landsvirkjunar er vísað til meðfylgjandi myndar sem sýnir samanburð á orkuverði samkvæmt núverandi samningi og því orkuverði sem áætlað er að hinn nýi samningur færi Landsvirkjun. Samanburðurinn

sýnir rauntölur frá ársbyrjun 1979 og áætlun um framtíðarorkuverð sem byggjast á spám frá Chase Econometrics og sérfræðingunum James King og Robin Adams. Spáin, sem sýnd er á myndinni, er nokkurn veginn meðaltalið af áðurnefndum spám. Eins og lesa má af meðfylgjandi mynd eru helstu niðurstöður þessar:

i) Viðbótartekjur Landsvirkjunar frá ISAL samkvæmt nýja samningnum á tímabilinu 1985—1989 eða næstu fimm ár áætlast tæpar 2.100 millj. króna á öllu tímabilinu eða um 415 millj. króna á ári að jafnaði.

ii) Viðbótartekjur Landsvirkjunar samkvæmt nýja samningnum og bráðabirgðasamningnum áætlast u. þ. b. 2.230 millj. króna fram til ársloka 1989.

iii) Til þess að átta sig betur á þýðingu nýja samningsins hefur einnig verið reiknað út hvað hann hefði gefið í aðra hönd miðað við raunverulega þróun í verðlagningu á áli og sést þá að orkuverðið hefði sveiflast milli 12,5 og 16,5 Bandaríkjamill á kWst á tímabilinu 1979 fram til þessa dags.

Meðalorkuverð í Evrópu til álvera er nú talið á bilinu 14—15 Bandaríkjamill á kWst og í Noregi er það nú um og innan við 9 Bandaríkjamill á kWst, en Noregur er einmitt það land sem Alusuisse hefur einna helst talið að ætti að miða við í samkeppnisaðstöðu ISAL. Orkuverð í Norður-Ameríku til álvera er töluvert hærra en í Evrópu eða um 20 Bandaríkjamill á kWst, en nú á allra síðustu tímum hafa nokkur helstu raforkufyrirtæki þar boðið upp á verulega verðlækkun raforku, tímabundið, meðan áliðnaðurinn er í þeirri kreppu sem nú stendur yfir. Þá hafa sérfræðingar þeir, sem komið hafa við sögu við undirbúning samningsviðræðnanna við Alusuisse, komist að þeirri niðurstöðu að samkeppnisaðstaða ISAL væri með þeim hætti að orkuverð hér þyrfti að vera um 4 Bandaríkjamill á kWst lægra miðað við Evrópu og um 5 Bandaríkjamill á kWst miðað við N-Ameríku til þess að ISAL stæði fjárhagslega jafnfætis sambærilegum bræðslum á þessum svæðum.

Hinn nýi samningur gerir einnig ráð fyrir því að aðilar hafi möguleika á að opna samninga á fimm ára fresti hvað varðar orkuverð og afhendingarskilmála. Er hér um nýmæli að ræða, þar sem ekkert slíkt ákvæði hefur áður verið fyrir hendi í rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ISAL. Eru hin nýju ákvæði hér að lútandi mjög mikilvæg fyrir Landsvirkjun, þar sem þau veita fyrirtækinu æskilegan rétt til opnunar samninga ef tilteknar aðstæður eru fyrir hendi.

Upphaflegi rafmagnssamningurinn gerir ráð fyrir því að hann gildi í 25 ár, þ. e. til 1994, en sé síðan tvívegis framlengjanlegur um 10 ár í senn, þannig að hann fylgi hugsanlegum framlengingum ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse af því tagi á aðalsamningnum. Komi til slíkra framlenginga er heimilt að endurskoða rafmagnsverðið eftir ákveðnum reglum með hliðsjón af þróun álverðs í Noregi og heimsmarkaðsverði á áli. Í drögunum að þriðja viðauka rafmagnssamningsins er gert ráð fyrir 20 ára samningstíma með áðurnefndum ákvæðum varðandi breytingar á orkuverði á 5 ára fresti svo og möguleika á 10 ára framlengingu á þann hátt sem greint er frá í lið 3 í greinargerðinni hér að framan. Komi til slíkrar framlengingar gilda þargreindar verðbreytingareglur, sem telja verður að séu Landsvirkjun hagstæðari en þær sem fyrir eru. Samkvæmt þriðja viðaukanum getur samningurinn samkvæmt þessu gilt til 1. október árið 2004 eða til 1. október árið 2014, komi til umræddrar framlengingar, þ. e. jafnlengi og núverandi samningur getur gilt lengst.

Með hliðsjón af framangreindu er það álit okkar að samkomulag það sem lögð hafa verið drög að um breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ISAL sé Landsvirkjun mjög í vil og fyrirtækinu til verulegra hagsbóta.


Reykjavík, 2. nóvember 1984.


Halldór Jónatansson
forstjóri

Jóhann Már Maríusson
aðstoðarforstjóri

Fylgiskjal

Samanburður á orkuverði 1979—89 og tekjuaukning af nýjum samningi.





Fylgiskjal II.

FYLGISKJAL A
MEÐ ÞRIÐJA VIÐAUKA VIÐ AÐALSAMNINGINN
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG
SWISS ALUMINIUM LTD.

ÞRIÐJI VIÐAUKI

VIÐ

RAFMAGNSSAMNING

MILLI

LANDSVIRKJUNAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 5. dag nóvembermánaðar 1984

MILLI

LANDSVIRKJUNAR (The National Power Company, hér á eftir nefnd „Landsvirkjun“)

annars vegar

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

hins vegar.

Ríkisstjórn Íslands („ríkisstjórnin“) og Swiss Aluminium Limited („Alusuisse“) eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og gekk í gildi 20. september 1966 og hefur verið breytt (i) með fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970, og (ii) með öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975 og staðfestum með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976, er tók gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“), og fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað (hér á eftir nefnd „bræðslan“), í eigu ISALs;

Aðalsamningnum verður nú enn breytt með þriðja viðauka með sömu dagsetningu og þessi samningur;

Landsvirkjun og ISAL eru aðilar að rafmagnssamningi, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal A, og er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966, og hefur verið breytt (i) með fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er gekk í gildi 16. apríl 1970, og (ii) með öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er gekk í gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „rafmagnssamningurinn“), og fjallar samningurinn, meðal annars, um afhendingu á rafmagni frá Landsvirkjun til rekstrar bræðslunnar;

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 23. september 1983 („bráðabirgðasamningnum“), þar sem samþykkt var, meðal annars, að teknar skyldu upp samningaviðræður um endurskoðun á verði á rafmagni til bræðslunnar og öðrum skilmálum rafmagnssamningsins og tiltekin bráðabirgðabreyting á verðinu látin gilda á meðan þær samningaviðræður stæðu yfir;

Ríkisstjórnin og Alusuisse, ásamt Landsvirkjun og ISAL, hafa átt með sér þessar samningaviðræður og komist að þeirri niðurstöðu, að rafmagnssamningnum skuli breytt á þeim grundvelli sem lýst er hér á eftir;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum

1.01 Samning þennan ber að nefna þriðja viðauka við rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og Íslenzka Álfélagsins hf.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum eða í rafmagnssamningnum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgr. 1. greinar aðalsamningsins

(með áorðnum breytingum samkvæmt fyrsta, öðrum og þriðja viðauka við aðalsamninginn), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr. 1.01 (a)
„Alusuisse“	málsgr. 1.01 (b)
„Landsvirkjun“	málsgr. 1.01 (c)
„ISAL“	málsgr. 1.01 (e)
„Bræðsla“	málsgr. 1.03 (b)
„AR I“	málsgr. 1.03 (o)
„AR II“	málsgr. 1.03 (p)
„AR III“	málsgr. 1.03 (q)
„AR IV“	málsgr. 1.04 (c)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar þriðja viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“	málsgr. 1.03
„Gildistökudagur“	málsgr. 1.05

1.04. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar rafmagnssamningsins (eins og honum er breytt með fyrsta og öðrum viðauka við rafmagnssamninginn og með samningi þessum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Samningsbundið rafmagn“	málsgr. 1.02 (f)
„Samningsbundið verð“	málsgr. 1.02 (k)
„Lágmarksmagn“	málsgr. 1.02 (n)
„Afgangsorka“	málsgr. 1.03 (g)

2. gr.

Breyting á ákvæðum rafmagnssamningsins um verð á samningsbundnu rafmagni

2.01. 13. gr. rafmagnssamningsins er hér með breytt í heild og hljóðar nú þannig:

„13. gr.

Samningsbundið verð

13.01. ISAL skal greiða fyrir allt samningsbundið rafmagn, sem afhent er til bræðslunnar, það verð sem í gildi er samkvæmt neðanskráðu á hverju því tímabili, er hér greinir („samningsbundið verð“):

(a) Frá gangsetningardegi fyrsta áfanga bræðslunnar og til 31. desember 1975 er verðið 3,0 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.

(b) Frá 1. janúar 1976 til 30. júní 1976 er verðið 3,5 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.

(c) Frá 1. júlí 1976 til 30. júní 1977 er verðið 4,0 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.

(d) Frá 1. júlí 1977 til 31. desember 1977 er verðið 4,5 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst eða það verð sem kveðið er á í 14. gr. samnings þessa (eins og henni var breytt með öðrum viðauka við rafmagnssamninginn) hvort sem lægra er, en þó eigi lægra en 4,0 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.

(e) Frá 1. janúar 1978 til 30. júní 1983 er verðið eins og kveðið er á í 14. gr. (eins og henni var breytt með öðrum viðauka við rafmagnssamninginn).

(f) Frá 1. júlí 1983 til gildistökudags þriðja viðauka við rafmagnssamninginn skal verðið vera eins og kveðið er á í gr. 3.1 í bráðabirgðasamningi á milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse dagsettum 23. september 1983.

(g) Frá gildistökudegi þriðja viðauka rafmagnssamningsins að þrítugasta og fimmta árdegi AR I eða þar til gildistími samnings þessa er útrunninn, ef lokamálsliður málsgr. 15.01 á við, skal verðið vera eins og kveðið er á í 14. gr. samnings þessa.

(h) Frá þrítugasta og fimmta árdegi AR I og þar til gildistími samnings þessa er útrunninn (að því tilskildu að gildistíminn sé framlengdur fram yfir þann árdag samkvæmt málsgr. 49.01 í aðalsamningi) skal verðið vera eins og kveðið er á í 15. gr. samnings þessa.

13.02. Ef svo fer á einhverju almanaksári eftir AR I, AR II, AR III eða AR IV, að Landsvirkjun getur af einhverjum ástæðum, þar á meðal vegna óviðráðanlegra afla (force majeure) (að undanteknum takmörkunum samkvæmt málsgr. 12.05 eða 12.06 og takmörkunum á afgangsorku), eigi séð bræðslunni fyrir samningsbundnu rafmagni í því orkumagni, sem svarar lágmarksmagni, þá skal eftir ósk ISALs, og þrátt fyrir ákvæði 15. gr. (ef gildistími aðalsamningsins hefur verið framlengdur eins og þar um ræðir) eða 28. gr. samnings þessa, framlengja tímann, sem afhenda á samningsbundið rafmagn á samningsbundnu verði ákveðnu samkvæmt 14. gr. samnings þessa, um þann hluta úr almanaksári er svarar til þess hundraðshluta, sem orkumagnið, sem afhent er á tilteknu almanaksári, er minna en lágmarksmagn (í réttu hlutfalli ef um hluta úr almanaksári er að ræða).“

3. gr.

Breyting á ákvæðum rafmagnssamningsins er varða útreikning á verði á samningsbundnu rafmagni

3.0. 14. grein rafmagnssamningsins breytist í heild og hljóðar nú þannig:

„14. gr.

Útreikningur samningsbundins verðs

14.01. ISAL skal greiða fyrir allt samningsbundið rafmagn, sem afhent er til bræðslunnar, við því samningsbundna verði og með þeim hætti, er hér greinir:

(a) Hið samningsbundna verð skal reiknað í byrjun hvers almanaksársfjórðungs fyrir þann ársfjórðung.

(b) Hið samningsbundna verð skal reiknað samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$P = P_0 (0{,}3 + 0{,}7 \times 0{,}86 \times I)$$

þar sem:

P = samningsbundið verð í Bandaríkjamillum á kWst;

P_0 = 15,000 Bandaríkjamill á kWst;

I = vísitala, sem reiknuð er samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$I = 0{,}25 \left[\frac{LME}{LME_0} + \frac{MW}{MW_0} + \frac{PIP}{PIP_0} + \frac{ASIP}{ASIP_0} \right]$$

þar sem:

LME = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metals Exchange á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og

þær eru birtar í Metal Bulletin, og umreiknaðar úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í Financial Times (á blaðsíðunni „Currencies, Money and Capital Markets", í töflunni „The Dollar Spot and Forward");

LME_0 = 64,70 Bandaríkjacent á pund, sem er meðaltalið fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til og með 30. júní 1984, tilgreint í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metals Exchange á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metal Bulletin, og umreiknaðar úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í Financial Times (á blaðsíðunni „Currencies, Money and Capital Markets", í töflunni „The Dollar Spot and Forward");

MW = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, á meðaltöldum mánaðarlegum verðskráningum í Bandaríkjacentum á pund á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metals Week USA undir fyrirsögninni „U. S. Free Market";

MW_0 = 68,71 Bandaríkjacent á pund, sem er meðaltalið fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til og með 30. júní 1984 af meðaltöldum mánaðarlegum verðskráningum í Bandaríkjacentum á pund á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metals Week USA undir fyrirsögninni „U. S. Free Market";

PIP = Alþjóðleg verðvísitala Pechiney (Pechiney International Price index) fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung um verð á frumbræddu áli seldu samkvæmt reikningi til óháðra viðskiptavina, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, eins og hún er birt í Metal Bulletin;

PIP_0 = 161,42, sem er meðaltalið fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til og með 30. júní 1984 af alþjóðlegum verðvísitölum Pechiney á hverjum almanaksársfjórðungi um verð á frumbræddu áli seldu til óháðra viðskiptavina, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, eins og þær voru birtar í Metal Bulletin;

ASIP = Fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, helmingur summunnar af

(x) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá Alusuisse til óháðra viðskiptavina,

plús

(y) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá hinum tveimur þýsku álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina;

$ASIP_0$ = 63,03 Bandaríkjacent á pund, sem fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til og með 30. júní 1984 er helmingur summunnar af

(x) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá Alusuisse til óháðra viðskiptavina,

plús

(y) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika

99,7 af hundraði, við sölu frá hinum tveimur þýsku álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina.

14.02 Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar 14.01 skal hið samningsbundna verð aldrei vera lægra en 12,5 Bandaríkjamill á kWst eða hærra en 18,5 Bandaríkjamill á kWst.

14.03. Innan 20 daga eftir að Alusuisse leggur fram ASIP fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, og aðeins einu sinni á hverjum einstökum almanaksársfjórðungi, er Landsvirkjun heimilt að óska eftir því að fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Landsvirkjun og Alusuisse velja sameiginlega, endurskoði og sannprófi útreikninga Alusuisse á ASIP fyrir undanfarandi fjóra almanaksársfjórðunga. Kostnað af þessari endurskoðun hverju sinni á Landsvirkjun að bera, nema endurskoðunin leiði í ljós að teljandi mismunur sé á ASIP fyrir einhvern hinna undanfarandi fjögurra ársfjórðunga og því ASIP sem Alusuisse lagði fram í öndverðu, en í því tilviki skal Alusuisse bera þann hluta kostnaðarins af þeirri endurskoðun sem heimfæra má til þess ársfjórðungs, er mismunurinn varð á. Aldrei skal útreikningur á ASIP fyrir neinn almanaksársfjórðung endurskoðaður þannig oftar en einu sinni.

14.04. Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, PIP og/eða ASIP samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 14.01 (b) í samningi þessum, eru ekki fáanlegar fyrir einhvern almanaksársfjórðung, af ástæðum sem hvorugur aðila fær við ráðið, skal nota LME, MW, PIP og/eða ASIP fyrir undanfarandi ársfjórðung við ákvörðun á hinu samningsbundna verði. Jafnskjótt og upplýsingarnar verða fáanlegar skal þetta samningsbundna verð endurreiknað á grundvelli hinna nýju upplýsinga, og mismunurinn, sem við það kemur fram milli hins samningsbundna verðs eins og það er upphaflega reiknað og eins og það er síðan endanlega reiknað, ef hann er einhver, skal greiddur af hálfu ISALs eða endurgreiddur af hálfu Landsvirkjunar, eftir því sem við á, án vaxta, í fyrsta sinn þar á eftir sem Landsvirkjun sendir ISAL reikning samkvæmt málsgrein 21.02 í samningi þessum.

14.05. Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, PIP og/eða ASIP samkvæmt skilgreiningunum í málsgr. 14.01 (b) í samningi þessum, eru ófáanlegar í fjóra eða fleiri almanaksársfjórðunga samfleytt, af ástæðum sem hvorugur aðila né ríkisstjórnin eða Alusuisse fá við ráðið, skulu Landsvirkjun (í samráði við ríkisstjórnina) og ISAL (eða Alusuisse fyrir þess hönd) reyna að ná samkomulagi um að nota aðrar sambærilegar upplýsingar við útreikning á hinu samningsbundna verði í stað þeirra upplýsinga, sem orðið hafa ófáanlegar. Náist þau samkomulagi skulu þær upplýsingar notaðar í þessu skyni, en takist þeim ekki að ná samkomulagi, er hvorum aðila um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms samkvæmt 47. gr. í aðalsamningnum. Þar til málið er útkljáð með samkomulagi eða úrskurði gerðardóms og að áskildu því, sem felst í þeim málalokum, skulu ákvæði málsgr. 14.04 í samningi þessum gilda áfram."

3.02. 15. grein rafmagnssamningsins er hér með breytt í heild og hljóðar nú þannig:

„15. gr.
Framlenging samningstíma

15.01. Ef gildistími aðalsamningsins hefur verið framlengdur um 10 ára tímabil fram yfir tuttugasta og fimmta árdag AR I samkvæmt málsgr. 49.01 í aðalsamningnum, og ef ríkisstjórnin eða Alusuisse hefur eigi síðar en þremur árum fyrir þrítugasta og fimmta árdag AR I lýst yfir með skriflegri tilkynningu til hins aðilans þeirri ætlun sinni að kjósa að framlengja gildistíma aðalsamningsins um 10 ára tímabil fram yfir þrítugasta og

fimmta árdag AR I samkvæmt málsgr. 49.01 í aðalsamningnum skulu aðilarnir, að fenginni skriflegri beiðni hvors aðila sem er (ásamt ríkisstjórninni og Alusuisse), þegar hefja samningaviðræður um samningsbundna verðið á framlengingartímabilinu, eins og nánar greinir í þessari 15. gr., og skal þeim vera lokið átján mánuðum fyrir þrítugasta og fimmta árdag AR I. Hafi ekki samkomulag tekist átján mánuðum fyrir þennan þrítugasta og fimmta árdag, skal fara eftir ákvæðum málsgr. 15.04. Gefi hvorugur aðili slíka skriflega beiðni, skal samningsbundna verðið samkvæmt 14. gr. samnings þessa gilda áfram þar til gildistími aðalsamningsins er útrunninn, en þó háð ákvæðum málsgr. 15.03 í samningi þessum.

15.02. Samningaviðræðurnar um hið samningsbundna verð á framlengingartímabilinu skulu fara fram með það að markmiði að ákveða verð á kWst sem hæfi starfsemi á borð við rekstur bræðslunnar í ljósi þeirra aðstæðna sem þá ríkja og spá má um með sanngirni fyrir framlengingartímabilið, og skulu í því sambandi eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

(a) Raforkukostnaður í áliðnaði í Evrópu og Ameríku;
(b) samkeppnisstaða á mörkuðum í Evrópu og Ameríku fyrir ál sem framleitt er á Íslandi; og
(c) framleiðslukostnaður raforku frá vatnsorkuverum á Íslandi.

15.03 Verði ekki um annað samið á þeim tíma, skal samningsbundið verð fyrir slíkt framlengingartímabil ákveðið fyrir allt tíu ára tímabilið, að áskilinni endurskoðun samkvæmt 28. grein samnings þessa miðað við fertugasta árdag AR I.

15.04. Þegar beiðni um samningaviðræður kemur fram samkvæmt málsgrein 15.01 skulu aðilarnir (ásamt ríkisstjórninni og Alusuisse) taka þátt í þeim samningaviðræðum í góðri trú. Takist þeim ekki að ná samkomulagi skal ákvörðun um samningsbundna verðið vísað til dómnefndar þriggja manna, sem eru óháðir aðilunum og eru sérfræðingar í áliðnaði og öflun raforku frá vatnsaflsstöðvum til hans. Hvor aðili skal tilnefna einn sérfræðing, og þeir tveir sérfræðingar þannig tilnefndir skulu sameiginlega tilnefna þriðja sérfræðinginn, og skal hann vera formaður dómnefndarinnar og má hvorki vera íslenskur né svissneskur ríkisborgari. Dómnefndin dæmir sjálf um valdsvið sitt, ákveður málsmeðferð og tekur ákvarðanir sínar með meirihluta atkvæða. Nefndin skal ljúka ákvörðun um hið samningsbundna verð eigi síðar en níu mánuðum fyrir þrítugasta og fimmta árdag AR I. Kjósi ríkisstjórnin eða Alusuisse, samkvæmt ákvæðum málsgr. 49.01 í aðalsamningnum, að framlengja gildistíma aðalsamningsins um annað tíu ára tímabil, fram yfir þrítugasta og fimmta árdag AR I, skal slík verðákvörðun dómnefndarinnar vera endanleg og bindandi."

4. gr.

Breyting á almennum ákvæðum rafmagnssamningsins

4.01. 28., 29., 30., 31., 32. og 33. gr. rafmagnssamningsins skulu endurmerktar sem 29., 30., 31., 32., 33. og 34. gr., í þessari röð, og jafnframt skotið inn nýrri 28. gr. svohljóðandi:

„28. gr.

Endurskoðun skilmála

28.01. Með skriflegri tilkynningu, er gefin sé eigi minna en sex mánuðum fyrir hvern þeirra daga, sem tilgreindir eru hér að neðan (eða alla þá daga), skal hvort heldur Landsvirkjun eða ISAL heimilt að tilkynna hinum aðilanum, að orðið hafi teljandi og ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ISALs, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu

Landsvirkjunar eða ISALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila, sem í hlut á.

28.02. Þeir dagar, sem tilkynningu má miða við, skulu vera fimmti, tíundi eða fimmtándi árdagur þess dags er þriðji viðauki rafmagnssamningsins tekur gildi.

28.03. Jafnskjótt og slík skrifleg tilkynning er komin fram skulu Landsvirkjun (í samráði við ríkisstjórnina) og ISAL (eða Alusuisse fyrir þess hönd) eiga með sér samningaviðræður í góðri trú og reyna að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum, er leysi aðilann, sem í hlut á, undan afleiðingum umræddrar breytingar á aðstæðum eins og lýst er í málsgr. 28.01 í samningi þessum. Ef aðilunum tekst ekki að ná samkomulagi um tilvist eða áhrif þesskonar breytingar á aðstæðum, er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa þeirri deilu, hvort sú breyting hafi orðið, til gerðardóms samkvæmt 47. gr. aðalsamningsins. Ef gerðardómurinn úrskurðar að slík breyting hafi orðið á aðstæðum, skulu aðilarnir reyna í góðri trú að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum í ljósi niðurstaðna gerðardómsins. Ef þeim tekst ekki að semja um slíka breytingu á samningnum, er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms samkvæmt 47. gr. í aðalsamningnum.“

5. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur

5.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við rafmagnssamninginn samkvæmt ákvæðum 28. gr. hans og skal talinn beinn hluti af rafmagnssamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði rafmagnssamningsins (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

5.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi þriðja viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið staðfest svo sem ráðgert er hér að neðan og tilkynning samkvæmt 28. gr. rafmagnssamningsins verið gefin. Um leið falla ákvæði málsgr. 3.1 í bráðabirgðasamningnum úr gildi, og staðfesta aðilar hér með að hvorugur þeirra á eða mun hafa uppi neinar kröfur á hendur hinum vegna neinna atvika fyrir undirritun samnings þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu Landsvirkjunar og ISALs miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir LANDSVIRKJUN

Dr. Jóhannes Nordal
stjórnarformaður

Halldór Jónatansson
forstjóri

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Halldór H. Jónsson
stjórnarformaður

Ragnar S. Halldórsson
forstjóri

Samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse við framanrituðum samningi staðfestist hér með, á þeim degi er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Sverrir Hermannsson
iðnaðarráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich N. Ernst
forstjóri

Fylgiskjal III.

FYLGISKJAL B
MEÐ ÞRIÐJA VIÐAUKA VIÐ AÐALSAMNING
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG
SWISS ALUMINIUM LTD.

ÞRIÐJI VIÐAUKI

VIÐ

AÐSTOÐARSAMNING — REKSTUR

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF.

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 5. dag nóvembermánaðar 1984

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (ICELANDIC ALUMINIUM COMPANY LIMITED, hér á eftir nefnt „ISAL“)

annars vegar,

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

hins vegar.

Ríkisstjórn Íslands (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og gekk í gildi 20. september 1966, og hefur verið breytt (i) með fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970, og (ii) með öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og gekk í gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“), og fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“ í Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað í eigu ISALs, dótturfélags Alusuisse.

Aðalsamningnum verður nú enn breytt með þriðja viðauka, dagsettum í dag;

Alusuisse og ISAL hafa gert með sér aðstoðarsamning — rekstur, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C2, og er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi 20. september 1966, og hefur verið breytt (i) með fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er gekk í gildi 16. apríl 1970, og (ii) með öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er gekk í gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðstoðarsamningur — rekstur“), sem fjallar, meðal annars, um tæknilega aðstoð, er Alusuisse lætur ISAL í té við rekstur bræðslunnar;

Alusuisse og ISAL óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að breyta aðstoðarsamningnum — rekstri á þeim grundvelli, sem lýst er hér á eftir;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum

1.01 Samning þennan ber að nefna þriðja viðauka við aðstoðarsamning — rekstur.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins, nema samhengi krefjist annars:

„Ríkisstjórnin“	málsgr. 1.01 (a)
„Alusuisse“	málsgr. 1.01 (b)
„ISAL“	málsgr. 1.01 (e)
„Dótturfélag Alusuisse“	málsgr. 1.01 (f)
„Bræðsla“	málsgr. 1.03 (b)

2. gr.

Breyting á ákvæðum aðstoðarsamningsins — reksturs

2.01. Málsgrein 2.03 í aðstoðarsamningi — rekstri er hér með breytt með því að fella niður orðin „með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru“ í lok síðasta málsliðar í staflið (c), setja punkt á eftir orðinu „hráefni“ næst á undan þeim orðum og bæta þar á eftir inn nýjum málslið, svohljóðandi:

„Hvenær sem hráefni þessi eða önnur aðföng eru, eftir ákvörðun Alusuisse og ISALs, útveguð eða keypt frá aðilum öðrum en Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse eða öðrum hluthöfum í ISAL, mun Alusuisse leitast við að tryggja að sú útvegun og innkaup eigi sér stað fyrir ISAL með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru.“

3. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamning — rekstur samkvæmt ákvæðum í málsgrein 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — rekstri svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamnings — reksturs (með fyrri breytingum) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi þriðja viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest svo sem ráðgert er hér að neðan og tilkynning samkvæmt málsgrein 10.02 í aðstoðarsamningi — rekstri verið gefin. Ákvæði aðstoðarsamningsins — reksturs skulu gilda frá og með 1. janúar 1984 eins og þeim er breytt með samningi þessum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir Íslenzka Álfélagið h/f

Halldór H. Jónsson
stjórnarformaður

Ragnar S. Halldórsson
forstjóri

Fyrir Swiss Aluminium Ltd.

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich M. Ernst
forstjóri

Samþykki ríkisstjórnarinnar við framanrituðu staðfestist hér með, á þeim degi er í upphafi greinir.

Fyrir Ríkisstjórn Íslands

Sverrir Hermannsson
iðnaðarráðherra

Fylgiskjal IV.

FYLGISKJAL C
MEÐ ÞRIÐJA VIÐAUKA VIÐ AÐALSAMNING
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG
SWISS ALUMINIUM LTD.

BREYTING Á STOFNSAMNINGI OG SAMÞYKKTUM

FYRIR

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ H/F

(ICELANDIC ALUMINIUM COMPANY LIMITED)

Samkvæmt ákvæðum 4. greinar þriðja viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited og í samræmi við 22. grein aðalsamningsins, eins og henni er breytt með þeim viðauka, skulu þriðja og síðasta málsgrein 9. töluliðs í stofnsamningi og þriðja og síðasta málsgrein 8. greinar í samþykktum Íslenzka Álfélagsins h/f, sem bæði eru dagsett 28. júní 1966, felldar brott og eftirfarandi koma í þeirra stað:

„Engum hluthafa er heimilt að selja, framselja eða veðsetja hluti í félaginu án samþykkis ríkisstjórnar Íslands, nema hvað Alusuisse skal eiga rétt til að framselja (með sölu eða á annan hátt) hlutabréf, sem Alusuisse á í ISAL, í heild eða að hluta til eins eða fleiri lögaðila, nú eða síðar, sem eru á þeim tíma í einkaeign Alusuisse, beint eða í gegnum aðra slíka aðila í einkaeign, eða að láta gefa út hlutabréf í ISAL til slíkra aðila, og að láta framselja þau hlutabréf, sem þannig eru gefin út eða framseld, á meðal slíkra aðila og frá slíkum aðilum til Alusuisse. Slík útgáfa eða framsöl til þessara aðila eða framsöl þeirra á meðal skulu aðeins halda gildi sínu jafnlengi og þessi tengsl við Alusuisse vara, nema ríkisstjórn Íslands samþykki annað, og skulu háð því undanfarandi skilyrði, að lögaðilinn, sem hlutabréfin í ISAL eru útgefin eða framseld til, undirriti og afhendi ríkisstjórn Íslands skriflegt skjal, í því formi, er ríkisstjórnin telur fullnægjandi, þar sem hann fellst á öll ákvæði og skilmála aðalsamnings dagsetts 28. mars 1966 (með síðari breytingum) milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse og fylgiskjala hans (eins og þau eru þar skilgreind) og samþykkir að vera bundinn af öllum þeim ákvæðum og skilmálum eftir því sem þau geta átt við um slíka aðila.

Sérhvert hlutabréf í félaginu skal bera eftirfarandi áletrun:
„Hlutabréf þetta má ekki veðsetja án samþykkis ríkisstjórnar Íslands og ekki má selja það eða framselja nema í samræmi við ákvæði 22. greinar í aðalsamningi dagsettum 28. mars 1966 (með síðari breytingum) milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited."

Fylgiskjal V.

SÁTTARGERÐARSAMNINGUR

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

og

SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 5. dag nóvembermánaðar 1984

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

annars vegar

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse (hér á eftir stundum nefnd „aðilarnir“ einu nafni) eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 frá 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19 frá 6. apríl 1970 og gekk í gildi 16. apríl 1970, og (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, sem staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og gekk í gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað, í eigu Íslenzka Álfélagsins hf. („ISALs“), sem er dótturfélag Alusuisse;

Við aðalsamninginn eru tengd tiltekin fylgiskjöl, þar á meðal svonefndur aðstoðarsamningur — rekstur milli Alusuisse og ISALs;

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 23. september 1983 („bráðabirgðasamningnum“), þar sem svo er á kveðið, meðal annars, að ríkisstjórnin og Alusuisse muni leitast við að leysa með vinsamlegum og skjótum hætti tilteknar deilur eða skoðanaágreining, sem risið hafi þeirra í milli út af framleiðslugjaldinu, er ISAL greiðir samkvæmt aðalsamningnum, vegna áranna 1976 til og með 1980;

Í málsgrein 1.1 í bráðabirgðasamningnum kveður svo á að ríkisstjórnin og Alusuisse muni sameiginlega skipa dómnefnd þriggja sérfræðinga í lögum, er skili álitsgerð um tiltekin málefni, sem lýst er í málsgrein 1.1 í bráðabirgðasamningnum;

Í málsgrein 1.2 í bráðabirgðasamningnum kveður svo á að ríkisstjórnin og Alusuisse muni sameiginlega skipa dómnefnd íslenskra skattasérfræðinga, er skili álitsgerð um tiltekin málefni sem lýst er í málsgrein 1.2 í bráðabirgðasamningnum;

Umræddar dómnefndir („dómnefndirnar“) hafa verið löglega skipaðar í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamningsins og málflutningur hefur átt sér stað fyrir dómnefndunum;

Aðilarnir, sem óska að binda endi á allan ágreining sín í milli og ná fullum og endanlegum sáttum um allar kröfur, er uppi voru hafðar fyrir dómnefndunum, og um allar aðrar kröfur varðandi framleiðslugjald ISALs vegna áranna 1976 til og með 1983, ásamt nokkrum öðrum kröfum, hafa ákveðið að leysa umræddar kröfur með beinni sáttargerð og að ljúka málum fyrir dómnefndunum með þeim hætti;

Aðilarnir staðfesta að þessi sátt um þessar kröfur er gerð í samhengi við heildarsamningaviðræður þeirra um þau málefni, sem getið er í bráðabirgðasamningnum, og er mikilvægur þáttur í að tryggja grundvöllinn að samningslegum tengslum þeirra í framtíðinni;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. Ríkisstjórnin og Alusuisse samþykkja hér með að ljúka öllum deilum sín í milli varðandi skyldu ISALs til greiðslu á framleiðslugjaldi vegna áranna 1976 til og með 1980 og

að ljúka þeim málum, sem nú eru fyrir dómnefndunum vegna þeirrar gjaldskyldu, með sátt eins og lýst er hér á eftir, og fella inn í þá sátt allar hugsanlegar deilur varðandi framleiðslugjaldsskyldu ISALs vegna áranna 1981 til og með 1983, ásamt nokkrum öðrum kröfumálum. Sáttargerðin með samningi þessum tekur meðal annars til allra krafna, hverju nafni sem nefnast, sem gerðar hafa verið hvort heldur af hálfu ríkisstjórnarinnar annars vegar eða Alusuisse og/eða ISALs hins vegar varðandi framleiðslugjaldsskyldu ISALs vegna áranna 1976 til og með 1983.

2. Ríkisstjórnin samþykkir að leysa Alusuisse og ISAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, sem ríkisstjórnin hefur nokkru sinni átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ISAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstjórnin kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ISALs fyrir árið 1984. Alusuisse samþykkir að leysa ríkisstjórnina, og leysir hana hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, sem Alusuisse og/eða ISAL getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn ríkisstjórninni af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum, sem Alusuisse og/eða ISAL kunna að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ISALs fyrir árið 1984.

3. Vegna ofangreindrar lausnar frá kröfum og vegna annarra skuldbindinga ríkisstjórnarinnar, sem mælt er um í sáttargerðarsamningi þessum, samþykkir Alusuisse að ISAL greiði ríkisstjórninni fjárhæðina USD 3.000.000 með lækkun skattinneignar þeirrar, sem stofnast hefur og er fyrir hendi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 29.09 í aðalsamningnum. Þessa lækkun skal framkvæma þann dag er sáttargerðarsamningur þessi tekur gildi, í samræmi við ákvæði málsgreinar 29.09 í aðalsamningnum, eins og þeim hefur verið breytt með málsgrein 2.07 í samningi þeim, sem er fylgiskjal A með þessum sáttargerðarsamningi.

4. Gerðar skulu breytingar á aðalsamningnum með samningi þeim, sem viðfestur er sem fylgiskjal A með sáttargerðarsamningi þessum, og eins og þar greinir. Aðstoðarsamningnum — rekstri skal breytt með samningi þeim, er fylgir sem fylgiskjal B með þessum viðfesta samningi, og eins og þar greinir. Hvorki tilvist né efni þeirra breytinga á aðalsamningnum, sem fram eru settar í fylgiskjali A, né þeirra breytinga á aðstoðarsamningnum — rekstri, sem fram koma í umræddu fylgiskjali B, felur í sér viðurkenningu af hálfu hvors aðila um sig að hann hafi brotið í bága við neitt ákvæði aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs eða haldið fram neinni rangri túlkun á neinu þeirra ákvæða aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs, sem breyting tekur til.

5. Sáttargerðarsamningur þessi er gerður einvörðungu til að binda endi á allan ágreining sem um ræðir í honum, til að ná fullum og endanlegum sáttum um allar kröfur sem að framan greinir, og til að komast hjá frekari fyrirhöfn, kostnaði og harðrétti af langdregnum málaferlum og deilum. Hvorki þessi sáttargerðarsamningur eða neinir af skilmálum hans né neinar samningaviðræður eða málarekstur í sambandi við hann skulu vera eða verða túlkuð sem sönnun um viðurkenningu af hálfu Alusuisse eða ISALs eða ríkisstjórnarinnar um neina ábyrgð af nokkru tagi, eða um gildi neinna krafna, staðhæfinga eða röksemda, þar á meðal þeirra, sem fram hafa verið færðar fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, eða um haldleysi neinna varna eða andsvara, sem höfð hafa verið uppi gegn þeim. Eigi heldur skal sáttargerðarsamningur þessi eða nokkur af skilmálum hans, né neinar samningaviðræður eða málarekstur í sambandi við hann, vera færð fram eða við þeim tekið í sönnunarskyni eða til annarrar notkunar í neinum málaferlum gegn öðrum hvorum aðilanum, nema varðandi gildistöku og framkvæmd sáttargerðarsamnings þessa.

6. Sáttargerðarsamning þennan munu aðilarnir leggja sameiginlega fram fyrir dómnefndirnar. Aðilarnir munu sameiginlega biðja hvora dómnefnd að færa sáttargerðarsamninginn til bókar í máli því, sem fyrir henni er, og, við gildistöku sáttargerðarsamnings þessa, að

ljúka málinu og fella endanlega niður allar kröfur, sem fram hafa verið settar fyrir þeirri dómnefnd. Sáttargerðarsamningur þessi skal hafa sama gildi og hljóta sömu meðferð og álitsgerð frá hvorri dómnefnd samkvæmt málsgreinum 1.1 og 1.2 í bráðabirgðasamningnum og koma í stað endurreiknings þess sem mælt er um í málsgrein 1.6 í bráðabirgðasamningnum, og skal vera endanlegur og bindandi fyrir aðilana eins og um væri að ræða gerðardómsúrskurð samkvæmt málsgrein 47.03 í aðalsamningnum eða endanlegan dóm frá æðsta dómstóli á Íslandi eða í Sviss, og skulu aðilar fullnægja honum í góðri trú.

7. Á gildistökudegi sáttargerðarsamnings þessa skal endanlega fella niður allar kröfur, sem ríkisstjórnin hefur eða gæti hafa sett fram fyrir dómnefndunum; málarekstrinum samkvæmt málsgrein 1.1 og 1.2 í bráðabirgðasamningnum, og endurreikningnum sem um ræðir í málsgrein 1.6 í bráðabirgðasamningnum, skal talið lokið; og jafnframt skal endanlega fellt niður gerðardómsmál það með þátttöku aðilanna og ISALs, sem til hafði verið stofnað samkvæmt málsgrein 47.01 í aðalsamningnum fyrir Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilna (ICSID).

8. Sáttargerðarsamningi þessum má ekki breyta, nema með skriflegum samningi undirrituðum af samningsaðilum. Láti annar hvor samningsaðila einhvern tíma hjá líða að framfylgja rétti sínum samkvæmt einhverjum ákvæðum sáttargerðarsamnings þessa, ber ekki að skilja það svo, sem hann sé að falla frá þeim rétti, eða að það haggi í neinu gildi sáttargerðarsamnings þessa eða rétti hvors aðila um sig til að leita fullnustu á sérhverju því ákvæði. Úr sérhverjum ágreiningi um skýringu, túlkun eða framkvæmd eða um gildi eða áhrif sáttargerðarsamnings þessa, eða varðandi réttindi aðila eða skuldbindingar samkvæmt sáttargerðarsamningi þessum, skal leysa í samræmi við ákvæði 47. greinar í aðalsamningnum.

9. Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans.

10. Sáttargerðarsamningur þessi tekur gildi á gildistökudegi þriðja viðauka við aðalsamninginn, sem greindur er í fylgiskjali A með sáttargerðarsamningi þessum, en þó með þeim fyrirvara, að hafi sáttargerðarsamningur þessi ekki öðlast gildi 15. mars 1985, skulu sáttargerðarsamningur þessi og fylgiskjal A með honum, ásamt fylgiviðaukunum með fylgiskjali A, falla niður og ekki hafa frekara gildi, ef annar hvor aðila, ríkisstjórnin eða Alusuisse, óskar þess.

11. Samningur þessi er gerður á tveimur tungumálum, íslensku og ensku, og skulu báðir textar jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er sáttargerðarsamningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Sverrir Hermannsson
iðnaðarráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich N. Ernst
forstjóri.

Fylgiskjal VI.

5. nóvember 1984

BRÉF UM SAMKOMULAG

Með vísan til bráðabirgðasamnings dags. 23. september 1983 („bráðabirgðasamningsins“) milli ríkisstjórnar Íslands („ríkisstjórnarinnar“) og Swiss Aluminium Ltd. („Alusuisse“), um málefni varðandi álbræðslu („bræðsluna“) Íslenzka Álfélagsins hf. („ISALs“) í Straumsvík, gera ríkisstjórnin og Alusuisse (sameiginlega, „aðilarnir“) hér með eftirfarandi samkomulag:

1. Í samræmi við málsgrein 2.1 (b) í bráðabirgðasamningnum hafa aðilarnir tekið upp samningaviðræður um endurskoðun á ákvæðum aðalsamnings þeirra á milli dags. 28. mars 1966 með síðari breytingum („aðalsamnings“) varðandi ákvörðun á framleiðslugjaldi ISALs. Aðilarnir munu halda þessum samningaviðræðum áfram og leitast við að ljúka umræddri endurskoðun eigi síðar en hinn 1. júní 1985.
2. Í samræmi við málsgrein 2.1 (c) og málsgrein 3.2 í bráðabirgðasamningnum, þar sem fjallað er um stækkun bræðslunnar svo fljótt sem við verður komið um 80 megawatta málraun, sem svarar um það bil 40 000 tonna ársafkastagetu, mun ríkisstjórnin afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun til þeirrar stækkunar. Alusuisse mun skjótlega svara með því að staðfesta við ríkisstjórnina, hvort það telji kjör þessi og skilmála viðskiptalega raunhæfa, og í því tilviki munu aðilarnir taka upp aðgerðir til að leita að þriðja aðila, sem þeir geti báðir fellt sig við, er hafi áhuga á að taka þátt í þessari stækkun með Alusuisse.
3. Eigi síðar en hinn 1. janúar 1985 mun Alusuisse hefjast handa um forathugun á hagkvæmni þess að koma upp rafskautaverksmiðju við bræðsluna sjálfa, í samræmi við málsgrein 2.4 í bráðabirgðasamningnum.
4. Með vísan til málsgreinar 2.1 (d) í bráðabirgðasamningnum staðfestist að Alusuisse mun, hvenær sem ríkisstjórnin óskar þess á gildistíma bráðabirgðasamningsins, halda áfram samningaviðræðum um heimild til handa ríkisstjórninni um að gerast hluthafi í ISAL, sjálfstætt eða í sambandi við samningaviðræður við þriðja aðila eins og um ræðir í 2. lið hér að framan, og mun þegar þess er óskað skriflega afhenda ríkisstjórninni bréflegt tilboð um þessa heimild, er gildi um afmarkaðan tíma.
5. Bráðabirgðasamningurinn verður áfram í gildi samkvæmt ákvæðum sínum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samkomulag þetta undirritað af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse þann dag er í upphafi greinir.

SWISS ALUMINIUM LTD.	RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Dr. Bruno F. Sorato (sign.)	Sverrir Hermannsson (sign.)
Dr. Dietrich N. Ernst (sign.)	

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

Flm.: Gunnar G. Schram, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd til þess að kanna helstu möguleika á eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Heilbrigðisráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal kanna aukningu á framleiðslu lyfjaforma úr erlendum hráefnum, sem gætu komið í stað erlendra sérlyfja, með það að markmiði að lækka lyfjakostnað. Enn fremur skal nefndin kanna aukningu á framleiðslu „náttúrumeðala", þar með talinna lyfjaforma sem í eru vítamín og steinefni, úr erlendum hráefnum.

Samgönguráðherra getur sett reglur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

7. Haffærisskoðun.

63. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé ekki haffært í ferð þá, sem því er ætluð, þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til réttra yfirvalda þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef kvörtun, sem þar segir, er borin fram af yfirvélstjóra eða fyrsta stýrimanni og hún lýtur að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er vikomandi yfirmaður hefur umsjón með.

Komi fram við skoðunina, að umkvartanir um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í 60. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá er málið hefur haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda Siglingamálastofnun skýrslu um skoðunina.

8. Hvíldar- og matartími o. fl.

64. gr.

Skipverjum skal ætlaður hæfilegur tími til hvíldar og matar.

Um lágmarkshvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í kjarasamningum.

65. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

9. Landgönguleyfi skipverja.

66. gr.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins að nauðsynlegt sé að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru vegna nauðsynlegra skipsstarfa, eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Skipstjóri skal, ef nauðsyn krefur og þess er kostur, sjá til þess að skipverjar í landgönguleyfi séu ferjaðir til og frá skipi, þeim að kostnaðarlausu.

Ákvæði 2. mgr. 59. gr. á einnig við um skipverja í landgönguleyfi, eftir því sem við verður komið.

10. Farangur skipverja og aðrar eigur þeirra.

67. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Söluvarning fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefur ólöglega með sér á skipinu, og bæta skaða þann, er af því hlýst.

Skipverja er óheimilt að hafa með sér á skipi fíkniefni eða hættuleg efni. Sama gildir um vopn og skotfæri, nema skipstjóri gefi sérstakt leyfi til þess.

Ef skipstjóri hefur rökstuddan grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirslur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefur með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörslur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

68. gr.

Skipstjóri skal taka í gæslu sína þá muni, sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera skrá um muni þessa, sem staðfest sé og undirrituð af tveimur vottum.

Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina, getur hann komið þeim í geymslu á kostnað eiganda eða selt þá fyrir reikning eiganda en að frádregnum kostnaði. Hið sama á við, hafi skipverji eigi, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að hann yfirgaf skip, snúið sér til skipstjóra eða útgerðarmanns með ósk um að fá munina afhenta sér.

69. gr.

Útgerðarmaður bætir skipverjum þær eigur þeirra, sem farist hafa eða skemmst við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón, eftir reglum sem samgönguráðherra setur.

11. Um agavald skipstjóra.

70. gr.

Skipstjóri, eða sá sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að grípa til hvers kyns nauðsynjaúrræða til að koma á hlýðni og góðri reglu og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, ber enginn ábyrgð á því, ef eigi var beitt meira harðræði en atvik kröfðu.

71. gr.

Sé skipverji grunaður um að hafa drýgt meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 75. gr. Ef meintur glæpur var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað annist eigi meðferð málsins.

Þar til íslenskur ræðismaður eða íslensk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess eftir föngum, að hinn grunaði hverfi eigi af skipi og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur og ábyrgist skipstjóri, að hann sé eigi beittur óþörfu harðræði af þeim sökum.

IV. KAFLI

Ágreiningur út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna.

72. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi, er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining, sem rís af starfi skipverja, ef báðir (eða allir)málsaðilar óska þess, og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur, skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

Ef skip er statt erlendis og ágreiningur rís út af reikningsgerð skipstjóra eða útgerðarmanns eða út af starfi skipverja, má leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslensks, sem fyrst næst til. Er báðum aðilum þá skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til íslenskur dómstóll, eða gerðardómur samkvæmt 1. mgr., hefur lagt dóm á málið.

V. KAFLI

Um brot á lögum þessum og um refsingar.

1. Almenn ákvæði.

73. gr.

Refsiákvæðum þessa kafla skal því aðeins beitt, að aðrar og þyngri refsingar liggi eigi við broti samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 2. tl. 4. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga við um brot á lögum þessum.

74. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr. og í 81. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 76., 77., 79. og 85. gr. skulu lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algeran skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlaust af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefur verið umsagnar samgönguráðuneytisins.

Um rannsókn og málsmeðferð út af brotum samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer annars að hætti opinberra mála.

75. gr.

Skipstjóri, eða sá sem kemur í hans stað, framkvæmir ef nauðsyn ber til og eftir því sem við verður komið, frumrannsókn á meintum brotum skipverja. Ef unnt er, skulu tveir óvilhallir vottar vera viðstaddir rannsóknina og sé annar þeirra úr hópi yfirmanna. Skyldir eru skipverjar að aðstoða skipstjóra við rannsókn þessa.

Við rannsóknina skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu, en einnig skulu önnur sönnunargögn könnuð eftir því sem ástæða þykir til og er þá einnig heimilt að leggja hald á muni ef óhjákvæmilegt er vegna sönnunar. Rannsóknarvottar geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru.

Framburður hinna yfirheyrðu skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók og skal lesa það sem bókað var, upp fyrir þeim sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og vottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir rannsóknin gefa tilefni til.

Er íslensk rannsóknaryfirvöld eða erlend rannsóknaryfirvöld, sem til þess hafa lögsögu og heimild, æskja þess, skal skipstjóra skylt að leggja fram þær prófanir, sem um getur í 1.—3. mgr., og veita aðra aðstoð við framhaldsrannsókn málsins.

2. Refsiákvæði.

76. gr.

Ef skipstjóri misbeitir agavaldi sínu eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

77. gr.

Í refsidómi samkvæmt 76. gr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn.

78. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, varðar það sektum.

79. gr.

Ákvæði 76.—78. gr. gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

80. gr.

Ef skipverji annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu, skal hann sæta sektum.

Strjúki skipverji eða fari frá skipi, þegar svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið varðhald eða fangelsi allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefur eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá að draga sér kaup það sem hann hefði fengið greitt, en hafði eigi enn unnið fyrir.

81. gr.

Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, sætir hann sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

Hið sama gildir, ef skipverji óhlýðnast réttmætum fyrirmælum hvers þess yfirmanns, sem segja má honum fyrir verkum.

82. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur, má beita sektum.

83. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanns eða foringja samblástursins orðið fangelsi allt að 6 árum, svo og refsing annarra samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefur hlotist af samblæstrinum.

84. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 63. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, varðar það sektum.

85. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má enn fremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri er hann áður hafði, þann tíma sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fer svo sem segir í 77. gr.

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur samgönguráðherra, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefur verið rétti til

stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánar tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviptur, hvort tveggja enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga einnig eftir atvikum við um aðra yfirmenn.

86. gr.

Hafi skipverji óleyfilegan varning með sér á skip og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það sektum, eða varðhaldi, ef sakir eru miklar.

87. gr.

Verði sjómaður, sem ákvæði þessara laga taka til, sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það sektum eða varðhaldi, ef sakir eru miklar.

88. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI
Gildistaka o. fl.

89. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin frá sama tíma sjómannalög nr. 67/1963, með áorðnum breytingum.

Reglur, sem samgönguráðherra hefur sett með heimild í l. nr. 67/1963, skulu þó halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til nýjar reglur verða settar í þeirra stað.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga þessara um lágmarksaldur sjómanna skulu ganga framar ákvæði um sama efni í 2. mgr. 41. gr. l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Greinargerð.

I.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er það nú endurflutt óbreytt.

Þann 8. september 1981 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd „til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga“:

Pál Sigurðsson, dósent (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Emil Pál Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf Stefánsson, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Þórhall Helgason, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda). Þann 15. október 1981 var Jón H. Magnússon, deildarstjóri (tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerða), skipaður í nefndina og sömuleiðis, þ. 19. nóvember 1981, Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands). Þann 16. mars 1982 skipaði síðan samgönguráðherra Viðar Má Matthíasson, hdl., (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands) í nefndina í stað Emils Páls Jónssonar, sem beðist hafði lausnar frá nefndarstörfum.

Við skipun framangreindra nefndarmanna var m. a. leitast við að gæta þess, að í nefndinni ættu sæti fulltrúar hinna helstu hagsmunasamtaka eða hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi og siglingum.

Samgönguráðuneytið hafði frumkvæðið að almennri endurskoðun sjómannalaga og siglingalaga, en ósk um endurskoðun gildandi reglna um veikinda- og slysatilfelli sjómanna og um líf- og öryggistryggingu þeirra, höfðu borist ráðuneytinu frá samtökum sjómanna og útvegsmanna.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, að ráðuneytinu sé ljóst, að hér sé um mikið og tafsamt verk að ræða, sem taka muni nokkurn tíma, en þó sé þess óskað, að nefndin hraði störfum, þannig að unnt sé að leggja niðurstöður hennar fyrir Alþingi haustið 1982. Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefnið hefur verið ítarlega rætt, og leitað víða fanga um heimildir, íslenskar jafnt sem erlendar, auk þess sem samráð hefur verið haft við ýmsa aðila, íslenska og erlenda. Hefur nefndin leitast við að hraða störfum sínum, en rétt þótti, vegna þess hve verkefni hennar er margslungið, viðamikið og vandmeðfarið, að nefndarmenn einbeittu sér að endurskoðun gildandi sjómannalaga nr. 67/1963, áður en tekist væri að fullu á við heildarendurskoðun gildandi siglingalaga nr. 66/1963, enda þótt jafnframt hafi verið lögð margvísleg drög að endurskoðun þeirra laga. Í nokkru samræmi við ósk þá, er fram kom í erindisbréfi hennar, skilar nefndin nú, í janúar 1983, frumvarpi til nýrra sjómannalaga, en mun síðan snúa sér að nákvæmri endurskoðun siglingalaga.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við hagsmunasamtök þau, sem tilnefnt höfðu menn í nefndina. Bárust nefndinni athugasemdir frá þessum aðilum, sem ítarlega var fjallað um.

Nefndarmenn standa sameiginlega að frumvarpi þessu í megindráttum, en Guðmundur Hallvarðsson, Ingólfur Stefánsson og Viðar Már Matthíasson hafa þó ekki getað fallist á tillögu meiri hluta nefndarinnar um efni 36. gr. frumvarpsins (sem að nokkru leyti svarar til efnis 18. gr. núgildandi sjómannalaga) og rökstyðja þeir þá afstöðu sína í sérstökum athugasemdum sem fylgja þessari greinargerð.

II.

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í hinum fyrstu almennu siglingalögum Íslendinga nr. 63/1913, sem ári síðar voru endurútgefin sem l. nr. 56/1914, og hið sama er að segja um hin samræmdu siglingalög, sem sett höfðu verið meðal annarra Norðurlandaþjóða laust fyrir síðustu aldamót. Voru hin íslensku lagaákvæði um þetta efni í megindráttum þau sömu og var í löggjöf norrænna grannþjóða okkar. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögunum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög nr. 41/1930. Var um það, sem og um efnislega endurskoðun ákvæðanna, fylgt fordæmi annarra Norðurlandaþjóða, sem sett höfðu sér sjómannalög laust eftir 1920. Með lögum nr. 36/1941 voru gerðar nokkrar breytingar á sjómannalögunum, einkum varðandi réttarstöðu loftskeytamanna. Laust eftir 1950 fór fram gagnger endurskoðun sjómannalaga meðal annarra Norðurlandaþjóða og voru þau þá gefin út að nýju. Höfðu viðkomandi þjóðir með sér samráð um setningu og gerð laga þessara. Að fyrirmynd annarra Norðurlandaþjóða var síðan hafist handa um endurskoðun íslensku sjómannalaganna, enda þótt eigi væri haft beint samráð við hinar norrænu laganefndir, sem störfuðu á þessu sviði. Var frumvarp til laga um breyting á sjómannalögunum frá 1930 flutt á Alþingi árið 1960, síðan endurflutt en varð eigi að lögum fyrr en 1963. Voru sjómannalögin þá, með þessum breytingum, gefin út í heild sem lög nr. 67/1963, sem nú eru í gildi. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því til breytinga á sjómannalögum, sem nú var nefnt, segir m.a.:

> „Með því að ljóst er, að breytingar þær, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á sjómannalögum sínum, horfa yfirleitt til bóta og eru í betra samræmi við siglingastarf-

semi nútíðarinnar en hinar eldri reglur, þá hafa gildandi sjómannalög þeirra verið höfð til fyrirmyndar við samningu frumvarps þessa. Það er og mikilsvert að rjúfa ekki samræmi það, sem um langt skeið hefur verið milli siglingalöggjafar Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða. Í nokkrum atriðum hefur þó verið vikið frá ákvæðum hinna norrænu sjómannalaga, þar sem annað þótti betur fara vegna íslenskra atvinnuhátta eða annarra ástæðna.

Með frumvarpi þessu eru ekki gerðar neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna. Hér er fremur um að ræða lagfæringar, ýmist til að nema burt úrelt ákvæði og setja önnur viðeigandi í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar."

Á 24. gr. l. nr. 67/1963 var gerð nokkur breyting með l. nr. 53/1969, en róttækari (og umdeildari) var hins vegar sú breyting, sem gerð var á 18. gr. laganna með l. nr. 49/1980, þar sem aukin voru réttindi sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði.

Aðrar breytingar hafa eigi verið gerðar á lögunum, enda þótt talsverð þróun hafi orðið í kjaramálum sjómanna, sem og annarra launþega, á síðustu tveimur áratugum.

Aðrar Norðurlandaþjóðir töldu fulla ástæðu til að endurskoða sjómannalög sín frá grunni og var það gert fyrir allnokkrum árum og lögin síðan gefin út að nýju, allmikið breytt bæði um form og efni, sbr. í Danmörku lög frá 1973, í Svíþjóð lög frá 1973 og í Noregi lög frá 1975. Höfðu þjóðir þessar samvinnu sín í millum um endurskoðunina, þótt ekki hafi orðið fullt samræmi milli lagatextanna, enda var ekki að því stefnt. Við samningu þessa frumvarps til nýrra sjómannalaga hefur m. a. verið höfð talsverð hliðsjón af hinum fyrrnefndu norrænu lögum, einkum hinum dönsku og norsku, enda kynntu nefndarmenn sér þá lagabálka mjög rækilega ásamt greinargerðum, sem fylgdu þeim, svo og ritum sem samin hafa verið til skýringar á þeim, ásamt öðrum gögnum (þ. á m. dómum), sem lögunum tengjast. Að því leyti sem íslensk lagaákvæði á þessu sviði eiga sér samsvörun í sjómannalögum annarra Norðurlandaþjóða, má oft til skýringar og fyllingar hafa mikið gagn af þeim erlendu heimildum, sem hér voru nefndar. Verður í því sambandi að hafa hugfast, að mjög var vandað til endurskoðunar norrænu sjómannalaganna, að aðstæður varðandi sjómennsku og siglingar eru um margt líkar hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum og að norrænar grannþjóðir okkar teljast standa mjög framarlega í félagslegum málefnum. Um margt er þó enn í frumvarpinu byggt á grunni þeirra reglna, sem fram koma í núgildandi sjómannalögum okkar, en hvarvetna var þó jafnframt leitast við að aðlaga reglurnar raunhæfum þörfum og aðstæðum íslenskra sjómanna og útvegsmanna, án tillits til beinna fyrirmynda. Í frumvarpinu er því að finna nokkur ákvæði, sem ekki eiga sér hliðstæðu eða fyrirmynd í gildandi sjómannalögum, íslenskum eða erlendum.

Þegar ljóst varð, að í frumvarpi þessu kæmu fram töluverðar breytingar frá því, sem er í gildandi lögum, í samræmi við þá endurskoðun, sem fram hefur farið á norrænum sjómannalögum á síðustu áratugum, auk þess sem ástæða var til að gagnrýna efnisskipan l. nr. 67/1963, taldi nefndin réttara að samið yrði frumvarp til nýrra sjómannalaga heldur en látið yrði nægja að setja saman frumvarp til laga um breyting á l. nr. 67/1963, sem síðan yrðu gefin út á ný með þeim breytingum. Með þessu móti hafði nefndin frjálsari hendur um samningu frumvarpsins en ella hefði verið. Sérstaklega skal bent á, að efnisskipan frumvarpsins er með ýmsum hætti önnur en nú er samkvæmt l. nr. 67/1963, en mikilvægt er, að efni sé vel og skýrlega skipað niður í jafn viðamiklum lagabálki og hér um ræðir.

III.

Frumvarpinu er ætlað að geyma ítarlegar reglur um hin helstu atriði, sem á reynir í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna, en mikilvægt er, að réttarstaða manna á þessu sviði sé sem skýrust og er það báðum aðilum í hag. Má segja að breytingar þær, sem frumvarp þetta hefur í för með sér frá því sem er samkvæmt gildandi sjómannalögum, miði fyrst og fremst í þá átt að gera ýmis mikilvæg atriði ljósari og lögin í heild aðgengilegri til notkunar en nú er, en yfirleitt er þar ekki gert ráð fyrir eiginlegum grundvallarbreytingum, þótt breytingarnar séu í sjálfu sér margar og bæti yfirleitt réttarstöðu eða kjör sjómanna. Á hitt er þó einnig að líta, að enda þótt hér sé um allmikinn lagabálk að ræða, með mörgum og oft ítarlegum ákvæðum, verður aldrei með lögum mælt fyrir um öll þau atriði, sem hugsanlega geta valdið ágreiningi milli sjómanna og útgerðarmanna, og hefur frumvarpið fyrst og fremst að geyma ákvæði um þau atriði eða svið, sem reynslan hefur sýnt, að helst þýðir að lögbinda. Mörg atriði er hins vegar heppilegra að skera úr um í kjarasamningum milli þeirra stétta, sem við sjómennsku, siglingar og sjávarútveg starfa, en vandasamt er, við samningu framvarps til nýrra sjómannalaga, að finna lausnir í því efni, sem öllum líki. Við gerð frumvarpsins reyndist nokkrum erfiðleikum bundið að semja reglur, sem átt geti við um **alla** sjómenn á íslenskum skipum, en af augljósum ástæðum hlýtur að vera talsverður munur á stöðu og þörfum fiskimanna, annars vegar, og farmanna, hins vegar, og er vandrataður meðalvegurinn í því efni. Má víst fullyrða, að sjómannalög Íslendinga, sem og annarra þjóða, hafi í verulegum mæli einkennst af ákvæðum, sem fremur lúta að stöðu farmanna en fiskimanna, og má einnig finna þess merki í þessu frumvarpi, enda þótt sjónarmiða fiskimanna og fiskiskipaútgerðarinnar hafi vissulega einnig verið gætt.

IV.

Efni frumvarpsins er skipað með eftirgreindum hætti:

I. KAFLI

Almenn ákvæði (1.—5. gr.).

II. KAFLI

Ráðningarsamningur o. fl. (6.—48. gr.).

1. Um samningsgerðina o. fl. (6.—8. gr.).
2. Um ráðningartímann (9.—15. gr.).
3. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi (16.—22. gr.).
4. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi (23.—26. gr.).
5. Um kaup skipverja (27.—32. gr.).
6. Umönnun og kaup sjúkra skipverja (33.—38. gr.).
7. Andlát skipverja og greftrun (39.—41. gr.).
8. Ráðningarsamningur skipstjóra (42.—48. gr.).

III. KAFLI

Um skipsstörfin (49.—71. gr.).

1. Yfirmenn og stjórnun (49.—56. gr.).
2. Starfstilhögun og varúðarreglur (57. gr.).
3. Almennar starfsskyldur (58. gr.).
4. Um upphaf vistar skipverja og fjarveru hans (59. gr.).
5. Bótaskylda skipverja (60. gr.).

6. Viðurværi skipverja og aðbúð (61.—62. gr.).
7. Haffærisskoðun (63. gr.).
8. Hvíldar- og matartími o. fl. (64.—65. gr.).
9. Landgönguleyfi skipverja (66. gr.).
10. Farangur skipverja og aðrar eigur þeirra (67.—69. gr.).
11. Um agavald skipstjóra (70.—71. gr.).

IV. KAFLI

Ágreiningur út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna (72. gr.).

V. KAFLI

Um brot á lögum þessum og um refsingar (73.—88. gr.).

1. Almenn ákvæði (73.—75. gr.).
2. Refsiákvæði (76.—88. gr.).

VI. KAFLI

Gildistaka o. fl. (89. gr.).

V.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla almennt.

Í þessum kafla er safnað nokkrum almennum ákvæðum um gildissvið laganna og um skýringu nokkurra meginhugtaka, sem oft eru notuð í frumvarpinu. Auk þess er þar almennt ákvæði (í 3. gr.) um tilteknar skyldur allra þeirra manna, sem á skipi eru staddir, án tillits til tengsla þeirra við skipið eða útgerð þess.

Af ákvæðum I. kafla leiðir að horfið verður frá þeirri skiptingu gildandi laga, sbr. einkum 71. og 72. gr. þeirra, að þeir, sem á skipi eru, flokkist í 1) venjulega skipverja, 2) aðra skipverja og 3) aðra sem á skipi eru.

Frumvarpið byggir á því, að öll ákvæði þess gildi um sjómenn (skipstjóra og skipverja), sbr. 1. gr., en skv. 5. gr. þess er með skipverja: „... átt við hvern þann sjómann, sem ráðinn er á skip til skipsstarfa". Þeir sem skv. gildandi lögum teljast til „annarra skipverja" (t. d. skipslæknir) teljast skv. frumvarpinu til skipverja, og gilda því öll ákvæði þess um þá án fyrirvara, eins og nú er í 71. gr. gildandi laga.

Um aðra sem á skip eru ráðnir, hvort sem þeir eru ráðnir af skipstjóra, útgerðarmanni eða öðrum, gilda þau ákvæði frumvarpsins, sem talin eru upp í 2. gr. þess. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins svara að mestu til 72. gr. gildandi laga, en þó er bætt við tilvísun í nokkrar greinar, sem flestar eru nýmæli í frumvarpinu og rétt þykir að taki til þessa fólks.

Þessi breyting felur ekki í sér neinar verulegar efnislegar breytingar, en er gerð til einföldunar, enda verður að telja, að þrískipting gildandi laga hafi ekki sérstaka þýðingu.

Um 1. gr.

1. mgr.

Hér er um að ræða meginákvæði varðandi gildissvið laganna, en hliðstætt ákvæði er ekki í l. 67/1963. Ekki þótti rétt að orða í lögum víðtækari reglu en hér er gert, en ljóst má þó vera, að greinin kann í einstaka tilfellum að verða túlkuð á víðtækari hátt en leiðir af orðalagi hennar, ef reynir á hagsmuni erlendra manna. Meginreglur íslensks „lagaskilaréttar" gætu t. d. leitt til þess, að lögin í heild sinni, eða tiltekin ákvæði þeirra, yrðu talin ná til sjómanna á erlendum skipum, sem íslenskir útgerðarmenn hafa tekið á leigu og sem sigla

undir erlendum fána. „Íslenskt skip", í merkingu þessarar greinar, er hvert það skip, sem skráð er eða skráningarskylt á Íslandi, sbr. l. 53/1970, en þó getur það hugtak að sjálfsögðu einnig átt við um skip, sem eigi nær tiltekinni lágmarksstærð samkvæmt þeim lögum og er því eigi skráningarskylt, ef nægar ástæður mæla með því, að það kallist „íslenskt".

2. mgr.

Með ákvæði þessu er samgönguráðherra veitt heimild til að takmarka gildissvið laganna í nánar afmörkuðum tilvikum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Ákvæðum frumvarpsins í heild er að sjálfsögðu fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra manna, sem stunda „hefðbundin" sjómannsstörf og getur því verið réttlátt að lögin öll eða a. m. k. tiltekin ákvæði þeirra verði t. d. ekki látin ná til „skipverja" á hinum allra minnstu skemmtibátum, sem ekki hafa framfæri sitt af sjómennsku, eða til áhafnar á skipum, sem eingöngu sinna staðbundnum verkefnum í nánum tengslum við land, svo sem t. d. er um sanddæluskip. En meginreglan er, að ákvæði frumvarpsins nái til sjómanna á öllum íslenskum skipum, hverju nafni sem nefnast, og verður væntanlega ekki gerð nein undantekning frá því, nema mjög ríkar ástæður mæli með því.

Um 2. gr.

Grein þessi svarar að mestu til efnis 1. mgr. 72. gr. l. 67/1963, en þó með nokkrum breytingum. Um hugtakið „skipsstörf" í upphafi greinarinnar vísast til athugasemda við 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Hvað varðar „menn, sem ráðnir hafa verið á skip af öðrum en útgerðarmanni eða skipstjóra" skal tekið fram, að þar er m. a. átt við þjónustufólk á farþegaskipum, sem ráðið er af bryta og tekur laun sín hjá honum, afgreiðslufólk á ferjum eða farþegaskipum, sem ráðið er og launað af manni, sem „leigt" hefur verslunaraðstöðu um borð og rekur hana fyrir eigin reikning, eftirlitsmann („supercargo"), sem er um borð í skipi sem fulltrúi farmeigenda, og sérfróðan umsjónar- eða trúnaðarmann skipasmíðastöðvar, sem er um borð í nýju skipi á reynsluferðum þess.

Um 3. gr.

Greinin svarar að nokkru til 2. mgr. 72. gr. l. 67/1963, en er þó höfð víðtækari í því augnamiði að tryggja sem best öryggi skips eða manna, sem á því eru.

Um 4. gr.

Frumvarpinu er ætlað að mæla fyrir um tiltekin lágmarksréttindi sjómanna, sem eigi verður vikið frá með samningi á þann veg, að niðurstaðan verði sjómanni óhagstæðari, en að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að sjómönnum sé með samningum veittur betri réttur eða betri kjör en frumvarpið gerir ráð fyrir. Fyrri hluti 2. mgr. er nánast samhljóða 1. mgr. 93. gr. l. 67/1963.

Um 5. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta á sér ekki hliðstæðu í l. 67/1963. Hugtakið „skipsstörf", eins og það er notað í frumvarpinu, gefur tilefni til skýringar. Þar er átt við störf, sem eru nauðsynleg rekstri eða ferðum skipsins og sem unnin eru af starfsmönnum, sem eru um borð í skipinu. Sem dæmi má nefna, að skipslæknir á farþegaskipi vinnur tvímælalaust „skipsstörf", en fiskifræðingur, sem vinnur að rannsóknarstörfum sínum um borð í togara meðan á veiðiferð stendur, starfar hins vegar ekki að „skipsstörfum" í þessari merkingu. Í þessu sambandi skiptir meginmáli, að viðkomandi manni sé í raun ætlað að vinna „skipsstörf" um borð, og skiptir þá minna máli hvort hann hefur verið lögskráður eða ekki. Lögskráning maka skipverja, sem einungis er til málamynda, þar sem viðkomandi ferðast nánast sem farþegi,

leiðir því ekki til þess, að ákvæði frumvarpsins gildi um hann. Almennt má segja, að frumvarpinu sé ekki ætlað að ná til manna, sem vinna einungis um borð í skipi meðan það liggur í höfn.

2. mgr.

Í fyrri hluta ákvæðisins er talið upp hverjir séu yfirmenn á skipi. Það, að skipstjóri er ekki talinn með, er vegna þeirrar algeru sérstöðu sem skipstjóri hefur á skipi, en um hann eru t. d. sérstök ákvæði í 42.—48. gr. laganna.

Með síðari hluta ákvæðisins er m. a. höfðað til manna, er ekki stunda þau hefðbundnu yfirmannsstörf, sem nú tíðkast, en ætla má, að tækniþróun og framfarir í siglingum eða sjávarútvegi muni skapa störf, — sérfræðistörf eða forystustörf á skipi, — sem sambærileg séu við núverandi yfirmannsstörf. Sjá og 56. gr. frumvarpsins.

Almennt um kafla II—1.

Í kafla þessum gefur að finna nokkrar almennar reglur um gerð skiprúmssamninga við skipverja. Sérstakar reglur um ráðningarsamning við skipstjóra eru á öðrum stað í frumvarpinu. Eiga þessi ákvæði sér að nokkru leyti fyrirmynd í l. 67/1963, en eru um margt fyllri.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr.

Ákvæði þessi eru um sumt lík þeim, sem greind eru í 11. gr. l. 67/1963, en eiga þó að henta betur þörfum tímans.

3. og 4. mgr.

Ákvæði svara að mestu til efnis 9. gr. l. 67/1963, en með nokkrum breytingum, sem ekki þarfnast sérstakra skýringa.

5. og 6. mgr.

Um þetta má að sumu leyti vísa til 1. mgr. 11. gr. l. 67/1963. Um gerð sjóferðabóka eru nú nokkur ákvæði í 28. gr. l. 69/1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, en nefnd á vegum samgönguráðuneytisins, sem nýlega hefur lokið endurskoðun þeirra laga, hefur lagt til, að þau ákvæði verði numin brott úr lögunum og virðist raunar heppilegra, að um þetta efni gildi stjórnvaldsreglur, eins og hér er gert ráð fyrir (sbr. og 4. mgr. 11. gr. l. 67/1963). Hefur nefnd sú, er samdi þetta frumvarp til sjómannalaga, einnig samið drög að reglum um gerð sjóferðabóka, sem fylgja frumvarpi þessu, og er það að sjálfsögðu gert í trausti þess, að hið fyrrnefnda frumvarp um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði lagt fyrir Alþingi um svipað leyti og þetta frumvarp til sjómannalaga og að bæði frumvörpin verði að lögum á svipuðum tíma.

Sérstaklega skal tekið fram, að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir notkun „viðskiptabóka", sjá hins vegar 3. og 4. mgr. 11. gr. l. 67/1963, en alllangt er um liðið síðan hætt var að nota þær.

7. mgr.

Ákvæði þetta er svipaðs efnis og 1. mgr. 28. gr. l. 69/1973.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er að sumu leyti nýmæli, sem miðar að því, að skipverjar geti með auðveldum hætti kynnt sér efni sjómannalaga, þar sem m. a. er kveðið á um tiltekin lágmarksréttindi þeim til handa. Á það skal þó bent, að samkvæmt 4. mgr. 11. gr. l. 67/1963

skyldu í „viðskiptabók", sem skipverjar fengu í hendur, vera prentuð „ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina", en viðskiptabækur hafa nú eigi verið í notkun um alllangt skeið.

Um 8. gr.

1. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er, að nýliði á skipi fái frá upphafi góðar leiðbeiningar um störf þau, sem honum er ætlað að vinna, og hvernig eigi að framkvæma þau. Er þetta m. a. brýnt, þar sem öll sjómannsstörf hafa í för með sér vissa hættu og sum eru vandasöm. Ákvæði þetta hefur nokkur tengsl við ákvæði 57. gr. frumvarpsins.

2. mgr.

Ákvæði þetta svarar að verulegu leyti til efnis 10. gr. l. 67/1963, sbr. og 2. mgr. 41. gr. l. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, en lagt er til, að fyrirmælum um lágmarksaldur skipverja verði breytt nokkuð frá því, sem er að gildandi rétti. Þykir hæfilegt að miða þar við 15 ára lágmarksaldur og er ekki ástæða til að gera þar greinarmun á eftir kynjum. Þó er gert ráð fyrir því, að samgönguráðherra geti sett reglur um hærra aldurslágmark við tiltekin störf í skipum, allt fram til átján ára aldurs, t. d. ef störfin eru sérlega erfið, hættuleg eða vandasöm. Í 89. gr. frumvarpsins er lagt til, að fyrrgreint ákvæði í l. 53/1966 leiði ekki til annarrar niðurstöðu varðandi lágmarksaldur skipverja, en hér var lýst.

3. mgr.

Ákvæði þetta (sem þó er að sumu leyti nýmæli), svipar til síðari hluta 2. mgr. 10. gr. l. 67/1963, en samkvæmt því má enginn hefja starf á skipi nema hann hafi áður gengið undir læknisskoðun. Regla sú, sem lögð er til í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins, er þó ekki eins fortakslaus enda mun áðurnefndri reglu gildandi laga ekki hafa verið sinnt, svo kunnugt sé. Regla frumvarpsins veitir útgerðarmanni heimild til að krefja sjómann um vottorð læknis þess efnis, að hann sé ekki af þeim ástæðum sem um ræðir, óhæfur til að gegna skipsstörfum. Regla frumvarpsins mun sjálfsagt aðeins notuð í undantekningartilvikum, og verður því um óverulega breytingu á gildandi rétti að ræða. Samkvæmt sjómannalögum annarra Norðurlandaþjóða er skipverja gert skylt að leggja, við ráðningu, fram vottorð læknis um, að hann sé ekki haldinn einhverjum þeim sjúkdómi eða meiðslum, sem geri hann óhæfan til að gegna skipsstörfum, eða um að hann sé ekki haldinn smiti, sem skapi hættu fyrir aðra skipverja. Í stað þess að mæla fyrir um skyldu til læknisskoðunar er í frumvarpinu einungis miðað við heimild til að krefjast vottorðs.

4. mgr.

Hér er samgönguráðherra gert að setja nánari reglur um læknisskoðun samkvæmt 3. mgr. Þess háttar reglur hafa t. d. verið settar í Danmörku og í Noregi, en í þeim löndum er manni þó skylt að sæta læknisskoðun, áður en hann ræður sig í skiprúm, sbr. það sem fyrr segir.

Almennt um kafla II—2.

Um ráðningartíma skipverja eru nú ákvæði í 12.—17. gr. l. 67/1963. Er hér um margt byggt á sömu reglum, en ýmsu er þó einnig breytt, þar sem þurfa þótti.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 2. mgr. 13. gr. l. 67/1963, en er þó ítarlegra. Sérstaklega er tekið fram, að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur.

Í síðari hluta 2. mgr. er mikilvæg breyting frá því, sem er í gildandi lögum. Hafi ekki verið sérstaklega um annað samið, skal sú regla gilda, að sá sem hefur full réttindi til þess að gegna viðkomandi yfirmannsstöðu og starfað hefur í afleysingum sem yfirmaður í níu mánuði samfleytt, öðlast rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests eins og aðrir yfirmenn. Með orðinu „samfleytt" er ekki einungis átt við algerlega óslitinn starfa sem yfirmaður, heldur einnig greiðsluskyld veikinda- eða slysaforföll á tímabilinu og eðlileg frí, sem skipverjar eiga rétt á. Hins vegar er það skilyrði, til þess að öðlast þennan rétt, að skipverji gegni ekki undirmannsstöðu á skipi á umræddu tímabili. Undanþágumaður getur ekki öðlast þennan rétt, heldur ræðst réttur hans af 1. mgr.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. l. 67/1963, en er mun ítarlegra og gerir ráð fyrir nokkrum nýmælum.

1. mgr.

Ef ekki er um annað samið getur skipverji, sem er heimilisfastur á Íslandi, aðeins farið úr skiprúmi í íslenskri höfn. Með orðunum „eðlilegur ferðakostnaður" er átt við fargjald með almennu samgöngutæki og nauðsynlegan dvalarkostnað, ef bíða þarf eftir ferð.

2. mgr.

Skipverji, sem hefur verið ráðinn á skip í erlendri höfn eða er ekki heimilisfastur á Íslandi, getur farið úr skiprúmi í erlendri höfn með þeim takmörkunum, sem getið er í niðurlagi málsgreinarinnar.

3. mgr.

Skipverji getur farið úr skiprúmi í næstu höfn, sem skip kemur til eftir að ráðningarsamningur endar, með þeim takmörkunum, sem leiða af 2. mgr. greinarinnar.

4. mgr.

Haldi skipverji áfram á skipi eftir að ráðningartími er liðinn og ekki er gerður nýr samningur, gilda ákvæði 9. gr. um uppsagnarfrest og 1. og 2. mgr. þessarar greinar um það, hvar skipverji geti farið úr skiprúmi.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 15. gr. l. 67/1963, en gert er ráð fyrir að skipverji þurfi nú að hafa verið í 9 mánuði í sama skiprúmi eða hjá sama útgerðarmanni, í stað 1 1/2 árs skv. l. 67/1963, til að njóta þess réttar, sem greinin veitir. Ákvæðið mælir aðeins fyrir um rétt skipverja, en veitir útgerðarmönnum ekki gagnkvæman rétt.

Um 12. gr.

Samhljóða 2. mgr. 16. gr. l. 67/1963.

Um 13. gr.

Að mestu sama efnis og 1. mgr. 16. gr. l. 67/1963.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 17. gr. l. 67/1963, en þó með nokkurri breytingu.

Skipstjóri hefur ákvörðunarvald um það, hvort skipverji gegnir áfram stöðu sinni eða hvort hann lætur af störfum, þó hann verði áfram á skipinu, t. d. ef annar skipverji kemur um borð til þess að taka við af þeim, sem neitað var um landvistarleyfi.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en hliðstæð ákvæði eru í norsku og dönsku sjómannalögunum. Réttur til ókeypis heimferðar skapast þegar skip hefur ekki komið í íslenska höfn í fjóra mánuði frá því skipverji kom um borð. Í norsku og dönsku lögunum eru ákvæði um helmingaskipti ríkissjóðs og útgerðar á ferðakostnaði skipverja. Hliðstæð sjónarmið eiga við hér og þar. Sjómenn njóta minni opinberrar þjónustu en aðrir skattborgarar, þar sem þeir eru langdvölum að heiman vegna starfs síns. Það er þeim mikikvægt að fá tækifæri til þess að koma heim til fjölskyldu sinnar úr hinni einangruðu tilveru um borð, þó ekki sé þéttar en hér er lagt til. Það eru sameiginlegir hagsmunir hins opinbera og útgerðarinnar, að það séu vel menntaðir og góðir sjómenn um borð í íslenskum skipum, sem sigla erlendis, í stað útlendinga. Er þetta þáttur í því, að svo megi verða.

Almennt um kafla II—3.

Um þetta efni eru nú ákvæði í 35.—40. gr. l. 67/1963, og er hér byggt á sömu grundvallarreglum, þótt gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum, sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta svarar að mestu leyti til 35. gr. l. 67/1963.

Um 17. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sem byggist á sanngirnisástæðum varðandi velferð konunnar og/eða barns þess, er hún gengur með.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Réttur til þess að krefjast lausnar er takmarkaður við það, að einhver af sjómannsins nánustu hafi látist eða líf hans sé talið í hættu.

Um 19. gr.

Rétt þykir að taka fram hér, að með orðinu „bótum“ í 2. mgr. er átt við kaup, þannig að hér er ekki um efnislega breytingu að ræða, enda er talað um kaup í 25. gr. frumvarpsins, sem vísað er til í 2. mgr.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta er svipaðs efnis og 36. gr. l. 67/1963, nema hvað 3. og 4. mgr. bera með sér nýmæli, sem eru til hagsbóta fyrir skipverja. Fyrri hluti 3. mgr. á sér hliðstæðu í dönskum rétti. Í síðari hluta 3. mgr. er gert ráð fyrir, að útgerðarmanni sé skylt að greiða allan ferðakostnað skipverja er hann eða skipstjóri vissi eða mátti vita um ástand það, sem í 1. mgr. greinir, enda eiga þá ekki við þau sjónarmið, sem skipting ferðakostnaðar byggist á. Regla 4. mgr. þarfnast ekki skýringa, en reglan á sér hliðstæðu í dönskum og norskum sjómannalögum.

Um 21. gr.

Ákvæðið svarar að nokkru leyti til 37. gr. l. 67/1963 og þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

1. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 40. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Hér er um nýmæli að ræða, sem ekki þarfnast skýringar.

3. mgr.
Ákvæði þetta er nýmæli, sem felur í sér sérstaka reglu um greiðslu launa á uppsagnartíma, þó ekki lengur en í 6 vikur. Reglan byggir á gagnkvæmum sanngirnissjónarmiðum.

4. mgr.
Samhljóða 2. mgr. 40. gr. l. 67/1963.

Almennt um kafla II—4.
Um þetta efni eru nú ákvæði í 32. — 34. gr., sbr. og 41. gr. l. 67/1963, en hér er þó gert ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum.

Um 23. gr.

1. mgr.
Ákvæðin í 1.—2. lið svara til 32. gr. l. 67/1963. Ákvæðið í 3. lið á sér nokkra hliðstæðu í 17. gr. frumvarpsins og er eðlilegt, að jafnræði sé á þessu sviði.
Í 4. lið er einkum átt við það, að skipverji sé haldinn smitandi berklaveiki, sem öðrum skipverjum kann að stafa hætta af.

2. mgr.
Þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

1. mgr.
Er að mestu sama efnis og 1. mgr. 33. gr. l. 67/1963. Þó eru gerðar nokkrar breytingar, og er þar helst til nýmæla, að það er gert að skilyrðislausri frávikingarástæðu, að skipverji er undir áhrifum fíkniefna um borð, enda er neysla fíkniefna refsiverð. Samkvæmt 4. lið er skipstjóra heimilt að víkja skipverja úr starfi, sé hann ítrekað ölvaður í starfi, nema brot sé því alvarlegra, en þá nægir eitt brot. Ákvæði þetta miðast fyrst og fremst við það, að áfengisneysla hamli ekki störfum skipverja.

2. mgr.
Þetta er nýmæli, sem byggist á því, að mikilvægt er fyrir viðkomandi skipverja að fá að vita það sem fyrst, hvort hann fær að halda skiprúmi eða ekki, ef einhver þau tilvik hefur að höndum borið, sem ákvæði 3.— 7. tl. 1. mgr. eiga við um.

3. mgr.
Samhljóða 3. mgr. 33. gr. l. 67/1963.

Um 25. gr.

1. mgr.
Ákvæði fyrri hluta 1. mgr. á sér efnislega hliðstæðu í 34. gr. l. 67/1963. Síðari hluti 1. mgr. er hins vegar nýmæli, sem veitir þeim sjómanni, sem starfað hefur í 15 ár eða lengur í þjónustu sama útgerðarmanns, rétt til sérstakrar uppbótar, sem nemi eins mánaðar launum, sé um yfirmann að ræða, en 15 daga launum, sé um undirmann að ræða. Er hér um að ræða uppbót sem viðurkenningu fyrir langan samfelldan starfstíma. Orðið „samfellt“ ber að skilja á sama hátt og sama orð í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við þá grein.

2. mgr.
Ákvæðið á sér efnislega hliðstæðu í 34. gr. l. 67/1963.

3. mgr.
Þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

1. mgr.
Ákvæði þetta svarar til 1. mgr. 41. gr. l. 67/1963, að því undanskildu, að lagt er til, að skip þurfi að vera tekið úr þjónustu útgerðarmanns í a. m. k. 3 mánuði til þess að skiprúmssamningi sé sjálfkrafa slitið. Af þessu leiðir, að það verður að vera ljóst í upphafi, að skipið verður tekið úr þjónustu útgerðarmanns í a. m. k. þennan tíma til þess að ákvæðið eigi við.

2. mgr.
Í ákvæðinu felst nýmæli, sem kveður svo á, að verði skiprúmssamningi slitið af þeim ástæðum, sem í 1. mgr. greinir, skuli skipverji eiga rétt til ferðakostnaðar, nauðsynlegs klæðnaðar og fæðispeninga til heimilis síns, og skal ríkissjóður greiða þennan kostnað. Skv. 41. gr. l. 67/1963 gildir regla þessi aðeins, ef skiprúmssamningi er slitið erlendis af ástæðum, sem 1. mgr. fjallar um.

3. mgr.
Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 2. mgr. 41. gr. l. 67/1963. Lagt er til, að tekið verði fram í 3. mgr., að skipverji eigi aðeins rétt til launa meðan hann er atvinnulaus ef skiprúmssamningi er slitið erlendis skv. 1. mgr., en skv. 2. mgr. 41. gr. l. 67/1963 er skipverja nú skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi. Þeirri reglu, sem lögð er til í 3. mgr., svipar til þess sem gildir að dönskum rétti. Skýra verður orðið „atvinnulaus" þannig, að skipverji megi, þó næga atvinnu sé að fá, taka sér eðlilegan tíma til að jafna sig eftir áföll, sem hann hefur orðið fyrir, t. d. ef skip hefur farist.

Almennt um kafla II—5.

Um þetta efni eru nú að nokkru leyti ákvæði í 18. — 25. gr. l. 67/1963. Sá kafli fjallar þó bæði um ýmis almenn atriði varðandi launagreiðslur og um kaup til sjúkra eða slasaðra skipverja. Hér þykir fara betur á því að halda þessum tveimur þáttum aðskildum og er fjallað um umönnun og kaup sjúkra skipverja í kafla II — 6. Þar að auki koma hér fram nokkrar breytingar frá gildandi ákvæðum.

Um 27. gr.

1. og 2. mgr.
Ákvæðin eru samhljóða 1. og 2. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 1. og 2. mgr. l. nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að í 2. málslið 2. mgr. er áréttuð sú grundvallarregla vinnuréttar, að til þess að eiga rétt til launa verði launþegi að inna vinnu af hendi eða vera reiðubúinn til þess, nema lögmæt forföll hamli, sbr. 36. gr. Útgerðarmaður eða skipstjóri skal boða skipverja til vinnu. Um vinnu og vinnulaun vísast til ákvæða í viðkomandi kjarasamningum og til laga þessara.

3. mgr.
Fyrri hluti ákvæðisins svarar efnislega til upphafs 6. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 6. mgr. 1. gr. l. 49/1980.

Um 28. gr.

1. mgr.
Ákvæðið hefur að geyma nýmæli, sem ætlað er að taka af vafa um atriði, er ella kynnu að valda ágreiningi.

2. mgr.
Sama efnis og fyrri málsliður 2. mgr. 22. gr. l. 67/1963. Ljóst er, að hafi verið samið um ákveðna upphæð kaups fyrir tiltekna ferð, skal miðað við hina umsömdu áætlun eða upplýsingar um lengd ferðar, þegar kaup er reiknað út miðað við tímalengd.

Um 29. gr.

Svarar til 1. og 2. mgr. l. 67/1963.

Um 30. gr.

1. mgr.
Sama efnis og síðari málsliður 2. mgr. 19. gr. l. 67/1963.

2. og 3. mgr.
Svara að nokkru til 19. gr. l. 67/1963, en með breytingum, sem leiða af nútíma viðskiptaháttum. Auk þess er lagt til, að tekið sé fram í þessari grein, að skipverji geti lagt fyrir útgerðarmann að greiða öðrum nafngreindum manni, sbr. 1. mgr. 20. gr. l. 67/1963.

Um 31. gr.

1. mgr.
Svarar efnislega til 1. mgr. 20. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Ákvæði þetta svarar að mestu til 2. mgr. 20. gr. l. 67/1963, en bætt er við reglu um, að útgerðarmanni sé heimilt að halda eftir af launum skipverja fé til að greiða tjón, sem leiðir beint af tollalagabroti skipverja. Þess háttar ákvæði er ekki í gildandi sjómannalögum, en dómstólar hafa þó byggt dómsniðurstöður á því, að slík regla væri í gildi. Í 2. mgr. er lagt til að felld verði niður heimild útgerðarmanns í gildandi lögum til að halda eftir fé af kaupi skipverja til greiðslu á sektum, sem skipstjóri hefur lagt á skipverja, og leiðir það af því, að kaflinn um refsivald skipstjóra er ekki tekinn inn í þetta frumvarp.

3. mgr.
Svarar til 21. gr. l. 67/1963.

Um 32. gr.

1. mgr.
Ákvæðið er nýmæli, sem ætlað er sjómönnum til hagræðis.

2. mgr.
Ákvæðið svarar til 25. gr. l. 67/1963.

Almennt um kafla II—6.

Um kaup til sjúkra eða slasaðra skipverja eru nú ákvæði í 18. gr. l. 67/1963, ásamt ákvæðum, sem eru annars eðlis, en eins og fyrr var greint þykir réttara að láta þess háttar ákvæði standa í sérstökum kafla ásamt með fyrirmælum um umönnun sjúkra skipverja, sem

nú er kveðið á um í 26. — 28. gr. l. 67/1963, en þar standa þau ákvæði í kafla ásamt með reglum, er varða andlát og greftrun skipverja, sem hins vegar eru hafðar í sérstökum kafla í þessu frumvarpi.

Um 33. gr.

1. mgr.
Efnislega samhljóða 1. mgr. l. 67/1963.

2. mgr.
Grein þessi er nýmæli. Nauðsyn getur borið til þess, að skipverja sé gert skylt að láta rannsaka heilsufar sitt, t. d. ef ástæða er til að ætla, að hann sé haldinn smitnæmun sjúkdómi, sem hætta getur stafað af fyrir aðra skipverja eða ef áhöld eru um, hvort hann geti gegnt starfi sínu af heilbrigðisástæðum.

3. mgr.
Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

1. mgr.
Ákvæði svarar að mestu til 1. mgr. 27. gr. l. 67/1963. Orðið „framfæri" tekur til sjúkrahúsdvalar, ef því er að skipta, húsnæðis, fæðis og hjúkrunar þann tíma, sem skipverji er óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss. Síðari hluti 1. mgr. er nýmæli, en þar er lögð til sú regla, að skipstjóri geti skyldað skipverja til að dvelja á útgerðarstað skips, ef um skammtímaforföll er að ræða. Útgerðarmaður eða skipstjóri verður þá að bjóða fram húsnæði og fæði (framfæri), ef skipverji á heimili utan útgerðarstaðar skips. Orðið „skammtímaforföll" verður að skilja svo, að átt sé við forföll, sem aðeins munu vara t. d. í viku til tíu daga.

2. mgr.
Ákvæði þetta svarar að nokkru til 2. mgr. 27. gr. l. 67/1963.

3. mgr.
Samhljóða 3. mgr. 27. gr. l. 67/1963.

4. mgr.
Að mestu leyti samhljóða 4. mgr. 27. gr. l. 67/1963, nema hvað tekið er fram, að nánustu aðstandendum skipverja skuli, ef hann óskar þess, tilkynnt um það tilvik, sem ákvæðið tekur til.

Um 35. gr.

Greinin svarar að nokkru til 1. og 2. mgr. 31. gr. l. 67/1963, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 36. gr.

Ákvæði greinar þessarar fjalla um réttindi og skyldur í slysa- og veikindatilfellum sjómanna. Telja flestir þeir, sem fjalla um sjómannalögin, að ákvæði þessarar greinar um slys og veikindi séu langþýðingarmestu ákvæði sjómannalaganna. Um það vitni hin fjölmörgu dómsmál, sem í gangi eru eða dómar, sem gengið hafa um þessi mál, sem jafnframt gefi glögga vísbendingu um það, að víða sé pottur brotinn í þessum efnum.

Á síðustu árum hafa dómsmálin skipt tugum, sem ekki er þó nema brot af þeim ágreiningsmálum, sem upp koma varðandi slys og veikindi. Hefur risið ágreiningur um nánast allt, sem verða má í þessum efnum, enda um viðkvæm og vandmeðfarin efni að ræða.

Af hálfu útgerðarmanna hafa verið færð fram rök fyrir því, að aukinnar tilhneigingar gæti til misnotkunar hjá einstaka mönnum varðandi kröfur um forfallakaup. Af öllu er þó ljóst, að kröfur um forfallakaup hafa vaxið mjög verulega undanfarið og kröfur gerðar nánast um allt, sem hugsanlega getur fallið undir þennan málaflokk.

Ástæður þessa telja margir að rekja megi fyrst og fremst til staðgengilsreglunnar, að menn fái fullt kaup og sama kaup, hvort heldur þeir vinna eða ekki. Þá megi einnig finna að því, hve læknar sýni margir hverjir lítið aðhald varðandi útgáfu læknisvottorða um óvinnufærni.

Ljóst er þó, að knýjandi nauðsyn er, að ákvæðin um slys og veikindi verði sem ítarlegast úr garði gerð og sem skýrust, þannig að ágreiningsmálum fækki verulega og dragi úr þeirri stífni og tortryggni, sem verið hefur og oft hefur torveldað eðlileg samskipti sjómanna og útgerðarmanna. Öll viðleitni í þá átt hlýtur að þjóna hagsmunum beggja aðila.

Fyrstu íslensku sjómannalögin voru sett árið 1930. Voru þau sniðin eftir norrænum fyrirmyndum og í raun nánast þýðing á dönsku sjómannalögunum. Samkvæmt 32. gr. laganna áttu skipverjar, sem slösuðust eða veiktust, rétt á forfallakaupi í 7 daga.

Arið 1963 voru gefin út ný sjómannalög. Samkvæmt 18. gr. þeirra var réttur til forfallakaups lengdur í einn mánuð hjá undirmönnum en í tvo mánuði hjá yfirmönnum. Var hér enn stuðst við ákvæði norrænu sjómannalaganna.

Með lögum nr. 49/1980 var gerð breyting á 18. gr. sjómannalaganna, sem ekki átti sér norræna fyrirmynd. Var m. a. forfallakaupstíminn lengdur verulega og getur lengstur orðið 7 mánuðir. Hefur þessi tími þannig lengst úr 7 dögum í 7 mánuði eða 210 daga á síðustu 20 árum eða þrjátíufaldast á þessum tíma.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að þessi tími lengist enn verulega og getur lengstur orðið 12 mánuðir vegna vinnuslysa en 10 mánuðir vegna annarra forfalla.

Eins og áður gat um, voru ákvæði íslensku sjómannalaganna varðandi slys og veikindi lengst af í samræmi við hliðstæð ákvæði norrænu sjómannalaganna, eða til ársins 1980. Samkvæmt núgildandi ákvæðum danskra og norskra sjómannalaga eiga sjómenn rétt á forfallakaupi í tvo mánuði, en einn mánuð að auki hjá Norðmönnum, hafi skipverji starfað 36 mánuði hjá útgerðarmanni síðustu 10 árin. Samkvæmt því getur forfallakaupstíminn orðið lengstur 90 dagar á hinum Norðurlöndunum á móti 360 dögum hér skv. frumvarpinu.

Til frekari samanburðar við norrænu reglurnar á þessu sviði, má einnig nefna hér sem dæmi, hvað sjómenn á fiskiskipum snertir, að almenna tryggingasjóðskerfið í Noregi greiðir sjómönnum forfallakaup, en fé til þess er fengið með framleiðslugjaldi, sem lagt er á fisk og fiskafurðir. Eru kaupgreiðslur vegna forfalla miðaðar við meðaltekjur pr. dag í viðkomandi grein síðustu árin. Nægi þessar greiðslur ekki til þess að bæta viðkomandi sjómanni að fullu missi hlutar, þ. e. staðgengilslaun, skal útgerðarmaður greiða það, sem upp á vantar, þó ekki hærri greiðslu en sem nemur fastákveðinni fjárhæð, sem er lægri upphæð, en kauptrygging á fiskiskipum er hérlendis. Þýðir þetta í raun, að útgerðarmaður í Noregi greiðir ekki staðgengilslaun í slysa- og veikindatilvikum, heldur fastákveðna fjárhæð.

Að endingu skal lögð áhersla á það, að meginmarkmið þessara þýðingarmiklu ákvæða varðandi slys og veikindi hlýtur að vera að efla og standa vörð um forfallakaupsrétt þeirra, sem með réttu eiga tilkall til hans, jafnframt því að aðhald verði aukið í þessum málum, þannig að þessi réttur sé ekki misnotaður fáum til hagsbóta en flestum til skaða.

Þá skal það einnig áréttað, að þær lögskýringar, sem fram koma hér á eftir á nokkrum hugtökum, eru í samræmi við þær lögskýringar, sem gilt hafa hér og annars staðar á Norðurlöndum og teknar eru upp til frekari skýringa og áréttinga.

1. mgr.

1. mgr. fjallar um greiðslu forfallakaups vegna óvinnufærni, sem stafar af vinnuslysum, en gerður er hér greinarmunur á vinnuslysum og forföllum, sem stafa af öðrum ástæðum, hvað tímalengd og upphæð forfallakaups snertir.

Skipverji, sem verður óvinnufær vegna vinnuslyss, skal eigi missa neins í af launum sínum fyrstu tvo mánuði forfallatímans. Ákvæði þetta felur það í sér, að skipverji á fiskiskipi fær greiddan hlut ef fyrir er að skipta, annars kauptryggingu, en skipverji á farskipi fær, auk grunnkaups og fastra álaga á það, greidda tilfallandi yfirvinnu. Þetta þýðir með öðrum orðum, að skipverji, sem verður óvinnufær af völdum vinnuslyss, fær greitt kaup þennan tíma eins og verið hefði, ef hann hefði ekki forfallast.

Sé ekki um vinnutekjur að ræða, t. d. þegar ráðningartíma skipverja lýkur á forfallatímanum, skipinu er lagt o. s. frv., skal greiða sem meðalbætur fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið forfallakaup.

2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. skal greiða skipverja, sem verður óvinnufær af öðrum ástæðum en vegna vinnuslysa, fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið forfallakaup í allt að sex mánuði. Er greiðslutíminn nú lengdur úr tveimur mánuðum í sex mánuði.

3. mgr.

Ákvæði þetta er samhljóða 4. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að lengdur er sá tími, sem útgerðarmanni ber að greiða vegna samfellds ráðningartíma skipverja. Hafi skipverji starfað samfellt hjá útgerðarmanni í sex ár, á hann rétt á föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu forfallakaupi í þrjá mánuði, en fjóra mánuði, hafi hann verið átta ár samfellt í þjónustu útgerðarmanns.

4. mgr.

Samhljóða 5. mgr. 18. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að stafi óvinnufærnin af völdum vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms, er forfallakaupstíminn lengdur um þrjá mánuði og verður nú sex mánuðir í stað þriggja áður. Sama gildir verði slys, þegar skipverjinn er á eðlilegri leið til eða frá heimili sínu til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.

5. mgr.

Ákvæðið svarar til 2. tl. 3. mgr. 18. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 49/1980, að öðru leyti en því, að verði skipverji óvinnufær af völdum meiðsla vegna slyss, sem ekki telst vinnuslys, ber skipverjanum ekki réttur til kaups í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmannsins, eins og gildir varðandi veikindi. Forföll vegna vinnuslysa greiðast án tillits til starfstíma hjá útgerðarmanni, eins og verið hefur. Þykir rétt, að gera hér einnig greinarmun á því, hvort forföllin stafa af völdum vinnuslyss eða þau megi rekja til annarra atvika.

6. mgr.

Í fyrri hluta málsgreinarinnar er mælt svo fyrir um, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt við ráðningu sína, fellur niður réttur hans til forfallakaups.

Orðin að „leyna við ráðningu" sína ber að skilja svo, að skipverji hafi við ráðningu sína í skiprúm annaðhvort gefið rangar upplýsingar eða látið hjá líða við ráðninguna að skýra frá heilsufari sínu, enda þótt hann vissi eða mætti vita, að þær upplýsingar gætu skipt máli

varðandi ráðninguna vegna líkinda á frekari forföllum af völdum þess sama sjúkdóms eða meiðsla.

Í síðari hluta málsgreinarinnar er tekið fram, að eigi skipverji sjálfur sök á sjúkdómi sínum eða meiðslum, þá falli réttur til forfallakaups niður, nema um sé að ræða vinnuslys.

Orðin „að eiga sjálfur sök á óvinnufærni sinni", ber að skilgreina þannig, að skipverjinn hafi vitað eða mátt vita, að athafnir hans eða athafnaleysi leiddu til meiðsla eða sjúkdómsforfalla. Má í því sambandi nefna sem dæmi forföll, sem stafa af áfengisneyslu, tannskemmdum eða tannviðgerðum.

7. mgr.

Í 7. mgr. felst aðhaldsregla fyrir skipverja, er mælir fyrir um skyldu þeirra til að tilkynna um óvinnufærni sína án tafar. Er það einkum brýnt, þegar skipverji fer úr skiprúmi vegna leyfis eða vegna þess, að hann er hættur störfum. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því, að réttur til forfallakaups glatast.

8. mgr.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um skyldu þess skipverja, sem gerir kröfu um forfallakaup, að hann staðreyni óvinnufærni sína með læknisvottorði. Læknisvottorð þess efnis, að skipverji sé veikur að eigin sögn, telst ekki fullnægjandi sönnun þess, að viðkomandi sé óvinnufær. Ekki heldur ef læknisvottorð er gefið út eftir á, eftir að óvinnufærninni á að vera lokið og læknir hefur ekki staðreynt forföllin meðan á þeim stóð, sbr. hæstaréttardóm frá 21. desember 1982.

Í greininni er mælt fyrir um, að lækni sé skylt að tilgreina í læknisvottorði, hver sé ástæða óvinnufærninnar, hvert sé nafn sjúkdómsins eða hver meiðslin séu. Veigamiklar ástæður verða að liggja fyrir til þess að það verði ekki gert.

Á það skal lögð áhersla, að læknisvottorð er í raun óútfyllt ávísun á greiðslur, er þriðji maður á að inna af hendi, þ. e. útgerðarmaður í þessu tilviki. Verður það að teljast bæði sanngjörn og eðlileg regla, að sá, sem greiða á forfallakaup, fái að vita á hvaða forsendum hann eigi að greiða slíkt kaup. Þess háttar regla gæti komið í veg fyrir tortryggni, sem oft hefur komið upp, þegar ekkert hefur komið fram um ástæður óvinnufærninnar í læknisvottorði.

Hvað síðasta málslið í þessari málsgrein snertir, þá þarfnast hann ekki skýringa, en geta má þess, að ákvæði þessa efnis hafa verið í nær öllum kjarasamningum í lengri tíma.

9. mgr.

Í 9. mgr. felst mikilsvert nýmæli, sem á sér fyrirmynd í norrænum lögum. Fjallar greinin um þau tilvik, þegar fyrir liggur, að sá sem vill ráða sig á skip, er haldinn einhverjum þeim meiðslum eða sjúkdómi, að miklar líkur eru á því að til forfalla komi af völdum þess sama sjúkdóms eða meiðsla. Gerir ákvæðið ráð fyrir því, að í slíkum tilvikum geti sjómaður og útgerðarmaður gert með sér sérstakt samkomulag, að fengnu samþykki stéttarfélags sjómannsins, þess efnis að verði sjómaðurinn óvinnufær af þessum ástæðum, þá sé útgerðarmaðurinn undanþeginn greiðsluskyldu forfallakaups. Sé um óvinnufærni að ræða af völdum nýs sjúkdóms eða meiðsla gilda hin almennu ákvæði þessarar lagagreinar.

Undir ákvæði þessarar málsgreinar falla einnig þau tilvik, að skipverjinn bíður eftir sjúkrahúsvist, meðferð eða læknisrannsókn, þegar hann ræður sig á skip, enda ber honum að skýra frá því við ráðningu sína, sbr. 6. mgr.

Það er algengara en margir gera sér almennt grein fyrir, að sjómenn, sem reyndar ýmsir aðrir launamenn, séu haldnir ýmsum meiðslum og þó einkum sjúkdómum svo sem magasári og brjósklosi, svo eitthvað sé nefnt, sem gert hefur það að verkum, að útgerðarmenn hafa

verið mjög tregir að ráða þá í þjónustu sína vegna mikilla líkinda á forföllum vegna þessara sjúkdóma eða meiðsla. Þá hefur tilvist slíkra meiðsla eða sjúkdóma freistað einstakra manna til að leyna þessu við ráðningu, svo eigi skapist hætta á, að úr ráðningu verði ekki af þeim ástæðum.

Dæmi eru þess, að þegar svona stendur á, hafi verið um að ræða þegjandi samkomulag um það, að ekki skuli gerð krafa um greiðslu forfallakaups, — stundum gert með vitund viðkomandi stéttarfélags, sem greitt hefur til viðkomandi úr styrktar- og sjúkrasjóði sínum, hafi komið til forfalla af þessu tilefni.

Leggja ber áherslu á það, að þeim mönnum, er hér um ræðir, sem í flestum tilvikum eru góðir starfsmenn að öðru leyti, er það mikil raun að vera ýtt til hliðar af vinnumarkaðnum af þessum sökum, þótt þeim sé ekkert að vanbúnaði að öðru leyti.

Ákvæði, sem þessi málsgrein felur í sér, er báðum aðilum til hagsbóta og fyllsta ástæða að horfast í augu við þetta vandamál og lögfesta reglur þar að lútandi.

10. mgr.

Í 10. mgr. felst nýmæli, að norskri fyrirmynd, sem skýrir sig að mestu sjálft. Gerir ákvæðið ráð fyrir því, að samtök sjómanna og útvegsmanna geti, með samkomulagi sín í milli, samið um aðra skipan þessara mála en í greininni segir, sem sé um fjárhæð og tímalengd forfallakaups, enda séu þess háttar ákvæði, þegar á heildina er litið, sjómönnum ekki óhagstæðara, en ákvæði greinar þessarar.

Um 37. gr.

1. mgr.

Ákvæðið svarar að mestu til 1. mgr. 28. gr. l. 67/1963. Bætt er við, að aðeins sé skylt að greiða eðlilegan kostnað af umönnun sjúkra skipverja. Rétt þótti að taka orðalag þetta, þ.e. „eðlilegan kostnað", en það á þó ekki að hafa í för með sér breytingu. Orðið „umönnun" nær yfir framfæri (sbr. skýringu við 1. mgr. 34. gr.), læknishjálp og lækningaefni. „Læknishjálp" nær yfir læknisrannsókn með tilheyrandi meðhöndlun, þar með talið eftirlit læknis, uppskurðir og röntgenmyndatökur og þess háttar. Enn fremur er átt við greiðslu til læknis vegna útgáfu nauðsynlegra vottorða og tilvísana og flutning til og frá lækni, sjúkrahúsi eða annarri meðferðarstofnun erlendis. „Lækningaefni" nær yfir lyf, sáraumbúðir, orkulækningameðferð (endurhæfingarmeðferð), ef meðferðin fer fram í tengslum við læknis- eða sjúkrahúsmeðferð, en hins vegar nær þetta ekki til gleraugna, kviðslitsbanda, hækja, gervilima eða þess háttar.

2. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 28. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Ákvæði þetta er nýtt og á við, þegar skipverji fer úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla. Skipverji myndi almennt teljast „óvinnufær" í slíkum tilvikum, en í undantekningartilvikum gæti ákvæðið átt við, jafnvel þótt hann sé ekki óvinnufær af þessum sökum, svo sem þegar um smitnæman sjúkdóm er að ræða. Er lagt til í þessari málsgrein, að útgerðarmanni sé þá skylt að greiða ferðakostnað og fæðiskostnað til útgerðarstaðar skips fyrir skipverja eða til heimilis skipverja, hafi það eigi í för með sér aukinn kostnað. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

4. mgr.

Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 28. gr. l. 67/1963.

5. mgr.
Ákvæði 5. mgr. svarar að mestu til 4. og 5. mgr. 28. gr. l. 67/1963.

6. mgr.
Ákvæði þetta er nýmæli, en eðlilegt þykir, að skipverji hagnist ekki með því að fá, auk þess sem greitt kann að vera í ferða- og fæðiskostnað af útgerðarmanni eða ríkissjóði skv. 2. og 3. mgr., greiðslur frá almannatryggingum eða slysatryggingum. Er þetta í samræmi við almenn sjónarmið í bótarétti. Hins vegar skal tekið fram, að hafi skipverji keypt sér sjálfur tryggingar aukalega, þá dragast greiðslur vegna þeirra trygginga ekki frá ofangreindum fjárhæðum.

Um 38. gr.
Ákvæði svarar að nokkru til 3. mgr. 31. gr. l. 67/1963. Sanngjarnt þykir, að ríkissjóður beri þann kostnað sem greinin fjallar um, en eigi útgerðarmaður.

Almennt um kafla II — 7.
Um þetta efni eru nú ákvæði í 29.—30. gr. l. 67/1963, en ákvæði frumvarpsins eru hins vegar nokkuð ítarlegri.

Um 39. gr.
1. mgr.
Ákvæðið svarar að mestu til 1. og 3. mgr. 29. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Svarar að miklu leyti til 2. mgr. 39. gr. l. 67/1963. Meginreglan er sú, að sé miklu óhagræði bundið að geyma muni hins látna um borð eftir andlát hans, skuli þeir afhentir hinum næsta íslenska ræðismanni, en ef veruleg vandkvæði reynast á því, myndi skipstjóri vafalaust geta selt þá fyrir reikning dánarbús hins látna, samkvæmt þeirri reglu, sem fram kemur í 2. mgr. 68. gr. l. 67/1963.

Um 40. gr.
1. mgr.
Samhljóða 1. mgr. 24. gr. l. 67/1963.

2. mgr.
Þetta er nýmæli. Nauðsynlegt er að lögbinda ákveðna viðmiðunarreglu, þegar svo stendur á sem hér greinir.

3. mgr.
Fyrri hluti ákvæðisins svarar að mestu til 2. mgr. 24. gr. l. 67/1963. Síðari hlutinn er hins vegar nýmæli og er lagt til, að hafi skipverji verið samfellt í þjónustu sama útgerðarmanns í 4 ár eða lengur, skuli, auk þess sem greinir í fyrri hluta málsgreinarinnar, greiða eins mánaðar kaup og skal kaup þetta hjá fiskimönnum miðast við kauptryggingu fyrir einn mánuð eins og hún er á hverjum tíma, en hjá farmönnum skal greiðslan nema eins mánaðar grunnlaunum viðkomandi skipverja.

4. mgr.
Ákvæði þetta er samhljóða 4. mgr. 24. gr. l. 67/1963, sbr. 1. gr. l. 53/1969.

Um 41. gr.

Greinin svarar að verulegu leyti til 30. gr. l. 67/1963, en þó er bætt við, að útgerðarmanni sé skylt að kosta heimsendingu ösku eða líkamsleifa. Má raunar taka fram, að útgerðarmenn hafa almennt greitt kostnað þennan, án þess að þeim væri það skylt.

Almennt um kafla II — 8.

Kafli þessi fjallar um ráðningarsamning skipstjóra. Eru þar nokkur sérákvæði, sem það snerta, en þó er tekið fram í 43. gr. frumvarpsins, að sé þar eigi á annan veg mælt fyrir, skuli ákvæðin um skiprúmssamninga skipverja einnig gilda um ráðningarsamning við skipstjóra, eftir því sem við getur átt. Um þetta efni eru nú ítarleg ákvæði í I. kafla l. 67/1963, en hér er m. a. lagt til, að ákvæðin verði gerð nokkuð einfaldari en er að núgildandi rétti.

Rétt er að taka fram, að í frumvarpi þessu er ekki, fremur en t. d. er í norsku sjómannalögunum, gert ráð fyrir sérstökum kafla um skiprúmssamninga við yfirmenn (aðra en skipstjóra), svo sem hins vegar er í dönsku sjómannalögunum, heldur eru sérákvæði, sem þá varða, tengd ákvæðum um skiprúmssamninga almennt, eftir því sem við á. Skipstjóri hefur hins vegar að ýmsu leyti það mikla sérstöðu, að rétt þykir nú, enn sem fyrr, að helga ráðningarsamningi við hann sérstakan kafla í sjómannalögum.

Um 42. gr.

Nánast samhljóða 1. gr. l. 67/1963.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 44. gr.

Ákvæðið svarar til upphafs 2. gr. l. 67/1963.

Um 45. gr.

1. mgr.

Ákvæðið svarar til 1. mgr. 3. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið svarar til 2. mgr. 3. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Ákvæðið svarar til 3. mgr. 3. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Ákvæðið svarar til 1. mgr. 8. gr. l. 67/1963. Rétt þykir að taka fram, að eðlilegt þykir að hafa ákvæði þessi óbreytt, jafnvel þó skýring á þeim kunni að virðast flókin. Um ákvæði 2. og 3. mgr. frumvarpsins hafa gengið dómar, þar sem byggt var á, annars vegar 3. mgr. 3. gr. og hins vegar 1. mgr. 8. gr. l. 67/1963.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er í sjálfu sér nýmæli, en rétt þykir að um réttindi og skyldur skipstjóra gildi sömu reglur og um aðra skipverja. Nokkur vafi hefur þótt leika á því, hvort ákvæði gildandi sjómannalaga, eins og þeim var breytt með l. 49/1980, ættu við um skipstjóra. Með 46. gr. frumvarpsins er ætlunin að taka af þennan vafa og skal því skipstjóri hafa sömu réttarstöðu og aðrir í veikinda- og slysatilvikum.

Um 47. gr.

Sama efnis og 5. gr. l. 67/1963.

Um 48. gr.

Sama efnis og 1. mgr. 6. gr. l. 67/1963, nema hvað sérstaklega er kveðið á um þriggja mánaða lágmarkstíma til samræmis við 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla almennt.

Efni þessa kafla svarar í stórum dráttum til III. kafla l. 67/1963. Í frumvarpinu er þó lagt til, að gerðar verði margvíslegar breytingar á einstökum ákvæðum eða efnissviðum kaflans frá því sem er að gildandi rétti, auk þess sem gert er ráð fyrir lögtöku nokkurra nýmæla. Sérstaklega skal tekið fram, að lagt er til, að núverandi 53. gr. l. 67/1963 falli brott, þar sem hún hefur litla raunhæfa þýðingu.

Almennt um kafla III — 1.

Um þetta efni eru nú ákvæði í 44.—49. gr. l. 67/1963. Hér er þó gert ráð fyrir ýmsum breytingum á efni þeirra greina og er þar haft mið af raunhæfum þörfum nú á tímum og eru hinar nýju reglur auk þess skýrari, en áður var. Bætt er við ákvæði um starfsskyldur bryta, sem ekki er mælt fyrir um í gildandi lögum, og tekið er upp almennt ákvæði, sem m. a. heimilar ráðherra að setja nánari reglur um starfsskyldur yfirmanna.

Meðal sumra siglingaþjóða hefur sú leið verið farin, að mæla fremur fyrir um starfsskyldur yfirmanna með stjórnvaldsreglum heldur en með lagaákvæðum, en nefnd þeirri, er frumvarp þetta samdi, þótti full ástæða til að í nýjum sjómannalögum yrðu, enn sem fyrr, allítarlegar reglur um hinar helstu starfsskyldur yfirmanna, þótt ljóst sé, að aldrei verða settar reglur um alla starfsþætti þessara manna, enda aðstæður misjafnar eftir stærð og gerð skipa og eftir því, hvort um fiskiskip eða kaupskip er að ræða.

Um 49. gr.

Samhljóða 44. gr. l. 67/1963.

Um 50. gr.

Ákvæðið svarar að mestu til 45. gr. l. 67/1963.

Um 51. gr.

Að mestu samhljóða 1. mgr. 46. gr. l. 67/1963.

Um 52. gr.

Ákvæðið svarar að verulegu leyti til 2. mgr. 46. gr. l. 67/1963.

Um 53. gr.

Greinin hefur að geyma endurskoðað efni 47. og 48. gr. l. 67/1963, en þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 54. gr.

Rétt þykir að hafa sérstakt ákvæði um hinar helstu starfsskyldur bryta, enda þótt fáir menn gegni nú því starfi á íslenskum skipum. Með bryta er ekki átt við matsvein (yfirmatsvein), sem gegnir hefðbundnum matsveinsstörfum, enda þótt hann kunni að hafa aðstoðarmann eða aðstoðarmenn.

Um 55. gr.

Grein þessi geymir endurskoðað efni 49. gr. l. 67/1963, en þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 56. gr.

Fyrirmæli í þessum kafla geta, af augljósum ástæðum, ekki verið tæmandi og þykir því rétt að árétta í þessari grein, að frekari ákvæði um starfsskyldur yfirmanna geti verið í ráðningarsamningum þeirra eða kjarasamningum, auk þess sem venjur hljóta að hafa sitt að segja. Í greininni er gert ráð fyrir því, að í framtíðinni kunni að verða til aðrar yfirmannastöður en þær, sem taldar eru í frumvarpinu (t. d. stöður tæknimenntaðra sérfræðinga, sem beri ábyrgð á tölvubúnaði skips o. s. frv.) og getur þá verið þörf á því, að um hinar helstu starfsskyldur þeirra verði settar sérstakar reglur. Heimilar því greinin samgönguráðherra að setja nánari reglur um starfsskyldur yfirmanna, sem frá er greint í 50.—55. gr., svo og eftir atvikum, um starfsskyldur annarra yfirmanna.

Um kafla III — 2 (57. gr.).

Greinin svarar að mestu til 56. gr. l. 67/1963, en breytingarnar þarfnast ekki skýringar.

Um kafla III — 3 (58. gr.).

1.—2. mgr.

Samhljóða 50. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 51. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 4 (59. gr.).

1. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 52. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli í lögum, en telja verður að efnisreglur þessar séu samt sem áður gildandi í samskiptum skipverja og skipstjóra/útgerðarmanns. Vakin skal athygli á, að skylda hvílir á skipstjóra eða útgerðarmanni að veita skipverja greiðar upplýsingar um ferðir skips, eftir því sem kostur er, en skipverja er þó skylt að fylgjast með ferðum skipsins og vera reiðubúinn að taka upp störf sín. Þessi regla gildir almennt í samskiptum launþega og vinnuveitenda.

3. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 52. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum, en þarfnast ekki frekari skýringa.

Um kafla III — 5 (60. gr.).

1. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 51. gr. l. 67/1963, nema hvað áréttað er, að þegar sérstaklega standi á, megi fella bótaskyldu niður með öllu.

2. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Nú eru í gildi ákvæði í kjarasamningum sjómanna, sem mæla svo fyrir, að fari skipverji, fyrirvaralaust og án þess að lögmætar ástæður liggi til, úr skiprúmi, eigi útgerðarmaður rétt til bóta úr hendi skipverja, sem svara til launa í uppsagnarfresti. Að þessu leyti hefur réttarstaða sjómanna verið lakari en annarra launþega. Um aðra launþega en sjómenn hefur gilt sú regla, að bætur til vinnuveitenda þeirra í slíkum tilvikum hafa numið jafngildi launa í hálfum uppsagnarfresti. Hefur lagastoð fyrir reglu þessari verið sótt til 1. mgr. 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928. Er vísað til þessarar lagagreinar í tveimur nýlegum hæstaréttardómum um þetta efni, þ. e. HRD 1978, bls. 120, og HRD 1978, bls. 1247.

Eðlilegt þykir, að sjómenn sitji við sama borð og aðrir launþegar að þessu leyti, og nauðsynlegt er að setja slíkt ákvæði í frumvarp til sjómannalaga með hliðsjón af því hve ítarleg ákvæðin um ráðningarsamninga í frumvarpinu eru að öðru leyti.

Rétt þykir að taka fram, að minnsti bótaréttur útgerðarmanns er jafngildi kauptryggingar í 7 daga á fiskiskipum, en fastra launa í 7 daga á kaupskipum. Hafa ber hér í huga, að uppsagnarfrestur undirmanna á fiskiskipum er aðeins 7 dagar. Hefur útgerðarmaður val um það, hvort hann kýs bætur, sem jafngilda fullum launum í 3½ dag, eða kauptryggingu í 7 daga.

Frestur sá, sem miða ber við, hefst þegar skipverji lýsir því yfir, að hann sé, án lögmætrar ástæðu og án lögmæts fyrirvara, hættur í skiprúmi, eða gerir með öðrum hætti ljóst, að hann sé hættur í þjónustu útgerðarmanns, t. d. með því að mæta ekki til skips við brottför, án lögmætrar ástæðu. Að því er varðar niðurlag 2. mgr. um lágmarksbótagreiðslu er nauðsynlegt að taka fram, að hætti skipverji fyrirvaralaust og án lögmætrar ástæðu og uppsagnarfrestur líður án þess að aðrir skipverjar á skipinu fái greidd laun, getur útgerðarmaður ekki krafið viðkomandi skipverja um bætur samkvæmt þessu ákvæði.

Rétt er að taka fram, eins og reyndar leiðir af öðrum ákvæðum í frumvarpinu, að sé skipverja vikið úr skiprúmi án fyrirvara og án lögmætrar ástæðu, þá á hann rétt til launa allan uppsagnarfrestinn. Er þetta í samræmi við þá reglu, sem um landverkafólk gildir.

Um kafla III — 6.

Um 61. gr.

Að nokkru leyti samhljóða 58. gr. l. 67/1963.

Um 62. gr.

Svarar að nokkru leyti til 59. gr. l. 67/1963.

Um kafla III—7 (63. gr.).

1. mgr.

Að mestu samhljóða 1. mgr. 60. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu að hluta til í 1. mgr. 60. gr. l. 67/1963. Hér er gert ráð fyrir því, að fyrsti stýrimaður hafi sömu heimild í þessa átt og yfirvélstjóri.

3. mgr.

Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 60. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Samhljóða 3. mgr. 60. gr. l. 67/1963, nema hvað vísað er til Siglingamálastofnunar í stað samgönguráðuneytisins.

Um kafla III — 8.

Um 64. gr.

Ákvæðið er nýmæli, sem eigi þarfnast skýringar.

Um 65. gr.

Samhljóða 57. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 9 (66. gr.).

1. mgr.

Samhljóða 1. mgr. 52. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið er nýmæli. Ljóst er, að skipverjum kann að nýtast landgönguleyfi sitt illa, ef þeir mega ekki treysta því, að þeir verði ferjaðir til og frá skipi, ef tök eru á því.

3. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um kafla III — 10.

Um 67. gr.

1. og 2. mgr.

Að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 55. gr. l. 67/1963.

3. mgr.

Ákvæðið er nýmæli, sem sett er vegna öryggis skips og manna, sem á því eru.

4. mgr.

Að mestu samhljóða 3. mgr. 55. gr. l. 67/1963.

Um 68. gr.

Greinin svarar að mestu til 54. gr. l. 67/1963, en efni hennar er nú sniðið til samræmis við þarfir tímans.

Um 69. gr.

Greinin svarar til 3. mgr. 41. gr. l. 67/1963.

Um kafla III — 11.

Um 70. gr.

Að mestu samhljóða 61. gr. l. 67/1963.

Um 71. gr.

Hér er um að ræða endurskoðað efni 62. gr. l. 67/1963.

Um IV. kafla (72. gr.).

1. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli, sem á sér ekki heldur hliðstæðu í sjómannalögum annarra Norðurlandaþjóða. Í 43. gr. l. 67/1963 er að vísu gert ráð fyrir því, að ef skipverji er

óánægður með reikningsgerð skipstjóra getur hann látið lögskráningarstjóra rannsaka reikninginn, en þessi heimild er vart raunhæf miðað við núverandi aðstæður og gagnslítil, enda lítt sem ekki notuð. Er því efni hennar ekki tekið upp í frumvarp þetta, en þess í stað lagt til, að heimilt sé að koma á fót föstum gerðardómi, skipuðum einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining, sem rís af starfi skipverja. Skilyrði þess sé þó, að báðir málsaðilar óski gerðardómsmeðferðar um ágreiningsefni þeirra. Gerðardómsmeðferð máls er að jafnaði, þegar réttilega er að verki staðið, mun skjótvirkari en venjuleg dómstólameðferð, enda einfaldari í sniðum, og hefur oft minni kostnað í för með sér. Úrskurður gerðardóms er að vísu að jafnaði ekki aðfararhæfur, en reynslan sýnir, að aðilar hlíta að jafnaði niðurstöðunni á sama hátt og venjulegum dómi. Að sjálfsögðu er málsaðilum á því sviði, sem hér um ræðir, ætíð heimilt að koma sér saman um, að einhver maður, sem á það fellst, (eða fleiri menn saman), skeri endanlega úr máli þeirra, og málið á þann veg undanskilið almennri dómstólameðferð, en þá verða aðilar einnig að bera allan kostnað, sem af því hlýst. Þessi réttarfarsheimild stendur aðilum að sjálfsögðu framvegis til boða, þótt ákvæðið í 1. mgr. 72. gr. frumvarpsins verði lögtekið, en augljóst hagræði getur hins vegar verið af því, ef starfandi er fastur gerðardómur, sem skipaður er hæfum, óvilhöllum og þjálfuðum mönnum og sem kostaður er af opinberu fé. Enda þótt málskostnaður, annar en laun gerðardómsmanna, og annar kostnaður við störf gerðardómsins sé borinn af málsaðilum á sama hátt og nú er, myndi þessi kostur hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir þá, miðað við það að þeir þyrftu einnig að greiða dómendunum. Fyrir ríkissjóð yrði vart um aukna greiðslubyrði að ræða frá því sem nú er, því að ella færu mál þau, sem skjóta mætti til gerðardóms, fyrir almenna dómstóla, sem kostaðir eru af almannafé, og auk þess að jafnaði yfirhlaðnir störfum. Einnig má ætla, að í starfi gerðardómsins myndist samræmi í dómsúrlausnum umfram það, sem líklegt er að geti nokkru sinni orðið milli hinna einstöku héraðsdómaraembætta eða jafnvel innan stórra dómaraembætta. Stuðlar það að auknu réttaröryggi á þessu sviði.

2. mgr.

Að verulegu leyti sama efnis og 2. og 3. mgr. 43. gr. l. 67/1963.

Almennt um V. kafla.

Í þessum kafla er skipað saman ýmsum ákvæðum, sem mæla fyrir um refsingu eða viðurlög handa skipstjóra, útgerðarmanni eða skipverjum vegna brota samkvæmt sjómannalögum. Er hér m. a. um að ræða endurskoðuð ákvæði VI. kafla l. 67/1963, sem fjallar um refsingar, en einnig koma fram nokkur nýmæli.

Sérstaklega skal tekið fram að lagt er til, að ákvæði um refsivald skipstjóra falli að mestu brott (nema hvað ýmis efnisatriði úr 65. gr. laganna eru tekin upp í 75. gr. frumvarpsins). Verður að telja, að ákvæði um refsivald skipstjóra, sem fyrst og fremst felast í einhliða „sektarheimild" hans, séu nú orðin úrelt og óþörf í réttarríki, þar sem almenna reglan er sú, að menn séu látnir svara til saka frammi fyrir dómstólum ríkisins.

Um kafla V — 1.

Um 73. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 74. gr.

Meginreglan skv. frumvarpinu er sú, að öll mál út af brotum á sjómannalögum skuli sæta opinberri málssókn, rannsókn og málsmeðferð. Frá því er þó gerð undantekning um yfirsjónir þær, sem um ræðir í 81. gr. frumvarpsins, en í því tilfelli verður opinbert mál einungis

höfðað, ef skipstjóri eða útgerðarmaður krefjast þess. Um önnur tiltekin mál er það skilyrði m. a. sett, að þau skuli lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin.

Greinin svarar að nokkru til 89. gr. l. 67/1963, en þó er gert ráð fyrir talsverðum breytingum frá núgildandi ákvæðum, en eigi þarfnast það nánari skýringar.

Um 75. gr.

Ljóst er, að nauðsyn getur borið til þess að frumrannsókn á meintum brotum skipverja fari fram um borð í skipi sem fyrst eftir að viðkomandi atburður átti sér stað, og áður en næst til réttra yfirvalda. Um þetta efni eru gefin nokkur fyrirmæli í 75. gr. frumvarpsins, og er fyrirmynd þeirra að sumu leyti sótt til 65. gr. l. 67/1963, enda þótt í þeirri lagagrein sé einungis fjallað um rannsókn á yfirsjónum, sem refsivald skipstjóra nær til.

Ákvæði 75. gr. þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Almennt um kafla V — 2.

Um þetta efni eru nú ákvæði í 74.—90. gr. l. 67/1963, en nefnd sú, er frumvarpið samdi, hefur endurskoðað þau ákvæði og lagt til að á þeim verði gerðar nokkrar breytingar, sem flestar horfa til einföldunar þeirra reglna, sem þar koma fram. Má í því sambandi einkum nefna, að öllum fyrirmælum um upphæðir sekta í krónum talið er breytt á þá lund, að tekin er upp almenn heimild fyrir dómstóla til ákvörðunar hæfilegra sekta í hvert eitt sinn. Er þetta nauðsynlegt sökum þess m. a., hve ákvæði um tilteknar upphæðir úreldast fljótt vegna dýrtíðar þeirrar, sem hér er landlæg.

Um 76. gr.

Greinin svarar að mestu leyti til 74. gr. l. 67/1963.

Um 77. gr.

Greinin er nær samhljóða 75. gr. l. 67/1963.

Um 78. gr.

Ákvæðið svarar að mestu til 76. gr. l. 67/1963.

Um 79. gr.

Sama efnis og 77. gr. l. 67/1963.

Um 80. gr.

Greinin svarar að verulegu leyti til 79. gr. l. 67/1963.

Um 81. gr.

1. mgr.

Sama efnis og 81. gr. l. 67/1963.

2. mgr.

Ákvæðið er nýmæli, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 82. gr.

Samhljóða 82. gr. l. 67/1963.

Um 83. gr.

Samhljóða 83. gr. l. 67/1963.

Um 84. gr.

Sama efnis og 84. gr. l. 67/1963.

Um 85. gr.

1.—3. mgr.

Því sem næst samhljóða 85. gr. l. 67/1963.

4. mgr.

Nýmæli, sem ekki þarfnast frekari skýringar.

Um 86. gr.

Ákvæðið svarar að mestu leyti til 86. gr. l. nr. 67/1963, nema hvað ekki er hér gert ráð fyrir fangelsisrefsingu.

Um 87. gr.

Ákvæðið svarar að verulegu leyti til efnis 88. gr. l. 67/1963, en það tekur þó, skv. orðalagi sínu, til skipstjóra jafnt sem skipverja og varðhald getur komið til greina, ef sakir eru miklar.

Um 88. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um VI. kafla (89. gr.).

1.—3. mgr.

Þarfnast ekki skýringa.

4. mgr.

Verði ákvæði 2. mgr. 41. gr. l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, varðandi lágmarksaldur skipverja, eigi breytt til samræmis við 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins um leið og það verður að lögum, mundi skapast óæskilegt ósamræmi milli þessara lagagreina, ef eigi væri séð við því í hinum nýju sjómannalögum. Þykir því rétt að ljúka frumvarpinu með skýru ákvæði í þá átt, enda þótt líklegt sé, að niðurstaðan yrði hin sama eftir almennum lögskýringarreglum.

Tillaga Guðmundar Hallvarðssonar,
Ingólfs Stefánssonar og Viðars Más Matthíassonar
um orðalag 36. gr. frumvarpsins.

36. gr.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

Greinargerð.

Um 36. gr.

Almennt um 36. gr.

Lagt er til, að 36. gr. frumvarpsins svari nákvæmlega til 3.—8. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 38. gr. l. 49/1980. Lög 49/1980 voru sett fyrir aðeins tveimur árum og áttu að bæta sjómönnum rýrnun á launatekjum, sem þeir höfðu orðið fyrir. Um lög 49/1980 náðist víðtæk og almenn samstaða á Alþingi og voru lögin samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Engar forsendur eru til að breyta lögum þessum nú og engin rök hafa verið færð fyrir því, að þau nái ekki tilgangi sínum eins og þau eru. Því er lagt til, að ákvæðin verði nákvæmlega samhljóða ákvæðum 3.—8. mgr. 1. gr. l. 49/1980 um breyting á 3.—8. mgr. 18. gr. l. 67/1963.

Um 1. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 18. gr. l. nr. 67/1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. l. nr. 49/1980, en í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæðið skýrt svo: „Breytingin frá 3. mgr. 18. gr. gildandi sjómannalaga felst í því, að í stað „rétts til kaups" kemur „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd". Þetta nýja orðalag veitir skipverja víðtækari rétt, og er það í samræmi við orðalag 1. mgr. 5. gr. l. nr. 19/1979, sbr. og 6. gr. sömu laga, en þessar greinar fjalla um svonefnd staðgengilslaun landverkafólks. Gagnvart farmönnum felst í þessari breytingu það, að þeir eiga, auk grunnkaups og allra fastra álaga á það sem þeir nú fá greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Ákvæðið hefur hins vegar ekki í för með sér breytingu gagnvart fiskimönnum. Tekið er inn nýtt ákvæði þess efnis, að forfallist skipverji í launalausu fríi þá skuli launagreiðslur til hans hefjast þegar er hann átti að koma til starfa að nýju. Hins vegar er gert ráð fyrir að skipverji, sem forfallast við vinnu sína, haldi launum þótt hann hafi átt að fara í launalaust frí síðar. Niðurlagsákvæði málsgreinarinnar „og þó aldrei fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns" er breytt, og slík takmörkun á kaupgreiðslum aðeins látin ná til fortalla af völdum veikinda en ekki slysa."

Við þessa athugasemd er í sjálfu sér fáu að bæta. Þó má benda á að þegar rætt er um, að ákvæðið hafi ekki í för með sér breytingar gagnvart fiskimönnum, þá er átt við það, að fjárhæð forfallalauna fiskimanna breyttist ekki með frumvarpinu, er það varð síðar að lögum. Hins vegar fól ákvæðið að sjálfsögðu í sér breytingu gagnvart fiskimönnum að því er varðar lengingu þess tíma, sem forfallalaun eru greidd fyrir. Það er einnig rétt að taka fram, að ákvæðið hefur í för með sér þá breytingu, að takmörkun á þeim tíma, sem skipverji á rétt til forfallalauna, er aðeins háð þeim tíma, sem hann hefur verið í starfi hjá útgerðarmanni, ef um veikindi er að ræða. Við forföll af öðrum ástæðum, þ.e. vegna slysa, vinnuslysa eða

atvinnusjúkdóma, takmarkast réttur skipverja til tveggja mánaða staðgengilslauna ekki af tímalengd starfstíma hans hjá útgerðarmanni.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. og 4. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 4. mgr. 1. gr. l. 49/1980, en í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæðið skýrt svo: „Hér er á ferðinni ný málsgrein, sem felur í sér aukinn rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum, þegar um langan starfstíma er að ræða. Málsgreinin er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. l. nr. 19/1979. Hér eru kaupgreiðslur miðaðar við fast kaup sem einkum á við um farmenn, kauptryggingu, sem einkum á við um bátasjómenn og sérstaklega umsamið veikindakaup, sem einkum á við um skipverja á stóru togurunum. Til þessara auknu réttinda stofnast hvort heldur um er að ræða samfellda ráðningu hjá sömu útgerð eða hjá sama skipi.

Ekki þykir þörf að skýra ákvæði þetta frekar.

Um 3. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 5. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 5. mgr. 1. gr. l. 49/1980, en í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæðið skýrt svo: „Hér er um að ræða nýja málsgrein, sem bætir rétt sjómanna til greiðslu launa þegar vinnuslys eða atvinnusjúkdómar eiga sér stað. Málsgreinin svarar til 4. gr. l. nr. 19/1979. Um kaupgreiðslufyrirkomulag vísast til þess, sem sagt er um 4. mgr."

Ekki er þörf á að skýra þetta ákvæði frekar.

Um 4. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 6. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 6. mgr. 1. gr. l. 49/1980. Í athugasemdum með frumvarpinu til síðarnefndu laganna var þetta ákvæði 7. mgr., þar sem 6. mgr. frumvarpsins var felld út við meðferð þess á Alþingi. Með 7. mgr. var engin skýring, enda var 7. mgr. frumvarpsins óbreytt frá því, sem 4. mgr. 18. gr. sjómannalaganna var fyrir breytinguna, og er þetta ákvæði rótgróið í íslenskum og erlendum sjómannalögum, þannig að nóg er til af dómafordæmum um skýringu á því og vísast til þeirra.

Um 5. mgr.

Ákvæðið er samhljóða 7. mgr. 18. gr. l. 67/1963, sbr. 7. mgr. 1. gr. l. 49/1980. Í frumvarpi til síðarnefndu laganna var ákvæði þetta í 8. mgr. og var það ekki skýrt sérstaklega þó um nýmæli væri að ræða. Ekki er hér heldur talin ástæða til að skýra ákvæðið.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 49/1980 voru nokkrar frekari skýringar við frumvarpið í heild og þykir hér ástæða til að taka eftirfarandi úr þeim skýringum: „Rétt er að undirstrika að sú ríflega viðbót við launagreiðslutíma í veikinda- og slysatilfellum, er í frumvarpinu felst, er háð öðrum kaupgreiðslureglum en sá launagreiðslutími, sem fyrir er. Viðbótin er í formi fastra launa, kauptryggingar eða tilsvarandi launagreiðslna og er sú tilhögun valin með það í huga, að útgerðarmanni verði unnt að tryggja sig fyrir hinni auknu áhættu. Á hinn bóginn er einnig nauðsynlegt að leggja áherslu á, að lenging launagreiðslutímans, sem frumvarpið boðar, er þeim skilyrðum háð, að annaðhvort sé um langan, samfelldan starfstíma að ræða eða um sé að tefla atvinnusjúkdóm eða vinnuslys, en mest verður lengingin þegar bæði skilyrðin eru uppfyllt. Loks skal á það minnt, að víða hafa sjómenn þegar náð fram í kjarasamningum mun betri rétti en þeim, sem lögfestur var sem lágmarksréttur í sjómannalögunum."

Ed. 152. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 103/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

20. gr. laganna (1. gr. l. 103/1980) orðist svo:

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekanda skal vera 3% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 1%-hækkun á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga og er flutt til þess að afla tekna til aukinna fæðingarorlofsgreiðslna, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari beytingum. Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir að lífeyristryggingagjald atvinnurekenda nemi 410 milljónum króna og miðað við þá upphæð er hér um að ræða 205 milljón króna tekjuaukningu ríkissjóðs. Nemur þessi tekjuaukning ríflega tveimur þriðja þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér.

Eins og fram kemur í gögnum Þjóðhagsstofnunar um framvindu og horfur í efnahagsmálum, dags. 24. sept. 1984, er hagur atvinnurekstrar í landinu, að undanskildum sjávarútvegi, allgóður um þessar mundir. Á það einkum við um verslun, iðnað og ýmsar greinar þjónustu og munu þessar atvinnugreinar því auðveldlega geta borið þá gjaldaaukningu sem hér er lögð til.

Bætt aðstaða foreldra og ungbarna, sem lenging fæðingarorlofs felur í sér, skilar sér án nokkurs vafa í heilbrigðari einstaklingum. Á það jafnt við um börn sem í hlut eiga og um foreldra þeirra sem nú eru uppistaða vinnuafls í landinu. Öllum atvinnurekstri er hagur að því að fá til starfa heilbrigða einstaklinga og því er sjálfsagt að atvinnurekendur leggi nokkuð af mörkum til þess að svo megi vera.

Ed. 153. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

16. gr. laganna (1. gr. l. 97/1980) orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á sex mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða fólk í ólaunuðum störfum utan vinnumarkaðar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Fæðingarorlof föður má nema allt að tveimur mánuðum ef móðir óskar þess og skerðist þá orlof móður sem því nemur.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún tikynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við full laun foreldris. Til fullra launa teljast dagvinnutekjur og meðaltal yfirvinnu eða álagstíma síðustu tólf mánuði. Fæðingarorlofsgreiðslur breytast í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma. Fæðingarorlofsgreiðslur skulu þó aldrei vera lægri en 15 866 kr. á mánuði, miðað við 1. október 1984, og breytast skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um a. m. k. tvo mánuði sé um að ræða tvíburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Fæðingarorlof framlengist um allt að 4 mánuði ef um er að ræða fæðingu fleiri en tveggja barna. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu þá mánuði sem bætast við á þennan hátt. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr. þá mánuði sem orlofið framlengist um.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar sex mánuðum, þó aldrei lengri en samtals sjö mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis, eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarorlof aldrei vera minna en þrír mánuðir eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga sama rétt á fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns eða barna og aðrir foreldrar.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það sem hér greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 106. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt í öllum helstu atriðum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra í tiltekinn tíma eftir fæðingu barns.

Á undanförnum árum hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum stakkaskiptum. Þær breytingar hafa m. a. orðið á högum fólks hér á landi að það er nú fjárhagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur. Á þetta ekki síst við um þá aldurshópa sem nú eru að koma sér upp húsnæði, hasla sér völl í atvinnulífinu og eignast börn.

Nauðsyn þess að hvert heimili hafi tvær fyrirvinnur sést m. a. á þeirri gífurlegu aukningu sem orðið hefur á atvinnuþátttöku kvenna undanfarin ár. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis, en árið 1982 voru yfir 80% kvenna útivinnandi. Það gefur auga leið að við slíkar aðstæður gefst konum lítið svigrúm til þess að sinna nauðsynlegri umönnun ungbarna. Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til þess að sinna því mikilvæga hlutverki að annast um barn á fyrsta æviskeiði þess. Enn fremur fer þeim heimilum sífellt fjölgandi þar sem fyrirvinnan er aðeins ein, en nú mun um áttunda hvert barn í landinu vera á framfæri einstæðrar móður.

Það ber því brýna nauðsyn til að við skipan fæðingarorlofsmála sé komið til móts við þessar breyttu þjóðfélagsaðstæður og fólki gert fjárhagslega kleift að eignast börn. Það verður ekki gert nema með því að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna, móður- og fjölskylduhlutverk þeirra annars vegar og nauðsynlega þátttöku þeirra í atvinnulífinu hins vegar. Auk þessa meginmarkmiðs er með frumvarpi þessu ítrekað mikilvægi barnaumönnunar og móður- og föðurhlutverksins fyrir þá einstaklinga, sem í hlut eiga, og fyrir samfélagið sem heild.

Breytingar frá núverandi lögum skv. þessu frumvarpi eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir allar konur. Greiðsla fæðingarorlofs tryggir móður næði og öryggi til samskipta við barn sitt eftir fæðingu þess. Þó að sex mánaða gamalt barn sé enn háð uppalanda sínum og sé hvergi nærri sjálfbjarga er það þó mun þroskaðra til að takast á við umhverfið en þriggja mánaða gamalt barn. Jafnframt er móðurinni gefið tækifæri til að ná sér eftir áreynslu barnsburðarins og aðlagast þeirri gjörbreytingu sem hann veldur á högum hennar. Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir velferð og þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Þó að allt sé betra en ekkert í þeim efnum hefur löngum verið miðað við a. m. k. sex mánuði sem æskilegan lágmarkstíma brjóstagjafar, en eftir þann tíma fer ónæmiskerfi barnsins að geta annað eigin vörnum. Jafnframt er brjóstagjöf mjög virk til að mynda sterk tilfinningatengsl milli móður og barns. Eins og nú er duga þriggja mánaða fæðingarorlof ekki til að uppfylla þessar lágmarkskröfur.

2. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris þannig að foreldri verði ekki fyrir fjárhagslegu tapi vegna fæðingarorlofs svo sem nú er. Í fyrsta lagi er með þessu verið að viðurkenna að störf þau, er lúta að umönnun og uppeldi barna, eru engu síður þjóðhagslega mikilvæg en störf á hinum almenna vinnumarkaði og að foreldrahlutverkið er a. m. k. jafnmikils virði og fyrirvinnuhlutverkið í krónum talið. Í öðru lagi er hér um beint fjárhagsatriði að ræða fyrir konur sem annars lækka í launum við töku fæðingarorlofs, sem óvíst er að fjárhagur heimilanna geti borið. Sama gildir um feður sem í flestum tilfellum eru hærra launaðir en mæðurnar og mundu því velflestir lækka mikið í launum við töku fæðingarorlofs. Hér er því einnig um að ræða mikilvægan þátt þess að feður geti nýtt sér þessi réttindi og borið aukna ábyrgð á umönnun barna sinna.

3. Gert er ráð fyrir að allar konur fái a. m. k. óskert lágmarksfæðingarorlof án tillits til atvinnuþátttöku. Hér með er afnumið það óréttlæti gagnvart heimavinnandi konum sem viðgengst skv. gildandi lögum og í verki viðurkennd réttarstaða heimavinnandi móður og gildi starfa hennar fyrir þjóðfélagið í heild.

4. Gert er ráð fyrir að breytingar á lágmarksfæðingarorlofi miðist við 9. fl. taxta Verkamannasambandsins í stað 8. fl. skv. núgildandi lögum, en í kjarasamningum aðila

vinnumarkaðarins haustið 1982 var svo um samið að allir launamenn skyldu hækka um einn flokk 1. janúar 1983, þannig að þeir, sem tóku laun skv. 8. fl. V.M.S.Í. þegar lögin voru sett, taka nú laun skv. 9. fl. V.M.S.Í.

5. Gert er ráð fyrir að faðir eigi þess kost að taka fæðingarorlof í tvo mánuði með samþykki móður og skerðist þá orlof hennar sem því nemur. Það er ekki síður mikilvægt að faðir hafi tök á að tengjast barni sínu sem nánast og sem fyrst, en til þess er sá eini mánuður, sem feður eiga nú rétt á skv. gildandi lögum, mjög naumur. Ekki er gert að skilyrði að hér sé um að ræða tvo síðustu mánuði fæðingarorlofs, heldur hljóti foreldrar að ráða tilhögun orlofstökunnar sjálf, án afskipta löggjafans.

6. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlof lengist um a. m. k. tvo mánuði sé um tvíburafæðingu að ræða, og allt að fjórum mánuðum eignist kona fleiri en tvö börn. Hér er tekið tillit til þess að fjölburaforeldrar þurfa lengri tíma til þess að aðlagast breyttum aðstæðum en einburaforeldrar og að barnaumönnun er umfangsmeiri eftir því sem börnin eru fleiri.

7. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlof verði aldrei skemmra en þrír mánuðir ef móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs til varanlegrar dvalar á stofnunum. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát er jafna má til fæðingar, þar sem gera má ráð fyrir að sérhver kona þurfi a. m. k. þrjá mánuði til að jafna sig andlega og líkamlega eftir áreynslu barnsburðarins. Jafnframt er fellt niður ákvæði er varðar fæðingu andvana barns þar sem rétt þykir að kona sem fæðir andvana barn njóti sama réttar og kona sem missir barn sitt skömmu eftir fæðingu.

8. Gert er ráð fyrir að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eigi sama rétt á fæðingarorlofi og aðrir foreldrar. Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar njóti sama réttar og aðrir foreldrar í þessu sambandi þar sem tíma þarf til að aðlagast breyttum aðstæðum bæði fyrir foreldra og barnið.

Eins og fyrr segir var flutt á síðasta löggjafarþingi frv. sem var í öllum megindráttum samhljóða þessu frv. Var því vísað til heilbrigðis- og tryggingarnefndar efri deildar að lokinni fyrstu umræðu 8. febrúar sl., en fékkst ekki afgreitt úr nefndinni til annarrar umræðu og atkvæðagreiðslu fyrir þinglausnir 22. maí. Umsagnir meðmæltar frumvarpinu bárust m. a. frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum kvenna á vinnumarkaðinum, Stéttarsambandi bænda og Kvenfélagasambandi Íslands. Jafnframt beindi Félag einstæðra foreldra þeirri áskorun til Alþingis að veita frumvarpi þessu framgang. Undanfarið hafa konur víða um land einnig staðið fyrir undirskriftasöfnun þessu frumvarpi til stuðnings og höfðu rúmlega 3700 undirskriftir borist nú í október.

Eins og ljóst má vera er mál þetta mikið réttlætismál fyrir alla foreldra hér á landi. Jafnframt er ljóst að eigi konur í raun og veru að hafa eitthvert val um það hvernig lífi þeirra og störfum er háttað er nauðsynlegt að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna. Í þessu frumvarpi er leitast við að samhæfa þátttöku og mikilvægi kvenna í atvinnulífinu annars vegar og hið mikilvæga móðurhlutverk hins vegar. Jafnframt er hér verið að treysta innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkja hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði, tryggja velferð barna á fyrsta æviári þeirra og gefa feðrum kost á að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna. Að síðustu er hér verið að viðurkenna almennt þjóðfélagslegt gildi móðurhlutverksins og þeirra starfa sem því fylgja þar sem hér er lagt til að allar fæðandi konur njóti sama réttar án tillits til atvinnuþátttöku.

Í framsögu með þessu frumvarpi á síðasta löggjafarþingi var gerð grein fyrir kostnaði vegna þessa frumvarps og samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins hafa þær kostnaðaráætlanir staðist miðað við þróun fæðingarorlofsgreiðslna á þessu ári. Jafnframt er nú lagt fram fylgifrumvarp með þessu frumvarpi þar sem gert er ráð fyrir sérstakri tekjuöflun til fæðingarorlofsgreiðslna. Nánar verður gerð grein fyrir fjárhagsatriðum þessa máls í framsögu.

Ed. 154. Frumvarp til siglingalaga. [149. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll skip, sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslensks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa, skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

2. gr.

Skip er óbætandi:

1. Er engri viðgerð verður við komið á því.
2. Er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á.
3. Er skipið er ekki talið þess vert, að við það sé gert.

Öll þau atriði, sem í 1. mgr. eru talin, skulu sönnuð með löglegri skoðunargerð.

II. KAFLI

Um réttindi yfir skipum.

3. gr.

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, svo og á skrásettu, skráningarskyldu skipi, sem er minna en 5 rúmlestir, fer eftir þinglýsingalögum nr. 39/1978.

4. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu, ef þeirra er getið í eignarheimild og skjöl um þau eru afhent dómara til þinglýsingar innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskráningu skipsins í íslenska skipaskrá eða frá fullnaðarskrásetningu þess, ef það var ekki skrásett til bráðabirgða.

5. gr.

Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenskum fána eða er af öðrum ástæðum fellt úr skipaskrá, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslensk skip.

III. KAFLI

Um skipstjóra.

6. gr.

Skipstjóri annast um, áður en ferð er byrjuð, að skip sé haffært, og sér um það í tæka tíð, að það sé vel útbúið, nægilega vel mannað og birgt að vistum, hafi vatn, læknislyf, eldsneyti og aðrar nauðsynjar. Skylt er honum að annast um, að skip sé vel búið til að taka við farmi og flytja hann, að skip sé ekki offermt og farmur vel búlkaður, að lestarop séu tryggilega lukt og fleyguð miðað við þarfir og aðstæður.

Skylt er skipstjóra að gera allt það er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskast, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið.

Samgönguráðherra setur reglur um birgðir skips af lyfjum og öðrum lækningaefnum. Auk þess getur samgönguráðherra sett reglur um fermingu, flutning og affermingu efna, sem sérstök hætta stafar af, og ábyrgist skipstjóri að þeim fyrirmælum sé hlýtt. Skipstjóri ber ábyrgð á, að farið sé eftir lögum og reglum um varnir gegn mengun frá skipum. Það sem hér segir um hættuleg efni og mengun, nær einnig til erlendra skipa, sem fara um landhelgi Íslands.

7. gr.

Skipstjóri annast um, að skipi sé stjórnað og með það farið í samræmi við góðar venjur og kunnáttu í siglingum og sjómennsku.

Skylt er skipstjóra, eftir því sem honum er unnt, að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum skips eða á ferð þess.

8. gr.

Skipstjóra ber að fylgjast með því, að skipsbækur séu færðar eftir því, sem lög og reglur mæla fyrir um. Hann hefur yfirumsjón með færslu í bækurnar og með varðveislu þeirra.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim stjórnvaldsfyrirmælum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

9. gr.

Samgönguráðherra setur reglur um skipsbækur, færslu þeirra og varðveislu, sbr. þó síðari málsgreinar þessarar greinar.

Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim ef honum ber nauðsyn til þess. Þetta á þó ekki við, hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt gefinn aðgangur að bókum þess skips, nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál, sem tengist ferðum skipsins, sem viðkomandi bók varðar, skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist í því máli.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

10. gr.

Skipstjóri annast um, að fermingu og affermingu skips sé hraðað eftir þörfum og að ferð skips dragist ekki. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt, nema honum sé rétt eða skylt að bjarga mönnum eða skipi úr sjávarháska.

11. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera allt sem hann má, til bjargar mönnum, skipi, farmi og öðrum fjármunum, sem á skipi eru, og leita sér til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur. Hann skal gæta þess, að skipsbókum og skipsskjölum sé eða verði vel borgið, eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Eigi skal hann yfirgefa skip, meðan enn er raunhæf von um björgun þess, nema honum sé sjálfum yfirvofandi lífsháski búinn.

12. gr.

Nú fer skipstjóri frá skipi og skal hann þá áður gefa hinum æðsta stýrimanni, sem kostur er á, eða að öðrum kosti ef ekki næst til stýrimanns, öðrum skipverja eða skipverjum nauðsynleg fyrirmæli eða leiðbeiningar um það, sem þörf er á.

Sé skip ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum. Svo er og ávallt ef hætta er á ferðum.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur æðsti stýrimaður í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. Útgerðarmanni skal þegar í stað tilkynnt um framangreind tilvik.

13. gr.

Skipstjóri hefur til þess umboð, samkvæmt stöðu sinni og fyrir hönd útgerðarmanns, að gera samninga varðandi meðferð skips, um framkvæmd ferðar þess, um flutning farms með því eða um flutning farþega, sé skip til þess búið.

Skipstjóri er sóknaraðili útgerðarmanns í málum, sem við koma skipinu.

Nú er fjár vant til framkvæmdar einhvers þess, sem um getur í 1. og 2. mgr., og svo háttar að eigi verður beðið ákvörðunar útgerðarmanns í því efni, og skal þá skipstjóri annast útvegun fjár með hentugum hætti. Er honum þá heimilt, eftir aðstæðum, að taka fé að láni, veðsetja eða selja fjármuni útgerðarmanns og jafnvel, ef í nauðir rekur, að selja af farmi. Þó að löggerningsins hafi ekki verið þörf, bindur hann allt að einu útgerðarmann, ef viðsemjandi var grandlaus.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmanni að staðaldri frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverjir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skipta fyrir útgerðarmann. Hann skal og leita skipana útgerðarmanns um öll mikilsverð málefni að því er hann má við koma eða þess manns, er útgerðarmaður vísar til.

14. gr.

Skipstjóri skal, meðan á ferð stendur, láta sér annt um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeiganda.

Skipstjóri hefur, samkvæmt stöðu sinni, umboð til að gera löggerninga og sækja mál fyrir hönd farmeiganda eftir samsvarandi reglum og segir í 52. — 54. gr. um farmflytjanda.

15. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fé skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

16. gr.

Tjón það, sem skipstjóri veldur útgerðarmanni, farmeigendum eða öðrum með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, er honum skylt að bæta.

Dómstólar geta þó lækkað bótafjárhæð með tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipstjóra og annarra atvika.

17. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil, svo oft sem útgerðarmaður krefst. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, er hann fékk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanns á reikningum hverja sérstaka greiðslu, sem hann hefur tekið við af farmsendanda, farmeiganda, birgðasala eða öðrum þeim er hann átti skipti við sem skipstjóri.

18. gr.

Skipstjóra er óheimilt, án leyfis útgerðarmanns, að taka í skip söluvarning sinn eða annarra. Brjóti hann bann þetta, skal hann greiða útgerðarmanni farmgjald og bæta honum tjón.

19. gr.

Skylt er skipstjóra að veita viðtöku íslenskum sjómönnum sem ræðismönnum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eða til annarrar hafnar, sem skip fer til í þeirri ferð, fyrir fargjald sem samgönguráðherra ákveður.

Skylt er skipstjóra að taka til flutnings, án endurgjalds, ösku látinna íslenskra sjómanna ásamt munum, sem þeir hafa haft með sér, ef þetta hefur ekki óhagræði í för með sér.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um, að ákvæði 1. og 2. mgr. skuli einnig ná til erlendra sjómanna, eftir því sem við getur átt.

20. gr.

Laskist skip á ferð, svo bæta verði að mun eða tefja það í umtalsverðan tíma, er skipstjóra skylt að láta skoðunar- og matsgerð fara fram. Skulu matsmenn líta á skemmdir og segja álit sitt um, hvað aðhafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sé þá vert óbætt. Þá er skip er bætt skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni.

Nú spillist farmur að mun á ferð, eða ráða má af líkum, að hann sé svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fara fram lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemmd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað. Þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna.

Ef óttast má, að farmur hafi spillst á ferð, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en farmur er fenginn í hendur viðtakanda.

IV. KAFLI

Um farmflutninga.

1. Upphafsákvæði.

21. gr.

Með „farmflytjanda“ er í kafla þessum átt við þann, sem með samningi tekur að sér flutning farms með skipi fyrir annan, „farmsamningshafa“.

Um farmsamninga um tilteknar ferðir er að ræða, þegar greiða á flutninginn fyrir hverja ferð, en um farmsamninga um tiltekinn tíma er að ræða, þegar greiða á flutninginn samkvæmt tímaeiningum.

Ákvæði um farmsamninga, sem gerðir eru um tilteknar ferðir skips, taka til þess, er samið er um heilt skip, hluta af skipi eða sendingu stykkjavöru.

22. gr.

Með þeim undantekningum, sem leiðir af 118. gr. og 119. gr., skal beita ákvæðum þessa kafla, nema um annað sé samið eða það leiði af venju.

Eigi skal beita ákvæðum þessa kafla, ef flutningurinn er háður alþjóðlegum samningi um flutning með öðru farartæki.

23. gr.

Nú er samið um flutning með ákveðnu skipi, og er þá farmflytjanda ekki heimilt að efna samninginn með öðru skipi.

24. gr.

Nú er samið um heilt skip eða fullfermi, og er farmflytjanda þá óheimilt að flytja með því skipi vöru fyrir aðra menn en farmsamningshafa.

25. gr.

Nú framselur farmsamningshafi rétt sinn samkvæmt samningnum eða semur við aðra menn um flutning fyrir þá, og ábyrgist hann eigi að síður efndir samningsins.

2. Flutningssamningar um ferð.

26. gr.

Farmflytjanda ber að sýna eðlilega árvekni við að gera skip haffært, þ. á m. að manna, útbúa og vista það á eðlilegan hátt, að hafa lestarrými, kæli- og frystirými og aðra hluta skipsins, þar sem farmur er geymdur, í fullnægjandi ástandi til móttöku, flutnings og varðveislu farms.

Fermingarstaður.

27. gr.

Ef ekki er áskilinn sérstakur fermingarstaður í höfn, skal skip liggja þar sem farmsamningshafi vísar til, enda sé þar ekki tálmun fyrir, skip liggi þar á floti, því sé þar óhætt og komist þaðan hlaðið tálmunarlaust.

Nú hefur ekki verið vísað á tiltekinn stað í tæka tíð, og skal þá velja skipi almennan fermingarstað. Ef það er ekki unnt, skal farmflytjandi velja skipi stað þar sem hæfilegt má telja að ferming geti farið fram.

28. gr.

Farmsamningshafi hefur rétt til að fá skip flutt milli fermingarstaða innan hafnar, hvort sem tiltekinn fermingarstaður hefur verið áskilinn eða ekki, en bera skal hann kostnað af því.

29. gr.

Þegar samið er um flutning á stykkjavöru, hefur farmsamningshafi ekki rétt til að vísa á fermingarstað né að fá skip flutt milli fermingarstaða, nema það leiði af samningi eða venju.

Fermingartími.

30. gr.

Skylt er farmflytjanda að hafa skip búið til fermingar um ákveðinn fermingartíma, sem felur í sér biðdaga og aukabiðdaga.

Farmflytjandi á rétt til sérstakrar þóknunar fyrir aukabiðdaga.

31. gr.

Telja skal þann tíma til biðdaga, sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir við samningsgerð að til fermingar gengi. Skal þá höfð hliðsjón af tegund og stærð skips og farms, fermingartækjum í skipi og í höfn og öðrum sambærilegum ástæðum.

Biðdaga skal telja í vinnudögum og vinnustundum.

32. gr.

Biðdaga skal telja frá því er sagt hefur verið til, að skip sé búið til fermingar á fermingarstað. Beina skal tilkynningu til farmsamningshafa, nema sagt hafi verið til um annan vörusendanda, en þá skal tilkynna honum. Ekki skal tilkynning gefin fyrr en skip er komið á fermingarstað.

Biðdagatíma skal annaðhvort telja frá þeirri klukkustund, er hafnarvinna hefst eftir venju að morgni, enda hafi þá verið sagt til skips fyrir lok skrifstofutíma næsta vinnudag á undan, eða frá þeirri stundu er hádegishléi lýkur, enda hafi þá verið sagt til fyrir hádegi þann sama dag.

Nú er vörusendandi ekki á fermingarstað, og skal þá líta svo á, að honum hafi verið sagt til um skipið, þegar tilkynning hefur verið send honum eða umboðsmanni hans með tilhlýðilegum hætti. Ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, skal tilkynning auglýst, eftir því sem við á þar á staðnum, og hefur birting auglýsingar þá sömu áhrif og þegar tilkynning er send.

33. gr.

Ef aðstæður vörusendanda valda því að skip getur ekki lagst að á fermingarstað, hefst biðdagatími, þegar tilkynnt hefur verið að skip sé búið til fermingar.

Svo er einnig, þegar ekki hefur verið samið um tiltekinn fermingarstað og tálmunin stafar af skipaþröng í höfn eða öðrum svipuðum atvikum, sem farmflytjandi þurfti ekki að gera ráð fyrir við samningsgerð.

34. gr.

Til biðdaga telst sú töf, sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn, en hins vegar ekki sá tími sem fer til ónýtis vegna tálmana af skipsins hálfu.

Nú er skipi valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og telst þá ekki sá tími til biðdaga sem við það fer til ónýtis.

35. gr.

Aukabiðdagar skulu vera hálfu færri en biðdagar. Ef samið er um heilt skip skulu þeir vera 3 dagar hið fæsta.

Tímann skal reikna í vinnudögum og vinnustundum, en þóknunina eftir samfelldum dögum og klukkustundum frá lokum biðdaga. Um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá skal beita ákvæðum 34. gr., eftir því sem við á.

36. gr.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal ákveða með hliðsjón af farmgjaldi, enda sé tekið tillit til aukinna útgjalda annars vegar og sparnaðar hins vegar, sem af því leiðir fyrir skipið að það liggur í höfn.

Krefja má þóknunar að kvöldi fyrir hvern aukabiðdag.

Nú er þóknun ekki greidd eða trygging sett, og má þá geta kröfunnar á farmskírteini.

37. gr.

Þegar tími til fermingar og affermingar er tiltekinn í einu lagi, má ekki nota lengri tíma til fermingar en svo, að hæfilegur tími verði eftir til affermingar.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal þó ekki reikna fyrr en hinn tiltekni biðtími er liðinn í heild.

38. gr.

Þegar samið er um flutning á stykkjavöru, fer um lengd fermingartíma eftir aðstæðum. Tilkynning til vörusendanda skal gerð með hæfilegum fyrirvara. Ákvæði um aukabiðdaga taka ekki til slíkra flutninga.

Ákvæði um tilkynningar taka ekki til skipa, sem eru í förum samkvæmt fastri áætlun.

Ferming.

39. gr.

Farmsamningshafi skal færa vöru að skipshlið, en farmflytjandi annist flutning þaðan á skip, búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú hefur skipi verið valinn óvenjulegur staður, af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og er honum þá allt að einu skylt að taka við vöru á venjulegum fermingarstað.

40. gr.

Afhendingu vöru og viðtöku hennar skal hraða eftir föngum.

Vöru skal afhenda í þeirri röð og með þeim hætti sem haganlegast er fyrir flutning hennar á skip, búlkun og affermingu.

41. gr.

Óheimilt er að búlka vöru á þilfari, nema það hafi næga stoð í samningi eða venju.

42. gr.

Sendandi skal sjá um, eftir því sem við verður komið, að vara sem er eldfim, hætt við sprengingu eða sem hættuleg er að öðru leyti, sé merkt þannig að varast megi hættuna. Honum er einnig skylt að veita þá fræðslu um vöruna, sem nauðsynleg er til að aftra tjóni.

43. gr.

Þegar sendir eru munir, sem þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar, skal frá því skýrt og munirnir merktir á þann hátt, ef unnt er.

Segja skal til þess sérstaklega, ef sendir eru peningar, verðbréf eða dýrgripir.

44. gr.

Skipstjóri, stýrimaður eða sá, sem til þess hefur umboð, skal veita viðurkenningu fyrir móttöku vöru jafnóðum og hún er afhent, ef vörusendandi krefst þess.

45. gr.

Farmflytjandi, skipstjórinn eða sá sem farmflytjandi hefur veitt til þess umboð, skal, ef vörusendandi krefst þess, og nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir, gefa út viðtökufarmskírteini fyrir vörunni, þegar hann hefur tekið við vörunni í sína vörslu, sbr. 101. gr.

Að lokinni fermingu getur vörusendandi krafist þess, að út verði gefið skipsfarmskírteini er sýni að ferming hafi farið fram, sbr. 101. gr. Hafi verið útbúið viðtökufarmskírteini handa vörusendanda, skal hann skila því þegar hann fær

skipsfarmskírteini afhent. Í stað þess að gefa út nýtt farmskírteini má rita á viðtökufarmskírteinið nafn þess skips eða nöfn þeirra skipa, sem vöru var skipað um borð í, og dagsetningu fermingarinnar. Eftir áritun þá sem lýst var telst það vera skipsfarmskírteini.

Sendandi getur krafist sérstaks farmskírteinis fyrir einstaka hluta farms, nema það baki farmflytjanda verulega fyrirhöfn eða óþægindi. Sendandi greiði aukakostnað, sem af því kann að leiða.

Nú er farmskírteini útbúið samkvæmt farmsamningi með öðrum skilmálum en ákveðið var í samningnum, þannig að ábyrgð farmflytjanda eykst við þetta, og skal þá farmsamningshafi bæta honum það, svo að hann verði skaðlaus.

46. gr.

Nú tefst brottför skips að fermingartíma loknum, sökum þess að sendandi afhendir ekki í tæka tíð skjöl sem vöru skulu fylgja, eða veitir ekki vitneskju um ákvörðunarstað eða annað, sem ferð varðar, og getur þá farmflytjandi krafist sömu þóknunar og fyrir aukabiðdaga. Ef hann bíður meira tjón, á hann einnig rétt til að fá það bætt, nema álíta megi, að hvorki sendandi né menn sem hann ber ábyrgð á hafi valdið töfinni með yfirsjónum eða vanrækslu.

47. gr.

Þegar vara sem afhent hefur verið veldur farmflytjanda tjóni eða tjóni á skipi, skal farmsamningshafi greiða bætur, ef um er að kenna yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

Nú hlýst tjón af vöru, sem er eldfim, hætt við sprengingu eða er hættuleg að öðru leyti, og skipað var um borð án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar, og er þá farmsamningshafi ábyrgur fyrir öllu tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, er hlýst af því að vörunni var skipað um borð, jafnvel þótt ekki sé um yfirsjón eða vanrækslu af hans hálfu að ræða.

Framkvæmd ferðar.

48. gr.

Ferð skal haldið áfram með hæfilegum hraða.

Sigling úr leið eða önnur töf er því aðeins heimil, að bjarga þurfi mönnum úr lífsháska, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða af öðrum réttmætum ástæðum.

49. gr.

Nú tefst skip á ferð sökum þess, að vitneskja um ákvörðunarstað eða annað er ferð varðar barst ekki í tæka tíð, og skal þá beita ákvæðum 46. gr., eftir því sem við á.

50. gr.

Farmflytjandi greiði skipsgjöld, hafnsögugjöld, dráttargjöld og annan þess háttar kostnað, sem stofnast í ferð skipsins.

51. gr.

Farmflytjandi skal á eðlilegan og vandvirkan hátt ferma, meðhöndla, stúfa, flytja, varðveita, annast um og afferma vörur, sem hann flytur.

Nú skemmist farmur svo nokkru nemi eða glatast og skal farmflytjandi þá við fyrsta tækifæri tilkynna farmeiganda um það, en náist ekki til hans skal tilkynna vörusendanda.

52. gr.

Farmflytjanda er heimilt að gera, svo að bindandi sé fyrir eiganda farms, alla þá löggerninga, sem miða að því að varðveita farm og koma honum áleiðis. Hann hefur og heimild til að vera sóknaraðili í málum, sem farm snerta.

Nú skortir fé til framkvæmda einhverri nauðsyn, sem í 1. mgr. getur, og er farmflytjanda þá heimilt að taka fé að láni fyrir hönd farmeiganda eða selja af farmi. Þó að ekki hafi borið nauðsyn til samningsgerðar, verður farmeigandi samt við löggerninginn bundinn, ef viðsemjandi var grandlaus.

Nú er hætta á að farmur spillist eða rýrni verulega við geymslu eða flutning áleiðis, eða svo reynist, að kostnaður af geymslu hans eða flutningi muni fara mjög úr hófi fram, og er þá farmflytjanda heimilt að selja hann.

53. gr.

Farmflytjandi skal leita fyrirmæla farmeiganda ef unnt er, áður en hann gerir óvenjulegar ráðstafanir um farminn. Ekki skal farmflytjandi selja af farmi án slíkra fyrirmæla, nema áður sé látin fara fram skoðunargerð eða aflað sé álitsgerðar sérfróðra manna. Sala skal fara fram á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

Ávallt skal tilkynna farmeiganda ráðstafanir þær, sem gerðar voru um farminn.

54. gr.

Nú hefur farmflytjandi lagt fram fé eða játast undir skuldbindingar fyrir farmeiganda, og ábyrgist þá farmeigandi kröfur farmflytjanda sem af því rísa aðeins með farminum.

Affermingarstaður, affermingartími og afferming.

55. gr.

Um affermingarstað skal beita ákvæðum 27.—29. gr., eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem lúta að farmsamningshafa, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn, og hafa þeir þá því aðeins rétt til að vísa á affermingarstað eða til að fá skip flutt milli staða innan hafnar, að þeir séu báðir eða allir sammála um það.

56. gr.

Um affermingartíma skal beita ákvæðum 30.—38. gr., eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að vörusendanda, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

57. gr.

Farmflytjandi lætur vöru af hendi við skipshlið, og skal viðtakandi taka þar við henni.

Nú er ekki unnt að koma skipi á almennan affermingarstað í höfn af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og er honum þá allt að einu skylt að afhenda vöru á venjulegum affermingarstað.

58. gr.

Afhending vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum. Skipa skal vöru upp í þeirri röð og með þeim hætti, að haganlegt sé að taka við henni.

59. gr.

Nú lýkur affermingu ekki á réttum tíma og töfin stafar ekki af tálmunum af hálfu skipsins, og skal þá beita ákvæðum 46. gr., eftir því sem við á.

60. gr.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn, og einn þeirra hefur greitt þóknun fyrir aukabiðdaga eða aðra töf, sem orðið hefur vegna aðstæðna annars viðtakanda, og á hann þá aðgang að hinum um greiðslu kostnaðarins.

Afhending farms.

61. gr.

Sá, sem sýnir heimild sína til viðtöku á farmi, hefur rétt til að skoða hann, áður en hann tekur við honum.

62. gr.

Nú tekur viðtakandi við farmi, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur, sem farmflytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali, sem segir fyrir um flutning farmsins.

63. gr.

Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi fyrr en viðtakandi greiðir eða greiðir á geymslureikning fé það, sem honum ber að greiða eftir 62. gr., og aðrar kröfur sem á vöru hvíla. Varðandi sjótjónsframlag gilda ákvæði 156. gr.

Þegar farmurinn hefur verið afhentur, getur farmflytjandi kallað til geymslufjárins, enda tálmi viðtakandi því ekki með kyrrsetningu eða lögbanni.

64. gr.

Nú fullnægir viðtakandi ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefur svo affermingu, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er farmflytjanda þá heimilt að færa vöru í land og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda. Tilkynna skal viðtakanda geymslu vörunnar.

Ef neitað er að taka við vöru, viðtakandi er ókunnur eða finnst ekki, skal farmflytjandi skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir viðtakandi ekki til sín svo fljótt að vara verði affermd í tæka tíð, og skal farmflytjandi þá skipa upp vöru og fela hana til varðveislu, svo sem fyrr var sagt. Tilkynna skal vörusendanda og farmsamningshafa þessa ráðstöfun á vörunni.

65. gr.

Þegar skip eru í förum samkvæmt fastri áætlun, má skipa vöru upp og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda, enda sé hann ekki við því búinn að veita henni viðtöku, þegar hún kemur í land.

Ef varan er ekki sótt innan hæfilegs frests, skal tilkynna sendanda um geymsluna.

66. gr.

Þegar vara er látin til varðveislu, er farmflytjanda heimilt að selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti svo mikið af henni, sem þarf til lúkningar á kröfum, sem á henni hvíla.

67. gr.

Ef kröfum á hendur farmsamningshafa er ekki fullnægt með sölu vörunnar, ábyrgist hann það sem á skortir.

Hafi farmflytjandi afhent vöru, á hann ekki kröfu á hendur farmsamningshafa um það fé sem viðtakanda var skylt að greiða, nema leitt sé í ljós að greiðsla hefði ekki fengist við sölu á vörunni eða að farmsamningshafi mundi hagnast á kostnað farmflytjanda, ef krafan félli niður.

Ábyrgð farmflytjanda á farmi.

68. gr.

Skemmist farmur eða glatist meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi, ber honum að bæta tjón sem af því hlýst, nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

Farmflytjandi er ekki ábyrgur, þegar hann getur sýnt fram á, að tjónið stafar af:

a) Yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök eða meðferð skips, sem skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum, sem inna starf af hendi í þágu skips, hefur orðið á.
b) Bruna, nema hann stafi af yfirsjón eða vanrækslu farmflytjanda sjálfs.
c) Hættum eða óhöppum, sem eru sérkennandi fyrir siglingar.
d) Náttúruhamförum.
e) Hernaðaraðgerðum.
f) Sjóránum eða öðrum þjóðfélagsfjandsamlegum aðgerðum.
g) Haldi, sem lagt er á, eða af öðrum skerðingum, sem valdhafar, stjórnarherrar eða þjóðir grípa til, svo og af haldi, sem lagt er á samkvæmt réttarreglum.
h) Sóttkvíartálmun.
i) Athöfn eða athafnarleysi vörusendanda eða eiganda vöru, umboðsmanns hans eða fulltrúa.
j) Verkfalli, verkbanni eða annars konar vinnuhindrun, án tillits til ástæðu eða umfangs.
k) Óeirðum eða borgararóstum.
l) Björgun mannslífa, björgun verðmæta á hafi úti eða tilraunum þar að lútandi.
m) Leyndum galla á vöru eða sérstökum eiginleikum hennar eða eigin ágöllum hennar.
n) Ófullnægjandi pökkun.
o) Ófullnægjandi eða ónákvæmri merkingu.
p) Leyndum göllum á skipi, sem ekki er unnt að komast að raun um með eðlilegri árvekni.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni, er hlýst af óhaffærni skips, ef hún er afleiðing þess, að hann eða einhver sem hann ber ábyrgð á, hefur ekki með eðlilegri árvekni séð til þess, að skipið var haffært við upphaf ferðar. Sönnunarbyrði um, að eðlilegrar árvekni hafi verið gætt, hvílir á þeim sem heldur því fram, að hann beri ekki ábyrgð.

Lækka má skaðabætur þær sem farmflytjanda ber að greiða, eða fella þær niður, ef hann sannar að farmsamningshafi eða einhver sem hann ber ábyrgð á, hafi verið meðvaldur að tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

69. gr.

Hafi verið flutt á skip vara, sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti, án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar, er honum heimilt eftir atvikum, að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana, enda er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

Nú var farmflytjanda kunnugt um eiginleika vörunnar við lestun, og er honum engu að síður eftir atvikum, heimilt að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana, ef síðar kemur upp slík hætta fyrir menn, skip eða vöru, að óverjandi væri að varðveita vöruna um borð. Er honum þá ekki skylt að greiða aðrar skaðabætur en leiðir af reglunum um sameiginlegt sjótjón.

70. gr.

Bætur samkvæmt 68. gr. skal ákveða eftir því verðgildi, sem sams konar vara mundi hafa haft samkvæmt farmsamningnum við afhendingu á réttum stað og tíma. Verðgildi vörunnar skal ákveða samkvæmt opinberri verðskráningu, en sé henni ekki til að dreifa þá

markaðsverði, og sé hvorugu þessu til að dreifa, þá venjulegu verði fyrir vöru sömu tegundar og af sömu gæðum.

Bæturnar geta þó ekki orðið hærri en 667 SDR fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru, sem skemmist, glatast eða sem afhendingu seinkar á. Skal miða við þá fjárhæð, sem hæst getur orðið samkvæmt þessu. Með SDR er átt við þá verðmæliseiningu, sem greind er í 177. gr. Gengi þessarar verðmæliseiningar ræðst af þeirri dagsetningu, sem löggjöf landsins þar sem dæmt er í málinu, kveður á um.

Ef notaðir eru gámar, bretti eða svipaður flutningsbúnaður sem vöru er safnað í, skal sérhvert stykki eða önnur eining, sem skráð er í farmskírteini eða í annað viðtökuskírteini fyrir flutningnum, og pökkuð er í þannig búnað, teljast eitt stykki eða flutningseining, þegar beitt er ákvæðum 2. mgr.

Farmflytjandi og sendandi vöru mega semja um hærri hámarksbætur en nefndar eru í 2. mgr. og 3. mgr. um ábyrgð farmflytjanda. Hafi sendandi gefið upp tegund og verð vöru og þessar upplýsingar verið færðar án fyrirvara í farmskírteinið eða í annað viðtökuskírteini um flutninginn, skal það verð lagt til grundvallar um mörk ábyrgðar farmflytjanda, ef þetta leiðir til hærri ábyrgðarmarka en reglurnar í 2. og 3. mgr. Jafnframt skal þetta verð lagt til grundvallar sem verðmæti vöru, ef eigi verða færðar sönnur á annað.

Farmflytjandi verður aldrei ábyrgur fyrir tjóni eða skemmd á vörunni, ef sendandi hefur með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um tegund eða verð í farmskírteini eða í öðru viðtökuskírteini um flutninginn.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein, ef það sannast, að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, og honum mátti vera ljóst, að tjón myndi sennilega hljótast af.

71. gr.

Nú hefur vara verið afhent, án þess að viðtakandi hafi látið farmflytjanda í té skriflega tilkynningu um, að vara hafi glatast eða skemmst, svo að viðtakandi vissi eða mátti vita, og almennt um eðli tjónsins, og telst þá öll varan afhent í því ástandi, sem lýst er í farmskírteini eða öðru viðtökuskírteini um flutninginn, ef ekki eru færðar fram sannanir gegn því. Ef ekki hefði verið unnt að komast að raun um tjónið, gildir hið sama, hafi skrifleg tilkynning ekki verið afhent í síðasta lagi þremur dögum eftir afhendinguna.

Ekki er krafist skriflegrar tilkynningar, ef ástand vörunnar hefur verið kannað sameiginlega við afhendinguna.

Þegar vara hefur glatast eða skemmst eða ætla má að svo sé, skulu farmflytjandi og viðtakandi vöru veita hvor öðrum færi á að skoða vöruna á hentugan hátt og ganga úr skugga um þyngd, mál og stykkjatölu.

72. gr.

Ákvæðunum um mótmæli farmflytjandans og ábyrgðartakmarkanir skal beita, hvort heldur sem krafan byggist á samningi eða á ábyrgð utan samninga.

Ef þess háttar krafa er höfð uppi gagnvart einhverjum, sem farmflytjandi ber ábyrgð á, sbr. 171. gr., á sá aðili rétt á að bera fyrir sig sömu mótmæli og sömu takmarkanir á ábyrgð og farmflytjandinn hefði getað borið fyrir sig. Samanlögð ábyrgð farmflytjandans og ofangreindra aðila skal í engu tilviki fara fram úr því marki, sem greint er í 70. gr.

Nú sannast það, að maður hefur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og með vitund um það að tjón væri fyrirsjáanlegt, og getur hann þá ekki borið fyrir sig ákvæði 2. mgr.

73. gr.

Annist einhver annar en farmflytjandi flutning vöru að nokkru eða öllu leyti, er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni, eins og hann hefði sjálfur annast flutning vörunnar alla

leið. Ákvæði þessa kafla gilda þá, eftir því sem við á. Þetta gildir einnig eftir að farmskírteini hefur verið gefið út.

Við flutning sem fram fer með skipi, er sá sem annast flutninginn, ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins samkvæmt sömu ákvæðum og farmflytjandi. Ákvæði 72. gr. gilda eftir því sem við á.

Farmflytjandi og sá sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., eru ábyrgir hvor fyrir annan. Sameiginleg ábyrgð þeirra getur ekki farið fram úr ábyrgðarmörkum þeim, sem greind eru í 70. gr.

Flutningur.

74. gr.

Ef ekki hefur verið samið um fjárhæð farmgjalds, skal greiða það gjald, sem almennt var þegar ferming fór fram.

Nú hefur verið flutt á skip meira en um var samið af þeirri vöru, sem samningur tekur til, og skal þá gjalda fyrir það sem umfram var, að réttri tiltölu við hitt sem um var samið.

75. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir vöru, sem ekki kemur til skila við ferðalok, nema hún hafi farist vegna ástands hennar sjálfrar eða af ónógum umbúnaði eða annarri yfirsjón eða vanrækslu sendanda, hún hafi verið seld í ferðinni fyrir hönd eiganda hennar eða flutt úr skipinu, gerð óskaðleg eða eyðilögð samkvæmt ákvæðum 69. gr.

Ef farmflytjandi á ekki rétt til farmgjalds eftir því sem nú var sagt, skal hann endurgreiða farmgjald, sem greitt hefur verið fyrir fram.

Seinkun og dráttur af hálfu farmflytjanda.

76. gr.

Nú kemur skip of seint til fermingarhafnar eða um aðra töf er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerðina, að töfin mundi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með flutningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum, getur farmsamningshafi riftað samningnum, nema dráttur sé óverulegur.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skip skuli vera búið til að taka við farmi innan tiltekins tíma, og hefur þá sérhver dráttur í för með sér heimild fyrir farmsamningshafa til riftunar á samningi.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni koma of seint til fermingarhafnar, verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

77. gr.

Nú er vara á skip komin, og getur farmsamningshafi þá ekki riftað samningi, ef afferming vöru mundi valda öðrum farmsamningshafa tjóni.

78. gr.

Nú gildir farmsamningur um tiltekið skip, sem ferst eða er dæmt óbætandi, og er þá farmflytjandi ekki skyldugur til að annast flutninginn.

79. gr.

Nú er hluta af ferð lokið, þegar farmsamningi er slitið samkvæmt 76. gr. eða skylda farmflytjanda til að annast flutninginn fellur niður samkvæmt 78. gr., og á hann þá rétt til farmgjalds eftir vegalengd fyrir þá vöru, sem til skila kemur.

Sama hlutfall skal vera milli farmgjalds eftir vegalengd og umsamins heildarfarmgjalds, sem á milli leiðar þeirrar sem farin var, og umsaminnar heildarferðar, en jafnframt skal þó taka tillit til, hversu miklum tíma var til varið, og til sérstaks kostnaðar við sams konar ferðir. Ekki má farmgjald eftir vegalengd fara fram úr verðgildi farmsins.

Hvor aðila um sig á rétt til að fá farmgjald eftir vegalengd ákveðið af löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns. Bera má ákvörðun hans undir dómstóla.

80. gr.

Nú hlýst tjón af því, að skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða það leiðir að öðru leyti af drætti af hálfu farmflytjanda, og tjónið fellur ekki undir 68. gr., og skal þá beita ákvæðum 68. gr., eftir því sem við á.

Riftun og tálmanir af hálfu farmsamningshafa.

81. gr.

Ef farmsamningshafi riftar samningi áður en ferming hefst, á farmflytjandi rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

Farmsamningshafi verður þó ekki bótaskyldur, ef telja má ókleift að afhenda vöruna eða flytja eða koma henni á land á ákvörðunarstað vegna atvika, sem ekki eru þess eðlis, að hann hefði átt að hafa þau í huga við samningsgerð. Má til slíkra atvika telja útflutningsbann, innflutningsbann eða aðrar sambærilegar tálmanir af hálfu stjórnvalda, að allir hlutir af þeirri tegund vöru sem flytja skyldi, hafi farist af hendingu eða hin tiltekna vara sem samið var um að flytja, hafi farist af óhappatilviljun. Farmflytjanda er einnig heimilt að rifta samningi bótalaust, ef flutningur vörunnar hefði í för með sér veigamikið óhagræði fyrir hann. Nú vill aðili rifta samningi af einhverjum sökum sem hér var greint, og skal hann þá tilkynna hinum það án óþarfrar tafar.

Ef engin vara er til skips komin, þegar fermingartíma lýkur, skal líta svo á að farmsamningshafi hafi slitið samningi.

82. gr.

Nú lætur farmsamningshafi ekki af hendi alla þá vöru sem tilskilin var, og skal þá líta svo á að hann hafi riftað samningi að því er tekur til þeirrar vöru, sem ekki var afhent. Farmflytjandi á þá rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, nema atvik liggi svo til sem greint er í 2. mgr. 81. gr.

Hvort sem farmflytjandi kann að eiga bótarétt eða ekki, getur hann neitað að flytja vöruna í heild, ef bætur eru ekki greiddar eða trygging sett fyrir lok fermingartíma samkvæmt áskorun þar um.

Ef farmflytjandi riftar samningi um flutning vörunnar í heild, á hann rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, nema atvik liggi svo til um vöru þá sem ekki var afhent, sem greint er í 2. mgr. 81. gr.

83. gr.

Eftir að vara er komin á skip, verður samningi ekki slitið í fermingarhöfn né á meðan ferð stendur, ef afferming vöru hefur í för með sér verulegt óhagræði fyrir farmflytjanda eða mundi baka öðrum farmsamningshafa tjón. Beita skal hér, eftir því sem við á, ákvæðum 81. og 82. gr. um rétt farmflytjanda til bóta og riftunar samnings í heild.

Nú er vöru skipað upp í einhverri höfn á leið skipsins, og á farmflytjandi þá ávallt rétt til farmgjalds eftir vegalengd.

84. gr.

Þegar ákveðin er fjárhæð bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, skal tillit tekið til þess, hvort farmflytjandi hefur látið undir höfuð leggjast án nægra ástæðna, að taka aðra vöru í hinnar stað.

Þó að farmflytjandi eigi ekki rétt til skaðabóta, skal farmsamningshafi eigi að síður greiða þóknun, sem þegar er á fallin, fyrir aukabiðdaga og aðra töf.

Gagnkvæmur riftunarréttur.

85. gr.

Ef í ljós kemur, eftir að samningur var gerður, að skipi eða farmi myndi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða eða sjórána eða annarra vopnaðra árása eða hætta af þessum sökum hefur aukist til muna, er bæði farmflytjanda og farmsamningshafa heimilt að rifta samningi bótalaust, þó að ferð sé hafin. Sá sem rifta vill farmsamningi, skal tilkynna það án óþarfrar tafar. Farist fyrir að tilkynna það, skal hann bæta tjón, sem af því leiðir.

Ef hættu verður afstýrt með því að skilja eftir eða afferma nokkurn hluta af farmi, er riftun aðeins heimil, að því er til þessa hluta tekur. Þó getur farmflytjandi, ef það bakar ekki öðrum farmsamningshafa tjón, riftað samningi í heild, nema bætur séu greiddar eða trygging sett samkvæmt áskorun þar um.

Beita skal ákvæðum 79. gr. og 2. mgr. 84. gr., eftir því sem við á.

86. gr.

Nú tefur þess háttar tálmun sem getið er í 85. gr. skipið í fermingarhöfn, eftir að það hefur tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá kostnaði af töfinni jafnað niður á skip, farmgjald og farm eftir því sem mælt er fyrir um sameiginlegt sjótjón. Nú er samningi riftað, og tekur þetta þá ekki til kostnaðar, sem á fellur eftir það.

3. Tímabundnir farmsamningar.

87. gr.

Þegar gerður hefur verið tímabundinn farmsamningur, skal farmflytjandi á því tímabili, sem er til ráðstöfunar fyrir farmsamningshafa, láta það fara þær ferðir, sem farmsamningshafi mælir fyrir um í samræmi við samninginn.

88. gr.

Farmflytjandi skal sjá um, að skip sé svo mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti í því ástandi, að það fullnægi skilyrðum til almennra flutningaferða. Honum er þó ekki skylt að leggja til brennsluolíu.

89. gr.

Farmsamningshafi annast og kostar fermingu, búlkun og affermingu. Hann getur ekki krafist annarrar þjónustu af skipstjóra og skipshöfn, en venjuleg er í flutningaferðum í sams konar siglingum. Farmsamningshafi ber kostnað af yfirvinnu og öðrum aukaútgjöldum við þá þjónustu.

Nú verður farmflytjandi að greiða eiganda vöru skaðabætur vegna þess að vara hefur skaddast eða farið forgörðum við fermingu, búlkun eða affermingu, og á hann þá endurkröfu á hendur farmsamningshafa, nema um sé að ræða sök skipstjóra eða skipshafnar við framkvæmd þess hluta verksins, sem þeim var skylt að vinna.

90. gr.

Farmsamningshafa ber að greiða öll útgjöld við framkvæmd ferða, sem ekki hvíla á farmflytjanda samkvæmt því er áður var greint.

91. gr.

Farmflytjanda er skylt að gefa úr farmskírteini fyrir vöru, sem á skip er komin, með þeim flutningsskilmálum, sem venjulegir eru í sams konar siglingum. Ef hann bakar sér með því aukna ábyrgð, ber farmsamningshafa að bæta honum þann kostnað.

92. gr.

Ekki er farmflytjanda skylt að láta skipið fara ferð, sem hættuleg er skipi eða skipshöfn, ef hann þurfti ekki að gera ráð fyrir þeirri hættu við samningsgerð. Honum er ekki heldur skylt að taka á skip eldfima muni eða muni, sem hætt er við sprengingu eða sem hættulegir eru að öðru leyti.

93. gr.

Skylt er farmflytjanda að láta skipið hefja nýja ferð, þó að henni verði ekki lokið á samningstímanum, ef tími sá sem skipið er til ráðstöfunar farmsamningshafa, lengist ekki meira við það en hóflegt má telja.

Fyrir þann tíma sem umfram verður, skal greiða sama tímagjald og í samningi er áskilið.

94. gr.

Farmgjald samkvæmt tímabundnum farmsamningi skal greiða mánaðarlega fyrir fram.

Nú tefst skip vegna aðstæðna farmflytjanda, þar á meðal vegna viðhalds á skipi eða til að bæta úr tjóni, sem ekki stafar af yfirsjón eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ber ábyrgð á, og ber þá ekki að greiða farmgjald meðan sú töf stendur yfir.

95. gr.

Ef skip týnist og ekki er vitað, hvenær slysið bar að höndum, skal greiða tímafarmgjald fyrir helming þess tíma, sem skipið hefði þurft til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar frá þeim stað, sem síðast spurðist til þess.

96. gr.

Nú er farmsamningshafa ekki fengið skip til ráðstöfunar í tæka tíð eða um annan drátt er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð, að töfin mundi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með samningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum, getur farmsamningshafi riftað samningi, nema töfin sé óveruleg.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skipið skuli vera fengið farmsamningshafa til ráðstöfunar innan tiltekins tíma, og heimilar þá sérhver dráttur riftun.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni tefjast, verður farmsamningshafi ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

97. gr.

Farmflytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem leiðir af drætti af hans hálfu eða af því að skip ferst eða er dæmt óbætandi, nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

98. gr.

Nú er tímafarmgjald ekki greitt á réttum tíma, og er farmflytjanda þá heimilt að rifta samningi og krefjast bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

99. gr.

Farmflytjandi á rétt til bóta fyrir tjón á skipi, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

100. gr.

Framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns skal farmsamningshafi inna af höndum, þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða.

Takmörkunarsjóður samkvæmt 179. gr. skal ávallt nema fullri takmörkunarfjárhæð samkvæmt 177. gr., fyrir þeim kröfum, sem takmörkun ábyrgðar lýtur að og stafa af sama atburði. Sjóðurinn skal enn fremur taka til vaxta af takmörkunarfjárhæðinni frá því að atburður varð og fram til sjóðsstofnunarinnar, með fjárhæð, sem svarar til almennra forvaxta (diskonto) á hverjum tíma að viðbættum 2% p. a.

186. gr.

Sá er setur fram beiðni um stofnun takmörkunarsjóðs, skal leggja fram til vörslu sjóðsfjárhæðina, sbr. 185. gr., í reiðufé eða setja aðra nægilega tryggingu fyrir henni. Jafnframt ber honum að tilkynna Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr., um alla þá sem ætla má að leggja muni fram kröfu gegn sjóðnum, ásamt greinargerð um ástæður að baki sjóðsstofnuninni.

187. gr.

Með dómi verður úrskurðað um upphæð framlags úr sjóðnum og enn fremur, hvort tekin sé til greina trygging, sem kann að verða boðin fram.

Ákveða skal í dómi, hvort jafnframt skuli sett trygging fyrir viðbótarfjárhæð, sem bætast kann við kostnað, er stafar af umsjón með sjóðnum, þ. m. t. málskostnaður, og til að standa undir hugsanlegum vaxtakröfum. Einungis er unnt að krefjast tryggingar á vöxtum, sem áfallnir eru eftir stofnun sjóðsins.

Nú kemur fram í úrskurðinum, að fjárhæðir samkvæmt 185. gr. hafi verið geymslutryggðar í reiðufé, sbr. lög um geymslufé nr. 9 frá 5. maí 1978, eða að önnur nægileg trygging hafi verið sett, og telst sjóðurinn þá stofnaður við uppkvaðningu úrskurðarins. Annars telst sjóðurinn stofnaður, þegar dómari staðfestir með áritun á úrskurðinn, að greiðsla hafi farið fram eða trygging verið sett. Afrit úrskurðar skal þá þegar afhent Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka, sem Seðlabankinn hefur ákveðið, sbr. 184. gr.

Dómari getur með síðari úrskurði hækkað tryggingunga fyrir viðbótarfjárhæðinni samkvæmt 185. gr.

188. gr.

Dómari skal án tafar senda tilkynningu um sjóðsstofnunina til Lögbirtingablaðs, þar sem lýst sé eftir að hugsanlegir kröfuhafar gefi sig fram innan tiltekins innköllunarfrests, sem sé eigi skemmri en 2 mánuðir, og lýsi þar kröfu í sjóðinn. Í innkölluninni skal vakin athygli á efni 3. mgr. 179. gr. og 196. gr.

Innköllunin skal enn fremur birt í öðrum fjölmiðlum, eftir því sem dómurinn ákveður, og einnig skal, ef ástæða er til, birta hana í öðru ríki, þar sem tjón hefur orðið. Sérstaka innköllun skal senda í ábyrgðarbréfi öllum kröfuhöfum, sem vitað er um.

189. gr.

Sá sem lýsir kröfu, skal láta dómara í té nauðsynlegar upplýsingar um kröfuna, þ. á m. á hverju krafan sé byggð og upphæð hennar, og hvort hún sé eða hafi verið andlag sérstakrar málssóknar.

190. gr.

Um kröfur, sem ekki hafa verið tilkynntar dómara áður en skipting sjóðsins er tekin til ákvörðunar fyrir dómi, gilda ákvæði 196. gr.

191. gr.

Dómari getur með úrskurði, gefið sjóðinn lausan, enda sé þá lýsingarfrestur liðinn og samþykki liggi fyrir frá stofnanda sjóðsins og kröfuhöfum lýstra krafna.

192. gr.

Að loknum lýsingarfresti ber dómara, eftir beiðni þess, sem stofnaði sjóðinn eða þess, sem tryggir gegn áhættunni eða þess, sem kröfu á til greiðslu úr sjóðnum, að kveðja þá aðila, er málið snertir, saman til þinghalds, til að fjalla um ábyrgðargrundvöllinn, um rétt til ábyrgðartakmörkunar svo og um fjárupphæðir, sem nefndar eru í 185. gr., og kröfur, sem lýst hefur verið.

193. gr.

Í dómi skal tekin afstaða til mótmæla, sem fram koma gegn rétti til ábyrgðartakmörkunar, gegn upphæð sjóðsins eða gegn kröfu, sem lýst hefur verið.

194. gr.

Eftir lok lýsingarfrests er dómara heimilt að ákveða, að fram skuli fara bráðabirgðaúthlutun.

195. gr.

Þegar öll ágreiningsmál eru til lykta leidd, skal dómarinn úthluta sjóðnum samkvæmt 178. gr.

Úthluta skal sjóðnum og viðbótarfjárhæðinni, þó svo að ekki liggi fyrir réttur til ábyrgðartakmörkunar. Samkvæmt beiðni getur dómari kveðið upp dóm fyrir þeim hluta af kröfunni, sem ekki fæst greiddur af sjóðnum.

196. gr.

Þegar dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi, verða allar ákvarðanir dómsins varðandi takmörkunarrétt, upphæð sjóðsins, lýstar kröfur og skiptingu sjóðsins skuldbindandi fyrir alla þá, sem eiga kröfu gegn sjóðnum, án tillits til þess, hvort kröfunni hafi verið lýst í sjóðnum.

XI. KAFLI

Um sjóveðrétt o. fl.

1. Sjóveðréttur og önnur réttindi í skipum.

197. gr.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóðveðrétti í skipi:

1) Laun og önnur þóknun, sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð.
2) Bætur fyrir lífs- eða líkamstjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins.
3) Bætur fyrir eignartjón sem hlotist hefur í beinu sambandi við rekstur skipsins, enda sé bótakrafan eigi byggð á samningi.
4) Björgunarlaun, bætur fyrir að fjarlægja skipsflak og framlög til sameiginlegs sjótjóns.
5) Skipagjöld.

Sjóveðréttur stofnast, hvort heldur sem krafan beinist að útgerðarmanni viðkomandi skips, eiganda þess, afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamanni (disponent).

Sjóveðréttur stofnast um leið og krafa sú, sem honum er ætlað að tryggja.

198. gr.

Sjóveðréttur í skipi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum í því.

Kröfum sem sjóveðréttur fylgir, skal fullnægja í þeirri röð töluliða, sem þær eru taldar í 1. mgr. 197. gr., og þær sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnréttháar sín í milli. Þó skulu þær kröfur sem taldar eru í 4. tölulið 1. mgr. 197. gr., ganga fyrir öðrum kröfum sem áður hafa stofnast, og af þeim kröfum sem taldar eru í 4. tölulið, ganga yngri kröfur fyrir eldri.

199. gr.

Sjóveðréttur helst áfram í skipi, að undanskildum tilvikum þeim sem í 202. gr. greinir, þó að eignarréttur yfir því færist til annarra eða breyting verði á skráningu þess. Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips, hafi áskilnaði um sjóveðrétt eigi verið þinglýst innan tíu vikna frá því að krafa stofnast. Við þinglýsingu skal kröfuhafi gera grein fyrir fjárhæð kröfu sinnar eftir því sem unnt er, ásamt öðrum þeim atriðum sem máli skipta.

Nú hefur skip verið framselt við frjálst afsal til erlends aðila og það hefur í för með sér, að veðréttur fyrir kröfu, sem framseljandi var ekki persónulega ábyrgur fyrir, fellur niður eða nýtur lakari forgangs, og verður þá framseljandi persónulega ábyrgur fyrir kröfunni allt að verðmæti veðsins.

200. gr.

Sá sem hefur smíðað skip eða framkvæmt viðgerð á því, getur beitt haldsrétti til tryggingar kröfu sinni vegna smíðinnar eða viðgerðarinnar, enda hafi hann vörslu skipsins.

Haldsréttur tekur ekki til kröfu eða þess hluta kröfu sem ágreiningur er um, ef haldsréttarþoli setur bankatryggingu eða aðra sambærilega tryggingu fyrir greiðslu kröfunnar, eins og hún verður úrskurðuð eða dæmd.

Haldsréttur víkur fyrir sjóveðréttindum í skipi, en gengur fyrir skráðum veðréttindum og öðrum eignarhöftum.

201. gr.

Sjóveðréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs frá því að krafa stofnaðist.

202. gr.

Nú fer fram nauðungarsala á skipi hér á landi, og falla þá niður sjóveðréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

Nú er skip dæmt óbætandi, og getur þá eigandi krafist þess að það verði selt á opinberu uppboði eftir reglum réttarfarslaga, með þeim afleiðingum, að sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft falla niður.

Við skiptingu söluandvirðis víkja sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu fyrir kostnaði þeim, sem dómur hefur úrskurðað vegna kyrrsetningarinnar eða fjárnámsins og nauðungarsölunnar. Sjóveðhafar eiga heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

Nú fer nauðungarsala á skipi fram í erlendu ríki, og falla þá sjóveð, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu niður, að því tilskildu að skipið sé statt í hlutaðeigandi ríki á þeim tíma sem salan fer fram, og að salan hafi farið fram í samræmi við löggjöf þess ríkis.

203. gr.

Sjóveð í skipi nær einnig til skipsbúnaðar. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

2. Sjóveðréttur í farmi.

204. gr.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í farmi:

1) Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns svo og til kostnaðar sem jafnað er niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.
2) Kröfur sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum, er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hefur gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjaldskröfur þeirra ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði á farmi. Enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru, sem seld var í þágu annarra farmeigenda.
3) Kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, sem af því stafar að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

205. gr.

Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær eru taldar í 204. gr. Kröfur sem taldar eru í sama tölulið, eru jafnréttháar, en þó því aðeins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama atburði, ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

206. gr.

Sjóveðréttur í farmi fellur niður, þegar vara hefur verið afhent. Svo er og, ef varan er seld á nauðungaruppboði eða seld á ferð í þágu skips eða farms.

Sá sem án leyfis kröfuhafa afhendir vöru, sem honum er kunnugt um eða mátti vera kunnugt um að sjóveð hvílir á, ábyrgist kröfuna persónulega, allt að verðmæti veðsins. Hafi viðtakandinn ekki verið persónulega ábyrgur fyrir kröfunni gildir hið sama um hann, ef honum var kunnugt um kröfuna þegar varan var afhent.

Sá sem afhendir vöru, er sjóveð fyrir framlagi til sameiginlegs sjótjóns hvílir á, verður þó ekki persónulega ábyrgur fyrir þessari kröfu, hafi eigandi vörunnar ábyrgst kröfuna persónulega og sett fullnægjandi tryggingu fyrir henni, sbr. 2. mgr. 156. gr.

207. gr.

Sjóveðréttur í farmi fyrnist á einu ári frá því að krafa stofnast, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn áður en sá tími er úti.

3. Ýmis ákvæði.

208. gr.

Samningsbundinn veðréttur í erlendu skipi er viðurkenndur gildur hér á landi, ef:

1) Veðrétturinn hefur stofnast og er skráður í samræmi við löggjöf þess ríkis, sem skipið er skráð í.
2) Skráin og skjöl þau sem varðveita á, eru aðgengileg fyrir almenning og afla má endurrits skrárinnar og afrits þessara skjala á þeim stað og
3) Skráin eða nefnd skjöl hafa upplýsingar að geyma um:
   a) Nafn veðhafa og heimilisfang eða hvort veðbréf sé gefið út til handhafa.
   b) Fjárhæðina, sem veðrétturinn á að tryggja.
   c) Dagsetningu og önnur atriði, sem samkvæmt lögum í skráningarlandinu segja til um forgang veðréttarins gagnvart öðrum skráðum veðréttindum.

Eignarréttur að og veðréttur í skipi sem er í byggingu erlendis, er viðurkenndur gildur hér á landi, svo framarlega sem réttindin eru skráð í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem skip er byggt.

209. gr.

Sá sem hefur fleiri veð fyrir kröfu sinni en eitt, getur gengið að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Nú hefur hann í einu veðinu leitað sér lúkningar á meira fé en mundi koma á það veð að réttri tiltölu, og getur þá sá eigandi sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi sem fékk veð sitt svo rýrt, að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.

210. gr.

Við framsal eða önnur eigendaskipti að kröfu sem tryggð er með sjóveðrétti, flyst sjóveðrétturinn til hins nýja kröfuhafa.

211. gr.

Sjóveðréttur nær ekki til krafna til skaðabóta fyrir missi eða tjón á skipi eða farmi. Hið sama gildir um kröfur samkvæmt vátryggingarsamningi.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 197. gr. skal þó einnig ná til vátryggingarfjár skips.

212. gr.

Mál til fullnustu kröfu sem tryggð er með sjóveðrétti í skipi, má hvort heldur sem er höfða gegn eiganda skips eða skipstjóranum.

Mál til fullnægingar á sjóveðréttindum í farmi má höfða gegn skipstjóranum. Útgerðarmaður eða sá sem útgerðarmaður hefur fengið skipið í hendur til siglinga fyrir eigin reikning, getur þó ekki höfðað þess háttar mál gegn skipstjóranum.

213. gr.

Ákvæði 197.—203. gr. og 209.—212. gr. gilda í öllum tilvikum, þar sem sjóveðrétti, annars konar veðréttindum eða öðrum eignarhöftum í skipi er haldið fram fyrir íslenskum dómstóli, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Löggjöf þess ríkis sem skip er skráð í, gildir
a) um innbyrðis röð veðréttinda í erlendu skipi, sem viðurkennd eru samkvæmt 208. gr., og um áhrif þeirra gagnvart þriðja manni, og
b) um lögbundin eignarhöft í skipi, sem standa að baki skráðum veðréttindum.

Ákvæði 2. mgr. gilda, eftir því sem við á, um skip í smíðum. Innbyrðis röð milli haldsréttar og annarra eignarhafta í skipi í smíðum ræðst af löggjöf þess ríkis sem skip er smíðað í.

214. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur sem mæli fyrir um, að fullkomnar heimildir um öll skráð eignarhöft í skipum, þ. á m. skipum í smíðum, sem skráð eða skráningarskyld eru hér á landi, séu varðveittar á einum stað, og um skyldu viðkomandi embættismanna til að skila heimildunum á þann stað.

XII. KAFLI

Fyrning á sjókröfum.

215. gr.

Kröfur þær er hér verða taldar falla niður vegna fyrningar, ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim sem sjótjóni jafna niður, ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka sem hér segir:

1) Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því er björgunarstarfi lauk.
2) Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi sem greint er í 162. gr.: innan tveggja ára frá því að atburður sá gerðist, sem tjóni olli.
3) Skaðabótakrafa samkvæmt fyrri málslið 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþegi yfirgaf skip, eða hafi andlát borið að höndum meðan á ferð stóð, frá þeim degi er farþegi átti að yfirgefa skip. Hafi andlát borið að höndum eftir að farþegi yfirgaf skip, miðast fyrningarfrestur við tvö ár frá dánardægri, en getur þó aldrei verið lengri en þrjú ár frá þeim degi er farþegi yfirgaf skip.
4) Skaðabótakrafa eftir 138. gr.: innan tveggja ára frá því, að farangur var fluttur í land, eða, hafi farangur glatast, frá því að hann hefði átt að vera fluttur í land.
5) Skaðabótakrafa eftir síðari málslið 137. gr.: innan tveggja ára frá því að farþeginn yfirgaf skip.
6) Skaðabótakrafa út af því að vöru var skilað án þess að farmskírteini væri framvísað eða henni var skilað til rangs móttakanda: innan eins árs frá því er vöru bar að skila eða frá því er henni var skilað, ef það gerist síðar.
7) Skaðabótakrafa eftir 68. gr. eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því að vöru var skilað eða henni bar að skila.
8) Krafa um framlag til sameiginlegs sjótjóns eða til kostnaðar, sem jafna skal niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.
9) Krafa sem sætir takmarkaðri ábyrgð samkvæmt 173. gr.: innan þriggja ára frá því að hún féll í gjalddaga.
10) Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 199. eða 206. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

216. gr.

Endurkröfur, er stofnast í tengslum við kröfur samkvæmt 2., 6. og 7. tölulið 215. gr., falla niður vegna fyrningar innan eins árs frá því að greiðsla fór fram eða lögsókn hófst til

heimtu greiðslunnar. Fyrningarfrestur endurkröfu, er stofnast í tengslum við skaðabótakröfu vegna tjóns á mönnum samkvæmt 2. tölulið 215. gr., hefst þó í fyrsta lagi þann dag, er skaðabótakrafan var greidd.

217. gr.

Ógildir eru samningar, sem mæla fyrir um, að kröfur þær sem taldar eru í 215. gr. skuli ekki fyrnast eða að þeim skuli fylgja lengri fyrningarfrestur en þar er boðinn.

218. gr.

Þegar mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli, skal ávallt farið eftir íslenskum lögum um það, hverjar athafnir rifta fyrningu, svo og um önnur atriði sem varða fyrningu á sjókröfum.

XIII. KAFLI

Um sjópróf o. fl.

219. gr.

Sjópróf skal halda:

1) Þegar maður, sem ráðinn er til starfa á skipi, hefur andast um borð, horfið eða orðið fyrir meiri háttar líkamstjóni, er skipið var statt utan íslenskrar hafnar.
2) Þegar maður, sem er á skipi en eigi ráðinn í þjónustu þess, hverfur af skipi, drukknar eða verður fyrir meiri háttar líkamstjóni, er skipið er statt utan hafnar eða skipalægis.
3) Þegar skip hefur farist, árekstur hefur orðið með skipum, ásigling eða strand átt sér stað, skip hefur laskast að mun eða valdið umtalsverðu tjóni á verðmætum utan skips, svo og þegar skip hefur verið yfirgefið í hafi eða lent í bráðri hættu, svo sem þegar sprenging eða eldsvoði verður um borð, þegar farmur hefur færst verulega úr stað eða aðrar sambærilegar hættur ber að.

220. gr.

Sjópróf skal haldið, ef Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega, enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en tilgreind eru í 219. grein.

Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess, að sjópróf séu haldin vegna slysa sem verða á erlendum skipum, ef slys verður í íslenskri landhelgi, sbr. 1. gr. l. nr. 41/1979, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Skal þá utanríkisráðuneyti gert viðvart um fyrirhugað sjópróf.

Nú verður slys eða tjón í ferð erlends skips, sem snertir verulega hagsmuni íslenskra aðila, án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við, og getur þá Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að sjópróf séu haldin, ef skipið er statt í íslenskri höfn.

Þegar skip, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., er statt í íslenskri höfn, getur Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess, að skipið fái eigi tollvegabréf, fyrr en sjópróf hefur verið haldið.

221. gr.

Tilgangur sjóprófs er að leiða í ljós svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir, sem máli skipta í því sambandi, þ. m. t. upplýsingar um allt það, er varðar mat á haffærni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna.

Dómari sá sem stjórnar sjóprófi, getur leitað aðstoðar lögreglu og/eða Rannsóknarlögreglu ríkisins við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem tilefni gefst til.

222. gr.

Hafi sá atburður sem tilefni gaf til sjóprófs orðið meðan skip lá í höfn, eða fyrst komið í ljós þar, skal sjópróf haldið á þeim stað. Hafi atburður orðið meðan skip var í hafi, skal sjópróf að jafnaði haldið þar sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, sbr. þó 227. gr. Þó má fresta sjóprófi þar til skip eða áhöfn kemur til annars staðar, ef við það sparast tími eða fé eða það hefur í för með sér umtalsvert hagræði, og ekkert mælir því í gegn. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar sem hagkvæmast þykir. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri skal þá þegar tilkynna Siglingamálastofnun eða eftirlitsmanni hennar um þessa ráðstöfun.

223. gr.

Sjópróf skulu hér á landi fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi. Erlendis eru sjópróf haldin hjá þeim dómstól eða yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, eða ræðismanni Íslands, ef hann hefur vald til þess. Ef sjópróf fer fram fyrir erlendum dómstól eða yfirvaldi, skal hinum næsta íslenska ræðismanni tilkynnt um það, þannig að hann geti verið viðstaddur. Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um sjópróf, hvort sem hann hefur haldið það sjálfur eða átt þess kost að vera viðstaddur, en skýrslan skal síðan send Siglingamálastofnun ríkisins.

224. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá til þess, að sjópróf sé haldið svo skjótt sem auðið er. Hafi skip horfið eða megi ætla, að öll áhöfn þess hafi farist, hvílir þessi skylda á útgerðarmanni.

Hafi atburður sá sem er tilefni sjóprófs orðið meðan skip var í höfn, skal beiðni um sjópróf borin fram innan 48 stunda rúmhelgra daga.

Til sjóprófs, sem haldið er hér á landi, skal eftir föngum, boða þá sem vitað er eða sem ætla má að hafi verulegra hagsmuna að gæta vegna þess atburðar sem var tilefni sjóprófsins.

225. gr.

Skriflegri beiðni um sjópróf skal fylgja nákvæmt eftirrit eða skýrt ljósrit af því, sem skráð er í skipsbækur um viðkomandi atburð, og skrifleg skýrsla um atburðinn. Skýrslu þessari skal ef ástæða er til, fylgja uppdráttur af aðstæðum öllum og útsetning í sjókort í stærsta mælikvarða. Einnig skal fylgja listi yfir áhöfn skips og þá menn sem ætla má, að geti gefið upplýsingar sem að gagni koma, og ef því verður við komið, upplýsingar um þá sem hagsmuna hafa að gæta. Framangreind gögn skulu hafa borist dómara degi áður en sjópróf hefst, nema dómari heimili styttri fyrirvara. Viðkomandi skipsbækur (frumgerð og hreinskrift, ef því er að skipta) skulu sýndar við upphaf sjóprófs. Dómur metur að öðru leyti hverra gagna skuli aflað, svo sem um starfsréttindi og lögskráningu skipshafnar.

226. gr.

Þegar sjópróf fer fram hér á landi, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra, skipverja og önnur vitni og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til, að milliliðalaus hljóðritun sé notuð.

Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Dómari rannsakar eftir föngum öll þau atriði er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv.

Í tengslum við sjópróf getur dómurinn skoðað skip eða framkvæmt aðra þá skoðun, sem nauðsyn ber til.

Þegar halda skal sjópróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunar ríkisins í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um að sjópróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

Það sem í grein þessari segir um eftirlitsmann Siglingamálastofnunar ríkisins, skal einnig eiga við um fulltrúa rannsóknarnefndar sjóslysa (sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970).

Að sjóprófi loknu skal dómari senda ríkissaksóknara, Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa eftirrit af því.

227. gr.

Nú er sjópróf haldið vegna árekstrar milli skipa og skal þá leitast við að skýrslur, sem snerta bæði eða öll skipin, séu teknar á sama stað og á sama tíma, eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins, og getur hún frestað sjóprófi af þessum sökum.

Ef sjópróf eru ekki haldin samtímis, getur dómari að beiðni útgerðarmanns þess skips, sem fyrr er tekið til meðferðar í sjóprófi, úrskurðað að sjópróf verði haldið fyrir luktum dyrum og án aðgangs annarra en fulltrúa hins opinbera og útgerðarmanns skipsins. Ef sjópróf er haldið fyrir luktum dyrum, skal því sem þar kemur fram, haldið leyndu, þar til haldið hefur verið sjópróf vegna hins skipsins. Fram til þess tíma hafa aðeins þeir sem fengu að vera viðstaddir, heimild til þess að kynna sér framburð, framlögð skjöl og skipsbækur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um árekstur við erlent skip og skal þá önnur rannsókn lögð að jöfnu við sjópróf að því er varðar hið erlenda skip. Ekki skal halda sjópróf nema Siglingamálastofnun krefjist þess eða útgerðarmaður samþykki, þegar skip hefur lent í árekstri við erlent skip, sem ekki er skylt að láta halda sjópróf samkvæmt reglum heimalands þess. Skal útgerðarmaður án tafar tilkynna Siglingamálastofnun um áreksturinn. Samgönguráðuneyti getur sett reglur um það til hvaða erlendra skipa þetta ákvæði nái.

228. gr.

Nú hefur sjópróf þegar farið fram, en síðar koma fram nýjar upplýsingar sem miklu skipta, eða í ljós kemur, að mikilvægar upplýsingar skortir, og getur þá Siglingamálastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri krafist þess, að sjópróf verði haldið að nýju.

229. gr.

Samgönguráðherra getur veitt undanþágu frá skyldu til að halda sjópróf eða frestað því, ef talið er, að annars konar en sambærileg rannsókn muni koma að sömu notum.

230. gr.

Samgönguráðherra getur skipað sérstaka nefnd til að rannsaka sjóslys, ef sérstaklega ríkar ástæður mæla með því, t. d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenju umfangsmikil, einkum ef ætla má, að þörf sé samvinnu sérfræðinga á fleiri sviðum. Hafi sjópróf eigi þegar farið fram, má þá láta það niður falla. Formaður nefndarinnar skal ætíð vera embættisdómari eða lögfræðingur með embættisgengi til dómarastarfa og sérþekkingu í sjórétti, ef kostur er, en aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir hver á sínu sviði.

Nefnd sem skipuð er eftir því sem segir í 1. mgr., skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið, og um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf, hvort fundir hennar séu opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar séu veittar um framvindu rannsóknar. Haft skal samráð við Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa (sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970) við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað, svo og Rannsóknarlögreglu ríkisins, er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig getur nefndin leitað álits eða aðstoðar sérfræðinga eða rannsóknarstofnana í þágu rannsóknar máls.

Kostnaður vegna rannsóknar máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi nefndar eftir þessari grein.

231. gr.

Rannsóknarnefnd, sem starfar eftir ákvæðum 230. gr., skal að rannsókn lokinni, semja ítarlega skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar og skal þar m. a. einkum greint frá sönnuðum eða líklegum orsökum tjóns.

Skýrslu rannsóknarnefndar skal skilað til samgönguráðuneytis. Þeim sem hagsmuna hafa að gæta, er heimilt að fá endurrit skýrslunnar. Samgönguráðuneytið getur birt skýrsluna opinberlega ef nægar ástæður, svo sem almannahagsmunir, mæla með því.

XIV. KAFLI

Um lausn ágreiningsefna.

232. gr.

Samgönguráðherrra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi, er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af lögskiptum eða stöðu manna, sem lög þessi taka til, ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess, og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða (eða alla) aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma. Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði. Ef þinghöld fara fram utan Reykjavíkur, skal sýslumönnum eða bæjarfógetum á hverjum stað skylt að aðstoða gerðardóminn varðandi aðstöðu til þinghalds, eftir því sem unnt er. Samgönguráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi gerðardómsins og um kostnað við málsmeðferð.

XV. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

233. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 8. gr., varðar það sektum.

234. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur sem skylt er að halda, varðveislu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.

235. gr.

Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 19. gr. um flutning sjómanna o. fl. varðar það sektum.

236. gr.

Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu, þegar honum er það skylt samkvæmt 225. gr., varðar það sektum eða varðhaldi.

237. gr.

Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum, sem um ræðir í 161. og 162. gr., þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum, varðar það sektum eða varðhaldi.

238. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Ef skipstjóri neytir áfengis eða fíkniefna með þeim hætti, að hann reynist ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt, varðar það sektum eða varðhaldi.

Í refsidómi samkvæmt 1. og 2. mgr., má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum, eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórnarréttindum tímabundið og tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögu og sérstakar ástæður mæla með því, getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn. Hafi dómfelldi verið sviptur skipstjórnarréttindum ævilangt getur samgönguráðherra, með sama skilorði og fyrr greinir, veitt honum aftur rétt til skipstjórnar, þegar a. m. k. þrjú ár eru liðin frá dómsuppsögu.

Áfrýjun dóms frestar ekki framkvæmd réttindasviptingar. Nú telur meiri hluti dómenda í sjóprófi, að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar og að brýna nauðsyn beri til þeirrar sviptingar og getur hann þá svipt hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða með úrskurði, en dómstóll sá, er fer með viðkomandi refsimál, getur þó hvenær sem er hrundið þeirri ákvörðun hans, þannig að skipstjóri haldi réttindum sínum þar til dómur gengur.

Hafi meiri hluti dómenda í sjóprófi eigi beitt fyrrgreindri heimild sinni, hefur viðkomandi dómstóll heimild til að ákvarða réttindasviptingu til bráðabirgða með sama skilorði og fyrr greinir.

Hafi skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum til bráðabirgða samkvæmt því sem fyrr segir, skal ákveðið í dómi hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

239. gr.

Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 233.—238. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.

240. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna, sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.

241. gr.

Vanræki útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi samkvæmt 2. mgr. 172. gr., varðar það sektum og varðhaldi, ef um ítrekað brot er að ræða.

Ef útgerðarmaður, í merkingu laga þessara, er ekki einstaklingur, eiga refsiákvæði 1. mgr. þessarar greinar við um framkvæmdastjóra viðkomandi útgerðarfyrirtækis.

242. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum þessa kafla skulu lögð fyrir samgönguráðuneytið til umsagnar áður en málshöfðun er ákveðin.

XVI. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

243. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin siglingalög, nr. 66 frá 31. desember 1963, ásamt síðari breytingum, svo og önnur þau ákvæði í lögum, sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Með fjárkröfur, sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara, skal farið eftir fyrirmælum siglingalaga, nr. 66 frá 31. desember 1963, ásamt síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almenn atriði.

I.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er það nú endurflutt óbreytt.

Þann 8. september 1981 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd „til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga“: Pál Sigurðsson, dósent, (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Emil Pál Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf Stefánsson, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Þórhall Helgason, framkvæmdastjóra (tilnefndan af Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda). Þann 15. október 1981 var Jón H. Magnússon, lögfræðingur (tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna farmskipaeigenda) skipaður í nefndina og sömuleiðis, þ. 19. nóvember 1981, Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands). Þann 16. mars 1982 skipaði síðan samgönguráðherra Viðar Má Matthíasson, hdl., (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands) í nefndina í stað Emils Páls Jónssonar, sem beðist hafði lausnar frá nefndarstörfum.

Í febrúarmánuði 1983 létu þeir Guðmundur Hallvarðsson og Þórhallur Helgason af störfum í nefndinni eftir eigin ósk og sökum þess að þeir töldu, að hagsmunir þeirra samtaka sem tilnefndu þá í nefndina, krefðust þess ekki, að þeir störfuðu þar áfram, eftir að samningu frumvarps til nýrra sjómannalaga væri lokið. Frá sama tíma hefur Hjalti Steinþórsson, hdl., lögmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, setið nefndarfundi í stað Ingólfs Stefánssonar.

Við skipun framangreindra nefndarmanna var m. a. leitast við að gæta þess, að í nefndinni ættu sæti fulltrúar hinna helstu hagsmunasamtaka eða hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi.

Samgönguráðuneytið hafði frumkvæðið að almennri endurskoðun sjómannalaga og siglingalaga, en ósk um endurskoðun gildandi reglna um veikinda- og slysatilfelli sjómanna og um líf- og öryggistryggingu þeirra, höfðu borist ráðuneytinu frá samtökum sjómanna og útvegsmanna.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, að ráðuneytinu sé ljóst, að hér sé um mikið og tafsamt verk að ræða, sem taka muni nokkurn tíma, en þó sé þess óskað að nefndin hraði störfum. Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefnið hefur verið ítarlega rætt, og leitað víða fanga um heimildir, íslenskar jafnt sem erlendar, auk þess sem samráð hefur verið haft við marga aðila, íslenska og erlenda. Hefur nefndin leitast við að hraða störfum sínum, en rétt þótti, vegna þess hve verkefni hennar er margslungið, viðamikið og vandmeðfarið, að nefndarmenn einbeittu sér að endurskoðun gildandi sjómannalaga, nr. 67/1963, áður en tekist væri að fullu á við heildarendurskoðun gildandi siglingalaga nr. 66/1963, enda þótt jafnframt væri á sama tíma safnað mörgum heimildum varðandi það efni og endurskoðun þeirra laga undirbúin að öðru leyti. Var frumvarpi til nýrra sjómannalaga skilað til samgönguráðherra þ. 31. janúar 1983 og hefur nefndin síðan unnið að endurskoðun siglingalaga og birtist árangur þeirrar starfsemi í þessu frumvarpi.

II.

Á síðasta áratug 19. aldar eignuðust Norðmenn, Svíar og Danir samræmda siglingalöggjöf, sem var árangur norrænnar samvinnu á því sviði. Var þar tvímælalaust um mjög vandaða löggjöf að ræða, enda störfuðu að lagasmíðinni margir merkir sjóréttarfræðingar og sérfróðir fulltrúar hagsmunasamtaka á viðskiptasviði eða í siglingastarfsemi. Norrænu siglingalögin voru á sínum tíma, — og eru reyndar enn, — einn merkasti áfanginn á sviði hinnar norrænu samvinnu um löggjafarmálefni, sem verið hefur við lýði, að vísu með nokkrum hléum, allt frá miðri 19. öld og er nú haldið uppi með umsjá og fyrir hvatningu Norðurlandaráðs.

Á þessu tímabili hafa a. m. k. allar meiri háttar breytingar, sem orðið hafa á siglingalögum Norðurlandaþjóðanna, — annarra en Íslendinga, — verið undirbúnar í samstarfi milli þessara þjóða og er reyndar fyrir löngu komið nokkuð fast form á þetta samstarf. Sérstakar siglingalaganefndir, — oftast allfjölmennar, — hafa starfað í hverju landi fyrir sig, en síðan hafa þessar nefndir haldið sameiginlega fundi öðru hvoru, en formenn og ritarar (eða framkvæmdastjórar) norrænu nefndanna hittast þó miklu oftar til skrafs og ráðagerða. Engin sameiginleg allsherjarnefnd hefur þó verið sett á stofn hina síðari áratugi, svo sem hins vegar var gert þegar tekið var að undirbúa samningu norrænu siglingalaganna á sínum tíma. Nefndirnar hafa ekki starfað stöðugt, heldur hafa þær verið kvaddar saman eða verið „endurvaktar", þegar tilefni hefur verið til endurskoðunar siglingalaga eða tiltekinna þátta þeirra, t. d. vegna nýrra alþjóðasáttmála á sjóréttarsviði, — þ. e. þegar samræma þurfti innanríkisrétt efni þeirra sáttmála, svo að viðkomandi þjóðir gætu gerst fullgildir aðilar að sáttmálunum.

Íslendingar tóku ekki þátt í starfi hinnar samnorrænu nefndar, sem árið 1883 var skipuð til að vinna að undirbúningi nýrra og samræmdra siglingalaga meðal Norðurlandaþjóða, og lágu raunar til þess augljósar ytri ástæður. Skömmu eftir að stjórn Íslandsmála fluttist inn í landið, var þó farið að huga að setningu íslenskra siglingalaga, en fram til þess tíma giltu hér að mestu úrelt ákvæði Jónsbókar, hinnar fornu lögbókar Íslendinga, um siglingar og siglingamálefni, — einkum ákvæði í svokölluðum Farmannalögum Jónsbókar, — og voru þau að sjálfsögðu algerlega ófullnægjandi eftir að siglingastarfsemi tók að þróast hér að

nokkru marki. Árið 1913 voru sett siglingalög (nr. 63 þ. á.), sem að öllu verulegu leyti voru samin að fyrirmynd hinna norrænu siglingalaga, og voru flest ákvæði þeirra raunar bein þýðing samsvarandi ákvæða dönsku siglingalaganna. Þessum lögum var síðan breytt nokkuð á næsta ári og þá gefin út í heild sem lög nr. 56/1914, sem síðan voru í gildi um hart nær hálfrar aldar skeið.

III.

Ljóst er, að siglingar eru alþjóðleg starfs- og viðskiptagrein, sem tekur stöðugum breytingum, m. a. vegna tækniframfara og nýjunga í viðskiptaháttum. Slíkri þróun fylgja hins vegar ætíð ný eða nýstárleg lögfræðileg vandamál, sem verður að bregðast við með fullnægjandi löggjafarbreytingum meðal siglingaþjóða. Nú um meira en aldar skeið hefur mjög gætt alþjóðlegrar samræmingar varðandi siglingalöggjöfina eða einstaka þætti hennar og verið stofnað til fjölmargra þjóðréttarlegra sáttmála á því sviði. Lengi vel hafði „Alþjóðasiglinganefndin“ (CMI) forgöngu í þeim efnum, sbr. t. d. merka alþjóðasáttmála um árekstur skipa, björgun, sameiginlegt sjótjón og farmsamninga, auk alþjóðlegra siglingareglna fyrr á tíð, en á síðari árum hefur „Alþjóðasiglingamálastofnunin“ (IMCO) haft forgöngu um nýjar og bættar reglur um allt, sem snertir öryggi skipa og mannslífa á hafinu, um varnir gegn mengun sjávar o. m. fl. „Alþjóðasiglinganefndin“ „lifir“ þó enn og starfar að ýmsum merkum málum á sjóréttarsviði, þ. á m. að undirbúningi alþjóðlegra sáttmála. Á síðustu árum hefur einnig sérstök stofnun eða nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem á að vinna að alþjóðlegri samræmingu viðskiptareglna, „UNCITRAL“, beitt sér fyrir gerð nýrra alþjóðlegra reglna í tengslum við farmsamninga, nánar tiltekið um farmskírteini, eins og vikið verður að síðar.

Hafa Norðmenn, Danir og Svíar tekið mikinn þátt í þessu alþjóðasamstarfi og á síðari árum hafa fulltrúar þessara þjóða haft veruleg áhrif á gerð og efni ýmissa alþjóðasáttmála í sjóréttí. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki beitt sér fyrir eða tekið þátt í samstarfi við aðrar Norðurlandaþjóðir um samræmingu siglingalaga, en nefnd sú sem þetta frumvarp samdi, hafði þó óformlegt samstarf við norrænu siglingalaganefndirnar, fyrir milligöngu norsku nefndarinnar, og bárust þaðan fjölmörg og mikilvæg gögn og upplýsingar. Hvað varðar alþjóðlega samræmingu á þeim sviðum, er Alþjóðasiglingamálastofnun lætur fyrst og fremst til sín taka, og um „lögleiðingu“ þess háttar reglna hér á landi, hafa íslensk stjórnvöld hins vegar ekki látið sinn hlut eftir liggja.

IV.

Þrátt fyrir mikla þróun í siglingastarfsemi og siglingatækni, sem orðið hefur það sem af er þessari öld, stóð meginstofn íslensku siglingalaganna í sinni upprunalegu mynd allt frá 1914 til 1963, er gerðar voru talsverðar breytingar á lögunum og þau síðan gefin út sem l. nr. 66/1963.

Að frátöldum ýmsum smærri breytingum, sem hér verða ekki tíundaðar, er helst að geta þess, að allmargar greinar voru skornar frá stofninum árið 1930, en þær síðan „gróðursettar“ á nýjan leik í formi nýrrar og sjálfstæðrar löggjafar, þar sem ýmsar efnislegar breytingar urðu einnig frá því sem áður var. Er þar átt við sjómannalögin nr. 41/1930. Í hinum samræmdu norrænu siglingalögum, frá því laust fyrir síðustu aldamót, voru mjög mörg og ítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna, bæði skipstjóra og annarra skipverja, og voru þessi ákvæði í sjálfu sér merk nýmæli á sínum tíma. Á þriðja áratug þessarar aldar voru þessi lagaákvæði flest hver numin á brott úr norrænum siglingalögum og urðu þá til sjálfstæð sjómannalög, sem unnin voru í norrænni samvinnu. Með setningu sjómannalaga nr. 41/1930 fylgdu Íslendingar fordæmi norrænna grannþjóða sinna að þessu leyti, án þess þó að þar væri haft formlegt samstarf við erlenda aðila. (Sjómannalögunum var síðan mikið breytt árið 1963 og voru þau þá endurútgefin sem l. nr. 67 það ár). Með öðrum lögum frá sama ári, þ. e. l. 40/1930, voru jafnframt gerðar nokkrar aðrar breytingar á siglingalögunum, sem taldar

voru nauðsynlegar í tengslum við tilkomu sérstakra sjómannalaga, og með l. 30/1936 voru einnig gerðar nokkrar breytingar á og viðaukar við ákvæði siglingalaga um sjóveðrétt.

Árið 1948 var skipuð nefnd til þess að endurskoða þágildandi siglingalöggjöf. Höfðu þá nýlega verið skipaðar nefndir í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð til að endurskoða tiltekin atriði í siglingalöggjöf þessara þjóða, og mátti gera ráð fyrir, að sú endurskoðun yrði umfangsmikil áður en lyki, en þessar norrænu nefndir höfðu, svo sem fyrr segir, samráð sín á milli um lagastarf þetta. Ekki þótti ástæða til þess, að íslenska nefndin hefði beint samstarf við hinar norrænu nefndirnar, svo sem með því að sækja sameiginlegar ráðstefnur þeirra. Á hinn bóginn taldi nefndin rétt að bíða og sjá, hverju fram yndi um störf hinna erlendu nefnda, enda þótti sjálfsagt, að íslenska siglingalöggjöfin yrði ekki slitin úr tengslum við aðra norræna siglingalöggjöf. M. a. af þessum sökum dróst á langinn, að íslenska nefndin skilaði frumvarpi sínu og var frumvarp nefndarinnar ekki flutt á Alþingi fyrir en árið 1958, að frumkvæði samgönguráðherra, og síðan endurflutt, en ekki varð það að lögum fyrr en árið 1963, en þá var meginmál hinna nýju laga fellt inn í siglingalögin nr. 56/1914 og lögin, svo breytt, gefin út sem lög nr. 66 það ár, sem nú eru í gildi.

Með breytingunum, sem gerðar voru 1963, var m. a. loksins leitast við að samræma lögin ýmsum alþjóðasáttmálum á sviði siglinga, sem gerðir höfðu verið allt frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar, án þess þó að íslenska ríkið væri aðili að þeim. Við þessa endurskoðun var einnig haft mið af breytingum, sem gerðar höfðu verið á norrænni siglingalöggjöf.

Árið 1968 gengu í gildi lög, sem heimiluðu ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel árið 1957, en jafnframt var ákvæðum siglingalaga um takmörkun ábyrgðar breytt til samræmis við sáttmálann, sbr. l. 14/1968. Í því sambandi skal tekið fram, að sáttmálinn frá 1957 er eini alþjóðlegi sáttmálinn á hinu einkaréttarlega sviði sjóréttarins, sem Íslendingar eiga aðild að, (ef frá er skilið olíutjón frá olíuflutningaskipum). Á ákvæðunum um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns var síðan einnig gerð sérstæð breyting með l. 58/1972 og l. 108/1972, sbr. síðari breytingu með l. 25/1977, en að því verður nánar vikið síðar í greinargerð þessari.

Af nýlegum lögum um siglingamálefni, sem sum hver byggjast á eldri stofni, má nefna, að á árinu 1970 voru sett ítarleg lög um skráningu og mælingu skipa og um eftirlit með skipum, sbr. einnig lög um Siglingamálastofnun ríkisins frá sama ári. Einnig má minna á allítarleg lagaákvæði frá svipuðum tíma um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og um skyld efni. Fyrir frumkvæði Siglingamálastofnunar hefur íslenska ríkið einnig á síðari árum gerst aðili að ýmsum alþjóðlegum sáttmálum, sem snerta varnir gegn mengun sjávar í tengslum við siglingar, og hafa verið sett lög hérlendis af því tilefni. Hinar alþjóðlegu siglingareglur hafa einnig verið endurskoðaðar með hæfilegu millibili og „lögleiddar hér“, og fleira mætti telja.

V.

Skömmu fyrir 1960 fóru stjórnvöld í Noregi, Danmörku og Svíþjóð að huga að gagngerri endurskoðun siglingalöggjafar viðkomandi þjóða og höfðu fulltrúar þessara þjóða síðan samvinnu um þá endurskoðun. Var hér um að ræða „endurvakningu“ á samstarfi hinna norrænu siglingalaganefnda, sem þá mun hafa legið niðri um nokkra hríð. Voru siglingalög Norðurlandaþjóðanna því næst endurskoðuð og endurunnin lið fyrir lið og breytingartillögurnar síðan lögfestar í áföngum og tók þetta að sjálfsögðu allnokkur ár, enda mjög til undirbúningsvinnunnar vandað. Í Noregi voru t. d. fyrstu breytingarnar lögfestar árið 1964, en heildarendurskoðun norsku siglingalaganna í þeim áfanga lauk síðan með lögum, sem sett voru 1974, þannig að þessar löggjafarbreytingar stóðu þar yfir í nærfellt einn áratug. Svipað er að segja um Dani, Svía og Finna. Voru hinir einstöku meginátangar breytinganna gjarna lögfestir á svipuðum tíma í þessum löndum — þótt ekki væri það algilt, — og þegar á heildina er litið má segja, að þessar þjóðir hafi fylgt sömu stefnu varðandi

endurskoðun hvers þáttar fyrir sig enda þótt fullkomin samræming hafi ekki náðst, enda var sjálfsagt ekki að því marki stefnt.

Óhætt er að fullyrða að á þessum árum voru norrænu siglingalögin endurskoðuð frá grunni, þótt breytingar á einstökum köflum yrðu mismiklar, og fjölluðu ýmsir hinir hæfustu sjóréttarfræðingar þeirra þjóða um þetta verkefni. Fylgja mjög ítarlegar greinargerðir, með öllum þeim frumvörpum, sem hér skipta máli, og var að sjálfsögðu höfð hliðsjón af þeim við samningu þessa frumvarps, sem hér liggur fyrir.

Síðan þessari heildarskoðun lauk, hafa grannþjóðir okkar á Norðurlöndum fylgst náið með alþjóðlegu samstarfi og almennri þróun á þessu sviði og hafa í því sambandi komið upp hugmyndir um tilteknar meginbreytingar á vissum köflum siglingalaganna. Nærtækast er þá að nefna, að Norðurlandaþjóðirnar hafa nú ýmist tekið upp eða eru í þann veginn að taka upp breyttar reglur um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna (til samræmis við alþjóðasáttmála um það efni frá 1976) og um farþega og farangur þeirra (með vísun til alþjóðasáttmála á því sviði frá 1974). Einnig mætti nefna breytingar á reglum um ábyrgð vegna olíutjóns frá skipum o. fl.

Þá má einnig nefna, að sú stofnun eða nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem starfar að samræmingu viðskiptareglna „UNCITRAL", lauk fyrir fáum árum við gerð nýrra og endurskoðaðra reglna um farmskírteini (endurskoðaðra „Haag-reglna") þar sem koma fram ýmis merk og athyglisverð nýmæli varðandi ábyrgð farmflytjanda. Hinar nýju reglur, „Hamborgar-reglurnar", svokallaðar, eiga að öðlast staðfestu í alþjóðasáttmála, sem enn hefur þó eigi öðlast gildi og verður vart á næstu árum, enda hafa margar hinna helstu siglingaþjóða sýnt lítinn áhuga á staðfestingu hans, enn sem komið er.

VI.

Svo sem ljóst er af framansögðu, kom allsherjarendurskoðun hinna norrænu siglingalaga fyrst til framkvæmdar eftir að Íslendingar höfðu lokið breytingum á sínum siglingalögum laust eftir 1960. Ef undan er skilin breytingin, sem gerð var á reglunum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna árið 1968, hafa íslensku siglingalögin því alls ekki verið færð til samræmis við hin endurskoðuðu norrænu siglingalög og hefur þar af leiðandi skapast mikið misræmi milli íslensku laganna og þeirra norrænu.

Nauðsyn ber því til, að íslensku siglingalögin verði í megindráttum samræmd samsvarandi lögum annarra Norðurlandaþjóða, en að jafnframt sé þó tekið nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna eða sérþarfa á þessu sviði. Í því sambandi skal haft í huga, að siglingar eru alþjóðleg grein, en á sviði alþjóðlegra viðskipta varðar afar miklu, að öryggi, festa og samræmi ríki um allar réttarreglur. Norrænt samstarf og samræming á sviði sjóréttar er gamalt og gróið fyrirbrigði og hafa Íslendingar í raun leitast við að sníða siglingalöggjöf sína að norrænni fyrirmynd, þótt þeir hafi að öðru leyti ekki tekið beinan þátt í þessu samstarfi. Til norrænna grannþjóða okkar er tvímælalaust mikið að sækja um reynslu og þekkingu í siglingastarfsemi og þessum þjóðum hefur almennt tekist allvel að bregðast við nýjum vandamálum með viðeigandi löggjafarbreytingum.

Þær veigamiklu breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á núgildandi siglingalögum, eiga sér margar hverjar rætur að rekja til nýlegra alþjóðasáttmála á sjóréttarsviði, sem íslenska ríkið á ekki aðild að, og er tvímælalaust rétt, að viðeigandi stjórnvöld beiti sér fyrir því, að Íslendingar fullgildi suma þessara sáttmála, svo sem nánar verður vikið að í síðari hluta þessarar greinargerðar, þegar rætt verður um einstök efnissvið frumvarpsins.

Varðandi endurskoðun siglingalaga, sem endranær við gagngera endurskoðun viðamikilla lagabálka (þar sem þó verður um margt byggt á eldra rétti) getur verið álitamál um tæknileg vinnubrögð við frumvarpssamninguna. Er hér einkum átt við það, hvort heldur eigi

að hafa frumvarpið eingöngu í formi breytinga og viðauka við núgildandi siglingalög, — og lögin síðan endurútgefin ásamt breytingum, með nýju númeri, svo sem gert var 1963, — eða hvort saminn skuli nýr og heildstæður lagabálkur, — enda þótt ýmsar greinar verði lítið breyttar eða óbreyttar, — þar sem höfundar frumvarpsins hafa frjálsari hendur um framsetningu og niðurskipan efnis.

Þar sem hér er um mjög víðtækar og margslungnar breytingar að ræða frá því sem er eftir núgildandi siglingalögum, taldi nefndin einsýnt, að hin síðarnefnda aðferð yrði valin, svo sem frumvarpið ber með sér. Þegar á heildina er litið, er þó í frumvarpinu fjallað um flest hin sömu eða sambærileg efnissvið og getur að finna í núgildandi siglingalögum, enda þótt ýmis nýmæli sé þar einnig að finna. Um hinar helstu breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði á einstökum efnisatriðum siglingalaga, vísast að mestu til þess, sem síðar segir í greinargerðinni um viðeigandi þætti. Hér skal einungis vikið í stuttu máli að hinum helstu breytingum, sem gerðar eru á efnisskipan laganna.

Fyrst skal nefnt, að lagt er til, að 9.—23. gr. l. 66/1963 falli brott, en jafnframt, að ákvæði í 8. gr. laganna sé flutt til (en 7. gr. falli brott) og standi í kafla með ákvæðum um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns og nefnist þá sá kafli (IX. kafli frumvarpsins) „Um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar". Ákvæði í 9.—23. gr. l. 66/1963 eiga aðeins við um eina tiltekna tegund útgerðarreksturs, þ. e. „félagsútgerð" skipa (d.„partrederi"). Var þetta félagsform algengt á Norðurlöndum á 19. öld og eitthvað fram á þá 20. og þótti það einkum hentugt þegar um útgerð seglskipa var að ræða. Þetta sérstaka félagsform hefur nú hvarvetna þokað mjög fyrir hlutafélagaforminu, en þó mun það enn eitthvað tíðkast meðal annarra Norðurlandaþjóða, varðandi minni skip, og í þarlendum siglingalögum gefur enn að finna ákvæði um „partrederi", sem voru reyndar endurskoðuð fyrir nokkrum árum. Hér á landi mun þetta félagsform lítt hafa verið notað og mun nú orðið nánast óþekkt, nema e. t. v. um einhverja af smæstu fiskibátunum. Ákvæðin í siglingalögum um félagsútgerð hafa hins vegar staðið óbreytt frá því 1914 og enda þótt þau væru sjálfsagt löngu orðin óraunhæf var þeim eigi breytt við endurskoðun laganna árið 1963. Ljóst er, að við þá endurskoðun siglingalaga, sem nú fer fram, koma eftirtaldir kostir til greina: 1) að fella ákvæðin niður með tilliti til þess, sem fyrr var sagt, 2) að gera þau einfaldari, 3) að samræma þau hinum endurskoðuðu norrænu ákvæðum um sama efni og reyna með því að blása einhverju lífi í þetta sameignarform, eða 4) að láta ákvæðin standa óbreytt enn um sinn meðan e. t. v. eru einhver dæmi til um þetta útgerðarform.

Nefndin hefur íhugað þessa möguleika gaumgæfilega, en niðurstaðan er sú, að eigi sé lengur ástæða til að hafa ákvæði um félagsútgerð í siglingalögum. Að vísu er um einhvers konar sameign að ræða á mörgum íslenskum skipum (skv. upplýsingum frá Siglingamálastofnun í október 1982 voru um það bil 950 skip á skrá þar, þar af um 400 í eigu hlutafélaga, en í einkaeign eða sameign 450, — mest smærri bátar, — og annars konar eignaraðild að um 100 skipum) en þar er yfirleitt ekki um félagsútgerð að ræða í eiginlegum skilningi og ekki líklegt að það útgerðarform verði endurvakið, þannig að lagaákvæði þar um eru í reynd óþörf, enda mun þeim ekki hafa verið beitt um alllangt skeið. Þykir þá eðlilegast, að um útgerð skipa, sem eru í sameign, gildi almennar réttarreglur (t. d. um slit sameignar o. þ. h.).

Af öðrum breytingum á efnisskipan má nefna, að ný og breytt ákvæði um „farsamninga" (þ. e. um flutning farþega og farangurs þeirra) eru höfð í sérstökum kafla (V. kafla í frumvarpinu), en ákvæði um sama efni eru nú í V. kafla l. 66/1963 ásamt ákvæðum um farmsamninga. Ákvæði um fyrningu sjókrafna eru nú höfð sér í kafla (XII. kafla frumvarpsins) en eru nú í X. kafla l. 66/1963 ásamt ákvæðum um sjóveðrétt. Til nýmæla verður að teljast, að upp í frumvarpið er tekinn nýr og ítarlegur kafli um sjópróf og skyld atriði (XIII. kafli) en núgildandi efnisákvæði um sjópróf, sem verða að teljast ófullnægjandi, eru ekki í siglingalögum, sem ætti þó að vera þeirra rétta heimkynni (og þar er ákvæðum

einnig skipað í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða). Þá skal nefnt, að í frumvarpinu er nú tekinn upp sérstakur kafli um svokallaða „takmörkunarsjóði“ (X. kafli), og að lokum má einnig til nýmæla teljast, að tekinn er upp sérstakur kafli (XIV. kafli frumvarpsins) „um lausn ágreiningsefna“, þar sem lagt er til, að samgönguráðherra sé heimilt að koma á fót föstum gerðardómi, sem viðkomandi aðilar geti borið undir ágreining sín í millum í málum á efnissviði siglingalaga.

Eigi þótti ástæða til að hafa í þessu frumvarpi sérstök ákvæði um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá olíuflutningaskipum, sbr. alþjóðasáttmála um það efni frá 29. nóvember 1969, sem íslenska ríkið hefur fullgilt og sem hefur hér lagagildi, sbr. l. 14/1979. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa hins vegar sérstaka kafla um það efni í siglingalögum sínum.

Svo sem nánar verður vikið að í greinargerð með IV. kafla frumvarpsins, vinna siglingalaganefndir annarra Norðurlandaþjóða nú að gagngerri endurskoðun ákvæða um farmflutninga í siglingalögum, en þeirri endurskoðun miðar fremur hægt. Engar niðurstöður liggja enn fyrir og óvíst hvenær svo megi verða, og taldi nefndin því ógerlegt að bíða þeirra. Miða ákvæði frumvarpsins um farmflutninga að því m. a. að samræma þau núgildandi ákvæðum um sama efni meðal hinna Norðurlandaþjóðanna. Á þá Íslendingum einnig að vera unnt að fullgilda „Haag-Visby“-reglurnar, svokölluðu.

Hins vegar er ljóst, að innan tiltölulega fárra ára þarf að huga að heildarendurskoðun ákvæðanna um farmflutninga, eftir að endanlegar tillögur þar að lútandi frá norrænu nefndunum hafa litið dagsins ljós eða verið lögteknar í þeim löndum.

VII.

Efnisskipan frumvarpsins er sem hér segir:

I. kafli: Gildissvið laganna o. fl., 1.—2. gr.
II. kafli: Um réttindi yfir skipum, 3.—5. gr.
III. kafli: Um skipstjóra, 6.—20. gr.
IV. kafli: Um farmflutninga, 21.—119. gr.
1. Upphafsákvæði, 21.—25. gr.
2. Flutningssamningar um ferð, 26.—86. gr.
Fermingarstaður, 27.—29. gr.
Fermingartími, 30.—38. gr.
Ferming, 39.—47. gr.
Framkvæmd ferðar, 48.—54. gr.
Affermingarstaður, affermingartími og afferming, 55.—60. gr.
Afhending farms, 61.—67. gr.
Ábyrgð farmflytjanda á farmi, 68.—73. gr.
Flutningur, 74.—75. gr.
Seinkun og dráttur af hálfu farmflytjanda, 76.—80. gr.
Riftun og tálmanir af hálfu farmsamningshafa, 81.—84. gr.
Gagnkvæmur riftunarréttur, 85.—86. gr.
3. Tímabundnir farmsamningar, 87.—100. gr.
4. Farmskírteini, 101.—117. gr.
Efni, 101.—109. gr.
Réttarsamband farmflytjanda og viðtakanda farms, 110.—113. gr.
Að öðlast rétt í grandleysi, 114.—116. gr.
Gagnfær farmskírteini, 117. gr.
5. Gildissvið, 118.—119. gr.

V. kafli: Um flutning á farþegum og farangri, 120.—150. gr.
1. Upphafsákvæði, 120.—123. gr.
2. Um flutninginn, 124.—136. gr.
3. Ábyrgð farsala á farþegum og farangri, 137.—148. gr.
4. Ýmis ákvæði, 149.—150. gr.
VI. kafli: Um sjótjón, 151.—157. gr.
VII. kafli: Um tjón af árekstri o. fl., 158.—162. gr.
VIII. kafli: Um björgun, 163.—170. gr.
IX. kafli: Um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar, 171.—183. gr.
1. Ábyrgð útgerðarmanns á öðrum, 171. gr.
2. Slys á skipverjum, 172. gr.
3. Um heimild til takmörkunar ábyrgðar, 173.—176. gr.
4. Upphæð takmörkunarfjárhæða, 177. gr.
5. Skipting takmörkunarfjárhæðanna, 178. gr.
6. Vernd gegn lögsókn með stofnun takmörkunarsjóða, 179.—181. gr.
7. Takmörkun ábyrgðar án þess að stofnaður sé takmörkunarsjóður, 182. gr.
8. Gildissvið, 183. gr.
X. kafli: Um takmörkunarsjóði, 184.—196. gr.
XI. kafli: Um sjóveðrétt o. fl., 197.—214. gr.
1. Sjóveðréttur og önnur réttindi í skipum, 197.—203. gr.
2. Sjóveðréttur í farmi, 204.—207. gr.
3. Ýmis ákvæði, 208.—214. gr.
XII. kafli: Fyrning á sjókröfum, 215.—218. gr.
XIII. kafli: Um sjópróf o. fl., 219.—231. gr.
XIV. kafli: Um lausn ágreiningsefna, 232. gr.
XV. kafli: Um refsingar og önnur viðurlög, 233.—242. gr.
XVI. kafli: Gildistaka og brottfallin lög, 243. gr.

B.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

UM I. KAFLA

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. l. 66/1963. Skráningarskyld hérlendis eru, skv. 1. gr. l. 53/1970, öll skip, sem eru 6 metrar á lengd eða stærri, að fullnægðum tilteknum skilyrðum varðandi eignaraðild. Þykir enn sem fyrr, óþarft að ákvæði siglingalaga taki beinlínis til smærri farkosta, en að sjálfsögðu kemur það eigi í veg fyrir, að tiltekin ákvæði laganna verði einnig, með lögjöfnun látin ná til íslenskra skipa, sem ekki fullnægja stærðarskilyrðinu, ef nægar ástæður mæla með því. Með hugtakinu „skip“, svo sem það er notað í 1. gr. og annars staðar í frumvarpinu, er almennt átt við hvern þann farkost, sem ætlaður er til flutninga á mönnum eða munum á sjó eða vatni, enda sé hann af vissri lágmarksstærð og almennur huglægur möguleiki á að stjórna honum. Um tiltekna hluti, sem fljóta á vatni eða fara yfir vatn eða sjó, verður þó alltaf álitamál í þessu sambandi, sem háð er lögskýringu hverju sinni, sbr. þó 1. mgr. 3. gr. (og til hliðsjónar 2. mgr. 3. gr.) l. 53/1970.

Hvað varðar síðari málslið 1. gr. segir í greinargerð með l. 66/1963:

„... er sett fram sú höfuðregla, að þegar skorið er úr málum um skip hér á landi, skuli farið eftir íslenzkum lögum. Með orðunum: eftir því sem við á, er haft í huga, að erlendum lögum kunni að verða beitt, þegar alþjóðlegar einkaréttarreglur taka til atviks. Svo ber og að hlíta reglum þjóðaréttarins, t. d. þegar herskip eiga í hlut.“

Svo sem kunnugt er, verður það nú æ tíðara, að íslenskir aðilar taki á leigu skip erlendis, sem mönnuð eru íslenskum áhöfnum og sem eru í förum milli Íslands og annarra landa. Gæti ákvæðið í 2. málslið 1. gr. vafalaust tekið til þessara tilvika, og má í því sambandi einnig benda á, að skv. 2. mgr. 2. gr. l. 52/1970, um eftirlit með skipum, ná ákvæði þeirra laga til erlendra skipa og báta, sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hérlendis eða í förum hingað eða héðan með íslenskri skipshöfn. Ákvæðið í 2. málslið 1. gr. getur jafnvel einnig, eftir atvikum, átt við um það, þegar framfylgja þarf ákvæðum alþjóðasáttmála, þar sem íslenskum stjórnvöldum er gert að viðhafa eftirlit með erlendum skipum, m. a. varðandi öryggi og mengunarvarnabúnað.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. l. 66/1963.

UM II. KAFLA

Ekki þykir ástæða til að hafa ítarleg ákvæði um réttindi yfir skipum í siglingalögum, umfram það sem fram kemur í XI. kafla frumvarpsins (um sjóveð o. fl.). Er fjallað um tiltekna þætti þessa efnis í l. 53/1970 um skráningu skipa og í l. 39/1978 um þinglýsingar. Nefnd þeirri, er samdi þetta frumvarp, þótti ekki ástæða að sinni til að hrófla við ákvæðum framangreindra laga, enda þótt ljóst sé, að tiltekin atriði í sambandi við skráningu réttinda (þ. á m. eignarhafta) þarfnist nánari athugunar. Má þar m. a. nefna skráningu réttinda í skipum, sem eru í smíðum. Í því sambandi skal tekið fram, að þ. 27. maí 1967 var í Brüssel gerður alþjóðasamningur um það efni („Convention Relating to Registration of Rights in Respect of Vessels under Construction"). Afar fáar þjóðir hafa þó fullgilt þann sáttmála (þ. e. aðeins fimm þjóðir, þ. á m. Norðmenn og Svíar) og hefur hann enn eigi gengið í gildi og heldur eigi náð tilgangi sínum nema að mjög litlu leyti, þótt þar komi ýmislegt fram, sem til gagns má horfa.

Á öðrum stað í frumvarpi þessu (214. gr.) er þó lagt til, að samgönguráðherra verði heimilað að setja reglur, sem mæli fyrir um að fullkomnar heimildir um öll skráð eignarhöft í skipum þ. á m. skipum í smíðum, sem siglingalög taka til, séu varðveittar á einum stað, og um skyldu viðkomandi embættismanna til að skila heimildunum á þann stað. Um þetta vísast nánar til greinargerðar með viðkomandi grein frumvarpsins.

Ekki er lagt til í þessu frumvarpi, að gerðar verði veigamiklar breytingar á efni II. kafla siglingalaga frá því sem nú er. (Í því sambandi skal haft í huga, að 4. gr. l. 66/1963 var felld brott með tilkomu l. 53/1970).

Um 3. gr.

Um þetta efni þykir rétt að vísa alfarið, og á ótvíræðari hátt en nú er skv. 3. gr. l. 66/1963, til ákvæða þinglýsingalaga, sbr. nú V. og VI. kafla l. 39/1978.

Um 4. gr.

Grein þessi er í megindráttum sama efnis og 5. gr. l. 66/1963. Nú er þó bætt við skilyrði um að eignarhafta hafi verið getið í eignarheimild, en það mun nú vera algild venja að krefjast þess, að eignarhafta sé getið í eignarheimild, þegar um innflutning skipa er að ræða.

Um 5. gr.

Samhljóða 6. gr. l. 66/1963.

UM III. KAFLA

IV. kafli l. 66/1963 ber fyrirsögnina: „Um skipstjóra“ og tekur hann yfir 24.—51. gr. Í kafla þessum eru ítarleg ákvæði um ýmsar starfsskyldur skipstjóra og samband hans við útgerðarmann, um skipsbækur og færslu þeirra, um sjóferðaskýrslur og um tilteknar mats- og skoðunargerðir. Ákvæðin eru gömul að stofni til og að sumu leyti úrelt. Við heildarendurskoðun norrænu siglingalaganna voru talsverðar breytingar gerðar á kaflanum um skipstjóra (sem áður var svipaðs efnis og hin núgildandi ákvæði íslensku siglingalaganna), og eru nú hin norrænu lög að mestu samræmd á þessu sviði. Meginbreytingin fólst í því, að ákvæðin um skipsbækur, sjóferðaskýrslur og mats- og skoðunargerðir voru teknar (í endurskoðaðri mynd) inn í sérstakan kafla siglingalaga, ásamt með ákvæðum um sjópróf almennt, en í kaflanum um skipstjóra eingöngu fjallað um starfsskyldur hans o. þ. h. Voru ákvæðin um það efni þá einnig endurskoðuð og þeim breytt nokkuð, m. a. til einföldunar.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að núgildandi meginákvæði um skipstjóra verði endurskoðuð og einfölduð nokkuð og þá í nokkru fylgt fyrirmynd hinna norrænu siglingalaga, en þó ekki að öllu leyti. Óþarft þykir að hafa ítarleg ákvæði um færslu skipsbóka í siglingalögum, svo sem er að gildandi rétti, og fer betur á því, að um það efni sé fjallað í stjórnvaldsreglum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þess skal getið, að með l. 66/1963 voru gerðar nokkrar breytingar (en þó yfirleitt ekki stórvægilegar) á ákvæðum eldri laga um skipstjóra, en ekki er þörf á að rekja þær hér.

Einnig má minna á það, að um réttarstöðu skipstjóra eru jafnframt ýmis ákvæði í sjómannalögum.

Um 6. gr.

1. mgr.

Svarar í stórum dráttum til 1. og 2. mgr., 25. gr. l. 66/1963 en efni og orðalag er þó einfaldað.

2. mgr.

Svarar til 31. gr. l. 66/1963.

3. mgr.

Svarar í stórum dráttum til 3. og 4. mgr. 25. gr. l. 66/1963, en rétt þykir að kveða sérstaklega á um ábyrgð skipstjóra varðandi mengunarvarnir.

Um 7. gr.

1. mgr.

Nýmæli, sem skýrir sig sjálft.

2. mgr.

Svarar að mestu til fyrri málsliðar 32. gr. l. 66/1963.

Um 8. gr.

1. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

2. mgr.

Svarar að mestu til 26. gr. l. 66/1963.

Um 9. gr.

Í III. kafla l. 66/1963 eru ítarlegar reglur um skipsbækur og færslu þeirra, en réttara þykir að þess háttar ákvæði séu að mestu í formi stjórnvaldsreglna. Aðrar breytingar, sem af grein þessari leiða, þarfnast ekki skýringar, en ákvæði greinarinnar eru að mestu samin að norrænni fyrirmynd.

Um 10. gr.

Svarar að mestu til 30. gr. l. 66/1963.

Um 11. gr.

Svarar í stórum dráttum til 1. mgr. 42. gr. l. 66/1963.

Um 12. gr.

1. og 2. mgr.

Svarar að mestu til 28. gr. l. 66/1963.

3. mgr.

Ákvæði sama efnis er í 52. gr. frumvarps til sjómannalaga, sem nefndin hefur samið.

Um 13. gr.

1.—3. mgr.

Um stöðuumboð skipstjóra, fyrir hönd útgerðarmanns, er nú mælt fyrir í 43. og 44. gr. l. 66/1963. Efni 1.—3. mgr. 13. gr. frumvarps þessa svarar í stórum dráttum til fyrrnefndra lagagreina. Ákvæði frumvarpsins eru þó, að nokkru marki, færð til samræmis við hliðstæð ákvæði í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða, einkum þó í dönsku lögunum. Er þá ekki gerður greinarmunur á umboði skipstjóra eftir því, hvort skip er statt á heimili sínu eða ekki, svo sem hins vegar er að núgildandi lögum. Nokkrar aðrar breytingar eru og gerðar, sem skýra sig sjálfar.

4. mgr.

Svarar að mestu til 45. gr. l. 66/1963.

Um 14. gr.

Svarar til 46. og 47. gr. l. 66/1963.

Um 15. gr.

Svarar til 48. gr. l. 66/1963.

Um 16. gr.

Svarar að mestu til 49. gr. l. 66/1963.

Um 17. gr.

Svarar að mestu til 50. gr. l. 66/1963.

Um 18. gr.

Svarar til 27. gr. l. 66/1963.

Um 19. gr.

1. mgr.

Svarar efnislega til 33. gr. l. 66/1963.

2. og 3. mgr.
Nýmæli, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 20. gr.

1.—3. mgr.
Nánast sama efnis og 40. gr. l. 66/1963.

4. mgr.
Sama efnis og síðari málsliður 41. gr. l. 66/1963. Ákvæði fyrri málsliðar 41. gr. þeirra laga er nú talið óþarft.

UM IV. KAFLA

Á sviði farmflutninga hefur lengi kveðið mikið að tilraunum til réttarsamræmingar þjóða í millum, sbr. einnig hinn almenna formála þessarar greinargerðar hér að framan. Liggja til þessa ærin rök, sem óþarfi ætti að vera að tíunda á þessum vettvangi, en ljóst er m. a. og reynslan sýnir, að réttarsamræming á þessu sviði greiðir fyrir fjölþjóðlegum viðskiptum og stuðlar þannig að eflingu siglingastarfsemi.

Í V. kafla núgildandi siglingalaga, sem ber fyrirsögnina: „Um flutningasamninga“, eru ítarleg ákvæði um mörg atriði, sem snerta farmflutninga og farþegaflutninga, þótt fjarri fari því, að þar sé allt tæmandi talið, sem ágreiningi getur valdið. Í þessu frumvarpi er lagt til, að ákvæði um flutning á farþegum standi sér í kafla, sbr. það sem segir í greinargerð með V. kafla frumvarpsins, en endurskoðuð ákvæði um farmflutninga eru í IV. kafla frumvarpsins og svara þau í stórum dráttum til efnis núgildandi ákvæða um sama efni.

Þegar samsvarandi ákvæði hinna eldri íslensku siglingalaga voru tekin til endurskoðunar, sem leiddi til l. 66/1963, var leitast við að samræma ákvæði þeirra um þessi efni þágildandi lagaákvæðum meðal annarra Norðurlandaþjóða og efni hinna svokölluðu Haag-reglna, en þar er átt við alþjóðlegan sáttmála varðandi farmskírteini, sem gerður var í Brüssel þ. 25. ágúst 1924 að tilhlutan Alþjóðasiglinganefndarinnar („The International Convention for the Unification of Certain Rules of Law Relating to Bills of Lading“). Er þar m. a. kveðið á um skyldur farmflytjanda og um undanþágur eða undanþáguheimildir frá þeim. Í greinargerð, sem fylgdi hinum breyttu ákvæðum (í VI. kafla eldri siglingalaga en V. kafla í l. 66/1963) segir m. a.:

> „Efni 6. kapítula sigll., um flutningssamninga, á rót sína að rekja til samstarfs Norðurlandaþjóðanna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er þau samræmdu siglingalöggjöf sína skömmu fyrir aldamótin ... Þróun siglingamála á þessari öld hefur haft í för með sér að ýmis ákvæði kapítulans eru ekki lengur í samræmi við þá tilhögun, sem heppilegust þykir og eðlilegust í samskiptum farmflytjanda, sem venjulega er skipseigandinn, og þeirra, sem við hann gera samning um flutning á vöru eða öðru góssi. Tekur þetta m. a. til ábyrgðar farmflytjanda á farminum og fyrirvara, sem títt er að setja í farmskírteini um ábyrgðina. Í alþjóðasamþykkt þeirri um farmskírteini, sem sett var í Brüssel 25. ágúst 1924, var þrengd heimild farmflytjanda til að undanþiggja sig ábyrgð með slíkum fyrirvörum. Á Norðurlöndum, annars staðar en á Íslandi, hafa verið lögfestar breytingar á ákvæðum siglingalaga um flutningssamninga til samræmis við nefnda alþjóðasamþykkt. Við samningu þessa kafla frv. hafa þessi norrænu lagafyrirmæli verið lögð til grundvallar, en þess er að gæta, að Ísland hefur ekki gerst aðili að nefndri alþjóðasamþykkt og er þess vegna ekki skylt að hafa íslenzk lög í samræmi við hana.“

Þess má jafnframt geta, að með l. 66/1963 voru einnig tekin upp fyrirmæli um tímabundna farmsamninga, þ. e. þegar samið er um, að skip skuli vera til ráðstöfunar farmsamningshafa um tiltekinn tíma („timecharter"), en í hinum eldri siglingalögum voru einungis ákvæði um flutning vöru í ákveðinni ferð skips.

Haag-reglurnar hafa öðlast mjög mikla útbreiðslu. Hafa sumar þjóðir tekið þær óbreyttar upp í löggjöf sína en aðrar hafa samræmt löggjöf sína þeim, án þess að taka þær orði til orðs upp í lögin. Íslenska ríkið hefur aldrei gerst aðili að sáttmála þessum, enda þótt viðkomandi ákvæði siglingalaga hafi verið samræmd honum, sbr. það, sem fyrr segir. Hins vegar hefur lengstum verið vísað í Haag-reglurnar í farmskírteinum allra íslenskra skipafélaga (og erlendra skipafélaga) um flestar vörur, sem fara til og frá landinu.

Árið 1968, eða fimm árum eftir að íslensku siglingalögunum var breytt til samræmis við Haag-reglurnar, var sáttmálanum breytt með viðbótarbókun („Protocol to Amend the International Convention for the Unification of Certain Rules of Law Relating to Bills of Lading"). Gerðist þetta á diplómatískri sjóréttarráðstefnu í Brüssel þ. 23. febrúar 1968 og voru breytingar þessar undirbúnar af Alþjóðasiglinganefndinni (C.M.I.) og hafði sá undirbúningur tekið alllangan tíma. Eru Haag-reglurnar, í hinni breyttu mynd, almennt nefndar „Haag-Visby-reglurnar". Fela þær m. a. í sér breytingu á ákvæðum sáttmálans frá 1924 varðandi takmörkun á ábyrgð farmflytjanda, er farmur skemmist eða glatast í meðförum hans. Var þá hinu eldra ákvæði um að ábyrgð takmarkaðist við £100 pr. stykki eða flutningseiningu breytt þannig, að ábyrgð miðast við 10.000 Poincaré-franka (gullfranka) pr. stykki eða flutningseiningu eða 30 Poincaré-franka pr. kíló af þeirri vöru, sem skemmdist eða glataðist, og ábyrgðarmörkin þannig hækkuð verulega frá því sem áður var. Eru þar einnig ákvæði um útreikning bóta og um notkun reglunnar um ábyrgðartakmörkun þegar um flutning með gámum er að ræða. Einnig má nefna reglur um farmskírteinisábyrgð svokallaða og um fyrningu.

Meiri hluti siglingaþjóða lætur sé enn nægja formlega aðild að Haag-reglunum frá 1924, óbreyttum, en allmörg ríki hafa þó fullgilt Haag-Visby-reglurnar og breytt siglingalögum sínum til samræmis við þær. Má þar m. a. nefna flestar Norðurlandaþjóðirnar, aðrar en Íslendinga. Af þessum sökum m. a. er nú ríkjandi nokkurt misræmi á þessu sviði meðal siglingaþjóða.

Á alþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í Hamborg 1978 voru síðan samþykktar nýjar reglur um vöruflutninga á sjó (þ. 30. mars 1978). Eru þær almennt nefndar „Hamborgarreglurnar". Höfðu þær verið vandlega undirbúnar af nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem kallast „United Nations Commission on International Trade Law" (UNCITRAL) og tók samning reglnanna um það bil áratug. Miðað við efni Haag-Visby-reglnanna myndu þessar nýju Hamborgar-reglur einkum hafa eftirfarandi breytingar í för með sér (hér er farið eftir grein Valgarðs Briem í Tímariti lögfræðinga, 4. hefti 1981 (bls. 193—202), á bls. 201):

1. Farmflytjendur væru ekki lengur undanþegnir ábyrgð á skemmdum, sem verða á farmi vegna mistaka í stjórnun skips (error in navigation or management of the ship).
2. Ábyrgðartímabil farmflytjenda lengdist.
3. Hámarksábyrgð farmflytjenda á vörutjónum myndi aukast.
4. Fyrningarfrestur lengdist.
5. Ábyrgð á töfum á afhendingu á farmi ykist.
6. Reglur um þilfarsfarm og farm, sem ekki hefur viðskiptalegt gildi, myndu breytast.
7. Reglum um sönnunarbyrði í sumum tilvikum myndi verða snúið við.

Hamborgarreglurnar hafa enn ekki öðlast almenna viðurkenningu siglingaþjóða og er yfirleitt búist við, að það verði eigi fyrr en eftir allmörg ár.

Nefnd sú, er samið hefur þetta frumvarp, hefur íhugað vandlega hvaða kosti beri að velja við endurskoðun siglingalagaákvæða um farmflutninga. Er niðurstaðan sú, að lagt er til, að ákvæðin verði nú einkum samræmd Haag-Visby-reglunum, eins og aðrar Norður-

landaþjóðir gerður fyrir allnokkrum árum, og sé þá jafnframt höfð almenn hliðsjón af núgildandi siglingalagaákvæðum Norðurlandaþjóðanna um farmflutninga. Nefndin leggur hins vegar áherslu á, að í frumvarpinu er yfirleitt ekki um neina gerbreytingu að ræða á núgildandi ákvæðum, nema varðandi það, sem beinlínis lýtur að efni Haag-Visby-reglnanna. Efnisskipan kaflans verður þó öll skýrari en er eftir l. 66/1963. Ljóst er á hinn bóginn, að áður en mjög langt um líður verður að framkvæma umfangsmeiri og almennari endurskoðun þessa kafla siglingalaga. Að því verkefni vinna nú siglingalaganefndir annars staðar á Norðurlöndum og hafa um það samvinnu sín í milli, eins og venja þeirra er. Hefur nefnd sú, sem þetta frumvarp samdi, fylgst allnáið með þessu starfi hinna norrænu nefnda, en sökum þess, að niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir og alls óvíst hvenær það muni verða, þótti ekki rétt að tefja samningu þessa frumvarps af þeim sökum. Hinar samnorrænu breytingartillögur munu þó vafalaust birtast innan fárra ára og verða tilefni samsvarandi endurskoðunar siglingalagaákvæða hér á landi um farmflutninga.

Nefndin mælir með því, að íslenska ríkið gerist formlega aðili að Haag-Visby-reglunum, jafnskjótt og frumvarp þetta er orðið að lögum.

Sérstaklega skal tekið fram, að nefndin hafði mjög gott samstarf við starfsmenn íslenskra kaupskipaútgerða um endurskoðun þessa kafla. Á þeirra vegum starfaði vinnuhópur að undirbúningi endurskoðunarinnar undir stjórn eins nefndarmanna, Jóns H. Magnússonar.

Hvað varðar efni þessa kafla vísast almennt til þess, sem segir um einstakar greinar, nema hvað sérstaklega skal tekið fram, að nefndin taldi ekki ástæðu til að taka upp í frumvarpið efni 103. gr. l. 66/1963, þar sem ekki eru nein haldbær rök fyrir því nú, að aðrar lagareglur eigi að gilda um ábyrgð farmflytjanda í innanlandssiglingum en í millilandasiglingum.

Um 21. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru skýrð nokkur hugtök, sem notuð eru í kafla þessum. Eru ákvæði þessi ný en þarfnast ekki nánari greinargerðar, nema hvað minnt skal á, að „farmflytjandi" getur verið útgerðarmaður, farmsamningshafi (bakfarmflytjandi) eða enn annar aðili, sbr. gr. I—a í Haag-Visby-reglunum.

Ákvæðið í 3. mgr. svarar efnislega til 57. gr. l. 66/1963.

Um 22. gr.

1. mgr.

Samsvarar að nokkru 52. gr. l. 66/1963. Ákvæðið í 2. mgr. á sér hliðstæður í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Skal aðeins beita ákvæðum þessa kafla, ef ekki er um annað samið eða það leiði af venju.

Um 23. gr.

Svarar efnislega til 54. gr. l. 66/1963.

Um 24. gr.

Sama og 55. gr. l. 66/1963.

Um 25. gr.

Sama og 56. gr. l. 66/1963.

Um 26. gr.

Svarar að nokkru til 53. gr. l. 66/1963, en efnið er samræmt gr. III—1 í Haag-Visby-reglunum.

Um 27. gr.

Sama og 58. gr. l. 66/1963.

Um 28. gr.

Sama og 59. gr. l. 66/1963.

Um 29. gr.

Sama og 60. gr. l. 66/1963.

Um 30. gr.

Efnislega sama og 61. gr. l. 66/1963.

Um 31. gr.

Svarar til 62. gr. l. 66/1963, en með nokkrum breytingum. Einkum skal bent á, að ekki þykir ástæða til að taka upp núverandi ákvæði um biðdaga miðað við fermingartæki skipa o. þ. h.

Um 32. gr.

Svarar til 63. gr. l. 66/1963, en með smávægilegum breytingum, sem leiða af nútímaviðskiptaháttum á þessu sviði.

Um 33. gr.

Sama og 64. gr. l. 66/1963.

Um 34. gr.

Sama og 65. gr. l. 66/1963.

Um 35. gr.

Sama og 66. gr. l. 66/1963.

Um 36. gr.

Sama og 67. gr. l. 66/1963.

Um 37. gr.

Sama og 68. gr. l. 66/1963.

Um 38. gr.

Sama og 69. gr. l. 66/1963.

Um 39. gr.

Svarar efnislega til 70. gr. l. 66/1963 með smávægilegum breytingum.

Um 40. gr.

Sama og 71. gr. l. 66/1963.

Um 41. gr.

Sama og 72. gr. l. 66/1963.

Um 42. gr.

Því sem næst samhljóða 73. gr. l. 66/1963. Við merkingu á vöru, sem grein þessi tekur til, er nú almennt farið eftir viðurkenndum leiðbeiningalista um hættulegan farm („IMDG-code"), sem notaður er um allan heim og sem gefinn er út af IMCO.

Um 43. gr.

Sama og 74. gr. l. 66/1963.

Um 44. gr.

Nánast samhljóða 75. gr. l. 66/1963.

Um 45. gr.

Hér er að nokkru um sama efni að ræða og í 76. gr. l. 66/1963, en margt er þó á annan veg og fyllra en er í þeirri grein. Miðast breytingarnar við raunhæfar þarfir og við að samræma ákvæðin Haag-Visby-reglunum.

Þess skal sérstaklega getið, að 3. mgr. samsvarar algerlega 2. mgr. 76. gr. l. 66/1963.

1. mgr. svarar til upphafs gr. III—3 í Haag-Visby-reglunum og 2. mgr. svarar til gr. III—7 í þeim reglum.

Um 46. gr.

Sama og 77. gr. l. 66/1963.

Um 47. gr.

Svarar til 78. gr. l. 66/1963 með minni háttar breytingum.

1. mgr. svarar til gr. IV—3 í Haag-Visby-reglunum, en 2. mgr. í gr. IV—6.

Um 48. gr.

Svarar að mestu leyti til 79. gr. l. 66/1963.

2. mgr. svarar til gr. IV—4 í Haag-Visby-reglunum.

Um 49. gr.

Að mestu samhljóða 80. gr. l. 66/1963.

Um 50. gr.

Efnislega samhljóða 81. gr. l. 66/1963.

Um 51. gr.

Svarar að nokkru til efnis 82. gr. l. 66/1963, en í breyttri mynd.

1. mgr. samsvarar gr. III—2 í Haag-Visby-reglunum.

Um 52. gr.

Efnislega samhljóða 83. gr. l. 66/1963.

Um 53. gr.

Efnislega samhljóða 84. gr. l. 66/1963.

Um 54. gr.

Efnislega samhljóða 85. gr. l. 66/1963.

Um 55. gr.

Sama og 86. gr. l. 66/1963.

Um 56. gr.
Efnislega samhljóða 87. gr. l. 66/1963.

Um 57. gr.
Sama og 88. gr. l. 66/1963.

Um 58. gr.
Sama og 89. gr. l. 66/1963.

Um 59. gr.
Sama og 90. gr. l. 66/1963.

Um 60. gr.
Efnislega samhljóða 91. gr. l. 66/1963.

Um 61. gr.
Sama og 92. gr. l. 66/1963.

Um 62. gr.
Efnislega samhljóða 93. gr. l. 66/1963.

Um 63. gr.
Efnislega samhljóða 94. gr. l. 66/1963.

Um 64. gr.
Efnislega samhljóða 95. gr. l. 66/1963.

Um 65. gr.
Efnislega samhljóða 96. gr. l. 66/1963.

Um 66. gr.
Efnislega samhljóða 97. gr. l. 66/1963.

Um 67. gr.
Sama efnis og 98. gr. l. 66/1963, en efni 2. mgr. er orðað á skýrari hátt en nú er.

Um 68. gr.
Greinin svarar að nokkru (þ. e. 1. mgr.) til 99. gr. l. 66/1963, en efni hennar er nú samræmt gr. IV—1 og 2 í Haag-Visby-reglunum.

Um 69. gr.
1. mgr. svarar efnislega til 100. gr. l. 66/1963, en þessi grein frumvarpsins í heild svarar til gr. IV—6 í Haag-Visby-reglunum.

Um 70. gr.
1. mgr. svarar að mestu til 101. gr. l. 66/1963 og skýra breytingarnar sig sjálfar. Að öðru leyti samsvarar efni þessarar greinar frumvarpsins gr. IV—5 í Haag-Visby-reglunum.

Í Haag-Visby-reglunum eru ábyrgðartakmörkin miðuð við Poincaré-franka, eins og venja var á þeim tíma, en rétt þykir að miða hér við hina alþjóðlegu verðmæliseiningu SDR,

sem nú er almennt notuð í stað Poincaré-franka, sbr. nánar það sem segir í greinargerð með IX. kafla frumvarpsins. Breytir þetta ekki raungildi viðkomandi upphæða. Hefur hinn sami háttur verið hafður á meðal annarra Norðurlandaþjóða. Á sama hátt og þar var gert, er hér miðað við fast hlutfall milli SDR og Poincaré-franka (1:15).

Nefndin, sem þetta frumvarp samdi, bar þetta atriði undir sérfróða menn í Seðlabanka Íslands. Eftirfarandi svar barst nefndinni frá Ólafi Tómassyni, viðskiptafræðingi í greiðslujafnaðardeild Seðlabankans:

„Í siglingalögum og lögum um loftflutninga eru ákvæði þar sem bótagreiðslur eru ákveðnar í tiltekinni gullmynt.

Seðlabankanum berast oft fyrirspurnir um krónuverðmæti slíkra gullmynta. Krónuverðmætið er reiknað út frá SDR-krónugengi (meðaltal kaup- og sölugengis), sem Seðlabankinn skráir daglega og birtir ásamt skráðu gengi annarra gjaldmiðla. Reiknað er hins vegar með föstu hlutfalli milli SDR og hinna ýmsu gullmynta.

Það væri tvímælalaust til hagræðingar, að breyta ákvæðum siglinga- og loftferðalaga þannig, að greiðslur, sem tilgreindar hafa verið í gullmynt, yrðu í þess stað tilgreindar í SDR. Í því sambandi má benda á, að í alþjóðlegum viðskiptum hefur mjög færst í vöxt, að viðmiðanir séu í SDR og má þar til nefna greiðslur fyrir þjónustu Pósts og síma.

Krónuverðmæti á hverjum tíma myndi verða hið sama, hvort sem upphæð væri tilgreind í SDR eða gullmynt, miðað við óbreyttan útreikningsmáta á krónuverðmæti gullmynta, samanber það sem að framan er sagt."

Um 71. gr.

Grein þessi svarar til meginefnis gr. III—6 í Haag-Visby-reglunum.

Um 72. gr.

Greinin svarar til gr. IV (bis) í Haag-Visby-reglunum.

Um 73. gr.

Svarar með vissum hætti til 104. gr. l. 66/1963, en mjög mikið breytt. Breytingarnar eiga sér ekki beina fyrirmynd í Haag-Visby-reglunum, heldur eiga þær sér fyrirmynd sína í samsvarandi ákvæði í hinum norrænu siglingalögum. Með ákvæðum greinarinnar í heild er leitast við að gefa skýrari leiðbeiningar um atriði, sem verið hafa óljós og sem hafa valdið ágreiningi meðal fræðimanna og dómenda á Norðurlöndum.

Um 74. gr.

Svarar efnislega til 105. gr. l. 66/1963.

Um 75. gr.

Svarar efnislega til 106. gr. l. 66/1963.

Um 76. gr.

Sama og 107. gr. l. 66/1963.

Um 77. gr.

Sama og 108. gr. l. 66/1963.

Um 78. gr.

Svarar efnislega til 109. gr. l. 66/1963.

Um 79. gr.

Svarar efnislega til 110. gr. l. 66/1963.

Um 80. gr.

Svarar til 111. gr. l. 66/1963 með formbreytingu, sem skýrir sig sjálf.

Um 81. gr.

Svarar til 112. gr. l. 66/1963 með smávægilegri orðalagsbreytingu.

Um 82. gr.

Sama og 113. gr. l. 66/1963.

Um 83. gr.

Sama og 114. gr. l. 66/1963.

Um 84. gr.

Sama og 115. gr. l. 66/1963.

Um 85. gr.

Svarar efnislega til 116. gr. l. 66/1963.

Um 86. gr.

Svarar efnislega til 117. gr. l. 66/1963.

Um 87. gr.

Sama og 118. gr. l. 66/1963.

Um 88. gr.

Svarar til 119. gr. l. 66/1963 með smávægilegri breytingu, sem skýrir sig sjálf.

Um 89. gr.

Svarar til 120. gr. l. 66/1963 með orðalagsbreytingu í 2. mgr., sem ætlað er að gera ákvæðið skýrara en nú er.

Um 90. gr.

Sama og 121. gr. l. 66/1963.

Um 91. gr.

Sama og 122. gr. l. 66/1963.

Um 92. gr.

Svarar til 123. gr. l. 66/1963 með smávægilegri orðalagsbreytingu.

Um 93. gr.

Sama og 124. gr. l. 66/1963.

Um 94. gr.

Sama og 125. gr. l. 66/1963.

Um 95. gr.

Sama og 126. gr. l. 66/1963.

Um 96. gr.

Sama og 127. gr. l. 66/1963.

Um 97. gr.

Svarar efnislega til 128. gr., sbr. 111. gr. l. 66/1963.

Um 98. gr.

Sama og 129. gr. l. 66/1963.

Um 99. gr.

Svarar efnislega til 130. gr. l. 66/1963.

Um 100. gr.

1. mgr. svarar til 131. gr. l. 66/1963, en með ákvæðinu í 2. mgr. er leitast við að skapa heppilegri reglu en nú er um greiðslu eða jöfnun björgunarlauna milli hagsmunaaðila, þegar skip sem háð er tímabundnum farmsamningi vinnur til björgunarlauna. Samsvarandi ákvæði er í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða.

Um 101. gr.

Svarar að nokkru til 132. gr. l. 66/1963 en ákvæði hennar eru þó gerð fyllri og skýrari en nú er.

Það, sem segir um útgáfu farmskírteinis, er sniðið að nútímaviðskiptaháttum á þessu sviði, þannig að ekki er t. d. gert að algeru skilyrði að útgefandi riti undir skírteinið með eigin hendi, heldur mætti þar beita tækni, sem telst álíka örugg (nafnvélar o. þ. u. l.).

Um 102. gr.

Svarar að nokkru til 133. gr. l. 66/1963, en greinin er fyllri og skýrari en nú er. Greinin svarar, í þessari breyttu mynd, til meginefnis gr. III—3 í Haag-Visby-reglunum.

Um 103. gr.

Svarar efnislega til 134. gr. l. 66/1963.

Um 104. gr.

Sama og 135. gr. l. 66/1963.

Um 105. gr.

Sama og 136. gr. l. 66/1963.

Um 106. gr.

Svarar efnislega til 137. gr. l. 66/1963.

Um 107. gr.

Svarar til 138. gr. l. 66/1963 með minni háttar breytingu, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 108. gr.

Sama og 139. gr. l. 66/1963.

Um 109. gr.

Svarar efnislega til 140. gr. l. 66/1963.

Um 110. gr.

Sama og 141. gr. l. 66/1963.

Um 111. gr.

Svarar að nokkru leyti til 142. gr. l. 66/1963. Ákvæðið í 1. mgr. svarar til gr. III-4 í Haag-Visby-reglunum.

Um 112. gr.

Svarar að mestu efnislega til 1. mgr. 143. gr. l. 66/1963, en orðalagi er talsvert breytt.

Um 113. gr.

Greinin er nýmæli, sem ekki á sér hliðstæðu í Haag-Visby-reglunum. Fyrirmyndin er sótt til samsvarandi ákvæðis í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða, sem m. a. höfðar til venju á þessu sviði.

Um 114. gr.

Svarar efnislega til 144. gr. l. 66/1963.

Um 115. gr.

Sama og 1. mgr. 145. gr. l. 66/1963. Óþarfi þykir að taka með ákvæði 2. mgr. 145. gr. núgildandi siglingalaga.

Um 116. gr.

Svarar efnislega til 146. gr. l. 66/1963.

Um 117. gr.

Svarar að mestu efnislega til 148. gr. l. 66/1963, en með talsvert breyttu orðalagi.

Um 118. gr.

Ákvæðið á sér ekki beina hliðstæðu í núgildandi siglingalögum, en fyrirmynd er sótt til samsvarandi ákvæðis í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Með ófrávíkjanlegu ákvæðunum er yfirleitt höfðað til samsvarandi ákvæða í Haag-Visby-reglunum. Ákvæðin í 1.—2. mgr. eiga sér hliðstæðu í gr. III—8 í Haag-Visby-reglunum, en ákvæðið í 4. mgr. svarar til gr. VI í þeim reglum.

Um 119. gr.

Greinin er nýmæli, sem að mestu skýrir sig sjálft, og var við samningu þess höfð nokkur hliðsjón af sambærilegu ákvæði í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Leitast er við að gefa greinargóðar leiðbeiningar um lagaskilarétt á þessu mikilvæga sviði.

Hvað varðar 4. mgr. er þar vísað til hinna svokölluðu „paramount“ákvæða, sem mjög tíðkast í farmskírteinum og einnig m. a. til þeirrar venju, sem tíðkast í flutningaviðskiptum við Bandaríkjamenn, að vísa á sambærilegan hátt í reglur bandarísks réttar um flutningasamninga. Eru slíkar almennar tilvísanir að sjálfsögðu heimilar framvegis, þótt frumvarpið verði að lögum, en þær breyta þó að sjálfsögðu aldrei fyrirmælum 118. gr. um hin óundanþægu atriði.

UM V. KAFLA

Um flutning á farþegum og farangri eru nú ákvæði í 149.—162. gr. l. 66/1963, en hvort tveggja er, að ákvæðin eru ófullnægjandi og að þau eru úrelt í sumum greinum. Ljóst er hins vegar, að í þessu efni þurfa að gilda skýrar og allítarlegar lagareglur og er með viðkomandi ákvæðum þessa frumvarps leitast við að bæta úr þeirri þörf. Ákvæðunum var breytt nokkuð árið 1963, en þar var einungis um minni háttar endurskoðun að ræða.

Um alllangt skeið stóðu ákvæði um flutning á farþegum og farangri í kafla ásamt með reglum um farmsamninga í siglingalögum Norðurlandaþjóðanna og svo er enn í íslensku siglingalögunum. Við heildarendurskoðun siglingalaga meðal annarra Norðurlandaþjóða var hins vegar ákvæðunum um þetta efni skipað í sérstakan kafla, eins og eðlilegt er, og fyrirmælin um farmsamninga þá jafnframt bætt mjög og aukin (sjá t.d. norskar og danskar lagabreytingar í þessa átt frá 1973). Við þessa endurskoðun var m. a. höfð hliðsjón af alþjóðlegum sáttmála um farþegaflutning á sjó frá 1961 og sáttmála frá 1967 um flutning farangurs en báðir höfðu þessir sáttmálar komist á fyrir tilstilli Alþjóðasiglinganefndarinnar (CMI). Þessar alþjóðlegu reglur voru síðan endurskoðaðar í samvinnu milli Alþjóðasiglinganefndarinnar og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO) og varð að lokum til nýr sáttmáli um farþegaflutning á sjó í Aþenu 1974 („Convention Relating to the Carriage of Passengers and their Luggage by Sea"). Á efni þessa sáttmála voru síðan gerðar nokkrar breytingar árið 1976, þegar tekin var upp verðmæliseiningin SDR í stað Poincaré-franka. Sáttmálinn hefur ekki náð almennu fylgi meðal siglingaþjóða, enda þótt vel hafi verið til hans vandað á margan hátt. Hann hefur enn eigi öðlast gildi, en til þess þarf staðfestingu 10 ríkja. Ástæða þessa er einkum sú, að í sáttmálanum þykir yfirleitt kveðið á um allt of lágar takmörkunarupphæðir. Samt sem áður hafa mjög margar siglingaþjóðir breytt laga-ákvæðum sínum um farþegaflutninga til samræmis við meginatriði sáttmálans (önnur en um takmörkunarupphæðir), enda er mikilvægt, að réttarreglur um þetta efni séu sem líkastar þjóða á meðal á sama hátt og er um farmflutninga landa í millum. Á þetta einnig við um grannþjóðir okkar á Norðurlöndum, sbr. nýleg frumvörp og lagabreytingar í þessa átt.

Þykir nú rétt og eðlilegt, að viðkomandi ákvæði íslensku siglingalaganna verði í stórum dráttum sniðin til samræmis við ákvæði í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða um flutning á farþegum og farangri.

Hin nýju ákvæði eru að öllu leyti mun ítarlegri og fyllri en þau, sem nú gilda, og er þeim nú skipað í sérstakan kafla í þessu frumvarpi, og er þar um mörg nýmæli að ræða.

Um 120. gr.

Í þessari grein eru skýrð ýmis hugtök, sem notuð eru í kaflanum.

1. mgr.

Með „farsala" er átt við þann, sem ráðstafar skipi eða skipsrými í þessu augnamiði og þarf þar ekki endilega að vera um að ræða „eiginlegan" útgerðarmann skips. Hér gæti því allt eins verið átt við ferðaskrifstofu, svo framarlega sem það fyrirtæki kemur fram sem sjálfstæður samningsaðili gagnvart farþega og ber sjálft ábyrgð á flutningum (enda þótt algengara sé að ferðaskrifstofur komi, að þessu leyti, einungis fram sem viðskiptamiðlarar).

2. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

3. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 121. gr.

Í frumvarpinu er enn sem fyrr gert ráð fyrir þeirri meginreglu, að ákvæðin um farþegaflutninga víki fyrir ótvíræðum samningaákvæðum milli viðkomandi aðila, sem mæla fyrir á annan veg, og venja (bæði eiginleg réttarvenja og viðskiptavenja) getur leitt til sömu niðurstöðu. Þetta gildir þó með þeim undantekningum, sem nánar eru tilgreindar í þessari grein.

Um 122. gr.

Hér er átt við það, þegar um „samtengdan" flutning farþega eða farangurs er að ræða, en telja verður að flutningurinn í heild lúti þeim reglum (þ. á m. alþjóðlegum), sem taka til annars konar farartækja, sem notuð eru við flutninginn.

Um 123. gr.

Með ákvæði þessu er einkum átt við laumufarþega, en að öðru leyti þarfnast það ekki skýringar.

Um 124. gr.

1. mgr.

Síðari málsliður svarar til 1. mgr. 151. gr. l. 66/1963, en í fyrri málsliðnum er mælt fyrir um sjálfsögð skilyrði, sem viðkomandi skip þarf að fullnægja.

2. mgr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu, varðandi farmflutninga, sjá 72. gr. l. 66/1963 og 41. gr. frumvarpsins.

3. mgr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 48. gr. frumvarpsins, varðandi farmflutninga.

Um 125. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 23. gr. frumvarpsins, varðandi farmflutninga.

Um 126. gr.

Samsvarar 149. gr. l. 66/1963.

Um 127. gr.

Svarar að mestu leyti til 150. gr. l. 66/1963.

Um 128. gr.

2. mgr. á sér nokkra hliðstæðu, varðandi farmflutninga, sjá 74. gr. l. 66/1963 og 42. og 43. gr. frumvarpsins.

Um 129. gr.

Grein þessi stendur í nánu samhengi við 128. gr. frumvarpsins, en skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 130. gr.

Samsvarar 154. gr. l. 66/1963. Ákvæðið á sér hliðstæðu, varðandi farmflutninga, í 1. mgr. 78. gr. l. 66/1963, sjá og 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins.

Um 131. gr.

Svarar að verulegu leyti til 155. gr. l. 66/1963, en þær breytingar, sem gerðar eru, þarfnast ekki skýringar.

Um 132. gr.

Svarar að mestu leyti til 156. gr. l. 66/1963.

Um 133. gr.

1. mgr.

Svarar að mestu til 1. mgr. 157. gr. l. 66/1963, en breytingarnar skýra sig sjálfar.

2. mgr.

Svarar að mestu til 159. gr. l. 66/1963.

Um 134. gr.

Svarar að mestu til 160 gr. l. 66/1963, en breytingarnar skýra sig sjálfar.

Um 135. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu hvað varðar farmsamninga, í 116. gr. l. 66/1963 og 1. mgr. 85. gr. frumvarpsins.

Um 136. gr.

Svarar að mestu leyti til 162. gr. l. 66/1963.

Um 137. gr.

Svarar að mestu leyti til 2. mgr. 151. gr. l. 66/1963.

Um 138. gr.

1. mgr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri meginreglu, að bótaskylda farsala, vegna þess að farangur skemmist eða týnist meðan á ferð stendur, byggist á sök hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á, en rétt þykir einnig að sama regla eigi við um tjón, sem hlýst af seinkun í sambandi við flutning eða afhendingu farangurs.

Sjá til samanburðar 152. gr. og 153. gr. l. 66/1963.

2. mgr.

Sú takmörkun er gerð frá meginreglunni um ábyrgð farsala á farangri, að hann ábyrgist ekki nánar tiltekin verðmæti, nema hann hafi tekið við þeim til sérstakrar varðveislu, t.d. í peningaskáp eða þ.h. Þetta auðveldar á hinn bóginn viðkomandi farþega að sýna fram á, gagnvart vátryggingafyrirtæki, sem hann hefur tryggt verðmætin hjá, að hann hafi gert það sem í hans valdi stóð til að vernda þau.

Um 139. gr.

Rétt þykir, að kveðið sé á um afleiðingar eigin sakar farþega á þessu sviði, enda þótt niðurstaðan verði vafalaust hin sama eftir almennum og ólögfestum bótareglum.

Ákvæðið á sér hliðstæðu hvað varðar farmflutninga í 4. mgr. 68. gr. frumvarpsins.

Um 140. gr.

Grein þessi er nýmæli, en miklu skiptir, að glöggar reglur gildi um sönnunarbyrði varðandi ábyrgðargrundvöll á þessu sviði. Meginreglan er sú, svo sem er að gildandi rétti, að

sönnunarbyrðin hvílir á þeim sem bóta krefst, en þar frá eru í greininni gerðar nokkrar undantekningar.

1. mgr.

Í samræmi við almennar og óskráðar réttarreglur.

2. mgr.

Í fyrri málsliðnum ræðir um lífs- eða líkamstjón almennt og er þar nokkuð hert á sönnunarbyrðinni frá því sem er eftir 1. mgr. Í síðari málslið er reglunni þó breytt, ef tjónið varð með þeim hætti, sem þar er tilgreint. Þegar svo háttar, þarf bótakrefjandi að sanna hversu tjónið var mikið og að tjónið hafi orðið meðan á flutningi stóð, en eftir að þessi atriði hafa verið sönnuð hvílir það á farsala, vilji hann fyrra sig bótaábyrgð, að sýna fram á að tjónið hafi samt sem áður ekki orðið fyrir yfirsjón eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á. Hér er því byggt á „sakarlíkindareglunni“ („öfugri sönnunarbyrði“), sem verður oft í reynd mjög ströng bótaregla.

3. mgr.

Um fyrri málsliðinn vísast til þess, sem sagði um 2. mgr., en hvað varðar tjón á farangri almennt skv. síðari málslið, er alfarið byggt á „sakarlíkindareglunni“. Byggist sú niðurstaða á því, að þegar svo háttar, er það að jafnaði auðveldara fyrir farsala að sanna, að sök hafi ekki komið til frá hans hálfu, heldur en fyrir farþegann að sanna hið gagnstæða.

4. mgr.

Þegar svo háttar sem hér segir, verður bótakrefjandi fyrst að færa sönnur á, sbr. 1. mgr., að tjón hafi orðið, hversu mikið það sé og að það hafi hlotist af seinkun ferðar, áður en „sakarlíkindareglunni“ verði beitt gagnvart farsala.

Um 141. gr.

Svo sem fyrr var getið um í almennum athugasemdum með þessum kafla, hafa siglingaþjóðir (og þ. á m. grannþjóðir okkar á Norðurlöndum) yfirleitt ekki fullgilt Aþenusáttmálann frá 1974 sökum þess, að í honum þykir miðað við of lágar takmörkunarfjárhæðir. Þær viðmiðunarupphæðir, sem nefndar eru í þessari grein frumvarpsins og þeirri næstu, njóta hins vegar fylgis á Norðurlöndum, og hafa norrænu siglingalaganefndirnar nýlega orðið sammála um, að þær verði teknar upp í siglingalög, svo sem Danir og Norðmenn hafa þegar gert. Þykir rétt, að Íslendingar fylgi fordæmi annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni, en á hinn bóginn má þó benda á, að Bretar hafa nú tekið takmörkunarupphæðirnar úr Aþenusáttmálanum óbreyttar upp í siglingalög sín og talið er, að Vestur-Þjóðverjar muni gera slíkt hið sama, þannig að einhugur ríkir ekki í þessu máli þjóða í millum.

Um athugasemdir varðandi verðmæliseininguna SDR vísast til þess, sem segir um IX. kafla frumvarpsins.

Um 142. gr.

Hér er fjallað um eigin ábyrgð farþega varðandi þau atriði, sem talin eru í greininni. Þessi eigin ábyrgð (eða frádráttur frá tjónsábyrgð farsala) kemur til sjálfkrafa, ef farsali vill bera heimildina fyrir sig, án þess að um þetta þurfi að semja sérstaklega.

Um 143. gr.

Enda þótt hér sé einungis talað um sök farsala sjálfs, tekur ákvæðið tvímælalaust einnig til yfirmanna í þjónustu farsala, sem bera fulla stjórnunarábyrgð gagnvart honum, sjá einnig hliðstætt ákvæði varðandi farmflutninga, í 6. mgr. 70. gr. frumvarpsins.

Sök undirmanna skiptir hins vegar ekki máli í þessu efni.

Um 144. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði skiptir ekki máli varðandi mótmæli farsala og takmörk ábyrgðar, hvort bótakrafan byggist á farsamningnum eða stofnast „utan samninga“, sjá til hliðsjónar varðandi farsamninga, 1. mgr. 72. gr. frumvarpsins.

Um 145. gr.

Þarfnast ekki skýringar, en á sér hliðstæðu varðandi farmflutninga í 73. gr. frumvarpsins.

Um 146. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 147. gr.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 148. gr.

1. mgr.

Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að unnt sé, með fyrir fram gerðum samningi, að ákveða annað varnarþing en eitthvert þeirra, sem hér eru nefnd.

2. mgr.

Sú takmörkun á samningafrelsi, sem leiðir af 1. mgr., gildir ekki eftir að viðkomandi tjón er orðið, sem ágreiningur rís af.

Um 149. gr.

Hér er kveðið á um það, hvaða ákvæði laganna það eru, sem eigi verður fyrir fram vikið til hliðar með samningi á þann veg, að niðurstaðan verði farþega í óhag. Ákvæði þetta girðir hins vegar ekki fyrir það, að farþegi falli að einhverju leyti eða að öllu frá lögvernduðum lágmarksrétti sínum, eftir að tjón hefur orðið. Enda þótt ákvæði þessarar greinar sé beitt varðandi samningsbundin frávik frá réttarstöðu þeirri sem lögmælt er, þarf það alls ekki að hafa áhrif á gildi farsamningsins að öðru leyti.

Rétt þykir, að ákvæðið í 149. gr. frumvarpsins hafi almennt gildi og sé ekki bundið við siglingar til tiltekinna landa, svo sem hins vegar hefur verið gert í samsvarandi ákvæðum siglingalaga annarra Norðurlandaþjóða, sbr. t. d. 200. gr. dönsku siglingalaganna, þar sem segir:

> „Reglerne i §§ 181-199 samt § 291. stk. 1. nr. 3-5, kan ikke ved forhåndsaftale fraviges til skade for passageren ved befordring mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige og ved indenrigsfart i disse stater samt anden fart til eller fra disse stater, selv om fremmed ret i øvrigt skal anvendes på befordringen.“

Um 150. gr.

Grein þessi felur í sér allnokkrar undantekningar frá meginreglunni, sem fram kemur í 149. gr. frumvarpsins.

Sérstaklega skal tekið fram, að ákvæðið í 3. mgr. á sér hliðstæðu, hvað varðar farmflutninga, í 3. mgr. 118. gr. frumvarpsins. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

UM VI. KAFLA

VI. kafli l. 66/1963 hefur að geyma mjög ítarlegar reglur um sjótjón (þ. e. einkum um sameiginlegt sjótjón og niðurjöfnun þess) og hafa reglur þessar staðið óbreyttar áratugum saman. Ákvæðum þessum, þ. e. þeim, sem lúta að efnisreglum um sameiginlegt sjótjón og niðurjöfnun þess, er þó í reynd nær aldrei beitt, enda eru þau, flest hver, löngu orðin úrelt. Í farmsamningum er í reynd ætíð vísað til þess á ótvíræðan hátt, að um þetta efni skuli farið eftir York-Antwerpen-reglunum, sem svo eru kallaðar. Þær reglur byggjast á alþjóðlegu samkomulagi hagsmunaaðila á sviði siglinga, en eru þó ekki í formi alþjóðlegs sáttmála. Reglur þessar voru upphaflega gerðar og gefnar út árið 1877 en hafa síðan sætt endurskoðun og verið endurbirtar á árunum 1890, 1924, 1950 og 1974. Við heildarendurskoðun siglingalaga sinna breyttu aðrar Norðurlandaþjóðir viðkomandi ákvæðum siglingalaga á þá leið, að efnisreglur um sameiginlegt sjótjón og niðurjöfnun þess voru felldar brott og þess í stað vísað í York-Antwerpen-reglurnar en eftir standa einungis ákvæði um málsmeðferð o. þ. h. (sjá t. d. norskar og danskar lagabreytingar í þessa átt frá árinu 1966, sem þó eru ekki samhljóða um tiltekin atriði).

Er hliðstæð lausn valin við samningu þessa frumvarps og jafnframt kveðið á um, að samgönguráðuneytið skuli láta gera handhæga útgáfu af York-Antwerpen-reglunum, eins og þær eru á hverjum tíma, í íslenskri þýðingu. Þarf þá ekki að taka fram, að þeirri útgáfu hlýtur jafnframt að fylgja frumtexti reglnanna, sem er á ensku.

Ekki þykir ástæða til, við þessa endurskoðun siglingalaga, að taka jafnframt til endurskoðunar ákvæði l. 74/1938 um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóna, né taka þau ákvæði inn í texta siglingalaga (svo sem hins vegar var gert við endurskoðun norsku siglingalaganna).

Um 151. gr.

1. mgr.

Hér er um nýmæli að ræða, að því leyti að ekki hefur áður í lögum verið mælt fyrir um haldsrétt í þessum tilvikum, enda þótt hann kunni engu að síður að hafa verið fyrir hendi, né um stöðu hans gagnvart öðrum eignarhöftum í skipi. Þykir rétt að taka af allan vafa í þessu efni.

1. mgr.

Um skilyrði haldsréttar fer samkvæmt almennum reglum. Helstu skilyrðin eru þau að 1) aðili hafi skip raunverulega í vörslum sínum (og fellur haldsrétturinn brott ef haldsréttarhafi sleppir vörslum skipsins), 2) að ekki sé mjög verulegur munur á kröfufjárhæð og verðmæti þess (skipsins) sem haldsrétturinn tekur til, 3) að tilgangur með haldsréttinum sé að tryggja greiðslu á þeim kröfum, sem ákvæðið tekur til og 4) að þær séu gjaldfallnar.

2. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

3. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 201. gr.

Í 232. gr. l. 66/1963 ræðir um fyrningu sjóveðréttar, en hér er lagt til, að reglur um það efni verði einfaldaðar mjög frá því sem nú er, og því einungis mælt fyrir um einn fyrningarfrest, sem gildi í öllum tilvikum og án tillits til þess, hvernig krafan er til komin.

Um stofnun kröfu gilda sömu reglur og samkvæmt l. 66/1963, sjá t.d. Hrd. XXXVII, bls. 985.

Um 202. gr.

Um samsvarandi efni eru nú að nokkru ákvæði í 219. og 220. gr. l. 66/1963, en ákvæði frumvarpsins eru hins vegar ótvíræðari og skýrari. Eru þau að verulegu leyti sniðin til samræmis við raunhæfar þarfir í þessu efni og rétt annarra siglingaþjóða.

Um 203. gr.

Ákvæðið svarar að mestu til efnis 1. mgr. 217. gr. l. 66/1963, nema hvað ekki er lengur gert ráð fyrir því, að sjóveðréttur geti stofnast í kröfum, svo sem hins vegar nú er skv. 217. gr.

Um 204. gr.

Í 204.—207. gr. ræðir um sjóveðrétt í farmi og er þar ekki gert ráð fyrir neinum meiri háttar breytingum frá því, sem er að núgildandi rétti. Um sjóveðrétt í farmi eru engin ákvæði í fyrrnefndum alþjóðasáttmála frá 1967, en aðrar Norðurlandaþjóðir hafa eigi séð ástæðu til að nema ákvæði um það efni úr siglingalögum sínum.

204. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 225. gr. l. 66/1963.

Um 205. gr.

1. mgr.

Samhljóða 2. mgr. 225. gr. l. 66/1963.

2. mgr.

Efnislega samhljóða 3. mgr. 225. gr. l. 66/1963.

Um 206. gr.

1. mgr.

Nær samhljóða 226. gr. l. 66/1963.

2. mgr.

Að nokkru leyti sama efnis og 229. gr. l. 66/1963 en skýrari. Ekki þykir rétt að miða einungis við það, að skipstjórinn sjálfur afhendi vöruna og er þar höfð hliðsjón af nútíma viðskiptaháttum við farmflutninga.

3. mgr.

Nýmæli, sem ekki þarfnast skýringar.

Um 207. gr.

Sjá athugasemdir við 201. gr. frumvarpsins.

Um 208. gr.

Grein þessi er nýmæli og tekur aðeins til samningsveða, en nauðsynlegt þykir, að í siglingalögum sé á ótvíræðan hátt kveðið á um „lagaskilarétt“ á jafn mikilvægu sviði og hér greinir. Er hér fylgt hliðstæðum ákvæðum í siglingalögum Dana og Norðmanna.

Um 209. gr.

Efnislega samhljóða 230. gr. l. 66/1963.

Um 210. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Rétt þykir að kveðið sé á um þetta atriði í siglingalögum, enda þótt þessi regla sé almennt viðurkennd í kröfurétti (án sérstakrar lagastoðar).

Um 211. gr.

Gagnstætt því, sem er eftir núgildandi siglingalögum, er í frumvarpi þessu byggt á því, að sjóveðréttur stofnist einungis í hlutbundnum eignum (skipi og farmi) en ekki í kröfum, sem á einn eða annan hátt eiga að bæta missi þessara eigna eða tjón á þeim. Er þetta í samræmi við þá meginstefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, að heimildum til stofnunar sjóveðréttar sé fækkað frá því, sem er að gildandi rétti.

Sanngirnisrök mæla þó með því, að frá framangreindri meginreglu sé gerð ein undantekning, sbr. 2. mgr.

Um 212. gr.

Ákvæði greinarinnar svara að verulegu leyti til efnis 231. gr. l. 66/1963, en eru þó skýrari.

Um 213. gr.

Með þessu ákvæði er leitast við að taka af allan vafa um mikilvæg atriði „lagaskilaréttar" á þessu sviði, en ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í l. 66/1963. Er hér fylgt fyrirmynd úr löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Um 214. gr.

Grein þessi er algert nýmæli, sem ekki á sér heldur hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Í 255. gr. norsku siglingalaganna er hins vegar ákvæði, sem mælir fyrir um, að samningsveð og aðfararveð í skipi verði því aðeins gilt, að það sé skráð í skipaskrá á sama hátt og upplýsingar um beinan eignarrétt yfir skipinu, og fleiri ákvæði eru þar einnig í kaflanum um sjóveð o. fl., er tengjast skráningu og veðrétti í skipi sem er í byggingu.

Að svo stöddu þykir rétt að mæla einungis fyrir um heimild fyrir samgönguráðherra til að setja reglur um varðveislu upplýsinga um skráð eignarhöft yfir skipum á einum stað, t. d. í tengslum við skipaskrána hjá Siglingamálastofnun, en augljóst er hver hagur getur verið að því fyrir þá, sem fá þurfa upplýsingar af þessu tagi. Þinglýsing færi eftir sem áður fram hjá viðkomandi embættismönnum, svo sem lög mæla fyrir um, en þeir yrðu hins vegar tafarlaust að senda afrit eða sambærileg gögn um það til aðalskrárinnar, ef þessi regla á að koma að fullu gagni. Hin tæknilega hlið þessa máls verður þó sennilega vart leyst á fullkominn hátt fyrr en þau embætti, sem annast þinglýsingu og aðfarargerðir hafa verið tölvuvædd, svo sem ljóst er að verða muni fyrr eða síðar, en þá munu allir möguleikar á upplýsingaöflun og upplýsingastreymi á þessu sviði gerbreytast til batnaðar frá því sem nú er.

Um afstöðuna til Brüsselsáttmálans frá 1967 um skráningu réttinda (þ. á m. eignarhafta) í skipum sem eru í smíðum vísast svo sem fyrr segir til þess sem segir í greinargerð með III. kafla frumvarpsins.

UM XII. KAFLA

Ákvæði um fyrningu „sjókrafna" eru nú í 233. gr. l. 66/1963 og stendur sú grein í X. kafla laganna ásamt með ákvæðum um sjóveðrétt og fyrningu hans. Full ástæða þykir hins vegar til að fyrirmæli um fyrningu á sjókröfum standi í sérstökum kafla, eins og lagt er til í frumvarpi þessu. Er þar fylgt fordæmi annarra Norðurlandaþjóða, er þær endurskoðuðu ákvæði siglingalaga um fyrningu, sbr. t. d. norskar lagabreytingar um það efni frá 1973 og 1974 og danska lagabreytingu frá 1974. Við endurskoðun hinna norrænu lagaákvæða um fyrningu reyndist nauðsynlegt að breyta ýmsum atriðum þetta varðandi eða bæta við nýjum liðum og stóðu þær breytingar ekki hvað síst í tengslum við hinar viðamiklu breytingar, sem gerðar voru í sama mund á ákvæðum siglingalaga um farmsamninga („Haag-Visby"-reglurnar) og um flutning á farþegum og farangri þeirra. Er nú lagt til, að ákvæði íslensku siglingalaganna um fyrningu á sjókröfum verði að mestu leyti færð til samræmis við hliðstæð ákvæði í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða.

Um 215. gr.

Grein þessi svarar til 1. mgr. 233. gr. l. 66/1963, en hér er lagt til að gerðar verði ýmsar efnisbreytingar.

1. töluliður.

Samhljóða 1. tölulið eftir gildandi lögum.

2. töluliður.

Samhljóða fyrri hluta 2. töluliðs eftir gildandi lögum.

3. töluliður.

Þessi liður er nýmæli, sem stendur í tengslum við ákvæðin í V. kafla frumvarpsins um farþegaflutninga.

4. töluliður.

Sama og um 3. tölulið.

5. töluliður.

Sama og um 3. tölulið.

6. töluliður.

Þessi liður er nýmæli sem stendur í tengslum við ákvæðin í IV. kafla frumvarpsins um farmflutninga.

7. töluliður.

Svarar að nokkru leyti til 3. töluliðs eftir gildandi lögum.

8. töluliður.

Samhljóða 4. tölulið eftir gildandi lögum.

9. töluliður.

Að mestu leyti samhljóða 5. tölulið eftir gildandi lögum.

10. töluliður.

Sama efnis og 6. töluliður eftir gildandi lögum.

Um 216. gr.

Um einn þátt þessa efnis ræðir nú í 2. tölulið 1. mgr. 233. gr. gildandi laga, en nauðsynlegt er, að sett verði ítarlegri ákvæði um fyrningu á endurkröfum. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 217. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, sem skýrir sig sjálft.

Um 218. gr.

Ákvæðið er að verulegu leyti sama efnis og 3. mgr. 232 gr. l. 66/1963.

UM XIII. KAFLA

Ákvæði um sjópróf (fremur fá, efnislítil og ófullnægjandi) gefur nú að finna í tveimur lagabálkum, þ. e. í 39. gr. l. 66/1963 og í 39. gr. l. 52/1970 um eftirlit með skipum (eftir breytingu með l. 34/1981, þar sem ákvæði um sjópróf í 206. gr. l. 85/1936 var í breyttri mynd, „flutt“ yfir í l. 52/1970 og 40. gr. síðastnefndra laga þá einnig breytt, — sjá einnig l. 28/1981). Rétt þykir, að öll efnisákvæði um sjópróf standi saman í einum lagabálki, þ. e. siglingalögum, og er því jafnhliða þessu frumvarpi lagt fram frumvarp um breyting á l. 52/1970, þar sem gert er ráð fyrir því, að 39. gr. þeirra laga falli brott. Er efni þeirrar greinar, í stórum dráttum, tekið upp í þetta frumvarp til siglingalaga, en jafnframt er hér um að ræða heildarendurskoðun á lagareglum um sjópróf og m. a. gert ráð fyrir tilteknum nýmælum. Eiga hin nýju eða breyttu ákvæði að samræmast betur þörfum tímans en núgildandi ákvæði. Við samningu þeirra var í talsverðum mæli fylgt fyrirmynd úr hliðstæðum ákvæðum í norrænum siglingalögum, en efnið þó að sjálfsögðu samræmt íslenskum aðstæðum.

Um 219. gr.

Hér er um að ræða endurskoðað efni 1. og 2. mgr. 39. gr. l. 66/1963. Í greininni eru rakin þau atvik, sem leiða til þess að skylt er að halda sjópróf, án þess að sérstök ósk liggi fyrir um það frá þartilbærum aðilum, sbr. hins vegar 220. gr. frumvarpsins. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Tekið skal fram, að ef t. d. slys verður meðan skip liggur í höfn og með þeim hætti að ákvæðin í 219. gr. eiga ekki beinlínis við, er ákvæðum greinarinnar alls ekki ætlað að koma í veg fyrir, að annars konar rannsókn (þ. e. rannsókn lögreglu og/eða Rannsóknarlögreglu ríkisins og eftirfarandi dómsrannsókn, ef um hana verður að ræða) fari þá fram á venjulegan hátt, sbr. 12. tl. 2. gr. l. 74/1974.

Um 220. gr.

Í 219. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um **skyldu** til að láta fara fram sjópróf, án þess að hagsmunaeigendur eða opinberir aðilar krefjist þess, en rétt þykir, að nánar tilteknir aðilar hafi auk þess **heimild** til að krefjast þess, að sjópróf fari fram. Eru ákvæði frumvarpsins um það efni mun skýrari og fyllri heldur en er að gildandi rétti. Ákvæðin í 2., 3. og 4. mgr. eru sérstaklega sett með tilliti til þeirra öryggishagsmuna við siglingar o. þ. h., sem íslenskum yfirvöldum ber að gæta og vernda, enda þótt erlend skip eigi í hlut. Er þá lögsaga á þessu sérstaka sviði látin ná til allra erlendra skipa, ef slys verður á þeim meðan þau eru í íslenskri landhelgi, og án tillits til þess hverrar þjóðar þeir menn eru, sem tjón kann að bitna á, en ella verða hagsmunir íslenskra aðila að réttlæta kröfu um að sjópróf sé haldið. Skilyrði er þó, að skipið hafi komið til íslenskrar hafnar eftir að slysið varð.

Um 221. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Oft hefur þótt skorta á, að skýrslutaka eða annars konar upplýsingaöflun í sjóprófi sé nægilega markviss og er þessu ákvæði ætlað að veita aukna leiðbeiningu og aðhald í því efni.

Rétt þykir, að í lögum sé kveðið skýrt á um heimild dómara til að leita aðstoðar lögreglu og/eða Rannsóknarlögreglu ríkisins, svo sem lagt er til í 2. mgr.

Um 222. gr.

Þau atriði, sem hér eru talin, eiga sér flest hliðstæðu í gildandi rétti, en birtast hér í breyttri mynd. Greinin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 223. gr.

Fyrsti málsliður greinarinnar á sér fyrirmynd í upphafsákvæði 39. gr. l. 52/1970 (eftir breytinguna með l. 34/1981, eftir að sjódómar höfðu verið lagðir niður með l. 28/1981). Síðari ákvæði greinarinnar eiga sér nokkra fyrirmynd í 3.—5. mgr. 39. gr. l. 66/1963.

Um 224. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 225. gr.

Hér er að mestu um að ræða endurskoðað efni 3. mgr. 39. gr. l. 66/1963. Miðar þetta ákvæði að því, að sjópróf verði sem best undirbúin.

Um 226. gr.

Hér er að mestu um að ræða endurskoðað efni 39. gr. l. 52/1970 (sbr. l. 34/1981) og þarfnast greinin ekki frekari skýringar.

Um 227. gr.

Ákvæðið miðar að því, að þær upplýsingar, sem fram koma í sjóprófi, verði sem áreiðanlegastar, og skýrir það sig að öðru leyti sjálft.

Um 228. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 229. gr.

Þau tilvik sem leitt gætu til undantekningar frá almennu reglunni samkvæmt þessu ákvæði verða væntanlega fátíð, en hér er einkum átt við það, að vönduð lögreglurannsókn hefur farið fram og ekki er líklegt, að sjópróf muni leiða neitt nýtt í ljós.

Um 230. gr.

Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða, sem á sér beina fyrirmynd í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Væntanlega verður nefnd af því tagi, sem hér um ræðir, aðeins skipuð í algerum undantekningartilvikum, þegar ætla verður að rannsóknin verði svo viðamikil, margslungin eða háð samhæfingu fjölbreyttrar sérfræðikunnáttu, að hún sé af þeim sökum ofviða dómstólum eftir venjulegum starfsaðferðum við sjópróf. Tryggt verður að vera, að í rannsóknarnefnd eigi, hverju sinni, sæti hinir hæfustu menn sem völ er á, en að öðru leyti þykir rétt, að ráðherra geti sett nánari reglur um starfsemi rannsóknarnefndar af þessu tagi. Ekki þykir rétt að binda í lögum fjölda nefndarmanna, heldur verður í því efni að miða við þarfir hverju sinni.

Um 231. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

UM XIV. KAFLA

Um 232. gr.

Ákvæðið í 232. gr. frumvarpsins er nýmæli, sem á sér ekki heldur hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Er hér lagt til, að heimilt sé að koma á fót föstum gerðardómi, skipuðum einum eða fleiri óvilhöllum mönnum, sem dæmi um ágreining út af lögskiptum eða stöðu manna, sem siglingalög taka til. Skilyrði þess er þó, að báðir (eða allir) málsaðilar óski gerðardómsmeðferðar um ágreiningsefni þeirra. Gerðardómsmeðferð máls er að jafnaði, þegar réttilega er að verki staðið, mun skjótvirkari en venjuleg dómstólameðferð, enda einfaldari í sniðum, og hefur oft minni kostnað í för með sér. Úrskurðir gerðardóms eru að vísu að jafnaði ekki aðfararhæfir, en reynslan sýnir, að aðilar hlíta yfirleitt niðurstöðunni á sama hátt og venjulegum dómi. Að sjálfsögðu er málsaðilum á því sviði, sem hér um ræðir, ætíð heimilt að koma sér saman um að einhver maður sem á það fellst (eða fleiri menn saman) skeri endanlega úr máli þeirra, og málið á þann veg undanskilið almennri dómstólameðferð, en þá verða aðilar einnig að bera allan kostnað sem af því hlýst. Þessi réttarfarsheimild stendur aðilum að sjálfsögðu framvegis til boða, þótt ákvæðið í 232. gr. frumvarpsins verði lögtekið, en augljóst hagræði getur hins vegar verið af því, ef starfandi er fastur gerðardómur, sem skipaður er hæfum, óvilhöllum og þjálfuðum mönnum og sem kostaður er af opinberu fé. Enda þótt málskostnaður, annar en laun gerðardómsmanna og annar kostnaður við störf gerðardómsins, sé borinn af málsaðilum á sama hátt og nú er, myndi þessi kostur hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir þá, miðað við það að þeir þyrftu einnig að greiða dómendunum. Fyrir ríkissjóð yrði vart um aukna greiðslubyrði að ræða frá því sem nú er, því að ella færu mál þau, sem skjóta mætti til gerðardómsins, fyrir almenna dómstóla, sem kostaðir eru af almannafé, og auk þess að

jafnaði yfirhlaðnir störfum. Einnig má ætla að í starfi gerðardómsins myndist samræmi í dómsúrlausnum umfram það, sem líklegt er að geti nokkru sinni orðið milli hinna einstöku héraðsdómaraembætta eða jafnvel innan stórra dómaraembætta. Stuðlar það að auknu réttaröryggi á þessu sviði.

Ákvæði þetta um fastan gerðardóm á sér hliðstæðu í frumvarpi til nýrra sjómannalaga, sem nefndin hefur samið, og þykir eðlilegt, að svipuð regla gildi að þessu leyti á efnissviðum sjómannalaga og siglingalaga.

UM XV. KAFLA

Um refsingar og önnur viðurlög eru nú ákvæði í XI. kafla l. 66/1963 (234.—242.). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum frá því sem er eftir núgildandi lögum, og er þar helst að nefna breytingu á 239. gr. laganna, sbr. 238. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er efnissvið kaflans hið sama og er eftir gildandi lögum, nema varðandi ákvæðið í 241. gr. um refsiábyrgð útgerðarmanns.

Um 233. gr.

Sama efnis og 234. gr. l. 66/1963 með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Um 234. gr.

Samhljóða 235. gr. l. 66/1963.

Um 235. gr.

Nánast samhljóða 236. gr. l. 66/1963.

Um 236. gr.

Samhljóða 237. gr. l. 66/1963.

Um 237. gr.

Samhljóða 238. gr. l. 66/1963.

Um 238. gr.

Þessi grein frumvarpsins svarar til 239. gr. l. 66/1963, en lagt er til, að allmiklar breytingar verði gerðar frá því sem er að gildandi lögum.

1. mgr.

Sama efnis og l. mgr. 239. gr. gildandi laga, nema hvað tímalengd fangelsisvistar er nú ótiltekin og síðasti hluti l. mgr. 239. gr. fellur niður.

2. mgr.

Hér er um nýmæli að ræða. Rétt er, að í lögum sé sérstaklega mælt fyrir um þetta atriði sökum þess, að mjög miklar kröfur verður að gera til skipstjóra í þessu efni. Hann hefur í öllum efnum hið æðsta vald um borð í skipi sínu og ber hina ríkustu ábyrgð. Ákvæðinu verður beitt, enda þótt tjón hafi ekki hlotist af skv. l. mgr. Ákvæði í þessa átt á sér fyrirmynd í siglingalögum Dana og var því bætt inn í lögin þar árið 1973.

3. mgr.
Ákvæði þetta hefur í för með sér nokkra breytingu frá því sem er eftir gildandi lögum. Er ákvæðið að mestu sniðið eftir hliðstæðum fyrirmælum í 77. gr. frumvarps til nýrra sjómannalaga, sem nefndin hefur samið, en þarfnast eigi nánari skýringar. Eðlilegt þykir að samræmi sé milli siglingalaga og sjómannalaga að þessu leyti.

4. mgr.
Ákvæðið svarar að nokkru leyti til 3. mgr. 239. gr. núgildandi laga, en hér er þó gert ráð fyrir nokkrum nýmælum, sem til bóta horfa, en ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

5. mgr.
Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 12. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

6. mgr.
Þarfnast ekki skýringar.

Um 239. gr.

Samhljóða 240. gr. l. 66/1963.

Um 240. gr.

Samhljóða 241. gr. l. 66/1963.

Um 241. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Nauðsynlegt er, að refsing sé lögmælt í þessu tilfelli og felst í því verulegt aðhald fyrir útgerðarmenn. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með 172. gr. frumvarpsins.

Um 242. gr.

Svarar að mestu til 242. gr. l. 66/1963, en ákvæðið er þó gert gleggra en nú er.

UM XVI. KAFLA.

Gildistaka og brottfallin lög.

Um 243. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Ed. 155. Frumvarp til laga [150. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má af einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Við úthlutun á aflamarki til skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á ákveðnum tegundum sjávarafla, er heimilt að taka tillit til heildaraflaverðmætis. Ráðherra er heimilt að úthluta aflamarki skips, sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða, til útgerðarfyrirtækis skips eða fiskvinnslufyrirtækis þess sem skipið hefur einkum lagt upp afla hjá.

Ráðherra getur og sett reglur um leyfilegan fjölda sóknardaga tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna. Við ákvörðun fjölda sóknardaga er ráðherra heimilt að taka mið af fyrri sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa.

Ráðherra getur heimilað framsal úthlutaðs aflamarks og sóknardaga og sett reglur um skilyrði framsals og riftun þess telji hann ástæðu til.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að veiðar á ákveðnum tegundum fiskstofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri, þ. á m. botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum reglum, sbr. 17. gr., settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, 2000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr. ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Aftan við „Ákvæði til bráðabirgða“ komi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. l. nr. 81/1976, með áorðnum breytingum, skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og gilda til ársloka 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 14. nóvember 1983 skipaði Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra ráðgjafanefnd til þess að fjalla um stöðu sjávarútvegs í ljósi nýjustu vitneskju og áætlana um aflabrögð, afrakstursgetu fiskstofna, stjórn fiskveiða og afkomu útvegs og sjómanna. Nefnd þessi skyldi vera sjávarútvegsráðherra til ráðuneytis við mótun fiskveiðistefnu og um úrræði til lausnar fjárhagsvanda sjávarútvegsins. Í nefndina voru skipaðir eftirfarandi aðilar: Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands og Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en þeir tveir síðastnefndu skiptust á um setu í nefndinni, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar SÍS, Þorsteinn Gíslason, fiskimálastjóri, Jakob Jakobsson, aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar og Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Sigurður P. Sigmundsson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu. Auk fastra nefndarmanna tóku allmargir aðrir aðilar þátt í starfi nefndarinnar á ýmsum stigum starfsins.

Það varð fljótlega ljóst að vilji var fyrir því að breyta verulega stjórn fiskveiða frá þeim aðferðum sem áður hafði verið beitt og stjórna fiskveiðum með aflamarki á helstu botnfisktegundum og skipta síðan því aflamarki á einstök fiskiskip með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra. Kom þessi vilji m. a. fram í samþykktum aðalfundar Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskiþings þetta sama haust. En þar sem ekki voru fyrir hendi fullnægjandi lagaheimildir til stjórnar fiskveiðum með þeim hætti var í desembermánuði 1983 lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og var í því frumvarpi lagt til að ráðherra yrðu veittar heimildir til þess að ákveða aflamark og skipta því milli fiskiskipa. Enn fremur var lagt til að reglur um dragnótaveiðar yrðu rýmkaðar, tekin yrðu af öll tvímæli um heimildir til leyfisbindingar togveiða og loks yrði ráðherra veitt heimild til ákvörðunar togveiðisvæða í því skyni að nýta vannýttar fisktegundir. Frumvarp þetta var síðan samþykkt á Alþingi 28. desember 1983 sem lög nr. 82/1983.

Ráðgjafanefndin, sem ráðherra skipaði þann 14. nóvember 1983, skilaði þann 24. janúar 1984 ábendingum varðandi stjórn fiskveiða fyrir árið 1984 og lagði nefndin til að ákveðið yrði aflamark á sjö mikilvægustu botnfisktegundirnar og því aflamarki skipt milli

einstakra fiskiskipa með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra. Jafnframt yrði valkostur um sóknarmark í sérstökum tilvikum. Eftir að ráðgjafanefndin hafði skilað ábendingum sínum hélt sjávarútvegsráðherra fundi með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og sjávarútvegsnefndum Alþingis. Í þeirri umræðu komu fram ýmsar breytingartillögur sem ráðherra féllst á. Þann 8. febrúar 1984 gaf ráðherra út reglugerð nr. 44/1984 um stjórn botnfiskveiða 1984.

Enda þótt fullsnemmt sé að segja til um hver endanleg reynsla verður af aflamarksfyrirkomulaginu við stjórn fiskveiða 1984 má draga nokkrar ályktanir af fenginni reynslu.

Eftir að Hafrannsóknastofnunin lýsti því yfir að þorskstofninn væri í mikilli lægð eftir nokkur góð ár og lagði til að veiðar yrðu verulega takmarkaðar úr stofninum í ár, var fljótlega ljóst að um tvær meginstjórnunarleiðir væri að velja; sóknartakmarkanir eins og stuðst hefði verið við undanfarin ár eða aflamarksfyrirkomulag. Aflamarksfyrirkomulag varð fyrir valinu og má með sanni segja að fjórar ástæður hafi þar vegið þyngst.

Sú fyrsta var að frekari sóknartakmörkunum á þorskveiði en þegar hefði verið gripið til yrði ekki komið við, þar sem slíkt leiddi aðeins til aukinnar sóknar í aðra botnlæga fiskistofna s. s. ýsu, karfa, ufsa og grálúðu sem þegar voru taldir fullnýttir að mati Hafrannsóknastofnunarinnar.

Önnur ástæðan var sú að mjög erfitt var talið, eins og fyrri reynsla hafði sýnt, að takmarka þorskveiðina með sóknartakmörkunum við nákvæm mörk. Þetta var álitið mjög mikilvægt gagnvart þorskstofninum í ár vegna hættu á hruni stofnsins ef veiðar færu verulega fram úr settu marki. Af bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands um botnfiskaflann 1984 má ráða að tekist hefur fram til þessa að takmarka afla við þau mörk, sem sett voru í upphafi, og bendir flest til þess að svo verði það sem eftir er ársins og gefur meðfylgjandi tafla vísbendingu um það.

	Veiðar allra fiskiskipa frá janúar-ágúst		Úthlutað aflamagn
	1984	1983	1984
Þorskur	209 þ.t.	239 þ.t.	257 þ.t.
Ýsa	35 þ.t.	51 þ.t.	65 þ.t.
Ufsi	47 þ.t.	41 þ.t.	77 þ.t.
Karfi	79 þ.t.	82 þ.t.	119 þ.t.
Grálúða	25 þ.t.	26 þ.t.	32 þ.t.
Skarkoli	5 þ.t.	4 þ.t.	18 þ.t.
Steinbítur	8 þ.t.	10 þ.t.	15 þ.t.

Þriðja ástæðan var sú, að aflamarksfyrirkomulagið tryggði betur en nokkur önnur leið við stjórn fiskveiða að sá afli, sem til skipta væri, dreifðist eins jafnt og réttlátlega á fiskiskip og byggðarlög og kostur væri á. Sóknartakmarkanir á fiskiskip fela í sér samkeppni um aflann þann tíma, sem þau mega vera að veiðum, og má leiða að því sterk rök að þorskaflahrotur þær sem komu í Breiðafirði s. l. vetur og á Vestfjarðamiðum í sumar hefðu leitt af sér mun ójafnari skiptingu fiskaflans, en raun varð á, hefði sóknartakmörkunum verið beitt. Þannig hefur reynslan verið af veiðum smábáta undir 10 lestum sem fiska úr sameiginlegu heildaraflamarki. Aflasæld smábáta hefur verið mjög misjöfn við landið og því hafa takmarkanir á sókn bitnað harðar á einstökum landshlutum en öðrum. Því má segja að þessi röksemd um jafnari og réttlátari skiptingu fiskaflans með aflamarksfyrirkomulagi standist.

Fjórða ástæðan var sú að með aflamarksfyrirkomulagi mætti koma við sparnaði og hagkvæmni í rekstri fiskiskipa, m. a. vegna þess að hægt yrði að færa aflakvóta á milli skipa og fækka þar með skipum í rekstri. Um þennan þátt er erfitt að fullyrða. Þó er ljóst að margir útvegsmenn hafa reynt að spara og auka hagkvæmni í rekstri, m. a. með því að sameina kvóta skipa og beina öðrum skipum í veiðar á vannýttum fiskstofnum, t. d.

úthafsrækju. Þá kom einnig á daginn að nokkuð dró úr veiðarfæranotkun á vetrarvertíð því að bátar reru með færri net en áður. Nýting veiðarfæra varð betri og fiskgæði á vetrarvertíð jukust frá árinu áður samkvæmt gæðaskýrslu Fiskifélags Íslands.

Segja má, þegar á heildina er litið að fyrrnefndar fjórar höfuðástæður fyrir því að aflamarksleiðin var valin hafi að verulegu leyti staðist og þeim markmiðum í stórum dráttum verið náð sem stefnt var að í upphafi.

Þá er einnig rétt að geta þess að frá upphafi hafa stærstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi tekið þátt í mótun og eindregið stutt þá stefnu sem fylgt er í stjórn fiskveiða í ár.

Ráðherra hefur nú í byrjun október skipað ráðgjafanefnd sem skila á, svo fljótt sem við verður komið, ábendingum um mótun fiskveiðistefnu fyrir næstu ár í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á árinu 1984. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en þeir tveir skiptast á um setu í nefndinni. Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri sjávarútvegsráðuneytisins, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, Þorsteinn Gíslason, fiskimálastjóri, Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar og Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Með nefndinni starfa Stefán Þórarinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands og Jónas Blöndal skrifstofustjóri Fiskifélags Íslands. Ritari nefndarinnar er Sigurður P. Sigmundsson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu.

Enda þótt eigi sé enn ljóst hvernig stjórn fiskveiða verði háttað ber nauðsyn til að aflað verði svipaðra lagaheimilda og gert var á síðasta ári, því að lögin, sem samþykkt voru á Alþingi 28. desember 1983 (l. nr. 82/1983), gilda aðeins til loka árs 1984. Er því frumvarp þetta lagt hér fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þær efnisbreytingar sem felast í 1. gr. frumvarpsins frá 1. gr. laga nr. 82 28. desember 1983 eru þessar:

1. Í síðasta málslið 1. mgr. 1. gr. er ráðherra veitt heimild til að úthluta aflamarki skips til útgerðarfyrirtækis skipsins eða þeirrar vinnslustöðvar er skipið hefur einkum lagt upp afla hjá. Heimild þessi er aðallega hugsuð til að leysa tímabundna erfiðleika vinnslustöðvar eða byggðarlags sem byggir afkomu sína að mestu leyti á rekstri eins skips en missir það úr rekstri. Samkvæmt þessari heimild yrði hægt að leysa tímabundna erfiðleika með því að úthluta vinnslustöð aflamarki skipsins sem hverfur úr rekstri. Vinnslustöðin gæti þannig tryggt sér afla með veiðum annarra skipa.

Þá veitir þessi heimild möguleika til þess að úthluta útgerðarfyrirtæki skipsins aflamarki tímabundið, þannig að útgerðin geti t. d. leigt annað skip til veiðanna.

2. Ráðherra er heimilt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að ákvarða skipi ákveðinn fjölda sóknardaga miðað við fyrri sókn skipsins, þ. e. ákveða hversu marga daga skip megi stunda veiðar á ákveðnum fisktegundum. Í 1. gr. l. 82/1983 er þessi heimild til að takmarka sókn bundin við tilteknar gerðir fiskiskipa og því er ekki heimilt að úthluta hverju skipi sóknardögum á grundvelli fyrri sóknar einstaks skips heldur verða sóknardagar að vera jafnmargir hjá tilteknum gerðum skipa. Í þeim umræðum, sem urðu um stjórn fiskveiða í árslok 1983, töldu ýmsir að heppilegra væri að ákveða sóknartakmarkanir fremur en aflatakmarkanir en vegna þeirrar takmörkunar, sem er á þessari heimild, varð niðurstaðan sú að fiskiskipum var aðeins í undantekningartilvikum úthlutað sóknardögum. Ekki verður hér tekin afstaða til þess, hvor áðurnefndra leiða sé heppilegri en þó má benda á að sóknartakmarkanir eru að ýmsu leyti einfaldari í framkvæmd og þá einkum varðandi eftirlit.

3. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins yrði einnig heimilt að framselja sóknardaga eins og aflamark. Ef til þess kemur að sú leið verði valin, að setja sóknartakmarkanir á báta, eru sömu rök fyrir því að heimila framsal á sóknardögum og aflamarki. Enn fremur er í þessari málsgrein kveðið skýrt á um heimild til að setja reglur um skilyrði framsals og riftun þess.

Um 2. gr.

Með 2. gr. l. 82/1983 voru felldar niður takmarkanir þær sem voru á dragnótaveiðum varðandi bátastærðir og veiðitíma.

Með breytingu þessari opnaðist möguleiki á dragnótaveiðum yfir vetrarmánuðina og nýttu sér það allmargir bátar og víða með góðum árangri. Það verður því að telja æskilegt að þessar veiðar aukist enn á kostnað netaveiða og er verulegur áhugi fyrir því meðal útgerðarmanna. Hér er því lagt til að heimild þessi gildi áfram.

Um 3. gr.

Efnislega er 3. gr. frumvarpsins samhljóða 3. gr. l. 82/1983 og miðar þessi grein fyrst og fremst að því að taka af öll tvímæli um heimild til leyfisbindingar togveiða.

Um 4. gr.

Breyting sú er fram kemur í greininni er nauðsynleg vegna ákvarðana sem ráðherra kann að taka með stoð í 10. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 5. gr. l. 82/1983. Nauðsynlegt þótti að setja þetta ákvæði til þess að ráðherra geti heimilað togveiðar á svæðum þar sem veiða má vannýttar fisktegundir, t. d. skarkola. Með stoð í þessari heimild var nú í haust gefin út reglugerð þar sem togveiðar voru heimilaðar út af Breiðafirði, fyrir Vestfjörðum og í Héraðsflóa og nær landi en togveiðar hafa verið stundaðar um árabil.

Sú reynsla sem fengist hefur af þessum veiðum til þessa lofar góðu og er því lagt til að þessi heimild gildi áfram.

Um 6. gr.

Lög nr. 82/1983, sem samþykkt voru á Alþingi 28. desember 1983, giltu aðeins frá 1. janúar 1984 til ársloka 1984, sbr. 6. gr. laganna. Þessi stutti gildistími laganna olli því að ómögulegt reyndist að marka fiskveiðistefnu til lengri tíma en eins árs sem er of skammur tími. Verður að telja nauðsynlegt að aðilar í sjávarútvegi geti í stórum dráttum gert sér grein fyrir því hvernig stjórn fiskveiða verði háttað um lengri tíma en eitt ár og er því hér lagt til að gildistíminn verði þrjú ár eða til ársloka 1987.

Fylgiskjal

Bráðabirgðaskýrsla um ástand fiskstofna.

(Nóv. 1984)

INNGANGUR

Undanfarin 10 ár hefur Hafrannsóknastofnunin gert úttekt á ástandi fiskstofna og lagt fram tillögur um leyfilegan hámarksafla á þessum árstíma. Enn einu sinni er komið að skuldadögum. Sú úttekt á ástandi helstu botnfisktegunda sem hér verður rædd var unnin við

óvenjulegar aðstæður sem sköpuðust fyrst og fremst vegna langvarandi verkfalls BSRB. Þetta olli bæði nokkrum töfum og einnig því að ekki var unnt að nota öll þau gögn sem safnað hafði verið á yfirstandandi ári. Því er hugsanlegt að Hafrannsóknastofnunin geti komið með endurskoðaðar tillögur síðar á þessu ári, þegar tími hefur unnist til að vinna betur úr framangreindum gögnum. Það er þó ekki von á að um mikilvægar breytingar verði að ræða.

Uppsjávarfiskar

Þetta er 10. haustið sem síldveiðar eru stundaðar frá því að síldveiðibanninu lauk haustið 1975. Síldaraflinn hér sunnanlands það ár var um 13 000 tonn en óx svo á næstu árum smám saman og varð 45 000 tonn 1979. Síðastliðin 6 ár hefur síldaraflinn verið frá 40—58 000 tonn og svo giftusamlega hefur tekist til um stjórn þessara veiða að aldrei hefur þurft að birta eina einustu svarta skýrslu enda þótt sveiflur í árgangastyrk síldarinnar séu síst minni og raunar miklu meiri heldur en t. d. hjá þorski. Ein aðalástæðan fyrir því hvernig til hefur tekist er sú staðreynd að allt frá árunum 1975 hefur þeirri stefnu verið fylgt að aflinn fari ekki yfir 20—25% af stærð stofnsins. Þegar til lengri tíma er litið gefur þetta hagkvæmasta nýtingu og möguleika á því að jafna veiði frá einu ári til annars enda þótt stærð árganganna sé mjög mismunandi. Í fyrra veiddist t. d. mest af 4 ára síld, þ. e. a. s. árganginum frá 1979. Aflinn á þessu ári byggist einnig að mjög miklu leyti á þessum árgangi og er von til þess að á árinu 1985 verði '79 árgangurinn einnig mjög áberandi í síldarstofninum. Þess ber þó að geta að úttekt á síldarstofninum fer ekki fram fyrr en seint í desember eða í janúar en það kæmi mjög á óvart ef sú úttekt leiddi til mikillar breytingar á tillögum um hámarksveiði á síld.

Þau gleðilegu tíðindi spurðust hingað til lands haustið 1983 að klakist hefði mjög sterkur árgangur í norsk-íslensku síldinni sem hefur haldið sig við Noreg og ekki gengið til Íslands undanfarna tvo áratugi. Rannsóknir sem fram hafa farið í Barentshafi á þessu ári staðfesta fyrri niðurstöður um það að 1983-árgangurinn sé mjög stór og 1984-árgangurinn er einnig miklu stærri en þeir árgangar sem klakist hafa út í þessum síldarstofni mörg undanfarin ár. Allar líkur benda því til þess að á næstu árum, einkum um og eftir 1988, muni þessi stofn stækka til mikilla muna frá því sem verið hefur. Hann er nú talinn um 6—700 000 tonn en var þegar best lét allt að 10 milljónir tonna. Hér eiga Íslendingar að sjálfsögðu mikilla hagsmuna að gæta og verður að fylgjast grannt með hver framvinda þessa síldarstofns verður á næstu árum. Útbreiðsla eins árs síldarinnar í Barentshafi minnir mjög á útbreiðslu sterka árgangsins frá 1959 en hann gekk á miðin norðanlands í fyrsta skipti, aðeins 3 ára gamall.

Mælingar á stærð íslenska loðnustofnsins töfðust um heilan mánuð vegna verkfalls BSRB. Endanlegar tillögur um leyfilegan loðnuafla á yfirstandandi vertíð liggja því ekki fyrir á sama tíma og þær hafa gert á undanförnum árum. Mælingatölur úr ágústleiðangri hafa þó verið notaðar til þess að gera tillögur um hækkun bráðabirgðakvótans sem nú er í gildi. Þær tillögur hafa nú þegar verið samþykktar í vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins og um þær verður fjallað í fiskveiðinefnd ráðsins. Það kæmi mjög á óvart ef fiskveiðinefndin samþykkti ekki tillögur vinnunefndarinnar óbreyttar en þær hljóða upp á 50-100% aukningu á bráðabirgðakvótanum sem var 300 000 tonn eins og kunnugt er. Enda þótt endanlegar tillögur liggi ekki fyrir um loðnuafla á þessari vertíð eru ýmis teikn á lofti sem benda til þess að loðnustofninn hafi náð sér eftir þá lægð sem hann var í fyrir 2—3 árum. Því gætir allmikillar bjartsýni um framvindu loðnuveiðanna í ár og jafnvel á næstu vertíð líka. Þó verðum við ævinlega að hafa í huga að loðnan er skammlífur fiskur, aflinn hverju sinni byggist aðallega á einum árgangi og því verður að búast við verulegum sveiflum í loðnuveiðum þar sem ekki er unnt að dreifa nýtingu á góðum árgöngum yfir langt tímabil eins og gert hefur verið í nýtingu síldarstofnsins.

Botnfiskar

Karfinn

Úttekt á karfastofninum hefur einkum farið fram á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins enda litið svo á að karfinn við Ísland, Færeyjar og Austur-Grænland sé einn stofn. Ekkert samkomulag hefur þó verið milli hlutaðeigandi yfirvalda um nýtingu karfastofnsins á þessu svæði. Nokkur undanfarin ár hefur karfaaflinn farið langt fram úr tillögum Alþjóðahafrannsóknaráðsins um leyfilegan hámarksafla á svæðinu. Því er oft spurt hve lengi þetta getur gengið. Svarið við þessari spurningu er venjulega það að hér sé verið að veiða úr tiltölulega stórum en hægvaxta stofni og allar breytingar í stofnstærð verði því mjög hægfara. Þess er þó farið að sjá merki hin allra síðustu ár þar sem afli íslenskra togara á togtíma hefur farið minnkandi um 8—10% síðastliðin tvö ár.

Hafrannsóknastofnunin leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að ná samkomulagi um nýtingu karfastofnsins og varar eindregið við því að fram verði haldið á sömu braut sem hingað til og veitt miklu meira úr stofninum en tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðs gera ráð fyrir. Þessi varnaðarorð eru einkum sett fram vegna þess að rannsóknir á karfaungviði benda til þess að þeir árgangar sem bætast muni í karfastofninn eftir nokkur ár séu mun lakari heldur en þeir sem verið er að veiða um þessar mundir. Því er lagt til að nokkuð verði dregið úr afla Íslendinga og leyfilegur hámarksafli árið 1985 verði 90 000 tonn og er það sama og lagt var til að veitt yrði á þessu ári.

Grálúðan

Grálúðan er hægvaxta fiskur eins og karfinn og hin síðustu ár eru þess nokkur merki að fiskveiðidánarstuðlar hafi hækkað í takt við vaxandi afla og að sama skapi hafi hrygningarstofninum heldur hnignað eins og sýnt er á meðfylgjandi línuritum. Þess ber þó að geta að þau gögn sem notuð eru við stofnstærðarútreikninga á grálúðu spanna yfir tiltölulega stutt tímabil og er því ekki unnt að byggja á eins langri reynslu og um marga aðra fiskstofna. Eigi að síður telur Hafrannsóknastofnunin að fara beri með nokkurri gát við nýtingu grálúðustofnsins og leggur til að grálúðuaflinn verði 25 000 tonn á árinu 1985 og er það einnig það sama og lagt var til á þessu ári.

Ufsinn

Enda þótt ufsinn sé flökkufiskur hefur ufsaaflinn hér við land undanfarin 5—6 ár verið á bilinu 55—68 000 tonn. Sóknin í þennan stofn virðist ekki hafa verið óhófleg en með tilliti til þess að gert er ráð fyrir að nú sé að bætast í stofninn lakari árgangur en þeir sem veiðin hefur byggst á að undanförnu er lagt til að sóknin í ufsastofninn verði ekki aukin og aflinn á árinu 1985 verði miðaður við 60 000 tonn og er það 5 þús. tonnum lægra en lagt var til fyrir 1983.

Ýsa

Ástand stofnsins

Stóri árgangurinn frá 1976, sem verið hefur meginuppistaðan í ýsustofninum undanfarin ár, fer nú þverrandi, enda orðinn átta ára gamall og aðrir árgangar sem á eftir komu hafa ekki fyllt upp í skarð hans í sama mæli. Þessi þróun mála var fyrirsjáanleg og reyndar þegar hafin á s. l. ári, en segja má að þessi framvinda reynist nú nokkuð örari heldur en gert hafði verið ráð fyrir.

Bæði afli á sóknareiningu og heildarafli hafa fallið mikið en það ættu að vera óræk merki um minnkandi ýsustofn. Í ágústlok (nýjustu fyrirliggjandi tölur) var ýsuaflinn ekki orðinn nema liðlega 35 þús. tonn á móti 51 þús. tonni á sama tíma í fyrra eða rúmlega 30% minni. Afli á sóknareiningu hefur fallið um 18% eða heldur minna en aflamagnið.

Þótt útlitið varðandi ýsustofninn virðist þannig ekki eins dökkt og aflaminnkun gæti gefið til kynna, standast spár frá í fyrra um þróun afla og stofnstærðar ekki óbreyttar lengur vegna áðurnefnds ofmats á yngri árgöngum. Nú er talið að hrygningarstofn og heildarstofn hafi verið ofmetnir sem svarar til sölu á bilinu 15—20%.

Ástæður þessa ofmats eru eftirfarandi: Árgangurinn frá 1980 var ofmetinn í fyrra og talinn vera töluvert yfir meðalárgangi að stærð. Þá var um nokkurt ofmat á árganginum frá 1979 að ræða en það kemur meira á óvart þar sem sá fiskur kom inn í veiðina í fyrra sem fjögurra ára og þar með talið að um stærð hans lægi nokkuð haldbær vitneskja.

Árgangaskipan

Árgangurinn frá 1975 (9 ára) sem var nokkuð undir meðallagi er nú því sem næst úr sögunni, en hlutur hans var 2% í afla. Stóri árgangurinn frá 1976 (8 ára) var sem áður sagði um 35% af afla. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hann fari mjög þverrandi og verði um 15% í afla hvað þunga varðar en innan við 10% í fjölda. Árgangurinn frá 1977 (7 ára) er nú talinn nokkuð yfir meðalárgangi og hefur mat á honum heldur færst niður þar sem hann skilaði sér inn í veiðina í nokkuð minna mæli í ár heldur en 76-árgangurinn, en í fyrra voru þessir árgangar nær jafnir að fjölda í veiði. Árgangurinn frá 1978 (6 ára) var 24% í veiði og er talinn vera nokkuð undir meðalárgangi. Hlutur fimm ára fisks frá 1979 virðist ekki meira en 6% í veiði. Það hlutfall bendir til smæsta árgangs sem sést hefur í veiðinni um áratuga skeið. Þar sem þetta hlutfall hans í afla bendir til árgangsstærðar sem er svo langt fyrir neðan allt sem áður hefur þekkst hefur við framreikninga verið gert ráð fyrir að hann eigi enn eftir að skila sér og hlutur hans í veiði næsta árs verði sett 13%. Þrátt fyrir slíka bjartsýni er árgangurinn samt metinn mjög lítill. Stærðarmat á 1980-árganginum (4 ára) er nú meðalárgangur og er um leið það bjartasta sem er í sjónmáli af árgöngum ýsustofnsins þótt vonir um hann hafi brugðist að töluverðu leyti sem áður sagði.

Skal þá vikið að væntanlegum nýliðum sem enn eru ekki komnir inn í veiði. Samkvæmt athugunum, óháðum veiðum, er 1981-árgangurinn (3 ára) talinn frekar lélegur og árgangurinn frá 1982 (2 ára) mjög lélegur. Seiðaathuganir benda til þess að árgangarnir frá 1983 og 1984 séu skárri, þó sérstaklega árgangurinn frá í ár.

Tillögur um aflahámark 1985

Reiknuð hafa verið út áhrif mismunandi ársafla á ýsustofninn í nánustu framtíð. Þessir framreikningar eru byggðir á þeim forsendum um árgangastærðir og nýliðun sem nefndir hafa verið að framan og meðalnýliðun eftir þetta ár og hefur VP-greiningin verið notuð við útreikningana. (Tafla 1.)

Þegar athuguð eru áhrif mismunandi afla á ýsustofninn eins og hann er nú talinn kemur í ljós að hrygningarstofninn minnkar óhjákvæmilega töluvert á næstu árum, jafnvel þótt farið sé niður í mjög lítinn afla, en það er í samræmi við fyrri spár.

Með óbreyttri sókn á næsta ári er áætlað að hinn veiðanlegi stofn eins og hann er metinn nú muni gefa af sér 45 þús. tonn. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að ýsuafli á næsta ári verði 45 þús. lestir.

Tafla 1. Áætlun um stærð heildarstofns ýsu 1985—1987 við mismunandi ársafla (þús. tonna).

Ár	ársafli	ársafli	ársafli
	50	45	40
1985	225	225	225
1986	225	230	235
1987	230	240	250

Áætlun um stærð hrygningarstofns ýsu 1985—1987 við mismunandi ársafla (þús. tonna).

1985	180	180	180
1986	140	145	150
1987	130	140	150

Þorskur

Ástand stofnsins

Það er alkunna að eftir góðærið í þorskveiðunum árin 1980 og 1981 hefur afli og stofn farið hríðfallandi og var afli á síðastliðnu ári tæp 300 þús. tonn og þarf að fara allt aftur til áranna 1947 og 1948 til að finna svo lágar aflatölur á þorski. Mat Hafrannsóknastofnunarinnar síðastliðið haust sem byggt var á niðurstöðum VP-greiningar og samanburði á niðurstöðum úr stofnmælingarleiðöngrum með botnvörpu í september 1982 og 1983 gaf til kynna að stærð heildarstofnsins í ársbyrjun 1984 mundi vera 1130 þús. tonn og stærð hrygningarstofns 300 þús. tonn. Miðað við þessar forsendur lagði Hafrannsóknastofnunin til að þorskafli 1984 yrði takmarkaður við 200 þús. tonn.

Þessar tillögur, svo og lakar veiðar á árinu 1983, áttu eflaust mestan þátt í því, að sett var á þessu ári í fyrsta sinn í sögu þorskveiðanna við Ísland, aflamark á þorsk og reyndar fleiri botnfiska. Í upphafi árs var aflamark þetta sett við 220 þús. tonn, en með endurskoðun og lagfæringum ýmiss konar, stefnir aflamarkið nú í 257 þús. tonn.

Vegna hugsanlegra gangna þorsks frá Grænlandi á s. l. vetrarvertíð fór fram endurmat á þorskstofninum fyrstu dagana í apríl á þessu ári. Það endurmat staðfesti fyrra stofnmat og benti ekkert til þess að göngur fisks frá Grænlandi væru komnar á miðin í mars. Aflahrota á Breiðafjarðarmiðum í mars svo og hlýindi í sjónum, auk vaxandi ætis sem leiðir til aukins vaxtar, gaf nokkurt tilefni til bjartsýni, en aprílmánuður, sem venjulega er mesti aflamánuður ársins, brást nú **algjörlega,** og hefur a. m. k. ekki síðastliðin 37 ár verið jafn lítill afli í þeim mánuði.

Nýtt endurmat á stærð stofnsins, sem nú liggur fyrir, byggt á niðurstöðum hefðbundinnar og tölfræðilegrar VP-greiningar, bendir til þess að stofninn sé minni en áður var ætlað, sérstaklega árgangarnir frá 1977 og 1978, þar sem þeir hafa ekki komið fram í veiðinni á þessu ári í þeim mæli sem búist var við. Þrátt fyrir að þorskur hafi þyngst um 10—15% á þessu ári vegur það ekki upp heildarstofnþyngd til fyrra stofnmats.

Núverandi stofnmat gerir ráð fyrir að heildarstærð þorskstofnsins hafi í ársbyrjun 1983 verið 970 þús. tonn, og í ársbyrjun 1984 1010 þús. tonn. Stærð hrygningarstofns 1983 var 280 þús. tonn og 1984 aðeins 260 þús. tonn.

Það skal tekið fram að ofangreint mat byggir eingöngu á afla- og sóknartölum, en vegna verkfalls BSRB liggja niðurstöður úr stofnmælingaleiðöngrum með botnvörpu, sem farnir voru í september s. l., enn ekki fyrir.

Sókn, afli og árgangskipan 1984

Reglur um takmörkun þorskveiða á þessu ári eru nú með allt öðrum hætti en áður. Skrapdagakerfi togara var alfarið lagt niður, en í staðinn var tekið upp nýtt kerfi, aflamark á skip, byggt á meðaltali áranna 1981—1983. Úthlutað heildarþorskaflamagn árið 1984 er 257 þús. tonn, en í stofnstærðarútreikningum er gert ráð fyrir að þetta aflamark verði ekki nýtt að fullu og þorskaflinn 1984 er áætlaður 250 þús. tonn.

Þær nýju takmarkanir á þorskveiðum, sem teknar voru upp á þessu ári, virðast hafa leitt til 10% sóknarminnkunar í þorsk, Úttekt á togaraskýrslum tímabilið janúar—ágúst í ár miðað við sama tímabil árið 1983 leiðir til þessarar niðurstöðu. Sókn togaranna hefur á þessu ári beinst meir að karfa og ufsa en árið 1983.

Vetrarvertíð SV-lands var nú í ár enn lakari en árið 1983, og er sú allra lélegasta í áratugi, að undantekinni aflahrotu sem gerði á Breiðafirði í mars. Kemur þar einkum tvennt til, gæftir voru yfirleitt stirðar, en ördeyða á miðunum, sérstaklega í apríl, átti þó mestan hlut að máli. Engar úthaldstölur um bátaflotann eru tiltækar, en talið er, að vegna kvótakerfisins hafi menn lagt meira upp úr gæðum aflans og meðalfjöldi netja í sjó verið minni en áður. Er þetta metið til 10% minnkunar í sókn bátaflotans.

Aflinn á vetrarvertíð SV-lands byggist mest á 1976-árganginum, þ. e. 8 ára þorski, bæði hvað snertir fjölda og þyngd. Alls var landað 20 þús. tonnum af þessum árgangi. Afli annarra árganga var tregari. Af 1975-árganginum (9 ára) var landað 13 þús. tonnum og svipað af 1978-árganginum (6 ára), en 1977-árgangurinn (7 ára þorskur) skilaði ívið meiri afla (13 500 tonnum). Til samanburðar má geta þess að á vetrarvertíð SV-lands 1983 komu á land 23 þús. tonn af 7 ára þorski og 25 þús. tonn af 8 ára þorski og þótti þá engin ósköp.

Á vestur-, norður- og austurmiðum byggðust veiðarnar, tímabilið janúar til maí, á 4, 5 og 6 ára þorski. Að fjölda til var mest landað af 4 og 5 ára þorski. Enn fremur bar nokkuð á 6 ára þorski, sérstaklega í hrotunni á Vestfjarðamiðum í febrúar, en sá fiskur gekk svo á Breiðafjarðarmið, eins og áður er getið.

Í sumarveiðunum gaf fiskur sig helst til á Vestfjarðamiðum, sérstaklega í ágúst, en þá þéttist þorskur í æti (loðnu) og varð vel veiðanlegur. Aldursgreining á sýnum úr þessari aflahrotu sýna, að allt að tveir þriðju hlutar aflans var aðeins 4 ára, þ. e. af árganginum 1980 sem er talinn vera meðalárgangur. Hlutdeild 5 og 6 ára þorsks var talsvert minni.

Vöxtur og kynþroski

Eins og fram hefur komið áður, hefur hin allra síðustu ár dregið úr vaxtarhraða þorsks hér við land. Þeir þættir, sem taldir eru hafa mest áhrif þar, eru fæðuframboð og hitastig sjávar. Sjávarhiti á þessu ári hefur verið mun hagstæðari á uppeldisstöðvunum við N- og A-land en undanfarin ár, og enn fremur má ætla að með stækkandi loðnustofni fari ætisskilyrði þorsks batnandi. Vöxtur þorsks í ár miðað við í fyrra sýnir, að þorskurinn hefur tekið verulegan vaxtarkipp (tafla 1), sérstaklega yngri þorskurinn. Bráðabirgðatölur sýna, að að meðaltali nemur vaxtaraukningin á þessu ári um 10—15%. Batnandi skilyrði í sjónum leiða enn fremur til þess að fiskurinn verður fyrr kynþroska (tafla 2), þó þess ekki gæti enn sem komið er í eins ríkum mæli og þyngdaraukningarinnar.

Nýliðun

Þorskárgangur 1980 er nú talinn vera 220 milljónir þriggja ára nýliða. Þetta er heldur lægra mat en á síðasta ári. Enda þótt þessi árgangur hafi verið uppistaða veiðanna í ár, bendir ýmislegt til þess að sókn í þennan árgang hafi verið meiri en verið hefur í fjölda ára fisk á undanförnum árum. Mat á stærð þessa árgangs er því verulegri óvissu háð.

Þorskárgangur 1981 er talinn vera fremur lélegur eða um 160 milljónir nýliða og er það svipað mat og á síðasta ári.

Þorskárgangur 1982 er hins vegar talinn vera með afbrigðum lélegur eða um 100 milljónir nýliða eða af svipaðri stærð og árgangur 1979. Svo veikir árgangar hafa ekki komið fram áður á þeim þremur áratugum sem upplýsingar liggja fyrir um.

Þorskárgangur 1983 er talinn vera í slöku meðallagi eða um 190 milljónir nýliða. Þetta mat er þó mikilli óvissu háð.

Af framansögðu er ljóst að nýliðun þorskstofnsins hefur verið með lakasta móti á undanförnum árum eða allt síðan 1977. Nokkrar vonir hafa verið bundnar við árgang 1980, en nú eru vaxandi líkur á því að þær muni ekki ganga eftir. Efniviður til uppbyggingar þorskstofnsins er því ekki í sjónmáli á allra næstu árum. Sé sjónum hins vegar beint að

yngsta og óvissasta árgangi stofnsins 1984 er vissulega tilefni til bjartsýni. Sá árgangur kann þó að eiga ýmsar hindranir óyfirstignar áður en hann bætist í hinn veiðanlega hluta stofnsins. Marktækt mat á nýliðun þessa árgangs mun tæpast liggja fyrir fyrr en á árinu 1986.

Horfur og tillögur um aflamark 1985

Eins og getið er hér að framan er áætluð stærð þorskstofnsins í ársbyrjun 1984 um 10% minni en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Framreikningar á þróun stofnsins byggjast á þessu stofnmati svo og eftirfarandi mati á nýliðun yngstu árganganna. Árgangur 1980 er áætlaður af meðalstærð (220 milljónir 3 ára nýliða). Árgangur 1981 er ívið lakari en áður var ætlað eða 160 milljónir nýliða. Árgangur 1982 er eins og áður álitinn jafnsterkur og 1979 árgangurinn eða nær 100 milljónir nýliða. Í framreikningum er enn fremur gert ráð fyrir að árgangur frá 1983 sé ívið undir meðallagi (190 milljónir nýliða), en 1984-árgangurinn sé sterkur, eða um 300 milljónir nýliða.

Þá er gert ráð fyrir að sá aukni vöxtur, sem fram hefur komið á þessu ári, haldist óbreyttur á næstu árum.

Þróun þorskstofnsins miðað við ofangreindar forsendur og þrjá mismunandi kosti varðandi árlegan afla árin 1985—1987 er sýnd í töflu 3.

Ef veidd verða 300 þús. tonn á ári næstu árin heldur hrygningarstofninn enn áfram að minnka. Við 250 þús. tonna veiði helst hann nánast óbreyttur, en við 200 þús. tonna aflamark mun hann rétta við um 100 þús. tonn á næstu þremur árum. Þrátt fyrir aukinn vöxt einstaklinganna í stofninum mun þorskstofninn minnka á næsta ári miðað við 300 þús. tonna veiði og 250 þús. tonna veiði mun leiða til mjög óverulegrar aukningar heildarstofnsins. Hér er rétt að minna á að árgangar sem nú eru í veiðinni og verða í veiðinni í allra nánustu framtíð eru allir undir meðallagi að undanteknum 1980-árganginum og tveir árgangar eru óvenjulitlir (1979 og 1982). Aflinn á næsta ári mun því byggjast að ⅔ hlutum á aðeins tveim árgöngum, þ. e. 4 og 5 ára þorski. Ljóst er því að takmarka verður veiðar verulega meðan veiðanlegi stofninn er í þessum öldudal. Þótt vonir séu bundnar við árgangana frá 1983 og sérstaklega 1984, þá eru þeir árgangar ekki komnir í veiðanlega stofninn fyrr en eftir 3 til 4 ár.

Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir benda til þess að æskilegt sé að takmarka þorskveiðar á árinu 1985 meir en gert hefur verið á þessu ári eða við 200 þús. tonna aflamark. Þá mun veiðanlegur stofn (4 ára og eldri) standa sem næst í stað.

Tölur um stærð hrygningarstofns og afli á hrygningarsvæðunum SV-lands eru eins og alkunna er, háðar göngum frá Grænlandi. Í þeim útreiknuðu dæmum sem hér hafa verið sett fram er ekki reiknað með neinum göngum þaðan. Í síðustu skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofna og aflahorfur 1984 var ýjað að því, að hugsanlega gæti þorskur gengið af Grænlandsmiðum til hrygningar hér við land árið 1984, en þó frekar árið 1985. Göngur frá Grænlandi voru í lágmarki á síðastliðinni vetrarvertíð. Árgangurinn frá 1977 er nokkuð sterkur við V-Grænland og þar sem seiði rak af þessum árgangi frá Íslandi til A-Grænlands er ekki ólíklegt að eitthvað leiti af þessum árgangi á Íslandsmið á komandi vertíð.

Með tilliti til slíkra gangna svo og gangi veiðanna á komandi vertíð mun Hafrannsóknastofnunin endurmeta stofninn strax og fært þykir.

Viðmiðunarmörk þorskeftirlits

Miðað við þær forsendur sem lýst hefur verið að framan um stærð þorskstofnsins og sókn í hann á næsta ári hafa viðmiðunarmörk verið fundin. Samkvæmt því eru hlutfallsmörk þau sömu og á árinu 1984 eða 25%. Vöxtur þorsks hefur verið mun meiri í ár heldur en á síðasta ári (1983). Þess vegna má gera ráð fyrir að lengdarmörk verði nokkru hærri á næsta ári, heldur en þau hafa verið á yfirstandandi ári (55 cm).

Tafla 1. Þorskur, meðalþyngd í aldursflokki (kg).

Aldur	1983	1984x)
3	1.09	1.20
4	1.60	1.84
5	2.28	2.62
6	3.02	3.50
7	4.10	4.25
8	5.48	5.68
9	7.05	7.54
10	8.13	9.79

Tafla 2. Hlutfall kynþroska þorsks í aldursflokki (%).

Aldur	1983	1984x)
4	4	3
5	16	17
6	33	42
7	51	67
8	71	80
9	86	93
10	98	97
11	100	100

x) Bráðabirgðatölur.

Tafla 3. Áætluð stærð þorskstofnsins (þús. tonn) 1985—1987 við mismunandi afla.

Heildarstofn

Ár	Ársafli 300	Ársafli 250	Ársafli 200
1985	970	970	970
1986	950	1010	1070
1987	1070	1190	1310

Hrygningarstofn

1985	260	260	260
1986	250	280	320
1987	220	290	370

Veiðanlegur stofn (þ. e. 4 ára og eldri)

1985	850	850	850
1986	720	780	840
1987	710	830	950

Sþ. 156. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um sögu íslenskra búnaðarhátta.

Flm.: Helgi Seljan, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Kolbrún Jónsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir ráðstöfunum sem tryggi vísindalegar rannsóknir og ritun á sögu og þróun íslenskra búnaðarhátta.

Greinargerð.

Síðasta búnaðarþing samþykkti ályktun um þetta mál, mjög áþekka þeirri tillögu sem hér er borin fram. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur flutti þar hið ágætasta erindi um nauðsyn þess að sögu búnaðarhátta hér á landi yrðu gerð verðug skil og kvað ekki vansalaust fyrir þjóðina, sér í lagi íslenska bændastétt, að beita sér ekki fyrir átaki til þessa þarfa og brýna verks.

Í greinargerð með ályktun búnaðarþings eru tíunduð nokkur veigamestu rökin fyrir þessari tillögu Árna Björnssonar sem fékk hinar ágætustu undirtektir og leiddi af sér samþykkt umræddrar ályktunar.

Til að koma þessu máli á nokkurn rekspöl er þessi tillaga flutt en að öðru leyti fylgir hér með sem fyllri rökstuðningur ályktun og greinargerð búnaðarþings. Fyrir málinu verður gerð nánari grein í framsögu og þá stuðst við ræðu Árna Björnssonar þar sem málinu í heild eru gerð hin bestu skil.

Fylgiskjal.

ÁLYKTUN BÚNAÐARÞINGS

Búnaðarþing beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að gera hið allra fyrsta ráðstafanir til þess að unnt verði að hefjast handa við vísindalegar rannsóknir og ritun á sögu og þróun íslenskra búnaðarhátta á líkan hátt og gert var fyrir tuttugu árum þegar Alþingi skóp fræðimanni aðstöðu til að semja vísindarit um íslenska sjávarhætti.

Greinargerð:

Þjóðinni hlýtur að vera það bæði nauðsyn og metnaðarmál að kunna sem best skil á sögu og þróun helstu atvinnugreina sinna. Í henni er ekki síst að finna skýringar á því hvernig þjóðinni tókst að lifa af þegar harðast svarf að. Brýnt er að hraða vísindalegum rannsóknum á þessu sviði meðan enn eru á lífi menn sem þekktu af eigin raun þær vinnuaðferðir sem tíðkuðust fyrir hina snöggu tæknibyltingu á þessari öld.

Árið 1964 hóf Alþingi að veita sérstakan fræðimannastyrk til rannsókna á íslenskum sjávarháttum. Afrakstur þeirrar ráðstöfunar hefur verið að koma í ljós á síðustu árum í hinu glæsilega ritverki Lúðvíks Kristjánssonar, *Íslenskir sjávarhættir.* Þrjú bindi þess eru þegar komin út og sér brátt fyrir endann á því. Ljóst er orðið að þetta rit þykir einstakt meðal menningarþjóða.

Búnaðarþing álítur að löngu sé orðið tímabært að gera íslenskum búnaðarháttum sömu skil. Enn eru uppi menn sem hafa alhliða þekkingu á gömlu bændamenningunni, bæði hinum verklegu og andlegu þáttum hennar, og eru í nægu fjöri til að sinna þessu verkefni á næstu einum til tveim áratugum. En það má ekki öllu seinna vera.

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um rannsókn á hugsanlegum tengslum sóllampanotkunar og húðkrabbameins.

Flm.: Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa þegar í stað nefnd sérfræðinga til að kanna hvort tengsl séu milli sóllampanotkunar og húðkrabbameins. Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Notkun sóllampa hefur aukist gífurlega á fáeinum árum og má á stundum lesa í dagblöðum auglýsingar frá 10—12 fyrirtækjum daglega sem bjóða brúnan hörundslit í sóllömpum.

Í frétt í Morgunblaðinu 8. nóvember s. l. segir á þessa leið:

Á þessu ári hefur orðið gífurleg fjölgun tilfella af húðkrabbameini hérlendis. Um er að ræða tegund húðæxla sem kölluð eru illkynja litaræxli. Í langflestum tilvikum er um að ræða ungar konur sem hafa stundað sóllampa.

„Við hljótum að spyrja hvað sé hér um að vera því að á þessu ári hefur fjölgun húðkrabbameinstilfella verið slík að við höfum haft til meðferðar á lýtalækningadeild Landspítalans sama fjölda tilfella og á fjórum til fimm árum samanlagt fram að þessu," sagði Árni Björnsson skurðlæknir á lýtalækningadeild Landspítalans í samtali við Mbl. í gær.

„Þegar við bætist að í flestum tilfellum er um að ræða ungar konur sem hafa notað sóllampa fer ekki hjá því að mann gruni að þarna á milli sé orsakasamband eins og reyndar hefur verið bent á áður bæði hér á landi og annars staðar," sagði Árni.

„Það hlýtur að vera svo enda veit ég ekki hvort þessi mikla sóllampanotkun hér á landi á sér nokkurs staðar hliðstæðu og þessarar skyndilegu aukningar á húðkrabbameinstilfellum hefur ekki orðið vart á hinum Norðurlöndunum.

Hins vegar er erfitt að sanna að einstök tilfelli af þeirri tegund húðkrabbameins, sem hér um ræðir, séu tilkomin vegna notkunar sólarlampa, frekar en hægt er að sanna að krabbamein í lungum stafi af reykingum þó að orsakasambandið þar á milli sé svo greinilegt að engum detti í hug að neita því að það sé til staðar."

Árni kvað lækna á lýtalækningadeild Landspítalans hafa sent landlæknisembættinu bréf um málið og væri ákvarðanataka um aðgerðir því nú í höndum þess.

„Ef orsakasamhengið milli notkunar sóllampanna og illkynja húðæxla reynist vera til staðar," sagði Árni Björnsson að lokum, „þá eigum við eftir að sjá gífurlega aukningu á þessum tilfellum á næstunni, til viðbótar því sem þegar er orðið."

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að hér sé alvarlegt mál á ferð og einskis megi láta ófreistað til að kanna hvort sá grunur lækna, að samband sé milli sóllampanotkunar og húðkrabbameins, sé á rökum reistur. Því er þessi tillaga flutt.

Ed. 158. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Aftan við 1. málslið ákvæða til bráðabirgða komi nýr málsliður, sem orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu, var auk annars kveðið á um, að heilsuverndarstarf samkvæmt lögum nr. 44/1955 skyldi haldast óbreytt, þar til heilsugæslustöðvar hefðu verið skipulagðar til þess að annast það. Enginn tímafrestur var settur til þeirrar skipulagningar.

Við endurskoðun heilbrigðisþjónustulaga á árunum 1977 og 1978, sbr. lög nr. 57/1978, var ekki hróflað við þessu ákvæði, en það var hins vegar gert við síðustu endurskoðun laganna, sem stóð yfir seinni hluta ársins 1982, sbr. lög nr. 40/1983, en áður nefnd tvenn lög voru felld saman með lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Í ákvæðum til bráðabirgða er gefinn frestur til að koma á heilsugæslukerfi til næstkomandi áramóta. Var talið nauðsynlegt að rekið yrði eitt kerfi á þessum vettvangi í landinu og að ekki væri seinna vænna að koma því kerfi á, en það var upphaflega ákveðið með lögum fyrir rúmum áratug.

Síðastliðið vor komu forsvarsmenn sveitarstjórnarmála á höfuðborgarsvæðinu til fundar í ráðuneytinu til þess að ræða skipulagningu heilsugæslunnar á svæðinu með hliðsjón af áðurnefndum fresti. Á fundinum komu fram ýmis tormerki varðandi skipulagninguna og raddir, sem töldu heilsugæslukerfið ekki eiga við á svæðinu.

Í framhaldi af áðurnefndum fundi ákvað ráðuneytið í samráði við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að setja á fót nefnd til þess að gera tillögur um skipan mála innan svæðisins og var nefndin skipuð 29. júní sl. Með bréfi, dags. 22. október sl., lýsir nefndin því yfir að vonlaust sé að leggja til fullmótaðar tillögur fyrr en í lok janúarmánaðar næstkomandi. Sé því nauðsynlegt að framlengja umræddan frest í ákvæðum til bráðabirgða, vegna þeirra heilsugæsluumdæma á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki hafa þegar tekið upp heilsugæslukerfið að fullu, til 31. desember 1985. Fyrir því er frumvarp þetta fram komið.

Sþ. 159. Fyrirspurn [154. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana vegna húsaleigu.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hversu margir húsaleigusamningar eru í gildi milli ríkissjóðs og ríkisstofnana annars vegar og einkaaðila hins vegar?
2. Hversu margar ríkisstofnanir, ráðuneyti meðtalin, eru til húsa í leiguhúsnæði?

3. Hversu háa upphæð greiðir ríkissjóður á ári hverju í húsaleigu (miðað við 12 mánaða tímabil 1983—1984)?
4. Hvert er meðalverð í gildandi húsaleigusamningum á fermetra?
5. Eru mikil brögð að því að ríkissjóður greiði húsaleigu fyrir fram til margra ára, og kosti þar með byggingu leiguhúsnæðis að hluta?

Ed. 160. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa töluliðar við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að menn sem láta af störfum fyrir aldurs sakir geti dregið að fullu frá skattskyldum tekjum sínum hreinar launatekjur sínar síðustu tólf starfsmánuðina. Það greiðslukerfi beinna skatta sem ríkir hér á landi skapar mönnum ætíð erfiðleika þegar tekjur minnka snögglega enda eru skattar greiddir ári eftir að þeirra tekna var aflað sem skattlagðar eru. Þessi vandamál verða ekki leyst almennt nema með upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda. Innan ramma núgildandi skattkerfis er þó unnt að draga úr þessu óhagræði með sérstökum frádráttar- eða ívilnunarheimildum í algengustu tilvikum. Eitt þessara tilvika eru starfslok vegna aldurs. Fram til ársins 1983 gátu skattstjórar eftir umsókn gjaldanda lækkað tekjuskattsstofn hans þegar gjaldþol hans skertist við það að hann lét af störfum vegna aldurs. Á árinu 1983 var þessu fyrirkomulagi breytt og í stað ívilnunarheimildarinnar kom réttur til frádráttar á helmingi hreinna launatekna síðustu tólf starfsmánuðina. Felst í frumvarpi þessu tillaga um að frádráttur þessi tvöfaldist og verði framvegis allar hreinar launatekjur síðustu tólf starfsmánuðina.

Í framtölum ársins 1984 nam heildarfrádráttur skv. 9. tl. A-liðs 30. gr. alls 101 564 445 kr. og var þessi frádráttarheimild nýtt af 943 framteljendum. Samkvæmt frumvarpinu mun frádráttur þessi tvöfaldast. Tekjutap ríkissjóðs við samþykkt þess yrði líklega um 30 millj. kr. á ári miðað við verðlag ársins 1984.

Sþ. 161. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ljúka nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti eins fljótt og auðið er. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórn að yfirtaka bygginguna undir Stjórnarráð Íslands.

Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta Seðlabankanum í té í makaskiptum byggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg, með vísan til ákvæðis 6.2 í „samkomulagi stjórnarflokkanna“ frá því í sept. s. l. þess efnis að gerðar verði tillögur „um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins“.

Greinargerð.

Seðlabankinn er ríkiseign undir þingkjörinni stjórn. Seðlabankabyggingin telst því kostuð af almannafé.

Af umræðum á Alþingi, í fjölmiðlum og á mannamótum má ráða að sú framtakssemi bankastjórnar Seðlabanka Íslands að verja verulegum fjármunum „af eigin fé bankans“, eins og það er orðað, til þess að byggja höll yfir starfsemi Seðlabankans, á sama tíma og stjórnvöld og atvinnurekendur telja sig ekki hafa efni á að greiða starfsfólki sínu mannsæmandi laun, njóti takmarkaðra vinsælda meðal skattgreiðenda. Margir hafa á orði að ótímabært sé að reisa sérstakt minnismerki yfir peningastjórn landsmanna á „áratug hinna glötuðu tækifæra“.

Á 106. löggjafarþingi létu tveir alþingismenn þetta mál til sín taka. Guðrún Helgadóttir alþm. flutti tillögu til þingsályktunar „um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands“. Karvel Pálmason alþm. flutti frumvarp til laga „um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna“. Hvorugt málið náði fram að ganga. Nýlega flutti Eiður Guðnason alþm. fyrirspurnir í sex liðum til viðskiptaráðherra (90. mál Sþ.), m. a. um kostnað við nýbyggingu Seðlabankans, starfsmannafjölda, bifreiðaeign, risnukostnað svo og hvaða ráðstafanir Seðlabankinn hafi gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri svo sem öðrum ríkisstofnunum hefur verið gert að gera.

Með þessari till. til þál. er tekinn annar póll í hæðina. Úr því sem komið er þykir ekki raunsætt að stöðva byggingarframkvæmdir við Seðlabankahöll, enda ekki pólitískur vilji fyrir stöðvun framkvæmda. Þvert á móti gildir hér það sjónarmið að hagkvæmast sé að koma byggingunni sem fyrst í gagnið. Hins vegar gera flutningsmenn tillögu um að húsið verði nýtt með öðrum hætti en bankastjórn Seðlabankans mun upphaflega hafa ráðgert.

Alkunna er að Stjórnarráð Íslands býr við þröngan húsakost. Uppi hafa verið ráðagerðir um að ríkið keypti skrifstofubyggingu Sambands ísl. samvinnufélaga við Sölvhólsgötu undir Stjórnarráðið. Nálægð Sambandshússins við Arnarhvol hefur þótt mæla með þeirri ráðstöfun. Af samningum mun ekki hafa orðið. Hin nýja höll Seðlabanka Íslands við Arnarhól liggur mjög vel við sem frambúðaraðsetur Stjórnarráðs Íslands, m. a. vegna nálægðar við Arnarhvol. Yfirtaka ríkissjóðs á byggingu Seðlabankans sýnist því vera skynsamleg og hagkvæm ráðstöfun.

Miklar umræður hafa orðið á Alþingi á undanförnum árum um breytingar á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Tillögur hafa verið uppi um að leggja þá stofnun niður með öllu, en fela öðrum aðilum, t. d. félagsmálaráðuneyti og bönkum, verkefni hennar. Flutningsmenn leyfa sér að minna á „samkomulag stjórnarflokkanna“ frá því í sept. s. l. en þar segir í lið 6.2. (um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis):

„Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verði sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verða gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins.“

Með vísan til þessa leggja flutningsmenn til að ríkið bjóði bankastjórn Seðlabanka Íslands byggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg í makaskiptum fyrir nýbyggingu Seðlabankans við Ingólfsstræti og Arnarhól.

Skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra fjmrn. liggja ekki fyrir á einum stað haldbærar upplýsingar um hversu háum upphæðum ríkissjóður ver á ári hverju vegna húsaleigu undir starfsemi sína og ríkisstofnana. Ástæða er þó til að ætla að hér sé um umtalsverðar upphæðir að ræða. Þess munu dæmi að ríkissjóður eða ríkisstofnanir greiði húsaleigu fyrir fram til margra ára og kosti þannig raunverulega byggingu húsnæðisins, án þess þó að öðlast eignarhald.

Ljóst er að Stjórnarráð Íslands býr við mjög þröngan húsakost. Starfsemi þess er dreifð víðs vegar um Reykjavíkurborg. Tillagan um að finna Stjórnarráði Íslands framtíðarsamastað í nýbyggingu Seðlabankans virðist því styðjast við ærin hagkvæmnisrök.

Þar að auki færi vel á því, út frá skipulags- og fegurðarsjónarmiðum, að Stjórnarráði Íslands væri valinn staður til frambúðar í hjarta höfuðborgarinnar við Arnarhól. Sýnist fara betur á því en að bankastofnun hreyki sér svo hátignarlega á einum fegursta stað borgarinnar. Hæverska og leynd er sem kunnugt er aðalsmerki bankastarfsemi, og hefur svo verið um aldir — ekki bara í Sviss.

Með þessari tillögu vilja flutningsmenn slá tvær flugur í einu höggi. Starfsemi Seðlabankans er fundinn hagkvæmur samastaður og húsnæðisvandræði Stjórnarráðs Íslands eru leyst til frambúðar. Ekki sakar að með þessum ráðstöfunum þættu stjórnvöld sýna myndugleik gagnvart bruðli og óráðsíu ríkisstofnunar sem á erfiðum tímum hefur farið sínu fram, án tillits til árferðis og afkomu þjóðarbúsins. Myndugleiki stjórnvalda af þessu tagi er til þess fallinn að auka trú manna og traust á síendurteknum yfirlýsingum ráðherra um nauðsyn „aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri“.

Með samþykkt þessarar tillögu væri Alþingi að sýna eftirbreytnivert fordæmi.

Fylgiskjal I.

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM STÖÐVUN FRAMKVÆMDA VIÐ BYGGINGU SEÐLABANKA ÍSLANDS

1983 (106. löggjafarþing) — 48. mál.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar

um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og stöðva nú þegar þær framkvæmdir við byggingu Seðlabanka Íslands sem ekki hefur þegar verið samið um við verktaka.

Greinargerð.

Í lögum um opinberar framkvæmdir segir svo í 3. mgr. 1. gr.:

„Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis."

Ríkisstjórninni er því tvímælalaust heimilt að stöðva framkvæmdir við byggingu Seðlabankans, samkv. ofangreindri lagagrein og ber siðferðileg skylda til þess við núverandi aðstæður. Það er óverjandi að veita tugi milljóna til þessara framkvæmda á sama tíma og aðrar og brýnni framkvæmdir í almannaþágu verða að sitja á hakanum um sinn vegna fjárskorts. Launamenn í landinu, sem nú er gert að spara, eiga kröfu á, að þessi kostnaðarsama framkvæmd sé stöðvuð en arður Seðlabankans nýttur til brýnni þarfa. Það getur varla talist eðlilegt að byggja því stærri skrauthallir yfir fjárhagskerfið í landinu sem minna er til af fjármunum. Slíkt hlýtur að kalla á erlendar lántökur.

Í Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984, sem forsætisráðherra lagði fram 17. október 1983, segir orðrétt í I. kafla sem ber heitið Markmið:

„Ríkisstjórnin setti fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirfarandi markmið:

— Atvinnuöryggi.
— Hjöðnun verðbólgu.
— Viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.
— Verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra, sem þyngst framfæri hafa.

Þessi stefnumið gilda einnig framvegis, en forsenda árangurs í þessum efnum er, að það takist að:

— Koma sem fyrst á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.
— **Beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni.**
— Örva framfarir og fjölbreytni í atvinnulífinu.
— Bæta skipulag stjórnkerfisins og peninga- og lánastofnana.

Að þessum verkefnum hefur ríkisstjórnin unnið og mun vinna á starfstíma sínum."

Flutningsmaður telur byggingu Seðlabankahúss ekki arðbært verkefni. Þau verkefni ein eru arðbær sem landsmenn sjálfir hafa ávinning af, og hið nýja hús Seðlabankans er ekki eitt þeirra.

Fylgiskjal II.

LAGAFRUMVARP UM FRESTUN BYGGINGARFRAMKVÆMDA SEÐLABANKA ÍSLANDS

1983 (106. löggjafarþing) — 101. mál.

Nd. 122. Frumvarp til laga

um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna.

Flm.: Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Framkvæmdir við hús Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti í Reykjavík skulu stöðvaðar frá og með gildistöku laga þessara þar til annað verður ákveðið af Alþingi. Sama gildir um aðrar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisbanka og stofnun útibúa á þeirra vegum.

Ríkisstjórnin getur þó heimilað framangreindum aðilum að halda áfram framkvæmdum samkvæmt þegar gerðum verksamningum, sé ótvírætt að riftun eða breyting verksamninga vegna laga þessara leiði til verulegra bótagreiðslna til verktaka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engum getur dulist að íslenska þjóðin stendur frammi fyrir geigvænlegum vanda að því er varðar efnahags- og fjárhagsstöðu þjóðarbúsins. Óstjórn efnahagsmála og röng fjárfestingarstefna undangenginna ára eiga ekki hvað síst þátt í þeim vanda sem þjóðin á nú við að glíma. Lífskjör launafólks í landinu hafa verið skert svo hundruð alþýðuheimila ramba á barmi gjaldþrots, og áframhaldandi kjaraskerðing er boðuð. Ekki bæta úr skák síðustu upplýsingar fiskifræðinga um ástand þorskstofnsins sem augljóslega eykur enn á vandann, sem var þó ærinn fyrir.

Stjórnvöld hafa í kjölfar þessa ástands boðað stórkostlegan samdrátt og niðurskurð framkvæmdafjár til margvíslegra og brýnna framkvæmda, svo sem á sviði heilsugæslu og heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, hafnarframkvæmda og framkvæmda á sviði flugmála, svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta rökstutt með skorti á fjármagni vegna slæmrar stöðu þjóðarbúsins.

Fjöldi einstaklinga horfir fram á missi íbúðarhúsnæðis vegna kjaraskerðingarinnar og fjármagnsvöntunar húsnæðiskerfisins til eðlilegrar fyrirgreiðslu.

Á sama tíma og þessar staðreyndir blasa við og boðskapur stjórnvalda um fjármagnsskort dynur á landsmönnum er engu líkara en óþrjótandi fé sé til ráðstöfunar hjá bankakerfi landsmanna til eigin þarfa. Það er að minnsta kosti erfitt að ætlast til þess að almenningur í landinu trúi þeim boðskap stjórnvalda að allt sé á heljarþröm hvað fjármagn snertir til ýmissa brýnna verkefna í uppbyggingu víðs vegar um landið, á sama tíma og Seðlabankinn heldur ótrauður áfram byggingarframkvæmdum svo hundruðum milljóna króna skiptir. Hvert bankaútibúið á fætur öðru er byggt og stofnsett, að því er virðist án nokkurrar fyrirstöðu, og svo mætti lengi telja.

Það er í ljósi þessara staðreynda sem frumvarp þetta er flutt til stöðvunar framkvæmda við byggingu húss Seðlabankans og bann við frekari fjölgun bankaútibúa að óbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Flutningur þessa frumvarps helgast af því einu að engri átt nái að á

sama tíma og neitað er um nauðsynlegar fjárveitingar til brýnustu verkefna skuli útþensla bankakerfisins látin óheft og aðhaldslaus.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frv. að grípa eigi inn í þá þróun, sem á sér stað innan bankakerfisins, og nýta það fjármagn, sem þar er ætlað til útþenslu, í aðrar og þjóðhagslega arðbærari og brýnni framkvæmdir, svo sem í húsnæðismálum. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt.

Fylgiskjal III.

FYRIRSPURN UM SEÐLABANKA ÍSLANDS

1984 (107. löggjafarþing) — 90. mál.

Sþ. 93. Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um Seðlabanka Íslands.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hverju nam kostnaður við nýbyggingu Seðlabankans 1. september síðastliðinn í heild og á rúmmetra á núgildandi verðlagi?
2. Hvaða ráðstafanir hefur Seðlabankinn gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri svo sem öðrum ríkisstofnunum hefur verið gert að gera?
3. Hve margir eru starfsmenn Seðlabankans?
4. Hver var heildarlaunakostnaður Seðlabankans á sl. ári?
5. Hver er bifreiðaeign Seðlabankans?
6. Hver var risnukostnaður Seðlabankans frá sl. áramótum fram til 1. sept. sl.?

Fylgiskjal IV.

SVÖR VIÐSKIPTARÁÐHERRA VIÐ FYRIRSPURN UM SEÐLABANKA ÍSLANDS

Svar við 1. fsp.: a. Kostnaður við nýbyggingu Seðlabanka 1. sept. s. l. nam í heild 154 millj. 242 þús. kr. — b. Kostnaðurinn á rúmmetra á núgildandi verðlagi er 3870 kr.

Svar við 2. fsp.: Endurskipulagning og hagræðing í rekstri er erfið í framkvæmd á meðan bankinn býr við eins ófullnægjandi húsnæði og nú er, en starfsemi er skipt á hluta í fimm húsum við Austurstræti og Hafnarstræti. Reynt er að halda öllum rekstrarkostnaði niðri, sbr. litla fjölgun starfsmanna. Þeir voru 124 í árslok 1974 og eru nú aðeins fjórum fleiri, sjá svar við 3. fsp. Ýmis hagræðing er nú í undirbúningi sem mun koma í framkvæmd þegar flutt verður í nýtt húsnæði.

Svar við 3. fsp.: Stöðugildi voru 128 hinn 1. okt. 1984 auk þriggja bankastjóra.

Svar við 4. fsp.: Launagreiðslur bankans árið 1983 námu 44 millj. 987 þús. kr.

Svar við 5. fsp.: Bifreiðaeign Seðlabankans, einkum vegna bankastjórnar og banka-eftirlits, var sem hér segir 1. okt. 1984: Range Rover, árgerð 1981, Volvo 240, árgerð 1983, Audi, árgerð 1984, Range Rover, árgerð 1984, og seðlaflutningabíll, Chevrolet Suburban, árgerð 1984.

Svar við 6. fsp.: Kostnaður við fundahöld og gestamóttöku tímabilið 1. jan. til 31. ágúst 1984 nam 1. millj. 681 þús. kr.

Vona ég að skýr svör hafi verið gefin við fsp.

Sþ. 162. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra í samráði við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að samræma rekstur almenningsfarartækja á höfuðborgarsvæðinu.

Könnuð verði almenn og þjóðhagsleg hagkvæmni slíks sameiginlegs samgöngukerfis og gerð langtímaáætlun um almenningssamgöngur á svæðinu.

Kostnaður við slíka athugun og áætlunargerð greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram seint á síðasta þingi og gafst þá ekki tími til að mæla fyrir henni. Tillagan er því endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð (nokkrum tölum hefur þó verið breytt vegna nýrra upplýsinga):

Tillaga þessi er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Flutningsmenn hafa notið ráðgjafar Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Almenningssamgöngur í þéttbýli eru nú orðnar mjög mikilvægur þáttur í samgöngumálum landsmanna. Auðveldar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu eru algert grundvallaratriði til þess að það fólk, sem þar býr, geti fært sér í nyt þá aðstöðu og tækifæri sem þar er að finna. Þeir sem hafa yfir einkabifreið að ráða eru hér tiltölulega vel settir, en mikill fjöldi fólks hefur ekki yfir slíkum farkosti að ráða. Þessu fólki þarf líka að tryggja góða samgöngumöguleika um svæðið, hvort heldur um er að ræða unga, gamla, hreyfihamlaða eða aðra sem þurfa á sérstakri flutningaþjónustu að halda.

Samgöngukostnaður á þessu svæði hefur einnig vaxið mjög ört á undanförnum árum með útþenslu byggðar og hækkandi bensínverði. Nú er svo komið að ekki er óalgengt að samgöngukostnaður fjögurra manna fjölskyldu á þessu svæði sé orðinn allt að 10 000 kr. á mánuði. Þetta mál verður þeim mun alvarlegra ef til þess er litið að á höfuðborgarsvæðinu búa nú um 54% þjóðarinnar.

Fjórir aðilar sjá um að veita almenningsflutningaþjónustu á svæðinu: Mosfellsleið, Strætisvagnar Reykjavíkur, Strætisvagnar Kópavogs og Landleiðir. Þessi þjónusta er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og hverfum. Byggðin norðan Fossvogslækjar og vestan Elliðaáa nýtur bestrar þjónustu. Fyrir byggð utan þessa svæðis er ferðatíminn lengri, skiptihlutfall (hlutfall þeirra, sem skipta um vagn, af heildarfjölda farþega) hærra og ferðatíðni lægri. Í grófum dráttum gildir að þjónustugæðin eru lakari eftir því sem sveitarfélagið er minna og fjarlægð þess frá þungamiðju höfuðborgarsvæðisins er meiri. Í Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi er t. d. engin almenningsvagnaþjónusta.

Skipulag almenningsvagnaþjónustu verður ekki slitið úr samhengi við aðra þætti samgöngumála þannig að vel fari. Þess vegna er lagt til að mörkuð verði almenn stefna í samgöngumálum fyrir höfuðborgarsvæðið áður en markmið fyrir skipulag almenningsvagnaþjónustu verða endanlega ákveðin. Mestu skiptir að ákveðin festa ríki í skipulagi þessara mála. Mörgum fyrirtækjum og stofnunum er valinn staður með tilliti til samgangna og tíðar breytingar, bæði á leiðum og skiptistöðvum, geta haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir margs konar rekstur og valdið fólki miklum óþægindum.

Almenningsvagnaþjónusta verður heldur ekki skipulögð algerlega innan vébanda einstakra sveitarfélaga svo að vel sé. Á vegum Reykjavíkurborgar stendur yfir endurskoðun á leiðakerfi SVR. Æskilegt er að sú endurskoðun verði þáttur í samræmdu framtíðarskipulagi almenningsvagnaþjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem hér er lagt til að verði unnið.

Samkvæmt almenningsvagnakönnun 1976 var farþegafjöldi á höfuðborgarsvæðinu 46 600 á virkum degi. Þetta jafngildir 0,4 farþegum á íbúa á dag. Þetta er fremur lítið saman borið við aðrar borgir á Norðurlöndum af svipaðri stærð, sérstaklega þegar um er að ræða borgir með svipað loftslag og hnattstöðu. Á sama tíma og farþegum með SVR hefur fækkað úr 17,5 milljónum árið 1962 niður í 11,5 milljónir árið 1981 (34%) hefur vegalengd vegna SVR samt aukist úr 3,1 milljónum km á ári upp í 4,3 milljónir km á ár. Þetta jafngildir því að farþegakílómetrum hafi fækkað um 9% ef gert er ráð fyrir að meðallengd ferðar með SVR hafi aukist jafnmikið og ekin vegalengd vagna SVR.

Þrátt fyrir tiltölulega góða nýtingu vagnakosts er mikið tap á rekstri almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu. Heildarútgjöld voru um 180 milljónir króna árið 1983. Hins vegar voru fjargjaldatekjur aðeins um 130 milljónir króna þannig að halli var um 50 milljónir króna (eignabreytingar meðtaldar). Útlit er fyrir að halli á rekstri almenningsvagna eigi enn eftir að aukast verulega í framtíðinni ef ekkert verður að gert vegna væntanlegrar aukningar á bílaeign og lengri ferðum (vegna stækkunar byggðra svæða). Samræming á rekstri almenningsfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu mun leiða af sér umtalsverðan þjóðhagslegan sparnað, bæði hjá rekstraraðilum og eins óbeinan sparnað hjá hinum almenna borgara.

Hvað viðvíkur sparnaði hjá rekstraraðilum má nefna ýmis augljós dæmi. Sums staðar aka vagnar á vegum tveggja eða fleiri aðila, hlið við hlið, langar leiðir, hálftómir utan annatíma. Annar galli við ósamræmdan rekstur er sá að aðilar eru bundnir við ákveðin sveitarfélög og flestar leiðir almenningsvagna enda í miðborg Reykjavíkur. Ljóst má vera að hagkvæmara og betra kerfi næst með því að líta á allt svæðið sem eina heild og taka upp samvinnu milli fyrirtækja. Grundvallaratriði í slíku samræmdu kerfi yrðu góðar skiptistöðvar, t. d. í Mjóddinni í Breiðholti og miðbæ Kópavogs, þar sem allar leiðir á viðkomandi svæði kæmu inn á skiptistöð samtímis. Yrði þannig um fullkomna skiptimöguleika að ræða. Ofangreindar endurbætur mundu leiða til einhverrar aukningar á farþegafjölda og þar með aukinna tekna.

Hagkvæmni samræmingar fyrir rekstraraðila eykst eftir því sem fram líða stundir með ört vaxandi byggð. Gildir þetta sérstaklega um suður- og austurhluta höfuðborgarsvæðisins. Erfitt er að meta þessa hagkvæmni á þessu stigi, en ef gert er ráð fyrir að rekstrarsparnaður yrði 5% mundu sparast u. þ. b. 10 milljónir á ári. Hjá hinum almenna borgara yrði einnig um að ræða þjóðhagslegan sparnað. Við þær endurbætur, sem samræming leiðakerfa mundi hafa í för með sér, yrði eins og fyrr greinir einhver aukning á farþegafjölda. Hluti hinna nýju farþega yrði fyrrverandi bílstjórar. Þjóðhagslegur sparnaður yrði þá fólginn í sparnaði á rekstri einkabíla. Erfitt er að meta þann sparnað sem samræmt almenningsvagnakerfi myndi leiða af sér á þessu sviði miðað við ósamræmt kerfi en þó má telja líklegt að þarna yrði sparnaður sem næmi einhverjum tugum milljóna króna á ári. Í þessu sambandi má geta þess að rekstur einkabifreiða á höfuðborgarsvæðinu kostar nú u. þ. b. 7 milljarða króna á ári (lauslega áætlað).

Nú er unnið að svæðaskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem tekur til þróunar þessa svæðis á mörgum sviðum næstu 20 ár. Mikilvægt er að samræmd áætlun um almenningssamgöngur verði hluti af þessari stefnumótun.

Hér er um mjög mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla þá sem byggja þetta svæði. Þessu máli verður ekki ráðið til lykta svo vel sé innan vébanda hvers sveitarfélags fyrir sig og ekki án þess að mörkuð sé ákveðin stefna sem tekur bæði mið af núverandi byggð og fyrirhugaðri þróun þessa svæðis.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af kostnaði við gerð þessarar athugunar og áætlunar með hliðsjón af því að samgönguáætlanir fyrir ýmsar byggðir og landsvæði hafa verið gerðar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Með tillögunni er ráðherra og forsvarsmönnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ætlað að ná samkomulagi um frekari framgang málsins.

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um könnun á uppbyggingu og rekstrargrundvelli sláturhúsa.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna nefnd er hafi það hlutverk að kanna framtíðaruppbyggingu, endurbætur og rekstrargrundvöll sláturhúsa í landinu.

Starf nefndarinnar beinist m. a. að eftirtöldum atriðum:

1. Gera tillögur um byggingu nýrra sláturhúsa og sameiningu þeirra sem fyrir eru þar sem landfræðilegar og félagslegar aðstæður leyfa.
2. Kanna áhrif hugsanlegrar svæðaskiptingar í framleiðslu á uppbyggingu sláturhúsa.
3. Kanna aukna nýtingu, tækniværðingu sláturhúsa og hugsanleg ný verkefni.
4. Gera tillögur um hvernig fjármögnun skuli háttað við byggingu nýrra sláturhúsa.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1985.

Greinargerð.

Á undanförnum áratug hafa verið vaxandi erfiðleikar í markaðsmálum landbúnaðarvara sem leiddu til þess að árið 1979 þótti nauðsynlegt að setja lög sem heimiluðu Framleiðsluráði landbúnaðarins stjórnunaraðgerðir til þess að takmarka framleiðslu landbúnaðarvara.

Þessar stjórnunaraðgerðir hafa haft þau áhrif á kindakjötsframleiðsluna að vegna kvótakerfis og verðskerðingar, sem þær hafa í för með sér, hefur hún minnkað á fimm ára tímabili um 15,6% eða 2399 tonn, þ. e. á árunum frá 1978—1983. Þessi framleiðsla mun enn fara minnkandi því að á sama tíma hefur fjárstofninn í landinu dregist saman um 21—22% og á síðast liðnu hausti var um 100 þúsund fjár færra slátrað en haustið 1983.

Stéttarsamband bænda markaði á aðalfundi sínum síðast liðið haust stefnu sem felur það í sér að framleiða kindakjöt fyrst og fremst fyrir markað innanlands.

Það er sýnt að þessar aðstæður gera það að verkum að endurskoða verður allar áætlanir um uppbyggingu sláturhúsa í landinu. Fækkun sláturfjár og minni framleiðsla af þeim sökum veldur sláturhúsunum og eigendum þeirra, sem eru framleiðendurnir — bændur landsins, miklum erfiðleikum. Þessir erfiðleikar hafa valdið því að algjör kyrrstaða er í byggingu nýrra sláturhúsa þrátt fyrir brýna þörf á endurbyggingu og endurskipulagningu þeirra, einkum á Vestfjörðum og Austurlandi þar sem uppbygging í þessari grein er skemmst á veg komin.

Þann 15. maí 1979 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra nefnd til þess að gera tillögur um endurskipan sláturhúsamála í landinu og segir svo í skipunarbréfinu:

„1. Tillögur nefndarinnar skulu fjalla um staðsetningu sláturhúsa til förgunar á sauðfé, stórgripum og alifuglum.
2. Rík áhersla skal lögð á það við staðarval húsa, sem og innra skipulag þeirra, að það verði á þann veg að kostnaði við slátrun verði svo í hóf stillt sem kostur er, án þess þó að rýra gæði framleiðslunnar.“

Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum: Stefán Pálsson framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Seljan alþingismaður, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Sigurður Auðunsson hagræðingarráðunautur, Össur Guðbjartsson bóndi.

Nefndin skilaði áliti 13. júní 1980 og fylgir álit hennar greinargerðinni sem fylgiskjal.

Síðan nefndin skilaði áliti sínu hafa aðstæður enn breyst að því leyti að sláturfé hefur fækkað verulega og mörkuð hefur verið sú stefna af bændasamtökunum að framleiða fyrst og fremst með þarfir markaðar innanlands í huga og svæðaskipting í framleiðslu komi til greina.

Þess má geta að bygging nýrra sláturhúsa og endurbætur á þeim eldri hafa nær stöðvast á þeim árum sem liðin eru síðan nefndin skilaði áliti sínu. Því ber nauðsyn til að gera nú nýja athugun á þessum málum með þessar breyttu aðstæður í huga.

Fjármagnskostnaður vegna nýrra sláturhúsa er mjög hár og verðlagningu hefur verið þannig háttað á undanförnum árum að verð afurðanna hefur ekki staðið undir honum, hann hefur ekki verið borinn upp í verði afurðanna og því hafa húsin ekki getað skilað fullu verði til framleiðenda. Nýtingartími húsanna er stuttur, aðeins tveir til þrír mánuðir á ári, og eykur það enn á þessa erfiðleika. Því skal athugunin beinast að því hvort mögulegt er fyrir sláturhúsin að taka að sér ný verkefni og hvort bættar vinnuaðferðir og aukin tækni við slátrunina geta létt undir í rekstri húsanna. Einnig er nauðsynlegt að gera úttekt á því hvort sameining sláturhúsa, þar sem landfræðilegar og félagslegar aðstæður leyfa, geti verið til lausnar á þessum vanda.

Það er brýnt hagsmunamál bænda og neytenda í þéttbýli að ekki sé látið staðar numið í uppbyggingu sláturhúsa í landinu því að það er áríðandi að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytta gæðavöru í kjötvörum á markaði innanlands og að því ber að stefna. Slíkt verður hins vegar ekki tryggt nema uppbygging eigi sér stað í sláturhúsunum en slík uppbygging er ókleif með núverandi fjármögnun og verðlagningu. Þann þátt verður því að taka með í þá athugun sem hér er lagt til að gerð verði og skila tillögum þar um.

Fylgiskjal I.

Stéttarsamband bænda.

ÁLYKTUN UM STEFNUMÓTUN Í LANDBÚNAÐI.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1984 ályktar að mótun framtíðarstefnu í landbúnaði sé eitt brýnasta hagsmunamál bændastéttarinnar. Sú óvissa sem ríkir um málefni landbúnaðarins, er með öllu óþolandi og þær aðstæður hafa skapast í þjóðfélaginu að sífellt verður meira aðkallandi að víðtæk samstaða náist um ákveðna landbúnaðarstefnu. Ákveðin stefna í landbúnaðarframleiðslu er undirstaða hagkvæmrar framleiðslu og nýrrar sóknar til framfara í landbúnaði og jafnframt er hún forsenda þess að auðlindir landsins verði nýttar á skynsamlegan hátt. Aðalfundurinn fagnar því frumkvæði sem landbúnaðarráðherra hefur tekið með skipan nefndar til að fjalla um stefnumörkun í landbúnaði. Jafnframt skorar fundurinn á ríkisstjórn og Alþingi að taka höndum saman við bændasamtökin um slíka stefnu, er tryggi sem best afkomu hans, þjóðinni til hagsbóta.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda telur að meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar eigi að vera eftirfarandi:

1. Framleiðsla landbúnaðarvara skal fullnægja, eftir því sem tök eru á, þörfum innanlands, bæði er varðar landbúnaðarafurðir til manneldis og iðnaðarframleiðslu. Framleiðsla umfram það verði í samræmi við aðstæður á erlendum mörkuðum.
2. Tryggja skal þeim sem vinna landbúnaðarstörf sambærileg fjárhagsleg og félagsleg kjör og aðrir landsmenn njóta.
3. Stefna skal að því svo sem unnt er að framleiðsla landbúnaðarafurða byggist á innlendum auðlindum.

4. Við framleiðslu landbúnaðarafurða sé ávallt tekið tillit til hagkvæmnis- og landnýtingarsjónarmiða, með það fyrir augum að efla hag bænda og tryggja neytendum sem bestar og ódýrastar búvörur.
5. Tryggja skal og styrkja eftir föngum núverandi byggð í landinu.
6. Atvinnuréttindi og framleiðsluréttur þeirra, er búvöruframleiðslu stunda, verði tryggður með löggjöf.

Til að þessum markmiðum verði náð bendir fundurinn á eftirfarandi atriði:

1. Sett verði löggjöf sem kveði á um samninga milli stjórnvalda og framleiðenda um árlegt magn þeirra tegunda búvöru sem tryggt verði fullt verð fyrir. Þess skal gætt að framleiðslan tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður.
2. Framleiðslustjórnun verði efld og öll búvöruframleiðsla felld inn í ramma slíkrar stjórnunar. Aðlögun búvöruframleiðslunnar að breyttum markaðsaðstæðum gerist skipulega og í samningsbundnum áföngum. Samhliða þeirri aðlögun verði gert stórátak í eflingu atvinnulífs svo ekki komi til frekari byggðaröskunar.
3. Neyslustefna verði mótuð sem taki fullt tillit til hollustusjónarmiða og til þess að framleiðsla sem byggir á innlendum auðlindum og aðföngum njóti stuðnings umfram aðra framleiðslu. Jafnframt verði auknar rannsóknir á vöruþróun og markaðsmálum og rík áhersla lögð á að búvöruframleiðslan sé í samræmi við óskir neytenda.
4. Nágrannaþjóðir okkar vernda landbúnað sinn með margvíslegum aðgerðum og greiða niður búvörur til neytenda. Fráleitt er að Íslendingar skeri sig úr hvað þetta varðar.
5. Réttur innlendrar framleiðslu á innanlandsmarkaði verði tryggður gagnvart innflutningi á búvörum.
6. Séð verði fyrir fjármagni til eðlilegs viðhalds og endurnýjunar í landbúnaðinum, svo og til uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra. Ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar, endurnýjunar og nýsköpunar í landbúnaði verði samræmd hinni nýju framleiðslustefnu.
7. Stuðlað verði að þeirri bústærð sem með hagkvæmri tækni og eðlilegu vinnuálagi geti veitt fjölskyldu lífsframfæri sitt.
8. Nýting fjármuna til rannsókna og leiðbeiningarstarfs verði endurskoðuð og samræmd þeirri landbúnaðarstefnu sem fylgt er hverju sinni. Hagfræðilegar rannsóknir og leiðbeiningar á því sviði verði efldar til muna.
9. Starfsemi og staðsetning vinnslustöðva landbúnaðarins verði endurskipulögð með tilliti til aukinnar hagkvæmni og framtíðarstefna mótuð í rekstri þeirra.
10. Athugað verði hvernig það fjármagn sem nú rennur til landbúnaðarins, t. d. jarðræktarframlögin, nýtist best til þess að ná settum markmiðum í þeirri landbúnaðarstefnu sem mörkuð verður.

Fylgiskjal II.

NEFNDARÁLIT SLÁTURHÚSANEFNDAR.

Með bréfi, dagsettu 15. maí 1979, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að gera tillögur um endurskipan sláturhúsamála í landinu og eins og segir í skipunarbréfinu:

„1. Tillögur nefndarinnar skulu fjalla um staðsetningu sláturhúsa til förgunar á sauðfé, stórgripum og alifuglum.
2. Rík áhersla skal lögð á það við staðarval húsa, sem og innra skipulag þeirra, að það verði á þann veg að kostnaði við slátrun verði svo í hóf stillt sem kostur er, án þess þó að rýra gæði framleiðslunnar.

Þess má geta að einkum mun skipulagning á slátrun brýn á Vestfjörðum og Austurlandi.“

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í nefndina: Stefán Pálsson framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Seljan alþingismaður, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Sigurður Auðunsson hagræðingarráðunautur, Össur Guðbjartsson bóndi.

Svo sem fram kemur í skipunarbréfinu er bent sérstaklega á vandamál bæði á Vestfjörðum og Austurlandi. Því var ákveðið að fara á þessi landssvæði til að kynnast vandamálunum nánar. Fundir voru haldnir með sláturleyfishöfum á Austurlandi 4.—7. júlí en á Vestfjörðum 27.—29. ágúst. Þá voru einnig haldnir fundir í þeim landshlutum þar sem uppbygging er skammt komin eða fyrirhuguð er sameining í stærri einingar.

Eftir athugun á byggingarkostnaði húsa var nefndin sammála um að vart kæmi til mála bygging húsa undir 15 þúsund kinda slátrun. Þá má benda á að hús fyrir 30—50 þúsund kinda slátrun er hlutfallslega 22% hagkvæmari en 15 þúsund kinda og hús fyrir 80 þúsund kinda slátrun 37% hagkvæmari.

Því voru fyrst og fremst eftirtalin atriði sem komu til álita varðandi staðsetningu:

1. Stærðarmörk til að ná sem hagkvæmustum byggingarkostnaði.
2. Hámarksvegalengdir með flutning á sláturfé.
3. Skipan afurða- og rekstrarlána þegar um er að ræða fækkun húsa.

Um fyrsta liðinn er að nokkru fjallað hér að framan en benda má á að mjög mikill kostnaður liggur í ýmsum byggingarliðum hvort sem byggingin er stór eða lítil, svo sem aðstöðu fyrir starfsfólk, hreinlætisaðstöðu vegna heilbrigðiskrafna, auk þess sem almennt er ódýrara hlutfallslega að byggja stærri einingar.

Varðandi annan lið, þ. e. a. s. hámarksvegalengdir í flutningi á fé til slátrunar, verður að hafa í huga ýmsa þætti, svo sem fjallvegi, sauðfjárveikivarnir o. fl. Þó virðist skynsamlegt að sem viðmiðun verði ekki farið yfir 100 km. Þó getur komið til mála að haga flutningum á annan veg, svo sem við Inndjúp þar sem kemur til álita flutningur á sjó frá fjarlægustu stöðunum.

Þriðji liðurinn lýtur fyrst og fremst að stjórnun þessara mála. Ef um sameiningu eldri sláturleyfishafa er að ræða virðist vera um tvær leiðir að velja: Annars vegar sérstakt slátursamlag sem væri sameignarfélag beggja eða allra fyrri sláturleyfishafa. Það form ætti að leysa mörg vandamál, svo sem að einn aðili fengi oddaaðstöðu fram yfir annan vegna fjármagnsstreymis út á afurðir. Hins vegar að leggja niður smáar einingar en flytja slátrun á nærliggjandi staði sem er þó lakari kostur. Þetta getur í nokkrum tilvikum verið nauðsynlegt, einkum þar sem uppbygging hefur þegar farið fram og þau hús gætu bætt við slátrun. Alger forsenda fyrir því, að hægt sé að mæla með slíku, er að allar afurðir séu þegar í stað reikningsfærðar til viðskiptafélags viðkomandi bænda þannig að félögin tapi í engu við þessa breytingu. Ef ekki verður hægt að tryggja þessi atriði er ekki hægt að mæla með þessari leið því að jafnframt væri í mörgum tilfellum verið að mæla með fækkun kaupfélaga eða verslunarfélaga sem varla getur fallið undir verksvið nefndarinnar.

Nefndin hefur í störfum sínum stuðst að nokkru við álit fyrri sláturhúsanefndar sem skipuð var af Framleiðsluráði landbúnaðarins og skilaði áliti árið 1974. Til álita kom að setja upp forgangsröðun í uppbyggingu næstu ára en með tilliti til verðlagsþróunar varðandi fjármagnsþörf er tæplega raunhæft að setja upp óskalista af slíku tagi enda vafasamt að til þess sé ætlast af nefndinni samkvæmt skipunarbréfi.

Forsendur fyrir staðsetningu og uppbyggingu sláturhúsa.

Lifandi sauðfé.

1. Að flutningar á lifandi sauðfé fari að jafnaði ekki yfir 100 km vegalengd.
2. Að tekið sé tillit til sauðfjárveikivarna.
3. Að tekið sé tillit til landfræðilegra aðstæðna, t. d. fjallvega sem geta lokast vegna snjóa.

Sláturhúsið.

1. Að sláturhúsið sé af hagkvæmri stærð.
2. Að dýralæknir sé ætíð á staðnum meðan slátrun fer fram.
3. Að næg orka og vatn sé fyrir hendi.
4. Að öllum reglum um slátrun sé framfylgt.
5. Að rétt rúmi dagsslátrun.
6. Að kjötsalur geti kælt nægilegt magn kjöts.
7. Að frystigeta sé nægileg bæði fyrir kjöt og innyfli.
8. Að slátrun taki að jafnaði ekki meira en 20—25 daga, auk annarra krafna um sláturhús.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 26 sauðfjársláturhúsum svo sem fram kemur hér á eftir:

Borgarnes.

Í öllum fyrri áætlunum hefur alloft verið gert ráð fyrir sláturhúsi í Borgarnesi og sú áætlun stendur óhögguð. Þar var slátrað 1978 rúmlega 81 þúsund fjár og milli 2500 og 3000 kindum á dag. Eftir er að byggja stórgripasláturhús en í það mun ekki verða ráðist fyrr en byggingu mjólkurstöðvar lýkur.

Stykkishólmur.

Í Stykkishólmi var slátrað 1978 rúmlega 14 þúsund fjár fyrir fjóra sláturleyfishafa. Nefndin telur að þar þurfi að vera sláturhús áfram með heildarafköst um 15 þúsund og dagsafköst um 750—800 kindur.

Búðardalur.

Í öllum fyrri áætlunum hefur verið gert ráð fyrir sláturhúsi í Búðardal og sú áætlun stendur enn. Þar er gert ráð fyrir sláturhúsi þar sem hægt er að slátra 40—50 þúsund kindum, 2000 kindum á dag. Þetta hefur ekki staðist þar sem ekki hefur fengist nægilegt magn sláturdýra.

Í Búðardal er nýbúið að byggja allgott frystihús og frystigeymslur. Það var tekið í notkun á árunum 1978—1979. Eftir er að endurbæta aðstöðu til stórgripaslátrunar.

Króksfjarðarnes.

Nefndin telur að rétt væri að byggja sláturhús í Króksfjarðarnesi vegna sérstöðu þess miðað við önnur byggðarlög og æskileg stærð á því húsi yrði fyrir heildarafköst í slátrun um 15 þúsund fjár og dagsafköst um 750 kindur.

Patreksfjörður.

Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir sláturhúsi á Patreksfirði og sú áætlun stendur enn. Þar er gert ráð fyrir sláturhúsi með um 15 þúsund fjár í heildarafköstum og þyrftu dagsafköst að vera um 800—1000 kindur.

Þingeyri.

Verið er að byggja sláturhús á Þingeyri þar sem slátrun í heild yrði um 12—14 þúsund kindur og dagsafköst 6—800 kindur. Þetta hús ætti að geta tekið sláturfé frá Þingeyri og að hluta frá Flateyri. Vegna samgönguerfiðleika, sem geta skapast við fjárflutninga, teljum við rétt að mæla með þessu húsi.

Ísafjörður.

Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir húsi á Ísafirði og sú ákvörðun stendur enn. Á Ísafjarðarsvæðinu var slátrað rúmlega 15 þúsund kindum árið 1978, eitthvað gæti bæst við úr

Önundarfirði, þannig að gera mætti ráð fyrir slátrun 15—18 þúsund kinda í heild eða 800—1000 kindum á dag.

Hólmavík.

Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir sláturhúsi á Hólmavík og sú áætlun stendur enn. Upphaflega var gert ráð fyrir sláturhúsi þar sem heildarafköst voru um 20—25 þúsund fjár og dagsafköst um 1000—1100 fjár. Þetta sláturhús er ekki fullfrágengið. Nefndin leggur til að þessu verki verði haldið áfram og lokið við byggingu hússins svo fljótt sem auðið er.

Borðeyri.

Á Borðeyri er 15—17 ára gamalt sláturhús sem var verulega endurbætt á árunum 1978 og 1979. Þessari framkvæmd er nú lokið en eftir er að byggja frystihús. Afköst í þessu sláturhúsi eru um 15 til 20 þúsund kindur. Nefndin leggur til að haldið verði áfram með lokauppbyggingu þessa húss.

Hvammstangi.

Á Hvammstanga er nýlokið byggingu frystihúss og í byggingu er sláturhús með rými til að slátra um 1800—2000 kindum á dag. Heildarslátrun 1978 var 53 500 kindur. Nefndin leggur til að byggingu þessa húss verði lokið sem allra fyrst og mun það geta annað allri slátrun sem til fellur á svæðinu.

Blönduós.

Á Blönduósi var sláturhús tekið í notkun árið 1971. Fjárrétt er of lítil og þarfnast stækkunar. Afköst í þessu húsi er slátrun 2200 kinda á dag. Heildarslátrun 1978 var 62 200 kindur. Lagt er til að fullnaðarfrágangi verði lokið.

Sauðárkrókur.

Hús fullfrágengið 1973. Slátrað var af verslunarsvæðinu 73 250 fjár 1978, þar af hjá K. S. 61 900 en í húsinu er hægt að anna allri slátrun af svæðinu.

Akureyri.

Sláturhúsið á Akureyri var byggt árið 1928. Allmikil endurskipulagning fór fram á árunum 1978 og 1979. Ákveðið hefur verið að endurskipuleggja húsið miðað við dagsslátrun allt að 2200 kinda. Á Dalvík og Akureyri var slátrað 61 500 fjár árið 1978. Eftir endurskipulagningu ætti í húsinu á Akureyri að vera hægt að anna þessari heildarslátrun.

Svalbarðseyri.

Þar er búið að byggja upp gott frystihús og kjötgeymslur, einnig er búið að byggja þar upp rétt, eftir er að byggja sláturhúsið. Ekki telur nefndin að hægt sé að standa á móti byggingu sláturhúss þar þar sem allt annað er fyrir hendi og þegar er búið að fjárfesta mikið.

Húsavík.

Á Húsavík er nýlegt sláturhús. Slátrað var þar 46 880 kindum árið 1978 og hefur slátrun aukist frá 1974 um 11%. Afkastageta í þessu sláturhúsi er meiri og stendur því fyrri áætlun óhögguð.

Kópasker.

Á Kópaskeri er gamalt sláturhús. Lagfæring fór fram að hluta 1975 og 1976 á frystihúsinu. Áætlað er að endurbæta húsið á komandi tímum og auka afköstin í slátrun 1650 kinda á dag. Slátrað var 1978 32 350 kindum og aukning frá árinu 1974 var 16%. Nauðsynlegt er að þarna verði sláturhús áfram.

Þórshöfn.

Á Þórshöfn er gamalt, lélegt sláturhús sem þarfnast endurbóta. Slátrað var 15 390 kindum 1978 og aukning frá árinu 1974 var 15%. Vegna sérstöðu og landfræðilegra staðhátta mun vera nauðsynlegt að hafa hús þarna áfram.

Vopnafjörður.

Á Vopnafirði er gamalt slátur- og frystihús. Á árinu 1978 var slátrað tæplega 17 þúsund kindum og hefur slátrun aukist frá árinu 1974 um 7%. Vegna landfræðilegrar stöðu og fjarlægðar frá öðrum byggðarlögum mun reynast full þörf á sláturhúsi á staðnum.

Egilsstaðir.

Á svæðinu frá Fossvöllum og Egilsstöðum að Fagurhólsmýri var slátrað 1978 samtals 161 600 kindum og aukning frá árinu 1974 var um 22% eða rúmlega 5% á ári. Nefndin leggur til að byggt verði sláturhús á Egilsstöðum. Í fyrri áætlun sláturhúsanefndar var reiknað með 2 sláturhúsum á þessu svæði, 1 á Egilsstöðum og 1 á Höfn; vegalengdin á milli þessara staða er 296 km ef farin er Fjarðaleiðin en 238 km ef farin er Breiðdalsheiði. Lengsta leið frá Egilsstöðum í hina áttina að sækja sauðfé er rúmlega 100 km og að Fagurhólsmýri frá Höfn um það bil 120 km. 1978 var slátrað á Egilsstaðasvæðinu rúmlega 88 þúsund kindum og aukning frá 1974 hefur orðið um 24%. Á Eskifirði og í Neskaupsstað var slátrað 1978 um 7 þús. kindum en aukning á því svæði hefur verið óveruleg.

Breiðdalsvík.

Á þessu svæði var slátrað 1978 tæplega 19 500 kindum og aukning frá 1974 var 21%. Ef slátra á þessu fé í einu húsi þá þurfa afköst að vera á milli 900 og 1000 kindur á dag. Þessu væri hægt að ná með breytingu á sláturhúsi á Breiðdalsvík ef rétt og frystigeymslur yrðu stækkaðar.

Djúpivogur.

Á Djúpavogi er gamalt, ónýtt sláturhús. Á þessu svæði var 1978 slátrað tæplega 15 500 kindum og aukning frá 1974 var 25%. Vegna sauðfjársjúkdóma og vegalengdar til næstu staða, til Hafnar 100 km og Breiðdalsvíkur 77 km, væri æskilegt að byggt yrði sláturhús á þessum stað þar sem hægt væri að slátra um 800—900 kindum á dag.

Höfn.

Áætlað er að byggja sláturhús á Höfn með um 1200 kindum á dag. Á þessu svæði var slátrað 31 690 kindum 1978 og aukning frá 1974 hefur verið 13%.

Kirkjubæjarklaustur.

Á Kirkjubæjarklaustri er nýlegt sláturhús og þar var gamalt frystihús. Frystihúsið hefur verið rifið og nýtt byggt. Áætlað er að slátra 800 kindum á dag. Slátrun á árinu 1978 var 25 þúsund kindur. Um litla breytingu frá árinu 1974 var að ræða og vegna fjarlægðar frá öðrum byggðarlögum mun vera nauðsynlegt að hafa sláturhús á þessum stað. Vegalengd að Höfn er 204 km og að Vík um 80 km.

Vík í Mýrdal.

Í Vík var slátrað í tveim sláturhúsum 1978 32 160 kindum og aukning frá árinu 1974 var 7%. Vegna fjarlægðar frá öðrum byggðarlögum teljum við að þar þurfi að vera sláturhús með afkastagetu er nemur slátrun 23—25 þúsund kinda í heild og dagsafköst þurfa að vera 1000—1200 kindur á dag.

Hvolsvöllur.

Gert var ráð fyrir á fyrri áætlun sláturhúsi fyrir 60—70 þúsund fjár og dagsafköstum sem næmi slátrun 2500—3000 kinda. Sú áætlun stendur óbreytt. Benda má á að þegar hefur verið byggt frystihús á Hvolsvelli er annar frystingu um 3000 skrokka á dag og heildargeymslurými er þar fyrir um 90—100 þúsund skrokka.

Selfoss og Laugarás.

Við teljum að á Selfossi og í Laugarási sé hægt að afkasta þeirri slátrun sem til fellur í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Því mælir nefndin ekki með fleiri húsum á því svæði. Frystihús vantar við sláturhúsið í Laugarási.

Stórgripasláturhús.

Á Selfossi, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík er viðhlítandi aðstaða til stórgripaslátrunar. Fyrir dyrum stendur að byggja stórgripasláturhús í Borgarnesi, á Blönduósi, Hvammstanga og í Búðardal. Á öðrum stöðum er gert ráð fyrir slátrun í sauðfjársláturhúsum. Þá aðstöðu þyrfti að endurbæta sem fyrst og laga að kröfum nútímans. Að öðru leyti telur nefndin að ekki sé þörf á að bæta við sérstökum stórgripasláturhúsum.

Svínasláturhús.

Á Suðurlandi var slátrað 1979 á milli 12 og 13 þúsund svínum og teljum við að afkastageta í þessum húsum, þar sem svínum er slátrað, sé nægileg og ekki sé ástæða til að byggja fleiri heldur fullkomna þau sem þegar eru fyrir hendi. Annars staðar á landinu er slátrað innan við 1000 svínum, fyrir utan Eyjafjarðarsvæðið, en þar er slátrað um 2000 svínum og er aðstaða í sláturhúsi KEA viðunandi. Af sóttvarnarástæðum er slátrað til bráðabirgða á tveimur stöðum, þ. e. a. s. á Minni-Vatnsleysu, Gullbringusýslu, og í Grísaból í Mosfellssveit. Stefna ber að því að leggja þessa slátrun niður sem fyrst.

Fuglasláturhús.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að í dag sé nægilegt að hafa tvö fuglasláturhús á landinu, annað á Suðurlandi sem þegar er búið að byggja í Mosfellssveit, hitt á Norðurlandi og þá helst við Eyjafjörð, og ættu þau að geta annað þeirri slátrun sem er nauðsynleg á næstu árum. Ef sett yrðu nú upp fleiri fuglasláturhús myndi það kippa rekstrargrundvelli undan þessum tveim húsum og slátrunin lenda í ólestri og örðugt yrði að tryggja nægilegt heilbrigðiseftirlit.

Slátrun 1974—1978.

Hér fer á eftir yfirlit yfir slátrun 1974 og 1978. Upplýsingar þessar eru fengnar hjá Búnaðarfélagi Íslands. Reynt hefur verið að skipa þessu þannig að hægt sé að nota það til samanburðar við fyrri áætlanir. Ástæðan fyrir því að árið 1978 var tekið en ekki 1979 var vegna þess að við teljum 1979 óeðlilegt vegna slæms árferðis.

Slátrun á S-Vesturlandi og Vestfjörðum.
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.		Breyting %
K.B. B. Borgarnesi	74.67	81.33		+9
K.S. Stykkishólmi	13.55	14.23		+5
K.Hv. Búðardal	27.26	32.00		+11
K.S.S. Skriðulandi	8.93	9.98		+5
K.K. Króksfjarðarnesi	13.17	11.53		÷17
	49.36	**53.51**	=	**+9**
K.Þ. Patreksfirði	6.56	5.86		
Örlygur, Gjögri	2.02	2.29		
S.S.A. Bíldudal	2.69	3.11		
K.T. Tálknafirði	1.28	1.05		
	12.55	**12.21**	=	**÷2**
K.D. Þingeyri	8.14	8.48		
K.Ó. Flateyri	4.75	5.93		
	12.89	**14.41**	=	**+12**
K.F. Súgf. Suðureyri	1.06			
K.Í. Ísafirði	7.17	12.16		
E.G. Bolungarvík	2.45	2.99		
	10.68	**15.15**	=	**+42**
K.S.N. Norðurfirði	3.03	4.31		
K.S.H. Hólmavík	12.28	15.02		
K.B.Ó. Óspakseyri	5.35	6.95		
	20.66	**26.28**	=	**+28**
Samtals	**194.36**	**217.22**	=	**+12**

Slátrun á N.-Vesturlandi, Norðurlandi og N.-Austurlandi.
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.		Breyting %
K.H. Borðeyri	14.08	16.46		
K.V.H. Hvammstanga	35.19	43.02		
S.P. Hvammstanga	7.85	10.50		
	57.12	**69.98**	=	**+23**
S.A.H. Blönduósi	54.67	62.22		+19
K.S. Sauðárkr.+Hagan.	62.87	61.87		
S.S. Sauðárkróki		11.38		
	62.87	**73.25**	=	**+17**
KEA Dalvík+Ólafsf.	13.10	15.42		
KEA Akureyri	41.73	46.05		
K.S.Þ. Svalbarðseyri	17.56	23.40		
	72.39	**84.87**	=	**+18**
K.Þ. Húsavík	42.50	46.88		+11
K.N.Þ. Kópaskeri	28.03	32.35		+16
K.L. Þórshöfn	13.43	15.39		+15
K.V. Vopnafirði	15.94	16.98		+7
Siglufjörður	1.84	2.69		
	101.74	**114.29**		
Samtals	**348.79**	**404.61**	=	**+16**

Slátrun á Austurlandi.
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.		Breyting %
K.H.B. Fossvöllum	18.73	26.82		
K.H.B. Borgarf. E.	7.38	6.57		
K.H.B. Reyðarf.	18.89	24.76		
K.H.B. Egilsstöðum	19.10	22.95		
	64.10	**81.10**	=	**+27**
Verzl.fél. A. Egilsst.	6.08	7.00		
Kf. Fram, Neskaupstað	4.54	4.42		
P.E. Eskifirði	2.13	2.58		
	12.75	**14.00**	=	**+10**
K.F.F. Fáskrúðsf.	5.7	6.48		
S. Suðurfj. Breiðdalsv.	10.3	12.87		
	15.98	**19.35**	=	**+21**
K.B. Djúpavogi	12.41	15.46	=	+25
KASK Höfn+Fagurhólsm.	28.09	31.69	=	+13
Samtals	**133.33**	**161.60**	=	**+22**

Slátrun á Suðurlandi.
(Heimild: Búnaðarfélag Íslands.)

	1974 þús.	1978 þús.		Breyting %
S.S. Kirkjubæjarkl.	25.41	25.11		
S.S. Vík í Mýrdal	14.20	13.03	=	+9
S.V. Vík í Mýrdal	7.60	10.13	=	+34
	21.80	**23.16**	=	**+7**
S.S. Djúpadal	28.37	31.06		
S.S. Hellu	33.44	34.38		
S.S. Laugarási	21.09	22.60		
Búrfell, Minniborg	9.31	11.65		
Fr.Fr. Þykkvabæ	8.90	10.71		
S.S. Selfossi	47.08	43.05		
Höfn, Selfossi	8.61	12.93		
	156.80	**166.38**	=	**+7**
K.S. Grindavík	10.50	11.48		
Sl.G.M. Hafnarfirði	7.10			
	17.60	**11.48**	=	**÷34,8**
S.S. Laxá	10.24	11.34		
Samtals	**241.84**	**238.01**	=	**+3**

Svínaslátrun 1979.

S.S. Selfossi	4116
Höfn Selfossi	2967
Þór Hellu	480
Kr. Sveinsson	ca. 1450
Minni-Vatnsleysa	ca. 3450
KEA Akureyri	1718
Húsavík	204
Borgarnes	63
Egilsstaðir	20
Hvammstangi	127
Þórshöfn	20
Búðardalur	6
Ísafjörður	8

Ed. 164. Frumvarp til laga [159. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Við c-lið 33. gr. laganna bætist: svo og aðra þá sem þurfa á leiguhúsnæði að halda eða vilja leigja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fleirum en námsmönnum, öldruðum og öryrkjum sé gefinn kostur á þeim sjálfsögðu mannréttindum að geta tekið húsnæði á leigu með hóflegum kjörum til eigin afnota. Hér er átt við húsnæði sem byggt er eða keypt af sveitarfélögum, stofnunum á vegum þeirra eða ríkisins, eða félagasamtökum sem beita sér fyrir byggingu leiguhúsnæðis og hljóta til þess lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem samþykkt voru s. l. vor, gera eingöngu ráð fyrir byggingu leiguhúsnæðis fyrir aldraða er falli undir lán úr Byggingarsjóði ríkisins, eða þá leiguíbúðir sem sérstaklega eru ætlaðar námsmönnum, öldruðum og öryrkjum og ætlað er lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Þetta ákvæði var samþykkt þrátt fyrir þá staðreynd að víða um land er mikill skortur á leiguhúsnæði, ekki aðeins fyrir þá hópa sem lögin ná til, heldur einnig fyrir aðra sem annaðhvort eiga þess ekki kost að eignast þak yfir höfuðið eða vilja fremur leigja.

Allar fáanlegar upplýsingar sýna glöggt að vandi leigjenda er mikill, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og má í því sambandi benda á skýrslu um hagi einstæðra foreldra sem lögð var fram fyrr á þessu ári. Hún leiddi í ljós að stærsti vandinn, sem einstæðir foreldrar glíma við, eru húsnæðismálin. Hvort tveggja er að skortur er á leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og svo hitt að leiga hefur farið ört hækkandi og er nú langt fyrir ofan greiðslugetu flestra leigjenda, einkum láglaunafólks og einstæðra foreldra. Væri hægt að tíunda hér mörg hrikaleg dæmi um fyrirframgreiðslur, háar mánaðargreiðslur og öryggisleysi leigjenda.

Bygging leiguhúsnæðis er brýnt hagsmunamál einstæðra foreldra og námsmanna sem t. d. koma utan af landi til Reykjavíkur og þurfa að leigja sér húsnæði fyrir offjár, — séu þeir ekki svo heppnir að komast í húsnæði í eigu stúdenta. Þá er einnig um að ræða stóran hóp fólks á öllum aldri sem gjarnan vill leigja og er ekki þeirrar skoðunar að hin æðsta lífsfylling sé að eiga eigið húsnæði, — hvað þá að eðlishvatir bjóði þeim að byggja eða kaupa hús.

Það ætti að vera aðal hvers þjóðfélags að þeir einstaklingar, sem það byggja, geti valið um það hvers konar lífi þeir lifa, þar á meðal í hvernig húsnæði þeir búa. Því er þetta frumvarp flutt. Jafnhliða þessu frv. er lögð fram þingsályktunartillaga þar sem skorað er á ríkisstjórnina að ætla ákveðna upphæð þegar á næsta ári til byggingar leiguhúsnæðis og eru frumvarpið og þingsályktunartillagan til þess ætluð að hvetja til lausnar á miklum og brýnum húsnæðisvanda sem hvílir sem mara á heimilum fjölda fólks.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um átak í byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér þegar í stað fyrir átaki í byggingu leiguhúsnæðis. Verði varið 200 milljónum kr. á núgildandi verðlagi til þessa verkefnis á ári þar til þörfinni hefur verið fullnægt. Fjárins verði aflað með sérstökum hátekjuskatti.

Greinargerð.

Húsnæðismál hafa verið í brennidepli undanfarin ár, ekki síst eftir að lán voru vísitölutryggð og eftir að sú ríkisstjórn, sem nú situr, hóf sína miklu árás á kjör almennings. Má fullyrða að sjaldan hafi verið eins erfitt fyrir almenning að eignast eigið húsnæði. Sú stefna hefur verið ríkjandi hér á landi að hvetja fólk til að eignast eigið húsnæði, en mjög lítil áhersla hefur verið lögð á aðrar leiðir, þar á meðal byggingu leiguhúsnæðis. Í nágrannalöndum okkar hefur það mjög tíðkast að sveitarfélög, byggingarsamvinnufélög eða einkaaðilar byggja leiguhúsnæði, og dugar þó varla til að sinna þörfinni.

Hér á landi eru stórir hópar fólks sem þurfa að leigja sér húsnæði, eða hreinlega vilja það fremur en að eyða mörgum árum í kapphlaup við víxla og afborganir. Í þessum hópi er að finna einstæða foreldra. Skýrsla, sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytisins og kynnt s. l. vor, sýnir glöggt að húsnæðismálin eru stærsti vandi einstæðra foreldra. Námsmönnum, sem stunda framhaldsnám, er nánast öllum stefnt til Reykjavíkur og þurfa þeir að leita sér að húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru ótaldir aldraðir, fólk sem dvelst tímabundið í bæjum og borg vegna vinnu og svo þeir sem vilja leigja eða eiga ekki annars kost en að leigja sér húsnæði. Á hverju hausti hefst mikið kapphlaup um leiguhúsnæði og er nú svo komið að leiga er orðin himinhá á almennum leigumarkaði og langt fyrir ofan greiðslugetu t. d. einstæðra foreldra, sem flestir eru láglaunafólk, svo og námsmanna.

Sú tillaga, sem hér er flutt, á að þjóna þeim tilgangi að hvetja ríkisstjórnina til átaks í málefnum leigjenda sem ekki þola neina bið. Það má benda á að Félagsstofnun stúdenta, sem gegnir m. a. því hlutverki að byggja húsnæði fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, getur aðeins leigt um 4% þeirra húsnæði. Þá eru eftir nemendur við aðra skóla. Hjá Verkamannabústöðunum sóttu 900 manns um íbúð (til kaups) en 300 fengu, og hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar eru um a. m. k. 6—700 fjölskyldur á biðlista eftir

leiguhúsnæði. Þá má minna á að víða um land er skortur á þægilegu og ódýru húsnæði fyrir fólk sem þangað kemur til vinnu, t. d. kennara, og þarf iðulega að hola þeim niður einhvers staðar, en það leiðir af sér að þeir haldast ekki við á staðnum. Þannig mætti lengi telja. Allt ber að sama brunni: Það verður að grípa til sérstakra ráðstafana til að draga úr þenslunni á leigumarkaðnum og einnig að leysa vanda þess stóra hóps sem þarf á leiguhúsnæði að halda.

Tillagan gerir ráð fyrir að 200 milljónum kr. verði varið til þessa verkefnis og gefur auga leið að sú upphæð dugar hvergi nærri. Húsnæðiskerfið er svelt eins og er og því er ekki stætt á að ætlast til þess að hluti af því fé, sem nú er ætlað til húsnæðislána, fari til þess átaks sem tillagan gerir ráð fyrir. Því er lagt til að lagður verði sérstakur hátekjuskattur á þá einstaklinga sem höfðu yfir 500 000 kr. í tekjur á s. l. ári og færa þannig hluta af því fjármagni sem láglaunastefna ríkisstjórnarinnar hefur fært þeim sem meira mega sín aftur til þeirra sem borið hafa hitann og þungann af efnahagsaðgerðum stjórnarinnar. Ekki væri hægt að hugsa sér meiri eða betri kjarabót fyrir t. d. einstæða foreldra en ódýrt og hagkvæmt húsnæði sem tryggði öryggi um nána framtíð.

Þá má gera ráð fyrir því að aukið fjármagn til byggingar leiguíbúða verði sveitarfélögum og félagasamtökum hvatning til að hefjast handa og má minna á að húsnæðissamvinnufélagið Búseti bíður óþreyjufullur eftir að reisa hús yfir u. þ. b. 2700 félagsmenn sína.

Hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki síst fyrir konur sem fylla láglaunahópa þessa lands, svo og alla þá sem eru þeirrar skoðunar að fólk eigi að geta valið um það í hvers konar húsnæði það býr og hvaða eignaform er á því.

Sþ. 166. Fyrirspurn [161. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnumál fatlaðra.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hversu margir fatlaðir menn hafa fengið störf hjá ríkinu á grundvelli ákvæða 24. gr. laga nr. 41 23. mars 1983, um málefni fatlaðra, varðandi forgangsrétt fatlaðra til starfa hjá ríkinu að öðru jöfnu?
2. Vill félagsmálaráðherra beita sér fyrir því að í öllum auglýsingum um störf hjá ríkinu verði athygli fatlaðra, sem endurhæfingar hafa notið, vakin á rétti þeirra samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði?

Sþ. 167. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frumvarp til laga um stighækkandi eignarskatt.

Nefndin hafi eftirfarandi til hliðsjónar í starfi sínu:

1. Eignarskattsútreikningur skv. 83. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, skal óbreyttur, þannig að af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, skal greiða frá 0,95%, þó þannig að skatturinn fari stighækkandi eftir því sem eignarskattsstofn vex.
2. Við það skal miða að skattbyrði eignarskatts fjölskyldu með meðaltekjur, eigin íbúð og bifreið hækki ekki frá því sem nú er.
3. Við það skal miða að tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga og lögaðila skv. frumvarpi til fjárlaga 1985 þrefaldist a. m. k.
4. Þessi nýi skattstofn geti komið í stað niðurfellingar tekjuskatts á launþega, sbr. þingsályktun um það sem samþykkt var á síðasta þingi. Tekjuauka ríkissjóðs af hækkuðum eignarskatti má að nokkru leyti miða við ákvarðanir Alþingis um tekjuskattslækkun við afgreiðslu fjárlaga.
5. Það er ætlun flutningsmanna að nýjum tekjum ríkissjóðs af þessum skattstofni verði, a. m. k. að hluta til, varið til að stórauka framlög ríkissjóðs til byggingarsjóða ríkisins og verkamanna til þess að styrkja fjárhag sjóðanna og létta greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðarkaupenda.
6. Gildistími laganna verði tvö ár, en þá falli þau sjálfkrafa úr gildi, nema því aðeins að Alþingi veiti nýjar lagaheimildir.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa ríkisskattstjóra, einum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, einum fulltrúa viðskiptadeildar Háskólans og fulltrúa fjármálaráðuneytisins sem vera skal formaður nefndarinnar. Nefndin hraði störfum sínum þannig að ríkisstjórnin geti lagt fram frumvarp til laga um stighækkandi eignarskatt fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

I. NÝJAR LEIÐIR Í SKATTAMÁLUM

1.0 Skattrannsóknum er ábótavant.

Ástæða þess að flutningsmenn flytja ekki að svo stöddu frumvarp til laga um stighækkandi eignarskatt er þessi: Þótt fyrir liggi frá embætti ríkisskattstjóra upplýsingar um skiptingu eignarskattsstofns á eignarbil við álagningu 1984, að því er varðar einhleypa og hjón (sjá fylgiskjal I), er slíkum upplýsingum ekki til að dreifa um lögaðila (fyrirtæki).

Verkfall opinberra starfsmanna s. l. fjórar vikur olli því að ekki var unnt að útbúa forrit til tölvutækrar úrvinnslu fyrirliggjandi gagna. Í trausti þess að ríkisstjórnin hafi tök á að hraða gagnavinnslu, sem nauðsynleg er, umfram það sem þegar er aðgengilegt, hafa flutningsmenn kosið að flytja málið í formi þingsályktunartillögu þar sem það er að mati flutningsmanna mjög brýnt.

Skv. lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, er eignarskattsstofn skilgreindur skv. 80. gr. sem „þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna, sem um ræðir í 73. gr., hafa verið dregnar fjárhæðir sem um ræðir í 76., 77. og 78. gr., eftir því sem við á". Um eignarskattsútreikning segir svo í 83. gr. umræddra laga, sbr. 6. gr. laga nr. 7 1984:

„Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%."

1.1 „Sólarlagsákvæði."

Meginhugmynd flutningsmanna er sú að í stað sömu prósentuálagningar eignarskatts, án tillits til eignarskattsstofns og eignarfjárhæðar, skuli álagningin vera stighækkandi eftir því sem eignarskattsstofn og fjárhæð eignar fer hækkandi.

Skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1985 eru tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga áætlaðar 305 milljónir kr. og af fyrirtækjum 200 milljónir kr. Það er ætlun flutningsmanna að tekjur ríkissjóðs af stighækkandi eignarskatti megi þrefalda án þess að launþegum með meðaltekjur og í eigin húsnæði verði íþyngt umfram það sem er. Ætlun flutningsmanna er að skattbyrði hins stighækkandi eignarskatts leggist fyrst og fremst á sannanlega stóreignamenn og stóreignafyrirtæki.

Það er vilji flutningsmanna að undirbúningi nauðsynlegrar löggjafar um þetta efni verði hraðað svo sem kostur er. Skal að því stefnt að ríkisstjórnin geti lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um málið í síðasta lagi fyrir afgreiðslu fjárlaga 1985. Flutningsmenn leggja til að haft verði „sólarlagsákvæði" í lögunum er kveði á um að þau skuli falla úr gildi eftir tvö ár, nema því aðeins að Alþingi sjái ástæðu til, að fenginni reynslu, að framlengja þau.

1.2 Áhrif skattkerfis á eigna- og tekjuskiptingu.

Í greinargerð þeirri sem hér fer á eftir er lagður fram ítarlegur rökstuðningur fyrir réttmæti þessa máls, auk þess sem vísað er um frekari rökstuðning til fjölda fylgiskjala. Sérstök ástæða er til að víkja að eftirfarandi:

1. Á síðasta þingi fékk ríkisstjórnin samþykkta lækkun eignarskattsprósentu úr 1,2% í 0,95% (eða um 20,8%) og hækkun frádráttar fyrir eignarskattsstofn um 57,3%. Skattalækkun skv. þessum lagabreytingum má áætla u. þ. b. 160 milljónir kr. Flutningsmenn telja að þessi breyting hafi verið misráðin.
2. Alkunna er að á s. l. hálfum öðrum verðbólguáratug hefur átt sér stað veruleg eignatilfærsla í þjóðfélaginu í skjóli óðaverðbólgu, neikvæðra vaxta og ríflegs vaxtafrádráttar skuldara til skatts. Á þessum árum var látlaus eftirspurn eftir lánsfé þar sem vitað var að ekki þurfti að endurgreiða það nema að hluta. Vaxtafrádráttur stuðlaði að minni bókhaldslegum hagnaði fyrirtækja og lækkun tekjuskatts. Þessu lánsfé var einkum varið til fjárfestingar (í fasteignum, vélum og búnaði) því að eignir af því tagi tryggðu verðgildi peninganna. Þannig nutu skuldarar margvíslegra hlunninda: Lánin voru að stórum hluta styrkir, vaxtabyrðin lækkaði aðra skatta og skattar á eignum fylgdu ekki mats- og endursöluverði þeirra í verðbólgunni. Skattakerfi af þessu tagi stuðlaði beinlínis að offjárfestingu, ruglaði allt raunverulegt arðsemismat og hvatti ekki til hagkvæmrar nýtingar húsnæðis og vélakosts.
3. Með þessum hætti var um að ræða verulega tekju- og eignatilfærslu frá sparifjáreigendum (almenningi) til fyrirtækja og aðila í sjálfstæðum rekstri. Þeir fjármunir, sem stóðu undir þessari eignaaukningu, voru ekki endurgreiddir á raunvirði og eignirnar hafa ekki verið skattlagðar í takt við verðhækkanir.

4. Þessar skattareglur eiga sinn þátt í látlausum þrýstingi stjórnenda fyrirtækja á lánafyrirgreiðslu banka sem og í þrálátum skorti íslenskra fyrirtækja á lánafyrirgreiðslu banka sem og í þrálátum skorti íslenskra fyrirtækja á eðlilegu rekstrarfé.
5. Eignum verður síður skotið undan skatti en tekjum. Þess vegna er eðlilegt að eignarskattur stóreignaaðila bæti ríkissjóði upp þær tekjur sem það glatar með afnámi tekjuskatts.
6. Fyrir því má færa rök að niðurgreiddir vextir á opinberum lánum til húsbygginga komi einkum til góða hinum efnameiri í þjóðfélaginu sem byggja stærst og fá mest lán. Þær upplýsingar eru athylisverðar að frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna fjárfestingar í húsnæði nemi 1,2 milljörðum króna (sjá yfirirlit frá ríkisskattstjóra 30. júlí s. l. um tekju- og frádráttarliði á skattframtali við álagningu 1984).
7. Eignarskattar stuðla að vandaðra arðsemismati áður en fjárfestingarákvarðanir eru teknar og að bættri nýtingu húsnæðis, véla og annarrar fjárfestingar.
8. Það er ætlun flutningsmanna að tekjum ríkissjóðs verði, að hluta til a. m. k., varið til að auka framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og til félagslegra bygginga, verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélaga. (Sjá fylgiskjal XXIII.)
9. Ríkisstjórnir í öðrum löndum hafa skoðað möguleikann á stighækkandi eignarskatti og þeim röksemdum sem mæla með honum. Þannig segir í stefnuyfirlýsingu norska Verkamannaflokksins um skattamál frá því í júní 1984: „Helsti kostur eignarskattsins er að hann má gera stighækkandi. Nefndin, sem fjallaði um fasteigna- og eignarskatta 1973, gerði það t. d. að tillögu sinni að upp yrði tekinn stighækkandi eignarskattur þannig að prósentuálagningin færi hækkandi í takt við hækkandi tryggingamat eigna.“ (Skattepolitiken til Debatt: Et Studie- og debattopplægg — arbeidernes Opplysningsforbund 1984, bls. 29).

Töflur skv. fylgiskjölum II. og III. leiða m. a. eftirfarandi í ljós:

1. Eignum er mjög misskipt.
2. Mikill fjöldi einstaklinga greiðir engan eignarskatt.
3. Framteljendur með lágan eignarskattsstofn, (1—2 m. kr.) greiða u. þ. b. helming eignarskatta einstaklinga.
4. 28 einstaklingar og hjón eiga sameiginlega eignir metnar á tæplega 600 millj. kr. Skattgreiðslur af slíkum stóreignum eru mjög óverulegar. Slíkar eignir hafa vafalítið verið fjármagnaðar með lánsfé sem á tímabili neikvæðra vaxta var nánast fundið fé.
5. Hæstu 2% framteljenda eiga 13,4% framtalinna eigna. Samt nema skattgreiðslur einstaklinga í þessum hópi aðeins 27.8 þús. kr. að meðaltali.

Eins og fyrr segir liggja ekki fyrir tölvutækar upplýsingar um eignarskattsdreifingu fyrirtækja. Hins vegar tekur ekki langan tíma að vinna úr þeim gögnum. Þess vegna telja flutningsmenn engan veginn útlokað að unnt sé að undirbúa frv. til laga um stighækkandi eignarskatt fyrir afgreiðslu fjárlaga á þessu þingi. Vilji er allt sem þarf.

II. TVÆR ÞJÓÐIR — TVÖ HAGKERFI

2.0 Langvarandi kjaradeilur á þessu hausti hafa í einni svipan afhjúpað alvarlega bresti í samfélagsbyggingu okkar Íslendinga. Þessar pólitísku „alkalískemmdir“ valda því að undirstöður samfélagsins eru að gliðna.

Nú þegar er svo komið að í landinu búa tvær þjóðir. Hættan er sú að það sem skilur hinar tvær þjóðir í sundur vegi smám saman þyngra á metunum en það sem sameinar þær.

Við höfum tvö hagkerfi: Opinbert hagkerfi (sem gefur okkur rangar og villandi upplýsingar um lífskjör og afkomu fólks og fyrirtækja); og „neðanjarðarhagkerfi“ (þar sem tekjur eru faldar og lúxuslífsstíll afhjúpar tilbúnar tölur hins opinbera hagkerfis um afkomu fólks og fyrirtækja).

2.1 Hlutverk jafnaðarmanna.

Mánaðarverkfall opinberra starfsmanna er til marks um þau hatrömmu átök, sem í vændum eru milli hinna tveggja þjóða, verði fram haldið á sömu braut.

Það er sögulegt hlutverk jafnaðarmanna að koma í veg fyrir að þjóðfélagið leysist upp í ósættanlegar andstæður vegna félagslegs misréttis. Það hafa jafnaðarmenn gert með fyrirbyggjandi aðgerðum, — róttækum þjóðfélagsumbótum sem stefna að jöfnuði í eigna- og tekjuskiptingu og jöfnum tækifærum ólíkra en frjálsra einstaklinga. Á s. l. hálfum öðrum áratug hefur áhrifa jafnaðarmanna á stjórn landsins gætt í minna mæli en um langt skeið áður. Afleiðingarnar blasa við í sívaxandi misrétti og harðnandi stéttaátökum sem fram undan eru.

2.2 Misheppnuð stjórnarstefna.

Núv. ríkisstjórn hefur mistekist að ná settum markmiðum: að skapa meiri stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Ekki vegna þess að þjóðin hafi verið ósátt við markmiðið — heldur vegna þess að stjórnarflokkarnir völdu ranga leið að settu marki.

Ríkisstjórnin hefur krafið hluta þjóðarinnar, þann hluta hennar sem bjó við verst kjör fyrir, um þungbærar fórnir. Hluti þjóðarinnar hefur hins vegar notið þeirra forréttinda að fá að hlaupast undan merkjum — bera engar byrðar. Það er þetta óréttlæti sem hefur misboðið réttlætiskennd Íslendinga og sundrað þjóðinni á hættustundu.

Það er meginviðfangsefni íslenskra stjórnmála á næstunni að brúa bilið milli hinna „tveggja þjóða". Til þess eru úrræði jafnaðarstefnunnar hin einu sem duga.

2.3 Hvaða árangur?

Talsmenn ríkisstjórnarinnar halda því fram að með kjarabaráttu sinni sé þjóðin að eyðileggja árangur ríkisstjórnarinnar. Hvaða þjóð hafa þeir í huga? Hvaða árangri hafa þeir náð?

Því að það eru tvær þjóðir í landinu. Önnur þeirra vinnur lengstan vinnudag í Evrópu, á lægstu launum, en kaupir lífsviðurværi sitt hæsta verði sem þekkist í nokkru Evrópulandi. Það er þessi þjóð sem hefur náð árangri. Hún hefur af litlum efnum reitt fram fjórðung til þriðjung af launum sínum til þess að borga niður herkostnaðinn af verðbólgustríðinu. Hún hefur í hálft annað ár fært fórnir fyrir ríkisstjórnina, — og hina þjóðina.

2.4 Vaxandi misrétti.

Því að það er til önnur þjóð í þessu landi. Hún hefur engar fórnir fært. Hún skammtar sér sjálf lífskjör. Hún greiðir ekki sinn hlut í sameiginlega sjóði landsmanna til þess að standa straum af opinberum framkvæmdum og dýru skóla- og heilbrigðiskerfi. Þessi þjóð hefur aukið einkaneyslu sína en ekki minnkað. Hún er orðin að forréttindahópi í þjóðfélaginu. Það er þessi þjóð sem er að fara að byggja í Stigahlíðinni. Það er þessi hluti þjóðarinnar sem lifir í vellystingum og heldur uppi eftirspurn eftir lánsfé og mikilli einkaneyslu í formi risnu, bifreiðakaupa, ferðalaga og villubygginga.

Þessar tvær þjóðir eru nú í þann veginn að segja sig úr lögum hvor við aðra.

2.5 Kynslóðabilið.

Hvor þjóðin hefur brugðist hinni? Hvor þjóðin hefur náð árangri gegn verðbólgunni? Öll þjóðin veit svarið við þessum spurningum.

Það er einkum yngri kynslóðin í landinu sem varð hart úti vegna vaxandi misréttis í lok verðbólguáratugarins. Skömmu eftir að full verðtrygging var tekin upp á húsnæðislánum hrundi hið félagslega húsnæðislánakerfi. Það unga fólk, sem nú leitar á vinnumarkaðinn að loknu námi og byrjar að stofna fjölskyldur, fær óblíðar viðtökur í íslensku þjóðfélagi. Það er

með námsskuldir á bakinu. Þeir sem ekki njóta stuðnings efnaðra foreldra fá ekki risið undir greiðslubyrði af lánum sem taka þarf til að byggja eða kaupa íbúð. Þetta unga fólk verður því að sæta afarkostum, okurkjörum húsaleigumarkaðarins. Þetta unga fólk á síðan að standa undir afborgunum og vöxtum af þeirri þjóðarskuld sem foreldrar þeirra stofnuðu til.

Þetta unga fólk er í uppreisnarhug gegn ranglátu þjóðfélagi. Það kallar á róttækar þjóðfélagsumbætur — í anda jafnaðarstefnu og mannúðar. Alþýðuflokkurinn — flokkur íslenskra jafnaðarmanna — á brýnt erindi við þetta unga fólk.

2.6 Að færa til fjármuni.

Sá hluti þjóðarinnar, sem hingað til hefur fært fórnir, er ekki að heimta prósentuhækkanir launa — heldur réttlæti. Réttlætið kerfst þess að nú verði **færðir til fjármunir: frá** þeim sem hafa hrifsað til sín meira en þeim ber — **til** hinna sem fært hafa fórnir. Því að við viljum hafa ein lög og eina þjóð. Sá sem slítur í sundur lögin, hann slítur í sundur friðinn.

III. ÁRATUGUR HINNA GLÖTUÐU TÆKIFÆRA

3.0. Brennimark ranglætisins var ekki sviðið í ásýnd íslensk samfélags fyrst í tíð núv. ríkisstjórnar. Aðgerðir hennar hafa hins vegar afhjúpað óaðlaðandi ásýnd þess brenglaða verðbólguþjóðfélags sem festist í sessi á s. l. hálfum öðrum áratug. Á þessu tímabili hafa þrír stjórnmálaflokkar farið með völdin lengst af: Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og Sjálfstæðisflokkur. Þjóðmálaforysta þessara flokka hefur brugðist.

3.1 Tekju- og eignatilfærsla.

Á þessu tímabili átti sér stað **látlaus tekjutilfærsla frá launþegum til fámennrar, nýríkrar stéttar stóreignamanna.**

Verðbólgan er í eðli sínu „gróðamyndunaraðferð" braskara. Neikvæðir vextir og hriplekt skattakerfi ýttu enn frekar undir stöðuga tekju- og eignatilfærslu frá hinum mörgu til fámennrar forréttindastéttar.

Lán urðu að óafturkræfum styrkjum að verulegu leyti. Ódýrir peningar ýttu undir linnulausa eftirspurn eftir lánsfé. Sparifjáreigendur — hinir rosknu í þjóðfélaginu — voru miskunnarlaust arðrændir.

Peningar leituðu í stríðum straumum til þeirra sem í skjóli atvinnurekstrar og pólitískrar „verndar" kerfisflokka nutu sérstakrar fyrirgreiðslu „kommissara" kerfisflokkanna í lánasjóðum.

Þegar vextir eru neikvæðir hefst kapphlaup um að tryggja verðgildi þeirra í eignum sem halda verðgildi sínu. Við slíkar aðstæður er **enginn hlutlægur mælikvarði á arðsemi fjárfestingar.** Allt borgar sig út frá sjónarmiði skuldarans, hversu vitlaust sem það er, út frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Skattakerfið hefur í sér innbyggða hvatningu til að fela tekjur sem eru skattlagðar og koma peningum undan í fasteignir (hús, vélar og tæki) sem bera lága skatta.

Þetta er það sem gerðist á verðbólguáratugnum. Þessi „fjárflótti", sem leitaði í arðlausa fjárfestingu, bæði einkaaðila og ríkisins, var síðan að miklu leyti **fjármagnaður með erlendum lánum.** Innlent sparifé brann í verðbólgubálinu — sparnaður sem hlutfall þjóðartekna fór hríðlækkandi.

Það er þessi arðlausa offjárfesting sem hefur keyrt lífskjör þjóðarinnar niður, skert greiðslugetu framleiðslu- og útflutningsatvinnuvega, skert samkeppnishæfni þeirra og veðsett framtíð þjóðarinnar.

3.2 Glötuð tækifæri.

Íslenska þjóðin sýpur nú seyðið af skammsýnni og óskynsamlegri stjórnarstefnu kerfisflokkanna þriggja á vitlausa áratugnum.

Hagfræðingar Vinnuveitendasambandsins slá því nú föstu að þjóðarframleiðsla okkar væri 30—40% meiri en hún er núna ef fjármunir þjóðarinnar hefðu nýst jafnvel og áður en verðbólgunni var hleypt lausri.

Margt væri öðruvísi nú í íslensku þjóðfélagi ef þessi verðmæti væru til skiptanna. Margir hefðu notið góðs af hagvextinum, ekki síst þeir sem minnst mega sín og lægst hafa launin.

Við hefðum efni á umfangsmeira velferðarkerfi fyrir hina verst settu, heilsugæsla væri öflugri, tryggingabætur rausnarlegri og betur væri búið að skólum og menningarstofnunum ef þessir 25 milljarðar hefðu verið til skiptanna.

Þess vegna var þetta „áratugur hinna glötuðu tækifæra". Fórnarkostnaður verðbólguáratugarins birtist okkur nú í bágbornum lífskjörum og dimmum framtíðarhorfum.

3.3 „Ríkisforsjárkerfið".

Á s. l. hálfum öðrum áratug, eftir lok viðreisnar, festist hið spillta fyrirgreiðslukerfi stjórnmálamanna kerfisflokkanna í sessi.

Innlend sparifjármyndun gufaði upp vegna neikvæðra vaxta og óðaverðbólgu. Stjórnmálamennirnir, sem með völdin fóru, völdu auðveldustu leiðina: Þeir slógu sífellt meiri erlend lán.

Þessu erlenda lánsfé var ráðstafað gegnum stjórnir fjárfestingarlánasjóða, án tillits til þjóðhagslegrar arðsemi, en með atkvæðavonina að leiðarljósi. Vitlausar fjárfestingar skila sér fljótlega í vesölum lífskjörum.

Helmingurinn af erlendum langtímaskuldum þjóðarinnar er bundinn í orkumannvirkjum. Mannvirkin, sem risið hafa í óbyggðum, eru járnbent steinsteypa og flutningsvirki sem skila ekki arði nema stórir orkunotendur nýti orkuna strax í upphafi og breyti henni jafnóðum í erlendan gjaldeyri.

Sérviska Alþýðubandalagsins í orkumálum hefur kostað þjóðina marga milljarða króna í töpuðum gjaldeyri, lakari lífskjörum.

M. a. þess vegna er orkuverð á Íslandi til almennra nota orðið hið hæsta á Norðurlöndum. Krafla er minnismerki um þessa óráðsíustefnu. Hún hefur kostað íslenska skattgreiðendur um 3 milljarða króna sem allir eru í skuld. Vextir og afborganir af Kröflu nema 400 milljónum króna á þessu ári; tekjur af rekstri virkjunarinnar nema aðeins 43 milljónum króna. Það sem upp á vantar, 358 milljónir kr., er töluvert hærri upphæð en það kostar þjóðina að reka Háskóla Íslands á ári hverju.

3.4 „Velferðarkerfi fyrirtækjanna".

Fjárfestingarmistök kerfisflokkanna, sem réttlætt voru í nafni byggðastefnu, hafa reynst þjóðinni dýr. Hin þunga greiðslubyrði vaxta og afborgana erlendra lána munu hvíla eins og mara á þjóðinni mörg ókomin ár. Léleg nýting þeirrar fjárfestingar, sem kostuð var með þessum lánum, birtist í þjóðhagsreikningum í formi minnkandi þjóðartekna; launþegum birtist hún í meiri verðbólgu og rýrari ráðstöfunartekjum.

Það stoðar ekki að steypa orkuver ef enginn markaður er fyrir orkuna. Það stoðar ekki að byggja frystihús ef markaðurinn borgar best fyrir ferskan fisk.

Uppbygging skuttogaraflotans og hraðfrystihúsanna skilaði ekki því sem hún átti að skila. Reikningurinn fyrir Kröfluævintýrið er ógreiddur enn. Nú er svo komið að þjóðfélagið, þ. e. a. s. skattgreiðendur, verða að taka á sig hinar gengistryggðu erlendu skuldir sem hvíla á nýjustu togurunum.

Smám saman hefur verið byggt upp sérstakt „velferðarkerfi fyrirtækjanna". Það birtist okkur á fjárlögum ríkisins með margvíslegu móti: Í beinum styrkjum, óafturkræfum lánum, skuldbreytingum, niðurgreiðslum, útflutningsbótum, innflutningsvernd, eftirgjöf á sköttum og í beinum framlögum.

Allar þessar ráðstafanir kosta skattgreiðendur milljarða króna á hverju ári. Allt var þetta á sínum tíma réttlætt sem framkvæmdahugur, framfarir og uppbygging. En þegar upp er staðið skila stjórnmálamennirnir, sem þessar ákvarðanir tóku, bakreikningum á skattgreiðendur í formi gjaldfallinna skulda og rekstrarvanda atvinnuveganna. Það er af þessum útgjaldaliðum fjárlaga sem niðurskurðartillögur eiga einkum að beinast, fremur en t. d. vegaframkvæmdum sem skila miklum arði.

3.5 Afleiðingarnar: lakari lífskjör.

Afleiðingar hinnar óábyrgu fjármálastefnu kerfisflokkanna eru alltaf að koma betur og betur í ljós: Þær birtast forystumönnum launþega við samningaborðið. Atvinnurekendur reka raunir sínar um skuldasöfnun, hallarekstur og rekstrarfjárvanda. Það ERU ENGIR PENINGAR TIL — segja þeir. Við getum ekki borgað laun sem hægt er að lifa af. **Ríkið verður að hlaupa undir bagga.**

Í tvo áratugi hafa skattgreiðendur borið þungar byrðar vegna offjárfestingar og offramleiðslu í landbúnaði. Nú er komið að skattgreiðendum að greiða bakreikninga vegna offjárfestingar í frystiiðnaðinum og vegna stækkunar skipastólsins, umfram afrakstursgetu fiskistofna.

IV. HVERS VEGNA ERU LAUNIN SVONA LÁG?

4.0 Hvers vegna eru lífskjör á Íslandi orðin hin þriðju lægstu í Evrópu? Hvers vegna geta íslenskir atvinnuvegir ekki greitt laun sem nægja til framfærslu meðalfjölskyldu?

Of lítil framleiðni, segja atvinnurekendur; þeir hinir sömu og bera ábyrgð á offjárfestingu fyrirtækja sinna, og oft og einatt bágborinni stjórnun.

„Þjóðin eyðir um efni fram“ — segja stjórnmálamenn kerfisflokkanna sem hafa sólundað takmörkuðu fjárfestingarfé og dýrkeyptum erlendum lánum í tóma vitleysu.

Hver ber ábyrgðina? Því miður: Enginn.

En hver er skýringin?

4.1 Launin eru svona lág m. a. vegna þess:

Að of stórum hluta þjóðartekna hefur of lengi verið varið í fjárfestingu,
að of stór hluti teknanna fer í að standa undir afborgunum og vöxtum af skuldum,
að eigendur fyrirtækja keppast við að fjárfesta til þess að geta dregið vexti af skuldum frá sköttum, minnkað þannig skattgreiðslur fyrirtækja og tryggt peningana í eignum sem hækka í verði,
að stjórnmálamenn kerfisflokkanna hafa gerst skömmtunarstjórar fjármagnsins til þess að kaupa sér vinsældir og áhrif í kjördæmum sínum — en án allrar ábyrgðar,
að innflutningsverð til Íslands er allt að fjórðungi hærra en annars staðar á Norðurlöndum,
að orkuverð er, vegna offjárfestingar og lélegrar nýtingar, orðið hið hæsta á Norðurlöndum,
að nýting á húsnæði, vélum og tækjum er lakari en víðast hvar í samkeppnislöndum,
að offramleiðsla landbúnaðarafurða kostar skattgreiðendur stórfé á ári hverju,
að fjárfesting í nýjum skipum er dýrari en svo að hún geti skilað sér, jafnvel við metafla,
að frystiiðnaðurinn er í kreppu vegna vaxandi eftirspurnar á ferskum fiski á bestu mörkuðum,
að innflutningsverð á olíu er u. þ. b. 30—40% hærra en í samkeppnislöndum,
að vaxtapólitík núv. ríkisstjórnar — 9—17% raunvextir — hækkar fjármagnskostnað fyrirtækja sem er velt út í verðlagið innanlands, auk þess sem það veldur stöðugum þrýstingi á gengi krónunnar,

að sölumennska og markaðsöflun útflutningsatvinnuveganna er hvergi nærri í góðu lagi,
að hin erlenda skuldabyrði neyðir stjórnvöld til að binda gengið fast en það verkar sem skattlagning á sjávarútveginn í þágu milliliða- og þjónustuaðila og hefur bein áhrif á viðskiptahallann vegna tiltölulega ódýrs innflutnings.

4.2 Vandi framleiðslu- og útflutningsgreina.

Þegar spurt er: Hvers vegna geta framleiðslu- og útflutningsatvinnuvegirnir ekki greitt mannsæmandi laun, svara málsvarar ríkisstjórnarinnar: Þjóðin hefur orðið fyrir áföllum sem eru af óviðráðanlegum orsökum. Nefna má minnkandi afla, óhagstæðari aflasamsetningu, sölu- og greiðsluerfiðleika á erlendum mörkuðum.

En hvers vegna var ástandið litlu skárra 1982 þegar afli var í hámarki og sterkur dollar skilaði miklum gjaldeyristekjum? Er líklegt að greiðslugeta þessara atvinnuvega lagist af sjálfu sér með auknum afla (allt bendir til að árið 1984 verði fimmta mesta aflaár sögunnar)?

Svarið er að vandamál sjávarútvegsins stafa ekki aðeins af óhagstæðum ytri skilyrðum. Hluti sjávarútvegsins hefur þegar sligast undir drápsklyfjum erlendra skulda. Lánin voru notuð til offjárfestingar sem skilar engum arði og fyrirtækin fá ekki undir risið.

Það var banabiti þessarar ríkisstjórnar að hún þorði ekki að leggja til atlögu við fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsins sem engin leið er að skjóta á frest lengur.

4.3 Úrelt stjórnkerfi.

Það var rétt ráðstöfun að afnema með lögum sjálfvirkt vísitölukerfinu. Alþýðuflokkurinn studdi þá aðgerð. En hann lagði ríka áherslu á að rætur verðbólgunnar lægju víðar: í pólitísku skömmtunarkerfi á lánamarkaði, í hripleku skattakerfi, í hinum dýru fjárfestingarmistökum, óhagkvæmri innflutningsverslun, dýrum aðföngum framleiðsluatvinnuveganna, misráðinni byggðastefnu o. s. frv.

Reynsla nágrannaþjóðanna kennir okkur að mannsæmandi laun ein sér þurfi ekki að vera verðbólguvaldur. Yfirborganir á frjálsum markaði, raunveruleg markaðslaun, sanna það enn frekar. Það er of dýr fjárfesting, léleg nýting fjármagns og fastafjármuna, bágborin stjórnun og úrelt stjórnkerfi á lánsfjármarkaði sem stendur nýjum vaxtargreinum fyrir þrifum, þrýstir niður lífskjörum, veldur stöðugum þrýstingi á gengi krónunnar og hótar þannig með sífelldum verðbólgusprengingum.

V. HVERS VEGNA ER STJÓRNARSTEFNAN RÖNG? SEX ÁSTÆÐUR

5.0 Stefna núverandi stjórnarflokka var frá upphafi dæmd til að mistakast eins og Alþýðuflokksmenn sögðu fyrir í stjórnarmyndunarviðræðum 1983. Þeir spádómar hafa gengið eftir. Ástæðurnar eru m. a. þessar:

1. Ríkisstjórnin hefur slegið endalaust á frest óumflýjanlegum ákvörðunum um **fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsins.** Við þær kringumstæður gerir gengislækkun aðeins illt verra með því að hækka enn greiðslubyrði skuldugustu fyrirtækja. Rangt gengi ýtir hins vegar undir vaxandi viðskiptahalla og þar með erlenda skuldasöfnun.
2. Ríkisstjórnin hefur í engu hróflað við hinu pólitíska fyrirgreiðslukerfi fjármagnsins sem reynslan sýnir að er ófært um að beina takmörkuðu fjárfestingarfé til arðbærustu verkefna og stendur vexti og viðgangi nýrra atvinnugreina fyrir þrifum.
3. Stjórnarflokkarnir hafa ekki þorað að ganga í berhögg við rótgróna hagsmuni milliliðakerfisins í landbúnaði sem leggur skattgreiðendum og neytendum þungar byrðar á herðar.
4. Misráðin tilraun stjórnarflokkanna með „frjálsa vexti“ hefur ekki ýtt undir aukna sparifjármyndun en hins vegar hækkað fjármagnskostnað og greiðslubyrði útflutningsatvinnuvega. Forsætisráðherra hefur játað að þessi vaxtapólitík fái ekki staðist en athafnir hafa ekki fylgt orðum.

5. Ríkisstjórnin hefur misboðið réttlætiskennd þjóðarinnar með því að ætla hluta hennar að axla allar byrðar af herkostnaðinum gegn verðbólgunni. Á sama tíma hafa forréttindahópar, eins og fyrirtæki og aðilar með sjálfstæðan rekstur, notið verulegra ívilnana. Sú staðreynd, að einkaneysla hefur haldist í svipuðu horfi þrátt fyrir hrap ráðstöfunartekna launþega, sýnir að fjölmennir hópar hafa bætt hag sinn á kostnað hinna sem fært hafa fórnir. Ríkisstjórnin skuldar þjóðinni skýringu á þessu.
6. Ríkisstjórnin hefur horft á það aðgerðarlaust að hluti þjóðarinnar sleppur að verulegu leyti við að axla sinn hlut af skattbyrðinni. Skattundandráttur og skattsvik, lögleg og ólögleg, nema mörgum milljörðum króna. Þetta gerist á sama tíma og rekstrargrundvöllur launþegaheimila hefur verið lagður í rúst.

5.1 Nauðvörn launafólks.

Ríkisstjórnin er á hraðri leið að glata tiltrú fyrri stuðningsmanna. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Með því að horfa aðgerðarlaust á sívaxandi misrétti og mismunun þjóðfélagshópa safnaði ríkisstjórnin glóðum elds að höfði sér. Vonbrigði og reiði almennings brutust út í harðvítugum og dýrkeyptum verkföllum. Verkföll eru neyðarréttur almennings gagnvart skilningssljóum stjórnvöldum. Hin almenna samstaða í kjaradeilu opinberra starfsmanna sannar að stjórnarstefnan misbýður réttlætisvitund almennings.

5.2 Stjórnarflokkarnir: Pólitísk verkfæri forréttindahópa.

Hvernig má það vera að forystumenn stjórnarflokkanna eru slegnir slíkri blindu á afleiðingar gerða sinna, að sjáandi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki þótt þeir hafi sýnilega gengið feti framar en sæmilegt er í kröfuhörku og óbilgirni gagnvart vinnandi fólki.

Ein skýringin er sú að forystumenn þessara flokka tilheyra sjálfir forréttindastéttinni og hafa fjarlægst fólkið í landinu svo mjög að þeir þekkja kjör þess aðeins af afspurn.

Önnur skýring er sú að báðir eru þessir flokkar pólitísk verkfæri öflugra hagsmunahópa sem ráða stefnunni í helstu málaflokkum eins og t. d. málefnum landbúnaðar og sjávarútvegs.

Það er ekki einleikið að þetta er í annað sinn sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks mistekst gersamlega að ná tökum á verðbólgu vegna skilningsleysis á kjörum almennings og óbilgirni í samskiptum við launþega.

Það spáir ekki góðu um framtíð lýðveldisins ef stjórnmálaþróun verður áfram með þeim hætti að annar hvor stjórnarflokkanna hljóti óhjákvæmilega að hafa forystu fyrir samsteypustjórnum margra flokka. Út úr þeim vítahring þurfum við að brjótast.

5.3 Léleg stjórnun.

Það er óumdeilt, að stjórnarflokkarnir hafa brugðist því trausti sem kjósendur sýndu þeim í seinustu kosningum. Frammistaða einstakra ráðherra staðfestir þetta í hverjum málaflokknum á fætur öðrum:

*Fyrstu fjárlög hins nýja fjármálaráðherra reyndust botnlaus. Á síðustu stundu var stoppað upp í „fjárlagagatið" með nýjum erlendum lánum — þvert ofan í heitstrengingar ráðherrans og ítrekuð loforð um afsögn ef ekki yrði við staðið.

*Bankamálaráðherrann er að sliga atvinnulífið með okurvöxtum sem velt er jafnharðan út í verðlagið. Hann horfir aðgerðarlaust á forkastanlega fjárfestingu og bruðl bankakerfisins, þ. á m. að Seðlabankinn reisi risavaxið minnismerki yfir óstjórn peningamála á liðnum árum.

*Sjávarútvegsráðherrann hefur reynt að yfirfæra kvótakerfi landbúnaðarins á sjávarútveginn með misjöfnum árangri. Hann hefur slegið á frest óhjákvæmilegum ákvörðunum um fjárhagslega endurskipulagningu þessa helsta atvinnuvegar þjóðarinnar. Hann hefur lítið

aðhafst til að lækka tilkostnað, auka samkeppnishæfni eða tryggja frambúðarrekstrargrundvöll vel rekinna fyrirtækja.

*Húsnæðislánakerfið, sem komið var af fótum fram í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, er nú í rjúkandi rúst undir stjórn félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins. Síendurtekin loforð ráðherrans til ungu kynslóðarinnar í landinu um skjótar úrbætur hafa reynst skrumið eitt.

VI. AÐ BREYTA ÞJÓÐFÉLAGINU

6.0 Er það satt að þjóðarframleiðslan hafi dregist svo saman að íslenskir atvinnuvegir geti ekki greitt lífvænleg laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag? Hvað þá um einkageirann, launaskriðið, markaðslaunin?

Eða er þjóðartekjunum svo ranglátlega misskipt að helmingur þjóðfélagsins (fiskvinnslan, samkeppnisiðnaður og opinber þjónusta) eigi ekki fyrir nauðþurftum á sama tíma og „neðanjarðarhagkerfið" og einkageirinn blómstra (sbr. staðreyndir um launaskrið, hagnað fyrirtækja og skattundandrátt)?

Spurningin er: HVAR ERU PENINGARNIR?
HVERJIR EIGA ÍSLAND?

6.1 Frá upphafi hefur krafa verkalýðshreyfingarinnar, fyrir hönd vinnandi fólks, verið ein: Að verður sé verkamaðurinn launanna. Að greiða beri lífvænleg laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag.

Þessi krafa er partur af sjálfstæðisbaráttu alþýðunnar í landinu. Hún hefur aldrei verið stríð um prósentur. Þetta er krafa um mannréttindi, þjóðfélagslegt réttlæti, um jöfn tækifæri frjálsra manna í lýðræðisþjóðfélagi.

Stefna Alþýðuflokksins er sú að telji atvinnuvegir og ríkisvald að þjóðfélagið hafi ekki efni á að greiða mannsæmandi laun ÞÁ BERI AÐ BREYTA ÞVÍ. Það er meginverkefni íslenskra stjórnmála næstu árin.

Alþýðuflokkurinn vill koma því til skila til alþýðu manna að hann er róttækur umbótaflokkur í efnahags- og félagsmálum. Slíkur flokkur hefur sjaldan fyrr átt brýnna erindi við launafólk í landinu en einmitt nú.

Pólitík Alþýðuflokksins snýst um það hvernig breyta eigi þjóðfélaginu í átt til meiri jafnaðar og réttlætis.

6.2 Efnahagsvandinn.

Hver er efnahagsvandinn út frá sjónarmiði atvinnurekenda og ríkisvalds? Minnkandi afli, óhagstæðari aflasamsetning, markaðserfiðleikar ýmissa sjávarútvegsgreina og skuldastaða útgerðarinnar sem ríkisstjórnin tók að erfðum frá fyrirrennurum sínum.

Þessi vandi lýsir sér í 8,5% rýrnun þjóðartekna á mann árin 1983—84. Þennan tekjumissi má meta upp á 5,5 milljarða króna á verðlagi ársins 1984.

Hvernig hafa stjórnarflokkarnir brugðist við þessum vanda? Þeir hafa gert það með þrenns konar aðgerðum:

1. Með því að minnka hlut launþega í þjóðartekjum og sem hlutfall framleiðslukostnaðar fyrirtækja.
2. Með stórfelldri viðbótarskuldasöfnun erlendis, m. a. með ríkisábyrgðum til fyrirtækja sem mörg hver eru fyrirsjáanlega gjaldþrota.
3. Með samdrætti félagslegra útgjalda á fjárlögum, aukinni kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, lækkun á skattbyrði fyrirtækja og fjármagnseigenda en hækkun á skattbyrði launþega.

6.3 Rætur vandans.

Hins vegar hafa stjórnarflokkarnir í engu hróflað við grunnvandamálum hins efnahagslega jafnvægisleysis: skuldabyrði sjávarútvegsins, offramleiðslu í landbúnaði og hinu pólitíska ríkisforsjárkerfi í stjórnun fjárfestingar- og lánamála.

Afleiðingin er: Gliðnun þjóðfélagsins í tvær þjóðir. Önnur axlar allar byrðarnar meðan hin makar krókinn. Það er ekki aðeins að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sé röng og leiði ekki til árangurs: **Hún er siðferðilega fordæmanleg.**

Kjarni málsins er sá að ríkisstjórnin hefur brugðist við vandanum með því að flytja fjármagn í stórum stíl frá launþegum til fyrirtækja og fjármagnseigenda.

Hvernig hefur þetta gerst?

6.4 Skattbyrði fyrirtækja hefur verið lækkuð:

1. með eftirgjöf á vangoldnum sköttum,
2. með því að innheimta ekki útistandandi óbeina skatta,
3. með því að láta skattsvik og skattundandrátt (sérstaklega í söluskatti og tekjuskatti) líðast í stórum stíl,
4. með lækkun skattprósentu á hlutafjáreign úr 1,2% í 0,95% (20% lækkun) og með hækkun frádráttarheimilda,
5. með lækkun skatta á arði hlutafélaga úr 65% í 51% af skattstofni (lækkun um 22,6%).

Skattalækkun á hlutafjáreign og arði hlutafélaga og auknar frádráttarheimildir hafa leitt til lækkunar á tekju- og eignarskatti vel stæðra fyrirtækja svo nemur tugum milljóna í einstökum tilvikum.

Alls má meta þessa skattalækkun fyrirtækja á bilinu 1—1,5 milljarða kr. á ári. Ef litið er á skattundandrátt, skattsvik og skattalækkanir til fyrirtækja í heild, miðað við full skil lögum samkvæmt, er ekki fráleitt að áætla að hér sé um að ræða tekjutilfærslu í þjóðfélaginu á bilinu 10—12 milljarðar króna.

6.5 Hvernig hefur skattbyrði fjármagnseigenda verið lækkuð?

1. Eignarskattsprósenta hefur verið lækkuð úr 1,2% í 0,95% (um 20%).
2. Hækkun frádráttar fyrir eignarskattsstofn er um 57%. Þetta þýðir skattalækkun um u. þ. b. 160 m. kr.
3. Skattfrádráttur til þeirra, sem leggja fé í sjóð til fjárfestingar að markmiði nemur verulegum upphæðum.

Alls má meta skattalækkun til fjármagnseigenda á bilinu 500—600 m. kr.

6.6 Hvernig hefur skattbyrði verið aukin á launamönnum?

1. Meðalskattbyrði launafólks vegna beinna skatta og útsvara hefur aukist um 6,5% af raunvirði. Það þýðir skattahækkun um u. þ. b. 1 milljarð.
2. Meðalskattbyrði heimila launafólks vegna óbeinna skatta hefur vaxið um 10,4%. Það þýðir skattahækkun um 1,6 milljarð.
3. Meðalhækkun félagslegrar þjónustu samsvarar óbeinni skattheimtu um 3,4%. Skattahækkun u. þ. b. 100 m. kr.

Alls er því hér um að ræða aukna skattbyrði launafólks á bilinu 2—2,5 milljarðar króna.

6.7 Eigna- og tekjuskiptingunni hefur verið breytt launafólki í óhag.

Hvernig hefur ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og sjálfstæðismanna brugðist við efnahagsvandanum? Ekki með því að leysa grunnvandamál atvinnuvega og efnahagsstjórnar, sem hvor tveggja eru óleyst, heldur með því að flytja í stórum stíl fjármagn frá launafólki til fyrirtækja og fjármagnseigenda. Ef meta má tekjutap landsmanna vegna utanaðkomandi áfalla upp á 5,5 milljarða kr. verður að hafa hugfast að 25% kaupmáttarskerðing kauptaxta

launafólks felur í sér tilfærslu frá launafólki til fjármagnseigenda sem nemur 7—8 milljörðum kr.

Launafólk í landinu hefur því greitt skakkaföllin og lagt 40—50% að auki í sjóði fyrirtækja. Þetta skýrir góða afkomu allra fyrirtækja í landinu, annarra en útgerðar og fiskvinnslu.

Ríkisstjórnin hefur unnið sér það til óhelgi að láta launþega eina standa undir kostnaðinum af skakkaföllum þjóðarbúsins og fjárglæfrum fyrirrennara sinna á stjórnarstólum. En hún hefur gengið lengra.

1. Með okurvöxtum, sem koma stóreignamönnum fyrst og fremst til góða en leggjast með fullum þunga á fyrirtæki í samkeppnisgreinum og á húsbyggjendur (einkum ungu kynslóðina), hefur hún gert hvort tveggja: aukið vanda atvinnuveganna og félagslegt misrétti í landinu.
2. Með skattalagabreytingum hefur ríkisstjórnin aukið skattbyrði flestra launamanna en dregið úr skattbyrði fyrirtækja og eigenda þeirra.
3. Með niðurskurði á opinberum útgjöldum til heilbrigðis- og félagsmála hefur nýjum kostnaði verið velt yfir á heimilin í landinu.

Allt sýnir þetta að stefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki beinst að því að leysa grundvallarvandamál varðandi rekstrarskilyrði framleiðslu- og útflutningsgreina. Í staðinn hefur ríkisstjórnin valið auðveldustu leiðina: að breyta eigna- og tekjuskiptingunni launafólki í óhag.

6.8 Hverjar eru niðurstöður um stefnu ríkisstjórnarinnar?

1. Kaupmáttarlækkun launafólks gerir meira en að standa undir tekjumissi vegna ytri áfalla í þjóðarbúskapnum.
2. Til viðbótar kemur aukin skattbyrði launþega.
3. Aukin hlutdeild launafólks í fjármögnun samneyslunnar.
4. Minnkandi hlutdeild atvinnutekna í þjóðarframleiðslunni.
5. Minnkandi hlutdeild launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja.
6. Minnkandi hlutdeild fjármagns- og fyrirtækjaeigenda í samneyslukostnaði.
7. Vaxandi hlutdeild fjármagns- og fyrirtækjaeigenda í þjóðarframleiðslunni.

Niðurstaðan er aukið þjóðfélagslegt óréttlæti. Þjóðfélagið er að gliðna í tvennt þar sem hvor þjóðin býr við aðskilið og ólíkt hagkerfi. Önnur færir allar fórnirnar, hin uppsker gróðann. Örbirgð og allsnægtir búa hlið við hlið.

Að óbreyttu munu þessar þjóðir berast á banaspjót í harkalegum stéttaátökum. Grundvallarvandi í þjóðarbúskap og stjórnmálabaráttu á næstu árum er að eyða þessu félagslega misrétti og sameina þjóðina í staðinn um uppbyggingu nýrra vaxtargreina.

Fyrsta skilyrði þjóðarsáttar er að uppræta óréttlætið í þjóðfélaginu og stuðla að auknum jöfnuði eigna- og tekjuskiptingar. Það hefur alla tíð verið hið sögulega hlutverk Alþýðuflokksins og íslenskra jafnaðarmanna. Þess vegna hefur sjaldan verið brýnna en einmitt nú að auka áhrif og ítök íslenskra jafnaðarmanna í stjórn landsins.

VII. HVERNIG Á AÐ BÆTA LÍFSKJÖR ÞJÓÐARINNAR — ÞEGAR TIL LENGRI TÍMA ER LITIÐ?

7.0 Mikilvægustu verkefni stjórnmálamanna og flokka á Íslandi eru að leita svara við þessum spurningum:

1. Hvernig getur þjóðin unnið sig út úr ríkjandi kreppuástandi og haldið til jafns við aðrar þjóðir í lífskjörum í framtíðinni?
2. Hin spurningin er: Hvernig er unnt að tryggja meiri jöfnuð í eigna- og tekjuskiptingu en nú er jafnvel þótt minna verði til skiptanna um hríð?

Samstaða þjóðarinnar, hagsmunahópa, stétta, atvinnugreina og landshluta um framtíðarverkefni eru undir því komin að svör finnist við þessum spurningum.

7.1 Að brjóta niður „kerfið“.

Að mati Alþýðuflokksins er svarið við fyrri spurningunni þetta: Það verður að brjóta niður hið spillta pólitíska ríkisforsjár- og skömmtunarkerfi kerfisflokka og hagsmunasamtaka í sjóðakerfi og öðrum lánastofnunum. Þetta kerfi hefur reynst þjóðinni dýrt. Þar hafa skammtíma- og atkvæðaveiðasjónarmið ráðið ferðinni. Þetta kerfi er byggt utan um þrönga sérhagsmuni hefðbundinna atvinnugreina á kostnað frumkvæðis og nýjunga í atvinnulífinu. Tímabil „hinna glötuðu tækifæra“ átti upptök sín í vexti og viðgangi þessara úreltu valdastofnana. Það verður að leysa framtak, hugvit og atorku nýrrar kynslóðar, með nýja þekkingu, úr læðingi.

Dr. Gylfi Þ. Gíslason, fyrrv. leiðtogi Alþýðuflokksins, hefur kynnt grundvallarsjónarmið og stefnumark í þessum málum sem Alþýðuflokkurinn vill gera að sínum („Lýðræði, fjölræði og markaðsbúskapur“):

7.2 „Félagsleg aðstoð við atvinnurekendur.“

„. . . afleiðing þess að yfirvöld hafa aukin áhrif á fjárfestingu og framleiðslu, (verður) sú að ákvarðanir eru teknar af aðilum sem hafa ekki nægilega sérþekkingu á framleiðsluskilyrðum og markaðsmöguleikum. Auk þess er hætta á að ákvarðanir séu miðaðar við skamman tíma og hagsmuni í stjórnmálum.

Ef aðstæður verða þannig að samningar við stjórnmálamenn og embættismenn verða mikilvægari fyrir hag fyrirtækis en góð stjórn á framleiðslu, framkvæmd nýrra hugmynda og framsýnt sölustarf þá er bæði hagkvæmni og velferð í hættu.

Þá er sú tilhneiging fyrirtækja áberandi að falast eftir aðstoð ríkisvaldsins, ábyrgðum þess, fjárframlögum og innflutningsvernd. Hér má segja að um sé að ræða tilhneigingu til „félagslegrar aðstoðar“ við atvinnurekendur. Þeir gegna ekki í sama mæli og áður hinu hefðbundna hlutverki sínu að taka á sig áhættu. En um leið dregur úr áhrifum markaðskerfisins. Skyld þessu er eflaust sú tilhneiging launþegasamtaka að vilja takmarka hagnaðarmöguleika fyrirtækja. Þar sem það hefur átt sér stað í ríkum mæli hefur orðið vart minnkandi framtakssemi og aukinnar þátttöku ríkisvaldsins í atvinnurekstri.“

7.3 Íslenska efnahagsundrið.

Í grein um hagstjórnarhugmyndir jafnaðarmanna, sem birst hefur í tímariti viðskiptafræðinema, lýsir Jón Baldvin Hannibalsson alþm. svipaðri stefnu sem Alþýðuflokkurinn vill gera að sinni:

„Á Íslandi er svo komið að heilu atvinnuvegirnir eru á framfæri „ríkisins“, þ. e. skattgreiðenda. Ekki er lengur um það að ræða að atvinnurekendur taki áhættu í samkeppni á markaðnum því að þeir eru endurtryggðir hjá ríkinu. Pólitísk ítök skipta þá meira máli en góð stjórnun, frumkvæði, nýjungar, samkeppnishæfni.

Þetta lýsir sér í mörgu.

Landbúnaðurinn er t. d. algerlega á ríkisframfæri. Hann nýtur innflutningsverndar, fjárfestingar- og framleiðslustyrkja, niðurgreiðslna og útflutningsbóta án nokkurs tillits til eftirspurnar á markaði.

Sjávarútvegurinn er í kreppu vegna ríkisstýrðrar offjárfestingar í takmarkaðri auðlind. Hallarekstrinum, sem af hlýst, er bjargað með gengisfellingum, þ. e. ríkisfjármagnaðri verðbólgu.

Nýjar atvinnugreinar eiga hins vegar lítil sem engin ítök í þessu pólitíska stjórnkerfi og eiga því erfitt uppdráttar.

7.4 Sjálfvirk fyrirgreiðsla.

Í stað þess að skapa atvinnuvegunum almenn vaxtarskilyrði hefur ríkisvaldið hneigst til beinnar íhlutunar á æ fleiri sviðum: Það veitir innflutningsvernd, stýrir verðmyndun, beitir niðurgreiðslum og styrkjum, skammtar fjármagn og ákvarðar kjör þess. Afleiðingarnar eru hvers kyns mismunun í þágu hefðbundinna greina, verndun **status quo** á kostnað framtíðargreina.

Kerfið er meira og minna sjálfvirkt og ósveigjanlegt, sbr. hina pólitísku úthlutun fjárfestingarlánasjóða og sjálfvirkt afurðalánakerfi. Bankar og aðrar lánastofnanir stjórnast í allt of ríkum mæli af pólitískri fyrirgreiðslu í stað viðskiptalegs mats af áhættu og arðsemi.

Á Íslandi virðist þessi bakdyraþjóðnýting atvinnuveganna vera orðin miklu stærra vandamál en vöxtur hins hefðbundna velferðarkerfis (almannatryggingar, heilsugæsla og skólakerfi). Í þeim efnum hafa ýmsar grannþjóðir okkar gengið mun lengra. Að því er millifærslur velferðarkerfisins varðar er það hins vegar sérstakt rannsóknarefni að hve miklu leyti þær eru raunverulega tekjujafnandi og að hve miklu leyti um er að ræða tekjutilfærslu **frá** lág- og miðlungstekjuhópum **til** þeirra sem betur eru settir (m. a. vegna sívaxandi skattaundandráttar hinna efnameiri)."

7.5 Tillögur Alþýðuflokksins.

Þegar litið er yfir tillögur Alþýðuflokksins um efnahagsmál (einstök þingmál og stefnuyfirlýsingar í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka) á s. l. verðbólguáratug er ljóst að flokkurinn hefur yfirleitt verið andvígur hóflausri íhlutun ríkisvaldsins um málefni atvinnuveganna.

Í tvo áratugi hefur flokkurinn varað við afleiðingum óbreyttrar landbúnaðarstefnu. Hann hefur lagt til að niðurgreiðslur og útflutningsbætur væru afnumdar í áföngum og að verðmyndun ráðist af eftirspurn fremur en sjálfvirkri viðmiðun við laun.

Alþýðuflokksmenn voru fyrstir manna til að vara við offjárfestingu í sjávarútvegi og gerðu tillögur um veiðileyfasölu sem hagkvæmari aðferð til að nýta takmarkaða auðlind.

Alþýðuflokksmenn settu fyrstir manna fram kröfuna um raunvexti, til þess að koma í veg fyrir látlausa eignatilfærslu **frá** sparifjáreigendum (almenningi) **til** skuldara og til þess að beina takmörkuðu fjárfestingarfé þangað sem það skilar mestum þjóðhagslegum arði.

Alþýðuflokksmenn hafa lagt fram tillögur um endurskipulagningu á stýrikerfi fjárfestingar með það fyrir augum að viðskiptalegt mat á áhættu og arðsemi ráði meira um nýtingu fjárfestingar en pólitísk ítök hefðbundinna hagsmunahópa eða atkvæðavon stjórnmálamanna.

7.6 Grundvallarsjónarmið.

Þessi dæmi nægja til að sýna að eftirfarandi grundvallarsjónarmið hafa verið ráðandi:

1. Flokkurinn telur að samkeppni margra óháðra aðila á markaði, bæði um nýtingu fjármagns og verð afurða, tryggi best hagsmuni neytenda, almennings.
2. Ríkisvaldið á að láta af beinni íhlutun sem mismunar aðilum atvinnulífsins og dregur úr arðsemi, lífskjörum og velferð. Þetta á við um aðstoð við einstök fyrirtæki, atvinnugreinar eða landsvæði (nema í undantekningartilvikum), niðurgreiðslur lána og verðlags, innflutningshöft, leyfisveitingar og skömmtun.
3. Einmitt vegna þess að Alþýðuflokkurinn var og er fylgjandi víðtækum afskiptum ríkisvaldsins sem stuðla að **tekjujöfnun og félagslegu öryggi** (almannatryggingar, heilsugæsla, skólakerfi o. fl.) vill hann forðast það að atvinnulífið lendi á **framfæri skattgreiðenda.** Það á þvert á móti að skila þeim verðmætum sem samfélagið óskar að verja til nauðsynlegrar sameiginlegrar þjónustu.

Að baki þessum hagstjórnarhugmyndum býr sú pólitíska heimspeki að dreifing hins efnahagslega valds sé forsenda virks lýðræðis og menningarlegrar fjölbreytni. Ef pólitík í

lýðræðisríki er í eðli sínu málamiðlun snýst hún í efnahagsmálum og hagstjórn fyrst og fremst um leitina að **jafnvægi milli kröfunnar um hagkvæmni annars vegar og kröfunnar um jöfnuð hins vegar.**

VIII. JÖFNUN EIGNA- OG TEKJUSKIPTINGAR GEGNUM SKATTAKERFIÐ

8.0 Svör Alþýðuflokksins við spurningunni: Hvernig er unnt að tryggja meiri jöfnuð þjóðfélagsþegnanna að því er varðar eigna- og tekjuskiptingu, taka mið af þeim rökum sem þegar hafa verið tilfærð í þessari stefnuyfirlýsingu:

1. Þeirri eigna- og tekjutilfærslu frá hinum efnaminni til hinna efnameiri sem varð á liðnum hálfum öðrum áratug í skjóli óðaverðbólgu, neikvæðra vaxta og brenglaðs skattakerfis,
2. þeirri eigna- og tekjutilfærslu sem átt hefur sér stað í tíð núv. ríkisstjórnar með lögbundinni kaupmáttarskerðingu, aukinni skattbyrði launþega og skattalækkunum fyrirtækja og fjármagnseigenda.

8.1 Tillögur Alþýðuflokksins í skattamálum.

Hverjar eru tillögur Alþýðuflokksins um leiðir til að bæta fyrir þennan þjóðfélagslega ójöfnuð? Svörin við þeirri spurningu fást einkum með því að skoða tillögur um málflutning Alþýðuflokksmanna í skattamálum á þingi. Alþýðuflokkurinn bendir á eftirtaldar leiðir:

8.2 Afnám tekjuskatts.

Allt frá árinu 1973 hafa þingmenn Alþýðuflokksins ítrekað flutt tillögur um afnám tekjuskatts af launatekjum. Á síðasta þingi náðist samkomulag um tvær slíkar tillögur frá Alþýðuflokki og Sjálfstæðisflokki. Í greinargerð með þingsályktunartillögu Alþýðuflokksmanna, sem flutt var undir forystu Kjartans Jóhannssonar, segir m. a.:

„Eins og kunnugt er er tekjuskattur einstaklinga fyrst og fremst skattur á launafólk. Hvarvetna í þjóðfélaginu blasir það við að aðrir hópar, sem með einum eða öðrum hætti, löglegum eða ólöglegum, hafa tækifæri til að ráða því sjálfir hversu miklar tekjur þeir telja fram til skatts, greiða lágan eða jafnvel engan tekjuskatt þótt þeir hafi greinilega yfir verulegum fjármunum að ráða eins og sést af lífsstíl þeirra."

Enn fremur segir: „Honum [tekjuskattinum] var ætlað að jafna kjör en reynslan sýnir að nú orðið felst ekkert síður í honum hið mesta óréttlæti, þar sem launafólk ber þungar byrðar fyrir aðra sem sleppa.

8.3 Umfang skattsvika.

Á síðasta þingi fluttu alþýðuflokksmenn, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur alþm., þingsályktunartillögu um úttekt á umfangi skattsvika. Tillagan var samþykkt. Nýlega skýrði fjármálaráðherra frá því á þingi að loks hefði tekist að skipa nefnd til þess að fást við þessa rannsókn. Í greinargerð er vitnað til prófessors Ólafs Björnssonar fyrrv. alþm. sem komst að þeirri niðurstöðu að hér skakkaði „10—11% sem skattframtöl [væru] lægri en þjóðhagsreikningstölurnar". Þetta samsvarar því að skattundandráttur hafi á árinu 1983 numið 5,3 milljörðum króna „og eru þá söluskattssvik ekki meðtalin. Hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða, eða um 33% af áætluðum heildartekjum ríkissjóðs árið 1984".

8.4 Aðgerðir gegn skattsvikum.

Á síðasta þingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur alþm., þingsályktunartillögu um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Þar voru m. a. gerðar tillögur um:

1. sérdeild við sakadóm Reykjavíkur eða sérdómstól er tæki til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot o. fl.,
2. fjölgun og sérhæfingu skattrannsóknarmanna,
3. hert viðurlög við bókhaldsbrotum og beitingu sjálfvirkra sektarákvæða í auknum mæli,
4. breytingu á bókhaldslögum er tryggði gleggri og áreiðanlegri fylgiskjöl,
5. breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt er tryggði fjölþættari upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, sérstaklega að því er varðaði frádrátt frá tekjum, þar með talinn risnukostnað, bifreiðafríðindi, launamál o. fl., endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfis, einkum með hækkun á undanþágum í huga,
7. aukna hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu gagna,
8. aukið fjármagn til skattarannsókna.

Þessi tillaga var samþykkt. Lítill hugur virðist hins vegar fylgja máli af hálfu framkvæmdavaldsins um að hrinda þessum umbótum í framkvæmd.

8.5 Tólf tillögur til úrbóta.

Þann 27. mars s. l. sendi þingflokkur Alþýðuflokksins fjármálaráðherra sérstakt erindi þar sem settar voru fram 12 tillögur til úrbóta að því er varðaði framkvæmd skattalaga og skilvirkari innheimtu og baráttu gegn umfangsmiklum skattsvikum og skattundandrætti.

8.6 Nýtt söluskattskerfi: lækkun vöruverðs.

Í svörum fjármálaráðherra við fyrirspurnum Jóns Baldvins Hannibalssonar á Alþingi 6. nóv. s. l. um tekjuauka ríkissjóðs ef undanþágur frá söluskatti yrðu afnumdar og hversu mikið mætti lækka núverandi söluskattsálagningu, miðað við að ríkissjóður héldi óbreyttum tekjum af söluskatti, komu fram eftirfarandi upplýsingar:

A. Miðað við að allar vörur, aðrar en endursöluvörur, hráefni og útflutningsvörur, og öll þjónusta yrðu söluskattsskyld myndu tekjur ríkissjóðs af söluskatti lauslega áætlað TVÖFALDAST. Brúttótekjuauki ríkissjóðs yrði því nálægt 9 milljörðum króna á árinu 1985 miðað við forsendur fjárlagafrumvarps (og að enginn hluti tekjuaukans renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga). Hér er miðað við að söluskattur leggist m. a. á aðföng samneyslunnar og opinberar framkvæmdir þannig að u. þ. b. 10% af tekjuaukanum verði aftur beinn útgjaldaauki fyrir hið opinbera. **Hreinn tekjuauki gæti því verið nálægt 8 milljörðum króna.**

B. „Ljóst er þó að niðurfelling á ýmsum núverandi undanþáguliðum, einkum á undanþágum einstakra vörutegunda, mun stórbæta möguleika til söluskattseftirlits.“ — Við afnám tekjuskatts á launatekjur liggur beint við að beina mannafla skattstofanna í auknum mæli að söluskattseftirliti. Skilvirkari innheimta, vegna einfaldara söluskattskerfis og herts eftirlits, mun auka tekjur ríkissjóðs til viðbótar um 2—4 milljarða króna.

C. „Sé tekið mið af þeirri útvíkkun söluskattsskyldusviðsins sem fram kom í svari mínu við fyrstu tveimur liðum fyrirspurnarinnar [segir fjármálaráðherra] lætur nærri að TÓLF PRÓSENT SÖLUSKATTUR SKILAÐI RÍKISSJÓÐI SÖMU TEKJUM OG NÚVERANDI SKATTKERFI.“

8.7 Eignarskattsauki.

Þingmenn Alþýðuflokksins, undir forystu Jóns Baldvins Hannibalssonar, hafa nú lagt fram á Alþingi tillögu um að verðbólgugróði stórfyrirtækja og stóreignamanna verði sérstaklega skattlagður, um. t. d. tveggja ára skeið, í formi nýs, stighækkandi eignarskattsauka. Fyrir utan að afla ríkissjóði tekna mundi sú aðgerð hvetja til vandaðra arðsemismats við nýja fjárfestingu og bættrar nýtingar á húsakosti, vélum og tækjum.

Þingmenn Alþýðuflokksins gera það að tillögu sinni að þessi tekjustofn ríkissjóðs verði margfaldaður frá því sem nú er. Hann á að koma í stað niðurfellingar tekjuskatts. Og hann á að tryggja fjármuni til aukinna framlaga í húsnæðislánakerfið sem með breyttum útlánareglum á einkum að verða að liði þeirri ungu kynslóð sem nú hefur verið úthýst af húsnæðismarkaðinum.

8.8 Niðurstöður um skattkerfisbreytingar.

Í þessari stefnuyfirlýsingu er þess freistað að setja fram á einum stað svör íslenskra jafnaðarmanna við grundvallarspurningum eins og:

1. Hverju þarf að breyta í stjórnkerfi og efnahagsstefnu til þess að tryggja þjóðinni bætt lífskjör þegar til lengri tíma er litið?
2. Hverju þarf að breyta, þegar í stað, til þess að draga úr ört vaxandi eigna- og tekjumun í þjóðfélaginu?

Skipting þjóðarinnar í andstæðar fylkingar, sem berast á banaspjót í harðvítugum stéttaátökum, gengur þvert á hugsjón jafnaðarstefnunnar um **frelsi, jafnrétti og bræðralag.**

Efnahagslegt og félagslegt misrétti, í þeim mæli sem viðgengist hefur í íslensku þjóðfélagi undanfarinn hálfan annan áratug, mun fyrirsjáanlega rjúfa einingu þjóðarinnar á viðsjárverðum tímum og dreifa kröftum hennar í sameiginlegu átaki til að vinna bug á ríkjandi kreppuástandi.

8.9 STEFNU ALÞÝÐUFLOKKSINS MÁ DRAGA SAMAN Í ÞESSAR NIÐURSTÖÐUR:

Að létta skattbyrði launþega,
að uppræta skattsvik forréttindahópa,
að lækka verðlag með lækkun söluskatts og fleiri aðgerðum,
að lækka skuldabyrði húsbyggjenda og þá sérstaklega yngri kynslóðarinnar,
að lækka fjármagns- og vaxtakostnað atvinnulífsins.

ÞETTA VÆRU KJARABÆTUR Í ÓSVIKINNI MYNT — ÁN VERÐBÓLGU.
ÞETTA VÆRU UMBÆTUR Í RÉTTLÆTISÁTT.

Fleiri umbætur þarf að gera á skattakerfinu þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið hér. Sem dæmi um það má nefna:

1. Ráðstafanir til að lækka jaðarskatta þar sem fjölskyldutekna er aflað af einni fyrirvinnu.
2. Sérstök skattlagning á banka, lánastofnanir, tryggingafélög og verðbréfamarkaði til þess beinlínis að hafa taumhald á offjárfestingartilhneigingu þessara aðila.
3. Hagnaði af starfsemi Seðlabankans verði skilað í ríkissjóð til þess m.a. að stöðva útþenslu þeirrar stofnunar og bruðl með almannafé.
4. Endurskoða þarf ákvæði um skattfrelsi vaxtatekna af stóreignum í formi veð- og skuldabréfa.
5. Endurskipuleggja þarf frá grunni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum að færa tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga, tryggja þeim sjálfstæða tekjustofna um leið og sveitarfélög verði stækkuð til þess að efla framkvæmdagetu þeirra.
   Slíkar breytingar stefndu allar að aukinni valddreifingu og virkara lýðræði.

IX. HAGKVÆMNI OG JÖFNUÐUR

9.0 Í grein Jóns Baldvins Hannibalssonar alþm. í tímariti viðskiptafræðinema um hagstjórnarhugmyndir lýðræðisjafnaðarmanna eru settar fram eftirfarandi niðurstöður:

„Að baki þessum hagstjórnarhugmyndum býr sú pólitíska heimspeki, að dreifing hins efnahagslega valds sé forsenda virks lýðræðis og menningarlegrar fjölbreytni. Ef pólitík í lýðræðisríki er í eðli sínu málamiðlun, þá snýst hún í efnahagsmálum og hagstjórn fyrst og fremst um leitina að jafnvægi milli kröfunnar um hagkvæmni annars vegar og kröfunnar um jöfnuð hins vegar."

9.1 Pólitík og siðgæði.

Þar segir enn fremur:

„Að vísu gætir enn tvískinnungs í afstöðu sósíaldemókrata til gróðasjónarmiðsins. Í hugum margra vinstri manna er hagnaðarvonin ómórölsk, ósamboðin manninum. Og afleiðingar hennar, í óheftum markaðsbúskap, þ. e. misskipting auðs og tekna, eru fordæmanlegar. Niðurstaðan er samt sú að fremur en að *útrýma* hagnaðarvoninni og draga þar með úr drifkrafti kerfisins beri að beisla hana í almannaþágu.

Tækin til þess eru stofnanir hins pólitíska lýðræðis. Annars vegar eru ríkisstjórnir, sem í umboði þjóðarmeirihlutans hafa ótal ráð til að stýra fjárfestingu og skattleggja gróða [samanber tillögur í þá átt í þessari stefnuyfirlýsingu]. Spurningin er hvernig það verði gert á sem hagkvæmastan hátt. Hins vegar er frjáls verkalýðshreyfing sem beitir samtakamætti sínum í andófi gegn fjármagnseigendum og minnkar gróða þeirra í formi hækkandi launa og bættra lífskjara."

9.2 Hagkerfi — lýðræði.

„Þessi sósíaldemókratíska afstaða til hagstjórnar hvílir á tveimur undirstöðum: Í fyrsta lagi pólitískum (hugmyndafræðilegum), hins vegar efnahagslegum (tæknilegum). Lýðræðið er hin pólitíska aðferð sósíaldemókrata í stjórnmálastarfi þar sem þeir hafna valdbeitingu (byltingu). Þeir gerðu sér snemma grein fyrir orsakasamhengi hagskipunar og lýðræðis.

Lýðræði fær ekki staðist nema þar sem hið efnahagslega ákvörðunarvald dreifist á marga aðila sem eru óháðir valdhöfunum. Sú röksemdafærsla leiðir til niðurstöðu sem við köllum blandað hagkerfi þar sem eignarréttarform eru margvísleg og efnahagslegt vald er dreift. Hinn kosturinn er að valdhafarnir (ríkið) fari einir með þetta gífurlega vald. Það endar í valdbeitingu, lögregluríki.

Jafnframt felst í þessari afstöðu viðurkenning á nauðsyn samkeppni hinna mörgu aðila á markaði til þess að framleiðslustarfsemin gegni því hlutverki sínu að leitast við að fullnægja þörfum og óskum neytenda með sem minnstum tilkostnaði, á sem hagkvæmastan hátt. Það er forsenda efnahagslegra framfara, hagvaxtar, hækkandi launa, bættra lífskjara."

RIKISSKATTSTJORI

SKIPTING EIGNARSKATTSSTOFNS A EIGNABIL VIÐ ALAGNINGU 1984
LANDIÐ ALLT ALLIR

EIGNAR-SKATTST. BIL KR.	E-I-N-H-L-E-Y-P-I-R EIGNIR FJARHÆÐ 100 KR.	EIGNARSK. FJARHÆÐ KR.	FJÖLDI	H-J-Ó-N EIGNIR FJARHÆÐ 100 KR.	EIGNARSK. FJARHÆÐ KR.	FJÖLDI	S-A-M-T-A-L-S EIGNIR FJARHÆÐ 100 KR.	EIGNARSK. FJARHÆÐ KR.	FJÖLDI	PERSONUAFSLÁTTUR TIL GR. EIGNARSK. FJARHÆÐ KR.	FJÖLDI
- 0		205098	34697		482756	7574		687854	42271	138287	26
- 616000	45506706		24966	147108513		43274	192615219		68240		
- 780000	20777109		2981	91268360		13162	112045469		16143		
- 924000	18668590	1477679	2194	68535672	5206224	8084	87204263	6683903	10278	2886067	4452
- 1232000	38174857	9657017	3591	119133395	30081020	11214	157308253	39738037	14805	15885520	6202
- 1560000	31326955	12747365	2296	101331949	41638906	7372	132658904	54386271	9668	19248164	3800
- 1694000	7454988	3681078	459	27664499	13639856	1706	35119487	17320934	2165	5737312	839
- 2079000	17262675	9545370	925	48733033	26867456	2622	65995708	36412826	3547	10622462	1296
- 2310000	6956184	4252014	318	19950966	12180692	914	26907151	16432706	1232	4834433	461
- 2695000	10089506	6576584	406	22485922	14677796	902	32575428	21254380	1308	5373189	457
- 3080000	6939910	4792304	243	11616206	8026926	406	18556117	12819230	649	2950746	215
- 3850000	9127819	6692968	267	17499948	12786604	518	26627767	19479572	785	3549173	255
- 4620000	4757017	3674428	114	9683474	7480188	232	14440491	11154616	346	2034934	116
- 5390000	3430211	2747419	69	6389238	5121300	128	9819450	7868719	197	1090207	57
- 6160000	1993428	1634409	35	3448758	2831722	60	5442187	4466131	95	571122	29
- 7700000	2683521	2260355	39	6594167	5553100	96	9277688	7813455	135	725806	38
- 11550000	3082182	2676133	34	6897495	6019100	72	9979677	8695233	106	453040	25
- 15400000	1844629	1656068	13	4485413	4009200	34	6330042	5665268	47	203751	11
- 23100000	865627	785296	5	1815175	1650316	10	2680802	2435612	15	84885	5
- 30800000	837616	773505	3				837616	773505	3	25747	2
- 38500000	1066021	990490	3	721585	670686	2	1787606	1661176	5	29500	1
- 46200000											
- 50000000											
-YFIR											
	232845558	76825580	73658	715363775	198923848	98382	948209334	275749428	172040	76444325	18267

Fylgiskjal II.

DREIFING EIGNARSKATTS Á FRAMTELJENDUR.

T A F L A 2')

Áætluð dreifing eignarskatts og skattgreiðslna m. v. álagningu 1984
(einstaklingar og hjón)

Eignarsk. bil. þús. kr.	Fjöldi framteljenda	Eignir Fjárhæð millj.	Eignarsk. Fjárhæð millj.	Meðal-eign millj.	Meðalsk. kr.	Eign á hverju bili sem % af heild	% skatt-greiðsla á hverju bili	% heildar-skatta á hverju bili
0	42.271	0	0	0	0	0	24.6	0
0 - 500	55.390	14.793	0.4	0.267	82 0	15.6	32.2	0.1
- 1000	42.924	28.278	16.6	0.659	390	29.8	24.9	6.0
- 2000	26.454	35.083	137.3	1.326	5.190	37.0	15.4	49.9
- 3000	3.250	7.904	50.3	2.432	15.480	8.3	1,9	18,3
- 4000	866	2.984	21,9	3.446	25.290	3.1	0.5	8.0
- 5000	377	1.653	12.9	4.385	34.220	1.7	0,2	4.7
- 6000	174	922	7.5	5.299	43.100	1.0	0.1	2.7
- 7000	93	619	5.2	6.656	55.900	0.7	0.05	1.9
- 10000	137	1.021	8.8	7.453	64.230	1.1	0.08	3.2
- 15000	85	966	8.6	11.365	101.200	1.0	0.05	3.1
- 20000	14	226	2.1	16.143	150.000	0.3	0.008	0.8
- 30000	9	182	1.7	20.222	188.000	0.2	0.005	0.6
- 40000	5	188	1.7	37.600	340.000	0,2	0.003	0.6
Allir	172.049	94.819	275.0	0.551	1603	100	99.996	99.9

1) Heimild: Þjóðhagsstofnun og embætti ríkisskattstjóra.

T A F L A 3')

Áætluð dreifing eignarskattsgreiðenda (2-10% hæstu skattgreiðenda)
miðað við álagningu 1984 (einstaklingar og hjón).

Fjöldi e-skgr.	E-skatts greiðendur %	Eigna % af heild.	skattur sem % af heild.	skattgr. meðaltal. kr.
3441	Hæstu 2%	13.4	34.8	27.8 þús.
8602	Hæstu 5%	22.6	50.7	16.2 þús.
17205	Hæstu 10%	30.7	61.3	10 þús.

1) Heimild: Þjóðhagsstofnu og embætti ríkisskattstjóra.

Fylgiskjal IV.

Gylfi Þ. Gíslason:

LÝÐRÆÐI, FJÖLRÆÐI OG MARKAÐSBÚSKAPUR

(Fyrirlestur fluttur á vegum Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu, 20. febr. 1982.)

I.

Hagkerfi vestrænna ríkja mótast í verulegum atriðum af sömu sjónarmiðum. Efnahagslífið fer fyrst og fremst fram á grundvelli markaðsviðskipta milli fyrirtækja og heimila sem hafa eigin tekjur, þó þannig að ríkisvaldið hefur umtalsverð afskipti af efnahagslífinu. Í þessu sambandi er gjarnan talað um markaðsbúskap og slík hagkerfi nefnd markaðskerfi. Hafi ríkisvald veruleg áhrif á það hvað sé framleitt, t. d. á þann hátt að verulegur hluti framleiðslutækja sé í opinberri eign eða beitt sé áætlunarbúskap, eða áhrif eru höfð á tekjuskiptingu, t. d. með víðtæku kerfi almannatrygginga eða fjármálastefnu, er slíkt hagkerfi nefnt blandað hagkerfi. Segja má að hagkerfi vestrænna ríkja sé nú fyrst og fremst blandað hagkerfi þótt „blandan" sé ekki alls staðar hin sama. Sums staðar eru áhrif markaðsviðskipta meiri en annars staðar, sums staðar ríkisafskipta.

Á þeim 35 árum, sem liðin eru síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk, hefur slíkt blandað hagkerfi reynst mjög árangursríkt í vestrænum löndum. Ekki aðeins reis Vestur-Evrópa úr ægilegum rústum með undraverðum hraða. Að endurreisninni lokinni hélt mikill hagvöxtur áfram, vöruframboð reyndist fjölbreytt, atvinna mikil, lífskjör bötnuðu og framfarir urðu miklar í félagsmálum og menntamálum.

Á undanförnum árum hefur orðið nokkur kreppa í þessum þjóðfélögum. Þar hefur komið til verðbólgu og samtímis til atvinnuleysis. Þetta hefur verið nefnt „stagflation", orð sem myndað hefur verið úr orðunum „stagnation" (stöðnun) og „inflation" (verðbólga) en til skamms tíma var það ríkjandi skoðun að þetta tvennt ætti ekki að fara saman. Annaðhvort væri vandamálið atvinnuleysi eða verðbólga. Í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París er verðbólga nú talin 9,5%. Það þykir mikið á þeim bæjum og er spáð að hún muni lækka um 1% á næstu 18 mánuðum. En atvinnuleysið er geigvænlegt. Á þessu ári er talið að 28,5 milljónir manna muni verða atvinnulausir í aðildarríkjunum eða 8% af vinnuaflinu.

Ég er ekki beðinn um að fjalla hér um þær skoðanir sem uppi eru á orsökum þessa og skilyrðum þess að ráða hér bót á. Mér er hins vegar ætlað að ræða stuttlega um einkenni og sérstöðu þessara misjafnlega blönduðu hagkerfa vestrænna ríkja og þær breytingar eða tilhneigingu til breytingar sem á þeim hafa orðið og kunna að verða um þessar mundir.

Fyrir hálfu öðru ári kom út í Svíþjóð lítil bók með tveim ritgerðum eftir prófessor Assar Lindbeck sem ásamt Gunnari Myrdal Nóbelsverðlaunahafa er talinn einn merkasti og kunnasti hagfræðingur Norðurlanda og er formaður þeirrar nefndar sem úthlutar Nóbelsverðlaunum í hagfræði. Hann er raunar víðkunnur, einnig í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, enda var hann um skeið prófessor í Bandaríkjunum og hefur skrifað mikið á ensku. Í þessari bók voru tvær ritgerðir, og fjallar hin fyrri einmitt um þann vanda sem hann telur nú steðja að blönduðum hagkerfum vestrænna ríkja. Bókin vakti gífurlega athygli í Svíþjóð. Ég hef ekki séð hennar getið hér. Mér datt því í hug að segja hér frá helstu sjónarmiðum hans og geri það með ánægju vegna þess að ég er persónulega sömu skoðunar í öllum meginatriðum.

II.

Frelsi einstaklingsins í vestrænum iðnríkjum hvílir á tveim undirstöðum: Lýðræði í stjórnmálum og fjölbreytni í menningar- og félagslífi sem Lindbeck nefnir „plúralisma“ og mér finnst mega þýða sem fjölræði. Alkunna er hvað felst í lýðræði. Hitt er mönnum ekki jafnljóst hvað felst í fjölræði. Menn gera sér ekki grein fyrir í hversu ríkum mæli það fjölræði, sem við óskum eftir og metum mikils, er tengt efnahagslífinu og hagkerfinu. Vestrænt fjölræði er annars vegar fólgið í því að þjóðfélagið byggist á fjölmörgum frjálsum áhrifahópum sem sumpart keppa hver við annan og hafa ólíka hagsmuni og skoðanir. Hins vegar er einkenni þess að einstaklingar þjóðfélagsins, sem launþegar, neytendur, framleiðendur, sparendur, rithöfundar, listamenn o. s. frv., hafa verulegt frjálsræði til þess að fara sínu fram án þess að þurfa að spyrja ríkisvaldið eða aðrar voldugar stofnanir leyfis. Vestrænt fjölræði felst m. ö. o. í því að ákvörðunarvaldi er dreift í mjög ríkum mæli og störfum og ábyrgð skipt milli ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, heimila og ýmiss konar samtaka, svo sem launþegasamtaka, stjórnmálaflokka og menningarfélaga. Afleiðing þessa er að nýjar hugmyndir, ný störf, nýjar afurðir og nýjar framleiðsluaðferðir eiga auðveldara uppdráttar en ætti sér stað ef ein eða fáar miðstýrðar stofnanir stjórnuðu athöfnum einstaklinga eða hópa.

Í vestrænum ríkjum hefur mönnum ekki verið nógu ljóst að náin tengsl eru milli þessara atriða og markaðsþátta hagkerfisins, þ. e. samspilsins milli eftirspurnar, framboðs og verðs á vörum, þjónustu, fjármagni, vinnuafli og upplýsingum á markaði sem er nokkurn veginn frjáls. Markaðskerfið hefur geysiflóknu hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi þarf það að veita framleiðendum upplýsingar um hvers neytendur óska. Í öðru lagi þarf það að veita neytendum upplýsingar um lægsta kostnaðinn við að framleiða afurð. Í þriðja lagi þarf það að hvetja fyrirtæki til að framleiða það sem óskað er eftir og bjóða fram nýjar afurðir, jafnframt því að finna nýjar framleiðsluaðferðir. Í fjórða og síðasta lagi þarf það að samræma ótölulegan fjölda ákvarðana þannig að framleiðslan falli að eftirspurn neytenda eftir afurðum og annarra fyrirtækja eftir framleiðsluþáttum. Það er slíkt markaðskerfi, með þeirri samkeppni og því frjálsræði til að stofna ný fyrirtæki er því fylgir, sem gerir dreifða ákvarðanatöku mögulega í flóknu efnahagslífi. Ef ekki væri um að ræða markaðskerfi sem starfar sómasamlega væri nauðsynlegt að færa ákvörðunarvaldið á eina eða fáar hendur. Þá yrði valdhafi að ákveða á hverju neytendur skuli eiga kost, hvað fyrirtæki skuli framleiða, hvaða nýjar afurðir skuli boðnar, hvar skuli framleitt og hvernig vinnuafl og fjármagn hagnýtt. En þá yrði fjölræðið fljótt úr sögunni.

III.

Assar Lindbeck telur að í vestrænum iðnríkjum sé um að ræða sterkar tilhneigingar sem gætu orðið til þess að grafa undan markaðsbúskapnum og dreifðri ákvarðanatöku — og þá um leið undan fjölræðinu — ef menn eru ekki vel á verði. Hin hefðbundna verkaskipting milli heimila, fyrirtækja, einkasamtaka og opinberra aðila sé að vissu leyti að fara forgörðum. Hér eru engin ill öfl á ferðinni þvert á móti er hér oft um að ræða óráðgerð aukaáhrif breytinga sem leiða eiga til framfara og eiga fylgi mikils hluta almennings.

Það er á fimm sviðum sem breytingarnar eiga sér stað fyrst og fremst.

Í fyrsta lagi setur ríkisvaldið sér æ ákveðnari og nákvæmari markmið varðandi atvinnustig, tekjudreifingu, umhverfisvernd og tryggingu gegn skyndilegum breytingum í efnahagslífinu.

Í öðru lagi fara áhrif þeirra hugmynda um þjóðfélagsmál vaxandi sem ekki aðeins telja nauðsynlegt að hið opinbera annist þjónustu á sívaxandi sviðum, svo sem í skólamálum og við heilsugæslu, heldur hafi einnig vaxandi eftirlit með ákvörðunum fyrirtækja og heimila.

Í þriðja lagi gætir kosta stórreksturs og samruna fyrirtækja í æ ríkara mæli, fyrirtæki og ýmsar stofnanir verða æ stærri og áhugi ríkisvaldsins á því að eiga aðild að þeim og hafa eftirlit með þeim vex.

Í fjórða lagi hefur tækniþróunin í för með sér ýmis áhrif sem valda fyrirtækjum ekki kostnaði en valda mengun og áhættu fyrir starfsfólk og neytendur en það hefur á hinn bóginn í för með sér aukin ríkisafskipti og aukin útgjöld að hálfu ríkisins.

Í fimmta og síðasta lagi er tilhneiging til þess að óska verndar fyrir innlenda atvinnustarfsemi og innlent félagsmálakerfi gagnvart alþjóðlegri samkeppni.

Hér er þannig ekki aðeins um það að ræða að stjórnmálamenn vilji í vaxandi mæli hafa áhrif á efnahagslífið og mannlífið yfirleitt, eða að slíks sé krafist af þeim, heldur einnig um afleiðingar tækniþróunar og hins að markaðskerfið er ekki fullkomið. En vaxandi ríkisafskipti valda því að æ erfiðara verður að samræma ólík markmið í efnahagsmálum, ekki aðeins í þjóðfélaginu sem heild, svo sem varðandi tekjuskiptingu, hagkvæmni, hagvöxt, atvinnu og verðbólgu, heldur einnig í einstökum landshlutum, tekjur einstakra starfshópa í hlutfalli við aðra o. s. frv. Vegna þess hve flókið efnahagslífið er leggja ýmis ríkisafskipti stein í götu markaðskerfisins, auk þess sem þau geta haft áður ófyrirsjáanleg áhrif sem þá kalla á ný afskipti o. s. frv. Sem dæmi um ráðstafanir, sem „neyða“ ríkisvaldið til nýrra afskipta, eru opinberar verðákvarðanir og bein stjórn á framleiðslu og notkun framleiðsluþátta á ýmsum sviðum efnahagslífsins. Í þessu sambandi má nefna hámarksverð á jarðgasi í Bandaríkjunum og skort á gasi sem sigldi í kjölfarið, húsaleiguákvæði sem leitt hafa til húsnæðisskorts, ýmiss konar ákvæði um verðlag og afköst á sviði samgöngumála sem leitt hefur til mikils kostnaðar og lélegrar nýtingar, ákvæði um hámarksvexti sem leitt hafa til fjármagnsskorts o. s. frv. Og það eru ekki aðeins afskiptin sjálf sem reynst hafa varhugaverð, heldur ekki síður aðferðirnar sem beitt hefur verið og fólgnar hafa verið í fyrirmælum og skömmtunaraðferðum, í stað þess að leitast við að gera það hagkvæmt að fyrirtæki og einstaklingar hagi sér í samræmi við heildarhagsmuni.

IV.

Hverjar verða afleiðingarnar?

Assar Lindbeck bendir á að góður tilgangur sé oft að baki þessara tilhneiginga innan nútímaþjóðfélags. Fæstir draga í efa kosti stórreksturs á ýmsum sviðum og að nauðsynlegt sé að hafa afskipti af markaðskerfinu í því skyni að vernda umhverfi, að auka öryggi starfsmanna og neytenda, að bæta gæði þeirrar vöru og þjónustu sem boðin er fram til samneyslu og styðja þá sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti varðandi tekjuöflun og atvinnu. Opinber stuðningur við fjölmiðla og ýmsa menningarstarfsemi getur einnig aukið fjölbreytni í upplýsingastarfsemi og menningarlífi ef slíkum stuðningi er dreift hæfilega og hann er almenns eðlis. En samt geta heildaráhrif allra þessara ráðstafana, ef við gætum okkar ekki, einkum vegna aðferðanna sem beitt er, orðið til þess að valda breytingum á þjóðfélaginu sem ekkert okkar hefði óskað eftir.

Í fyrsta lagi geta slík afskipti truflað markaðskerfi og verðmyndun. Það verður smám saman erfiðara að stofna ný fyrirtæki. Alþjóðleg samkeppni hefur að vísu dregið úr áhrifum samtaka fyrirtækja í einstökum ríkjum. En markaðskerfinu í vestrænum ríkjum er samt viss hætta búin. Enn alvarlegri áhrif hefur það þegar ríkisvaldið hefur afskipti af einstökum starfsgreinum. Þá er lagður steinn í götu eðlilegrar verðmyndunar. Oft er hér í raun og veru um að ræða endurvakningu hinna gömlu verndartollahugmynda og kenninga kaupauðgisstefnunnar eða merkantilismans um stjórn ríkisins á iðnaði og viðskiptum. En fyrir löngu hefur verið sýnt fram á að slíkar ráðstafanir skerða bæði hagkvæmni og velferð.

Í öðru lagi verður afleiðing þess, að yfirvöld hafa aukin áhrif á fjárfestingu og framleiðslu, þau að ákvarðanir eru teknar af aðilum sem hafa ekki nægilega sérþekkingu á

framleiðsluskilyrðum og markaðsmöguleikum. Auk þess er hætta á að ákvarðanir séu miðaðar við skamman tíma og hagsmuni í stjórnmálum. Ef aðstæður verða þannig að samningar við stjórnmálamenn og embættismenn verða mikilvægari fyrir hag fyrirtækis en góð stjórn á framleiðslu, framkvæmd nýrra hugmynda og framsýnt sölustarf þá er bæði hagkvæmni og velferð í hættu. Þá er sú tilhneiging fyrirtækja áberandi að falast eftir aðstoð ríkisvaldsins, ábyrgðum þess, fjárframlögum og innflutningsvernd. Hér má segja að um sé að ræða tilhneigingu til „félagslegrar aðstoðar“ við atvinnurekendur. Þeir gegna ekki í sama mæli og áður hinu hefðbundna hlutverki sínu að taka á sig áhættu. En um leið dregur úr áhrifum markaðskerfisins. Skyld þessu er eflaust sú tilhneiging launþegasamtaka að vilja takmarka hagnaðarmöguleika fyrirtækja. Þar sem það hefur átt sér stað í ríkum mæli hefur orðið vart minnkandi framtakssemi og aukinnar þátttöku ríkisvaldsins í atvinnurekstri.

En víðtækustu afleiðingar hinna auknu ríkisáhrifa sjást í þriðja lagi ef litið er á málið í heild frá stjórnmálalegu, þjóðfélagslegu og menningarlegu sjónarmiði. Valdahlutföll í þjóðfélaginu taka gagngerum breytingum. Aðstæður geta smám saman orðið þannig að áhrif ekki aðeins fárra stjórnmálamanna og embættismanna, heldur einnig nokkurra atkvæðamikilla forstjóra stórra fyrirtækja — og í ýmsum löndum jafnframt voldugra verkalýðsleiðtoga — vaxi verulega á kostnað neytenda, lítilla fyrirtækja og þeirra sem stofna vilja ný fyrirtæki. Við gætum hafnað í þjóðfélagi þar sem valdið er í höndunum á litlum hópi stjórnmálamanna, stóratvinnurekenda og verkalýðsleiðtoga, sem tengjast bræðraböndum og leysa málin út frá sínum eigin sjónarmiðum en ekki með tilliti til heildarhagsmuna þjóðarinnar. Þá verða sambönd og samningar orðnir mikilvægari í efnahagslífinu en hugmyndaauðgi og framtakssemi og hæfileikinn til þess að keppa á markaði.

V.

Að sjálfsögðu verður að láta þess getið að ýmiss konar ríkisafskipti af atvinnulífi í vestrænum iðnríkjum hafa leitt til hagkvæmari hagnýtingar framleiðsluafla en ella og þau hafa jafnframt bætt skilyrði ýmissa þjóðfélagshópa til athafnafrelsis, einkum og sér í lagi þeirra sem orðið hafa út undan en fengið hafa tekjur sínar bættar. En dæmi má einnig finna um hið gagnstæða.

Ef athuguð eru þau ríkisafskipti sem draga úr valfrelsi í þjóðfélaginu verður að greina milli þeirra afskipta sem hafa áhrif á fyrirtæki og einstaklinga. Almenningur verður ekki beint var við áhrif afskipta af atvinnurekstri þótt þau geti orðið til þess að draga úr framkvæmdasemi. En hann finnur ef ráðstafanirnar snerta hann beinlínis, svo sem á sér stað þegar settar eru reglur sem torvelda stofnun nýrra fyrirtækja eða gera rekstur smáfyrirtækja erfiðan, reglur um lokunartíma verslana, sem torvelda neytendum innkaup, takmarkanir á ráðstöfun á húsnæði og byggingarskilyrðum, gjaldeyrisreglur sem torvelda utanlandsferðir, reglur um skólahald o. s. frv. Mjög háir tekjuskattar geta einnig haft þau áhrif að menn reyni ekki að bæta afkomu sína með aukinni athafnasemi heldur með því að ætlast til meira af hinu opinbera.

VI.

Að síðustu spyr Assar Lindbeck hvað unnt sé að gera til þess að koma í veg fyrir þessa þróun sem hann telur mjög varhugaverða. Hann nefnir sjö atriði.

1. Þar sem fjölræðisþjóðfélag er nátengt dreifðri ákvarðanatöku í efnahagsmálum, sem að hinu leytinu gerir markaðsbúskap nauðsynlegan, er frumforsenda fjölræðis að hagkerfið mótist fyrst og fremst af markaðsbúskap. Það verður að hafa vissan hemil á stórfyrirtækjum. Efnahagskerfið verður að vera opið gagnvart erlendri samkeppni.
2. Til þess að varðveita samkeppni og sómasamlegan markaðsbúskap verður ríkisvaldið að forðast afskipti af einstökum sviðum efnahagslífsins, aðstoð við einstök fyrirtæki,

atvinnugreinar eða landsvæði, ódýra lánafyrirgreiðslu, verðlagsafskipti, innflutningshöft, leyfisveitingar og skömmtun. Afskipti ríkisvaldsins af efnahagslífi eiga að lúta að almennum skilyrðum til atvinnurekstrar, að því að bæta umhverfi fyrirtækjanna en ekki hafa áhrif á sjálfan rekstur þeirra.

3. Eignaraðild og yfirráð yfir fjármagni og framleiðslutækjum verða að vera dreifð á margar hendur til þess að auðvelda nýtt framtak og skilyrði til stofnunar nýrra fyrirtækja.
4. Aðrar stofnanir, svo sem verkalýðsfélög, samvinnufélög, menningarfélög og stjórnmálafélög, háskólar og rannsóknastofnanir, verða að vera svo óháð ríkisvaldinu sem mögulegt er.
5. Yfirráðin yfir hinum stóru fjármagnsstofnunum, bönkum, lífeyrissjóðum, tryggingarfélögum, fjárfestingarsjóðum o. s. frv. ættu að dreifast á fleiri hendur.
6. Áhrif launþega innan fyrirtækja ættu að vaxa.
7. Réttlátari skipting tekna og eigna milli heimila ætti að auka skilning á markaðsbúskapnum og þá sérstaklega á hlutverki hagnaðar í hagkerfinu.

Ef höfð yrði hliðsjón af þessum atriðum við stefnumótun í efnahagsmálum telur Assar Lindbeck að ríkisvaldið gæti einbeitt sér að þeim verkefnum, sem almenningur telji í raun og sannleika mikilvæg og ekki megi búast við að jafnvel hið fullkomnasta markaðskerfi gæti leyst, í stað þess að eyða kröftum sínum í ótal afskipti sem hafa skammvinn áhrif og oft beinlínis skaðleg. Dæmi um slík mikilvæg verkefni séu viðleitni til þess að útrýma fátækt og bæta atvinnuskilyrði þeirra sem hafa takmarkaða starfsgetu, að fegra umhverfi í þéttbýli og auðvelda fólki að njóta náttúrunnar, að tryggja stöðugri og jafnari hagvöxt og bæta gæði þeirrar vöru og þjónustu sem boðin er fram til samneyslu. Samskipti fyrirtækja og embættismanna gætu þá miðast við verkefni þar sem báðir hafa sitt til mála að leggja: Samgöngumál, orkumál, skipulagsmál o. s. frv. Óski menn víðtækra ráðstafana af opinberri hálfu á sviði félagsmála — í þeim hópi kveðst Assar Lindbeck vera — og í þeim hópi er ég einnig — eigi það að vera höfuðkrafa þeirra að látið sé af ríkisafskiptum á ótal öðrum sviðum þar eð þeim fylgi sóun á starfskröftum stjórnmálamanna og stjórnsýslumanna og skapi óvissukennd hjá almenningi.

Mér kæmi ekki á óvart þótt ýmislegt, sem hér hefur verið sagt, þætti umhugsunarvert miðað við aðstæður á Íslandi.

Fylgiskjal V.

Hagkvæmni og jöfnuður

eftir Jón Baldvin Hannibalsson, sem skrifar fyrir Alþýðuflokkinn

I

Kapítaliskir framleiðsluhættir hafa átt fáa aðdáendur jafninnblásna og Karl Marx. Hann lýsti með aðdáun byltingarkenndum áhrifum þessarar voldugu framleiðsluvélar, sem knúin var áfram miskunnarlaust af gróðavon kapítalistanna. Framleiðslugeta kapítalismans var margföld á við eldri samfélagsgerðir. Og í leiðinni umbylti hann mannlegu samfélagi, umturnaði yfirborði jarðar og lagði heiminn að fótum sér sem eitt framleiðslu- og markaðssvæði.

Í huga Marx var kapítalisminn framfarasinnað afl. Kommúnismi Marx var þá fyrst hugsanlegur, þegar kapítalisminn hefði útrýmt skortinum. Kommúnisminn í ritum Marx er því draumsýn allsnægtaríkisins, þar sem vandamálið er ekki lengur ónóg framleiðsla, skortur heimsins gæða, heldur „réttlát" skipting allsnægtanna.

Samkvæmt þessari kenningu var rússneska byltingin sögulegt slys, misskilningur, eins konar fyrirburður í tímanum. Því að framleiðsluvél sósíalismans stenzt engan samanburð við kapítalisma. *Sósíalisminn skilar því ekki vörunum og endar sem* skömmtunarstjórn skortsins.

Afnám samkeppni á markaði lokar öllum boðleiðum milli framleiðenda og neytenda um þarfir, óskir, kostnað og hagkvæmni. Þar með verður skynsamlegur áætlunarbúskapur óframkvæmanlegur. Í staðinn koma geðþóttaákvarðanir valdhafa, sem enginn framkvæmir, án valdbeitingar. Öllum leiðum frumkvæðis og nýjunga er lokað. Kerfið endar í stöðnun. (Tækni)framfarir eru ósamrýmanlegar fullkomnu öryggi, *status quo*.

Við þetta bætist að dreifð ákvarðanataka fjölda smárra aðila, en það er forsenda lýðræðis, er ósamrýmanleg þessu kerfi. Þannig endaði draumurinn um allsnægtaríkið í Gúlagi ógnarstjórnarinnar.

Afstaðan til gróðamótífsins (einkaeignarréttur og samkeppni margra á markaði) sker gjarnan úr um afstöðu manna til hins æskilega skipulags efnahagsstarfseminnar og hagstjórnaraðferða (venjulega kallað stjórnmál).

Fídusinn hjá Marx var að síharðnandi samkeppni sífellt færri og stærri kapítalista eftir síminnkandi gróða mundi að lokum leiða til þvílíkrar umskautunar þjóðfélagsins, að hinn snauði fjöldi mundi að lokum rísa upp og taka völdin (bylting) og þjóðnýta framleiðslukerfið. Eftir það myndu allir lifa hamingjusamlega við allsnægtir (sósíalismi).

II

Sérstök sósíaldemókratísk hugmyndafræði um hagkerfi og þjóðfélag byrjaði í þessum punkti að verða viðskila við Marx fyrir u.þ.b. 100 árum. *Þýzkir og brezkir sósíaldemókratar (Bernstein og* Fabrianfélagið) áttuðu sig á því, að forspár Marx um þróunina rættust ekki; þær voru hugarburður en ekki vísindi. Smáum fyrirtækjum fór fjölgandi en ekki fækkandi; millistéttin þurrkaðist ekki út, heldur stækkaði. Hagkvæmni stórrekstrar framkallaði nýja stétt tæknimanna, sem leysti kapítalistana af hólmi. Eignarréttarformið skipti ekki meginmáli í stórrekstri. Það sem skiptir máli er að General Motors framleiði ódýra bíla, í samræmi við óskir og þarfir neytenda. Og að pólitísk valddreifing haldi stétt fjármagnseigenda í skefjum; sem Galbraith kallar „Countervaiting Power". Niðurstaðan var að bylting við þessi skilyrði væri bara bull; í staðinn kom „óhjákvæmileiki" hægfara umbóta.

Frá og með millistríðsárunum var fátt orðið líkt með skyldum, annars vegar Marx-Leninistum og hins vegar sósíaldemókrötum.

Lífið er stundum mikill iðjuþjálfari, segir Benjamín. Sósíaldemókratar vísuðu að lokum alveg á bug metafýsik marxismans um „óhjákvæmilegt" hrun kapítalismans, vegna innbyrðis samkeppni kapítalistanna um gróðann. Þeir gerðu sér grein fyrir því að hagnaður er óhjákvæmilegur, hvort heldur er í markaðskerfi eða þjóðnýtingarkerfi. Reynslan sýnir að hlutfall fjárfestingar (hagnaður, sem haldið er eftir í fyrirtækjum) er hærra í Sovétríkjunum en það var jafnvel á mesta grózkuskeiði iðnríkjanna. Ástæðan er m.a. sú, að í því kerfi er engin frjáls verkalýðshreyfing né pólitísk andstaða til að tryggja hlut launþega í gróðanum, í formi hærri launa, bættra lífskjara. Þar að auki skilar þessi mikla fjárfesting í þjóðnýtingarkerfinu ekki sama arði, vegna þess að ágóðavoninni hefur verið útrýmt, boðmiðlun markaðskerfisins um óskir og þarfir neytenda verið tekin úr sambandi og leiðum frumkvæðis og nýjunga um leið lokað.

Að vísu gætir enn tvískinnungs í afstöðu sósíaldemókrata til gróðasjónarmiðsins. Í hugum margra vinstrimanna er hagnaðarvonin ómórölsk, ósamboðin manninum. Og afleiðingar hennar, í óheftum markaðsbúskap, þ.e. misskipting auðs og tekna, eru fordæmanlegar. Niðurstaðan er samt sú, að fremur en að *útrýma* hagnaðarvoninni og draga þar með úr drifkrafti kerfisins, beri að *beizla* hana í almannaþágu.

Tækin til þess eru stofnanir hins pólitíska lýðræðis. Annars vegar eru ríkisstjórnir, sem í umboði þjóðarmeirihlutans hafa ótal ráð til að stýra fjárfestingu og skattleggja gróða. Spurningin er, hvernig það verði gert á sem hagkvæmastan hátt. Hins vegar er frjáls verkalýðshreyfing, sem beitir samtakamætti sínum í andófi gegn fjármagnseigendum, og minnkar gróða þeirra í formi hækkandi launa og bættra lífskjara.

Þessi sósíaldemókratíska afstaða til hagstjórnar hvílir á tveimur undirstöðum: Í fyrsta lagi pólitískum (hugmyndafræðilegum), hins vegar efnahagslegum (tæknilegum). Lýðræðið er hin pólitíska aðferð sósíaldemókrata í stjórnmálastarfi, þar sem þeir hafna valdbeitingu (byltingu). Þeir gerðu sér snemma grein fyrir orsakasamhengi hagskipunar og lýðræðis. Lýðræði fær ekki staðizt, nema þar sem hið efnahagslega ákvörðunarvald dreifist á marga aðila, sem eru óháðir valdhöfunum. Sú röksemdarfærsla leiðir til niðurstöðu sem við köllum blandað hagkerfi, þar sem eignarréttarform eru margvísleg og efnahagslegt vald er dreift. Hinn kosturinn er að valdhafarnir (ríkið) fari einir með þetta gífurlega vald. Það endar í valdbeitingu, lögregluríki.

Jafnframt felst í þessari afstöðu viðurkenning á nauðsyn samkeppni hinna mörgu aðila á markaði, til þess að framleiðslustarfsemin gegni því hlutverki sínu að leitast við að fullnægja þörfum og óskum neytenda með sem minnstum tilkostnaði, á sem hagkvæmastan hátt. Það er forsenda efnahagslegra framfara, hagvaxtar, hækkandi launa, bættra lífskjara.

III

Hlutverk ríkisvaldsins, sem lýtur aga hins pólitíska lýðræðis, er hins vegar þýðingarmikið í þessu stjórnkerfi, en samt takmarkað. Hlutverk þess á að vera að leiðrétta það jafnvægisleysi, sem leiða mundi af óheftri framrás markaðsafla og gróðasjónarmiðs og lýsir sér í misskiptingu þjóðarauðs og tekna. Hugmyndin er sú að ríkisvaldið og aðrar stofnanir lýðræðisins, hafi áhrif í þá átt að jafna eigna- og tekjuskiptingu, tryggja þau lágmarkskjör sem útrýma fátækt og örbirgð, og félagslegt öryggi allra, sem ekki geta séð sér farborða af eigin rammleik.

Keynes bætti um betur þegar hann lagði þessari stjórnmálaheimspeki til sérstaka hagfræðikenningu, sem var um það, að þjóðfélagið gæti tekið lán hjá framtíðinni, til þess að koma í veg fyrir samdráttartilhneigingar og kreppu. Sú kenning er í svo rökréttu framhaldi af pólitískum praxis hins blandaða hagkerfis, að kratar voru farnir að framkvæma kenninguna, áður en hún var sett fram.

Þrátt fyrir ærna tilburði til að hnekkja þessari kenningu (Keynesismanum), stendur hún óhögguð enn í dag að mínu mati.

Niðurstaðan er blandað hagkerfi, þar sem eignarréttarformið býður upp á fjölbreytni, samkeppni á markaði er meginreglan í atvinnulífinu og hagnaðarvonin er enn driffjöður kerfisins. Hagstjórnarlist ríkisvaldsins felst í þeirri viðleitni að viðhalda jöfnuði milli kröfunnar um hagkvæmni (arðsemi) og jöfnuð (hámörkun velferðar, áður kallað réttlæti). Þetta kerfi skilar því aðeins árangri, að stofnanir hins pólitíska lýðræðis séu virkar og mannréttindi réttarríkisins tryggð í reynd.

Fyrstu tvo áratugina eftir stríð skilaði þetta kerfi árangri, sem er einsdæmi í sögunni. Þá skapaðist smám saman viðtæk pólitísk samstaða um grundvallaratriði og vinnubrögð, um leið og dró úr hug-

myndafræðilegri togstreitu og stéttaátökum. Á seinasta áratug hefur þetta breytzt verulega. Samstaðan um velferðarríkið og „hlutföllin" í hinu blandaða hagkerfi, er rofin. Hugmyndafræðileg átök milli markaðshyggju og ríkisforsjár hafa skerpzt á nýjan leik. Það kalla menn „kreppu velferðarríkisins".

IV

Á undanförnum áratug hefur gætt tilhneigingar til sívaxandi ríkisforsjár á kostnað hinna smærri eininga efnahagslífsins. Þetta hefur verið meira áberandi á Íslandi en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Það hefur orðið valdatilfærsla frá forstöðumönnum fyrirtækja, sem eiga að taka áhættu í atvinnulífinu og bera ábyrgð gerða sinna, til forystumanna stjórnmálaflokka og atvinnuvegasamtaka, forstjóra stórfyrirtækja, toppembættismanna og verkalýðsforingja. Ákvörðunarvaldið í efnahagslífinu virðist hafa færzt frá þeim, sem eiga að taka áhættu, bera ábyrgð og hafa þekkingu, til pólitískra aðila, sem hneigjast til að láta fylgisvon og skammtímasjónarmið ráða gerðum sínum og bera endanlega ekki ábyrgð á ráðstöfun fjármagnsins. Afleiðingarnar lýsa sér í minnkandi arðsemi, minni hagvexti, lélegri lífskjörum og minni velferð, en ella hefði verið.

Á Íslandi er svo komið, að heilu atvinnuvegirnir eru á framfæri „ríkisins", þ.e. skattgreiðenda. Ekki er lengur um það að ræða að atvinnurekendur taki áhættu í samkeppni á markaðnum, því að þeir eru endurtryggðir hjá ríkinu. Pólitísk ítök skipta þá meira máli en góð stjórnun, frumkvæði, nýjungar, samkeppnishæfni.

Þetta lýsir sér í mörgu. Landbúnaðurinn er t.d. algerlega á ríkisframfæri. Hann nýtur innflutningsverndar, fjárfestingar- og framleiðslustyrkja, niðurgreiðslna og útflutningsbóta, án nokkurs tillits til eftirspurnar á markaði.

Sjávarútvegurinn er í kreppu vegna ríkisstýrðrar offjárfestingar í takmarkaða auðlind. Hallarekstrinum, sem af hlýzt, er bjargað með gengisfellingum, þ.e. ríkisfjármagnaðri verðbólgu.

Nýjar atvinnugreinar eiga hins vegar lítil sem engin ítök í þessu pólitíska stjórnkerfi og eiga því erfitt uppdráttar.

Í stað þess að skapa atvinnuvegunum almenn vaxtarskilyrði hefur ríkisvaldið hneigzt til beinnar íhlutunar á æ fleiri sviðum: Það veitir innflutningsvernd, stýrir verðmyndun, beitir niðurgreiðslum og styrkjum, skammtar fjármagn og ákvarðar kjör þess. Afleiðingarnar eru hvers kyns mismunun í þágu hefbundinna greina, verndun *status quo* á kostnað framtíðargreina.

Kerfið er meira og minna sjálfvirkt og óveigjanlegt, sbr. hina pólitísku úthlutun fjárfestingarlánasjóða og sjálfvirkt afurðalánakerfi. Bankar og aðrar lánastofnanir stjórnast í allt of ríkum mæli af pólitískri fyrirgreiðslu í stað viðskiptalegs mats á áhættu og arðsemi.

Á Íslandi virðist þessi bakdyraþjóðnýting atvinnuveganna vera orðin miklu stærra vandamál, en vöxtur hins hefðbundna velferðarkerfis, (almannatryggingar, heilsugæzla, skólakerfi). Í þeim efnum hafa ýmsar grannþjóðir okkar gengið mun lengra. Að því er millifærslur velferðarkerfisins varðar er það hins vegar sérstakt rannsóknarefni, að hve miklu leyti þær eru raunverulega tekjujafnandi, og að hve miklu leyti um er að ræða tekjutilfærslu *frá* lág- og miðlungstekjuhópum *til* þeirra sem betur eru settir (m.a. vegna sívaxandi skattaundandráttar hinna efnameiri).

V

Þegar litið er yfir tillögur Alþýðuflokksins um efnahagsmál (einstök þingmál og stefnuyfirlýsingar í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka) á sl. verðbólguáratug, er ljóst að flokkurinn hefur staðfastlega verið andvígur hóflausri íhlutun ríkisvaldsins um málefni atvinnuveganna.

Í tvo áratugi hefur flokkurinn varað við afleiðingum óbreyttrar landbúnaðarstefnu. Hann hefur lagt til að niðurgreiðslur og útflutningsbætur væru afnumdar í áföngum og að verðmyndun ráðist af eftirspurn fremur en sjálfvirkri viðmiðun við laun.

Alþýðuflokksmenn voru fyrstir manna til að vara við offjárfestingu í sjávarútvegi og gerðu tillögur um veiðileyfasölu sem hagkvæmri aðferð til að nýta takmarkaða auðlind.

Alþýðuflokksmenn settu fyrstir manna fram kröfuna um raunvexti, til þess að koma í veg fyrir látlausa eignatilfærslu frá sparifjáreigendum (almenningi) til skuldara og til þess að beina takmörkuðu fjárfestingarfé þangað sem það skilar mestum þjóðhagslegum arði.

Alþýðuflokksmenn hafa lagt fram tillögur um endurskipulagningu á stýrikerfi fjárfestingar, með það fyrir augum að viðskiptalegt mat á áhættu og arðsemi ráði meiru um nýtingu fjárfestingar en pólitísk ítök hefðbundinna hagsmunahópa eða atkvæðavon stjórnmálamanna.

Þessi dæmi verða að nægja til að sýna að eftirfarandi grundvallarsjónarmið hafa verið ráðandi:

1. Flokkurinn telur að samkeppni margra óháðra aðila á markaði, bæði um nýtingu fjármagns og verð afurða, tryggi bezt hagsmuni neytenda, almennings.

2. Ríkisvaldið á að láta af beinni íhlutun, sem mismunar aðilum atvinnulífsins og dregur úr arðsemi, lífskjörum og velferð. Þetta á við um aðstoð við einstök fyrirtæki, atvinnugreinar eða landsvæði, niðurgreiðslur lána og verðlags, innflutningshöft, leyfisveitingar og skömmtun.

3. Einmitt vegna þess að Alþýðuflokkurinn var og er fylgjandi víðtækum afskiptum ríkisvaldsins, sem stuðla að tekjujöfnun og félaglegu öryggi (almannatryggingar, heilsugæzla, skólakerfi o.fl.) vill hann forðast það, að atvinnulífið lendi á framfæri skattgreiðenda. Það á þvert á móti að skila þeim verðmætum, sem samfélagið óskar að verja til nauðsynlegrar sameiginlegrar þjónustu.

Að baki þessum hagstjórnarhugmyndum býr sú pólitíska heimspeki að dreifing hins efnahagslega valds sé forsenda virks lýðræðis og menningarlegrar fjölbreytni. Ef pólitík í lýðræðisríki er í eðli sínu málamiðlun, þá snýst hún í efnahagsmálum og hagstjórn fyrst og fremst um leitina að jafnvægi milli kröfunnar um hagkvæmni annars vegar og kröfunnar um jöfnuð hins vegar.

(Úr Hagmálum, 25. árg. 1984, bls 22—25.)

Fylgiskjal VI.

Launamálaráð Bandalags háskólamanna:

EFNAHAGSVANDINN—

Hvernig hefur skattbyrði fyrirtækja verið lækkuð?

Efnahagsvandinn frá sjónarhorni launafólks felst í vaxandi atvinnuleysi og sífellt rýrari kaupmætti launa.

Efnahagsvandi ríkisstjórnarinnar virðist annar. Þeir mæla sig móða yfir minnkandi hagvexti í stað þess að ræða skilvirka atvinnustefnu og þeir klifa á nauðsyn „eðlilegrar" arðsemi einkafjármagns en skeyta lítið um framfærsluvanda fjölda launamanna og fjölskyldna þeirra. Þeir tala um slæma fjárhagsstöðu ríkissjóðs þegar ríkisstarfsmenn krefjast markaðslauna eða almenningur krefst kjarabóta fyrir hina verst stöddu, en ekkert bólar á sams konar umræðu þegar t. d. skattur er afnuminn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og vaxtatekjum.

Efnahagsvandinn vegna minnkandi afla, óhagstæðari aflasamsetningar og versnandi viðskiptakjara sjávarútvegs frá miðju ári 1982 er áætlaður 7—8 milljarðar króna sem er 12% af áætlaðri þjóðarframleiðslu 1984.

Hver hafa verið hagstjórnarviðbrögðin?

Ríkisstjórnin hefur brugðist við efnahagsvandanum á þrjá vegu:

1. Með afnámi kaupmáttartryggingar launa. Þetta hefur fært 7 milljarða frá launafólki til fyrirtækja (að teknu tilliti til launaskriðs).
2. Með stórfelldri skuldsöfnun erlendis með ríkisábyrgðum til fyrirtækja sem mörg hver eru á hausnum.
3. Með mikilli breytingu á fjárreiðum ríkisins sem m. a. hefur verið fólgin í samdrætti á félagslegum útgjöldum, lækkun á skattbyrði fyrirtækja/fjármagnseigenda og hækkun skattbyrðar launamanna.

Skattbyrði fyrirtækja hefur verið lækkuð eftir fimm meginleiðum:

1. með eftirgjöf á vangoldnum sköttum,
2. með því að innheimta ekki útistandandi óbeina skatta,
3. með slælegu eftirliti með skattsvindli; skattsvindl (talið) 7—9 milljarðar, skattaeftirgjöf og/eða skattalækkanir 260 m.kr. og óinnheimtir skattar (taldir) 2,5 milljarðar,
4. með lækkun skattprósentu á hlutafjáreign um 21%, úr 1,2% í 0,95%, og aukningu frádráttarheimilda um 57%;
   dæmi:
   1983:
   Fyrirtæki, eign = 100 m. kr. skattskyld eign = 50 m. kr. eignarskattur = 0,6 m. kr.;
   1984: Esk = 0,2 m. kr.;
5. með lækkun skatta á arði hlutafélaga um 22,6% úr 65% í 51% af skattstofni;
   dæmi:
   tekjuskattsstofn = 10 m. kr. tekjuskattur = 6,5 m. kr.;
   1984: tekjuskattur 3,1 m. kr. mismunur skattheimtu í dæmum 4 og 5: 7,1 — 3,3 = 3,8 m. kr.

Skattalækkun (4+5): 1,6 milljarðar króna (að meðtöldum áhrifum vaxtasköttunar).

SKATTALÆKKANIR/EFTIRGJAFIR TIL FYRIRTÆKJA ALLS: 11—13 MILLJARÐAR KRÓNA.

Hvernig hefur skattbyrði fjármagnseigenda verið lækkuð?

1. Lækkun eignarskattsprósentu um meira en 20,8% úr 1,2% í 0,95%.
2. Hækkun frádráttar fyrir eignarskattsstofn um 57,3%. Skattalækkun (1+2): 160 m. kr.
3. Afnám skatta á vaxtatekjur þrátt fyrir allt vaxtaokrið. Skattalækkun: 570 m. kr.
4. Skattfrádráttur til þeirra sem leggja fé í sjóð með fjárfestingar að markmiði. Skattalækkunaráhrif:?

SKATTALÆKKUN TIL FJÁRMAGNSEIGENDA ALLS: 730 M. KR.(+).

Hvernig hefur skattbyrðin verið aukin á launamönnum?

1. Meðalskattbyrði launafólks vegna beinna skatta og útsvara hefur aukist um 6,5% að raunvirði. Skattahækkun: 1 000 m. kr.
2. Meðalskattbyrði heimila launafólks vegna óbeinna skatta hefur vaxið um 10,4%. Skattahækkun: 1 650 m. kr.
3. Skattheimta með 3,4% meðalhækkun félagslegrar þjónustu. Skattahækkun: 110 (?) m. kr.

Efnahagsvandinn frá sjónarhóli launamanna.

1. Aukning skattbyrðar launamanna.
2. Aukning hlutdeildar launafólks í fjármögnun samneyslunnar.
3. Minnkandi hlutdeild atvinnutekna í þjóðarframleiðslunni:
   1982 60,7%
   1983 55,5%
   1984 52,2%.
4. Minnkandi hlutdeild fjármagns- og fyrirtækjaeigenda í samneyslukostnaðinum.
5. Vaxandi hlutdeild fjármagns- og fyrirtækjaeigenda í þjóðarframleiðslunni:
   1982 7,3% (+ 13% v/afskr.)
   1983 18,8% (+ 13% v/afskr.)
   1984 21,6% (+ 13% v/afskr.)

Fylgiskjal VII.

Launamálaráð Bandalags háskólamanna:

ÁLYKTUN UM HAGSTJÓRNARMÁL

1. Hver er efnahagsvandinn?

Höfuðvandinn í efnahagsmálum er að mati ríkisstjórnarinnar sá að vaxandi ójafnvægis gætir á ný í helstu þjóðhagsstærðum. Í skýrslu stjórnvalda er getið viðskiptahalla og hallareksturs í ríkisbúskapnum auk hinna sérstöku erfiðleika í sjávarútveginum. Þessi teikn ójafnvægis telur ríkisstjórnin að stefni verðbólgumarkmiðum í mikla hættu og er það forsenda nýrra aðgerða.

Efnahagsvandinn að mati stjórnar launamálaráðs háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna er tvíþættur: annars vegar brestur í framleiðsluforsendum undirstöðuatvinnugreinanna og hins vegar óstjórn í hagsstjórn landsins.

Um fyrri vandann, sem á rætur að rekja til aflabrests og verðfalls á nokkrum mikilvægum útflutningsafurðum, er það að segja að honum er best lýst með 5% rýrnun þjóðartekna á mann (að mati Þjóðhagsstofnunar) árið 1983 og spá um 3,5% viðbótarrýrnun árið 1984. Í grófum dráttum má segja að heildarvandinn sé í krónum upp á 5,4 milljarða króna á verðlagi ársins 1984. Kaupmáttur kauptaxta launafólks hefur hins vegar verið rýrður um a. m. k. 25% með aðgerðum stjórnvalda. Miðað við að launasumman nemi um 45,4% af vergri þjóðarframleiðslu 1983 þýðir 25% kaupmáttarskerðing kauptaxta launafólks ein sér tilfærslu frá launafólki til fjármagnseigenda sem nemur 7—8 milljörðum króna. Launafólk í landinu er búið að greiða skakkaföllin og hefur raunar lagt 40—50% betur í sjóði fyrirtækja. Þetta skýrir ofsagróða fyrirtækja sem enn hafa ekki mætt skakkaföllunum heldur knúið stjórnvöld til að lánsfjármagna vandann með ríkisábyrgðum á almenningssjóði.

Þegar launamenn féllust á að taka þátt í aðgerðum á fyrra ári sem miðuðu að verðhjöðnun og sameiginlegu átaki vegna skakkafalla þjóðarbúsins var ávallt talað um að allir landsmenn deildu byrðunum. Ríkisstjórnin hefur sýnilega ekki ætlað sér að láta alla tekjuhópa taka þátt í úrlausn vandans. Í fyrsta lagi hefur verðtrygging sparifjáreigenda verið aukin og er meðal hæstu í heiminum. Þessi aðgerð hefur ekki aðeins komið sér illa fyrir flest sjávarútvegsfyrirtæki heldur einnig fyrir allan þorra húsbyggjenda og þeirra sem fjármagnað hafa langskólanám með lánsfé. Í öðru lagi með skattalagabreytingunum sem hafa aukið skattbyrði langflestra launamanna en dregið úr skattbyrði fyrirtækja og eigenda þeirra. Í þriðja lagi með niðurskurði á opinberum útgjöldum til heilbrigðis- og félagsmála og því að velta nýjum kostnaði á heimilin og skerða kjör launafólks. Allar þessar aðgerðir bera vott um að hagstjórn ríkisstjórnarinnar hefur hingað til ekki beinst að því að leysa grundvallarbresti í rekstrarskilyrðum framleiðslugreinanna heldur að því að breyta tekjuskiptingunni launafólki í óhag.

Launamálaráðið telur líkt og ríkisstjórnin að nú bendi margt til þess að verðbólguskriðan geti farið af stað á nýjan leik. 40 prósent kaupmáttarskerðing á tekjum launafólks hefur aukið eftirspurnargetu annarra sem hafa með aukinni sparnaðargetu sinni hneppt stóran hluta landsmanna í eindæma skuldakreppu. Sífelldar vaxtahækkanir hafa þrengt enn meira þessar skuldatreyjur. Kjör húsbyggjenda og leigjenda hafa versnað með eindæmum og skal það síst dregið undan í útreikningum á afkomu launafólks. Megnið af launafólki hefur samtímis fengið þyngri skattbyrði en nokkru sinni fyrr á starfsævinni en samtímis njóta fyrirtækjaeigendur glænýrra skattaívilnana. Launafólkið er rétt að byrja á að greiða þessar nýju byrðar en fyrirtækjaeigendur eru búnir að setja hinar nýju gjafir í nýjar arðsamar fjárfestingar og spekulasjónir í fjárhagsstöðu launafólks og húsbyggjenda.

2. Hinar nýju efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Hinar nýju aðgerðir einkennast af því að ríkisstjórnin virðist ekki eygja neitt óeðlilegt við vaxandi eftirspurn og þenslu þrátt fyrir kaupmáttarskerðingar á tekjum launafólks, auknar byrðar húsbyggjenda og aukna skatta alls þorra launafólks. Ráð ríkisstjórnarinnar eru í aðalatriðum að láta markaðinn þvinga upp vexti, þvinga fram jafnvægi og setja þannig á hausinn óarðbærar fjárfestingar í samfélaginu. Til að mýkja þennan pakka er útgerðarmönnum boðið upp á sérmeðhöndlun um lengingu lána og jafnvel skuldaskil ef þeir leggja upp laupana.

Auk vaxtahækkana vill ríkisstjórnin minnka þensluna með því að tryggja afurðalánakerfinu fjármagn beint með erlendum lántökum en hamla gegn innlendri lánsfjárþenslu með takmarkaðri fyrirgreiðslu Seðlabanka við lánastofnanir. Hér er aðeins verið að tryggja enn meiri sjálfvirkni í peningaþenslu vegna afurðalána. Aukin innlánsbinding mun aðeins knýja fram enn meiri vaxtahækkanir og/eða erlendar lántökur. Þeim mun meiri hömlur á erlendar lántökur bankakerfisins (Landsbanka Íslands) því meiri vaxtahækkanir. Vaxtahækkanir setja enn fleiri á hausinn, ekki einungis útgerðarmenn heldur venjulega vammlausa launþega.

Í fyrstu yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar var talað um aðgerðir í ríkisfjármálum til að draga úr þenslu. Þar er helst nefnt að seinka eigi byggingu Seðlabankahúss, útvarpshúss og flugstöðvar í Keflavík o. fl. Nú kemur á daginn að ríkisstjórnin virðist hins vegar ekki hafa ákvörðunarvald um þessi efni.

3. Hvað er rangt í efnahagsstjórninni að mati launamálaráðs.

Stjórn launamálaráðs háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna telur að ríkisstjórnin hafi með þessum efnahagsráðstöfunum sannað að hún gerir sér enga grein fyrir þeim áföllum sem flest heimili launafólks hafa orðið fyrir á undangengnum 12 mánuðum. Samtök launafólks hafa verið knúin með lagasetningu í nafni þjóðhagslegrar nauðsynjar til að falla frá flestum kröfum sínum og jafnvel umsömdum verðbótagreiðslum á laun í þeim tilgangi að greiða fyrir sameiginlegu átaki allra til að rétta við þjóðarhag. Allar nýjustu þjóðhagstölur sýna að skakkaföllum þjóðarbúsins — sem launamenn einir hafa verið þvingaðir til að spara fyrir — hefur ekki verið mætt með samsvarandi greiðslum annarra heldur erlendri skuldasöfnun og ofsagróða einkafyrirtækja.

Til eru farsælli leiðir:

Í fyrsta lagi mótmælir stjórn launamálaráðs sérhverri hagstjórnaraðferð sem felur í sér skerðingu eða afnám á rétti einstaklinga eða samtaka þeirra á vinnumarkaðnum til að gera frjálsa samninga um kaup og kjör. Sérstaklega er mótmælt afnámi verðbóta á laun á meðan verðtryggingarkerfi bænda og fjármagnseigenda er við haldið. Stjórn launamálaráðs mótmælir því enn fremur að ríkisstjórnarflokkarnir hafa neitað launamálaráði ríkisstarfsmanna innan BHM um frjálsan og fullan samningsrétt á borð við aðra aðila vinnumarkaðarins.

Í öðru lagi mótmælir stjórn launamálaráðs raunlækkun skattbyrðar fyrirtækja- og fjármagnseigenda á meðan skattbyrði alls þorra launafólks er vaxandi. Tölur, sem sýna að skattbyrði hefur einungis aukist um 1%, leyna því að skattbyrði launafólks hefur aukist að jafnaði mun meira en hinna minnkað að sama skapi. Það er krafa stjórnar launamálaráðs að ríkisstjórnin láti þegar af slíkum ívilnunum og láti alla bera sama þunga af fjármögnun ríkisstarfseminnar. Stjórn launamálaráðs lýsir yfir megnustu andúð sinni á sparnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar sem fyrir utan niðurskurð í félagsmála- og heilbrigðisþjónustu felst einkum í lágum launum ríkisstarfsmanna.

Í þriðja lagi hvetur stjórn launamálaráðs ríkisstjórnina til að veita nánar athygli hinum erfiðu skilyrðum framleiðslugreinanna í landinu. Blindar vaxtahækkanir munu leiða til þess að margir fara á hausinn — og eftirspurn mun minnka, en stjórn launamálaráðs fær ekki séð

að þessi aðferð tryggi það að hagkvæmustu fyrirtækin lifi lengst af í þessu lánsfjárstríði heldur þeir aðilar sem annað tveggja byggja á fjármögnun á sérmeðhöndlun í kerfinu eða fá lán erlendis. Á sama hátt má benda á að stórskuldugt háskólamenntað launafólk hjá ríkinu með verðtryggð námslán eru þeir einstaklingar sem verst þola óstjórnina í peningamálum. Það er krafa stjórnar launamálaráðs að ríkisstjórnin grípi þegar til sérstakra ráðstafana fyrir háskólamenntaða starfsmenn sem geri þeim kleift að ná ævitekjum eftir skatt og greiðslu námslána sem eru a. m. k. jafnháar og gerist meðal faglærðra iðnstétta.

4. Hvað ber að gera að mati stjórnar launamálaráðs.

Stjórn launamálaráðs háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna í BHM hvetur ríkisstjórnina til að hefja virka skipulagningu um hagnýtingu auðlinda landsins til að koma í veg fyrir hrun undirstöðuatvinnuveganna vegna aflaleysis, ótíðar og vaxtaokurs.

Stjórn launamálaráðs álítur að hækkandi vextir á framleiðslugreinarnar muni vegna fyrri mismunar í vaxtakjörum leiða til hruns margra af burðarstólpum þjóðarframleiðslunnar löngu áður en meðaltalsútreikningar þjóðhagsreikninga gera boð á undan voða. Þess vegna hvetur stjórnin ríkisstjórnina til að meta þjóðhagslega hagkvæmni fyrirtækja og framleiðslugreina út frá einhlítum vaxtarmælikvarða og láta hann skipta sköpum um hvaða rekstur á rétt á sér. Þetta mætti framkvæma með samvirkum fjármála- og vaxtaaðgerðum.

Stjórn launamálaráðs telur brýnt að ríkisstjórnin spyrni gegn verðþenslumerkjum með beinum og hraðvirkum fjármálaaðgerðum, einkum með auknum sköttum á arðsömustu fyrirtæki og með hertu skattaeftirliti. Hraðvirkar fjármálaaðgerðir geta dregið úr almennri eftirspurn. Með því móti ykist tekjustofn ríkissjóðs sem gerði ríkinu kleift að greiða háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum sambærileg laun og tíðkast hjá einkafyrirtækjum og samtímis drægi úr hinu almenna launaskriði á einkamarkaði.

Fylgiskjal VIII.

DV
Frjálst, óháð dagblað
DAGBLAÐIÐ — VÍSIR 196. TBL. — 74. og 10. ÁRG. — MÁNUDAGUR 27. ÁGÚST 1984.

Lifa má kóngalífi á verðbréfa-kaupum:

Ævintýralegir gróðamöguleikar

Viltu tvöfalda peningaeign þína á næstu 54 mánuðum, fullverðtryggða gegn verðbólgu? Eða lifa kóngalífi á arðinum einum saman án þess að gera handtak?

Á íslenska verðbréfamarkaðnum er hægt að fá allt að 17% arð á ári af fasteignatryggðum, verðtryggðum skuldabréfum. Varla býðst minna en 14-15% arður á ári.

Hjá verðbréfamörkuðunum er nú mikið framboð af skuldabréfum sem eru verðtryggð og bera 4-5% nafnvexti. Með afföllum fæst hins vegar allt upp í 17% arður.

Séu þessi bréf tryggilega veðsett í fasteign fylgir þeim ekki önnur áhætta en greiðslufall á greiðslutímanum. Sem gæti þýtt óþægindi en ekki tjón.

Arðsemi þessarar fjárfestingar er slík að milljón verður að tveim milljónum á um það bil hálfu fimmta ári eða sem því svarar með fullum verðbólgubótum.

Með því að kaupa þessi verðbréf *fyrir svona fjórar milljónir króna* og nota arðinn til framfærslu helst höfuðstóllinn verðtryggður og skilar 50 þúsundum á mánuði, skattfrjálsum.

Þannig dugar þurftarminni verðbréfaeigendum auðvitað minni eign léttilega. Og samkvæmt heimildum DV bjóðast trúlega hvergi annars staðar þvílík kjör.

Dæmi er um mann sem fór nýlega til *sex ára náms og starfs erlendis*. Hann átti íbúð, seldi hana og keypti svona skuldabréf. Við heimkomuna mun hann eiga fyrir tveim íbúðum af sömu stærð eða fyrir raðhúsi.

Þá hefur DV heimildir fyrir því að menn í atvinnurekstri eru að hætta að „berjast í bönkum", eru að selja og ætla að kaupa svona skuldabréf sem gefa arð án mikilla vandræða sem nægir til þess að lifa kóngalífi.

Á óverðtryggðum skuldabréfum eru að líkum miklu meiri afföll. Þau bjóðast nú með allt að 70% arði á ári.

HERB

Fylgiskjal IX.

Virðisaukaskattur:

Matvæli og húsnæðiskostnaður hækka í verði

Aðrir kostnaðarliðir lækka

Ýmis tormerki eru á því að segja fyrir um, hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts hefur á verðlag í landinu, segir í greinargerð með frumvarpi um slíkan skatt, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Verðáhrifin fara eftir því hvaða skattar eða tollar verða lagðir niður við upptöku virðisaukaskattsins, hve formleg tengsl verða milli verðvísitölu og kaupgjalds og loks eftir því eftirspurnarástandi sem ríkir þegar skattbreytingin gefur tilefni til verðbreytinga.

Greinargerðinni fylgja hinsvegar meðfylgjandi töflur (merktar 1 og 2) sem sýna dæmi um áætluð bein verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts á einkaneyzlu, samneyzlu og þá útgjaldaliði fjármunamyndunar sem skatturinn leggst á. Útreikningurinn byggist á tveimur dæmum um hæð skattsins, þ.e. 20% og 21%. Ekki er í þessum dæmum gert ráð fyrir lækkun tolla eða afnámi uppsöfnunaráhrifa söluskatts. Niðurstöðurnar sýna að í heild muni einkaneyzla hækka í verði um 3,1—3,8%, eftir því hvort miðað er við 20% eða 21% skatt. Hækkun einstakra undirliða er þó mjög misjöfn. Mest er hækkun matvæla, 18—19%, enda leggst núgildandi söluskattur ekki á nema lítinn hluta matvæla, húsnæði, ljós og hiti hækka um 2—3%, en flestir aðrir útgjaldaliðir lækka í verði vegna lægra skatthlutfalls í virðisaukaskatti en söluskatti. „Að líkindum sýna þessir útreikningar fremur ofmat en vanmat á verðhækkunaráhrifum," segir í greinargerð frumvarpsins.

Tafla 1

Söluskattur og virðisaukaskattur af einkaneyslu 1980 og dæmi um áætluð verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts

Fjárhæðir í m.kr.	Lauslega áætluð útgjöld 1980 án skatts	Þar af: Skattstofn söluskatts	Skattstofn virðisauka-skatts	Álagður sölu-skattur (23%)	Álagður virðisaukaskattur 20%	Álagður virðisaukaskattur 21%	Áætluð verðhækkunaráhrif m.v. 20% VASK	Áætluð verðhækkunaráhrif m.v. 21% VASK
1. Matvæli	1 573	117	1 573	27	315	330	18,0%	18,9%
2. Drykkjarvörur og tóbak	468	468	468	108	94	98	-2,4%	-1,7%
3. Fatnaður og einkamunir	881	881	881	203	176	185	2,5%	-1,7%
4. Húsnæði, ljós og hiti	1 358	212	441	49	88	93	2,8%	3,1%
5. Varanlegir búsmunir	857	857	857	197	171	180	-2,5%	-1,6%
6. Heilsuvernd og snyrting	522	93	93	21	19	20	0,4%	0,2%
7. Samgöngur	783	623	703	143	140	148	0,3%	0,5%
8. Menntun og skemmtanir	839	670	} 834	154	} 167	} 175	} 0,1%	} 0,8%
9. Önnur neysla	105	52		12				
10. Einkaneysla alls	7 386	3 973	5 850	914	1 170	1 229	3,1%	3,8%
11. Flutt af tollu 2		2 414	1 620	555	324	341		
12. Samtals		6 387	7 470	1 469	1 494	1 570		

Tafla 2

Söluskattur og virðisaukaskattur af íbúðarbyggingum, opinberum byggingum, samgöngumannvirkjum, samneyslu og skattskyldum aðföngum

Fjárhæðir í m.kr.	Lauslega áætluð útgjöld 1980 án skatts	Þar af: Skattstofn söluskatts	Skattstofn virðisauka-skatts	Álagður sölu-skattur (23%)	Álagður virðisaukaskattur 20%	Álagður virðisaukaskattur 21%	Áætluð verðhækkunaráhrif miðað við 20% VASK	Áætluð verðhækkunaráhrif miðað við 21% VASK
1. Íbúðarbyggingar	665	338	338	78	68	71	1,3%	0,9%
2. Opinberar byggingar	192	97	0	22	0	0	10,3%	10,3%
3. Samgöngumannvirki	362	170	362	39	72	76	8,2%	9,2%
4. Samneysla	1 576	200	550	46	110	116	3,9%	4,3%
5. Skattskyld aðföng atvinnurekstrar o. fl.		1 609	370	370	74	78		
Samtals 1.—5.		2 414	1 620	555	324	341		

(Morgunblaðið 15. febr. 1984, bls. 24.)

Fylgiskjal X.

TEKJUTAP RÍKISSJÓÐS VEGNA UNDANÞÁGA FRÁ SÖLUSKATTI.

FYRIRSPURNIN:

1984 (107. löggjafarþing) — 38. mál.

Sþ. 38. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um tekjutap ríkissjóðs vegna undanþága frá söluskatti.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef söluskattur (óbreytt álagningarhlutfall) yrði lagður á allar þær vörur (tollskrárnúmer) og þjónustu sem nú eru lögum skv. án söluskatts?
2. Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef allar undanþágur frá söluskatti á annars skattskylda vöru og þjónustu yrðu afnumdar?
3. Hver gæti tekjuauki ríkissjóðs orðið, að mati fjármálaráðherra, vegna bættrar innheimtu söluskatts ef allar undanþágur skv. lögum, heimildum og reglugerðum yrðu afnumdar?
4. Hvað mætti þá lækka núverandi söluskattsálagningu mikið, ef miðað er við að halda tekjum ríkissjóðs af söluskatti óbreyttum frá því sem nú er, til þess að lækka vöruverð?

SVÖR RÁÐHERRA:

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hélt augnablik að virðulegur 5. þm. Reykv. ætlaði að hætta við að færa mér þetta, að gegna þeirri skyldu sinni, sem hann tók að sér fyrir sjoppueiganda, að gefa mér gott hér í ræðustólnum. Ég get ekki svarað hvernig á því stendur að önnur tegund þessa varnings er söluskattsfrjáls og hin ekki, en mér þykir gott að fá þessi sýnishorn. Þetta eru glögg dæmi um að sams konar vara, mismunandi stór og öðruvísi pökkuð inn, er seld annars vegar án söluskatts og hins vegar með söluskatti. Og ég fagna því að verslunareigandi þessi er það löghlýðinn og honum liggur mikið á hjarta að fá líklega söluskatt á það sem er söluskattsfrjálst þannig að ríkissjóður fái þá meiri tekjur.

Ég vil ekki meina að fsp. séu almennt til að knýja ráðherra til eins eða annars. Það er eins og með fsp. í þetta sinn sé verið að pína ráðh. fjármála til að svara spurningum sem hann hefur þá, eins og tekið var til orða, hugsanlega neitað að svara. Þetta gefur alranga mynd af því sem hér fer fram á þessu augnabliki. Fsp. hafa verið lagðar fram á heföbundinn hátt og fjmrh. svarar þeim að sjálfsögðu á heföbundinn hátt. Það þarf ekki að knýja hann til þess að gera það. Hann er ekkert neyddur til þess.

Það blandaðist hér inn í ræðu hv. 5. þm. Reykv. um skattamál fsp. frá öðrum þm. Alþfl. sem koma á á dagskrá seinna í dag. Ég sé ekki ástæðu til að fara að svara því eða ummælum hans um skattsvik í sambandi við þær spurningar sem fyrir mig hafa verið lagðar af hv. 5. þm. Reykv.

Spurningar hv. þm., ef ég sný mér að þeim, eru á þskj. 38 og hann hefur sjálfur lesið þær upp þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að ítreka það, en svör mín eru svohljóðandi:

Undanþágur frá hinni almennu söluskattsskyldu eru ákaflega margþættar og verður að telja fráleitt að unnt sé eða skynsamlegt að afnema þær með öllu. Þannig er söluskatturinn almennt bundinn við síðasta stig viðskipta og sala á vörum því skattfrjáls til aðila sem kaupir vöruna til að selja þær aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru sem hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja. Þetta skattfrelsi endursöluvöru væri fráleitt að afnema, enda mundi söluskatturinn þá hlaðast margfaldlega upp í vöruverði. Önnur undanþága sem útilokað sýnist að afnema eru undanþágur við vörusölu úr landi. Væri skattur lagður á sölu útflutningsvara væri fótunum gersamlega kippt undan samkeppnisaðstöðu íslenskrar framleiðslu erlendis, enda alþjóðleg regla að neyslu-

skattar leggist ekki á útflutningsvörur. Ég vil því leyfa mér að skilja fsp. hv. þm. þannig að átt sé við tekjuauka af niðurfellingu annarra undanþága en þeirra er að framan greinir.

1. liður fsp. hljóðar svo: „Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef söluskattur (óbreytt álagningarhlutfall) yrði lagður á allar þær vörur (tollskrárnúmer) og þjónustu sem nú eru lögum skv. án söluskatts?"

2. fyrirspurnarliðurinn er svohljóðandi: „Hver yrði áætlaður tekjuauki ríkissjóðs ef allar undanþágur frá söluskatti á annars skattskylda vöru og þjónustu yrðu afnumdar?"

Ekki er fullljóst hver munurinn er á þessum spurningum, en líklega munu þær beinast að því að sundurliða tekjuáhrif af brottfellingu þeirra undanþága annars vegar sem beinlínis eru lögbundnar og annarra undanþága hins vegar.

Þessi skipting milli undanþága skv. lögum og annarra undanþága er fjarri því að vera skýr. Allar undanþágur frá söluskatti byggjast á lögum eða heimildum í lögum. Sumar vörur eru beinlínis undanþegnar söluskatti í lögum og undanþágan þar nokkuð skýrt mörkuð. T. d. tilbúinn áburður annar en í smásölu. Í reglugerð er þessi undanþága endurtekin með þeirri skýringu þó, að með *smásöluumbúðum sé átt við að hver sölueining fari ekki* yfir 5 kg. Í öðrum ákvæðum er ráðh. ætlað meira svigrúm til skilgreiningar. Þannig segir t. d. í 8. tl. 7. gr. söluskattslaga að undanþegin söluskatti séu lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta eftir því sem ráðh. ákveður. Með 10. tölul. 14. gr. söluskattsreglugerðar hefur ráðh. ákveðið hvaða þjónusta teljist hliðstæð við þá sem upp er talin í lagagreininni, þar á meðal þjónusta endurskoðenda. Telja menn að flokka eigi undanþágu endurskoðunarþjónustu undir undanþágu skv. lögum eða aðrar undanþágur? Það er spurning.

Enn þá skýrari verða mörkin milli undanþágu skv. lögum og annarra undanþága ef litið er á ýmsar hinar veigamestu undanþágur. Í brbl. nr. 96 frá 8. sept. 1978, 6. gr., segir að fjmrh. sé heimilt að fella niður söluskatt af matvörum. Sama dag er gefin út breyting á reglugerð um söluskatt þar sem heimildin er nýtt og nær öll matvæli eru undanþegin söluskatti. Þessi undanþáguheimild er síðan staðfest af Alþingi, sbr. 6. gr. laga nr. 121 frá 1978. Sama verður uppi á teningnum varðandi niðurfellingu söluskatts af vélum til samkeppnisiðnaðar. Þar hefur á undanförnum árum verið í 6. gr. fjárlaga ákvæði er heimilar ríkisstj. að fella niður söluskatt af vélum þessum og fela fjmrn. að setja reglur um framkvæmd ákvæðisins. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa síðan verið settar almennar reglur um niðurfellingu eða endurgreiðslu söluskatts af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar.

Á grundvelli framansagðs tel ég óraunhæft að sundurliða undanþágur á þann hátt sem fyrirspyrjandi virðist gera og mun því svara tveimur fyrstu liðunum í einu lagi.

Miðað við að allar vörur aðrar en endursöluvörur, hráefni og útflutningsvörur og öll þjónusta yrðu söluskattsskyldar mundi skattstofn söluskatts lauslega áætlað tvöfaldast. Brúttótekjuauki ríkissjóðs yrði því nálægt 9 milljörðum kr. á árinu 1985 miðað við forsendur fjárlagafrv. og að enginn hluti tekjuaukans rynni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Er miðað við að söluskattur leggist m. a. á aðföng framleiðslunnar og opinberar framkvæmdir þannig að um það bil 10% af tekjuaukanum verði aftur beinn útgjaldaauki fyrir hið opinbera. Beinn tekjuauki gæti því verið nálægt 8 milljörðum kr.

Ég vil taka það skýrt fram að í þessum útreikningi er við það miðað að söluskattur leggist á alla þjónustu, þar á meðal á heilbrigðisþjónustuna og ýmsa félagslega þjónustu. Þá er miðað við að allar undanþágur falli niður sem ætlað hefur verið að styrkja samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja, svo sem í samkeppnisiðnaðarvélum, skipum og flugvélum. Skattskyldusviðið er því geysilega víðtækt, víðtækara en þekkist í nokkrum grannlöndum okkar og mun víðtækara en gert var ráð fyrir í virðisaukaskattsfrv. Þessar tölur ber því frekar að líta á sem fræðilega athugun en raunhæfan möguleika á tekjuauka ríkissjóðs.

Í 3. lið fsp. er spurt hvaða mat fjmrh. hafi á tekjuaukningu ríkissjóðs vegna bættrar innheimtu söluskatts ef allar undanþágur skv. lögum og reglugerðum yrðu afnumdar. — Því er til að svara að ákaflega erfitt er að leggja tölulegt mat á þessi áhrif. Er reyndar starfandi nefnd til könnunar á umfangi skattsvika í samræmi við þáltill. sem samþykkt var á s. l. vori. Ég vil geyma mér fullyrðingar um þessi efni þar til niðurstaða af störfum þeirrar nefndar liggur fyrir. Ljóst er þó að niðurfelling á ýmsum núverandi undanþáguliðum, einkum á undanþágum einstakra vörutegunda, mun stórbæta möguleika til söluskattseftirlits. Ekki eru þó allar undanþágur þessu marki brenndar. Niðurfelling sumra þeirra mundi leiða til fjölgunar skattskyldra aðila og þar með aukinnar þarfar á eftirliti.

Í 4. lið er spurt hvað mætti lækka núverandi söluskattsálagningu mikið ef miðað er við að halda tekjum ríkissjóðs af söluskatti óbreyttum frá því sem nú er. — Sé tekið mið af þeirri útvíkkun söluskattsskyldusviðsins sem fram kom í svari mínu við fyrstu tveimur liðum fsp. lætur nærri að 12% söluskattur skilaði ríkissjóði sömu tekjum og núverandi skattkerfi. Ég vil hins vegar ítreka að svo víðtæk skattskylda er ekki raunhæfur eða framkvæmanlegur möguleiki.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi svarað fsp. fyrirspyrjanda á þann hátt að hann uni vel við og þakka fyrir sendinguna sem hann færði mér.

Fylgiskjal XI.

TILLAGA UM AFNÁM TEKJUSKATTS AF LAUNATEKJUM

1983-84 (106. löggjafarþing) — 267. mál.

Sþ. 512. Tillaga til þingsályktunar

um afnám tekjuskatts af launatekjum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um afnám tekjuskatts af launatekjum ásamt greinargerð og leggja það fyrir næsta löggjafarþing.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er er tekjuskattur einstaklinga fyrst og fremst skattur á launafólk. Hvarvetna í þjóðfélaginu blasir það við að aðrir hópar, sem með einum eða öðrum hætti, löglegum eða ólöglegum, hafa tækifæri til að ráða því sjálfir hversu miklar tekjur þeir telja fram til skatts, greiða lágan eða jafnvel engan tekjuskatt þótt þeir hafi greinilega yfir verulegum fjármunum að ráða eins og sést af lífsstíl þeirra.

Í leit að réttlæti hafa framtalsreglur og skattalög sífellt orðið flóknari. Opnast þá gjarnan nýjar smugur í leiðinni sem einungis hinir slyngu kunna að notfæra sér. Það réttlæti, sem þannig var að stefnt, snýst því upp í argasta óréttlæti. Hið sama má segja um tekjuskattinn sjálfan. Honum var ætlað að jafna kjör en reynslan sýnir að nú orðið felst ekkert síður í honum hið mesta óréttlæti þar sem launafólk ber þungar byrðar fyrir aðra sem sleppa.

Nú er reyndar svo komið að almennt er viðurkennt að varasamt sé að leggja framtöl til grundvallar þegar meta eigi afkomu fólks í þjóðfélaginu. Má það vera til vitnis um hversu litla trú menn hafa á tekjuskattsstofninum og framtöldum tekjum. Í þessum viðhorfum felst þannig dómur yfir tekjuskattinum sjálfum.

Alþýðuflokkurinn hefur margoft á undanförnum árum flutt tillögur og frumvörp um afnám tekjuskattsins af almennum launatekjum en þau mál hafa ekki náð fram að ganga. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað nýs forms í þessum efnum í þeirri von að um tillöguna geti náðst víðtæk samstaða.

Í tillögunni felst að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa málið með samningu lagafrumvarps og greinargerðar sem síðan yrði lögð fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi. Í greinargerðinni kæmi þá fram hverjar kerfisbreytingar aðrar í tekjuöflun ríkisstjórnin vildi benda á til þess að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður yrði fyrir. Á sama hátt gæti ríkisstjórnin gert tillögur um áfangaskiptingu ef henni þætti það henta. Síðast en ekki síst gætu í greinargerðinni komið fram tillögur um sparnað eða niðurfellingu útgjaldaliða í ríkisrekstrinum.

Með þessu móti ætti ítarleg umfjöllun að geta farið fram um málið á Alþingi á grundvelli þeirrar faglegu vinnu sem ríkisstjórnin léti vinna samkvæmt þessari þingsályktun.

Tæpast þarf að minna á í þessu sambandi hversu lítill hluti ríkistekna er af tekjuskatti einstaklinga, en það gerir málið vitanlega mun auðveldara viðfangs.

Að lokum skal það aðeins áréttað að með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vilja þingmenn Alþýðuflokksins enn freista þess að náð verði samstöðu um það stefnumið Alþýðuflokksins að afnema tekjuskatt af launatekjum þar eð tekjuskatturinn í núverandi formi feli í sér óviðunandi óréttlæti en kjarajöfnuði eigi að ná eftir öðrum leiðum og þá fyrst og fremst gegnum tryggingakerfið.

Fylgiskjal XII.

TILLAGA UM ÚTTEKT Á UMFANGI SKATTSVIKA

1983-84 (106. löggjafarþing) — 169. mál.

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar

um úttekt á umfangi skattsvika.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason,
Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfshópi sem hafi það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Í hvaða atvinnustéttum og atvinnugreinum skattsvik eiga sér helst stað.
3. Umfang söluskattssvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Starfshópurinn skal skipaður einum fulltrúa skattyfirvalda, einum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar og einum fulltrúa viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Niðurstöður skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1985.

Greinargerð.

Á yfirstandandi Alþingi hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum (98. mál 106. löggjafarþings). Sú tillaga miðar að því að fela ríkisstjórninni tafarlausa framkvæmd ákveðinna verkefna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattsvik og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú tíðkast. Meginverkefni samkvæmt þeirri tillögu er að endurskoðuð verði ýmis lög er lúta að skattamálum og meðferð ákærumála í skattsvikamálum, svo og að veita aukið fjármagn til skattrannsókna.

Með þeirri tillögu, sem hér er lögð fram, er aftur á móti lagt til að sérstök úttekt fari fram á umfangi skattsvika. Telja flutningsmenn þessarar tillögu að rétt sé að flytja um það mál sérstaka tillögu þar sem gert er ráð fyrir skipun starfshóps sem hafi þetta ákveðna verkefni með höndum. Sú úttekt, sem hér er lögð til, gæti tvímælalaust haft mikið upplýsingagildi og greitt fyrir framkvæmd fyrrgreindrar tillögu.

Ljóst er að engin skipuleg úttekt hefur verið gerð á því hér á landi hversu umfangsmikil skattsvik eru eða í hvaða atvinnustéttum og atvinnugreinum þau tíðkast helst. Benda má þó á að í ítarlegri grein, sem prófessor Ólafur Björnsson skrifar í Vísi 8. október 1975, er reynt að varpa ljósi á umfang skattsvika. Þar segir m. a.:

„Sú aðferð hefur í seinni tíð einkum verið notuð til þess að gera sér grein fyrir þessu að bera saman þjóðartekjurnar gerðar upp á grundvelli upplýsinga um magn og verðmæti þjóðarframleiðslunnar annars vegar og skattframtöl hins vegar. Sá samanburður hefur verið gerður hér á landi og samkvæmt þeim upplýsingum, sem mér eru um þetta kunnar, skakkar

hér 10–11% sem skattframtölin eru lægri en þjóðhagsreikningstölurnar. Þótt hafa beri hugfast við slíkan samanburð að við mat tekna til skatts er ekki fylgt nákvæmlega sömu reglum og við mat verðmætis þjóðarframleiðslunnar í þjóðhagsreikningum, auk þess sem niðurstöður þjóðhagsreikninga verða aldrei fullkomlega áreiðanlegar, þá ætti hér þó að vera um nothæfan, grófan mælikvarða að ræða um það hversu miklu skattsvikin nema fyrir þjóðarbúið í heild."

Í grein Ólafs Björnssonar kemur einnig fram að samsvarandi athugun í Noregi hafi leitt í ljós nákvæmlega það sama, að 10—11% þjóðartekna væru dregin undan skatti.

Þær upplýsingar, sem prófessor Ólafur Björnsson byggir mat sitt á, eru fengnar úr riti Framkvæmdabankans, „Úr þjóðarbúskapnum", 12. hefti, sem út kom í júní 1962, og koma fram í grein eftir Torfa Ásgeirsson og Bjarna Braga Jónsson sem ber heitið „Þjóðarframleiðslan, verðmætaráðstöfun og þjóðartekjur 1945–1960". Í þessari grein kemur fram að jafnhliða tekjuframtalsaðferðinni voru þjóðartekjur fjögurra síðustu ára, 1957–1960, áætlaðar sérstaklega samkvæmt ráðstöfunaraðferðinni. Niðurstöðurnar sýndu hærri þjóðartekjur samkv. ráðstöfunaraðferðinni en tekjuframtalsaðferðinni öll árin og voru þjóðartekjur 6–14% hærri samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri en tekjuframtalsuppgjöri.

Eins og fram hefur komið má áætla að skattsvik séu um 11% af þjóðartekjum. Hafa ber í huga að þær forsendur, sem byggt er á, eru þjóðartekjur og verðmætaráðstöfun áranna 1945–1960. Hér er því um margra áratuga gamlar tölur að ræða og er ljóst að margt hefur breyst í þjóðfélaginu frá þeim tíma, auk þess sem í þeim upplýsingum, sem fram koma, er ekki gerð tilraun til þess að meta skattsvik eða undandrátt tekna eftir atvinnustéttum og atvinnugreinum.

Brýnt er því orðið að úttekt fari fram á umfangi skattsvika og reynt verði að leggja mat á í hvaða atvinnustéttum og atvinnugreinum er mest hætta á undandrætti tekna. Slíkar upplýsingar gætu orðið mjög gagnlegar fyrir stjórnvöld við mat á leiðum til að koma í veg fyrir skattsvik. Mikið er í húfi og um gífurlegar fjárupphæðir að ræða.

Ef þær forsendur eru notaðar, sem áður er vitnað til, að 10–11% af þjóðartekjum séu ekki taldar fram til skatts, er hægt að fá nokkra mynd af því sem hér er um að ræða. Vergar þjóðartekjur árið 1982 á verðlagi ársins 1980 voru 13 milljarðar 378 millj. kr. Ef sú upphæð er færð fram til verðlags 1983 miðað við gengisvísitölu í nóvember 1983 nema vergar þjóðartekjur á verðlagi í nóvember 1983 48 milljörðum 27 millj. kr. Ef 11% af þeirri upphæð eru dregin undan skatti hafa skattsvikin á árinu 1983 verið 5 milljarðar 283 millj. kr. og eru þá söluskattssvikin ekki meðtalin. Hér er ekki um neina smáupphæð að ræða, eða um 33% af áætluðum heildartekjum ríkissjóðs árið 1984.

Flutningsmönnum þessarar tillögu er ekki kunnugt um að önnur tilraun en hér hefur verið lýst hafi verið gerð til þess að meta umfang skattsvika hér á landi. Þetta er svipað þeim tölum sem fram hafa komið opinberlega í öðrum löndum og skulu nokkrar þeirra nefndar hér.

Í General Report, útgefnu 1983 af International Fiscal Association, kemur fram hvað áætlað er að undandráttur sé mikill í skatti í nokkrum löndum. Þar segir að í Bandaríkjunum sé undandráttur 10% af mögulegum skatttekjum; í Svíþjóð sé undandrátturinn 10% af þjóðarframleiðslu; í Frakklandi er áætlað að 23% af tekjuskatti tapist vegna skattsvika; í Kanada tapist 10% af innheimtum tekjuskatti. Í Vestur-Þýskalandi er áætlað að skattsvikin samsvari 2% af þjóðarframleiðslunni (sú tala kemur fram í Business Week 13. 3. 1978).

Í þeim tilgangi að gera sér grein fyrir umfangi þessa verkefnis, sem starfshópnum er ætlað samkvæmt þingsályktunartillögunni, má benda á að nú þegar er verið að gera ýmsar þær athuganir og útreikninga sem nauðsynleg gætu reynst í athugunum starfshópsins. Í riti Þjóðhagsstofnunar, „Framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga 1973–1978" sem út kom í október 1982, kemur eftirfarandi fram:

„Í þessari skýrslu birtist í fyrsta sinn heildaruppgjör þjóðarframleiðslu eftir atvinnugreinum. Yfirlit þessi ná yfir tímabilið 1973–1978 að báðum árum meðtöldum og er áformað að þessi skýrslugerð verði framvegis liður í þjóðhagsreikningsgerð Þjóðhagsstofnunar. Jafnframt verði haldið áfram skýrslugerð um þjóðarútgjöld eða verðmætaráðstöfun en hún nær allt aftur til ársins 1945. Þessum tveimur uppgjörsaðferðum er ætlað að styðja hvor aðra og leiða til traustari niðurstöðu þjóðhagsreikninga. Auk þess er nú hafið í Þjóðhagsstofnun uppgjör þjóðhagsreikninga eftir þriðju uppgjörsaðferðinni, tekjuskiptingaraðferðinni. Tilgangur skýrslugerðar af því tagi, sem hér birtist, er margvíslegur. Má þar m. a. nefna að í skýrslunni er að finna svör við því í hvaða atvinnugrein verðmætasköpunin á sér stað. Enn fremur kemur fram hvernig skipting verðmætasköpunarinnar er milli þess sem launþegar bera úr býtum og hins sem fjármagnseigendur fá í sinn hlut vegna eigin vinnuframlags og til ávöxtunar og endurnýjunar þess fjármagns sem bundið er í framleiðslustarfseminni. Þá má nefna að framleiðsluuppgjörið sýnir heildarniðurstöður og verðmæti landsframleiðslunnar sem bera má saman við aðrar uppgjörsaðferðir.“

Slíkar upplýsingar, sem fram koma í þessu riti og unnar eru á vegum Þjóðhagsstofnunar, ættu að koma að verulegum notum við það verkefni sem hér er lagt til að unnið verði og flýta fyrir því að niðurstöður fáist.

Eins og fram hefur komið eru þær tölur, sem áður er greint frá og byggt hefur verið á um mat á skattsvikum hérlendis, orðnar margra áratuga gamlar. En með aukinni tölvuvæðingu og skráningu upplýsinga úr framtölum hafa skapast betri möguleikar til þess að leggja mat á skattsvik sem þjóðhagslega stærð. Athugun af þessu tagi, sem hér er lögð til, mundi skapa grundvöll fyrir opnari og upplýstari umræðu um þessi mál og gæti stuðlað að mótun markvissari heildarstefnu og aðgerðum gegn skattsvikum.

Fylgiskjal XIII.

TILLAGA UM AÐGERÐIR STJÓRNVALDA GEGN SKATTSVIKUM

1983 (106. löggjafarþing) — 98. mál.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar

um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni tafarlausa framkvæmd eftirtalinna verkefna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattsvik og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú tíðkast.

1. Að endurskoða lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur eða sérdómstól sem fengi a. m. k. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot.
2. Að endurskoða lög um meðferð opinberra mála, nr. 73/1973, með síðari breytingum. Sérstaklega skal athuga í því sambandi hvort hagkvæmt sé að fjölga og sérhæfa saksóknara í ákveðnum málaflokkum eða veita öðrum aðilum eins og ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra ákæruvald í skattamálum.
3. Að endurskoða refsilöggjöf og refsiákvæði einstakra laga, svo sem skatta- og bókhaldslaga, í því skyni að samræma þau og beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum fyrir afmörkuð afbrot í stað tímafrekra dómsrannsókna á flóknum, umfangsmiklum afbrotum sem leiða af sér refsivist í lengri eða skemmri tíma.
4. Að undirbúa nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum, nr. 51/1968, og reglugerð þar að lútandi, sem tryggja gleggri og áreiðanlegri fylgiskjöl með skýrum upplýsingum fyrir utanaðkomandi aðila, t. d. skattrannsóknarmenn, þar sem fram kemur nákvæmar sundurliðun reikninga. Enn fremur að skuldbinda alla aðila til að taka í notkun töluset eyðublöð og reikningsform sem eru útgefin eða viðurkennd af opinberum aðilum, t. d skattstofum.
5. Að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt o eignarskatt, með síðari breytingum, svo og framtalsreglum til þess að tryggj áreiðanlegri og fjölþættari upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstr Endurskoða þarf sérstaklega í því sambandi frádrátt af tekjum af atvinnurekstr þ. m. t. risnukostnað, bifreiðafríðindi, launamat, afskriftir o. fl.
6. Að láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisir með það að markmiði að koma á skilvísara eftirliti með innheimtu söluskatts. Athuga verði hvort hægt sé að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt.
7. Að beita sér fyrir aukinni hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnsl skattframtala og fylgiskjala.
8. Að beita sér fyrir að veitt verði stóraukið fjármagn til skattaathugana, einkum i rannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins, þannig að hægt sé að taka til ítarlegr rannsóknar u. þ. b. 10—20% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekst árlega. Eðlilegt er að skattsektarfé ríkisskattanefndar standi straum af rekstri deilda innar að einhverju leyti. Að öðrum kosti verður að koma til sérgreint fjármagn ríkissjóði eða frá hinu almenna skatteftirliti á framtölum launþega.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að stjórnvöld geri nú þegar átak á sviði skattrannsókna, skatteftirlits og meðferðar ákæru- og dómsmála í skattsvikamálum í þeim tilgangi að ná betri og markvissari tökum á skattsvikamálum og bókhaldsbrotum sem lið í því að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu.

Þegar til þess er litið að í skattsvikum liggur eitt hrikalegasta misréttið og ein helsta meinsemdin í þjóðfélaginu þá er það furðulegt að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gerðar markvissar og skipulegar aðgerðir og úrbætur af hálfu stjórnvalda til að koma í veg fyrir skattsvik og bókhaldsbrot. Víða í þjóðfélaginu má sjá á lífskjörum og lífsstíl manna að það er oft hrópandi ósamræmi milli lifnaðarhátta og þess sem greitt er í sameiginlegan sjóð landsmanna. Hlýtur það að vera siðferðileg skylda stjórnvalda að koma í veg fyrir slíkt með öllum tiltækum ráðum og að á þessum málum verði tekið af einbeitni og fyllstu hörku.

Í fyrsta lagi verður að koma í veg fyrir að skattalögin séu svo götótt að þau geti boðið upp á skattsvik.

Í öðru lagi verður að búa þannig að skattrannsóknum og skatteftirliti að hægt sé á markvissan hátt að uppræta skattsvik og að skattstofur og skattrannsóknarstjóri fái þá sérfræðilegu aðstoð, sem nauðsynleg er, til að halda uppi svo ströngu aðhaldi og rannsóknum að skattsvikarar séu hvergi óhultir, og mjög hart verði tekið á hvers konar skattsvikum og bókhaldsbrotum.

Í þriðja lagi að öll málsmeðferð skattsvikamála gangi greiðar fyrir sig en nú er raun á.

Öllum má ljóst vera að allt of lítið hefur verið gert til að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu. Þannig hefur það verið upplýst að undanförnu að þrjú stór, einföld skattsvikamál hafa lónað í kerfinu í þrjú til fimm ár án þess að dómur hafi verið kveðinn upp. Það hefur vakið athygli hversu langur tími líður frá því að rannsóknum lýkur þar til ákæra er gefin út og þar til dómur fellur. Þá hefur verið greint frá því að í einu skattsvikamáli, sem var vísað til ríkissaksóknara árið 1972, féll ekki dómur fyrr en tæpum níu árum síðar. Skýringar dómara á þessum töflum virðast hreint furðulegar.

Af máli ýmissa embættismanna má ráða að vegna seinagangs í dómskerfinu hafi aðeins fáum, tiltölulega einföldum og vel athuguðum málum, verið vísað til dómstólanna — sem engu síður virðist taka mörg ár að fá úrskurð í. Öðrum er væntanlega vísað til ríkisskattanefndar (áður skattsektarnefndar) sem er lokuð nefnd og viðhefur nafnleynd. Þetta er augljós hagur hinna brotlegu og vissulega ekki til þess fallið að uppræta skattsvik, — og stingur sannarlega í stúf við meðferð annarra afbrota í þjóðfélaginu. Afleiðing þess að skattsvikamál eru svo seinfara í kerfinu og skattsvikamál ekki tekin fastari tökum af stjórnvöldum en raun ber vitni er að skattsvik í hvers konar mynd virðast orðin æði útbreidd í þjóðfélaginu.

Embættismenn tala um að það vanti pólitískan vilja til að gera átak í þessum málum. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að reyna á þann pólitíska vilja eða viljaleysi.

Síðan minnihlutastjórn Alþýðuflokksins sat að völdum 1979—80 hefur engin alvarleg tilraun verið gerð til að hreyfa þessum málum á Alþingi, en þá var lagt fram frumvarp um skattadóm og rannsókn skattsvikamála en náði ekki fram að ganga.

Þó að hafa beri í huga að langflest skattsvikamál, er upp komast, fá úrlausn hjá skattstjórum eða ríkisskattanefnd, þá er alveg ljóst að tiltölulega mjög fá mál fyrirtækja eða einstaklinga í atvinnurekstri fá þá rækilegu skoðun sem nauðsynleg er, eins og að yfirfara í mun ríkara mæli bókhald og hvers konar fylgiskjöl í atvinnurekstri.

Átján manna starfslið skattrannsóknarstjóra getur ekki annast nema fáa tugi mála af nokkurri alvöru. Það er von flutningsmanna þessarar tillögu að stjórnvöld telji það nú tímabært að gera alvarlegt átak í því skyni að breyta almennum launamannaskatti í sanngjarna tekjuöflunarleið fyrir samfélagið, sem verði til þess að hver og einn þjóðfélagsþegn greiði það, sem honum ber, af sínum tekjum til samfélagslegra þarfa.

Fylgiskjal XIV.

BRÉF ÞINGFLOKKS ALÞÝÐUFLOKKSINS TIL FJÁRMÁLARÁÐHERRA UM UMBÆTUR Í SKATTAMÁLUM

Reykjavík, 27. mars 1984.

Hr. Albert Guðmundsson, fjármálaráðherra
Fjármálaráðuneytinu
Arnarhvoli
Reykjavík.

Hér fylgja til áréttingar samtali okkar í dag tillögur frá þingflokki Alþýðuflokksins um hvernig bregðast skuli við skattsvikum hér á landi. Að stofni til eru þessar tillögur byggðar á tveimur þingsályktunartillögum þingmanna Alþýðuflokksins sem nú eru í meðförum Alþingis og er það von þingflokksins að þú, herra fjármálaráðherra, stuðlir að því að þessar tillögur fáist samþykktar þannig að vinna megi gegn skattsvikum sem við teljum hiklaust einhverja mestu meinsemd þjóðlífsins um þessar mundir.

1. Byrjað verði á því að gera sér grein fyrir umfangi skattsvika hér á landi miðað við upplýsingar um þjóðartekjur sem fyrir liggja í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Jafnframt þessu verði reynt að gera sér grein fyrir í hvaða atvinnugreinum líklegt sé að skattsvik séu algengust.
3. Söluskattur er ein helsta tekjulind ríkisins. Það orð leikur á að hann skili sér illa. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir umfangi söluskattssvika og leita aðgerða til úrbóta. Endurskoða verður allt fyrirkomulag söluskattskerfisins og kanna sérstaklega hvort ekki sé rétt að fækka undanþágum frá greiðslu söluskatts og lækka þar með skattprósentuna. Við teljum fullvíst að stórhert eftirlit með innheimtu söluskatts geti skilað mjög auknum tekjum til ríkisins.
4. Við teljum nauðsynlegt að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur eða sérdómstól sem hefði það afmarkaða meginverkefni að fjalla um skattsvik, bókhaldsbrot og annað því skylt.
5. Einnig er nauðsynlegt að endurskoða refsilöggjöf og refsiákvæði einstakra laga svo sem skatta- og bókhaldslaga til að samræma þau og beita í stórauknum mæli sektarákvæðum og hækkuðum sektum fyrir afmörkuð afbrot í stað tímafrekra rannsókna á flóknum og umfangsmiklum afbrotum.
6. Einnig þarf að gera breytingar sem miða að því að tryggja gleggri og áreiðanlegri fylgiskjöl með skýrum upplýsingum fyrir skattrannsóknamenn þar sem fram komi nákvæmari sundurliðun reikninga en nú er og að skuldbinda alla aðila til að taka í notkun tölusett eyðublöð og reikningsform útgefin eða viðurkennd af opinberum aðilum.
7. Breyta þarf lögum um tekjuskatt og eignarskatt og framtalsreglum til að tryggja áreiðanlegri og traustari upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri. Í því sambandi leggjum við þunga áherslu á að endurskoða þarf sérstaklega í þessu sambandi frádrátt vegna tekna af atvinnurekstri, þ. á m. risnukostnað, bifreiðafríðindi, launamat, afskriftir og fleira.
8. Taka þarf upp aukna hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun við úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala.

9. Veita verður aukið fjármagn til skattaathugana, einkum til skattrannsóknadeildar ríkisskattstjóraembættisins, til að ráða sérhæfðan mannafla þannig að taka megi til ítarlegrar rannsóknar a. m. k. 10—20% af skattaframtölum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri á hverju ári. Við teljum eðlilegt að skattsektafé ríkisskattanefndar standi straum af rekstri skattrannsóknadeildar að einhverju eða öllu leyti.
10. Margir hafa fyrir augunum dæmi um einstaklinga sem berast stórlega mikið á en greiða jafnframt litla skatta. Þetta þekkja allir. Skattrannsóknadeild þarf að geta rannsakað slík tilvik jafnvel eftir ábendingum frá almenningi.
11. Við þurfum að kynna okkur ítarlega og taka upp þær skattaeftirlitsreglur sem best hafa gefist í grannlöndum okkar.

F. h. þingflokks Alþýðuflokksins,

Eiður Guðnason formaður.
Jóhanna Sigurðardóttir varaform.
Karvel Pálmason ritari.

Fylgiskjal XV.

Þingsályktun

um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma ítarlegar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem mættu verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags, sem almennt geti talist réttmæt, og skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir.

Í könnunum þessum skal m. a. hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti:

1. Að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni og seinni liðir ályktunarinnar fjalla um.
2. Að framkvæma tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — í hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga.
3. Að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. a. s. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. a) ábyrgðar, b) áhættu, c) hæfni, d) lífaldurs, e) prófa, f) starfsaldurs, g) starfsreynslu, h) streitu, i) óþrifnaðar, j) viðhorfa, k) þekkingar, e) erfiðis o. fl. þátta sem að gagni mættu koma.
4. Að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir.
5. Að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum.
6. Að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga, og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu.
7. Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna.
8. Að athuga hvort víðar sé hægt að koma við að skaðlausu afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera.
9. Að leita skýringa, ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri.
10. Að kanna hvort brögð séu að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum.
11. Að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, t. d. vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.
12. Að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör — þegar önnur atriði eru sambærileg.

13. Að rannsaka og upplýsa með hvaða hætti atvinnureksturinn í landinu notar hina ýmsu launaliði til að réttlæta verðhækkunarbeiðnir sínar fyrir verðlagsnefnd.
14. Að kanna hvaða möguleikar felast í tekjutilfærslukerfum ríkisins, t. d. skatta- og almannatryggingakerfinu, til að jafna tekjuskiptingu og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa í vaxandi þjóðartekjum.
15. Að athuga á grundvelli þessara upplýsinga hvort ekki sé hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu.

Niðurstöður ofangreindra kannana skal jafnan leggja fyrir Alþingi, þegar þær liggja fyrir.

Samþykkt á Alþingi 28. apríl 1980.

Fylgiskjal XVI.

FRUMVARP UM ENDURMAT Á STÖRFUM LÁGLAUNAHÓPA

1984 (107. löggjafarþing) — 51. mál.

Nd. 51. Frumvarp til laga

um endurmat á störfum láglaunahópa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristófer Már Kristinsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Markmið þessara laga er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa 5 manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, í þessum lögum nefnd láglaunanefnd.

Skal nefndin kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins, svo sem frá Alþýðusambandi Íslands, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka og annarra aðila eftir því sem þörf er á.

Nefndin skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir, sem nauðsynlegar eru að hennar mati, og hafa aðgang að gögnum opinberra stofnana.

3. gr.

Verkefni láglaunanefndar, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

a. upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör eru innan starfsgreina og milli þeirra.

b. skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa.

c. gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Samanburður skal annars vegar gerður á störfum faglærðra láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra.

Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athuga hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum o. þ. h.

Leggja skal til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð á jafnt mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu (þ. m. t. vegna atvinnusjúkdóma), menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör.

d. meta á sama hátt hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag (sbr. c-lið). — Sérstakt tillit skal taka til ýmissa eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðinum.

Við þennan samanburð skal taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skal hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður.

e. gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar.

4. gr.

Láglaunanefnd skal hraða verkefnum sínum skv. 3. gr. eins og kostur er og skila skýrslu með niðurstöðum nefndarinnar til félagsmálaráðherra innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skal flytja Alþingi skýrslu um niðurstöðu láglaunanefndar, sbr. 4. gr.

Að lokinni umfjöllun Alþingis um niðurstöður nefndarinnar skal Alþingi taka ákvörðun um hvort nefndin haldi áfram störfum eða verkefni á sviði kjararannsókna verði aukin á annan hátt.

6. gr.

Kostnaður við störf láglaunanefndar greiðist með eftirfarandi hætti: 60% greiðist úr ríkissjóði og 40% af aðilum vinnumarkaðarins samkv. nánari ákvörðun félagsmálaráðuneytisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 106. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið er nú endurflutt að mestu óbreytt en því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að lögfest verði tímabundið skipan láglaunanefndar sem hafi það verkefni að framkvæma hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Einnig mundi slík rannsókn leiða í ljós hvernig launamisrétti kynjanna er háttað í einstökum starfsgreinum.

Með þessu frumvarpi er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Gert er ráð fyrir að að fenginni niðurstöðu nefndarinnar og reynslu af hennar störfum taki Alþingi ákvörðun um hvort rétt sé að lögfesta áfram í einum eða öðrum búningi skipulegar vinnu- eða kjararannsóknir á vegum framkvæmdavaldsins. Eðlilegt verður að telja að slíkar rannsóknir séu stöðugt í gangi til þess að hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað hverju sinni. Í því sambandi má benda á að eitt af verksviðum félagsmálaráðuneytisins, sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir, samkv. reglugerð um stjórnarráð nr. 96/1969.

Segja má að þar sem frumvarp þetta fjallar að meginefni til um skipan nefndar sem hafi tímabundin, ákveðin verkefni væri eðlilegra að flytja um það þingsályktunartillögu. En á Alþingi hefur þegar verið flutt tillaga til þingsályktunar um að framkvæmdavaldið skuli láta fara fram kjararannsóknir og úttekt á launakjörum í þjóðfélaginu. Að hluta til var efni þeirrar þingsályktunartillögu hliðstætt því sem er í þessu frumvarpi. Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi 28. apríl 1980. En þrátt fyrir þá viljayfirlýsingu löggjafarvaldsins, sem í henni fólst, hefur ekkert verið aðhafst til að koma henni í framkvæmd. Í fyrirspurn til fyrrverandi félagsmálaráðherra hefur verið ítrekuð á Alþingi nauðsyn þess að hrinda henni í framkvæmd, en allt hefur komið fyrir ekki. Að auki má benda á að á 104. löggjafarþingi flutti Guðrún Helgadóttir þingsályktunartillögu um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbanka, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

Það er því ljóst að lögbinda verður þær kjararannsóknir og endurmat sem hér er lagt til að verði framkvæmt. Hér er valin sú leið að nú verði tekin fyrir sérstaklega kjör láglaunahópanna og sérfróðum aðilum falin rannsókn og endurmat á störfum og kjörum þessara hópa.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega skal athuga hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðlisþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun.

Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ. e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta, eða hærra launaðra stétta í þjóðfélaginu, séu í eðlilegu samræmi við kjör láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Einnig er lagt til að fá fram samanburð á launum og öðrum kjörum ríkisstarfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði.

Þó að það sé ekki á verkefnaskrá nefndarinnar í frumvarpinu væri æskilegt, sé þess nokkur kostur, að fá fram hver þróunin hefur verið í tekjuskiptingunni almennt og milli kynja á undanförnum árum, t. a. m. 10 ára tímabili.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst að það mat og sú rannsókn, sem frumvarpið felur í sér á störfum láglaunahópanna, er langt frá því að vera auðvelt í framkvæmd. Það er engu síður skoðun flutningsmanna að hér sé um svo brýnt og knýjandi viðfangsefni að ræða að stjórnvöldum beri skylda til að sjá svo um að þessi tilraun sé gerð og að hlutlausir aðilar með þekkingu á vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati verði fengnir til starfans.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis um slíka rannsókn. Flm. eru þeirrar skoðunar að slík rannsókn verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hafa til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins er viss hætta á að hver færi að toga í sinn spotta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn, — ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á annað má einnig benda. Áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Ein ástæða þess, að slík skilgreining hefur ekki fengist, er að ekki hefur verið kannað ítarlega í öllum starfsgreinum hvaða yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir utan við hina eiginlegu kauptaxta eru ákvarðandi hluti dagvinnutekna eða heildarlaunatekna í einstökum starfsgreinum.

Í frumvarpinu er nefndinni ekki sett nein viðmiðun í starfi sínu um hvernig eða með hvaða hætti hún skuli skilgreina láglaunahópana, enda eðlilegra að viðmiðunarmörk séu í höndum sérfróðra aðila.

Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati. Ekki er kveðið á um sérstakar tilnefningar í þessa nefnd, en til þess er ætlast að hún sé skipuð, eins og kostur er, aðilum sem ekki hafa sérstakra hagsmuna að gæta fyrir einn hóp fremur en annan sem úttekt þessi og rannsókn nær til. Með því fæst hlutlægara mat á því verkefni, sem vinna á, auk þess sem gera má ráð fyrir að verkið vinnist hraðar.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda ætlast til þess að þeir séu kallaðir til ráðuneytis um málið án þess þó að eiga beina aðild að nefndinni. Auk þess má benda á að niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila vinnumarkaðarins, heldur fremur leiðbeinandi og til þess gerð að auðvelda þeim alla ákvarðanatöku.

Nauðsynlegt er einnig að samráð sé haft við Jafnréttisráð um þetta verkefni, auk þess sem aðilar eins og kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, sem vinna að ýmsum tölfræðilegum upplýsingum, tengjast slíkri rannsókn, svo og félagsvísindadeild Háskólans.

Nauðsynlegt er að við skipan nefndarinnar verði gætt eðilegs jafnræðis milli kynja eins og kostur er, ekki síst með tilliti til þess að flestöll hefðbundin kvennastörf eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu.

Um 3. gr.

Eitt af verkefnum nefndarinnar samkvæmt þessari grein er að fá fram upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu og launakjör þar sem yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir koma fram. En vitneskja um áhrif þeirra þátta á dagvinnutekjur og heildarlaunatekjur er nauðsynleg til að hægt sé að skilgreina láglaunahópana á markvissan hátt og meta hlut þeirra í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Oft er deilt um skilgreiningu á því hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa, bæði við gerð kjarasamninga og eins í aðgerðum stjórnvalda til að bæta kjör þeirra sérstaklega. Þessu til staðfestingar má m. a. benda á umfjöllun um láglaunabætur á s. l. vetri. Því er nauðsynlegt að láglaunanefndin geri tilraun til að skilgreina hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi þá hópa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að fram fari umræður á Alþingi um niðurstöður láglaunanefndar og að Alþingi taki síðan ákvörðun um hvort, og þá á hvern hátt, auka beri rannsóknir af hálfu framkvæmdavaldsins á sviði vinnu- og kjararannsókna.

Ef Alþingi ákveður að nefndin skuli ekki halda áfram störfum er gert ráð fyrir að Alþingi nemi þessi lög úr gildi. Er sá háttur hafður á þar sem eðlilegt er að Alþingi taki mið af störfum nefndarinnar þegar það ákveður hvort og í hvaða farveg skuli skipa vinnu- og kjararannsóknum á vegum framkvæmdavaldsins.


Auk þess er erfitt að tímasetja nákvæmlega í gildistökugrein hvenær lög þessi falla úr gildi, bæði með tilliti til starfa nefndarinnar og þess svigrúms sem Alþingi þarf til þess að fjalla um málið.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal XVII.

VÍSITÖLUR ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLU OG ÞJÓÐARAUÐS



„Á mynd 1 getum við fengið góða hugmynd um hvaða stærðir um er að tefla þegar við spyrjum okkur hvað kunningjaþjóðfélagið kostar. Á efri hluta myndarinnar eru tvær vísitölur. Önnur vísitalan sýnir þjóðarframleiðsluna sem er hugtak sem við öll þekkjum og segir okkur virði framleiðslu þjóðarinnar af vörum og þjónustu eins og orðið sjálft bendir til. Hin vísitalan er fyrir þann hluta þjóðarauðsins sem notaður er við framleiðsluna. Það er virði þeirra fjármuna sem bundnir eru í atvinnutækjum hvers konar, svo og byggingum og mannvirkjum hins opinbera. Vísitölurnar tvær sýna okkur þróun mála frá 1969 til ársins í

fyrra. Við sjáum að á árunum 1970—74 liggur vísitala þjóðarframleiðslunnar fyrir ofan hina vísitöluna, en síðan snýst dæmið alveg við. Það sem þessar vísitölur og misgengi þeirra segir okkur er sýnt á neðri hluta myndarinnar. Þar sjáum við hvað hver króna, sem bundin er í fjármunum til framleiðslu, raunverulega skilar miklu. Við miðum við verðlag ársins 1969 til þess að fá réttan samanburð.

Á árinu 1969 skilaði hver króna í fjármunum í atvinnulífinu og byggingum og mannvirkjum hins opinbera 41,2 aurum. Þetta var síðasta ár samdráttarins mikla á árunum 1967—69 og má ætla að fjármunir hafi af þeim sökum verið illa nýttir. T. d. var meðalatvinnuleysi á því ári 5% af mannafla. Nýting fjármunanna batnaði á árunum 1970—1974. Við komumst út úr samdrættinum, álverið í Straumsvík tók til starfa og fyrstu skuttogararnir í nýstækkaðri landhelgi virtust eiga rétt á sér, ekki síst minni togararnir.

Á árinu 1973 skilar hver króna bundin í þjóðarauðnum í framleiðslunni 45,8 aurum. Síðan fór að síga á ógæfuhlið. Krónan í fjármunum skilaði ekki nema 40,4 aurum á árinu 1975 og alltaf á milli 39 og 40 aurum á árunum 1976—1980. Erfiðleikar voru á árunum 1974 og 1975 sem skýrir af hverju afraksturinn af þjóðarauðnum minnkaði á þeim árum. En hin lélega nýting fjármunanna á árunum þar á eftir er fyrst og fremst **afleiðing af röngum fjárfestingum.** Uppbygging skuttogaraflotans og hraðfrystihúsanna skilaði ekki því sem hún hefði átt að skila. Kröfluævintýrið er farið að fá á sig þjóðsagnarblæ, en það gerðist einmitt á þessum árum og reikningurinn fyrir það er enn ógreiddur. Þetta voru ár hinna neikvæðu raunvaxta þegar sparifé landsmanna var brennt á báli verðbólgunnar og þegar kunningja-þjóðfélagið varð okkur hvað dýrkeyptast.


Um þverbak hefur keyrt á árunum eftir 1981. Á því ári var afraksturinn í framleiðslu 37,7 aurar eftir krónuna í fjármunum. Á árinu 1982 varð talan enn lægri, eða 35,6 aurar, og svo þegar verulega hægði á efnahagsstarfseminni fengum við aðeins 32,8 aura út úr hverri krónu í fjármunum í atvinnulífinu.

Horfur eru á að nýting fjármunanna batni aðeins þegar um hægist í efnahagsmálunum, en það er nær öruggt að við komumst hvergi nærri á það stig sem við vorum á fyrir 1980, hvað þá að við fáum afrakstur áranna 1970—1974."

(Úr Storð 1984, 2 tbl., bls. 23. Textinn er tekinn úr grein Vilhjálms Egilssonar: Hvað kostar kunningjaþjóðfélagið?)

Fylgiskjal XVIII.

LÁNSFJÁRSKÖMMTUN FRAMKVÆMDASJÓÐS



„Gagnrýni á Framkvæmdastofnunina hefur aðallega beinst að því að stofnunin er miðstöð dreifingar á lánsfjármagni til fjárfestingar; fjármagni sem oftast nær hefur verið skammtað á öðrum forsendum en arðsemi. Lántakendur hafa ekki fengið að sitja við sama borð heldur hefur þeim verið mismunað eftir atvinnugreinum og búsetu. Margar reglur má setja til þess að lánsfé sé réttlátlega skipt milli þeirra sem telja sig þurfa á því að halda. En þegar öllu er á botninn hvolft virðist svo sem verðið, sem lántakendur eru tilbúnir til þess að greiða fyrir lánsféð, sé réttlátasti mælikvarðinn. Alltaf þegar aðrar viðmiðanir eru notaðar koma upp ásakanir um spillingu, vinargreiða, pólitík og ýmislegt þaðan af verra. Ásakanir af þessu tagi eru ófrávíkjanlegur förunautur úthlutunarreglna sem taka mið af öðru en arðseminni eða getunni til þess að greiða fyrir afnotin af lánsfénu. Í kunningjaþjóðfélaginu eru menn nefnilega mismiklir vinir ....

Það þarf heldur ekki flóknar lagabreytingar til þess að fjárfestingarlánasjóðirnir og Framkvæmdastofnunin verði allt aðrar stofnanir en þær eru nú. En hér virðist svo sem tregðulögmálið gildi. Formaður nefndarinnar, sem átti að setja fram tillögur stjórnarflokkanna um nýja skipan mála, er enginn annar en Tómas Árnason, annar forstjóra Framkvæmdastofnunarinnar. Ekkert hefur komið frá nefndinni, en óþolinmóðir nefndarmenn hafa látið í sér heyra og hætt er við því að einhverjir þeirra hreinlega segi af sér."

(Úr Storð 1984, 2. tbl., bls. 24, 27 og 29. Textinn er tekinn úr grein Vilhjálms Egilssonar: Hvað kostar kunningjaþjóðfélagið?)

Kröfluvirkjun. *Ljósm. Páll Stefánsson.*

Í skýrslu, sem gerð var fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í fyrra, er komist að þeirri niðurstöðu, að með frekari borunum væri hægt að koma virkjuninni í full afköst eftir nokkur ár, og þá gæti hún borgað niður skuldir sínar á tæpum 20 árum. Ef aðeins önnur vélin er rekin með fullum afköstum, eins og nú er stefnt að, tæki þetta nokkru lengri tíma, samkvæmt skýrslunni. Iðnaðarráðherra telur hins vegar rétt að staldra við og beina athyglinni fremur að jarðhitasvæðunum á Reykjanesi.

„Ég *álít*," *segir* Kjartan Jóhannsson, „að allur framgangsmátinn við Kröflu á sínum tíma hafi verið dæmigerður íslenskur hamagangur, menn ætla að gera allt á stundinni og sjást ekki fyrir."

Þessu mótmælir Ragnar Arnalds: „Þetta var brautryðjendastarf á tæknisviðinu og menn geta alltaf búist við að lenda í óvæntum erfiðleikum. Það er auðvelt að vera vitur eftir á."

„Stærstu mistökin við Kröflu voru þau," segir Jón G. Sólnes, „að það láðist að setja einn Alþýðuflokksmann í nefndina — ef það hefði verið gert, hefði allt verið í rólegheitum."

— Voru það mistök?

„*Já það voru pólitísk mistök, herfileg mistök.*"

Kröflu-ævintýrið

Eftir Guðjón Einarsson

Vextir og afborganir af Kröfluvirkjun nema 401 milljón króna á þessu ári, en tekjur af rekstri virkjunarinnar nema aðeins 43 milljónum króna. Það sem upp á vantar að endar nái saman eru 358 milljónir króna. Það er tölulvert hærri upphæð en kostar að reka Háskóla Íslands í ár, svo dæmi sé tekið.

Íslenskir skattgreiðendur eru hins vegar ekki *farnir að finna fyrir þessum skuldabaggaennþá*, því öllum kostnaði við Kröfluvirkjun hefur verið ýtt á undan sér með lánum. Nú kostar virkjunin um 3 milljarða króna og við skuldum þetta næstum allt.

„Mér finnst að það hafi fyrst farið furðu vel yfir Kröfluævintýrið og menn hafi lært of lítið af því," segir Kjartan Jóhannsson formaður Alþýðuflokksins. „Þarna voru gerð herfileg mistök og þeir menn, sem að þeim stóðu, bera ábyrgð á þeim. Ég held, að ef þetta hefði gerst í grannlöndum okkar, hefði þeim verið ýtt til hliðar, hérna er lýðræðið ekki eins þróað. Þessir menn voru endurkjörnir í næstu kosningum og fengu þannig syndakvittun hjá fólkinu."

Jón G. Sólnes, fyrrum alþingismaður, var formaður Kröflunefndar á þessum tíma. Hann lítur öðruvísi á málið. „Talið um Kröflu er úr öllu velsæmi og viti, en fólkið verður alltaf að hafa einhvern blóraböggul," segir hann, og bætir við: „*Frumvarpið um Kröfluvirkjun var samþykkt* mótatkvæðalaust á Alþingi og allir mjög ánægðir. Það var fyrirsjáanlegur mikill raforkuskortur og það þurfti að bæta fljótt úr því. Kröflunefnd átti að byggja hús og útvega vélbúnað og það var gert af samviskusemi og einlægni."

Kjartan Jóhannsson bendir hins vegar á, að láðst hafi að tryggja orkuna áður en virkjunin var reist og vélarnar keyptar, þrátt fyrir aðvaranir sérfræðinga, og eftir að eldgosið kom upp hafi verið haldið áfram í blindni í stað þess að staldra við.

„Það er að vísu rétt," segir Ragnar Arnalds, alþingismaður, sem sat í Kröflunefnd, „að eftir *að vélar höfðu verið pantaðar taldi Orkustofnun* að kannski væri farið aðeins of hratt í málið, en hvorki Orkustofnun né nokkur annar sagði, að fyrst skyldi afla orkunnar og síðan byggja virkjunina. Þær raddir heyrðust ekki fyrr en erfiðleikarnir komu í ljós, og eftir að eldgosið varð, var of seint að snúa við. Allar ákvarðanir voru teknar af *ríkisstjórn í samræmi við fjárlagaheimildir*, og ef sækja hefði átt menn til ábyrgðar, hefðu þúsna margir þurft að segja af sér."

(Storð 1984, 2. tbl., bls. 26—27.)

Togara-saga

Ný skip geta mörg hver aldrei fiskað upp í afborganir og vexti af lánunum sem tekin voru til að fjármagna kaupin á þeim. Sú tíð er liðin að menn geti látið veröbólguna hjálpa sér að greiða lánin niður. Öll lán eru nú að fullu gengis- og verðtryggð og allt frá árinu 1978 hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna varað útgerðarmenn og stjórnvöld mjög ákveðið við því að fjölga fiskiskipum, — ekki aðeins vegna versnandi lánskjara, heldur fyrst og fremst vegna þess að engin þörf er fyrir fleiri skip. Þrátt fyrir viðvaranir LÍÚ og annarra hefur togurum fjölgað á þriðja tug frá 1978 og eru nú alls um 100.

Dæmi um skip, sem aldrei mun geta borgað skuldir sínar sjálft, er Kolbeinsey ÞH, sem smíðuð var í Slippstöðinni á Akureyri og afhent Húsvíkingum 1981. Fyrir áttu þeir einn togara. Kolbeinsey kostaði 49 milljónir króna, en í lok þessa árs munu skuldir hennar nema 180 milljónum. Vátryggingaverðmæti skipsins er hins vegar 159 milljónir króna, þannig að skuldin er orðin 21 milljón meiri en tryggingaverðmætið. Samkvæmt samningi við Fiskveiðasjóð renna 20% af skiptaverði afla skipsins beint til greiðslu vaxta og afborgana, og mun sú upphæð nema um 6 milljónum króna í ár, miðað við að togarinn afli 3.100 tonna. Vanskil við Fiskveiðasjóð námu hins vegar 43 milljónum króna um síðustu áramót.

Þegar Kolbeinsey ÞH var keypt fengust 75% að láni úr Fiskveiðasjóði, tæp 10% úr Byggðasjóði og það sem á vantaði var framlag hluthafanna, mest fengið að láni annars staðar, þannig að eigið fé var lítið sem ekkert.

Kristján Ásgeirsson framkvæmdastjóri útgerðarinnar, sem veitti ofangreindar upplýsingar, var spurður, hvort mönnum hefði ekki verið ljóst í upphafi, að þetta dæmi gengi aldrei upp.

„Okkur var ljóst, að meira fé yrði að koma frá hluthöfum," sagði Kristján, „en hins vegar sáum við ekki fyrir hina miklu hækkun á gengi dollarans, sem stórhækkaði lánin hjá okkur, án þess að tilsvarandi hækkun fengist á fiskverðinu." Og hann bætti við: „Við vorum þarna að gera ráðstafanir til þess að halda uppi eðlilegri atvinnu og nýta þá fjárfestingu, í fiskvinnslunni á staðnum, sem búið var að stofna til. Og það má einnig spyrja: Áttum við ekki inni að fara sömu leið og aðrir með atvinnuuppbyggingu? Þessi atvinnutæki hafa gjörbreytt mannlífinu hér."

Á móti kann einhver að spyrja: Hvers vegna var haldið áfram að veita lán úr opinberum sjóðum til togarakaupa, ef augljóst var að skipin stöðu ekki undir vöxtum og afborgunum?


Davíð Ólafsson formaður stjórnar Fiskveiðasjóðs sagði, að ekki væri hægt að gera þá kröfu á sjóðinn að hann hefði vit fyrir mönnum að þessu leyti. Hann benti á, að til væru skip frá þessum tíma, sem staðið hefðu í skilum, einkum þar sem verulegt eigið fjármagn hefði verið lagt í kaupin. Ef menn fengju hinsvegar 75—90% af kaupverðinu að láni, væri dæmið vonlaust. Hann sagði, að vanskilaskipin hefði átt að setja á uppboð, — það væri sú leið sem Fiskveiðasjóður hefði til þess að ná aftur fé sínu, — en þetta hefði ekki verið gert. „Fiskveiðasjóður fór út í það að lækka lánahlutfallið til þess að knýja menn til að leggja fram meira eigið fé, en þá fengu menn bara meira lánað í öðrum lánastofnunum og sjóðum, svo sem Byggðasjóði," sagði Davíð.

Og hann bætti við: „Það var ekki pólitískur vilji til þess að stöðva þessar lánveitingar eða *setja hömlur á skipasmíðar*."

„Það er rétt, að fiskiskipunum var fjölgað of mikið, það voru aðallega mistök stjórnmálamanna. Þetta voru kjósendaveiðar," sagði Sverrir Hermannsson ráðherra, sem á þessum árum var forstjóri Framkvæmdastofnunar. „Fiskveiðasjóður var aðal lánasjóðurinn, en ég er ekki þar með að lýsa allri sök af Framkvæmdastofnun í þessu máli, hún hefur verið einn liðurinn í þessari óráðsíu."

Hvað gert verður í málum skuldugustu skipanna er óráðið. Skuldbreytingin, sem nú stendur yfir, mun ekki bjarga þeim öllum. Ef þau verða sett á uppboð, mun söluverð sumra þeirra hvergi nægja fyrir skuldum. Þetta dæmi er enn óuppgert.

Guðjón Einarsson tók saman.



Togarinn Kolbeinsey ÞH. Ljósm. Snorri Snorrason.

(Storð 1984, 2. tbl. bls. 28—29.)

Fylgiskjal XXI.

150 stærstu fyrirtækin 1982

Röð	Röð 1981	Fyrirtæki	Velta í millj. kr.	Breyting veltu f.f.á.	Slysatr. vinnu-vikur	Meðal-fjöldi starfsm.	Beinar launa-greiðslur samt.	Meðal árslaun — í þús. kr.
1	(1)	Samband ísl. samvinnufélaga	3.627,0	52,2%	82.046	1.574	237,7	173,5
2	(3)	Landsbanki Íslands	2.277,7	92,0%	53.663	1.032	170,6	165,3
3	(2)	Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna	2.002,5	43,9%	4.129	79	15,3	193,5
4	(4)	Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda	1.796,0	53,1%	2.781	53	9,5	179,3
5	(7)	Flugleiðir hf.	1.602,4	102,9%	62.316	1.198	267,4	223,2
6	(5)	Olíufélagið hf.	1.471,9	56,6%	14.774	284	52,2	183,8
7	(6)	Kaupfélag Eyfirðinga	1.222,7	54,3%	53.030	1.020	160,6	157,4
8	(10)	Íslenska Álfélagið hf.	1.138,8	56,9%	40.126	772	199,2	258,0
9	(8)	Olíufélagið Skeljungur hf.	1.103,2	48,8%	14.685	282	47,4	168,1
10	(9)	Áfengis og tóbaksv. ríkisins	1.100,8	49,6%	6.812	131	20,9	159,2
11	(11)	Eimskipafélag Íslands hf.	955,0	74,6%	42.974	826	164,1	198,7
12	(13)	Olíuverslun Íslands hf. OLÍS	808,0	50,2%	12.536	241	40,8	169,3
13	(15)	Búnaðarbanki Íslands	789,0	84,2%	20.242	390	68,9	173,6
14	(14)	Póstur og sími	767,9	65,3%	103.351	1.988	330,1	166,0
15	(19)	Útvegsbanki Íslands	691,9	133,9%	16.395	315	54,2	172,1
16	(16)	Sláturfélag Suðurlands	641,5	50,3%	29.532	568	90,4	159,2
17	(12)	Mjólkursamsalan, Rvk.	593,2	60,6%	12.837	247	43,5	176,1
18	(24)	Landsvirkjun	535,1	93,5%	16.417	316	84,4	267,1
19	(21)	Rafmagnsveitur ríkisins	473,3	64,5%	22.120	425	107,4	252,7
20	(18)	Kaupfélag Borgfirðinga	469,3	53,3%	14.036	270	41,4	153,3
21	(25)	Hagkaup hf.	420,1	58,5%	16.827	323	43,6	134,9
22	(22)	Rafmagnsveita Reykjavíkur	411,2	46,9%				
23	(28)	Osta og smjörsalan sf.	410,9	64,0%	3.957	76	9,3	122,4
24	(59)	Íslenskir Aðalverktakar sf.	387,5	208,0%	20.727	399	75,2	188,5
25	(26)	Mjólkurbú Flóamanna Selfossi	386,7	51,1%	7.177	138	25,4	184,1

150 stærstu fyrirtækin á Íslandi 1982

Röð	Röð 1981	Fyrirtæki	Velta í millj. kr.	Breyting veltu f.f.á.	Slysatr. vinnu-vikur	Meðal-fjöldi starfsm.	Beinar launa-greiðslur samt.	Meðal árslaun — í þús. kr.
26	(30)	Kaupfélag A-Skaftf. Höfn, KASK	382,5	60,6%	16.496	317	52.3	164,7
27	(32)	Kaupfélag Skagfirðinga	381,3	66,3%	15.711	302	39.6	131,1
28	(29)	Bæjarútgerð Reykjavíkur	365,6	53,1%	22.974	441	104,5	237,0
29	(33)	Kaupfélag Héraðsbúa	338,1	54,9%	13.100	252	36.2	143,6
30	(39)	Hafskip hf.	329,5	87,7%	12.980	250	52.1	208,4
31	(34)	Hekla hf.	327,8	57,6%	5.835	112	21.3	190,2
32	(40)	Samvinnubankinn hf.	322,0	92,7%	13.055	251	43.4	173,1
33	(35)	Kaupfélag Þingeyinga	320,1	64,3%	11.016	212	30.3	143,0
34	(31)	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	312,3	33,5%	20.924	402	93.3	232,1
35	(45)	Arnarflug hf.	287,1	82,4%	4.261	81	20.3	250,6
36	(41)	Bílaborg hf.	283,6	76,0%	4.349	83	10.8	130,1
37	(27)	Síldarvinnslan hf. Neskaupst.	260,5	2,7%	18.730	360	76.6	212,8
38	(46)	Samvinnutryggingar gt.	260,4	70,6%	9.647	185	30,8	166,5
39	(52)	Veltir hf.	259,6	84,0%	3.706	71	16.5	252,4
40	(53)	Iðnaðarbanki Íslands hf.	256,5	88,6%	6.508	124	20.8	198,0
41	(50)	Íslenska járnblendifélagið hf.	254,7	71,6%	8.511	164	39.9	243,3
42	(20)	Íslenska umboðssalan hf.	254,5	−8,6%	793	15	2.4	160,0
43	(43)	Kaupfélag Árnesinga Selfossi	252,7	59,2%	12.178	234	35,1	150,0
44	(47)	Áburðarverksmiðja ríkisins	252,2	66,6%	10.228	196	38.8	198,0
45	(36)	Einar Guðfinnsson hf. Bolv.	230,4	24,1%	15.587	269	59.2	346,1
46	(44)	Álafoss hf.	227,0	43,1%	12.740	245	41.7	170,2
47	(42)	Síldarútvegsnefnd	222,4	39,2%	1.231	24	5.9	245,0
48	(54)	Kaupfél. Húnv. og Söluf. A-Hún.	212,9	58,3%	6.533	125	12.3	145,8
49	(57)	Byggingavöruv. Kóp. BYKO	211,9	65,9%	5.404	104	17.9	172,1
50	(55)	Sementsverksmiðja ríkisins	193,7	47,6%	11.444	220	42.5	193,2
51	(48)	Ísbjörninn hf.	187,5	24,6%	13.000	250	56.6	226,4
52	(62)	Hitaveita Reykjavíkur	186,6	64,1%				
53	(51)	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	184,2	26,8%	11.826	228	46.6	204,4
54	(56)	Slippstöðin hf. Akureyri	184,1	40,8%	14.616	281	55,2	196,4
55	(63)	Kaupfélag Suðurnesja	181,5	63,5%	5.865	113	16,9	149,6

150 stærstu fyrirtækin á Íslandi 1982

Röð	Röð 1981	Fyrirtæki	Velta í millj. kr.	Breyting veltu f.f.á.	Slysatr. vinnu-vikur	Meðal-fjöldi starfsm.	Beinar launa-greiðslur samt.	Meðal árslaun — í þús. kr.
56	(60)	Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	176,2	47,7%	9.176	176	36,3	200,0
57	(64)	Kaupfélag Rvk. og nágr. KRON	168,5	51,9%	12.855	247	35,2	142,5
58	(74)	Húsasmiðjan hf. Rvk.	167,5	78,4%	3.795	72	13,6	188,9
59	(81)	Verslunarbanki Íslands hf.	165,1	85,3%	6.300	121	19,1	147,7
60	(72)	Íslensk endurtrygging hf.	164,9	71,0%	627	12	2,1	175,0
61	(37)	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	163,1	−8,9%	13.249	255	43,2	161,4
62	(61)	Íshúsfél. Ísfirðinga h.f.	162,2	42,4%	7.927	153	26,3	171,9
63	(66)	O. Johnson & Kaaber hf.	149,5	37,6%	2.043	39	7,6	194,9
64	(68)	H. Böðvarsson & Co. Akranesi	148,6	44,0%	10.097	194	38,5	198,5
65	(71)	Kaupfél. V-Húnv. Hvammst.	147,7	51,0%	3.829	74	10,9	147,3
66	(77)	Vinnslustöðin hf. Vestm.	143,3	55,0%	8.831	170	31,8	187,1
67	(75)	Víkur hf. Saltsalan hf. Rvk.	140,0	50,2%	6.116	118	14,7	124,0
68	(65)	Meitillinn hf. Þorlh.	138,3	25,4%	11.540	222	38,9	175,2
69	(82)	Fiskiðjusamlag Húsavíkur	138,2	57,7%	10.984	211	33,5	158,8
70	(23)	Síldarverksmiðjur ríkisins	135,5	−51,4%	5.899	113	18,6	164,6
71	(—)	Sölustofnun lagmetis	134,2	117,5%	468	9	2,1	233,0
72	(78)	Kaupfélag Rangæinga	133,4	45,0%	7.043	135	19,2	142,2
73	(89)	Tryggingamiðstöðin hf.	131,3	66,4%	1.467	28	5,3	189,0
74	(86)	Heðinn – Garða-Héðinn hf.	131,1	63,1%	8.936	172	30,2	178,2
75	(79)	Ingvar Helgason heildv.	130,2	45,0%	1.821	35	4,6	131,4
76	(88)	Fiskiðjan hf. Vestm.	125,0	57,6%	7.408	142	27,2	191,6
77	(100)	Kassagerð Reykjavíkur hf.	122,8	79,5%	7.157	138	25,6	185,5
78	(80)	Vörumarkaðurinn hf.	122,7	36,8%	3.363	65	11,0	169,2
79	(94)	Brunabótafél. Íslands	122,5	70,4%	3.511	67	11,3	168,7
80	(90)	Hvalur hf.	122,0	59,1%	6.509	125	40,0	320,0
81	(95)	Sveinn Egilsson hf.	121,7	70,9%	3.140	60	11,2	186,7
82	(105)	Árvakur hf. (Morgunbl.)	120,3	82,5%	9.381	180	40,3	223,9
83	(84)	Sjóvátryggingafél. Ísl. hf.	119,8	47,5%	2.925	56	9,8	175,0
84	(99)	Almennar tryggingar hf.	119,6	74,6%	2.946	56	10,0	178,6
85	(76)	Norðurtangi hf. Ísafirði	116,7	25,2%	8.855	170	31,9	187,7

150 stærstu fyrirtækin á Íslandi 1982

Röð	Röð 1981	Fyrirtæki	Velta í millj. kr.	Breyting veltu f.f.á.	Slysatr. vinnu-vikur	Meðal-fjöldi starfsm.	Beinar launa-greiðslur samt.	Meðal árslaun — í þús. kr.
86	(98)	Kaupfélag Svalbarðseyrar	114.7	67.2%				
87	(—)	Hraðfrystistöðin Rvk.	114.1	—	5.631	108	20.2	187.0
88	(87)	Kristján Ó. Skagfjörð hf. Rvk.	113.5	43.1%	3.056	59	12.0	203.4
89	(110)	Nesskip hf. – Ísskip hf.	111.5	80.1%	5.606	108	27.8	259.5
90	(—)	Þýsk-íslenska verslunarfél. hf.	111.4	—	1.585	30	3.2	106.7
91	(92)	Kaupfélag Dýrfirðinga Þingeyri	104.8	43.0%	6.494	125	24.1	192.8
92	(106)	Þorbjörn hf. Grindavík	104.7	60.1%	6.630	127	23.8	187.4
93	(70)	Síldar og fiskim. Heimaskagi	104.6	4.5%	5.747	110	22.4	196.9
94	(107)	Miðnes hf. Sandgerði	104.5	65.9%	6.692	129	23.5	182.2
95	(117)	Smjörlíki hf. – Sól hf.	104.1	88.9%	3.094	60	8.9	148.0
96	(91)	Heimilistæki hf. Rvk.	104.0	39.6%	3.621	69	14.0	202.9
97	(101)	Hampiðjan hf. Reykjavík	103.2	51.3%	11.053	212	32.1	151.4
98	(119)	Sparisjóður Hafnarfjarðar	102.2	90.7%	2.680	52	8.5	163.5
99	(115)	BM-Vallá hf. Rvk.	101.5	74.1%	2.615	50	11.5	230.0
100	(127)	IBM World Trade Rvk.	99.8	95.3%	2.993	57	20.3	356.3
101	(83)	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	99.3	23.0%	7.256	140	26.9	192.2
102	(126)	Sparisjóðurinn í Keflavík	98.9	93.2%	2.619	50	9.3	186.0
103	(96)	Tangi hf. Vopnafirði	97.5	37.5%	7.415	143	25.0	174.8
104	(97)	Þormóður Rammi hf. Sigluf.	94.1	34.4%	7.941	153	31.0	202.6
105	(83)	Fiskanes hf. Grindavík	92.7	7.2%	5.302	102	21.3	208.8
106	(108)	Frosti hf. – Alftfirðingur hf. Suðavík	92.0	47.7%	5.572	107	23.6	323.9
107	(137)	Kísiliðjan hf. Myvatnssveit	91.9	108.4%	4.614	89	17.5	196.6
108	(123)	Kaupfélag N-Þing. Kópasker	91.4	75.1%	3.895	75	11.7	156.0
109	(109)	Eggert Kristjánsson & Co. hf.	91.3	47.5%	1.197	23	4.4	191.0
110	(—)	Alþýðubankinn	91.0	109.2%	2.548	49	7.7	157.1
111	(130)	Sparisjóður Reykjavíkur & nágr.	90.6	84.9%	2.293	44	7.9	179.5
112	(147)	K. Jónsson & Co. hf. Akureyri	90.1	157.4%	4.629	89	14.1	158.4
113	(112)	Keflavík hf.	89.5	49.9%	8.027	154	32.2	209.1
114	(—)	Kaupfélag Hafnfirðinga	88.1	—	3.052	59	7.9	133.9
115	(—)	Frjáls fjölmiðlun hf. (DV-Vikan)	86.0	—	5.322	102	19.5	191.2

150 stærstu fyrirtækin á Íslandi 1982

Röð	Röð 1981	Fyrirtæki	Velta í millj.kr.	Breyting veltu f.f.á.	Slysatr. vinnu-vikur	Meðal-fjöldi starfsm.	Beinar launa-greiðslur samt.	Meðal árslaun — í þús. kr.
116	(118)	Kaupfél. Skaftfellinga Vík	85,9	58,5%	4.265	82	11,6	141,5
117	(93)	Freyja hf. Suðureyri	85,6	18,2%	5.872	113	23,1	204,4
118	(124)	Kaupf. Hvammsfj. Króksfjarðarn.	84,2	61,3%	2.717	52	9,8	188,0
119	(—)	Ístak hf. – Íslenskt verktak	83,6	—	7.637	147	35,5	241,5
120	(—)	Reykjalundur. Mosfellssveit	83,2	—	12.190	234	35,6	152,1
121	(114)	Trygging hf. Rvk.	82,5	40,8%	2.186	42	8,3	197,0
122	(139)	Kaupfélag Ísfirðinga	80,9	92,2%	2.821	54	7,1	131,5
123	(116)	Kirkjusandur hf. Rvk.	80,7	38,9%	7.137	137	16,5	120,4
124	(129)	Samábyrgð Ísl. á fiskiskipum	79,8	59,6%	891	17	3,0	176,0
125	(120)	Magnús Gamalíelss. hf. Ólafsf.	79,6	49,9%	5.642	108	22,6	209,3
126	(133)	Kaupfél. Vopnfirðinga	79,6	66,5%	3.534	68	9,6	141,1
127	(104)	Fálkinn hf. Rvk.	78,9	20,1%	3.229	62	11,0	177,4
128	(124)	Orkubú Vestfjarða	77,6	50,7%	5.652	109	20,1	184,4
129	(131)	Kaupfél. Steingrfj. Hólmavík	77,0	60,0%	3.497	67	8,7	129,8
130	(—)	Loftorka sf. Rvk. Borgarn.	76,7	—	5.387	104	16,8	161,5
131	(—)	Skipaútgerð ríkisins Rvk.	76,6	—	7.347	141		—
132	(69)	Lýsi hf.	76,2	26,1%	3.247	62	12,6	203,0
133	(125)	Hraðfrystih. Tálknafjarðar hf.	73,5	43,3%	3.583	69	19,5	282,6
134	(58)	Bern. Petersen. útfl.versl.	73,0	42,1%	601	12	2,1	175,0
135	(—)	Hraðfrystistöðin hf. Vestm.	71,5	—	5.622	108	23,3	215,7
136	(—)	Ísl. útflutningsmiðstöðin hf.	71,9	—				
137	(17)	Samlag skreiðarframleiðenda	70,5	78,2%	309	6	1,6	266,7
138	(135)	Hilda h.f. Rvk.	70,2	48,7%	2.089	40	7,3	182,5
139	(—)	Johns Manville hf. Húsavík	70,2	—	85	2	0,4	200,0
140	(102)	Hraðfr.hús Stöðvarfjarðar h.f.	69,3	32,0%	5.468	105	20,8	198,1
141	(—)	Prentsmiðjan Oddi h.f. Rvk.	68,5	—	5.982	115	23,4	203,5
142	(138)	Kaupfélag Langnesinga Þórsh.	67,3	57,6%	2.812	54	8,4	155,6
143	(49)	G. Albertss. útfl.versl. Rvk.	66,6	55,5%				
144	(143)	Kaupfélagið Fram Neskaupst.	62,5	64,5%	2.689	52	7,6	146,2
145	(140)	Rafveita Akureyrar	61,6	49,5%				

150 stærstu fyrirtækin á Íslandi 1982

Röð	Röð 1981	Fyrirtæki	Velta í millj.kr.	Breyting veltu f.f.á.	Slysatr. vinnu-vikur	Meðal-fjöldi starfsm.	Beinar launa-greiðslur samt.	Meðal árs-laun — í þús.kr.
146	(128)	Fiskimjölsverksm. h.f. Vestm.	59,7	19,2%	3.513	68	12.9	189.7
147	(141)	Samtog h.f. Vestm.eyjum	58,6	47,6%	3.134	60	21.5	358.3
148	(150)	Lyfjaverslun ríkisins Rvk.	58.2	84,2%				
149	(—)	Nói, Sírius og Hreinn hf. Rvk.	56.9	96.2%	4.636	89	11.7	131.5
150	(—)	Kaupfél. V-Barðstr. Patreksfj.	54.0	—	2.916	56	7.0	125.0

(Frjáls verslun 1983, 6. tbl., bls. 32—37.)

Fylgiskjal XXII.

Húseigendafélag Reykjavíkur:

Leigumarkaðurinn að hverfa

– vegna skattfrjálsra hávaxta og háskatta á fasteignum

■ Húseigendafélag Reykjavíkur hefur samþykkt áskorun á stjórn Leigjendasamtakanna um að taka höndum saman við félagið um að forða húsaleigumarkaðinum frá hruni. Frjáls leigumarkaður sé nauðsynlegur í nútíma þjóðfélagi en margir þættir stuðli nú að því að leiguhúsnæði sé að hverfa.

Húseigendafélagið færir rök fyrir því að miðað við núverandi vaxtakjör (yfir 10% raunvexti innlána) þurfi húseign að gefa af sér 13% til 14% af markaðsverði hennar einungis til þess að standa jafnfætis annarri fjárfestingu í landinu. Að teknu tilliti til þess að húsaleiga sé skattskyld – en sparifé ekki þyrfti leiga raunverulega að vera yfir 20% af verði fasteignar, eða t.d. yfir 400 þús. fyrir tveggja milljón krona eign, þ.e. um 35 þús., krónur á mánuði. Slík leiga sé ekki á færi venjulegs fólks. Það ætti því að vera sameiginlegt hagsmunamál húseigenda og leigjenda að álögum að létt af húseigendum og jafnframt að húsaleigutekjur fái sömu skattalega meðferð og vaxtatekjur. Með slíkri ráðstöfun mundi leiguíbúðum í einkaeign hætta að fækka.

Húseigendafélagið bendir á það að t.d. 2. milljón króna íbúð þurfi að gefa af sér 200 þús. kr. á ári einungis til þess að gefa sama arð og áhættulítið sparifé á um 10% raunvöxtum. Vegna þess að leigan er tekjuskattsskyld þarf að færa upphæðina upp í 350 þús. til að 200 þús. verði enn eftir, eftir skattlagningu. En hvorki vextir né verðbætur af sparifé eru skattskyldar. Þá leggist eignaskattar á fasteignir, um 0,8% af verði þeirra, en ekki á bankainnistæður eða sparisk í rteini. Fasteignagjöld séu um 0,7% skattur og að lokum sé viðhald og afskriftir íbúðarhúsnæðis ekki undir 2% af verði þess.

Jafnframt bendir Húseigendafélagið á, að hverfi frjáls leigumarkaður muni kröfur aukast á hendur opinberra aðila, ríkis og bæjarfélaga, að þeir sjái borgurunum fyrir leiguhúsnæði sem greitt verði niður með fé skattborgaranna. Frjáls leigumarkaður sé því þjóðarnauðsyn.

(Úr NT laugardaginn 10. nóv. 1984, bls. 8.)

Fylgiskjal XXIII.

Búseti og húsnæðiskreppan

eftir Jón Rúnar Sveinsson

Í sunnudagsblaði Þjóðviljans þann 19. ágúst sl. gat að líta umfjöllun um ágæta tillögu Guðrúnar Hallgrímsdóttur, þess efnis að Húsnæðisstofnun beiti reglugerðarákvæðum í því skyni að knýja fram lægra útborgunarhlutfall í fasteignaviðskiptum.

Í umfjöllun blaðsins eru húsnæðismálin tekin til meðferðar vítt og breitt, og er m.a. á nokkrum stöðum rætt um Búsetahreyfinguna og stöðu hennar. Þar sem mér þykir gæta nokkurs misskilnings um niðurstöðu afgreiðslu Alþingis sl. vor á málum Búseta leyfi ég mér hér að rifja upp helstu málsatvik.

Það er nefnilega **alls ekki rétt** sem kemur fram í inngangi blaðamanns, að „Búseta hafi verið úthýst úr kerfinu" í vor. Þvert á móti, eftir að frumvarp Alexanders Stefánssonar er að lögum orðið, **hafa þau þrjú húsnæðissamvinnufélög, sem þegar hafa verið stofnuð, óblast ótvíræðan rétt** til 80% lána til 31 árs úr hinum félagslega byggingarsjóði!

Búseti var aldrei útilokaður

Ég mun nú rekja hvernig lagalegum rétti húsnæðissamvinnufélaganna er háttað eftir að húsnæðisfrumvarpið varð að lögum.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar veitti húsnæðissamvinnufélögum rétt til lána úr hinum félagslega byggingarsjóði. Þetta kom fram í framsöguræðu félagsmálaráðherra er hann fylgdi húsnæðisfrumvarpinu úr blaði þann 8. des. 1983 og sömuleiðis í greinargerð með frumvarpinu, þar sem beinlínis var rætt um lánveitingar til byggingarfélaga er stofnuð væru að tilhlutan samtaka leigjenda. Það var þessi athugasemdargrein sem Halldóri Blöndal sást yfir þegar hann fór að halda fram þeirri fráleitu hugmynd að húsnæðissamvinnufélög ættu ekki rétt til lána samkvæmt frumvarpinu. Það var því lestrartregða Halldórs Blöndals sem var upphaf þess fáránlega darraðardans sem átti sér stað á Alþingi sl. vor, með fimm frestunum umræðna og einkar frjálslegri meðferð þingskapa.

33. grein c. í frumvarpinu var svohljóðandi:

„(Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum:) c. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi."

Þess má geta, að þessi grein var algerlega óbreytt frá stjórnarfrumvarpi er Svavar Gestsson lagði fram sem félagsmálaráðherra árið áður.

Niðurstaða „Búsetamálsins" á Alþingi varð sú, að aftan af 33. grein c. voru felld þessi **14 orð**: **„...og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi."**

Að þessari skurðaðgerð lokinni hljóðar greinin, sem nú er orðin að landslögum, svo:

„c. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja."

Inntak greinarinnar er nánast óbreytt frá því sem áður var. Samkvæmt greininni má veita lán til félagasamtaka sem hafa innan vébanda sinna námsfólk, aldraða og öryrkja. Í könnun sem fór fyrir baráttuanda þeirra þúsunda Íslendinga sem á einn eða annan hátt hafa tekið þátt í baráttunni fyrir Búseta.

Búsetafélögin munu á næstu vikum láta myndarlega í sér heyra, m.a. annars hafa þau haft frumkvæði að ráðstefnu um félagslegar íbúðabyggingar á Íslandi sem haldin verður í haust í samvinnu við ASÍ og BSRB.

Blaðaútgáfa er öflug og fyrir dyrum stendur stofnun landssambands húsnæðissamvinnufélaga. Síðast en ekki síst hafa verið lagðar fram umsóknir um bæði lóðir og lán til byggingar 56 íbúða í Reykjavík, 12 á Akureyri og 8 á Selfossi, eða samtals 76 íbúða.

Í rauninni skipti meðferð Alþingis í vor, þrátt fyrir allt fjaðrafokið, harla litlu máli um framtíð Búseta. Það lá fyrir áður en í odda skarst mill stjórnarflokkanna, að þröngt yrði um fjármagn til aukinna félagslegra íbúðabygginga, og þrátt fyrir að er vaxtahækkun sú, sem hefur það í för með sér, að fólk sem tekur lán eftir 1. júlí 1984 verður eitt allra lántakenda að bera raunvexti á bilinu 4–6%. Ráðamönnum húsnæðismála finnst greinilega að kynslóðamisréttið hafi ekki verið orðið nægjanlegt fyrir þessa gífurlegu vaxtahækkun. Fyrir fimm árum var lögleidd full verðtrygging, sem í einu vetfangi skapaði gífurlegan aðstöðumun milli aldurshópa. Það á örugglega eftir að koma í ljós að hinar gífurlegu vaxtahækkanir sem nú eru að skella á, auka enn frekar á þetta misrétti.

Veigamesti þáttur íslensku húsnæðiskreppunnar er **fjármagnsskorturinn.** Verði ekki leyst úr þeim vanda á raunhæfan hátt, þá mun heil kynslóð lenda úti í kuldanum í húsnæðismálum. Eina raunhæfa lausnin á vanda leigumarkaðarins, leið húsnæðissamvinnunnar, er sömuleiðis

Þær blikur eru nú á lofti í húsnæðismálum þessarar þjóðar sem benda til þess að láglaunafólk og ungt fólk muni í framtíðinni eiga jafnvel enn erfiðara uppdráttar en hingað til. Það er því nauðsynlegt að standa vörð um félagslegar lausnir.

fram á meðal félaga Búseta í Reykjavík kom í ljós, að rúm 30% félagsmanna tilheyrðu þessum hópum, þar af um 20% námsfólk. Að auki voru 13% félagsmanna einstæðir foreldrar.

Ljóst er, að Búseti uppfyllir skilyrði laganna. Húsnæðisstofnun er því skylt að veita húsnæðissamvinnufélögunum lán, þar sem um er að ræða félagasamtök sem hafa umræddra félagslega forgangshópa innan sinna vébanda.

Rangfærslur fjölmiðla

Af óskiljanlegum ástæðum varð sú saga til í vor og var slegið upp í fjölmiðlum, þar á meðal hér í Þjóðviljanum, að sú lagagrein sem veitti Búseta rétt til lána hefði verið felld niður. Þessi lygasaga var nógu oft endurtekin til þess að þjóðin trúir því almennt að einmitt þetta hafi skeð.

Á þessum misskilningi byggist sú afstaða sem fram kemur í greinum og viðtölum blaðamanns Þjóðviljans, að Búseti hafi verið góð hugmynd sem íhaldinu hafi hins vegar tekist að drepa í fæðingunni. Ekki þarf að fjölyrða hve niðurdrepandi slík afstaða er fyrir þá sem hafa lagalegar hindranir við lánum til húsnæðissamvinnufélaga séu ekki lengur fyrir hendi, þá hefur fjárhagsstaða hins félagslega byggingarsjóðs versnað til muna síðan í vor.

Hér er ég kominn að síðara efni þessarar greinar, kreppu íslenska húsnæðiskerfisins. Hvaða leiðir verða valdar til lausnar henni ráða úrslitum um framtíð Búseta.

Íslenska húsnæðiskreppan

Fyrir þremur árum ritaði ég, ásamt Inga Val Jóhannssyni, yfirlitsgrein um húsnæðismál á Íslandi í tímarit norrænna félagsfræðinga, Acta Sociologica. Í greininni slógum við því föstu, að á Íslandi ríkti húsnæðiskreppa sem færi stöðugt dýpkandi. Ýmsir málsmetandi menn sem við ræddum við töldu, að við tækjum þarna of djúpt í árinni. Því miður höfum við reynst sannspáir, (1) verðtrygging, (2) ónóg fjármögnun, (3) stórir árgangar ungs fólks og (4) stöðugt versnandi lífskjör, allir þessir þættir hafa lagst á eitt um að skapa verra og verra kreppuástand.

Nýjasta höggið í sama knérunn útilokuð án lausnar fjármögnunarkreppunnar.

Óhagstæð skipti við lífeyrissjóðina

Þegar húsnæðislöggjöfin var endurskoðuð árið 1980 var á pappírnum byggt upp flókið lánakerfi, en hins vegar var algerlega vanrækt að tryggja fullnægjandi fjármögnun þessa kerfis. Fyrst og fremst var treyst á fjámagn frá lífeyrissjóðum, en þar sem að lánstími lána lífeyrissjóðanna er mun styttri en sá lánstími sem Húsnæðisstofnun endurlánar fjármagnið til húsbyggjenda, þá stefnir óðfluga í það, að húsbyggingarsjóðirnir borgi lífeyrissjóðunum hærri upphæðir á ári hverju í vexti og afborganir en sem nemur lögboðnum skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna. Þá verður líkt á komið um lífeyrissjóðsfjámagnið og nú þegar er orðið með skyldusparnað ungs fólks, á síðasta ári var nefnilega greitt út meira af skyldusparnaðarfé en innbundið var hjá Byggingarsjóð ríkisins á sama tíma.

Skyldusparnaðurinn er sem sé nú þegar kominn „í mínus", fjármagnsskiptin við lífeyrissjóðina verða orðin neikvæð á næsta eða þar næsta ári.

Fjárhagsörðugleikarnir á þessu ári eru merki þess að sá gálgafrestur, sem stjórnvöld keyptu sér árið 1980 með notkun lífeyrissjóðafjármagnsins, er að renna út. Óbrigðult merki um þetta er sú staðreynd að á sl. vori var stöðu Byggingarsjóðs ríkisins bjargað fyrir horn með sérstöku erlendu láni. Slíkt hefur ekki gerst áður, en er tákn þess sem koma skal ef haldið verður áfram á braut sömu handahófsstefnu.

Ný tekjuöflun – nýtt félagslegt átak

Erlend lán eru, sem kunnugt er, aðeins ávísun á aukna skattlagningu er fram líða stundir. Ég tel því að hreinlegast sé í þessu efni að ganga beint til verks og taka upp sérstaka skattlagningu í þágu húsnæðislánakerfisins. Slíkt hefur verið gert áður, með hvað eftirminnilegustum hætti þegar sérstökum launaskatti var komið á árið 1965 í því skyni að fjármagna byggingar á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, en á vegum hennar voru reistar samtals 1251 félagslegar íbúðir á árunum 1968–74.

Er ekki kominn tími til þess að verkalýðshreyfingin setji húsnæðismálin aftur á oddinn í kjarasamningum? Það er ekki nokkur vafi á því, að í dag er þörf fyrir álíka átak innan ramma félagslega íbúðabygginga og Breiðholtsframkvæmdirnar voru á sínum tíma.

Þegar rætt er um skattlagningu í þágu húsnæðislánakerfisins verður ekki komist fram hjá þeirri staðreynd, að um langt árabil voru húsnæðislán veitt án verðtryggingar, þannig að stórir aldurshópar sluppu að verulegu leyti við endurgreiðslu húsnæðislána sinna.

Vel mætti hugsa sér að einhvers konar jöfnunargjald, sem lagt væri á t.d. allar íbúðir er keyptar væru á árunum 1965–1979. Tekjurnar af þessu gjaldi væru notaðar til stórátaks í félagslegum íbúðabyggingum með svipuðum hætti og þegar launaskatturinn var notaður til Breiðholtsframkvæmdanna.

Þær blikur eru nú á lofti í húsnæðismálum þessarar þjóðar sem benda til þess að láglaunafólk og ungt fólk muni í framtíðinni eiga jafnvel enn erfiðara uppdráttar en hingað til. Það er því nauðsynlegt að standa vörð um og efla hinar félagslegu lausnir eins og hægt er. Að mínu áliti er lag fyrir verkalýðshreyfinguna á komandi hausti að knýja fram nýtt stórátak í félagslegum íbúðabyggingum, svo sem gert var fyrir 19 árum.

Jón Rúnar Sveinsson
er félagsfræðingur og formaður Húsnæðissamvinnufélagsins Búseta

(Úr Þjóðviljanum, fimmtudaginn 25. okt. 1984, bls. 11.)

Fylgiskjal XXIV.

TILLÖGUR ALÞÝÐUFLOKKSINS UM FJÁRMÖGNUN HÚSNÆÐISLÁNAKERFISINS

Skv. breytingartillögum Alþýðuflokksins við frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins þarf að auka framlög á fjárlögum til húsnæðislánakerfisins þegar á þessu ári um 517 milljónir króna. Þetta er nauðsynlegt af mörgum ástæðum:

— Skv. óbreyttum áætlunum lánsfjárlaga er um verulega fjárvöntun að ræða hjá báðum byggingarsjóðunum.
— Þegar er staðfest að áætlað lánsfé mun ekki skila sér.
— Miðað við óbreyttar áætlanir um fjármögnun verður ekki unnt að byrja á neinum nýjum íbúðum í verkamannabústöðum, auk þess sem fresta verður allt að ¼ áætlaðra lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins til húsbyggjenda fram yfir áramót 1984/85.
— Skv. fjárflæðisathugunum Þjóðhagsstofnunar vegna beggja byggingarsjóðanna eru aukin framlög á fjárlögum til húsnæðislánakerfisins algert skilyrði þess að unnt verði að hækka lánshlutfall í áföngum á næstu árum. Verði það ekki gert verður greiðslubyrði húsbyggjenda óbærileg.
— Sú leið að vísa byggingarsjóðunum á lántökur í jafnríkum mæli og nú er gert er sýnilega með öllu óraunhæf. Óhæfilegur vaxtamunur inn- og útlána veldur gjaldþroti sjóðanna, auk þess sem ráðstöfunarfé lífeyrissjóða hrekkur hvergi nærri til að fullnægja lánsfjárþörfinni.

Náist meiri hluti fyrir því á Alþingi að fara þá leið sem hér er mörkuð, þ. e. að auka óafturkræf framlög til húsnæðislánakerfisins um skeið og draga þar með úr lántökuþörf, er Alþýðuflokkurinn að sjálfsögðu reiðubúinn að leggja fram tillögu um niðurskurð annarra útgjalda eða tekjutilfærslu á móti.

Í því efni skal bent á eftirfarandi:

1) Á s. l. 6 árum hefur verið veitt um **13 milljörðum** á fjárlögum til landbúnaðarins í formi niðurgreiðslna á vöruverði og lánakostnaði, auk útflutningsbóta.
2) Á árinu 1984 eru veittar 1 290 milljónir í þessu skyni. — **Hluta þess fjár væri betur varið til húsnæðismála.**
3) Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir styrkjum til ríkisstofnananna, sem geta aflað eigin tekna, að upphæð 570 m. kr. — **Hluta af því fé væri betur varið til húsnæðismála.**
4) Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir framlögum til fyrirtækja að upphæð ca. 100 m. kr. — og utan fjárlaga að upphæð 322 m. kr. — Alls 422 m. kr. **Hluta af þessu fé væri betur varið til húsnæðismála.**
5) Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir styrkjum til atvinnuvega sem eiga að afla sjálfir tekna og bera hagnað eða tap á eigin ábyrgð. Þessir styrkir eru um 300 m. kr. — **Þessu fé væri betur varið til húsnæðismála.**

Alls er hér um að ræða framlög á fjárlögum að upphæð rúmlega 2,5 milljarðar kr. Hluta af þessum fjárveitingum telur Alþýðuflokkurinn að sé betur varið til að byggja upp fjárhag húsnæðislánakerfisins. Tillögur Alþýðuflokksins eru um að ca. ⅕ þessa fjár sé varið til húsnæðismála á árinu 1984. Alþýðuflokkurinn lýsir sig reiðubúinn til viðræðna og samkomulags við aðra flokka um slíkar tillögur.

Fylgiskjal XXV.

„Ég er sár sem sjálfstæðismaður“

— segir Þorgeir Ibsen skólastjóri í samtali við Mbl.

Morgunblaðið átti í gær samtal við Þorgeir Ibsen, skólastjóra Lækjarskóla, um afstöðu hans til yfirstandandi kjaradeilu BSRB og ríkisins, en Þorgeir hefur um langt árabil staðið framarlega í flokki í kennarasamtökum landsins. Í upphafi samtalsins barst talið að því hvers vegna til þessarar vinnudeilu hefði komið, að hansmati, og því hún hefði þróast á þá vegu sem raun ber vitni.

Stjórnvöld hafa brugðist

„Það hefur orðið mikill trúnaðarbrestur milli stjórnvalda og mikils meirihluta fólks í landinu,“ hóf Þorgeir mál sitt, „og fyrir mig sem sjálfstæðismann, eru það sár vonbrigði hvernig ríkisstjórnin hefur brugðist. Hún hóf baráttu sína gegn verðbólgunni með því að leggja mikla byrði á almenning, sem bar þá byrði í þeirri trú að ríkisstjórnin stæði við sinn hlut. Það hefur hún ekki gert og því er komið sem komið er. Íslendingar fara aldrei þann veg til lengdar sem þeim er vísað, ef stjórnvöld ganga ekki á undan með góðu fordæmi.“

Óskabyrjun

„Ríkisstjórnin fékk óskabyr í byrjun, launþegar voru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum í baráttunni við verðbólguna, meðal annars með því að láta það viðgangast að kaupgjaldsvísitalan skyldi tekin úr sambandi, en aðrar vísitölur, eins og lánskjara- *og byggingarvísitalan*, látnar halda sér. Þetta gerðu menn í þeirri trú að þær „mildandi sögerðir“, sem talað er um í stjórnarsáttmálanum myndu koma til framkvæmda. Sem ekki hefur orðið raunin.“

Vitjunartíminn

„Ef ríkisstjórnin hefði þekkt sinn vitjunartíma og strax í vetur eða vor undirbúið að eigin frumkvæði verulegar lækkanir á tekjuskatti á einstaklinga og lækkun okurtolla, er ég sannfærður um að það öfremdarástand sem nú er hefði aldrei skapast. Almenningur veit að skattalækkun og lækkun á almennu verðlagi er eina raunhæfa kjarabótin og stéttarfélögin hefðu fegin farið þá leið *ef* ríkisstjórnin hefði *sýnt* lit nógu snemma. Og mér er til efs að til nokkurra verkfalla hefði komið. En nú er of seint í rassinn gripið, stjórnin hefur misst tiltrú mikils hluta almennings og getur því miður aðeins sjálfri sér um kennt.“

Kjaradeilan

„Til er málsháttur sem segir að sjaldan valdi einn þá tveir deila og vissulega hafa orðið mistök á báða bóga í yfirstandandi kjaradeilu BSRB og ríkisins. En það er líka til málsháttur sem segir að sá valdi miklu sem upphafinu veldur. Því miður held ég að ríkisstjórnin hafi átt upphafið að þessum hatrömmu kjaradeilum nú með því að gera ekki viðeigandi ráðastafanir í tíma og fjármálaráðherra sérstaklega *fyrir harkalegu afstöðu* sína, ekki síst þá ákvörðun hans að greiða ekki laun fyrir októbermánuð. Það hleypti illu blóði í friðsamt fólk og dró enn úr tiltrúnni á ríkisstjórnina.

Ég er ennfremur sár yfir því sem skólamaður hvernig fjármálaráðherra réðst af vanþekkingu gegn kennarastéttinni á þingi og enn sárari yfir því að annar ráðherra sjálfstæðisflokksins, Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra, skuli ekki hafa gengið fram fyrir skjöldu og leiðrétt fjármálaráðherra. Byrjunarlaun grunnskólakennara eru 16 þúsund krónur á mánuði og eftir 23ja ára starf 21.700, sem er svipað kaup og allra lægst launuðu aðstoðarmenn prentara hafa. Þetta er ekkert annað en háð.

Ég vil taka það fram, að þótt ég sé þungorður í garð fjármálaráðherra, þýðir ekkert fyrir aðra ráðherra í ríkisstjórninni að skjóta sér á bak við hann. Þeir eru jafn ábyrgir, að mínu mati, fyrir þeim mistökum sem gerð hafa verið.“

Fólki er nóg boðið

„Verkföll eru alltaf neyðarúrræði og böl fyrir alla sem í slíkum ósköpum þurfa að standa. *Hins vegar er stundum svo* komið að fólk neyðist til að gera hluti sem því eru á móti skapi og það fullyrði ég, að það eru menn úr öllum flokkum sem nú standa saman í kjarabaráttu BSRB. Hér er engin kommúnistagryfja á ferð, þótt stjórnarandstaðan reyni vissulega að fiska í gruggugu vatni, eins og alltaf þegar tækifæri gefst. Staðreyndin er sú að fólki er nóg boðið, því er misboðið og því er ofboðið. Mönnum finnst að þeir hafi verið gerðir að fórnarlömbum að ósekju.“

Misréttið eykst

„Sú ríkisstjórn sem sat á undan þessari var vond ríkisstjórn. Þessi sem nú situr fór vel af stað, *en hefur nú* brugðist hrapallega, meðal annars með þeim afleiðingum að misrétti og óréttlæti í þjóðfélaginu er nú meira en verið hefur um langt skeið. Það er talað um að skattsvik séu á bilinu 7 til 9 milljarðar á ári. Þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa tök á því að svíkja undan skatti og gera það, eru að verða að ríkri yfirstétt í landinu. Á hinum kantinum eru láglaunamenn, en stærsti hópurinn er í miðjunni, menn sem hafa þokkalega góð laun, en borga sína skatta. Þetta er óréttlæti sem ekki getur viðgengist. Það verður að breyta skattalöggjöfinni í réttlætisátt.

Sem sjálfstæðismanni sárnar mér þegar ég minnist orða Bjarna Benediktssonar á fundi í Sjálfstæðishúsinu í Hafnarfirði 1969, þar sem hann sagði að tekjuskatturinn væri óhollur skattur eins og hann væri uppbyggður, vegna þess hve margir gætu komist í kring um hann. Hann sagðist vilja breyta þessum skatti eða leggja hann niður. Á þeim hálfum öðrum áratug sem síðan er liðinn, hafa flokksbræður mínir lítið aðhafst til að kippa þessum málum í lið-inn. Þeir höfðu gullið tækifæri til þess í vetur og vor, en nýttu það ekki.

Gömul vísa, sem talin er vera eftir Skáld Rósu eða Pál Vídalín, leitar oft á mig þessa dagana, en hún hljóðar svo:“

Forlög koma ofan af,
örlög kriagum sveima.
Álögin úr illum stað,
en ólög fæðast heima.

Stór slöttólfur

„Að endingu vil ég segja eftirfarandi sem einlægur sjálfstæðismaður. Mér finnst í dag að ég sé ekki í flokki Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar. Þeir voru „statesmen“, sem voru virtir langt úr fyrir raðir sjálfstæðismanna. Ég vil ekki að ungu mennirnir, sem við höfum lagt *traust okkar á, geri flokkinn að* gullastokki til að fá útrás fyrir hégómlegan metnað og valdagræðgi.

Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að sitja síðasta landsfund Sjálfstæðisflokksins. Það rikti mikil eining eftir langt erfiðleikatímabil og flokkurinn virtist heill og sterkur. Nú virðist mér hann farinn að líkjast stórum slöttólfi, hann er mikill vexti, en linkulegur, og er það mikið harmsefni, því vissulega hefur flokkurinn fram til þessa átt erindi við þjóðfélagið,“ sagði Þorgeir Ibsen að lokum.

(Úr Morgunblaðinu fimmtudaginn 25. okt. 1984, bls. 4.)

Sþ. 168. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um niðurfellingu söluskatts af raforku til vatnsdælingar hitaveitna.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Davíð Aðalsteinsson, Ingvar Gíslason, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til vatnsdælingar hitaveitna.

Greinargerð.

Mikill hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna er fólginn í kaupum á raforku til dælingar á vatni. Söluskattur hefur verið innheimtur af raforku til dælingar þrátt fyrir þá almennu stefnu, sem mörkuð er í reglugerð um söluskatt, nr. 486/1982, að dregið sé úr húshitunarkostnaði, sbr. 19. og 20. tölul. 13. gr. og 12., 13. og 22. tölul. 14. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. og 7. gr. l. nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, og 1. gr. reglugerðar nr. 317/1974.

Samband íslenskra hitaveitna og orkusparnaðarnefnd hafa fengið því framgengt að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til varmadælna, en slík tæki er verið að setja upp um þessar mundir og gert ráð fyrir að þau verði tekin til enn frekari nota á næstu árum. Tilgangur þeirra er að vinna hita úr volgu vatni, t. d. lághitavatni og bakrennslisvatni hitaveitna, með raforku. Án niðurfellingar söluskatts af raforku til þessara nota væri þessi tækni óarðbær.

Sú er skoðun flutningsmanna, og það er einnig álit Sambands íslenskra hitaveitna, að raforka til vatnsdælingar hitaveitna skuli með sömu rökum og ráðuneytið féllst á gagnvart varmadælum undanþegin söluskatti. Í bréfi til Sambands ísl. hitaveitna 6. des. 1983 lýsti fjármálaráðuneytið þeirri skoðun sinni að flutningur orku verði ekki lagður að jöfnu við framleiðslu hennar. Þessi skýring ráðuneytisins telur Samband ísl. hitaveitna að byggist á misskilningi þar sem í báðum tilvikum er um öflun orku („framleiðslu“) að ræða. Í öðru tilvikinu er framleitt nothæft hitaveituvatn úr afrennslisvatni með raforku. Í hinu tilvikinu er öflun orkunnar („framleiðsla“) fólgin í því að dæla laugarvatni upp úr borholum og koma því til notenda með raforku. Í báðum tilvikum er raforka, á viðunandi verði, forsenda orkuöflunar eða „framleiðslu“ á nothæfu hitaveituvatni á samkeppnisfæru verði.

Fylgiskjal.

BRÉF SAMBANDS ÍSL. RAFVEITNA TIL FJÁRMÁLARÁÐHERRA

12. janúar 1984.

Hr. fjármálaráðherra Albert Guðmundsson
Fjármálaráðuneyti
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Í framhaldi af samtali okkar í gær sendist hjálagður listi yfir greiddan söluskatt hitaveitna árið 1982 ásamt áætlun fyrir árið 1983 (áætlunin er miðuð við verðbólguforsendur ágúst/sept. s. l.).

Með bestu kveðju.
Samband ísl. hitaveitna.
Eggert Ásgeirsson.

Hitaveita	Söluskattur 1982	1983 áætl.
Akraness og Borgarfjarðar	228 370,00	537 527,00
Akureyrar	606 000,00	1 796 000,00
Bessastaðahrepps	0	0
Egilsstaða og Fella	176 964,00	371 052,00
Eyra	0	0
Flúða og nágrennis	18 347,00	44 254,00
Hafnarhrepps	0	0
Hvammstanga	46 200,00	80 600,00
Hveragerðis	22 314,00	40 000,00
Laugaráss	0	0
Mosfellshrepps	0	0
Reykjahlíðar	0	0
Reykjavíkur	4 900 000,00	11 700 000,00
Sauðárkróks	87 200,00	152 100,00
Selfoss	309 328,00	507 775,00
Seyðisfjarðar	0	0
Siglufjarðar	94 213,00	255 887,00
Suðurnesja (munnl.)	0	0
Svalbarðsstrandarhrepps	0	0
Vestmannaeyja	126 661,00	319 000,00
Þorlákshafnar	10 835,01	18 719,50
	6 626 432,01	15 822 914,50

Innkomin svör 6. desember 1983.

Ed. 169. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi við gildandi aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um álbræðslu í Straumsvík (þriðja viðauka við aðalsamning) sem undirritaður var milli aðila hinn 5. nóv. 1984, samfara viðaukasamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. (ÍSALs) um breytingar á rafmagnssamningi vegna álbræðslunnar og sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse í tilefni af þeim ágreiningi sem staðið hefur um nokkurt skeið varðandi framleiðslugjald ÍSALs.

Samningar þessir eru ávöxtur af þeim samningaviðræðum sem átt hafa sér stað milli aðilanna síðan á fyrra ári á grundvelli bráðabirgðasamnings ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. sept. 1983 þar sem ákveðið var að leita lausnar á yfirstandandi deilu um framleiðslugjald ÍSALs og að taka upp viðræður um endurskoðun á orkuverði og öðrum tilteknum málefnum varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar. Fela samningarnir í sér þær niðurstöður sem náðst hafa í viðræðunum til þessa, þ. e. endanlega lausn á deilum vegna liðins tíma og endurskoðun á orkuverði og öðrum skilmálum rafmagnssamnings fyrir núverandi álbræðslu.

Viðræður um önnur málefni samkvæmt bráðabirgðasamningnum munu hins vegar halda áfram á næstu mánuðum, þ. e. um endurskoðun á ákvæðum aðalsamnings um skattkerfi fyrir núverandi álbræðslu, um hugsanlega stækkun álbræðslunnar í samvinnu við þriðja aðila og um möguleika á því að íslenska ríkið gerist hluthafi í ÍSAL. Er þessi fyrirætlun staðfest í samkomulagsbréfi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 5. nóv. 1984.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar á nokkrum fundum og m. a. rætt við formann og aðra nefndarmenn samninganefndar um stóriðju sem iðnaðarráðherra skipaði 14. júní 1983 til að annast viðræðurnar við Alusuisse, svo og ritara nefndarinnar og lögfræðilegan ráðunaut. Einnig hefur hún rætt við forstjóra Landsvirkjunar og nokkra starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækisins. Sömuleiðis hefur nefndin rætt við ýmsa sérfræðinga er önnuðust samskipti við Alusuisse í tíð fyrrv. iðnaðarráðherra á árunum 1980—1983. Jafnframt hefur hún rætt við lögmenn ríkisstjórnarinnar er önnuðust málflutning fyrir dómnefndum í Reykjavík og New York samkvæmt bráðabirgðasamningnum.

Meginatriði umræddra samninga eru þríþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir sátt milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um öll deilumál þeirra vegna liðins tíma er taki gildi sem dómssátt fyrir ofangreindum dómnefndum ef frv. þetta verður að lögum. Þessi sátt felur í sér eina heildarlausn allra mála án þess að reynt sé að gera þau upp í einstökum atriðum eða að fá annan aðilann til að viðurkenna röksemdir hins. Er það eðlilegur grundvöllur að sátt af þessu tagi og einkum með tilliti til þess að megintilgangur sáttargerðarinnar er að gera aðilum kleift að ganga til samninga um skipan mikilvægra framtíðarmálefna sín í milli án þess að karp um liðinn tíma sé því til hindrunar.

Aðalefni sáttarinnar er það að ríkisstjórnin leysir ÍSAL og Alusuisse undan framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma en Alusuisse samþykkir að ÍSAL greiði ríkisstjórninni 3 000 000 dollara í sáttafé. Lögmenn í dómnefndarmálunum og lögfræðingur samningnefndar eru sammála um að fjárhæð þessi megi teljast viðunandi miðað við stöðu þeirra mála og má telja ljóst að niðurstaðan hefði getað orðið lægri allt eins og hærri ef málin hefðu verið rekin til enda. Greiðslan fer fram með lækkun á skattinneign ÍSALs sem félagið á samkvæmt samningum frá tímabilinu fyrir 1. okt. 1975 og er það eðlileg tilhögun.

Í öðru lagi er samið um nokkrar breytingar á aðalsamningi um álbræðsluna og breytingu á aðstoðarsamningi milli ÍSALs og Alusuisse. Varða sumar breytingarnar framleiðslugjald

ÍSALs og eru ætlaðar til skýringar varðandi sum þeirra atriða sem orðið hafa aðilum að deiluefni, án þess að afstaða sé tekin til þeirra aftur í tímann. Meðal annars er nú kveðið svo á að endurskoðun á reikningum ÍSALs skuli fara fram árlega þannig að ekki séu tvímæli um stöðu framleiðslugjaldsins og teljum við það rétt spor miðað við óbreytta tilhögun gjaldsins. Annars ber að skoða allar þessar breytingar í ljósi þess að aðilarnir munu halda áfram viðræðum um endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs þar sem skattamál álbræðslunnar verða tekin fyrir á breiðum grundvelli og geta niðurstöður viðræðnanna leitt til þess að breytingarnar verði úreltar að einhverju leyti. Meðal annars verður það til umræðu hvort taka skuli upp breyttar bókhaldsreglur og breyttar reglur um mat á viðskiptum milli Alusuisse og ÍSALs, ásamt því meginatriði hvort ástæða sé til að taka upp veltuskatt á fyrirtækið í stað skatts sem byggður er að hluta á nettótekjum.

Aðrar breytingar á aðalsamningi varða hlutabréf í ÍSAL, þannig að Alusuisse verður nú heimilt að selja hlutabréf í ÍSAL til dótturfélaga, sem það tekur ábyrgð á, og til þriðja aðila með samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 50% í stað 49% áður. Þetta síðast talda getur orðið til að greiða fyrir stækkun bræðslunnar en heimildin tekur þó aðeins til félagsins eins og það er nú og felur ekki í sér neina sjálfstæða heimild til stækkunar. Sú heimild verður til umræðu á komandi mánuðum og er háð samþykki Alþingis.

Í þriðja lagi hefur verið samið um gagngera endurskoðun á ákvæðum rafmagnssamnings um orkuverð til ÍSALs, þannig að þau ákvæði mega heita ný frá grunni. Samkvæmt þeim verður orkuverð á bilinu 12,5—18,5 mill á kWst en það felur í sér tvöföldun til þreföldun á því verði sem nú mundi gilda samkvæmt fyrri samningi. Breytist verðið innan þessara marka í hlutfalli við álverð samkvæmt fjórþættri viðmiðun þar sem tillit er tekið bæði til verðskráningar á opnum markaði og framleiðendaverðs til óháðra aðila. Þessu verði er ætlað að gilda í 20 ár með fyrirvara um endurskoðun á 5 ára fresti. Það endurskoðunarákvæði er byggt á tilliti til breyttra aðstæðna og er þannig ætlað að tryggja að unnt verði að koma við nauðsynlegri breytingu orkuverðsins með tilteknu millibili á tiltölulega breiðum grundvelli.

Önnur aðferð við ákvörðun orkuverðsins hefði getað verið sú að tiltaka ákveðið verð með ákveðnum verðbreytingarreglum til langs tíma. Telja verður líklegt að með þeirri aðferð hefði orkuverðinu verið mun þrengri stakkur skorinn en með ofangreindri tilhögun. Mjög erfitt er að setja verðtryggingarreglur til langs tíma, hvort heldur á grundvelli álverðs, kostnaðarbreytinga eða almennra verðlagsbreytinga án þess að þrengja í verulegum efnum það svið viðmiðunaratriða sem unnt er að taka tillit til. Hið umsamda endurskoðunarákvæði er ekki takmarkað á þennan hátt og enda þótt eflaust megi deila um orðalag þess verður að telja ljóst að það muni í reynd tryggja nauðsynlega endurskoðun orkuverðsins með reglulegu millibili.

Samningurinn um hið nýja orkuverð er byggður á ítarlegum samanburði á orkuverði til stóriðju og samkeppnisstöðu álvera í Evrópu og Ameríku og stenst fullkomlega allan eðlilegan samanjöfnuð í þeim efnum. Hin mikla hækkun á verðinu er þeim mun athyglisverðari þegar þess er gætt að hér er um að ræða orkuverð til starfandi álvers en ekki til nýrrar verksmiðju sem byggir á nýjustu tækni annars vegar og orku frá nýjum virkjunum hins vegar.

Ljóst er af framansögðu og öðrum gögnum málsins að samningarnir eru íslensku þjóðarbúi til verulegra hagsbóta. Með tilliti til þess orkar ekki tvímælis að rétt er að staðfesta viðaukasamningana sem hér um ræðir. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 14. nóv. 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Davíð Aðalsteinsson, frsm. Björn Dagbjartsson.

Egill Jónsson.

Ed. 170. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Alþýðuflokkurinn átti aðild að og ber að sínum hluta ábyrgð á því að álver var reist í Straumsvík.

Það var skoðun Alþýðuflokksins, og er enn, að nýta beri í vaxandi mæli þá auðlind, sem í fallvötnum og jarðhita felst, til að skjóta fleiri styrkum stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar með margbreytilegum orkufrekum iðnaði og stóriðju þar sem það á við.

Stóriðjan verður þó að greiða kostnaðarverð raforkunnar og rúmlega það ef hún á að vera sú lyftistöng sem að er stefnt. Sá samningur um raforkusölu, sem nú er lagður fyrir Alþingi til staðfestingar, gerir það ekki, a. m. k. ekki ef litið er yfir samningstímabilið allt. Í upphafi samningstímans má segja að umsamið verð nái nokkurn veginn framleiðslukostnaði eldri virkjana en fer ört minnkandi að raungildi þegar kemur fram á samningstímann, ef að líkum lætur, og verður komið inn á það síðar í þessu nefndaráliti.

Það er óviðunandi að Alþingi skuli fyrst fá að fjalla um samninginn þegar hann er fullfrágenginn og undirritaður. Alþingi gefst enginn kostur á breytingum. Það er sett upp við vegg. Annaðhvort er að samþykkja samninginn eða fella hann en það þýddi væntanlega óbreytt raforkuverð í svo og svo langan tíma. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð og óviðeigandi þrýstingur á Alþingi.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að öll eldri deilumál við Alusuisse verði felld niður gegn þriggja millj. dollara greiðslu fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Nokkurs konar syndaaflausn. Alþýðuflokkurinn telur að staða okkar í málinu hafi verið sterk og sjálfsagt hefði verið að láta gerðardóma fella sína úrskurði, enda málflutningi svo til lokið og skammt að bíða uppkvaðningar úrskurða. Á síðasta stigi var málið stöðvað gegn ákveðinni greiðslu mótaðila.

Í hinum nýja samningi eru ákvæði til að forðast sams konar ágreining í framtíðinni. Það út af fyrir sig er gott. En í öllum þeim tilvikum túlkar samningurinn þau sjónarmið sem Alusuisse hefur haldið fram í málflutningi sínum. T. d. eru ákvæði í gr. 2.03 c í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs um að ÍSAL geti fengið þau aðföng „með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru“ felld niður þegar um viðskipti Alusuisse við ÍSAL er að ræða, en það ákvæði var mjög sterkt frá sjónarmiði Íslendinga. Þess í stað eiga ákvæði í gr. 27.03 í aðalsamningi að gilda í þessum tilvikum, þ. e. „um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli ólíkra aðila“ en þau ákvæði eru miklu teygjanlegri en ákvæði um „bestu kjör“ og Alusuisse hefur túlkað þau sér mjög í vil.

Sama er að segja um ágreining vegna afskrifta. Sjónarmið Alusuisse í þeim efnum eru staðfest í samningnum.


Í samningnum er ÍSAL tryggður forgangsréttur að orku frá nýjum virkjunum en engar skuldbindingar koma þar á móti, aðeins einhliða réttur.

Versti galli samningsins eru þó endurskoðunarákvæði hans. Að sumra áliti eru þau verri en engin því að nú verður aðeins unnt að óska endurskoðunar á **5 ára fresti** hvað sem annars gerist á þeim tíma. Ef engin ákvæði væru, segja þessir sömu menn, væri unnt að óska endurskoðunar ef og þegar eitthvað ófyrirséð kæmi upp. Ekki skal lagður dómur á þetta álit hér. Í endurskoðunarákvæðunum er það sett sem skilyrði fyrir endurskoðun raforkuverðs „að orðið hafi **teljandi og ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum,** að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs er hafi haft í för með sér **alvarleg áhrif** á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði

jafnvæginu í samningi þessum og valdi **óeðlilegu harðrétti** fyrir þann aðila sem í hlut á.“ (Leturbr.)

Ef við gefum okkur að verðbólga í Bandaríkjunum verði 5% á ári eins og hún er um þessar mundir, að raungildi dollarans minnki um 5% á ári, þá getur það hvorki talist „ófyrirsjáanleg breyting“ né að það valdi Landsvirkjun „óeðlilegu harðrétti“ — en hvort tveggja þarf til að koma til að unnt sé að óska endurskoðunar á raforkusamningnum og þá aðeins á 5 ára fresti. Nokkur alþjóðleg verðbólga er staðreynd. Hún er orðin hluti af efnahagslífi heimsins segja ýmsir hagfræðingar.

Ef áætlanir um þróun álverðs á næstu árum standast og ef 5% verðbólga verður í Bandaríkjunum að jafnaði á samningstímanum verður þróun raforkuverðs þessi:



Í upphafi er raforkuverðið 12,6 mill (þúsundustu partar úr dollara) á kWst. en fer í 18,5 mill eftir 4—5 ár, en raunvirði verður þá 15,2 mill. Þá er hámarkinu náð og verðið síðan óbreytt í dollurum næstu 16 árin. Eftir 10 ár verður núvirði komið niður í 11,5 mill og eftir 20 ár niður fyrir 7 mill á kWst. Það er því ekki — miðað við þessar forsendur — verið að tala um 15 mill á kWst. sem meðalverð á samningstímanum heldur 10—11 mill. Verði verðbólga meiri í Bandaríkjunum, t. d. 7—8% að jafnaði, verður hrap raforkuverðsins mun örara, en þó vafasamt að unnt verði að heimfæra það undir „ófyrirsjáanlegar breytingar“.

Samningurinn frá 1966 var um flest mjög góður miðað við aðstæður. Þá var dollarinn talinn gulls ígildi, enda hafði gullverð í dollurum ekki breyst svo árum skipti. Besta verðtrygging þá var talin viðmiðun við dollara. Þetta brást eins og allir vita. Nú stendur til að gera 20 ára samning sem byggist á viðmiðun við dollara án verðtryggingar nema allra fyrstu árin, og **án** haldbærra endurskoðunarákvæða. Samningamennirnir árið 1966 hafa gilda afsökun — en það höfum við ekki. Við vitum að verðbólga verður nokkur í Bandaríkjunum eins og annars staðar í heiminum. Okkar afsökun verður því engin.

Fyrrverandi ríkisstjórn var búin að koma samskiptum okkar við Alusuisse í illleysanlegan hnút og voru samningar því nauðsynlegir.

Þó að í þeim samningi, sem hér er til umfjöllunar, sé gert ráð fyrir talsverðri hækkun raforkuverðs allra næstu ár getur hann engan veginn talist nægilega hagkvæmur okkur þegar litið er lengra fram á veginn.

Því mun Alþýðuflokkurinn greiða atkvæði gegn honum.

Alþingi, 16. nóv. 1984.

Magnús H. Magnússon.

Ed. 171. Frumvarp til laga [164. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga, svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Lögin taka bæði til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni, er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri eða skráningarauðkenni, sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

2. gr.

Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara, svo og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.

II. KAFLI
Heimild til skráningar.

3. gr.

Kerfisbundin skráning upplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að slík skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra, er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðflokk manna, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist, að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti, er greinir í 3. gr. Það er enn fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar.

Ákvæði 1. málsgr. eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna, kynlíf þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum og svipuð einkalífsatriði. Opinberum aðilum, þ. á m. læknum og sjúkrahúsum, er þó heimil skráning án vitundar eða samþykkis hins skráða, standi til þess sérstök lagaheimild eða skráning sé ótvírætt nauðsynleg vegna notagildis skránna, sbr. 3. gr.

5. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsgr. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomandi frá. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt 3. málsgr., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár, er falla undir ákvæði laga þessara, nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama skráningaraðila er hér átt við sama fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er hér jafnt átt við vélræna sem og handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fæðingarnúmer, fyrirtækjanúmer, svo og heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsgr. þegar sýnt er fram á að brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. gr. og 4. málsgr. 16. gr.

III. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

7. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveitt í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

8. gr.

Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila samkv. 5. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu 6 mánuði, svo og hinum

skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá aðila um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

9. gr.

Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar, sem líklegt þykir, að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir, að til styrjaldarátaka komi.

IV. KAFLI
Um rétt skráðra aðila.

10. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um einkamálefni hans séu færðar í tiltekna skrá. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður, að upplýsingar um hagi hans séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir lækninum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. málsgr. gildir ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta, sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Tölvunefnd getur ákveðið, að skrár séu þegnar undan ákvæðum þessum, ef ætla má, að sérregla 3. málsgr. muni hafa í för með sér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

11. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar samkvæmt 5. gr. og er þá skráningaraðila skylt að beiðni hans að skýra honum frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 5. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau, sem beiðni lýtur að, og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því, hvaðan upplýsingarnar stafa.

12. gr.

Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá samkv. 5. gr., að skráningaraðili afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er honum þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan 4 vikna frá því, að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem er ábyrgur fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsgr., og getur hinn skráði þá innan 4 vikna frá móttöku svars eða innan 4 vikna frá lokum svarafrests samkv. 1. málsgr. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 8. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna.

13. gr.

Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær.

Nú telur maður eða fyrirsvarsmaður félags, fyrirtækis eða stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé fært á skrá, sem notuð er til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs, og getur hann þá óskað þess, að nafnið sé afmáð af viðkomandi skrá, og er þá skylt að verða við því.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkv. 1. eða 2. málsgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan 4 vikna, og getur aðili þá krafist þess, að tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáingu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar eða afmá þær.

Þeir, sem framkvæma neytenda- og skoðanakannanir um atriði sem falla undir ákvæði laga þessara skulu við kannanirnar gæta eftirtalinna atriða: Gera skal þeim, sem spurður er, grein fyrir því hver fyrirspyrjandi er og kynna hinum spurða að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum eða spurningalista í heild. Séu svör ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frá gengin, að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra, sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því, sem verið er að kanna.

14. gr.

Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar.

15. gr.

Heimilt er skráningaraðila að krefjast sanngjarns gjalds fyrir veitingu upplýsinga samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr.

Tölvunefnd getur sett ákvæði um hámarksgjald í þessu sambandi.

V. KAFLI

Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða.

16. gr.

Eigi má skýra frá upplýsingum úr skrám, er lög þessi taka til, nema með samþykki hins skráða aðila eða skráðra upplýsinga hafi verið aflað með vitund þess skráða og á þann hátt, að honum gat ekki dulist að ætlunin væri að veita öðrum aðgang að upplýsingunum, enda falli slík upplýsingamiðlun undir eðlilega starfsemi skráningaraðilans.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, ef ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Um miðlun upplýsinga úr skrám, er falla undir 1. málsgr. 5. gr., gilda ákvæði þeirrar greinar. Enn fremur skal virða ákvæði 3. málsgr. 10. gr. Þá skerði ákvæði 1. málsgr. ekki ákvæði 3. málsgr. 7. gr.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, sbr. 1. málsgr., leiði slíkt af öðrum lögum eða stjórnvaldsreglum. Enn fremur er heimilt að veita stjórnvaldsstofnun upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eðlilegrar starfsemi stofnunarinnar. Ekki má þó láta í té upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda hvílir á samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.

17. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrám þess varðandi mann þennan. Upplýsingar geta einnig, þegar læknir á í hlut, tekið til annarra manna, einkum vandamanna viðkomandi manns, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

18. gr.

Nú er sýnt fram á af hálfu einstaklings, fyrirtækis, félags eða stofnunar, að þessum aðilum sé þörf á tilteknum skráðum upplýsingum vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, og er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefur af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin á að fá þær vegi þyngra en tillitið til þess, að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum eða stjórnvaldsreglum.

VI. KAFLI
Um tölvuþjónustu.

19. gr.

Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra aðila, er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni sem falla undir sérákvæði 4. gr., eða 5. gr., eða undanþáguákvæði 3. málsgr. 6. gr., nema hafa til þess starfsleyfi er tölvunefnd veitir.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Aðili samkvæmt 1. málsgr. má ekki án samþykkis verkbeiðanda nota upplýsingar, sem hann fær í sambandi við framkvæmd umbeðins verks, í öðru skyni en til að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er honum óheimilt að varðveita gögn um þær hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnsla þeirra skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara.

Tölvunefnd getur sett almennar reglur um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

20. gr.

Starfsmenn við tölvuþjónustufyrirtæki samkvæmt 19. gr. eru þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við störf sín, og skulu undirrita þagnarheit, áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíka aðila, og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn, sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns á þagnarskyldu varðar, þegar svona stendur á, refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI
Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis.

21. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsgr. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji, að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

VIII. KAFLI
Um eftirlit með lögum þessum.

22. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til 4 ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari nefndarinnar.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum.

23. gr.

Tölvunefnd veitir starfsleyfi samkvæmt 5. og 19. gr. og heimildir samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., 3. málsgr. 7. gr. og 21. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið eðlilegt gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfa og heimilda samkvæmt 1. málsgr.

24. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda um skráningarstarfsemi er fellur undir ákvæði 4. gr. eða 1. málsgr. 5. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi starfsemin í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar, svo og að einstakar upplýsingar á skrám séu afmáðar eða skrár í heild sinni séu eyðilagðar.

Tölvunefnd getur enn fremur lagt fyrir ábyrgan skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða, sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur bannað að viðhafa nánar tiltekna aðferð við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, enda telji hún, að aðferð sú, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á, að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi eða að um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila, sem ábyrgð ber á starfsemi, er lýtur lögunum, að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá, eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði, sem eru röng eða villandi. Enn fremur er tölvunefnd rétt að krefjast þess af ábyrgum skráningaraðila, að hann hlutist til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir eða dragi úr hættu á, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi mönnum.

25. gr.

Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

26. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita samþykki til einstakra aðgerða samkvæmt lögum þessum, og er henni þá heimilt að binda samþykkið skilyrðum og tímabinda það.

27. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, reglur, sem hún hefur sett, og úrskurði, sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslu tölvunefndar skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri, er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

IX. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum.

28. gr.

Brot á 3.—6. gr., 8. gr., 11. gr., 1. málsgr. og 2. málslið 2. málsgr. 12. gr., 3. málsgr. 13. gr., 1. málsgr. 16. gr., 1. og 3. málsgr. 19. gr., 1. málsgr. 20. gr., svo og 1. og 2. málsgr. 21. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 2. málsgr. 12. gr. og 4. málsgr. 13. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði, sem sett er fyrir leyfi til starfrækslu, er lýtur lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni, sem uppi hefur verið haft samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim.

Nú er brot framið í starfsemi, sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hefur með höndum, og má þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

29. gr.

Þann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 5. eða 19. gr., án leyfis, má auk refsingar svipta rétti til starfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 4. gr. Að öðru leyti eiga ákvæði 1. og 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga hér við.

Gera má upptæk með dómi tæki, sem stórfelld brot á lögum þessum eru framin með, svo og hagnað af broti, og eiga ákvæði 69. gr. alm. hegningarlaga hér við.

X. KAFLI

Lagaframkvæmd og gildistaka.

30. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í upphafi 30. gr. laga nr. 63 5. júní 1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, segir svo: „Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982 og falla úr gildi 31. desember 1985.“ Þá segir svo í 2. mgr. 30. gr.: „Dómsmálaráðherra skal láta endurskoða lögin og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984.“

Síðla árs 1983 leitaði dómsmálaráðherra álits tölvunefndar um það hvaða breytingar nefndin legði til að gerðar yrðu á lögunum.

Dómsmálaráðherra ákvað að taka aðeins þær breytingar, sem samkomulag var um í tölvunefnd. Er frumvarpið því samhljóða lögum nr. 63/1981 með þeim breytingum. Í bréfi tölvunefndar koma fram rök fyrir þeim breytingum, sem hér eru lagðar til og er því ekki ástæða til að rita athugasemdir við einstakar greinar.

Bréf tölvunefndar dagsett 29. desember 1983 er svohljóðandi:

TÖLVUNEFND
29. desember 1983.

Hr. dómsmálaráðherra
Jón Helgason

Með bréfi, dagsettu 7. október sl., fóruð þér, herra dómsmálaráðherra, þess á leit við tölvunefnd að hún gerði tillögur um æskilegar breytingar á lögum nr. 63/1981 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni með hliðsjón af ákvæðum 30. gr. laganna.

Tölvunefnd hefur tekið mál þessi til athugunar og rætt þau nokkuð.

Lög nr. 63/1981 hafa verið í gildi tæp tvö ár og er því fengin nokkur reynsla af framkvæmd þeirra. Segja má að lögin hafi reynst vel í framkvæmd og hafa ekki komið fram stórvægilegir gallar á þeim.

Hér á eftir verða raktar þær hugmyndir sem fram hafa komið um breytingar þær, sem nefndarmenn hafa orðið sammála um svo og hugmyndir einstakra nefndarmanna.

1.

Lok 2. mgr. 1. gr. orðist svo: „.....sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.“

Viðbótin á aðeins að vera til að taka af allan vafa um að ákvæðið eigi einnig við í þeim tilvikum þegar hægt er að persónugreina aðila án greiningarlykils.

2.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fæðingarnúmer eða fyrirtækjanúmer svo og heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila.“

Hér er bætt inn fæðingarnúmeri og póstnúmeri. Er hér um upplýsingar að ræða, sem eðlilegar eru eins og hér er um búið.

3.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein sem verði 5. mgr. svohljóðandi:

„Þeir, sem framkvæma neytenda- og skoðanakannanir um atriði, sem falla undir ákvæði laga þessara skulu við kannanirnar gæta eftirtalinna atriða: Gera skal þeim, sem spurður er, grein fyrir því hver fyrirspyrjandi er og kynna hinum spurða að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum eða spurningalista í heild. Séu svör ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frá gengin, að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra, sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því, sem verið er að kanna."

Það er alkunna að hvers kyns neytenda- og skoðanakannanir hafa færst mjög í vöxt að undanförnu og útlit fyrir að þeim fjölgi mjög. Í lögin vantar alveg reglur um slíkar kannanir. Er því lagt til að settar verði meginreglur um slíkar kannanir. Eru þær í samræmi við þær starfsreglur, sem nefndin hefur beitt en lagaheimild hefur ekki verið skýr.

4.

Við 19. gr. bætist ný mgr. sem verður 4. mgr.:

„Tölvunefnd getur sett almennar reglur um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra."

Þróun í tölvubúnaði er svo hröð, að slíkar reglur verða ekki settar til langs tíma í einu.

5.

Upphaf 1. mgr. 28. gr. orðist svo:

„Brot á 3.—6. gr. ....."

Rétt er að brot á 3. gr. varði einnig viðurlögum.

6.

Auk framanritaðra hugmynda, sem nefndarmenn voru sammála um að væru til bóta, komu fram nokkrar aðrar hugmyndir, sem ekki varð samkomulag um. Verður þeirra getið hér:

a.

Lagt er til að á eftir 1. málslið 1. mgr. 4. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:

„Einnig er óheimilt að skrá þátttöku í alþingis- eða sveitarstjórnarkosningum."

Mál þetta á sér nokkurn aðdraganda. Er rétt að vekja athygli á ákvörðun meiri hluta tölvunefndar frá 14. september 1982 í máli Leifs Sveinssonar, en ákvörðun þessi birtist í Ársskýrslu tölvunefndar 1982, bls. 12—15. Það er álit meiri hluta nefndarinnar að ákvæði sem þessi eigi heima í kosningalögunum en ekki í lögum nr. 63/1981.

b.

Lagt er til að á eftir 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:

„Sá sem hyggst nota skrá til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs skal afla sér heimildar upphaflega eiganda skrárinnar. Þá skal hann áður en útsending hefst gefa þeim, sem á skránni eru kost á að undanskilja sig mótttöku nokkurra gagna og er þá skylt að verða við því."

Til rökstuðnings þessu er á það bent að ákvæði 2. mgr. 13. gr. eins og þau eru nú veiti hinum almenna borgara, sem er þolandi í þessu tilviki, aðeins vernd eftir á. Hann verði að þola það að fá í hendur hin umræddu plögg og geta aðeins hafist handa eftir á og því réttur hans gagnslítill. Hér sé lagt til í fyrsta lagi, að sá sem notar skrá annarra til slíkra sendinga verði að fá heimild frá skráreiganda eða skrárhaldara. Hann verði einnig að gefa þeim, sem á skránni eru kost á að neita móttöku gagna frá seljanda. Í framkvæmd myndi þetta þýða það, að sendandi plagganna yrði að auglýsa þessa ætlan sína og bíða viðbragða í hæfilegan tíma.

c.

Lagt er til að við 22. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

„Tölvunefnd getur krafið þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu eða framkvæmir hana vegna annars (verkbeiðanda), allra upplýsinga, sem máli skipta fyrir eftirlitið. Nefndarmenn og aðrir, sem starfa á vegum tölvunefndar, eiga vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang án dómsúrskurðar að húsnæði, þar sem skráningargögn og tæknileg gögn eru varðveitt."

Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði 41. gr. frumvarps að lögum nr. 63/1981. Það var hins vegar fellt niður í meðferð Alþingis.

Tölvunefnd hefur á hendi eftirlit samkvæmt 3. mgr. 22. gr. með framkvæmd laganna. Til að auðvelda virkt eftirlit er lagt til, að tölvunefnd og starfsmenn hennar hafi aðgang vegna eftirlitsstarfa að húsnæði þar sem skráningargögn og tæknileg gögn eru varðveitt, án dómsúrskurðar.

Að lokum má endurtaka það, sem í upphafi bréfs þessa sagði, að í heild skoðað hafi lög nr. 63/1981 reynst sæmilega í framkvæmd, en lagaframkvæmd er oft álíka þýðingarmikil og lagaákvæðin sjálf.

F.h. tölvunefndar

Benedikt Sigurjónsson, form.

Ed. 172. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem hér fer á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi samkv. lögum nr. 30/1966, sbr. breytingu með lögum nr. 21/1980. Á undanförnum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þesssum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

Ed. 173. Frumvarp til laga [166. mál]

um lausn deilu verkalýðsfélaga og sláturleyfishafa á Suðurlandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör starfsmanna við sauðfjárslátrun á Suðurlandi.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa og starfskjara hafa hliðsjón af launum og starfskjörum starfsmanna við sambærileg störf.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls verkalýðsfélaganna Þórs, Rangæings, Víkverkja og Samherja, sem hófst 17. sept. s.l.

4. gr.

Ákvæði gerðardómsins um laun og kjör koma til framkvæmda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn á deilu verkalýðsfélaga og sláturleyfishafa á Suðurlandi.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að verkfall verkalýðsfélaganna á Suðurlandi, Þórs á Selfossi, Rangæings á Hellu, Víkverja í Vík í Mýrdal og Samherja á Kirkjubæjarklaustri, hafi staðið yfir frá 17. sept. s. l. að því er varðar vinnu við sauðfjárslátrun.

Ítrekaðar sáttatilraunir hafa ekki borið árangur og ekki eru taldar horfur á lausn deilunnar í bráð.

Verkfallið hefur þegar valdið töf á því, að sauðfjárslátrun gæti hafist á Suðurlandi. Verði framhald á verkfallinu, er fyrirsjáanlegt stórfellt tjón sauðfjárbænda á þessu svæði. Ríkisstjórnin telur því, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á sauðfjárslátrun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör starfsmanna við sauðfjárslátrun á Suðurlandi.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa og starfskjara hafa hliðsjón af launum og starfskjörum starfsmanna við sambærileg störf.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls verkalýðsfélaganna Þórs, Rangæings, Víkverja og Samherja, sem hófst 17. sept. s. l.

4. gr.

Ákvæði gerðardómsins um laun og kjör koma til framkvæmda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

Ed. 174. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla, er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum vikum hafa verið gerðir kjarasamningar sem ná til alls þorra landverkafólks. Samningarnir gilda út árið 1985 og fela í sér verulegar launahækkanir þegar frá undirskrift.

Með hliðsjón af þessu, svo og ákvörðunum er varða afkomu sjávarútvegsins og nú liggja fyrir, er talið nauðsynlegt að núgildandi lágmarksverð sjávarafla verði endurskoðað með gildistíma frá 21. nóvember 1984. Með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga þeirra sem m. a. voru forsenda þessarar endurskoðunar er lagt til að ný fiskverðsákvörðun gildi til 31. ágúst 1985.

Til frekari upplýsinga um lagafrumvarp þetta fylgja hér með bréf sjávarútvegsráðherra til Verðlagsráðs sjávarútvegsins, svarbréf Verðlagsráðsins og álitsgerð framkvæmdastjóra ráðsins.

Fylgiskjal I.

Verðlagsráð sjávarútvegsins,
Tjarnargötu 4,
101 Reykjavík.

13. nóv. 1984.

Að undanförnu hafa verið gerðir nýir kjarasamningar hjá meginþorra launþega í landinu. Þessir samningar raska í verulegum atriðum forsendum fiskverðsákvörðunar þeirrar er tekin var í júní s. l. og gilda skal til áramóta, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs nr. 12/1984.

Í ljósi þessa og með tilliti til þess að Verðlagsráðið ákveður sjálft verðtímabil fiskverðs, lögum samkvæmt, beinir ráðuneytið því til Verðlagsráðs hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð, sem taki gildi fyrr en áður var ákveðið.

Með tilliti til allra aðstæðna telur ráðuneytið ekki óeðlilegt að nýtt verðtímabil hæfist á næstu vikum í stað áramóta og stæði til eigi skemmri tíma en loka vetrarvertíðar og ef til vill lengur m. a. með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga. Ráðuneytið telur að Verðlagsráð geti tekið slíka ákvörðun, ef um það er samkomulag í ráðinu.

Telji Verðlagsráð að atbeina ráðuneytisins eða Alþingis þurfi til að ákveða megi nýtt fiskverð fyrr en frá næstu áramótum er ráðuneytið reiðubúið til að beita sér fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að svo geti orðið. Óskað er álits og tillagna Verðlagsráðs um mál þetta við allra fyrstu hentugleika.

Halldór Ásgrímsson

Þorsteinn Geirsson

Fylgiskjal II.

VERÐLAGSRÁÐ SJÁVARÚTVEGSINS
Tjarnargötu 4 — Pósthólf 987 — sími 15161

Reykjavík, 16. nóv. 1984.

Á sameiginlegum fundi allra deilda Verðlagsráðs sjávarútvegsins í gær var lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins, dags. þann 13. þ. m., þar sem ráðuneytið beinir m. a. því til Verðlagsráðsins hvort ekki sé tilefni til þess að ákveða nýtt fiskverð fyrr en áður var ákveðið o. fl.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

„Með tilliti til álitsgerðar Sveins Finnssonar, framkvæmdastjóra ráðsins, telur Verðlagsráð sér ekki heimilt, að óbreyttum lögum, að taka upp lágmarksverð á sjávarafla til nýrrar ákvörðunar sem taki gildi áður en gildandi verðtímabil er útrunnið".

Meðfylgjandi er ljósrit af tilvitnaðri álitsgerð framkvæmdastjóra ráðsins sem lögð var fram á fundinum.

Enn fremur fylgja með verðtilkynningar ráðsins um sjávarafla sem lágmarksverð hefur verið ákveðið á til 31. desember 1984.

Virðingarfyllst
f. h. Verðlagsráðs sjávarútvegsins
Jón R. Magnússon
Sveinn Finnsson.

Til sjávarútvegsráðuneytisins,
Lindargötu 9,
101 Reykjavík.

Fylgiskjal III.

ÁLITSGERÐ
um heimild Verðlagsráðs sjávarútvegsins til þess að ákveða nýtt lágmarksverð sjávarafla, sem taki gildi áður en gildistími er útrunninn samkvæmt fyrri verðákvörðun.

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 97/1961, sem voru fyrstu lögin um Verðlagsráðið, sagði m. a:

„Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð."

Skýrgreining á veiðitímabilum var síðan sett í 7. og 11. gr. reglugerðar um Verðlagsráð sjávarútvegsins þann 31. október 1962, en með reglugerðarbreytingu þann 30. september 1963 var sett það ákvæði að þegar sérstaklega standi á geti sjávarútvegsráðherra vikið frá tímaákvörðunum varðandi veiðitímabil í daglegu tali, enda breytt í lögum 1974.

Verðlagsráð hefur allt frá byrjun túlkað lögin þannig að lágmarksverði, sem ákveðið hefur verið fyrir tiltekið verðlagstímabil, sé ráðinu ekki heimilt að breyta á verðlagstímabilinu. Þessi regla byggist fyrst og fremst á áður tilgreindu ákvæði í upphaflegu lögunum, að

verð skuli ákveðið, **„aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil" (verðtímabil).** Þá hefur ein meginforsenda fyrir þessari reglu verið sú, að þeir aðilar, sem verðákvörðun beinist að, þ. e. aðilar vinnslu og veiða, séu ekki í eilífri óvissu um þann þátt í rekstrargrundvelli, sem fiskverðið er. Um þessa forsendu hefur ekki verið ágreiningur í ráðinu svo ég viti.

Almenna reglan um gildistíma lágmarksverðs er sú, að það gildi tiltekið tímabil, sem kalla mætti lokað verðtímabil. Hins vegar er það undantekningarregla, að lágmarksverð sé ákveðið með uppsagnarákvæðum, en þau hafa verið breytileg, þannig að lágmarksverð hefur verið ákveðið tiltekið tímabil, en uppsegjanlegt frá tilteknum degi með tilteknum fyrirvara eða tímafresti og jafnvel að gefnum tilteknum forsendum. Hafi verið ákveðið uppsagnarákvæði á lágmarksverði hefur það ávallt verið birt í hinni opinberu verðtilkynningu ráðsins. Þessi birting á uppsagnarákvæðum staðfestir það álit Verðlagsráðsins, að því sé óheimilt að ákveða nýtt lágmarksverð áður en gildistími áður ákveðins verðs er útrunninn. Ef ráðinu væri heimilt að breyta lágmarksverðinu hvenær sem væri, þá væri birting uppsagnarákvæða óþörf.

Á rúmlega 23 ára starfsferli ráðsins, hefur það aldrei af sjálfsdáðum ákveðið nýtt lágmarksverð, sem tæki gildi áður en **lokað** verðlagstímabil hefur verið liðið. Hins vegar hefur það komið fyrir, að gildandi lágmarksverð hefur verið fellt úr gildi áður en upphaflegum gildistíma var lokið. Slíkar ákvarðanir hafa verið teknar af löggjafarvaldinu og Verðlagsráð þá verðlagt að nýju samkvæmt þeim lagaákvæðum. Hér á eftir eru tilgreind þau lög, þar sem löggjafarvaldið hefur fellt niður gildandi lágmarksverð og ákveðið að nýtt lágmarksverð skuli taka gildi áður en fyrri gildistími var útrunninn.

Með lögum nr. 79 frá 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, var Verðlagsráði fyrirskipað að ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, er taka skyldi gildi frá og með 15. nóvember 1968. Fyrri verðákvarðanir höfðu gilt til 31. desember 1968.

Með lögum nr. 4 frá 3. febrúar 1970 um breyting á lögum nr. 79/1968 var Verðlagsráði fyrirskipað að endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skyldi taka gildi 1. janúar 1970.

Með bráðabirgðalögum nr. 76 frá 21. júlí 1971 um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð, var Verðlagsráði fyrirskipað að endurskoða lágmarksverð það, sem þá var í gildi. Hið endurskoðaða lágmarksverð tók gildi 1. ágúst 1971. Almennt fiskverð hafði áður verið ákveðið frá 1. júní til 31. desember.

Með bráðabirgðalögum nr. 87 frá 20. september 1974 var Verðlagsráði fyrirskipað að ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla, er taka átti gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Með lögum þessum var m. a. fellt úr gildi almennt fiskverð, sem ákveðið hafði verið til 30. september.

Þá hefur í bráðabirgðalögum og lögum verið ákveðið um ákveðna prósentuhækkun fiskverðs og ákveðin verðtímabil án atbeina Verðlagsráðsins, en þessar lagasetningar snerta ekki umræddar heimildir Verðlagsráðsins og verða því ekki ræddar frekar.

Framangreindar fjórar tilvitnaðar lagasetningar benda til þess að löggjafarvaldið telji Verðlagsráði óheimilt að fella úr gildi lágmarksverð, sem ákveðið hefur verið tiltekið verðtímabil. Að öðrum kosti hefðu þessar lagasetningar allar verið óþarfar.

Hægt er að renna fleiri stoðum undir framangreinda skoðun og útfæra á fyllri hátt, m. a. með almennum reglum um heimildir stjórnvalda, en ég læt þessa punkta nægja í bili.

Sveinn Finnsson.

Ed. 175. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi við gildandi aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um álbræðslu í Straumsvík sem undirritaður var milli aðila hinn 5. nóvember 1984, samfara viðaukasamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. um breytingar á rafmagnssamningi vegna álbræðslunnar og sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse í tilefni af þeim ágreiningi sem staðið hefur um nokkurt skeið varðandi framleiðslugjald ÍSALs.

Meginatriði umræddra samninga eru þríþætt: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir sátt milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um öll deilumál þeirra vegna liðins tíma sem taki gildi sem dómssátt ef frumvarp þetta verður að lögum. Þessi sátt felur í sér lausn þessara mála án þess að reynt sé að gera þau upp í einstökum atriðum eða fá annan aðilann til að viðurkenna röksemdir hins.

Í öðru lagi er samið um breytingar á aðalsamningi um álbræðsluna og breytingu á aðstoðarsamningi milli ÍSALs og Alusuisse. Varða sumar breytingarnar framleiðslugjald ÍSALs og er þar meðal annars kveðið á um endurskoðun á reikningum ÍSALs er skuli fara fram árlega. Einnig er gert ráð fyrir breytingum á aðalsamningi varðandi ÍSAL þannig að Alusuisse verði heimilt að selja hlutabréf í ÍSAL til dótturfélaga, sem það tekur ábyrgð á, og til þriðja aðila með samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 50% í stað 49% áður. Heimild þessi tengist hugmyndum um stækkun bræðslunnar. Aðilar hafa einnig komið sér saman um að halda áfram viðræðum um endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs þar sem skattamál álbræðslunnar verða tekin fyrir á breiðum grundvelli. Meðal annars verður þar til umræðu hvort taka skuli upp breyttar bókhaldsreglur og breyttar reglur um mat á viðskiptum milli Alusuisse og ÍSALs.

Þriðja meginatriði þessa samnings er endurskoðun á ákvæðum rafmagnssamnings um orkuverð til ÍSALs. Verður orkuverðið á bilinu 12,5 til 18,5 mill á kWst., en breytist innan þessara marka í samræmi við vísitölu sem aðilar hafa komið sér saman um. Gert er ráð fyrir því að þetta ákvæði samningsins verði endurskoðað á fimm ára fresti næstu 20 árin.

Þegar litið er á samvinnu Alusuisse og Íslendinga allt frá árinu 1966 er ekki hægt að segja að samskiptin hafi verið landsmönnum — og sennilega ekki Alusuisse-mönnum heldur — til stórrar gleði eða ánægju. Að vísu hefur ÍSAL skilað drjúgum tekjum til þjóðarbúsins, en á móti kemur að um þetta mál allt hafa staðið hatrammar deilur alveg frá öndverðu, ekki hvað síst núna seinustu árin er það hefur hreint og beint komið í veg fyrir að menn gætu einbeitt sér að öðrum og ekki síður mikilvægum viðfangsefnum sem brýn þörf er að takast á við.

Þessum kaflaskiptum í ÍSAL-málinu ber því að fagna. Hrokafullur málflutningur þeirra stjórnmálaflokka og málgagna, sem harðast hafa gengið fram í því að notfæra sér þetta mál til þess að skapa sér pólitíska viðspyrnu í íslenskum stjórnmálum, hefur skaðað íslenska hagsmuni afar mikið. Samábyrgð Sjálfstæðisflokksins og Alþýðubandalagsins á því, hverjar málalyktir urðu endanlega, er blettur á æru þessara stjórnmálaflokka sem þeir geta seint afmáð.

Fram hefur komið á fundum nefndarinnar að iðnaðarráðherra fylgdi deilumálum ÍSALs og íslenska ríkisins eftir af fullri hörku alveg til hins síðasta. Dómssáttin er samt sem áður eðlileg niðurstaða miðað við aðstæður. Aðstæðurnar voru skapaðar fyrir löngu. Stöðnuð pólitík flokkakerfisins hindraði málefnalega samstöðu þjóðinni í hag. Morgunblaðið — með áhrifum sínum á Sjálfstæðisflokkinn — skákaði Sjálfstæðisflokknum í þá stöðu að hann gat aldrei samþykkt aðra lausn á málinu en þessa. Þriggja milljóna dollara sáttagreiðsla ÍSALs er í raun viðurkenning á sekt fyrirtækisins og sýnir að Morgunblaðið hafði rangt fyrir sér. Fyrrv. iðnaðarráðherra hafði góðan málstað, en hann glutraði honum niður í pólitísku upphlaupi. Pólitískt sundurlyndi íslenskra stjórnmálamanna hafði veikt samningsstöðu Íslendinga það mikið að þessi niðurstaða í skattamálunum verður að teljast þolanleg.

Þau ákvæði þessa samnings, er gera Alusuisse kleift að framselja hluti í ÍSAL til dótturfélaga sinna í einkaeign og einnig til óskyldra aðila sem svarar allt að 50%, eru eðlileg skref til að greiða fyrir hugsanlegum möguleikum á stækkun álbræðslunnar. En það samkomulag, sem dags. er 5. nóvember og fylgir með frumvarpinu sem fylgiskjal nr. VI, er aftur á móti erfitt að skilja öðruvísi en svo að ríkisstjórnin ætli sér ekki að bera upp á Alþingi stækkun verksmiðjunnar, kjör né skilmála varðandi afhendingu raforku frá Landsvirkjun. Stækkun verksmiðjunnar er að vísu opið mál. En það er algerlega óverjandi að ákvarðanir um orkusölu til stóriðju sem þessarar séu teknar án þinglegrar umræðu. Og þingleg umræða án upplýsinga um þjóðhagsleg áhrif og hagkvæmni af stækkun ÍSALs og þeirri raforkusölu, sem þeirri stækkun tengist, er líka með öllu óhugsandi.

Raforkuverðið, sem um hefur samist, er viðunandi miðað við aðstæður. Aftur á móti verður að benda á að ákvæði um endurskoðun samningsins eru vægast sagt ófullnægjandi. Hvert mannsbarn getur séð að ef verðbólga í heiminum verður að jafnaði 5% á ári það sem eftir lifir af þessari öld eiga Íslendingar ekki annað fyrir höndum en harðvítugar samningarimmur á fimm ára fresti út gildistíma samningsins, ellegar verða þeir að draga svo úr tilkostnaði við framleiðslu og dreifingu orkunnar til ÍSALs að þeir njóti enn ábata þótt raunverð orkunnar lækki með vaxandi verðbólgu.

Þessi samningur er ekki afrek en hann er áfangi. Ég tel mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þeim mistökum sem átt hafa sér stað í fortíðinni og þeim göllum sem á þessum samningi eru og tali hreint út um þá. Í ljósi þess að Alusuisse er erfiður samningsaðili og í ljósi þess að enn eru fyrirsjáanleg vandamál í sambúð Íslendinga og Alusuisse tel ég nauðsynlegt að menn standi saman þannig að Alusuisse geti ekki neytt þess aflsmunar sem skapast við pólitískt sundurlyndi Íslendinga. Legg ég því til að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 19. nóvember 1984.

Stefán Benediktsson.

Ed. 176. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu í Straumsvík.

Frá 3. minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður er andvígur því að frumvarp þetta um lagagildi þriðja viðaukasamningsins um álbræðsluna í Straumsvík nái fram að ganga. Til þeirrar afstöðu liggja þau meginrök sem hér verða rakin á eftir, en áður skal vikið að undirbúningi málsins.

Frumvarp þetta er þriðji viðauki við aðalsamning ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse um álverið í Straumsvík en hann var dagsettur 28. mars 1966 og staðfestur með lögum nr. 76/1966. Fyrsti viðauki var dagsettur 28. október 1969 og staðfestur með lögum nr. 19/1970 og fjallaði um stækkun álversins. Annar viðauki var dagsettur 10. desember 1975 og staðfestur með lögum nr. 42/1976, en þar er samið um breytingar á skattareglum og raforkuverði.

Við aðalsamninginn, sem hefur lagagildi, eru tengd tiltekin fylgiskjöl sem eru forsendur aðalsamningsins og með frumvarpi þessu er, auk sjálfs þriðja viðaukasamningsins, lagt til að eftirfarandi fylgiskjölum sé breytt:

1. Rafmagnssamningi Landsvirkjunar og ÍSALs.
2. Aðstoðarsamningi (rekstri) milli ÍSALs og Alusuisse.
3. Stofnsamningi ÍSALs.
4. Samþykktum Íslenska álfélagsins hf.

Auk þessara fylgiskjala er lagt fram með frumvarpi þessu skuldbindandi bréf iðnaðarráðherra til Alusuisse, dags. 5. nóvember 1984. Þar er að finna ótímabundið *loforð* um að ríkisstjórnin muni afhenda Alusuisse bréf „þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun“ til um 40 000 tonna stækkunar álversins. Er þetta loforðabréf varðandi framhald viðræðna milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar, eins og hin fylgiskjölin, ein af forsendum þriðja viðaukans.

AÐDRAGANDI MÁLSINS

Krafan um endurskoðun álsamninganna var samþykkt í fyrri ríkisstjórn í desember 1980 að tillögu Hjörleifs Guttormssonar þáverandi iðnaðarráðherra um leið og varpað var ljósi á skattsvik ÍSALs sem Alusuisse hafði skipulagt kerfisbundið allt frá árinu 1974 að telja. Frá því að álsamningarnir voru endurskoðaðir að hluta til árið 1975 og til haustsins 1980 hafði engin slík krafa um endurskoðun samninganna, þar á meðal um hækkun raforkuverðs, komið fram opinberlega frá öðrum en talsmönnum Alþýðubandalagsins.

Fram til stjórnarskipta vorið 1983 fór fram á vegum stjórnvalda afar umfangsmikil athugun á áliðnaði með sérstöku tilliti til álversins í Straumsvík og samningaumleitana við Alusuisse. Þær athuganir voru jafnóðum kynntar fulltrúum þáverandi þingflokka sem allir áttu aðild að álviðræðunefnd sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins. Núverandi ríkisstjórn hefur getað byggt á þessum vandaða málatilbúnaði og sá árangur, sem talsmenn hennar telja að felist í fyrirliggjandi samningi, er einvörðungu reistur á efnisrökum og sóknarstöðu sem byggð var upp í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnaðarráðherra. Miðað við sterka málefnastöðu af Íslands hálfu verður eftirtekjan ótrúlega rýr í þeim samningi sem hér er leitað eftir að Alþingi staðfesti.

Ekki verður hér rakin saga álmálsins enda er hún geymd í þingskjölum og verður eflaust rifjuð upp í umræðum. Hins vegar verður hér vikið að undirbúningi málsins eins og það er nú lagt fyrir Alþingi.

Hinn 5. nóvember 1984 undirritaði Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra viðaukasamninginn fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis. Samningurinn er þannig lagður fyrir Alþingi að annaðhvort verður að samþykkja hann *óbreyttan* eða hafna honum alveg. Sú aðferð við löggjafarstörf er óhæf og raunar móðgun við Alþingi nema þingmenn, bæði stjórnarsinnar og þeir sem eru í stjórnarandstöðu, hafi átt þess kost að fylgjast með þróun efnisþátta við samningsgerðina og koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en skrifað var undir.

Við undirbúning málsins hefur þess hins vegar verið sérstaklega gætt að þingmenn stjórnarandstöðunnar fengju þar *hvergi* nærri að koma. Þeir hafa verið útilokaðir frá samningaumleitunum og upplýsingum og hafa því ekki haft aðstöðu til að leggja neitt til málanna. Slíkt er *einsdæmi í þingsögunni varðandi álverið í Straumsvík* þar sem blandaðar nefndir þingmanna og fulltrúar þingflokka hafa ætíð fengið að fylgjast með þróun samningamála, a. m. k. á lokastigi þeirra fyrir framlagningu á Alþingi. Þetta er þeim mun ámælisverðara sem hinni þinglegu meðferð er hraðað með þeirri röksemd að hver dagur eftir 5. nóvember 1984 kosti Landsvirkjun 400 000 kr. Þessi síðasta samningalota hefur hins vegar staðið í 17 mánuði.

Þau vinnubrögð, sem hér hafa verið rakin, eru ótæk og vís til að leiða til ófarnaðar eins og frumvarpið um breytingarnar nú ber með sér. Hér á Alþingi verður því að gera þær kröfur að þessi vinnubrögð verði aflögð. Einkanefnd Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem hefur staðið í viðræðum við Alusuisse, undirbúið samningana í leynd og samið frumvarpið, er greinilega óhæf til þessara verka. Það gengur alls ekki að stjórnarandstaðan sé útilokuð frá viðræðunum og upplýsingum um gang mála. Hver svo sem niðurstaða verður á Alþingi um þetta frumvarp verður við framhald viðræðna að opna samninganefnd Íslands vegna þeirra veigamiklu þátta sem enn er ósamið um, þ. e. skattareglur og stækkun álversins í Straumsvík sem boðuð hefur verið.

Þó tekur steininn úr þegar iðnaðarráðherra segir þingheimi *ósatt* um eitt veigamesta atriði skattaákvæða í gildandi samningi við Alusuisse, en það gerðist í utandagskrárumræðu í Sameinuðu þingi 25. október 1984. Spurt var: „Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur varðar, t. d. ákvæði aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum?“ Svar ráðherra var „NEI“.

Við framlagningu þessa frumvarps kemur í ljós að þvert ofan í orð ráðherrans hefur þessum skattaákvæðum verið breytt á þann veg, að *niður er felld* samningsbundin skylda Alusuisse til að útvega ÍSAL hráefni „með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru“ svo sem fjallað verður um nánar hér á eftir. Framkoma ráðherra gagnvart þingheimi í þessu efni er einstæð í þingsögunni og brýtur áratuga hefð í samskiptum og trúnaði milli ráðherra og þingheims.

Iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að leyndin yfir þessum samningaviðræðum allt að framlagningu þessa frumvarps sé viðhöfð að kröfu Alusuisse og er þá illa komið fullveldi þjóðarinnar þegar ríkisstjórnin telur sig þurfa að haga samskiptum sínum við Alþingi á þennan hátt að fyrirlagi erlends auðfélags.

Við framlagningu þessa frumvarps um þriðja viðauka heldur iðnaðarráðherra því fram að í þessari lotu sé verið að leysa deilu um raforkuverð, stækkun og ágreiningsmálin fyrir dómnefndum, en skattamálin fái áframhaldandi meðferð og samningum um þau muni ljúka vorið 1985. Það er mikil fásinna að gera réttarsátt við Alusuisse út af deilumálunum og

breyta jafnframt tilteknum skattaákvæðum að þeirra ósk, en ljúka ekki um leið heildarsamningum um skattalega meðferð ÍSALs.

Það er á allra vitorði að Íslendingar hafa til þessa haft mjög sterka samningsstöðu þar sem allar horfur voru á að Alusuisse hlyti áfellisdóma fyrir dómnefndunum. Sannað var og einnig *viðurkennt af Alusuisse að súrálsverðið frá Ástralíu var „hækkað í hafi" um eigi minni fjárhæðir en fram komu í rannsóknum fyrrverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifs Guttormssonar, á því atriði.*

Á síðustu stigum málsmeðferðarinnar í New York, þegar Alusuisse var ljóst að fyrirtækið var með tapaða stöðu, tók auðhringurinn það til bragðs til að koma í veg fyrir áfellisdóm að bjóða svokallaða réttarsátt. Alusuisse bauð fram 100 milljón króna greiðslu til að forðast dóm.

Ríkisstjórnin gekk að þessu tilboði Alusuisse og eyðilagði þar með sterka samningsstöðu Íslendinga. Fram hefur komið að ástæðan fyrir þessari ákvörðun sé sú að sáttartilboðinu fylgdi raforkuverðshækkun sem ríkisstjórnin gat sætt sig við, og mat hún stöðuna þannig að lengra yrði ekki komist í þeim efnum.

Þetta var afdrifarík ákvörðun og einmitt á því augnabliki átti iðnaðarráðherra að kanna afstöðu stjórnarandstöðunnar og leita samstöðu innan þingsins um niðurstöðu sem hefði borgið íslenskum hagsmunum. Það var ekki gert. Nú er deginum ljósara að mat iðnaðarráðherra og viðræðunefndar ríkisstjórnarinnar á samningsstöðu Íslendinga var rangt. Afleiðingar þess eru að Alusuisse er gefinn kostur á að semja sig út úr erfiðri stöðu og jafnframt leyft að fresta samningum um skattamálin til næsta vors, en þá hefur öllum þrýstingi vegna starfa dómnefnda verið aflétt.

En það eru tvær aðrar ástæður fyrir því að hér var rasað um ráð fram. Hin fyrri er sú að tiltekin öfl í báðum stjórnarflokkunum og í viðræðunefnd þeirra máttu ekki til þess hugsa að „hækkun í hafi" yrði staðfest fyrir dómnefndinni þar sem með því yrði viðurkennt að málatilbúnaður fyrrverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifs Guttormssonar, á árunum 1980—1983 hefði haft við rök að styðjast og að árásir þessara sömu afla á hann vegna þess málatilbúnaðar hafi í raun verið þjónkun við erlenda hagsmuni. Síðari ástæðan er sú að þau öfl í stjórnarflokkunum, sem hafa erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi efst á stefnuskrá sinni og vilja öllu fórna til að fá erlenda stóriðju inn í landið, máttu heldur ekki til þess hugsa að „hækkun í hafi" yrði staðfest fyrir dómnefndinni þar sem með því yrði viðurkennt að hinn erlendi aðili hefði brotið á okkur samninga. Að þeirra mati hefði það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir tilraunir þessara afla til að lokka hingað nýja aðila í erlenda stóriðju í framtíðinni.

Hér á eftir verða gerðar efnislegar athugasemdir við meginatriði þeirra breytinga á gildandi samningum og lögum sem efnt er til með frumvarpi þessu: skattamálefni, raforkuverð og stækkun álversins.

A. SKATTAMÁLEFNI

Í öllum þeim breytingum, sem gerðar eru á skattaákvæðum aðalsamningsins skv. frumvarpi þessu, er farið að óskum og kröfum Alusuisse og öllu breytt í þágu auðhringsins. Þröngar skorður eru m. a. reistar við möguleikum íslenska ríkisins til að endurskoða ársreikninga ÍSALs, veitt er undanþága frá þeirri grundvallarreglu íslensks skattaréttar að endurákvarða megi skattgreiðslur aftur í tímann og íslenska ríkinu er gert að endurgreiða Alusuisse svonefnda skattinneign frá árinu 1975 sem nemur 4 081 071,85 dollurum um leið og endurákvörðun framleiðslugjalds frá 10. febrúar 1983 er ógilt.

Á fylgiskjali V með frumvarpi þessu er birtur svonefndur **sáttargerðarsamningur** sem undirritaður var 5. nóvember s. l. af Sverri Hermannssyni iðnaðarráðherra, fyrir hönd

íslensku ríkisstjórnarinnar, og forstjórum Alusuisse, þeim dr. Bruno F. Sorato og dr. Dietrich N. Ernst, fyrir hönd Alusuisse. Þessi samningur er lögfræðileg útfærsla á þeim ásetningi aðilanna að „binda enda á allan ágreining sín í milli og ná fullum og endanlegum sáttum um allar kröfur er uppi voru hafðar fyrir dómnefndunum og um allar aðrar kröfur varðandi framleiðslugjald ÍSALs vegna áranna 1976 til og með 1983, ásamt nokkrum öðrum kröfum". Tekið er fram í samningnum að þessi sátt sé gerð í samhengi við heildarviðræður aðilanna um þau atriði sem um getur í bráðabirgðasamkomulagi þeirra frá september 1983.

Ekki verður því í móti mælt, að lögformlega sé vendilega gengið frá þessari sakaruppgjöf og nægir að benda á eftirfarandi orðalag því til sönnunar, en hér er fjallað um eftirgjöf Íslands:

„Ríkisstjórnin samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, sem ríkisstjórnin hefur nokkru sinni átt, **á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er,** sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstjórnin kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir árið 1984." (Leturbr.)

Á móti fellur Alusuisse frá sínum kröfum, hverjar svo sem þær eru aðrar en mótmæli gegn kröfum Íslands.

En sáttargerð þessi er efnislega skilyrt og það á tvo vegu:

Í **fyrsta lagi** samþykkir Alusuisse vegna „ofangreindrar lausnar frá kröfum" að greiða ríkisstjórninni fjárhæð sem nemur 3 milljónum dollara. Nærri lætur að heildarskuld ÍSALs sé um það bil 10,4 millj. dollara með viðurlögum og nemur því greiðslan u. þ. b. 28% skuldarinnar.

Í **öðru lagi** samþykkir ríkisstjórnin á móti að breyta aðalsamningi aðila og aðstoðarsamningi (rekstri) í þá veru að fella niður og breyta öllum þeim ákvæðum í þessum samningum sem verulega reyndi á í deilumálunum við Alusuisse 1980—1983.

Þessi efnislegu skilyrði sáttarinnar skulu hér frekar útskýrð:

I. Sáttargreiðsla Alusuisse.

Sáttargreiðsla Alusuisse nemur 3 millj. dollara og skal skv. samningnum dragast frá skattainneign ÍSALs hjá íslenska ríkinu. Hér þarf að rifja það upp að fjármálaráðuneytið, sem er æðsta stjórnvald í skattamálum ÍSALs, skuldajafnaði 10. febr. 1983 hækkun framleiðslugjaldsins á grundvelli endurskoðunar Coopers & Lybrands gagnvart skattainneign fyrirtækisins hjá ríkissjóði um 6,6 millj. dollara. *Þessi skuldajöfnun tæmdi skattainneign ÍSALs og ÍSAL skuldaði ríkinu þá vegna skatta 1 827 853 dollara og höfðu þá ekki verið reiknaðir vextir frá upphafi árs 1981.*

Þessar ákvarðanir fjármálaráðuneytisins byggðust á tvennum stoðum:

1. niðurstöðum af endurskoðun Coopers & Lybrands á ársreikningum ÍSALs fyrir árin 1975—1981 og niðurstöðum álviðræðunefndarinnar frá 21. nóvember 1982 um að niðurstöður Coopers & Lybrands séu „haldbærasta matið á verðlagningu Alusuisse á þessum mikilvægu hráefnum til ÍSALs . . ." Samkvæmt þessum niðurstöðum nam yfirverðið á súráli 17,6 millj. dollara og yfirverð á rafskautum nam 13,8 millj. dollara, eða samtals 31,4 millj. dollara. Þegar tekið var tillit til of hárra afskrifta var það niðurstaða Coopers & Lybrands að hagnaður ÍSALs á tímabilinu 1975—1981 hafi verið 35,8 millj. dollara hærri en ársreikningar ÍSALs bentu til;

2. lögfræðilegri álitsgerð Benedikts Sigurjónssonar fyrrv. hæstaréttardómara og Ragnars Aðalsteinssonar hrl., dags. 13. okt. 1982, en meginniðurstöður hennar voru sem hér segir:

(a) Ein af almennum grundvallarreglum skattaréttar, sem orðuð er í íslenskum skattalögum, nr. 75/1981, er að endurákvarða megi skatt á skattaðila ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum eða eignum og skiptir þá ekki máli hvort um refsiverða háttsemi er að ræða eða ekki.

(b) Réttur stjórnvalda til að endurákvarða skattaðila skatt sætir þeim takmörkunum í íslenskum skattalögum að endurákvörðunin getur aðeins náð til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Eðlilegt er því talið að þessi regla eigi við um framleiðslugjald ÍSALs og megi endurákvarða framleiðslugjald vegna ársins 1976 og síðari ára.

Af framanrituðu er ljóst að ákvarðanir fjármálaráðuneytisins voru vel grundaðar og af þeim ástæðum átti álagningin að ganga til dóms. *Það er algert einsdæmi í fullvalda ríki að álagning skatta, sem framkvæmd er af bæru skattyfirvaldi, verði samningsatriði milli skattþegns og ríkisins* og mætti ætla að íslenskum skattgreiðendum þyki þetta nokkur nýlunda.

II. Breytingar á skattaákvæðum.

Breytingar sem gera skal á aðalsamningi og aðstoðarsamningi um rekstur eru mjög sérstæðar og forvitnilegar.

1. Aðstoðarsamningur um rekstur.

Við gerð álsamningsins í upphafi (árið 1966) varð niðurstaðan sú að í stað venjulegra skatta samkvæmt íslenskum skattalögum væri ÍSAL gert að greiða framleiðslugjald sem væri jafnaðarlega greitt eftir útflutningi og væri tiltekinn hluti af söluverði áls. Var þessi leið valin vegna þess að ólíklegt þótti að við næðum eðlilegum skattgreiðslum af starfsemi Alusuisse hér á landi með beitingu skattalaga á sama hátt og gagnvart öðrum fyrirtækjum í landinu.

Við samningsgerðina 1966 tókst Alusuisse þó að fá skattgreiðslur sínar jafnframt tengdar hagnaði og sýna þau ákvæði betur en margt annað hversu slyngir samningamenn þeirra eru. Þá urðu til þau skattaákvæði sem valdið hafa deilum undanfarin ár.

Það er þekkt fyrirbæri, þegar fjölþjóðafyrirtæki eiga í hlut, að þau reyna að hagræða verði milli landa og fyrirtækja sinna í því skyni að ákveða sjálf tolla og skatta á starfsemi sína. Þetta er kallað „transfer pricing“ á erlendu máli, en hefur á íslensku verið kölluð „hækkun í hafi“.

Eftir að Alusuisse gat tengt framleiðslugjaldið hagnaði, þ. e. sett þak á greiðsluskyldu sína miðað við hlutfall af hreinum rekstrartekjum, varð fyrirtækið að undirgangast tvennar skuldbindingar:

(a) ákvæði í aðalsamningi (27.04) sem var svohljóðandi:

„Útreikning nettóhagnaðar ÍSALs vegna VI. kafla samnings þessa ber að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ÍSAL, og *samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila,* að því er varðar öll viðskipti ÍSALs ...“ (Leturbr.) Þetta er samningsákvæðið um seilingarverð (arm's length) í skattalegu tilliti;

(b) ákvæði í aðstoðarsamningi um rekstur ÍSALs (2.03) sem var svohljóðandi: „Alusuisse mun veita ÍSAL, að beiðni þess, ráðleggingar og aðstoð á sviðum fjárhagsmála og stjórnsýslu, og miðla þannig reynslu þeirri, sem það öðlast við rekstur á þeim stöðum öðrum, er um getur í málgrein 2.01, sem hér segir:

...(c) Tækni- og stjórnsýsluaðstoð í sambandi við *útvegun hráefna og innkaup ÍSALs*, og skal aðstoð veitt með þjónustu tækni- og stjórnsýsludeilda Alusuisse í Sviss eða annars staðar. Í þessu skyni mun Alusuisse færa sér í nyt viðskiptasambönd sín og tengsl við þá aðila, sem kunna að hafa á boðstólum hráefni og vistir, *aðstoða ÍSAL*, eftir því sem við á, í samningaumleitunum þess og *á þann hátt og sérhvern annan*, sem tiltækur kann að vera, leitast við *að tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru.*"

Þessi ákvæði þýða í raun að Alusuisse skuldbindur sig af skattaástæðum til að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlega verði (og fær fyrir það þóknun) og að hreinan hagnað ÍSALs skuli reikna út á grundvelli seilingarverðs milli óskyldra aðila.

Strax á árinu 1974, þegar súrálsviðskiptin við Ástralíu hófust, tók Alusuisse að hækka súrálsverðið í hafi og fara þannig í bág við loforð sín og fyrirmæli samninga. Í skýrslu sinni árið 1975 segja Coopers & Lybrand tæpitungulaust að hráefnaverðið frá Alusuisse sé of hátt og Alusuisse starfi ekki í samræmi við samningana. Þessari skýrslu var stungið undir stól og þingmenn fengu ekkert um hana að vita þegar þeir samþykktu annan viðauka aðalsamningsins 1975. Þá voru sömu flokkar og nú aðilar að ríkisstjórn og Jóhannes Nordal formaður samninganefndarinnar.

Þegar Hjörleifur Guttormsson varð iðnaðarráðherra árið 1980 fékk hann vísbendingar um mikið yfirverð á súráli frá Ástralíu. Innflutningsskýrslur voru skoðaðar og kom þá í ljós að innkaupsverð á súráli frá Ástralíu var **ranglega** gefið þar upp af framkvæmdastjóra ÍSALs. Þá var Ingi R. Helgason hrl. sendur til Ástralíu í því skyni að fá upp rétt útflutningsverð og 8. des. 1980 gaf hann iðnaðarráðherra ítarlega skýrslu um ferð sína og það sem hann varð áskynja um í ferðinni um útflutningsverð á því súráli sem ÍSAL fékk frá Ástralíu. Meginniðurstöður Ástralíuferðarinnar voru þær að samkvæmt lögum í Ástralíu (Nabalco) verða útflutningsaðilar á súráli, hverjir sem þeir eru, að fá útflutningsleyfi og *það er háð því skilyrði að selja súrálið á seilingarverði.* Tveir aðilar selja Alusuisse súrálið handa ÍSAL og ekki nákvæmlega á sama verði. Þegar allir súrálsfarmar frá Ástralíu til Íslands á tímabilinu 1974 til miðs árs 1980 voru reiknaðir út varð ljóst að Alusuisse hafði lagt ofan á súrálsverðið frá Ástralíu hvorki meira né minna en 47,5 milljónir dollara. Þegar þessi fjárhæð er borin saman við þá fjárhæð, sem ÍSAL greiddi Landsvirkjun fyrir raforku á sama tímabili, 42 milljónir dollara, sést best hvernig Alusuisse virti þá samninga sem fyrirtækið hafði gert við Íslendinga. Tölulegar niðurstöður Inga R. Helgasonar hrl. voru staðfestar af Coopers & Lybrand áður en iðnaðarráðherra birti þær opinberlega. Alusuisse var beðið um skýringar á þessu verði og „hækkun í hafi" og í febrúar 1981 neitaði auðhringurinn því harðlega að um nokkurt yfirverð væri að ræða. Alusuisse hélt því fram að óvinveittur pólitískur ráðherra væri að reyna að koma óorði á Alusuisse og spilla því góða samkomulagi sem alltaf hefði ríkt milli Íslendinga og Alusuisse. Þegar litið er til baka vekur það furðu hversu margir innlendir aðilar veittust að fyrrverandi ráðherra, sem í skyldustörfum sínum byggði á raunréttum upplýsingum til að ná fram samningsbundnum rétti og að nokkrir þingmanna skyldu fást til að flytja þingsályktunartillögu um að taka málin úr höndum hans.

Því er haldið fram að skyldur Alusuisse í því efni að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlegu verði skiptu ekki máli þar sem skattgjaldið ætti ætíð að meta og ákvarðast af seilingarverði. Þetta sjónarmið kemur einnig fram í greinargerð með frumvarpi þessu og er því rétt að minna á hvað Jóhann Hafstein, þáverandi iðnaðarráðherra, sagði um þetta efni þegar hann flutti framsöguræðu sína fyrir álsamningnum 1966. Þá sagði hann:

„Öllu mikilvægara er, að í samningum ÍSALs eru strangari ákvæði um skyldur Alusuisse til þess að útvega hráefni til bræðslunnar og selja framleiðslu hennar með hagstæðum kjörum og heimildir fyrir ríkisstjórnina til þess að láta endurskoða reikningsuppgjör fyrir slík viðskipti. Auk þess er rétt að leggja áherzlu á mikilvægi þeirra ákvæða í

samningunum á milli Alusuisse og dótturfyrirtækisins, að það er ekki heimilt að breyta þeim samningum án samþykkis ríkisstjórnarinnar ...“

„Því er svo ekki að leyna, að önnur ástæða fyrir þessu formi á skattgreiðslu er sú, að það var talið af sérfræðingum, bæði erlendum og íslenskum, sem við höfðum samráð við, að það væri mjög erfitt að fylgjast með skattframtölum slíkra fyrirtækja, sem væru raunverulega hlekkur í langri framleiðslukeðju, sem öll er í höndum sama aðilans. Og ég get upplýst það, að bæði Norðmenn, sem við höfðum samband við, og eins ensk fyrirtæki töldu, að það væri mikið hagræði og meira öryggi fyrir okkur að hafa skattgjaldið í því formi, sem hér er um að ræða. *Sjálfur hef ég heyrt gagnrýnda mjög samninga í sambandi við álbræðsluna í Húsnesi vegna þess, hve Alusuisse hefði þar óbundnar hendur um verð á hráefni til verksmiðjunnar og um söluverð á framleiðslu verksmiðjunnar.*“ (Leturbr.).

Á framangreindum ákvæðum í aðalsamningi og aðstoðarsamningi hafa Íslendingar byggt rétt sinn og ríkisstjórn Íslands sett fram kröfur um aukið skattgjald gagnvart ÍSAL. Upplýst er með óyggjandi tölum að Alusuisse hefur hagrætt verðinu á aðföngum til ÍSALs í því skyni að draga úr sköttum sínum hér á landi. Kröfur ríkisstjórnarinnar eru rúmlega 10 milljónir dollara og nú er það niðurstaða í samningum aðila að lækka þessa fjárhæð ofan í 3 milljónir dollara að teknu tilliti til annarra sjónarmiða. Það er pólitísk aðgerð út af fyrir sig, og er gagnrýnd hér, en þá verður undanlátssemin við hinn erlenda auðhring meiri en tárum taki þegar *Alusuisse fær það í kaupbæti að ríkisstjórnin fellir niður ákvæði aðstoðarsamningsins svo að þau ákvæði séu ekki oftar að þvælast fyrir!* Samkvæmt lögskýringarreglum má líta á niðurfellingu á tiltekinni skyldu sem heimild og hér er raunverulega verið að leggja til að lögheimila „hækkun í hafi“ (transfer pricing). Og ekki einasta má Alusuisse, ef frumvarp þetta verður að lögum, hagræða innkaupsverðinu til ÍSALs, heldur á þetta eftir orðanna hljóðan að gilda einnig um hugsanlegan þriðja aðila sem yrði hluthafi í ÍSAL við stækkunina. Fullyrða má, að leitun sé að því þjóðþingi sem lögleiði „transfer pricing“ með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um á Alþingi Íslendinga. Slíkt löggjafarstarf færi beint gegn anda skuldbindinga okkar í GATT og bryti í bág við meginákvæði skýrsluráðgjafarnefndar OECD frá janúar 1979 sem staðfest var 16. maí 1979.

Það er ekki síður nöturlegt að sjá í frumvarpinu eftirfarandi **syndakvittun** til Alusuisse eftir allt sem á undan er gengið og ætlast til þess að þingmenn samþykki hana sem lög frá Alþingi:

„Hvorki þessi sáttargerðarsamningur eða neinir af skilmálum hans né neinar samningaviðræður eða málarekstur í sambandi við hann skulu vera eða verða túlkuð sem sönnun um viðurkenningu af hálfu Alusuisse eða ÍSALs eða ríkisstjórnarinnar um neina ábyrgð af nokkru tagi, eða um gildi neinna krafna, staðhæfinga eða röksemda, þar á meðal þeirra, sem fram hafa verið færðar fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, eða um haldleysi neinna varna eða andsvara, sem höfð hafa verið uppi gegn þeim.“

2. Fyrningar.

Athugasemdir Coopers & Lybrands varðandi aðferðir ÍSALs við afskriftir mengunarvarnabúnaðar og gengistaps byggðust jafnan á hinni svokölluðu „samkvæmnisreglu“. Í upphafi var ákveðið að búnað álbræðslunnar skyldi afskrifa á 15 árum, en slíkar afskriftir dragast að sjálfsögðu frá hreinum rekstrarhagnaði. Eftir að þáverandi iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, gat komið Alusuisse til að setja upp mengunarvarnabúnað í álbræðslunni vék ÍSAL frá 15 ára reglunni og afskrifaði mengunarvarnabúnaðinn á miklu skemmri tíma og fékk sér þar með hærri frádrátt á rekstursreikningi.

Engin önnur ákvæði um fyrningartíma en áðurnefnd 15 ár voru í aðalsamningi, og þegar Coopers & Lybrand vildu nota þá reglu varðandi mengunarvarnabúnaðinn varð um þetta atriði mikið þref og hefur staðið árvisst síðan. Í þeim samningi, sem hér liggur fyrir í

frumvarpsformi, *stígur íslenska ríkisstjórnin ofan á skoðanir hinna virtu endurskoðenda, hleypur eftir duttlungum Alusuisse og styttir hér fyrningartímann um næstum helming frá upphaflegum samningi, úr 15 árum í 8 ár.* Þetta skipir nokkrum milljónum dollara á ári. Samninganefndin segir í greinargerð sinni með frumvarpinu að þetta styðjist við „eðlileg" sjónarmið. Með vísan til tæknilegrar úttektar sem Coopers & Lybrand létu gera á líftíma (endingartíma) þessa búnaðar, að hann væri ekki skemmri en annars búnaðar í álbræðslunni, er því hér algerlega hafnað að þessi stytting fyrningartímans styðjist við eðlileg sjónarmið.

3. Varasjóður og viðurlög.

Í grein 2.03 í frumvarpinu er enn látið undan kröfum Alusuisse.

Þegar gengið var frá skattaákvæðum í aðalsamningi árið 1966 voru engin ákvæði sett um varasjóð sem leggja mætti í fjármuni til frádráttar skattskyldum tekjum. Þau sjónarmið réðu þá að skattlagning ÍSALs væri ekki í takt við íslensk skattalög.

Þegar aðalsamningurinn var endurskoðaður 1975 og Alusuisse sá að óðum styttist fyrningartími álbræðslunnar var gerð sú krafa að þeim væri líka heimilað að koma upp varasjóði sem leggja mætti í skattfrjálsa peninga. Íslenska ríkisstjórnin gekk þá að þessari kröfu Alusuisse, en nú er gengið feti lengra og heimtað fullkomið frelsi varðandi varasjóðinn, að 20% markinu, svipað og hjá íslenskum félögum. Heimildirnar eru orðaðar á eftirfarandi hátt:

„ÍSAL á hvenær sem er rétt til að inna framlag í varasjóðinn á hverju tilteknu ári, og að hækka eða lækka hvert það framlag til að halda samræmi við þá takmörkun um 20%, sem sett er hér að ofan, þar til nettóhagnaður ÍSALs fyrir það ár hefur verið endanlega staðfestur með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eða endanlega ákvarðaður með öðrum hætti samkvæmt samningi þessum."

Með því að arðurinn af rekstri fyrirtækisins fer úr landi sýnist óeðlilegt að heimila varasjóðinn með þessum hætti.

Það er merkilegt að sjá hvernig samningamennirnir líkja ÍSAL við íslensk fyrirtæki þegar þeir leggja til að ÍSAL njóti einhverra skattfríðinda íslenskra skattalaga, en snúa snöggt við blaðinu þegar undanþiggja á ÍSAL einhverjum íslenskum skattareglum. Þetta misræmi sést í umfjöllun í greinargerð þeirra varðandi varasjóð og viðurlög. Nú skal það lögfest að ÍSAL skuli ekki sæta viðurlögum vegna framleiðslugjaldsins og *þá verður fyrirtækið eini íslenski skattþegninn sem ekki skal sæta viðurlögum vegna óframtalins og ógreidds framleiðslugjalds.* Rökstuðningurinn hér er sá að skattlagning ÍSALs sé svo ólík skattameðferð íslenskra fyrirtækja að hér eigi að undanþiggja fyrirtækið þessari kvöð. Þessum rökstuðningi er hér að sjálfsögðu hafnað, en íslenskum skattþegnum þykja þetta eflaust tíðindi.

4. Endurskoðun ársreikninga.

Í frumvarpinu (2.04) er enn látið undan kröfum Alusuisse og reynt með afdráttarlausu orðalagi að láta taka fyrir það að íslensk skattyfirvöld geti leiðrétt ársreikninga ÍSALs, hvað skattbyrði áhrærir, aftur í tímann. Allir, sem greiða skatt á Íslandi, verða að sæta þeirri grundvallarreglu skattaréttar að endurákvarða megi á þá skatta ef ástæða þykir til og gildir það sex ár aftur í tímann. Svipuð regla gildir í flestum fullvalda ríkjum. Á grundvelli þessarar reglu hafa mál til leiðréttingar á skattgreiðslum ÍSALs verið sótt af hálfu íslenska ríkisins, svo sem annars staðar er rakið í nefndaráliti þessu.

Í núgildandi aðalsamningi eru ákvæði sem veita ríkisstjórninni heimild til að láta endurskoða ársreikninga ÍSALs og eru þar reistar tímaskorður sem miða að því að endurskoðun þurfi að vera lokið fyrir 1. september næsta árs. Þrátt fyrir þessi ákvæði hefur af Íslands hálfu verið talið að framangreind grundvallarregla hafi gilt og heimilað að

endurskoða og endurákvarða framleiðslugjaldið aftur í tímann ef til þess eru gildar ástæður. Nú á með frumvarpi þessu að taka af öll tvímæli í þessu efni og ÍSAL á ekki að þurfa að sæta því að láta endurskoða aftur í tímann þótt í ljós komi að ÍSAL hafi ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum á reikningsárinu. *Hið skarpa orðalag til verndar ÍSAL er svohljóðandi:*

„Endurskoðun endurreikningsskýrslunnar, sem ríkisstjórnin lætur fara fram, skal lokið og niðurstöður hennar kynntar ÍSAL eigi síðar en hinn 1. september á endurreikningsárinu. *Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig kynntar ÍSAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir umrætt ár eftir 1. september á endurreikningsárinu.*“ (Leturbr.)

Ef þessi ákvæði verða lögfest er fullvalda ríki að afsala sér mikilvægum og sjálfsögðum rétti sem felst í skattmatinu og í raun að leggja á sig óeðlilegar hindranir varðandi leiðréttingar á framtölum skattgreiðanda og skattaálagningu. Af reynslu undanfarinna ára hefur tíminn frá 1. júní til 1. september ár hvert reynst býsna knappur, ekki síst fyrir þá sök að Alusuisse hefur dregið að gefa upplýsingar eða harðlega neitað að gefa þær, svo að tími endurskoðenda hefur spillst mikið. Yfirleitt nær réttur endurskoðenda nokkuð langt varðandi aðgang að skjölum og gögnum skattgreiðanda. Og víst er um það að Coopers & Lybrand fengu aðgang að bókhaldi ÍSALs, en í öllum þeim tilfellum, sem upplýsinga var þörf frá Alusuisse vegna viðskiptatengsla, *sagði Alusuisse nei* við beiðni endurskoðenda um að fá að skoða hlutaðeigandi bókhaldsskjöl hjá Alusuisse. Í síðustu endurskoðunarskýrslu sinni fyrir árið 1983 kvartaði Coopers & Lybrand, eins og í hinum fyrri, yfir því að fá ekki aðgang að skjölum Alusuisse sem varða ÍSAL. Þessari skýrslu hefur ekki verið dreift til þingmanna, en ÍSAL hefur í Morgunblaðinu 11. nóv. s. l. birt athugasemdir við hana og við það tækifæri birtist kvörtun Coopers & Lybrand á prenti svohljóðandi:

208. „Þar sem við höfum ekki haft aðgang að bókhaldi og skjölum Alusuisse, höfum við ekki getað staðfest frá fyrstu hendi, hvort Alusuisse selur dótturfyrirtækjum sínum eða óskyldum aðilum á óbreyttum skilmálum eitthvað af þeim málmi, sem það kaupir frá ÍSAL, þ. e. a. s. hvort Alusuisse hefur hagnað af viðskiptunum í viðbót við það að fá 1,5% söluþóknun skv. Aðstoðarsamningi — Sala. Alusuisse hefur þó látið okkur hafa skriflega staðfestingu á því, að það hafi ekki slíkan viðskiptahagnað.“

Um leið og hér er í frumvarpinu lagt til að strangar hömlur séu settar á skattmat og endurskoðanir íslenska ríkisins er ekki gerð hin minnsta tilraun til að lögskylda Alusuisse til að gefa upplýsingar og afhenda gögn sem skipta máli vegna skattamálefna ÍSALs. Hér er vert að muna að Alusuisse neitaði alltaf á sínum tíma að upplýsa innkaupsverðið á súráli og forskautum, en það leiddi til hinnar umfangsmiklu og tímafreku rannsóknar á þeim málum.

5. Skuldajöfnun við skattinneign.

Í frumvarpinu (2.07) er *enn látið undan kröfum Alusuisse* og afturkallað með lögum bréf fjármálaráðherra frá 10. febr. 1983 þar sem skattinneign ÍSALs var tæmd og meira en það með skuldajöfnun vegna endurákvarðaðs framleiðslugjalds.

Skattinneign varð til vegna fyrri ákvæða aðalsamnings við þær aðstæður að framleiðslugjaldið, greitt miðað við útflutning, varð hærra en það átti að vera samkvæmt reglunum um þak eða viðmiðun við hreinan hagnað. Þessu var *hætt árið 1975* og var þá skattinneignin rúmar 4 millj. dollara. *Jafnframt var þá lögfest að Alusuisse ætti þessa peninga, þvert ofan í ráðgjöf bandarískra lögfræðinga sem ráðnir voru í þjónustu íslenska ríkisins, en sú álitsgerð kom aldrei fyrir sjónir þingmanna.*

Skattinneignin frá 1975 með vöxtum var hins vegar öll tekin upp í vangreitt framleiðslugjald 1983, af þáverandi fjármálaráðherra, Ragnari Arnalds, eins og áður segir, og hér er verið að ógilda þá stjórnvaldsathöfn ef frumvarp þetta verður að lögum. *Þar með*

er skattinneignin látin óbreytt standa og bera hæstu dollaravexti allan tímann. Með vöxtum er upphæðin nú komin upp í um 7 millj. dollara árið 1984 og sáttargreiðslan, 3 millj. dollara, jafngildir því aðeins vöxtunum sem bæst hafa ofan á skattinneignina frá 1975 til dagsins í dag. Eftir þessum reikningskúnstum eru eftirfarandi ákvæði sett í frumvarp þetta að á „gildistökudegi sáttargerðarsamningsins dags. 5. nóv. 1984 á milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse skal ríkisstjórnin færa ÍSAL til eignar fjárhæðina 4 081 071.85 Bandaríkjadollara ...".

Sáttargerðartalan, 3 millj. dollara, er vísdómslega fundin sem vaxtatekjur af skattinneign allan tímann, svo að sú greiðsla er aðeins millifærsla. Íslenska ríkið skuldar Alusuisse enn þá þær 4 milljónir dollara sem það skuldaði fyrirtækinu 1975 og í lok þessarar frumvarpsgreinar segir: „Ef einhverjar eftirstöðvar verða af þessari skattinneign þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið, skulu þær greiddar ÍSAL í reiðufé."

Hér er staðhæft að hvað sem líður tilliti til annarra sjónarmiða í erfiðum samskiptamálum Alusuisse og Íslendinga *er hér um að ræða hrapallega niðurstöðu í skattamáli fullvalda ríkis gagnvart erlendu auðfélagi.* Sáttargreiðslan nemur aðeins reiknuðum vöxtum af innistæðu sem í raun var ekki til og fyrir þessa sáttargreiðslu fær auðfélagið mikilvægar breytingar á skattaákvæðum sér í hag, sleppur með lágmarksraforkuverð og eftir eru allir samningar um framtíðarfyrirkomulag skatta.

B. RAFMAGNSSAMNINGUR

Eitt þýðingarmesta fylgiskjalið með þessu frumvarpi er rafmagnssamningurinn milli Landsvirkjunar og ÍSALs og breytingar þær sem á honum eru gerðar á fylgiskjali A. Stjórn Landsvirkjunar hefur fylgst með þessum breytingum og samþykkt þær fyrir sitt leyti, en ekki einróma, því að fulltrúi Alþýðubandalagsins í stjórn Landsvirkjunar, Ólafur Ragnar Grímsson, greiddi atkvæði gegn samningnum og lét bóka í fundargerð um afstöðu sína. Sú bókun felur í sér meginafstöðu Alþýðubandalagsins gagnvart rafmangssamningnum sérstaklega og samhengi hans við önnur atriði samninga Alusuisse og íslenska ríkisins. Bókun Ólafs Ragnars Grímssonar fylgir með þessu nefndaráliti sem fylgiskjal.

Hér á eftir verður fjallað um meginatriði rafmagnssamningsins eins og hann liggur fyrir á þskj. 148, en áður verður vikið að almennum atriðum í sambandi við raforkuverð til ÍSALs.

Almennt um rafmagnssamninginn.

Ég hef kynnt mér rækilega öll gögn sem tiltæk hafa verið um raforkuverð til ÍSALs og þá þætti sem því tengjast og leitað frekari upplýsinga til að meta afleiðingar þess að samþykkja það frumvarp sem hér er til umræðu. Á undanförnum misserum hefur legið fyrir að raforkuverðið til ÍSALs væri langt undir því sem eðlilegt gæti talist. Réttlætiskrafa Íslendinga um stórhækkun orkuverðsins til álbræðslunnar í Straumsvík hefur m. a. byggst á tilvísun til gjörbreyttra forsendna frá því að rafmagnssamningurinn var gerður 1966 og frá því að hann var endurskoðaður 1975. Þær gjörbreyttu forsendur sem hér um ræðir eru m. a.:

1. Þegar álsamningarnir voru gerðir 1966 var sú skoðun ríkjandi að almennt orkuverð í heiminum mundi fara lækkandi á komandi áratugum vegna tilkomu kjarnorkustöðva. Í stað þess hefur almennt orkuverð í heiminum margfaldast og framleiðslukostnaður í kjarnorkustöðvum reynst miklu hærri en áætlað var.
2. Raforkuverðið til ÍSALs tók í upphafi mið af áætluðum kostnaði við framleiðslu á raforku á Íslandi. Þessi kostnaður hefur reynst miklu hærri en gert var ráð fyrir. Mjög takmörkuð leiðrétting hefur fengist á orkuverðinu til ÍSALs og af þeim sökum hafa almenningur og innlendir atvinnuvegir þurft að bera óeðlilega stóran hluta af kostnaði Landsvirkjunar við að framleiða raforku. Meðalframleiðslukostnaður Landsvirkjunar á raforku er nú um 20 mill/kWst.

3. Raforkuverðið til ÍSALs var á sínum tíma ákveðið með hliðsjón af því að greiða þyrfti 7% toll af áli sem selt væri á álmörkuðum Vestur-Evrópu. Vegna samnings, sem Ísland gerði við Efnahagsbandalagið á fyrri hluta síðasta áratugar, hefur ÍSAL nú tollfrjálsan aðgang að einum helsta álmarkaði heimsins. Hér er um að ræða mikla grundvallarbreytingu frá upphaflegum samningsforsendum sem styður enn frekar kröfur Íslendinga um leiðréttingu á raforkuverði til ÍSALs.
4. Raforkuverð til álvara í heiminum hefur stórhækkað á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum, sem er besta dæmið um viðskipti óháðra aðila í orkusölu til áliðnaðar og jafnframt langstærsta álframleiðslusvæði heimsins, hefur raforkuverðið til áliðnaðar sexfaldast á s. l. 10 árum, þ. e. a. s. hækkað úr u. þ. b. 4 mill/kWst 1974 í u. þ. b. 24 mill/kWst að meðaltali um síðustu áramót.

Með hliðsjón af framansögðu og öðrum aðstæðum má færa að því ótvíræð rök *að raforkuverðið til ÍSALs eigi að hækka í að lágmarki 18—20 mill/kWst miðað við núgildandi verðlag.* Flest bendir til þess að samningsstaða okkar nú til að knýja fram slíka hækkun hafi verið óvenjusterk. Ástæðan er sú að Alusuisse vildi ekki að kveðinn yrði upp áfellisdómur í New York um viðskipti þess við ÍSAL á undanförnum árum.

Sá rafmagnssamningur, sem lagt er til að verði gerður með samþykkt þessa frumvarps, er hins vegar algerlega óviðunandi fyrir Íslendinga. Samkvæmt honum verður raforkuverðið um 13,7 mill/kWst að meðaltali á næstu 5 árum miðað við verðlag 1984 og bjartsýnustu spár um þróun álverðs á tímabilinu. Á næstu 15 árum þar á eftir yrði raforkuverðið samkvæmt samningnum að meðaltali um 9 mill/kWst miðað við núgildandi verðlag, nema unnt verði að brjóta upp samninginn á grundvelli þeirra mjög svo veiku endurskoðunarákvæða sem í honum eru. Þegar hafðar eru í huga þær miklu breytingar sem Alusuisse hefur fengið í gegn á öðrum sviðum og óvenjusterk samningsstaða okkar vegna réttarhaldanna í New York verður að telja þennan raforkusamning ótrúlega veikan fyrir Landsvirkjun. Í þessu sambandi tel ég rétt að benda á eftirfarandi atriði:

1. *Raforkusamningurinn gildir í 20 ár og skv. honum yrði meðalraforkuverðið á þessu tímabili um 10,3 mill/kWst miðað við núgildandi verðlag* og ekki verður hægt að endurskoða hann til hækkunar á tímabilinu. Til þess að raforkuverðið gæti talist viðunandi til ÍSALs *vantar a. m. k. 80—100% ofan á umsamið verð samkvæmt frumvarpinu.*
2. Í raforkusamningnum eru hámarks- og lágmarksákvæði og eru bæði þessi ákvæði algerlega óverðtryggð. *Hámarksákvæðið, sem er nú 18,5 mill/kWst, verður komið niður í u. þ. b. 6 mill/kWst í lok samningstímans miðað við spár sérfræðinga Landsvirkjunar um verðbólguþróun á næstu árum. Lágmarksákvæðið sem nú er 12,5 mill/kWst verður þá komið niður í u. þ. b. 4 mill/kWst.* Það verða að teljast meiri háttar afglöp í samningum að gefa eftir að þessi ákvæði séu verðtryggð, ekki síst þar sem einn helsti ráðgjafi Landsvirkjunar benti sérstaklega á að nauðsynlegt væri að verðtryggja lágmarks- og hámarksákvæðin. Lágmarksákvæðið taldi hann eðlilegt að breyttist í takt við breytingar á framleiðslukostnaði Landsvirkjunar á raforku. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessara ábendinga.
3. Landsvirkjun eða ÍSAL geta á 5 ára fresti óskað eftir endurskoðun á samningnum. Þar sem Landsvirkjun er fyrirtæki sem hefur stærstan hluta tekna sinna frá almenningsveitum og hagar verðlagningu raforkunnar þannig að afkoma fyrirtækisins sé viðunandi á hverjum tíma *er ljóst að þessi endurskoðunarákvæði samningsins, eins og þau eru orðuð, eru mjög veik fyrir Landsvirkjun.* Endurskoðunarákvæði eitt sér veitir því miður litlar vonir um að unnt verði að leiðrétta raforkuverðið að 5 árum liðnum.
4. Með samningnum er farið inn á þá *áhættusömu braut að láta raforkuverðið sveiflast með álverði* sem að hluta til er meira að segja ákveðið af Alusuisse. Þetta mun valda mikilli óvissu um tekjuöflun Landsvirkjunar á næstu 6 árum og getur leitt til ýmissa vandræða í rekstri fyrirtækisins.

5. Með samningnum er Alusuisse veittur *forgangsréttur að frekari orku til stóriðju hér á landi.* Það verður að teljast furðulegt að ríkisstjórn, sem boðar markaðshyggju og útboð á öllum sviðum, skuli veita einum aðila slíkan rétt og í svo stóru máli.

Þegar á heildina er litið er raforkusamningurinn algerlega ófullnægjandi fyrir Landsvirkjun. Ég legg því til að frumvarp þetta verði fellt og þegar í stað skipuð ný samninganefnd með aðild allra þingflokka sem hefji án tafar viðræður við Alusuisse.

Til frekari stuðnings framangreindum sjónarmiðum varðandi rafmagnssamninginn almennt vil ég reifa hér í einstökum atriðum helstu efnisþætti þessa þýðingarmikla máls.

1. Raforkuverð til álvera erlendis.

Í umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar um fyrirhugaðar breytingar á raforkusamningnum við ÍSAL er þess getið að raforkuverð til álvera í Evrópu sé nú talið *14—15 mill/kWst* og um *20 mill/kWst* í Bandaríkjunum. Þessi staðhæfing, ásamt fullyrðingum um að fjárhagslegt óhagræði þess að framleiða ál á Íslandi miðað við Evrópu og Bandaríkin sé *4—5 mill/kWst,* er ein af meginröksemdunum fyrir kostum þess raforkusamnings sem gerð er tillaga um.

Hér þarf að líta á hvað hækkun dollarans á árum 1980—1984 (25%) skekkir þennan samanburð þegar mælt er í dollurum (mill/kWst). Í Evrópugjaldmiðlunum hefur verðlagið nær ekkert lækkað nema í Frakklandi þar sem ríkið er að styrkja sitt eigið álfyrirtæki. Þessi lækkun á árunum 1980—1984 á því að verulegu leyti rætur að rekja til gengislækkunar evrópskra gjaldmiðla gagnvart dollara. En að öðru leyti vil ég gera eftirfarandi athugasemdir við þessar fullyrðingar forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar:

(a) Áreiðanleiki upplýsinganna.

Þessar staðhæfingar eru settar fram án röksemda eða tilvísana í ritaðar heimildir eða heimildarmenn. Á hinn bóginn liggur fyrir að þessar tölur hafa verið unnar í samráði við Alusuisse. Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að fram komi að í ítarlegri og vel unninni skýrslu, sem starfshópur um raforkuverð til ÍSALs skilaði í maí 1982, koma fram talsvert frábrugðnar upplýsingar um raforkuverð til álvera á árinu 1981. Í þessum starfshóp áttu sæti sérfræðingar frá Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun. Niðurstöður hans um orkuverð til álvera í Evrópu og Norður-Ameríku voru eftirfarandi:

Raforkuverð til álvera 1981.

	Verðlag 1981	Verðlag 1984
Norður-Ameríka	18,2	22,6
Evrópa	20,6	25,6

(Heimild: Commodities Research Unit. Skýrsla starfshóps um orkuverð til ÍSALs, maí 1982.)

(b) Ósambærilegt orkuverð.

Jafnaðarraforkuverð til álvera í Evrópu er í grundvallaratriðum ósambærilegt við raforkuverðið til ÍSALs.

Í Evrópu eru yfirleitt veruleg hagsmunatengsl á milli seljenda rafmagnsins, orkuveranna, og álbræðslnanna. Í sumum tilvikum eiga álfyrirtækin beinlínis orkuverin sem framleiða orkuna. Þá er afar algengt að ríkisstjórnir viðkomandi landa eigi bæði orkuverin og álfyrirtækin. Þannig er því t. d. farið með langstærsta álfyrirtæki Evrópu, Pechiney, sem franska ríkisstjórnin þjóðnýtti fyrir nokkrum árum. Í þeim tilfellum, þar sem viðkomandi fyrirtæki eru að meiri hluta til í einkaeigu, er algengt að náin fjárhagstengsl séu á milli helsta orkuframleiðandans og álfyrirtækjanna. Glögg dæmi um slíkt eru t. d. ASV í Noregi og

Granges í Svíþjóð. Jafnvel þar sem bein fjárhagsleg tengsl eru ekki fyrir hendi eru viðskipti hins opinbera orkuframleiðanda og álfyrirtækjanna sjaldan á armslengdargrundvelli. Til þess eru álfyrirtækin og starfsemi þeirra talin of mikilvæg frá hernaðarlegu og efnahagslegu sjónarmiði.

Orkusala til álvera í Evrópu er m. ö. o. sjaldnast á milli óskyldra aðila. Um það er ekki deilt, sbr. umræður í nefndinni. Þar með liggur fyrir að orkuverðið þarf ekki að vera í neinu samræmi við armslengdarverð.

Samkvæmt aðalsamningi aðila á rekstur ÍSALs hins vegar að vera á grundvelli seilingarverðs. Það er því torséð hvaða boðskap viðskipti skyldra aðila með orku í Evrópu hafa fyrir ákvörðun orkuverðs til ÍSALs.

Hvað seilingarverð á orku í Evrópu snertir má hins vegar vekja athygli á nýgengnum gerðardómi um orkuverð til álbræðslu Pechiney í Grikklandi.

(c) Varanlegt orkuverð.

Þegar talað er um orkuverð til álvera erlendis í tengslum við raforkuverð til ÍSALs er það auðvitað ekki orkuverðið á líðandi stund sem höfuðmáli skiptir. Meginatriðið er auðvitað orkuverðið á samningstímanum í heild, þ. e. hið varanlega orkuverð eða frambúðarorkuverðið. Orkuverð líðandi stundar kann af ýmsum ástæðum að vera brenglað og gefa skakka mynd af frambúðarorkuverðinu. Í því sambandi nægir að vísa annars vegar til orkuverðsins í Evrópu 1981, sem um var getið hér að framan, og hins vegar þess orkuverðs sem Landsvirkjun telur vera fyrir hendi 1984.

Á undanförnum árum hefur ríkt mikil efnahagskreppa á Vesturlöndum. Framleiðsla og eftirspurn hefur dregist verulega saman og víða hefur orðið offramboð á raforku. Áliðnaðurinn hefur síður en svo farið varhluta af kreppunni. Undanfarin þrjú ár hafa verið erfiðasta rekstrarskeið áliðnaðar síðan löngu fyrir síðari heimsstyrjöld. Á þessu tímabili hafa fjölmargar álbræðslur dregið verulega úr framleiðslu og sumum hefur verið lokað. Stórar, gamalgrónar álsamsteypur (eins og t. d. Alusuisse) hafa riðað til falls. Í ljósi þeirrar ógnunar við efnahagskerfið, atvinnuástandið og þjóðaröryggi, sem í þessu hefur falist, hafa fjölmargar ríkisstjórnir, sérstaklega í Evrópu, beitt sér fyrir margs konar stuðningsaðgerðum við áliðnaðinn. Meðal þessara aðgerða hafa verið verulegar en *tímabundnar* verðlækkanir á raforku frá ríkisreknum raforkuverum til mjög margra álvera. Vegna samdráttar í eftirspurn eftir orku vegna kreppunnar hafa mörg raforkufyrirtæki í einkaeigu, einkum í Bandaríkjunum og Kanada, jafnframt hyllst til að bjóða álverum verulegar, tímabundnar verðlækkanir á raforku.

Það orkuverð til álvera, sem finna má í Evrópu og Ameríku nú, endurspeglar því öðru fremur hina miklu erfiðleika áliðnaðarins og tímabundið offramboð raforku. Það má því á engan hátt skoða sem vísbendingu um orkuverð á komandi árum enda eru sérfræðingar á þessu sviði sammála um að það muni hækka í fyrra mark jafnskjótt og kreppunni lýkur, og raunar ríflega það.

Hvað frambúðarorkuverðið snertir má minna á spá Commodities Research Unit um orkuverð til álvera árið 1990, sem birt er í fyrrnefndri skýrslu starfshóps um raforkuverð til ÍSALs. Spá þessi er sem hér segir:

Raforkuverð til álvera 1990.

	Verðlag 1981	Verðlag 1984
Norður-Ameríka	22,0	25,2
Evrópa	25,0	28,6

(Heimild: Commodities Research Unit. Skýrsla starfshóps um orkuverð til Ísals, maí 1982.)

2. Framleiðslukostnaður Landsvirkjunar á raforku.

Við mat á raforkusamningi þeim við ÍSAL, sem gerð er tillaga um, skiptir framleiðslukostnaður rafmagns frá Landsvirkjun á samningstímanum auðvitað höfuðmáli. Til að slá máli á þennan kostnað er um að velja tvær meginaðferðir:

Önnur felst í því að reikna framleiðslukostnaðinn út frá fræðilegum forsendum og spám um kostnað, afkastagetu og nýtingu virkjana. Um þessi atriði öll ríkir hins vegar mikil óvissa. Þar við bætist að oft hefur gætt óhóflegrar bjartsýni í spám um þessi efni.

Vegna þess að Landsvirkjun kýs að nota þessa aðferð í mati sínu á kostum samningsins er nauðsynlegt að geta þess hér að það er auðvitað fjarri öllu lagi að reikna framleiðslukostnað raforkunnar í svonefndum sölupunkti eins og Landsvirkjun gerir. Sölupunkturinn er sú fræðilega hámarksraforkusala sem unnt er að ná. Venjuleg orkusölufyrirtæki komast yfirleitt ekki í námunda við þetta mark, allra síst við þær aðstæður sem fyrir hendi eru hér á landi. Raunin hefur og verið sú að raforkusala Landsvirkjunar hefur verið langt fyrir neðan þennan sölupunkt á liðnum árum, jafnvel þegar orkuskortur hefur verið í kerfinu. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Landsvirkjun (Ársskýrsla 1983 og JMM, 3.10. 1984) var orkusala Landsvirkjunar úr eigin kerfi einungis um 80% af sölupunkti þess árs. Rétt er að geta þess að sé þessi eina leiðrétting gerð þarf að hækka áætlaðan framleiðslukostnað raforku frá Landsvirkjun 1983 í fyrrnefndu plaggi JMM um tæplega fjórðung, upp í tæplega 20 mill/kWst úr 16 mill/kWst.

Hin aðferðin felst í því að kanna hver raunverulegur framleiðslukostnaður raforku frá Landsvirkjun hafi verið á liðnum árum. Kostur þessarar aðferðar er sá að hún byggist á raunstærðum, þ. e. raunverulegri afkastagetu, nýtingu og kostnaði. Hún krefst engra forsendna eða spádóma um þá þætti. Spurningin er hins vegar sú hversu góða mynd af framtíðaraðstæðum hún gefi. Þar sem hagkvæmustu virkjunarkostirnir eru yfirleitt virkjaðir fyrst má t. d. ætla að þessi aðferð hafi *tilhneigingu* til að vanmeta framleiðslukostnað orku á ókomnum árum þegar óhagkvæmari virkjanir hafa komið inn í kerfið.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fram koma í ársskýrslum Landsvirkjunar, er unnt að reikna árlegan framleiðslukostnað raforku frá Landsvirkjun á liðnum árum. Miðað við framlagðar rekstraráætlanir Landsvirkjunar fyrir 1984 og 1985 er jafnframt unnt að reikna áætlaðan meðalframleiðslukostnað raforku fyrir þessi ár. Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar í eftirfarandi töflu.

Framleiðslukostnaður raforku í kerfi Landsvirkjunar.

Ár	Heildar-framl-kostn. (M.Nýkr.)	Meðal-gengi (USD)	Heildar-framl. (M.USD)	Heildar-sala (GWST)	Meðalframleiðslukostn. (mill/kWst.) Breytl. verðl.	Verðl. 1984
1974	12,24	1 003	12 209	1902,5	6,42	13,33
1975	17,00	1 540	11 037	1813,4	6,09	11,58
1976	19,74	1 823	10 827	1913,7	5,66	10,18
1977	32,51	1 993	16 313	2096,2	7,78	13,13
1978	61,71	2 721	22 676	2147,6	10,56	16,57
1979	98,75	3 529	27 980	2358,3	11,87	16,73
1980	173,40	4 795	36 154	2549,6	14,18	17,62
1981	282,30	7 267	38 398	2624,6	14,83	16,98
1982	691,30	12 542	55 118	2941,0	18,74	20,13
1983	1551,00	25 032	61 999	3280,7	18,90	19,58
1984*	2181,00	30 000	72 707	3546,0	20,50	20,50
1985*	2608,00	33 100	78 785	3607,0	21,84	20,80

* Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar 3.9, 1984.

Varðandi þessar tölur er rétt að taka fram eftirfarandi:

(i) Í heildarraforkusölunni er innifalin afgangsorka. Þar sem þessi orka er eðlis síns vegna einungis seljanleg fyrir tiltölulega lágt verð er nauðsynlegt að reikna framleiðslukostnað forgangsorkunnar þeim mun hærra. Miðað við sölu afgangsorku 1982—83 virðist þurfa að hækka kostnaðarverð forgangsorku um nálægt 5% af þessum sökum.

(ii) Í framleiðslukostnaði er ekki reiknað með vöxtum af eigin fé Landsvirkjunar. Þessir vextir eru hins vegar fórnarkostnaður eigendanna af því að binda fé í fyrirtækinu, þ. e. augljós þjóðhagslegur kostnaður. 1983 var þetta eigið fé um 263 millj. dollara. Sé miðað við 6% raunávöxtunarkröfu (sem telst lágt miðað við aðstæður á fjármagnsmörkuðum og þær arðsemiskröfur sem yfirleitt eru gerðar til nýrra fyrirtækja) þarf því að hækka reiknaðan framleiðslukostnað raforkunnar árið 1983 um nálægt 25%.

(iii) Sé tekið tillit til tveggja ofangreindra atriða er því nauðsynlegt að hækka ofangreint framleiðslukostnaðarverð um ríflega 31%. Samkvæmt því yrði framleiðslukostnaðurinn 1983 nálægt 25,7 mill/kWst á verðlagi ársins 1984.

(iv) Ekki er óeðlilegt að líta svo á að vegna óvenjuhárra raunvaxta dollara árið 1983 hafi vaxtakostnaður Landsvirkjunar á því ári verið talsvert hærri en reikna má með til frambúðar. Sé vaxtakostnaður af þessari ástæðu metinn niður um fjórðung (sem er talsverð bjartsýni) má telja jafnaðarframleiðslukostnað raforkunnar af þessari ástæðu u. þ. b. 12% lægri en ofangreindar tölur benda til.

(v) Sé tekið tillit til atriða (i), (ii) og (iv) má ætla framleiðslukostnað raforku frá kerfi Landsvirkjunar á komandi árum a. m. k. 15% hærri en sýnt er í töflunni fyrir 1983 og 1984, eða yfir 23 mill/kWst.

(vi) Af tæknilegum ástæðum er talið ódýrara að framleiða orku fyrir stóriðju en almenna notendur. Landsvirkjun telur að þessi munur nemi 0,667/1,0. Sé tekið tillit til þessa og hlutdeildar stóriðjunnar í orkunotkun 1983 kemur í ljós að framleiðslukostnaður orku til stóriðju miðað við 23 mill/kWst meðalkostnað er nálægt 19,1 mill/kWst (en 18,4 ef hlutdeild stóriðjunnar er talinn 0,5 en ekki 0,6 eins og Landsvirkjun virðist gera).

(vii) Landsvirkjun ræðir oft um orkukaup frá ytri aðilum, þ. e. Kröflu og Svartsengi. Þessi orkukaup eru þó lítil miðað við heildarsölu Landsvirkjunar (innan við 5% 1983). Þess er og að vænta að þessi orkukaup séu Landsvirkjun hagkvæm og mundi þá framleiðslukostnaður Landsvirkjunar hækka ef þessum þætti væri sleppt úr reikningunum hér að ofan.

(viii) Landsvirkjun nefnir oft svonefnda öryggisorku í skýrslum sínum. Að svo miklu leyti sem þessi öryggisorka hefur verið fyrir hendi á undanförnum árum hefur fullt tillit verið tekið til hennar í ofangreindum reikningum.

3. Raforkuverð samkvæmt samningsdrögunum.

Samkvæmt rafmagnssamningi þeim sem tillaga er gerð um mun raforkuverðið á samningstímanum verða á bilinu 12,5—18,5 mill/kwst að nafnvirði í samræmi við gang tiltekinnar vísitölu fyrir þróun heimsmarkaðsverðs áls.

Samhengi álverðsvísitölunnar og raforkuverðsins er í stuttu máli þannig að sé álverðsvísitalan á bilinu 0,75—1,55 (1,00 1983 til 1. júlí 1984) þá muni raforkuverð hækka með álverði frá lágmarkinu 12,5 í hámarkið 18,5 mill/kwst. Sé álverðsvísitalan á þessu bili er því raforkuverðið verðtryggt miðað við álverð. Verðtryggingin er þó takmörkuð, eða 65—75% af verðhækkunum álverðs. Fari álverðsvísitalan hins vegar út fyrir þessi mörk, þ. e. 0,75—1,55, er hins vegar ekki um neina verðtryggingu raforkuverðs að ræða. Í þeim tilfellum er raforkuverðið fast; annars vegar í lágmarkinu 12,5 mill/kWst, hins vegar í hámarkinu 18,5 mill/kWst. Síðar nefnda talan, þ. e. hámarkið 18,5 mill/kWst, er sérstaklega þýðingarmikil í þessu samhengi sé gert ráð fyrir áframhaldandi heimsverðbólgu (eða réttara

sagt verðbólgu í Bandaríkjunum). Í því tilfelli eru allar líkur á því að hámarkið, eða öllu heldur verðrýrt jafngildi þess, verði fljótlega það fasta raforkuverð sem ÍSAL muni greiða Landsvirkjun. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessum atriðum:

Landsvirkjun hefur lagt fram áætlanir um þróun álverðs og verðlags í Bandaríkjunum á næstu fimm árum. Álverðsspáin ber vott um ærna bjartsýni en þar er gert ráð fyrir yfir 90% hækkun *raungildis* álverðs miðað við það sem nú er. Einkum virðist sá þáttur spárinnar, sem kenndur er við Data Resources, óraunhæfur. Verðbólguspáin er hins vegar upp á 5,7% dollaraverðbólgu að jafnaði næstu fimm árin og virðist ekki ástæða til að gera athugasemdir við þá spá aðrar en að minna á þá óvissu sem verðbólguspám fylgir.

Séu hins vegar þessar forsendur Landsvirkjunar teknar gildar (að undanteknu því að álverðsspá Data Resources er sleppt, en það hefur raunar hverfandi áhrif) kemur í ljós að nafnvirði raforkuverðsins rekst á efri mörk sín árið 1989. Vegna verðbólgunnar er raungildi hámarksins þá hins vegar einungis um 14,0 mill/kWst. Sé gert ráð fyrir áframhaldandi 5,7% árlegri verðbólgu mun raungildi raforkuverðsins síðan fara lækkandi hvernig svo sem álverð hækkar.

Sérfræðingar eru almennt sammála um að gengi dollara sé nú óeðlilega hátt og muni lækka mjög verulega á næstu árum. Sé gert ráð fyrir slíkri gengislækkun (t. d. um tæp 18% skipt jafnt á næstu fjögur ár, sem teljast mun nokkur varfærni) verður niðurstaða raforkusamningsins þeim mun óhagstæðari.

Ferli raungildis raforkuverðsins til ÍSALs samkvæmt þessum forsendum er nánar lýst í eftirfarandi töflu:


Raungildi raforkuverðsins samkvæmt samningnum.

Ár	(1) Gengi USD óbreytt	(2) Gengi USD fellur um 18%
1985	12,9	12,3
1986	13,2	12,0
1987	12,9	11,2
1988	13,9	11,4
1989	14,0	11,5
	13,4*	11,7*
1990	13,2	10,9
1991	12,5	10,3
1992	11,8	9,7
1993	11,2	9,2
1994	10,6	8,7
	11,9*	9,8*
1995	10,0	8,2
1996	9,5	7,8
1997	9,0	7,4
1998	8,5	7,0
1999	8,0	6,6
	9,0*	7,4*
2000	7,6	6,2
2001	7,2	5,9
2002	6,8	5,6
2003	6,4	5,3
2004	6,1	5,0
	6,8*	5,6*


* Meðaltal undanfarinna fimm ára.

Þessari þróun raunvirðis raforkuverðsins er enn fremur nánar lýst í eftirfarandi tveimur línuritum:

Raungildi raforkuverðsins: Ekkert gengissig dollara.



Raungildi raforkuverðsins: Gengi dollara fellur um 18% 1985—88.



Þær upplýsingar, sem nú hafa verið raktar, sýna glögglega að allar líkur eru á því að það sé hið fasta orkuverðshámark, 18,5 mill/kwst að nafnvirði, sem öllu máli skiptir í þeim samningi sem tillaga er gerð um. Á grundvelli forsendna Landsvirkjunar og með varfærni í spá um heimsverðbólgu eftir 1989 (þ. e. 5,7% árlega, eða talsvert minni verðbólgu en á undanförnum fimm árum) fer raungildi raforkuverðsins til ÍSALs aldrei yfir 14 mill/kWst á samningstímanum og fer lengst af lækkandi. Meðaltalið á samningstímanum er aðeins á bilinu 8,6—10,3 mill/kWst eftir því hvort gengi dollarans er talið lækka eða ekki og raungildi raforkuverðsins fer niður í 5—6 mill/kWst undir lok samningstímans.

Í þessu sambandi er vert að vekja sérstaka athygli á því að frávik frá forsendum, t. d. verðsveiflur áls um spáð meðaltal, eru miklu líklegri til að lækka raforkuverðið til Landsvirkjunar fremur en hitt. Þessu veldur verðbólguþróunin sem færir nafnvirði raforkuverðsins fljótlega upp í sín efri mörk. Öll frávik frá því marki geta einungis verið niður á við. Þannig blasir við að raforkuverðssamningurinn færir áhættuna af sveiflukenndu álverði á raforkuverðið fyrst og fremst yfir á herðar Landsvirkjunar en ekki Alusuisse.

Endurskoðun rafmagnssamningsins.

Sú líklega þróun raunvirðis raforkuverðsins, sem að ofan er lýst, sýnir glöggt þýðingu þess að unnt reynist að endurskoða rafmagnssamninginn á samningstímanum. Í endurskoðunarákvæði því, sem í samningnum felst, virðist hins vegar ekki vera neitt hald hvað umrædda verðrýrnun raforkuverðsins snertir.

Í rafmagnssamningnum er tækifæri til endurskoðunar bundið við

(a) teljandi og ófyrirséða breytingu til hins verra sem hafi í för með sér

(b) alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs.

Fullljóst er að sú raunverðsþróun, sem að ofan var lýst, getur ekki talist ófyrirséð. Þvert á móti hefur Landsvirkjun þegar gert ráð fyrir henni í skýrslum sínum. Þannig virðist því miður augljóst að endurskoðunarákvæðið fer í rauninni afar nálægt því að útiloka endurskoðun á grundvelli verðrýrnunar raforkuverðsins. Að þessu leyti a. m. k. er endurskoðunarákvæðið afturför frá sjónarmiði Íslendinga þar sem með skírskotun til almenns réttar og jafnræðis aðila er vafalítið unnt að krefjast endurskoðunar á núgildandi rafmagnssamningi af þessari ástæðu.

Ósanngirnin í þessu ákvæði verður enn augljósari þegar hugað er að seinna skilyrðinu, alvarlegra áhrifa á efnahagsstöðu aðila. Landsvirkjun er meginstoð í efnahagslífi þjóðarinnar og hefur sem slík ekki verið sett í alvarlega efnahagsstöðu þrátt fyrir allt of lágt raforkuverð til stóriðju. Ósennilegt virðist að viðhorf breytist að þessu leyti. Vegna bókhaldsvenja Alusuisse hefur ÍSAL hins vegar lengi verið í mjög alvarlegri efnahagsaðstöðu. ÍSAL virðist því geta skírskotað til endurskoðunarréttar í kjölfar hvaða ófyrirséðs andstreymis sem er, t. a. m. ef verkamannalaun á Íslandi hækka verulega, eða ef Landsvirkjun getur ekki staðið við orkuafhendingarskilmála. Þó að raforkuverð í Evrópu og Ameríku hækkaði mjög verulega, t. d. tvöfaldaðist, gæti Landsvirkjun hins vegar ekki beðið um endurskoðun. Efnahagsstaða Landsvirkjunar verður nefnilega ekki fyrir áhrifum af slíkri breytingu.

Við þetta bætist að endurskoðunarleiðin er ákaflega torsótt, jafnvel þótt öllum skilyrðum fyrir henni sé fullnægt. Fyrst á sáttanefnd aðila að reyna að ná samkomulagi um það hvort skilyrðin séu raunverulega fyrir hendi. Ef ekki næst samkomulag í sáttanefndinni verður að vísa þeim ágreiningi fyrir gerðardóm sem á að skera úr um hvort skilyrði til endurskoðunar séu fyrir hendi. Verði úrskurðurinn jákvæður eiga aðilar enn að reyna að ná

samkomulagi um endurskoðun sín á milli. Náist það ekki verður að vísa þeim ágreiningi fyrir nýjan gerðardóm til úrskurðar. Ljóst er, m. a. af upplýsingum iðnaðarráðherra um starfshraða gerðardóma og kostnað við slíkan málarekstur, að umrætt endurskoðunarferli getur bæði orðið ærið langvinnt (4—7 ár virðist raunhæft) og kostnaðarsamt.

C. STÆKKUN ÁLVERSINS

Fylgiskjal VI með frumvarpi þessu er bréf sem iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, skrifaði Alusuisse 5. nóvember 1984. Þetta bréf er eins og opinn víxill þar sem æðsta stjórnvald iðnaðarmála lýsir því yfir að ríkisstjórnin muni „afhenda Alusuisse bréf þar sem *tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi raforku frá Landsvirkjun*“ (leturbr.) til þeirrar stækkunar álversins upp á 40 000 tonna afkastagetu sem aðilar höfðu samið um að vinna að í bráðabirgðasamningi sínum frá 23. sept. 1983.

Engin gögn eru með þessu fylgiskjali svo að engin tök eru á að vita hverju menn eru að lofa.

Ég leyfi mér að krefjast þess að ríkisstjórnin sendi ekkert bréf af þessu tagi fyrr en hún hefur ráðfært sig við alla þingflokka og Landsvirkjun, en upplýst var á fundi nefndarinnar að stjórn Landsvirkjunar hefði fyrir sitt leyti hafnað því að senda Alusuisse slíkt bréf þar sem raforkuverð til stækkaðs álvers yrði gefið upp áður en frá samningum um stækkunina yrði gengið að öðru leyti.

Þá þarf enn fremur að gera athugun á því hvort þjóðhagslega sé hagkvæmt fyrir Íslendinga að reisa stórvirkjanir til að auka afkastagetu álversins í Straumsvík og kynna þær athuganir áður en bréfið verður sent.

Að lokum leyfi ég mér að benda á að áhættan af fjárfestingu í orkuveri er að sjálfsögðu síst minni en í iðjuveri. Sá arður, sem hinir erlendu aðilar fá út úr stækkun álversins, verður því hér eftir sem hingað til fluttur úr landi. Fjárfesting af þessu tagi verður auðvitað útilokandi fyrir önnur framkvæmdaáform í landinu á sviði innlends iðnaðar og alveg sérstaklega varðandi innlenda orkunýtingu.

Þegar á heildina er litið eru raforkusamningurinn og frumvarpið algjörlega ófullnægjandi. Undirritaður leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. nóvember 1984.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

Ólafs Ragnars Grímssonar, fulltrúa Alþýðubandalagsins í stjórn Landsvirkjunar, 1. nóvember 1984 þegar hann greiddi atkvæði gegn rafmagnssamningnum sem þá lá fyrir Landsvirkjun til afgreiðslu.

Þegar Alþýðubandalagið undir forustu fyrrv. iðnaðarráðherra hóf baráttu fyrir hærra orkuverði til Alusuisse og sýndi fram á svik fyrirtækisins í viðskiptum við Íslendinga voru margir aðstandenda ÍSAL-samningsins andvígir þessari stefnu. Þeir töldu gildandi samning góðan og vöruðu við ásökunum í garð Alusuisse.

Niðurstaða viðræðnanna við Alusuisse nú felur í sér fulla viðurkenningu á því að krafan um endurskoðun var rétt. Alusuisse hefur nú samþykkt að tvöfalda orkuverðið og játar sekt sína með því að fallast á 100 m. kr. sektargreiðslu. Þessum áfanga í baráttunni ber því að fagna. Hann er ávöxtur þess mikla undirbúningsstarfs sem fyrrv. iðnaðarráðherra hafði forustu um. Engu að síður er fyrirliggjandi niðurstaða í uppkasti að nýjum samningi engan veginn viðunandi. Helstu ástæðurnar eru þessar:

1. Orkuverðið til Alusuisse yrði samkvæmt hinum nýja samningi töluvert undir kostnaðarverði á framleiddu rafmagni í núverandi virkjanakerfi Landsvirkjunar. Orkuverðið samrýmist því ekki þeim arðgjafarkröfum sem gera verður ef eðlileg uppbygging Landsvirkjunar á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli á að verða að veruleika.
2. Með þessum samningi er Landsvirkjun að halda inn á þá hættulegu braut að tengja orkuverð afkomu stóriðjufyrirtækjanna og heimsmarkaðsverði á málmum. Engin alvarleg umræða hefur farið fram í stjórn Landsvirkjunar um slíka stefnu í sölumálum þótt undirritaður hafi á s. l. 12 mánuðum ítrekað óskað eftir að hún færi fram.
3. Nýlega hafa verið gerðir samningar og felldur gerðardómsúrskurður um orkuverð til álvera í Grikklandi og Ghana sem gefa mun hærra verð en þessi samningur.
4. Orkuverðið til ÍSALs yrði áfram verulega minna en orkuverðið sem Alusuisse þarf að greiða öðrum löndum.
5. Endurskoðunarákvæðin í samningnum eru mjög óljós og Íslendingum óhagstæð. Þau veita ekki vonir um að hægt verði að hækka orkuverðið eftir fimm ár.
6. Áhrif verðbólgu og gengisbreytinga eru mjög vanmetin í samningnum og munu, ef ekki fæst veruleg bót við endurskoðun eftir fimm ár, gera samninginn í framtíðinni verulega óhagstæðari en hann er nú.

Auk þessara sex ástæðna er óhjákvæmilegt að geta þess að Alusuisse er sleppt við að hlíta úrskurði gerðardóms í deilumálum fyrri ára. Fyrirtækið fær að sleppa með 100 m. kr. sekt þegar krafa Íslendinga um endurskoðun var þrisvar sinnum hærri, enda sýna nýjar upplýsingar um árið 1983 að Alusuisse heldur áfram fyrri svikum. Einnig á eftir að semja um ný skattaákvæði og bendir ýmislegt til að þar geti Alusuisse fengið til baka hluta af þeirri orkuverðshækkun sem felst í hinum nýja samningi. Til viðbótar kemur svo hagnaðurinn sem launastefna ríkisstjórnarinnar hefur fært fyrirtækinu í gegnum fjórðungsskerðingu á launagreiðslum til starfsmanna ÍSALs. Því er ljóst að reikningsuppgjör Íslendinga og Alusuisse er enn í ósamræmi við hagsmuni og eðlilegar kröfur Íslendinga.

Með tilvísun til fyrrgreindra atriða greiði ég atkvæði gegn hinum nýja samningi og legg til að stjórn Landsvirkjunar hefji umræður um ný vinnubrögð og aðrar leiðir í samningum við stóriðjufyrirtæki.

Sþ. 177. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins í samstarfi við aðra sérfróða aðila gera langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi í samráði við fulltrúa þingflokkanna.

Við vinnslu áætlunarinnar skal eftirfarandi athugað og metið eftir því sem kostur er:

1. Hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir þar sem samgöngur á landi eru erfiðar vegna aðstæðna:
   a. með tilliti til stofnkostnaðar,
   b. með tilliti til notagildis,
   c. með tilliti til viðhaldskostnaðar,
   d. með tilliti til byggðaþróunar og félagslegra sjónarmiða.
2. Hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki sérhæfðum í gerð jarðganga borið saman við útboð verkanna.
3. Hagkvæmni þess að hafa verkefni við jarðgangagerð samfelld.
4. Hvaða tækjabúnaður til jarðgangagerðar henti best íslenskum aðstæðum.
5. Að hve miklu leyti Íslendingar geti nýtt sér reynslu nágrannaþjóða, svo sem Færeyinga og Norðmanna, í jarðgangagerð og hvaða viðmiðun er þaðan að hafa um kostnað o. fl.

Áætlunin skal vera þannig upp byggð að hún falli eðlilega að langtímaáætlun í vegagerð og geti orðið hluti af henni á síðari stigum. Þá skal áætlunin taka mið af þeim framkvæmdahraða, sem hagkvæmastur er í jarðgangagerð, innan þeirra marka sem framlög til vegamála setja hverju sinni. Áætlunin skal hefjast með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er og vera síðan samfelld.

Markmið áætlunarinnar skal vera að koma með gerð jarðganga þeim byggðarlögum í varanlegt vegasamband sem ekki verða með öðru móti tengd vegakerfinu á fullnægjandi hátt árið um kring. Jafnframt skal áætlunin miða að innbyrðis tengingu byggðarlaga sem eru eðlileg heild samskiptalega en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín í milli án jarðganga. Er hér einkum átt við svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ályktun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1985.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga á gerð jarðganga til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur í því sambandi einkum verið litið til nágranna okkar, Færeyinga, sem á síðast liðnum 20 árum hafa gert sem svarar einum Oddsskarðsgöngum á ári. Samtals höfðu þar verið gerðir um 13 600 m af jarðgöngum á tímabilinu 1963—1983 samkvæmt skýrslu Orkustofnunar.

Fulltrúar Orkustofnunar hafa kynnt sér jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð í eyjunum og kom skýrsla þeirra um það efni út í febrúar síðast liðnum. Tæknilegir eiginleikar berglaga eru taldir mjög svipaðir og víða hérlendis. Raunhæfur samanburður á aðstæðum fæst þó aðeins ef bornar eru saman annars vegar aðstæður í Færeyjum og hins vegar aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur á síðast liðnum árum verið gert átak í athugunum á möguleikum til jarðgangagerðar. Reynslan af gerð ganga í gegnum Stráka og Oddsskarð verður að teljast góð en erfiðar jarðfræðilegar aðstæður, ófullkominn tækjakostur og reynsluleysi áttu sinn þátt í því að gerð þeirra varð dýrari en áformað var. Fremur hljótt hefur því verið um frekari framkvæmdaáform en þó hafa ýmsir möguleikar fengið allítarlega skoðun. Varfærni á þessu sviði er sjálfsögð en fullyrða má að þekking íslenskra vísindamanna og möguleikar til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum eru nú betri en áður. Tækni við jarðgangagerð hefur einnig fleygt fram. Það hlýtur því að vera fyllilega tímabært að kanna hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir til að koma á varanlegu vegasambandi milli byggðarlaga og til að tengja þau vegakerfi landsmanna með fullnægjandi hætti þar sem slík tenging er ekki fyrir hendi.

Flutningsmenn telja því tímabært að óska eftir því við Vegagerð ríkisins að hún geri í samráði við aðra sérfróða aðila langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Auk starfsmanna Vegagerðarinnar og Orkustofnunar eru sérfróðir menn í þessum efnum á vegum íslenskra verkfræðistofa og verktaka sem ástæða gæti verið til að leita til. Þó að þekking þeirra aðila sé væntanlega fyrst og fremst tengd jarðgangagerð vegna virkjana getur sú reynsla engu að síður nýst við veggangagerð.

Lagt er til að Vegagerðin hafi einnig samráð við fulltrúa þingflokkanna við gerð áætlunarinnar þar sem hún verður að samræmast vilja, áformum og getu stjórnvalda til framkvæmda á sviði vegamála.

Í þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á kostnaði við jarðgangagerð hérlendis, hafa tölur verið nokkuð mismunandi. Kostnaðartölur allt frá u. þ. b. 40 milljónum á km, eins og kostnaður er talinn vera í Færeyjum, upp í 100 milljónir á km hafa sést. Á þessu er mikill munur og nauðsyn ber til að vinna vandaðar kostnaðaráætlanir, auk þess sem meta verður eftir föngum notagildi og félagslega og hagræna þýðingu slíkra samgöngubóta. Styttri vegalengdir og öruggari samgöngur milli byggðarlaga, minni viðhaldskostnaður vegakerfisins, minni snjómokstur og minna slit á farartækjum eru allt atriði sem taka verður með í reikninginn svo að dæmi séu nefnd. Þá er ónefndur sá þáttur sem mörgum er efst í huga en það er minni slysahætta í þeim tilfellum þar sem jarðgöng myndu leysa af hólmi marga hættulegustu vegi landsins.

Lagt er til að könnuð verði hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki sérhæfðum í gerð jarðganga. Í Færeyjum hefur þessi háttur nú um sinn verið á hafður og þótt gefast vel. Í slíkum vinnuflokki yrðu nálægt 10—14 manns og önnuðust þeir alla þætti framkvæmdarinnar. Með því næst samhæfð og markviss vinnubrögð og reynslan flyst frá einu verki til annars. Jafnframt þykir þó rétt að meta hagkvæmni útboða og bera þessa tvo möguleika saman. Umfang og framkvæmdatími hafa þó vafalaust mikil áhrif á það hvort þykir álitlegri kostur.

Framkvæmdir við jarðgangagerð taka alllangan tíma og hvert verk þarf að vinna sem mest samfellt. Því er einnig nauðsynlegt að huga að hagkvæmni þess að jarðgangagerð verði samfelld og framkvæmdir við ein jarðgöng taki við af öðrum. Með því mun vélakostur, svo og reynsla starfsmanna, nýtast best.

Tækjabúnaður til jarðgangagerðar er stöðugt að verða fullkomnari. Nú eru á markaðnum afkastamiklir borvagnar og steypusprautunarvélar en einnig eru til vélar sem heilbora jarðgöng með miklum afköstum ef skilyrði eru hagstæð. Þessa kosti þarf að skoða og bera saman með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Íslenskir aðilar hafa einkum sótt upplýsingar sínar um jarðgangagerð til Færeyja og Noregs. Sérfróðir aðilar hafa einnig verið sóttir þangað til að leiðbeina við framkvæmdir og/eða annast þær. Kanna þarf með hvaða hætti við getum nýtt okkur reynslu frænda okkar enn frekar. Fram hefur komið að kostnaður við jarðgangagerð er mjög breytilegur eftir aðstæðum og eftir því hverjir leggja mat þar á. Nauðsynlegt er að sérfróðir aðilar meti vandlega þennan mikilvæga þátt.

Í framhaldi af þeim athugunum og því mati, sem hér að framan greinir, er lagt til að gerð verði áætlun um jarðgangagerð til langs tíma. Áætlunin verði þannig upp byggð að hún geti fallið eðlilega að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Framkvæmdahraða áætlunarinnar verður að laga að þeim mörkum sem framlög til vegamála setja hverju sinni.

Gert er ráð fyrir því að áætlunin hefjist með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er. Þar eru allar rannsóknir komnar lengst á veg og það verk er þegar á vegáætlun, aftast svonefndra Ó-vega. Áætlunin skal síðan vera samfelld.

Þar sem allmikil vinna er þegar að baki og mikill fróðleikur þegar til hjá innlendum aðilum um þessi mál ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hraða þessum athugunum og áætlanagerð. Því er lagt til að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1985.

Fylgiskjöl:

I. Björn A. Harðarson og Ágúst Guðmundsson, 1984: *Jarðgöng í Færeyjum.* Athugun á jarðfræðilegum aðstæðum. Orkustofnun. 3. og 10. kaflar.

II. Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræði Ólafsfjarðarmúla* og jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð. Vegagerð ríkisins. Inngangur og ágrip.

III. Hreinn Haraldsson og Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræðirannsóknir á Vestfjörðum* vegna jarðgangahugmynda. Vegagerð ríkisins. Niðurstöður.

IV. Hreinn Haraldsson og Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræðirannsóknir á Austfjörðum* vegna jarðgangahugmynda. Vegagerð ríkisins. Niðurstöður.

V. Einar Þorvarðarson, 1984: *Athugun á bættu vegarsambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs.* Vegagerð ríkisins. Niðurlag og yfirlit valkosta.

Fylgiskjal I.

JARÐGÖNG Í FÆREYJUM, ATHUGUN Á JARÐFRÆÐILEGUM AÐSTÆÐUM

Eftir Björn A. Harðarson og Ágúst Guðmundsson.

Jarðgangagerð í Færeyjum.

Eins og flestum er kunnugt stendur jarðgangagerð í Færeyjum á gömlum merg og hafa Færeyingar mun meiri reynslu af gerð jarðganga heldur en Íslendingar.

Upphaf jarðgangagerðar í Færeyjum má rekja til gerðar námuganga í sambandi við kolavinnslu á Suðurey sem verið hefur í gangi með hléum frá sautjándu öld. Þessi göng eru yfirleitt um 2 m á hæð og breidd og upp í nokkur hundruð metra löng.

Vatnsgöng vegna virkjana eru allmörg í eyjunum, sérstaklega við Vestmanna á Straumey. Þessi göng eru flest um 2 m í þvermál og nokkurra tuga til nokkur hundruð metra löng. Öll göngin eru að mestu leyti gerð í basalti. Hugmyndir eru uppi um stórfellda aukningu í jarðgangagerð af þessu tagi.

Þriðji og jafnframt langstærsti flokkur jarðganga í eyjunum er veggöng. Í töflu 1 er listi yfir öll veggöng sem gerð hafa verið til þessa. Fyrstu veggöngin voru tekin í notkun árið 1963 (Trongisvogur — Hvalba á Suðurey) og síðan hefur gerð vegganga verið nokkuð samfelld og ný göng tekin í notkun á 1—6 ára fresti. Alls hafa verið gerðir um 13 600 m af veggöngum eða um 650 m á ári að jafnaði frá 1963 en það samsvarar rúmlega einum Oddsskarðsgöngum á ári.

Jarðgangagerðin var í höndum danskra verktaka (aðallega Phil og Sön) allt fram að gerð Karlseyjarganganna en þá tóku Færeyingar sjálfir við (Landsverkfröðingurin). Íslenskir verkfræðingar frá Efra-Falli (síðar Ístak) voru staðarverkfræðingar hjá Phil og Sön við sum jarðganganna, Páll Sigurjónsson við fyrstu göngin (Trongisvogur — Hvalba) árin 1961—1963 og Ólafur Gíslason við bæði Borðeyjargöngin árin 1964—1967.

Þegar þetta er skrifað stendur veggangagerð yfir á tveim stöðum, á Karlsey (einbreið göng) og í Leirvík á Austurey (tvíbreið). Áform eru uppi um enn frekari veggangagerð á næstu árum og í töflu 2 er listi yfir fyrirhuguð veggöng sem höfundar fengu upplýsingar um.

Ekki eru gerðar miklar jarðfræðilegar rannsóknir á þeim stöðum, sem jarðgöng eru fyrirhuguð, saman borið við undirbúning við jarðgangagerð á Íslandi. Ástæðan er aðallega sú hve jarðfræði eyjanna er einföld og berglög regluleg og samfelld. Samráð er haft við jarðfræðing (Jóannes Rasmussen) sem bendir á heppilegustu staðsetningu ganga með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna.

Tafla 1.

Veggöng í Færeyjum, júní 1983.

Staðsetning	Lengd (m)	Hæð (m)	Breidd (m)	Tekin í notkun
Á Straumey:				
Leynarjarðgöng	760	7	9	1977
Á Austurey:				
Austureyjarjarðgöng	2500	7	8,5	1976
Leirvíkurjarðgöng	600 (verða 2200)	6,8	7,2	1984
Á Borðey:				
Klakksvík–Árnafjörður	1700	3,5–4	4	1967
Árnafjörður–Norðtóftir	2100	4	4–4,5	1967
Á Karlsey:				
Miklidalur–Ritudalur	1100	6	4,5	1982
Ritudalur–Villingadalur	700	6	5	1981
Villingadalur–Hattardalur	1200	6	5	1980
Á Suðurey:				
Trongisvogur–Hvalba	1450	4	4,5–5	1963
Hvalba-Sandvík	1500	4	4,5	1970
Samtals	13610			

Tafla 2.

Fyrirhuguð veggöng í Færeyjum, júní 1983.

Staðsetning	Lengd* (m)	Hæð (m)	Breidd (m)
Á Karlsey:			
Miklidalur–Tröllanes	2500 (byrjað '83)	5,5	4,5
Á Konuey:			
Konuey-Haraldssund	2000	5,5	4,5
Á Straumey:			
Kaldbaksfjörður–Kollafjörður	3000	7	7,2

*Lengd, breidd og hæð er áætlað af höf.

Þar eru þrjú atriði sem mestu máli skipta: [1]) Reynt er að láta jarðgöngin liggja í sem allra fæstum jarðlögum. [2]) Halli ganganna er hafður sem næst halla jarðlaganna í gangastefnuna. [3]) Reynt er að forðast sprungubelti. Ef ekki er hægt að komast hjá sprungubeltum er leitast við að haga hlutum þannig að göngin skeri þau sem þverast. Þessi sprungubelti („lamellar zones") eru mjög algeng í berggrunni eyjanna. Þau eru jafnan nær lóðrétt, oftast 1—5 m breið, samfelld og sjást oft vel á yfirborði sem gjár („gjógvir").

Yfirgnæfandi hluti allra vegganga á eyjunum liggur í massífu basalti. Bergtæknileg vandamál við gangagerðina hafa verið fá og fæst alvarleg. Helst hafa komið upp erfiðleikar þegar byrjað er á göngum vegna lélegrar stæðni þar sem þekja er þunn. Einnig hafa sprungubelti verið til vandræða á stöku stað (aðallega erfiðleikar í borun) þar sem berg er mikið sprungið og losaralegt og bergþekja þunn. Vatnsleiðandi sprungur og sprungubelti hafa einnig verið til trafala á stundum. Að öðru leyti má segja að jarðgangagerð í eyjunum hafi gengið vel.

Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir jarðfræðilegum aðstæðum í öllum veggöngum eyjanna og síðan reynt að bera þær saman við aðstæður hérlendis.

Samanburður á jarðfræðilegum aðstæðum á Íslandi og í Færeyjum.

Þegar bera á saman jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð á Íslandi og í Færeyjum eru mörg atriði sem máli skipta og nánast útilokað að gefa algilda og stuttorða niðurstöðu. Við höfum séð hér að framan að aðstæður við gangagerð í Færeyjum eru í heild nokkuð svipaðar frá einum stað til annars enda eru öll veggöng eyjanna nema ein í sömu basaltsyrpunni. Öðru máli gegnir um aðstæður hérlendis sem eru mjög breytilegar. Þetta endurspeglar vel þann meginmun sem er á jarðfræði Færeyja og Íslands. Jarðfræði Færeyja er mun einfaldari og reglulegri en hér á landi og þessi staðreynd gerir nánast ókleift að bera saman aðstæður annars vegar í Færeyjum og hins vegar á Íslandi. Nær væri að bera saman aðstæður í Færeyjum og á einstökum stöðum hér á landi.

Þau atriði, sem mestu máli skipta þegar bera á saman jarðfræðilegar aðstæður til jarðgangagerðar, eru eftirfarandi:

1. Regla í uppbyggingu jarðlagastafla.
2. Þykkt og samfelldni jarðlaga.
3. Jarðlagahalli.
4. Brotalínur.
5. Berggerðir og tæknilegir eiginleikar (berggæðamat).

1. Ljóst er að Færeyjar hafa vinninginn varðandi fyrsta atriðið, þ. e. að jarðlagastaflinn í eyjunum er almennt séð mun reglulegri og einfaldari í allri uppbyggingu heldur en sá íslenski. Þó er íslenski staflinn sums staðar nokkuð reglulegur, sérstaklega á tertíerum svæðum (s. s. víða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum).
2. Þykkt og samfelldni jarðlaga er að jafnaði hagstætt í Færeyjum og sum jarðgöngin þar liggja í einu og sama jarðlaginu um langan veg. Að vísu eru flest veggöng eyjanna í dyngjubasaltsyrpu (mið-seríu) sem víða er gerð úr 0,5—2,0 m þykkum hraunbeltum en hver goseining er oft 20—30 m þykk. Lagamót með þykkum gjallkarga og skörpum mörkum basalts og setlaga eru því sjaldgæf í göngunum.

   Hérlendis er þessu farið á ýmsan hátt. Sums staðar eru jarðlög þykk og samfelld, t. d. í Oddsskarði og Ólafsfjarðarmúla, en annars staðar eru þau þunn og breytileg, t. d. á Breiðadalsheiði yfir 500 m y. s., og fyrirhuguðu jarðgangasvæði Blönduvirkjunar. Berggrunnur hér á landi er mun yngri en í Færeyjum og þar af leiðandi eru lagamót oft og tíðum skarpari og oft með illa samlímdum gjallkarga.
3. Jarðlagahalli í Færeyjum er að jafnaði hagstæður á þeim stöðum þar sem jarðgöng eru. Hallinn er yfirleitt lítill (1—5 gráður) og oftast hefur tekist að gera jarðgöngin þannig að þau fylgja hallanum og fara jafnan í gegnum fá jarðlög.

Hér á landi er jarðlagahalli mun breytilegri en í Færeyjum. Sums staðar eru jarðlög nær lárétt (aðallega á kvartíerum svæðum, t. d. við Neðra Sog) en annars staðar er hallinn upp í 30 gráður og allt þar á milli. Sem dæmi er hallinn um 3 gráður í Oddsskarði, 6—8 gráður við Laxárvirkjun og 13—28 gráður í Strákafjalli. Hallastefnan skiptir að sjálfsögðu einnig miklu máli. Að öðru jöfnu er yfirleitt reynt að láta jarðgöng fylgja halla viðkomandi jarðlaga (Oddsskarð) eða láta þau vera sem næst striki jarðlaga ef hallinn er mikill (Strákar) þannig að göngin skeri sem fæst jarðlög.

4. Brotalínur eru mjög algengar í Færeyjum (þ. e. samfelldar sprungur og sprungubelti) og hafa valdið vandræðum við jarðgangagerð. Þar er aðallega um að ræða svokallaðar „lamellar zones" eða sprungubelti sem eru oft 0,5—2,0 m þykk, jafnan nær lóðrétt og mjög samfelld. Þessi fyrirbæri eru fátíð hérlendis. Á móti kemur að í íslenska berglagastaflanum eru misgengi afar algeng og geta valdið vandræðum sérstaklega ef stefna þeirra er svipuð stefnu jarðganga og einnig ef þau leiða mikið vatn. Enn fremur er algengt að berggerð breytist um misgengin bæði vegna þess að berglögin standast ekki á og vegna breksíu sem oft er í misgengjunum. Misgengi eru fátíð í jarðgöngum í Færeyjum.

   Berggangar eru algengir bæði í Færeyjum og hér á landi en þeir hafa ekki orðið til trafala við jarðgangagerð. Að sjálfsögðu er ætíð reynt að haga legu jarðganga þannig að þau skeri brotalínur sem þverast ef ekki er hægt að komast hjá þeim.

5. Áður var nefnt að berggerðir á Íslandi væru mun fjölbreyttari að gerð og eiginleikum en í Færeyjum. Öll göng, sem skoðuð voru í eyjunum, eru í svipuðu dyngjubasalti nema ein sem eru í þóleítbasalti. Á Íslandi hafa jarðgöng verið gerð í margs konar berg, s. s. ýmsar tegundir basalts frá stórstuðluðu til smástuðlaðs (kubbaberg), basaltbreksíu, kargaberg (lagamótakarga), andesít, bólstraberg, móberg, móbergsbreksíu, túff, jökulberg, sandstein og siltstein, svo það helsta sé nefnt. Hlutur stuðlaðs basalts er þó stærstur.

Segja má að það séu aðeins þrjár sambærilegar berggerðir sem koma fyrir í jarðgöngum bæði hérlendis og í Færeyjum. Það eru fyrst og fremst *stuðlað basalt* en einnig *kargaberg* og *millilög* úr setbergi.

Í kafla 9 var sýnt fram á að tæknilegir eiginleikar stuðlaðs basalts í Færeyjum og víða hérlendis (sprungutíðni og berggæðamat) eru svipaðir. Ummyndun nokkurra sýna úr jarðgöngum í Færeyjum var athuguð með smásjárskoðun. Ljóst virðist að flest sýni flokkast í mesólítskólesít- og laumontít-ummyndunarbeltin. Þetta samsvarar því ummyndunarstigi sem algengt er í basalti neðan 100 m y. s. á Austfjörðum á Íslandi. Á Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi er basaltið líklega heldur minna ummyndað. Ummyndun af þessu tagi gerir basaltið ekki að verra jarðgangabergi nema síður sé. „Hæfilega" ummyndað basalt er oft betra jarðgangaberg en ferskt basalt.

Eiginleikar kargabergs (lagamótagjallkarga), sem fram kemur sums staðar í göngum í Færeyjum, eru ekki ósvipaðir eiginleikum kargabergs á sumum tertíerum svæðum hérlendis. Þó er kargabergið í Færeyjum yfirleitt meira sambrætt og stundum jafnvel hreint klepraberg án gjalls. Kargaberg frá kvartíerum svæðum hér á landi er jafnan mun gjallkenndara og lausara í sér (klastískt) og þ. a. l. verra jarðgangaberg.

Setlög eru mjög fátíð í jarðgöngum í Færeyjum en eiginleikar þeirra virðast vera mjög svipaðir eiginleikum túffsandsteinslaga sem algeng eru í tertíera bergstaflanum hérlendis.

Segja má að *þær jarðfræðilegu aðstæður í Færeyjum, sem lýst hefur verið hér að framan, séu svipaðar og sums staðar á Íslandi, sérstaklega í tertíeru bergi,* og þar af leiðandi eru mestar líkur á að finna sambærilegar aðstæður á Vestfjörðum, Norðurlandi vestan Bárðardals og Austfjörðum.

Ljóst er að lítil skynsemi er í því að bera saman almennar jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð annars vegar hér og hins vegar í Færeyjum. Til þess er jarðfræði þessara

landa of ólík. Vitlegast er að bera saman jarðfræðilegar aðstæður í Færeyjum annars vegar og aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi hins vegar, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum og/eða hugsanlegum jarðgangaleiðum. Frekari athuganir á hugsanlegum jarðgangaleiðum hérlendis eru nauðsynlegar til að slíkur samanburður sé gerlegur.

Fylgiskjal II.

JARÐFRÆÐI ÓLAFSFJARÐARMÚLA OG JARÐFRÆÐILEGAR AÐSTÆÐUR VIÐ JARÐGANGAGERÐ

Eftir Svein Björnsson.

Inngangur.

Vegna fyrirhugaðra jarðganga gegnum Ólafsfjarðarmúla hefur Vegagerð ríkisins staðið að rannsóknum á jarðfræðilegum aðstæðum á gangasvæðinu árin 1981—1983. Fyrsta árið annaðist Raunvísindastofnun Háskólans rannsóknirnar undir stjórn Þorleifs Einarssonar jarðfræðings. Að þessum frumathugunum loknum var samin bráðabirgðagreinargerð um jarðfræði Ólafsfjarðarmúla og jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð þar (Þorleifur Einarsson og Sveinn Björnsson 1981). Árin 1982—1983 hefur Vegagerð ríkisins unnið sjálf að rannsóknum undir stjórn Hreins Haraldssonar jarðfræðings. Verkefnið er jafnframt unnið að hluta sem fjórða árs ritgerð við Háskóla Íslands og er Þorleifur Einarsson umsjónarmaður þess. Rannsóknirnar hafa undir lokin einkum beinst að rúmlega þriggja km löngum jarðgöngum milli Kúhagagils og Hraunslækjar (Tófugjár).

Ágrip.

Rúmlega 20 jarðlagasnið voru skoðuð í Ólafsfjarðarmúla árin 1981 og 1982 og boraðar fjórar rannsóknarborholur sumarið 1982 til þess að kanna jarðlagaskipan kringum gangamunna og víðar. Enn fremur var lega og stærð misgengja og bergganga skráð. Á grundvelli þessara upplýsinga voru teiknaðar þverskurðarmyndir við munna og eftir gangaleiðum.

Jarðlög í Ólafsfjarðarmúla eru tertíer að aldri. Þar skiptast á basaltlög og rauð millilög. Berggangar liggja nær lóðrétt gegnum jarðlagastaflann. Alls voru 42 basaltlög skoðuð, frá sjávarmáli upp í 500 m hæð. Meðalþykkt þeirra er 13 m. Meðalþykkt rauðra millilaga er um 0,6 m og eru þau 2,7% af jarðlagastaflanum. Bergtegundir í fjallinu eru basaltgerðirnar þóleít, dílabasalt og ólivínbasalt.

Berggangar eru algengir á svæðinu. Þeir stefna flestir N-S og er meðalþykkt þeirra 6 m en þeir þykkustu eru um 20 m þykkir. Flestir eru gangarnir margskiptir og smástuðlaðir. Berggangar eru um 4% af berginu við sjávarmál.

Fjöldi misgengja er á svæðinu og er lóðrétt höggun um einstaka misgengi allt að 70 m. Meðalhöggun um misgengi er rúmlega 11 m en 85% af misgengjunum, sem mæld voru, eru minni en 15 m. Stefna misgengja á svæðinu er óreglulegri en stefna bergganga. Hluti misgengjanna hefur svipaða stefnu og berggangarnir, þ. e. N-S stefnu og tíu dæmi fundust um það að berggangur og misgengi fylgdust að. Um helmingur misgengjanna hefur nokkuð aðra stefnu, á bilinu 290—340°, eða NV-SA. Misgengisbreksía sést á misgengisflötum nokkurra misgengja sem eru flest stærri en 15 m.

Jarðlagahalli er til SV um 5° á gangasvæðinu eða um 1,5° til NV í stefnu jarðganganna, sem er nokkru meira en halli þeirra jarðgangaleiða sem litið var á.

Vegna fjölda misgengja í fjallinu er ekki unnt að fylgja einu basaltlagi við gangagerðina þótt sömu lög sé að finna við báða munna. Vitneskja um stærð og staðsetningu misgengja,

bergganga og basaltlaga á gangaleiðinni er takmörkuð og gefa því rannsóknir þessar óljósa mynd af jarðfræðilegum aðstæðum á jarðgangaleiðinni.

Bornar eru saman tvær jarðgangaleiðir. Jarðgangaleið I er 3075 m löng frá Kúhagagili að Hraunslæk norðan borholu OM-1 og virðist fýsilegri með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna. Jarðgangaleið II er 3200 m löng frá Kúhagagili að Hraunslæk sunnan borholu OM-1 (neðan útskots á vegi). Þessi möguleiki er síðri með tilliti til jarðfræði svæðisins við Hraunslæk, en aðkoma að munna er betri og snjóflóðahætta er minni þar.

Búast má við að jarðgöngin liggi að meira eða minna leyti í átta basaltlögum sem með hliðsjón af kjarnaheimtu og berggæðamati eru ekki mjög sprungin miðað við tertíert basalt almennt. Rauð millilög og gjallkargi efst í basaltlögunum virðast vera nokkuð misjöfn að gæðum. Með tilliti til reynslu við fyrri jarðgangagerð má almennt reikna með að berggangar valdi ekki vandræðum, en búast má við að styrkingar sé þörf við stærri misgengi og líklega þar sem jarðgöng skera millilög.

Fylgiskjal III.

JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR Á VESTFJÖRÐUM VEGNA HUGMYNDA UM JARÐGÖNG

Eftir Hrein Haraldsson og Svein Björnsson.

Niðurstöður.

Eins og fram kemur í inngangi er frumathugun þessi bundin við nokkra fyrir fram ákveðna staði, en ekki heildarkortlagningu alls svæðisins, enda væri slíkt bæði kostnaðarsamt og tæki langan tíma. Þessir staðir voru einfaldlega valdir eftir hæðarlínukortum þar sem styst var að fara í gegnum fjöll miðað við ákveðna hæð á jarðgangaopum. Að sjálfsögðu fékkst þó einnig almenn mynd af berggrunninum á svæðinu og aðstæðum til jarðgangagerðar á fleiri stöðum. Í stuttu máli sagt er skv. þessum frumathugunum ekkert sem bendir til að jarðfræðilegar aðstæður séu heppilegri á öðrum stöðum en þeim sem hér voru teknir fyrir, enda þyrftu þær að vera mun betri til að vega upp á móti aukinni gangalengd.

Almennt séð virðist bergið á svæðinu vera a. m. k. miðlungsgott til jarðgangagerðar. Berggrunnurinn er reglulega upphlaðinn og engar megineldstöðvar, innskot eða önnur óregla á gangaleiðum. Basaltið er yfirleitt ekki mjög sprungið og misgengi eru fátíð. Hins vegar verður ekki komist hjá því að göng liggi í fleiri en einu lagi og oft í mörgum lögum. Þótt setlög milli hraunlaga séu víða þunn eða engin eru þó til staðir þar sem 1—2 m þykk rauð lög lenda í göngum. Eins og víðast annars staðar á blágrýtissvæðum landsins eru það því lagmót hraunlaga og setlög milli þeirra sem eru líklegust til að valda erfiðleikum við jarðgangagerð en ekki basaltið sjálft. Aðstæður við vegalagningu að hugsanlegum jarðgöngum hafa lítið verið skoðaðar enn.

Með tilliti til allra aðstæðna virðist vænlegast að hyggja að eftirfarandi leiðum til að tengja Önundarfjörð, Súgandafjörð og Ísafjörð með jarðgöngum:

Úr Önundarfirði frá Þverdal (við Breiðdal 180 m y. s.) að Botnsdal í Súgandafirði (200 m y. s.), um 4800 m löng göng.

Úr Súgandafirði frá Botnsdal (150 m y. s.) í Tungudal (100 m y. s.) inn af Ísafjarðarkaupstað, um 4400 m löng göng.

Alls þyrfti því um 9200 m jarðgöng og fjóra munna til að tengja þessa staði.

Við kostnaðaráætlun eru engin áreiðanleg gögn til sem unnt er að byggja á og verða varla fyrr en reynslutölur koma frá jarðgangagerð hér á landi þar sem notuð eru tæki og tækni sem til eru (Blanda, Ólafsfjarðarmúli). Í stórum dráttum eru jarðfræðilegar aðstæður á

þessum leiðum svipaðar og í Ólafsfjarðarmúla þótt þar sé jarðfræðin betur þekkt vegna ítarlegri rannsókna. Ef einingarverð það, sem notað var í frumáætlun um jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla 1980, er fært fram til verðlags í apríl 1984 kostar hver km í göngum 90 millj. kr. og hver gangamunni (miðað við 100 m forskála) 15 millj. kr. Heildarverð jarðganga og munna í þessum tveim göngum á Vestfjörðum yrði því um 900 milljónir kr., auk vegalagningar að göngum og hugsanlegs kostnaðar vegna loftræstingar.

Fylgiskjal IV.

JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR Á AUSTFJÖRÐUM VEGNA HUGMYNDA UM JARÐGÖNG

Eftir Hrein Haraldsson og Svein Björnsson.

Niðurstöður.

Í frumathugun þessari var lögð áhersla á að kynna sér jarðfræðilegar aðstæður í nánd við nokkrar jarðgangaleiðir, sem ákveðnar voru við skoðun á hæðarlínukortum, og fyrstu skoðun á vettvangi. Við skoðun og kortlagningu á jarðlagastaflanum á þessum stöðum fékkst svo yfirlit yfir jarðlög sem vegna jarðlagahalla eru víða komin neðst í fjöll utan við þessar jarðgangaleiðir. Í heild má segja að þótt auðvitað sé langt frá því að öll fjöll á Austfjörðum hafi verið skoðuð nái athugunin til líklegustu möguleikanna og þess að aðrar jarðgangaleiðir yrðu lengri.

Þeir þættir, sem einkum þarf að hafa í huga við ákvörðun á legu jarðganga í lagskiptum bergmyndunum eins og hér á landi, eru:

a. að láta jarðgöngin liggja í sem fæstum jarðlögum og sem þynnstum millilögum,
b. að halli í jarðgöngum sé sem næst halla jarðlaga í gangastefnu,
c. að jarðgöng skeri ríkjandi sprungu-, misgengja- og berggangastefnu sem þverast,
d. að berggæði, fjöldi og gerð sprungna ummyndun o. fl. séu sem hagstæðust.

Basaltlög á svæðinu hafa víða u. þ. b. 10 m meðalþykkt og er það nokkuð hagstætt. Í flestum jarðgangamöguleikum þarf þó að reikna með að göngin liggi í meira en fimm lögum, oft 15—30 og jafnvel meira. Setlög, oftast rauð millilög, milli hraunlaga eru víðast þunn, eða innan við 0,5 m, en gjallkargi er víða nokkuð þykkur og oft laus í sér. Má því reikna með töluverðum styrkingum, einkum þar sem slíkt berg er í lofti jarðganga. Einn jarðganga-möguleiki, milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, gæti hugsanlega verið að öllu eða miklu leyti í heillegu bergi, en þar eru líka hættulega þykk millilög (túfflög) bæði ofar og neðar í jarðlagastaflanum sem tryggja þyrfti að lentu ekki í göngum vegna misgengja eða þess háttar.

Jarðlagahalli er víðast 3—5° til V-SV og hagstæðast að nokkuð lárétt göng liggi þvert á þá stefnu (N-S, NV-SA) til að vera í sem fæstum lögum. Þetta er að sjálfsögðu oft útilokað vegna annarra aðstæðna. Misgengi eru fátíð en stefna þeirra, eins og bergganga, er víðast hvar nálægt N-S, en það er slæmt vegna þess að þau yrðu lengi í göngum ef þau lentu þar á annað borð.

Berggæði, þ. e. sprungur, ummyndun og þess háttar, eru víðast þokkaleg á íslenskan mælikvarða, t. d. er basaltið víða stórstuðlað og bergið nokkuð ummyndað án þess að vera morkið.

Eins og fram kemur í skýrslu þessari er mögulegt að gera jarðgöng á flestum þeirra staða, sem voru skoðaðir, með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna. Í grófum dráttum má segja að stefna jarðganga miðað við jarðlagahalla sé sá þáttur sem getur haft mest að segja um

hagkvæmni valkosta, auk gangalengda. Ástand bergsins og lagþykkt eru nokkuð áþekk á öllu svæðinu, fyrir utan þau atriði sem talin eru upp sérstaklega hér að framan.

Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman helstu upplýsingar um þá jarðgangamöguleika sem skoðaðir voru á Austfjörðum. Við kostnaðaráætlun eru engin áreiðanleg gögn til sem unnt er að byggja á og verða varla fyrr en reynslutölur koma frá jarðgangagerð hér á landi þar sem notuð eru tæki og tækni sem til eru (Blanda, Ólafsfjarðarmúli). Í stórum dráttum eru jarðfræðilegar aðstæður á þessum leiðum svipaðar og í Ólafsfjarðarmúla þótt þar sé jarðfræðin betur þekkt vegna ítarlegri rannsókna. Ef einingarverð það sem notað var í frumáætlun um jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla 1980, er fært fram til verðlags í apríl 1984 kostar hver km í göngum 90 millj. og hver gangamunni (miðað við 100 m forskála) 15 millj. Þessar tölur er unnt að nota sem fyrstu viðmiðun og margfalda með gangalengd í töflunni. Auk þessa kemur svo kostnaður vegna vegalagningar að göngum og hugsanlegs kostnaðar við loftræstingu.

Tafla 3.

Kannaðir jarðgangamöguleikar.

	Lengd í m	Hæð munna yfir sjó	Fjöldi basaltlaga	Meðalþykkt basaltlaga
Seyðisfjörður – Mjóifjörður I	5400	120/5	7–8	10 m
Seyðisfjörður – Mjóifjörður II	5500	100/5	15	10 m
Mjóifjörður – Norðfjörður I	3000	200/110	5	óvíst
Mjóifjörður – Norðfjörður II	6500	10/160	u. þ. b. 20	u. þ. b. 9 m
Mjóifjörður – Norðfjörður III	6800	20/160	6	u. þ. b. 10 m
Norðfjörður – Eskifjörður	6000	230/20	u. þ. b. 30	óvíst
Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður	5300	130/150	1–4	20–40 m
Undir Fjarðarheiði	12600	200/150	15–20	u. þ. b. 10 m
Mjóifjörður – Eyvindarárdalur	9000	100/200	80–100	u. þ. b. 10 m
Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður	5000	150/100	óvíst	óvíst
Stöðvarfjörður – Breiðdalur	3600	óvíst	óvíst	óvíst
Skógdalur(Reyðarfjörður) – Breiðdalur	9500	200/200	óvíst	óvíst

Fylgiskjal V.

ATHUGUN Á BÆTTU VEGARSAMBANDI MILLI VOPNAFJARÐAR OG HÉRAÐS

Eftir Einar Þorvarðarson.

Niðurlag.

Ljóst má vera að gott vegarsamband allt árið milli Vopnafjarðar og Héraðs fæst ekki nema með jarðgöngum úr Böðvarsdal yfir í Jökulsárhlíð.

Leiðin milli Vopnafjarðar og Egilsstaða er mest öll á láglendi, nema hvað jarðgöng mundu liggja í 100—200 m hæð, eftir því hvaða kostur yrði valinn.

Vegalengdin styttist um u. þ. b. 10 km frá því sem nú er yfir Hellisheiði (97).

Jarðgöngin eru hins vegar mjög löng og þar af leiðandi dýr svo að hér er vart um raunhæfan kost að ræða í náinni framtíð.

Leiðirnar austan Möðrudalsfjallgarða og yfir Smjörvatnsheiði eru nánast útilokaðar vegna þess hversu stór hluti þessara leiða liggur hátt yfir sjó.

Mjög dýrt yrði að halda leiðum yfir Hellisheiði alltaf opnum vegna hæðar, bratta og snjóþunga, og nánast útilokað yfir háveturinn þrátt fyrir vel uppbyggðan veg.

Hvað varðar leiðir um Fagradal verður að telja vegagerð fyrir Búr með vegfyllingu í sjó fram mjög erfiða og vafasama framkvæmd. Gera þarf umfangsmiklar athuganir og prófanir ef þá leið á að skoða frekar. Ávinningur yrði fremur takmarkaður þar sem vegurinn fer upp í 400 m hæð á Fönn. Jarðgöng undir Fönn til þess að bæta úr þeim ágalla eru óálitleg vegna erfiðra jarðfræðilegra aðstæðna.

Eftir stendur þá leiðin yfir Fönn og yfir Búr. Vegagerð er tiltölulega viðráðanleg bæði hvað varðar framkvæmd og kostnað.

Vegalengdin milli Egilsstaða og Vopnafjarðar lengist um tvo km frá því sem nú er yfir Hellisheiði. Tvisvar fer vegurinn upp í 400 m hæð og um 15 km eru með 10% halla.

Kostnaðarsamt verður því að halda þessari leið opinni yfir veturinn og viðbúið að umferð verði mjög lítil að vetrarlagi.

YFIRLIT VALKOSTA

	VALKOSTIR	Vegal. Egilsst. Vopnafj. (km)	Lengd Nýbygg (km)	Lengd með 10% halla (km)	Mesta hæð (m)	Lengd jarð-ganga (m)	Áætlaður kostn. Verðl. 1.10.'83 (m.kr)
I	Um Hellisheiði.						
a)	Hellisheiði	97	20.4	19	705		67
b)	Hellisheiði m/jarðg.	95	17.4	15	580	940	174
II	Um Fagradal.						
a)	Yfir Fönn og yfir Búr	99	20.7	15	400		68
b)	Jarðg. undir Fönn og yfir Búr	97	18.8	13	400	2300	315
c)	Yfir Fönn og fyrir Búr	96	21.1	8	400		244
d)	Jarðg. undir Fönn og fyrir Búr	94	18.4	6	300	2300	488
III	Jarðgöng úr Jökulsárhlíð yfir í Böðvarsdal.						
a)	Torfastaðir-Frökkudalur	84	13.2	2	200	6300	604
b)	Ketilsstaðir-Seldalur	87	13.0	3	200	5700	555
c)	Ketilsstaðir-Hjallafjall	86	12.6	1	100	6600	625
IV	Smjörvatnsheiði.						
a)	Fossvellir-Sunnudalur	81	38.0		750		126
b)	Hvannárdalur-Sunnudalur	95	38.0		750		126
V	Austan Möðrudalsfjallgarða.						
	Langadalsvarða-Þrívörðuháls	153	23.8		560/640		52

Sþ. 178. Fyrirspurn [169. mál]

til iðnaðarráðherra um yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er fyrirhugað að Landsvirkjun taki við rekstri Kröfluvirkjunar, og þá hvenær?
2. Hvaða verð hyggst iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs setja upp fyrir virkjunina?
3. Telur ráðherra að enn séu í fullu gildi þær niðurstöður í skýrslu verkfræðistofunnar Strengs, sem skilað var í maí 1983, að ef afl virkjunarinnar yrði aukið í 60 MW gæti virkjunin sjálf lokið við að greiða niður skuldir sínar skömmu eftir aldamót?
4. Hverjar eru áhvílandi skuldir Kröfluvirkjunar, til hve langs tíma eru þær og með hvaða kjörum eru þau lán sem virkjunin hefur tekið?
5. Hverjar eru áætlaðar hreinar tekjur Kröfluvirkjunar, fyrir afskriftir, árin 1984 og 1985 miðað við núgildandi orkusölusamning við Landsvirkjun og miðað við framlengingu á honum út árið 1985?
6. Hve langan tíma tæki það Kröfluvirkjun að greiða niður fjárfestingu fyrirtækisins ef virkjunin yrði áfram rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og miðað við núverandi söluverð á raforku:
   a. miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 30 MW framleiðslu;
   b. miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 30 MW framleiðslu?
7. Hve langan tíma tæki það Kröfluvirkjun að greiða niður fjárfestingu þá, sem á fyrirtækinu hvílir nú, til viðbótar þeirri fjárfestingu sem talið er að þurfi til að virkjunin nái fullum afköstum:
   a. miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 60 MW framleiðslu;
   b. miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 60 MW framleiðslu;
   c. miðað við 8250 nýtingarstundir á ári og 65 MW framleiðslu?
8. Hver er áætlaður framleiðslukostnaður á þeirri raforku, sem fengist við stækkun Kröfluvirkjunar, samanborið við áætlaðan kostnað frá öðrum rannsökuðum virkjunarkostum?
9. Hvert er gildi Kröfluvirkjunar fyrir rekstur byggðalínukerfisins:
   a. með tilliti til rekstraröryggis;
   b. með tilliti til minna orkutaps?
10. Hyggst ráðherra, ef af afhendingu Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar verður, setja einhver skilyrði um áframhaldandi rekstur og uppbyggingu virkjunarinnar?
11. Þarf yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun, með þeim kjörum sem ríkið hyggst bjóða, að leiða til breytinga á raforkuverði til almennra notenda í landinu?

Ed. 179. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Eiður Guðnason.

1. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 500 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun

og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sé um hjón að ræða, sem skattlögð eru skv. ákvæðum 63. gr., skal óráðstafaður hluti persónuafsláttar annars makans á sama hátt dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu.

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila. Ekki skal þó greiða persónuafslátt þeim sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né þeim sem hafa meiri samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til álagningar tekjuskatts árið 1985.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa oft áður flutt á Alþingi tillögur sem ganga í sömu átt og þetta frumvarp, t. d. sem breytingartillögur við efnahagsráðstafanir fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar.

Samhljóða frv. var flutt í Nd. á 105. löggjafarþingi. Þá sagði m. a. í greinargerð:

„Höfuðtilgangur þessa frv. er sá að bæta hag hinna lægst launuðu og bótaþega almannatrygginga með því að greiða þeim úr ríkissjóði þann hluta persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts sem ekki nýtist til lækkunar álagðra gjalda, á sama hátt og nú er um barnabætur.

Hér er um neikvæðan tekjuskatt að ræða til hagsbóta fyrir hina verst settu og lið í þeirri afkomutryggingu, sem Alþýðuflokkurinn beitir sér fyrir, og um leið þátt í tillögugerð flokksins um mótun nýrrar efnahagsstefnu.

Á tímum sem þessum, þegar hver kjaraskerðingin rekur aðra, er nauðsynlegt að verja þá verst settu fyrir frekari kjaraskerðingum og er frv. liður í þeirri viðleitni.

Fleira kemur til. Þrátt fyrir góðan vilja heildarsamtaka launafólks heldur launabilið í þjóðfélaginu áfram að breikka. Hinir tekjuhærri hafa yfirleitt mun betri aðstöðu en láglaunafólk til að knýja fram hækkanir í ýmsum myndum umfram þær almennu hækkanir sem um semst í heildarkjarasamningum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frv. að löggjafinn verði að beita sér meira en hingað til hefur verið gert til að rétta hlut þeirra sem bera hann skarðastan frá borði við gerð kjarasamninga og við ákvörðun tryggingabóta. Frv. er þáttur í þeirri viðleitni.

Því er svo enn við að bæta að lagfæringar á skattalögum, skattþegnum í vil, koma yfirleitt ekki þeim verst settu að gagni, nema sá hluti persónuafsláttar, sem ekki nýtist til lækkunar gjalda viðkomandi, verði greiddur út.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa áður flutt sömu tillögu og í frv. felst, síðast í febrúar 1981, og þá sem lið í breytingartillögum við afgreiðslu frumvarps til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Sú lækkun tekna ríkissjóðs, sem af samþykkt frv. leiddi, er langt innan þeirra marka sem ríkisstjórnin hugsar sér að verja til láglaunabóta, og vandséð er að unnt sé að verja þeim bótum betur en frv. gerir ráð fyrir, ef ætlunin er að þeir verst settu njóti þeirra fyrst og fremst.

Frv. gerir ráð fyrir að útborgun ónýtts persónuafsláttar sé takmörkuð við fólk sem er 20 ára og eldra og stundar ekki atvinnurekstur. Takmörkunin tekur mið af því að á yngri árum

búa margir í foreldrahúsum og réttara væri að mæta þörfum hinna á annan hátt, t. d. með auknum námslánum. Ekki er ástæða til að útgreiðsla ónýtts persónuafsláttar nái til atvinnurekenda.“

Nú er mikið talað um skattalækkanir í tengslum við gerð kjarasamninga og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 er í framhaldi af samþykkt síðasta löggjafarþings gert ráð fyrir nokkurri lækkun tekjuskatts.

Allt er þetta góðra gjalda vert, en það er grundvallaratriði að mati flutningsmanna þessa frumvarps að tekjuskattslækkanir komi einnig þeim tekjulægstu á vinnumarkaði og elli- og örorkulífeyrisþegum til góða. Því er frv. flutt.

Þær upphæðir í krónum, sem í frv. felast, eru miðaðar við skattárið 1984 og gert er ráð fyrir að þær breytist með skattvísitölu eins og aðrar sambærilegar upphæðir í lögum um tekju- og eignarskatt.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um jöfnun á skattbyrði hjóna.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem feli í sér að skattbyrði hjóna verði jöfn hvort sem annað þeirra eða þau bæði vinna fyrir tekjum. Taka skal sérstakt tillit til þess ef verulegur kostnaður hlýst af því að hjónin vinna bæði utan heimilis.

Greinargerð.

Það er óverjandi að hjón, þar sem annar makinn treystir sér ekki til að vinna utan heimilis, t. d. vegna fjölda barna, vegna veikinda eða vegna umönnunar aldraðs fólks eða sjúks, skuli greiða mun hærri skatta af sömu tekjum og hjón sem bæði vinna utan heimilis. (Sjá töflu.)

Í þessum tilvikum sparar heimavinnandi makinn því opinbera oft mikið fé í stofn- og rekstrarkostnaði barnaheimila, heilbrigðisstofnana og dvalarheimila aldraðra. Í stað þess að meta þetta starf að verðleikum er fólkinu refsað með hækkun tekjuskatts. Þessu má breyta t. d. með því að hafa sérstakan skattstiga fyrir einstaklinga og annan fyrir hjón og sambýlisfólk eins og víða er erlendis og var hér á landi til skamms tíma.

Á hinn bóginn er eðlilegt að tekið sé sérstakt tillit til þess ef veruleg aukaútgjöld, t. d. vegna gæslu tveggja eða fleiri barna, hljótast af því að bæði hjónin vinna utan heimilis. Þetta má gera á ýmsan hátt, t. d. með hækkun barnabóta eða með viðauka við heimildarákvæði 66. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

SAMANBURÐUR Á TEKJUSKATTSGREIÐSLUM HJÓNA
eftir því hvernig tekjur skiptast milli maka (í krónum).

Tekjuskattsstofn (tekjur beggja)	300 000	400 000	500 000	600 000	700 000	800 000
a) Tekjuskattur ef annað hjóna vinnur fyrir öllum tekjunum	21 700	61 500	106 500	151 500	196 500	247 500
b) Annað hjóna vinnur fyrir ⅔ teknanna — hitt fyrir ⅓ hluta	12 700	53 700	70 700	110 200	150 900	191 500
c) Tekjur skiptast jafnt milli hjóna	10 000	38 400	70 400	102 400	137 000	182 000
Mismunur á **a** og **c**	11 700	23 100	36 100	49 100	59 500	65 500

Nd. 181. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 20. nóvember 1984.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Sveinn Jónsson.	Ólafur G. Einarsson.	Kristófer Már Kristinsson.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 182. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Prófastur er formaður nefndarinnar" í 3. málsl. komi: Sé prófastur sóknarprestur í kirkjusókn sem skipta á er honum rétt að víkja sæti og skal biskup skipa annan í hans stað.
2. Við 6. gr. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Sé um bændakirkju að ræða er leggja skal niður og söfnuður hennar sameinast annarri sókn, en bændur eða bóndi á bæði kirkjuhúsið og alla muni kirkjunnar, skal hann þá hafa ráðstöfunarrétt á eign þeirri. Þó skal honum skylt að hafa samráð við prófast um slík mál og getur prófastur, ef ekki næst samkomulag milli hans og kirkjubónda, vísað ágreiningsmálum til biskups sem tekur lokaákvörðun í hverju slíkra mála nema ákvæði annarra laga grípi þar inn í.
3. Fyrri málsgr. 22. gr. orðist svo:
   Aðalsafnaðarfundur kýs safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður er nýr safnaðarfulltrúi hefur verið kosinn samkvæmt lögum þessum.
4. Við 25. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara og umsjónarmann kirkju (kirkjuvörð) og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma.
5. Við 26. gr. Síðasti málsl. greinarinnar falli brott.
6. Við 28. gr. Síðasti málsl. greinarinnar orðist svo: Ef eigi tekst að leysa málið skal ágreiningnum vísað til biskups til fullnaðarúrlausnar.

Sþ. 183. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir, Kristófer Már Kristinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um að koma á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum. Kennslugagnamiðstöðvar hafi það meginverkefni að lána skólum námsgögn, kennslutæki og hjálpargögn þannig að öllum nemendum verði tryggður aðgangur að fjölbreyttum kennslugögnum hvar á landinu sem þeir búa.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er endurflutt óbreytt.

Flestum er kunnugt að verulegur munur er á aðstöðu barna til náms og kennslu hér á landi. Þessi þingsályktunartillaga tekur á einum þætti þessa flókna máls, þ. e. aðstöðumun hvað varðar námsgögn, kennslutæki og önnur hjálpargögn. Skólar hér á landi eru afar misvel búnir hvað þetta varðar. Í þessu sambandi má vitna til könnunar er gerð var á vegum Félags skólastjóra og yfirkennara á aðstöðu og búnaði í skólum 1981.[1)]

Í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, segir svo í 72. gr.:

„Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna...

Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau."

Hér eru vissulega gefin fögur fyrirheit en spyrja má í fullri alvöru hvenær þess sé að vænta að slík aðstaða verði komin við alla skóla í landinu. Í því sambandi er vert að minnast þess, að í rúmlega 100 skólum eru nemendur færri en 100 og í rúmlega 70 skólum eru nemendur færri en 50. Við 51 af rúmlega 220 grunnskólum starfa aðeins einn eða tveir kennarar. Ljóst er að sé þetta mál skoðað raunsæjum augum er þess seint að vænta að fullkomin skólasöfn rísi við alla skóla. Þau munu ekki í bráð eignast þau gögn og tæki sem talin eru upp í 72. gr. grunnskólalaga og til var vitnað hér á undan.

Því má halda fram með sterkum rökum að óraunhæft sé að ætla að litlir skólar eignist öll þau sömu námsgögn og kennslutæki og stórir skólar. Lítil sveitarfélög munu við óbreyttar aðstæður ekki hafa bolmagn til að búa skóla sína öllum nauðsynlegum gögnum. Engu að síður verður að tryggja þessum nemendum aðgang að vönduðum og fjölbreyttum náms- og hjálpargögnum.

Þessi tillaga felur í sér leið til lausnar þess, þ. e. að litlir skólar á ákveðnu svæði — jafnvel allir skólar á sama svæði — eigi saman ýmis þau gögn, tæki og áhöld sem hverjum einum skóla reynist ofviða að eignast upp á eigin spýtur eða ekki er ástæða til að hver skóli eigi. Hér er t. d. um að ræða ýmis dýr kennslutæki og hjálpargögn sem aðeins eru notuð skamman tíma á hverju skólaári.

---

1) Viktor A. Guðlaugsson: **Könnun á aðstöðu og búnaði í skólum 1981.** Reykjavík: Félag skólastjóra og yfirkennara, 1981. Úrvinnsla nr. 3. Samanburður, línurit.

Rétt er að finna þessum gögnum samastað í tengslum við fræðsluskrifstofurnar í hverju fræðsluumdæmi, og þaðan verði þau lánuð til skóla í umdæminu. Er við það miðað að það starfsfólk, sem þar er fyrir, muni a. m. k. að nokkru beina starfskröftum sínum í þennan farveg. Við margar skrifstofanna starfa nú þegar sálfræðingar, sérkennarar, kennsluleiðbeinendur (í hlutastöðum) auk skrifstofufólks og má ætla að í flestum tilvikum dugi að ráða til viðbótar einn starfsmann sem að líkindum yrði með hliðstæða menntun og skólasafnverðir.

Til lengri tíma litið má jafnframt færa að því rök, að auk margháttaðs ávinnings af starfi slíkra miðstöðva næðist beinn fjárhagslegur sparnaður af rekstri þeirra. Á það ekki síst við um ráðgjöf fyrir skóla um kaup á hentugum búnaði sem fengin væri reynsla af, en nú er oft kylfa látin ráða kasti í innkaupum skólanna hvers um sig. Einnig hefðu kennslugagnamiðstöðvarnar til útlána ýmis tæki og gögn sem einstakir skólar ella keyptu.

Með því að byggja þessar miðstöðvar upp í fræðsluumdæmunum er þess einnig að vænta að finna megi í hverju tilviki hagkvæmustu leiðina við að dreifa gögnum frá kennslugagnamiðstöð út í skólana og halda kostnaði í lágmarki.

Þá ætti að gera ráð fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofurnar veiti kennurum og foreldrum ýmsa þjónustu svipaða þeirri sem veitt er í kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík. Þar verði gagnasmiðja fyrir kennara, aðstaða til fræðslustarfs, sýninga og kynninga af ýmsu tagi.

Fleiri verkefni mætti fela kennslugagnamiðstöðvum ef henta þætti. Má þar m. a. nefna þjónustu við skólasöfn og aðstoð við uppbyggingu þeirra og sameiginleg innkaup á skólavörum fyrir skólana í umdæminu.

Nokkur reynsla er komin á starfsemi kennslumiðstöðvar þeirrar er Námsgagnastofnun hefur rekið frá því í maí 1982. Meginhlutverk þeirrar miðstöðvar hefur verið kynningar- og upplýsingaþjónusta fyrir kennara. Þar er unnið að því að koma á fót gagnasafni fyrir allar námsgreinar, gagnasmiðju þar sem kennarar hafa aðstöðu til að búa til eigið námsefni, haldnar hafa verið sýningar á námsgögnum, hjálpargögnum og skólabúnaði og efnt hefur verið til fræðslustarfsemi af ýmsum toga. Starfsemi þessi hefur mælst afar vel fyrir meðal kennara og aðsókn mörg þúsund kennara á hverju ári sannar að full þörf hefur verið fyrir þessa þjónustu. Aðeins einn starfsmaður er í kennslumiðstöðinni og hefur svo verið frá upphafi en það takmarkar vitaskuld mjög þjónustu við kennara utan stór-Reykjavíkursvæðisins.

Við rekstur kennslumiðstöðvarinnar í Reykjavík hefur og komið skýrt í ljós hversu mikil þörf er á að unnt sé að lána skólunum námsgögn. Um þessar mundir eru möguleikar kennara á þessu takmarkaðir og þá einkum bundnir við fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar, sendiráð og nokkrar stofnanir og félög sem halda uppi fræðslustarfsemi.

Samkvæmt lögum ber Námsgagnastofnun að sjá nemendum á skyldunámsstigi fyrir ókeypis námsgögnum. Aðstæður Námsgagnastofnunar valda því að þau námsgögn, sem sú stofnun gefur út, duga engan veginn ein sér til að skóli verði vel búinn námsgögnum. Hér er því sveitarfélögum ætlað stórt hlutverk en ljóst er að aðstæður þeirra til að rækja það eru afar mismunandi. Rétt þykir því að ríkið beri allan stofnkostnað af slíkum kennslugagnamiðstöðvum og tryggi jafnframt helming af rekstrarkostnaði samkvæmt nánari reglum sem setja þarf.

Með þessari tillögu er alls ekki boðað að hverfa eigi frá því markmiði að í framtíðinni rísi skólasöfn við alla skóla. Má miklu fremur líta á kennslugagnamiðstöðvar sem mikilvægt spor í þá átt. Útlán námsgagna og kennslutækja munu stuðla að hagkvæmni við þá uppbyggingu. Í því sambandi má nefna að kennarar geta við innkaup á námsgögnum og kennslutækjum stuðst við þá reynslu, sem fengist hefur, og þannig metið mun betur en ella hvaða námsgögn þurfa að vera til í skólanum allt skólaárið. Það er því mikilvægt að ljóst verði að hér er um að ræða leið sem hefur í för með sér bætta þjónustu um leið og gætt er ýtrustu hagkvæmni.

Flutningsmenn vilja þakka Ingvari Sigurgeirssyni deildarstjóra hjá kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar fyrir góð ráð og ábendingar við gerð þessarar þingsályktunartillögu.

Sþ. 184. Fyrirspurn [173. mál]

til samgönguráðherra um Skipaútgerð ríkisins.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Njóta skipafélögin Eimskip og Hafskip og skipadeild SÍS einhverra sérstakra kjara hjá Skipaútgerð ríkisins í flutningum? Ef svo er, hver eru þessi kjör? Ef einhver munur er á kjörum þeirra innbyrðis, hverjar eru þá ástæður þess?
2. Er þess gætt að allir viðskiptamenn njóti sömu kjara fyrir sömu vöru, svo sem vegna flutninga á frystum fiski og öðrum sjávarafurðum?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 185. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, enda verði tillögugerð um skipan heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu hraðað

Árni Johnsen og Björn Dagbjartsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. nóv. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Magnús H. Magnússon.

Salome Þorkelsdóttir. Kolbrún Jónsdóttir.

Sþ. 186. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra.

Flm.: Pálmi Jónsson, Sverrir Sveinsson, Ragnar Arnalds, Eyjólfur Konráð Jónsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna leiðir til þess að efla atvinnulíf á Norðurlandi vestra og koma í veg fyrir versnandi atvinnuástand þegar draga tekur úr framkvæmdum við Blönduvirkjun.

Greinargerð.

Þann 28. janúar 1982 samþykkti þáverandi ríkisstjórn sérstaka bókun um atvinnuþróun á Norðurlandi vestra. Þrátt fyrir þessa samþykkt hefur lítið verið hafst að til að framkvæma það sem þá var ákveðið. Flutningsmenn telja að við svo búið megi ekki standa og er þessi þingsályktunartillaga flutt til þess að fylgja málinu eftir.

Bókun ríkisstjórnarinnar, sem hér er vitnað til, er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni.

Atvinnuvegir í Norðurlandskjördæmi vestra eru tiltölulega einhæfir. Meðaltekjur framteljenda þar hafa á síðari árum oftast verið lægri en í öðrum kjördæmum landsins, og afkoma fólks byggist í ríkari mæli en annars staðar á frumframleiðslugreinum, landbúnaði og fiskveiðum. Þessar atvinnugreinar eiga nú einmitt í miklum erfiðleikum vegna sóknartakmarkana til sjávarins og framleiðslutakmarkana í landbúnaði. Jafnframt tekur það langan tíma að fjármagn, sem í þessar greinar er lagt, skili arði og gildir það þó sérstaklega um landbúnaðinn. Verðtrygging fjármagns og háir vextir hafa því reynst þessum atvinnuvegum þung í skauti.

Rík ástæða er til að hefja athugun á því hvort ekki finnist leiðir til þess að gera atvinnulíf í kjördæminu gróskumeira og fjölbreyttara. Sérstakt tilefni gerir þessa athugun þó knýjandi nú, sbr. þá bókun sem hér fylgir með.

Framkvæmdir eru nýlega hafnar við virkjun Blöndu. Ljóst er að þær verða allmiklar á næstu árum og veita mikla atvinnu. Er talið að við þær muni vinna allt að 500—600 manns þegar mest verður umleikis á árunum 1986 og 1987. Fyrirsjáanlegt er jafnframt að mjög muni draga úr vinnuaflsþörfinni á árinu 1988 og framkvæmdum þá jafnvel ljúka.

Miðað við það, sem að framan greinir, blasir við verulegur samdráttur í atvinnumálum þeirra byggðarlaga sem hér eiga mest hlut að máli þegar líður að lokum þessara framkvæmda. Nauðsynlegt er því að leita nú þegar leiða, sem færar og hagkvæmar kunna að reynast, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir þetta samdráttarskeið. Er eðlilegt að sú könnun, sem hér er gerð tillaga um, verði þáttur í athugun á eflingu atvinnulífs í kjördæminu í heild.

Með tillögu þessari er stefnt að því að ríkisstjórnin hafi forustu í þessu máli. Er sérstaklega nauðsynlegt að athuga möguleika á uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja af hæfilegri stærð sem gætu tekið við verulegum hluta af þeim mannafla sem að virkjunarframkvæmdum mun starfa, en um leið orðið undirstaða vaxandi velmegunar til frambúðar. Sjálfsagt er að um þessi efni verði haft samráð og samstarf við þá forustumenn heimamanna í atvinnumálum og sveitarstjórnarmálum sem hlut eiga að máli. Það er skammur tími til stefnu og því afar brýnt að hefjast þegar handa.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT
ríkisstjórnarinnar frá 28. janúar 1982 um atvinnuþróun á Norðurlandi vestra.

Ríkisstjórnin samþykkir að fela Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, að vinna í samvinnu við heimaaðila að úttekt á atvinnulífi á Norðurlandi vestra og móta tillögur um eflingu þess, þar á meðal á sviði iðnaðar. Athugaðir verði hið fyrsta möguleikar atvinnufyrirtækja á svæðinu til að eiga hlut að framkvæmdum við virkjun Blöndu og að atvinnulíf verði treyst til að koma í veg fyrir samdrátt á vinnumarkaði á svæðinu þegar virkjunarframkvæmdum lýkur.

Nd. 187. Frumvarp til laga [175. mál]

um verndun kaupmáttar og viðnám gegn verðbólgu.

Flm.: Svavar Gestsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal miða allar ákvarðanir sínar í efnahagsmálum við að verja kaupmátt þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í október og nóvember 1984 og að tryggja fulla atvinnu. Hér er átt við allar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um vexti, verðlagsmál, jafnt verðlag opinberrar þjónustu sem og vöru og þjónustu einkaaðila, um gengisskráningu íslensku krónunnar og aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum sem hafa áhrif á kaupmátt launa.

2. gr.

Verðlagsráð skal frá og með gildistöku þessara laga hafa sérstakt eftirlit með innflutningsverði og verðmyndun í innflutningsverslun. Skal verðlagsráð birta mánaðarlega skýrslu um þróun innflutningsverðs á sama hátt og gert hefur verið í smásöluverslun.

Verðlagsráð skal enn fremur fjalla um allt verðlag opinberrar þjónustu og skal ríkisstjórnin taka afstöðu til tillagna sem fram kunna að koma um hækkun þjónustu opinberra aðila. Hækkunin tekur því aðeins gildi að ríkisstjórnin samþykki tillöguna.

3. gr.

Til þess að treysta gengi íslensku krónunnar og til þess að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna skal á árinu 1985 gera eftirtaldar ráðstafanir:

1. Leggja skal 100% álag á skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1985, sbr. lög nr. 74/1983.
2. Leggja skal veltuskatt á banka sem nemur 0,06% af heildarinnlánum þeirra aðila sem skattskyldir voru skv. l. nr. 65/1982. Skattstofn skal vera innstæðufé í lok næstliðins mánaðar, sbr. bráðabirgðaákvæði IV í lögum nr. 65/1982. Lög nr. 51/1984, um breyting á lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, sem kveða á um lækkun bankaskatta, falli úr gildi.
3. Hagnaður Seðlabankans á árinu 1984 skal renna í ríkissjóð.

Um nánari innheimtu og álagningu samkvæmt þessari grein fer eftir reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

4. gr.

Tekjum samkvæmt 3. gr. skal varið í tengslum við ákvörðun fiskverðs og skal markmið ákvörðunarinnar vera sem hér segir:

1. til þess að treysta rekstrarstöðu og afkomu útflutnings sjávarafurða,
2. til þess að auðvelda fiskverðshækkun þannig að sjómenn fái að minnsta kosti það sama í sinn hlut og verkafólk í landi samkvæmt kjarasamningum,
3. til þess að koma til móts við útgerðina vegna óhóflegs olíukostnaðar.

Jafnframt skal ríkisstjórnin undirbúa í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi skipulagsbreytingar og endurbætur í rekstri einstakra fyrirtækja þannig að tryggt verði að fjármunum samkvæmt þessari grein sé ekki varið til annarra fyrirtækja en þeirra sem er vel stjórnað og að komið verði í veg fyrir að fjármunir renni til aðila sem ekki hafa vald á rekstri fyrirtækja sinna við eðlilegar aðstæður.

Ríkisstjórnin skal taka sérstakt tillit til þess við ráðstafanir samkvæmt þessari grein að samkeppnisstaða iðnaðarins versni ekki frá því sem ella væri. Ef nauðsyn þykir skal ríkisstjórnin grípa til sérstakra ráðstafana vegna iðnaðarins.

Tekjum samkvæmt 3. gr. skal því aðeins ráðstafað að meiri hluti myndist í Verðlagsráði sjávarútvegsins enda eigi sjómenn aðild að meiri hlutanum.

5. gr.

Lánanefnd tekur við hlutverki langlánanefndar. Lánanefnd fjallar um allar erlendar lántökur. Nefndin skal þannig skipuð:

a. Frá viðskiptaráðuneyti einn maður sem er formaður nefndarinnar,
b. frá Alþingi tveir menn kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi.

Í störfum sínum skal lánanefnd miða við að dregið verði verulega úr erlendum lántökum. Þannig skal nefndin miða við að erlend lán vegna fjárfestingar í verslun verði algerlega stöðvuð á árinu 1985. Þá verði greiðslufrestir á erlendum vörum til innflutnings styttir og verði að hámarki einn mánuður að loknum hæfilegum aðlögunartíma.

Undanþágur frá þessum reglum eru aðeins heimilar að brýna nauðsyn beri til að mati lánanefndar, enda samþykki ríkisstjórnin ákvörðun nefndarinnar.

Lánanefnd skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaðinu lista yfir erlendar lántökur þar sem fram komi hverjir hafa fengið lánin, hve há þau eru — í innlendri og erlendri mynt — og til hve langs tíma þau eru.

6. gr.

Sjúklingaskattar þeir, sem lagðir voru á samkvæmt reglugerðum nr. 628, 629 og 642 1983, falli niður og ný gjöld ákveðin fyrir lyf og læknisþjónustu þannig að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar gagnvart þessum greiðslum verði sá sami og að meðaltali á fyrstu þremur mánuðum ársins 1983. Til þess að afla tekna í ríkissjóð í stað sjúklingaskatts skal ákveðið álag á ferðamannagjaldeyri, sbr. l. nr. 81/1980.

7. gr.

Til þess að lækka fjármagnsbyrði húsbyggjenda og atvinnuvega verði vextir lækkaðir sem hér segir:

1. Útlán til skemmri tíma en 10 ára er óheimilt að vísitölutryggja. Seðlabankinn ákveður vexti þessara lána að fengnu samþykki ríkisstjórnar.
   Óheimilt er að vextir verði hærri en 2% umfram það stig sem verðbólga hefur mælst síðustu 3 mánuði.
2. Lán til lengri tíma en 10 ára mega þó vera vísitölutryggð en vextir aldrei hærri en 3% umfram verðbólgustig.
3. Dráttarvextir verði að hámarki sem samsvarar 10% yfir verðbólgustigi eins og það er áætlað á ári af Seðlabankanum.
   Vextir umfram það sem hér er greint skulu teljast okurvextir, skv. l. nr. 58/1960.

8. gr.

Skipafélögum er óheimilt að ákveða farmgjöld til og frá landinu í erlendum gjaldeyri. Farmgjöld skipafélaga skulu frá og með gildistöku laga þessara lækka um 10%. Verðlagsstofnun skal sjá um að fram fari útboð á flutningum skipafélaga til og frá landinu. Í útboðunum skal einnig leitað eftir tilboðum erlendra skipafélaga svo að unnt sé að gera samanburð á farmgjöldum hérlendis og erlendis.

9. gr.

Vaxtatekjur fyrirtækja og einstaklinga af fjármunum, hvort sem þeir eru í innstæðum í bönkum eða skuldabréfum eða spariskírteinum ríkisins eða á annan hátt orðnar til vegna

eignar á fjármunum, skulu skattskyldar nemi höfuðstóllinn 4 millj. kr. eða meira um áramótin 1984/1985. Til þess að tryggja framkvæmd þessa ákvæðis skal ríkisstjórnin gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Að bankar og aðrar innlánsstofnanir geri grein fyrir vaxtatekjum einstaklinga sem eru yfir því marki sem um getur í 1. málsgr. Bankarnir sendi skattstofum yfirlit um vaxtatekjur og þeir, sem tekjurnar hafa, skulu gera sundurliðaða grein fyrir þeim á skattaframtölum sínum.
2. Að öll skuldabréf verði skráð á nöfn og þau handhafaskuldabréf, sem nú eru í gangi, verði skráð á nöfn í bönkum eða annars staðar þar sem þau eru til innheimtu við næsta gjalddaga eftir gildistöku laga þessara.

Ríkisstjórnin hefur heimild til þess að grípa til annarra aðgerða en um getur í 1. og 2. tölul. eftir því sem þurfa þykir.

Öllum tekjum, sem ríkissjóður fær samkvæmt þessari grein í auknum skatttekjum, skal varið til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt fram frumvarp um **lögbindingu** ákveðinna þátta efnahagsmála. **Aðalatriði** frumvarpsins eru:

1. **Kaupmáttur verði tryggður,** staðið gegn verðbólgu og tryggð betur en gert hefur verið full atvinna.
2. Haft verði **eftirlit með heildversluninni** og **verðlagningu opinberrar þjónustu.**
3. Gerðar eru tillögur um að afla tekna — **allt að einum milljarði króna** — til þess að **tryggja fulla atvinnu.**
4. Gerðar eru tillögur um það hvernig þessum tekjum verði varið, meðal annars til þess **að tryggja hlut sjómanna** og **lækka olíukostnað útgerðarinnar.**
5. Dregið verði úr **erlendum lántökum** með virkari hætti en nokkru sinni hefur verið gert hér á landi. Gert er ráð fyrir því að **bankarnir verði útilokaðir frá lánaefnd** þar sem reynslan sýnir að þeim er ekki treystandi.
6. **Sjúklingaskatturinn** verði afnuminn.
7. **Vextir** verði lækkaðir og bönnuð verðtrygging skemmri lána.
8. **Farmgjöld** skipafélaganna verði lækkuð.
9. **Vaxtatekjur** verði skattskyldar.
10. Öll **skuldabréf verði skráð á nafn** og þannig komið í veg fyrir starfsemi **okurlánaranna** og ráðist af hörku gegn **neðanjarðarhagkerfinu.**

Alþýðubandalagið leggur áherslu á að allt verði gert til þess að tryggja kaupmátt þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið að undanförnu. Nú hefur ríkisstjórnin hins vegar með einu pennastriki ákveðið að svipta launafólk ÖLLUM árangri kjarasamninganna. Þessa afstöðu og ákvörðun fordæmir Alþýðubandalagið harðlega. Gengislækkunin hefur það auk þess í för með sér að kaupmáttur launanna verður lægri en hann varð á 4. ársfjórðungi 1983 þó að ríkisstjórnin hafi lofað að miða við þann ársfjórðung sem lágmark kaupmáttar.

Það frumvarp, sem hér er lagt fram, sýnir hvernig Alþýðubandalagið hefði viljað stuðla að betri kaupmætti til þess að tryggja árangur kjarasamninganna. Frumvarpið var afgreitt í meginatriðum á flokksráðsfundi Alþýðubandalagsins og er nú lagt fram á Alþingi til þess að ljóst megi verða hver stefna Alþýðubandalagsins er í þessum efnum. Flokkurinn leggur jafnframt áherslu á að frumvarpið verður að skoða sem lið í heildarstefnu og með hliðsjón af þeirri tillögugerð sem Alþýðubandalagið hefur samþykkt að öðru leyti. Það skal enn fremur

tekið sérstaklega fram að frumvarpið fjallar fyrst og fremst um það hvernig flokkurinn vill tryggja kaupmáttinn hér og nú — en í frumvarpinu eru ekki sérstakar tillögur um aðgerðir til skipulagsbreytingar í sjávarútvegi og vísast í þeim efnum til tillagna sem Alþýðubandalagið hefur þegar lagt fyrir Alþingi.

Megininnihald þessa frumvarps eru þessi efnisatriði:

1. Ríkisstjórnin miði allar sínar ákvarðanir í efnahagsmálum við *að tryggja kaupmátt launa og fulla atvinnu án þess að verðbólga aukist.* Ríkisstjórnin hefur nú með gengislækkunarstefnunni stuðlað að verðhækkunarskriðu, skerðingu kaupmáttar og jafnframt stofnað atvinnulífinu í hættu þar sem verulegur hluti sjávarútvegsins er með lán í erlendum gjaldeyri.
2. Gert er ráð fyrir því að verðlagsráð fylgist *sérstaklega með verðlagi á innflutningi.* Þar með er átt við að setja megi innflutningsverslunina undir verðlagsákvæði og að birtar verði opinberar upplýsingar um innflutningsverð eins og gert hefur verið um smásöluverslun. Í 2. gr. er lagt til að verðlagsráð taki á nýjan leik til umfjöllunar verðlag opinberrar þjónustu.
3. Frumvarpið byggist á því meginatriði að tekna verði aflað af milliliðum, sem lifa á framleiðsluatvinnuvegunum, til þess að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna. Minnt skal á að afkoma þeirra er misjöfn og það er *fráleitt að fella gengi íslensku krónunnar eftir meðaltalsútreikningum.* Þess vegna er skynsamlegra fyrir þjóðarbúið að gripið verði til *sértækra ráðstafana* en ekki almennra nema í sem allra minnstum mæli. Í 3. gr. frv. er bent á nokkra tekjustofna sem gætu skilað verulegum fjármunum. Flm. telja að til greina geti komið að bæta þarna við fleiri liðum til þess að auka tekjuöflun í þessu skyni, — til viðnáms gegn verðbólgu og til þess að tryggja fulla atvinnu. Í því sambandi má *benda á veltuskatt á þau fyrirtæki sem hafa hirt mestan gróðann í valdatíð núverandi ríkisstjórnar* og enn fremur má benda á að eðlilegt væri að *leggja skatta á fyrirtæki eins og gert var áður en núverandi ríkisstjórn kom til valda.* Þar með yrðu *afnumin sérstök fríðindi hlutafélaga og skattar fyrirtækja yrðu hærri* miðað við skatta einstaklinga eins og áður var.
4. Í 4. gr. frv. er bent á það hvernig tekjum skuli varið. Þar er bent á þá almennu reglu að nota fjármunina til þess að treysta stöðu útflutningsatvinnuveganna. Minnt skal á *nauðsyn hærra fiskverðs vegna þess mikla tekjutaps sem sjómenn hafa orðið fyrir á undanförnum árum vegna aflatakmarkana.* Þá er bent á að eðlilegt sé að gerðar verði ráðstafanir til að *lækka olíukostnað fiskiskipanna,* auk þess sem sjálfsagt er að fella niður öll opinber gjöld af olíu til fiskiskipa eins og áform munu vera uppi um. Ríkisstjórnin lofaði í sumar að olían ætti að *lækka* frá 1. nóvember s. l. Ekkert hefur spurst til efnda á því loforði, en fyrir Verðlagsstofnun liggur beiðni frá olíufélögunum um 20—30% *hækkun* olíuverðs.
   Í 4. gr. er lögð á það áhersla að fjármunum verði einungis varið til þeirra fyrirtækja sem rekin eru skynsamlega en komið í veg fyrir að fjármunir fari til sóunarfyrirtækja.
   Þá er minnt sérstaklega á iðnaðinn *en hann má undir engum kringumstæðum lenda í því að honum sé mismunað á neinn hátt.*
   Loks er lögð á það áhersla að fjármunum verði ekki ráðstafað *nema að fengnum meiri hluta í Verðlagsráði sjávarútvegsins þar sem sjómenn eigi aðild að.* Með þessu ákvæði á að vera tryggt að *sjómenn hafi neitunarvald ef upp koma hugmyndir um að skerða hlutaskipti þeirra enn frá því sem orðið er.*
5. Eitt stærsta efnahagsvandamálið hér á landi nú er aukning erlendra lána. Þar hefur allt farið úr skorðum í tíð þessarar ríkisstjórnar sem nú situr vegna þess *að verslunin og viðskiptabankarnir hafa vaðið í erlendum lánum meira en nokkru sinni fyrr.* Þess vegna er það, sem hér er gerð tillaga um, ný skipan lánanefndar og að *viðskiptabankarnir*

verði settir út úr henni. Jafnframt er byggt á því að Alþingi kjósi menn í lánanefnd til þess að fjárveitingavaldið fái betri aðstöðu til þess að fylgjast með þróun mála á þessu sviði en verið hefur.

6. Frumvarpið byggir á því að *sjúklingaskattarnir verði afnumdir* en engir hafa orðið fyrir meiri kjaraskerðingu en þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem þurfa á lyfjum að halda. Til þess að afla tekna í ríkissjóð á móti niðurfellingu sjúklingaskattanna er gert ráð fyrir að ríkissjóður hafi frá og með áramótum heimild til þess að leggja skatt á skemmtiferðir til útlanda.
7. Ein mikilvægasta grein frv. er fólgin í því að *fyrirskipuð verði vaxtalækkun* og að ríkisstjórnin taki vaxtaskráninguna af viðskiptabönkunum. Þá er gert ráð fyrir því að bannað verði að vísitölutryggja útlán til skemmri tíma en 10 ára, en að vextir megi aldrei vera hærri en 2% umfram það verðbólgustig sem mælst hefur næstu mánuði á undan. Heimilt er skv. frv. að verðtryggja útlán til lengri tíma en 10 ára en vextir megi aldrei fara fram yfir 3% umfram raunvaxtastig.
   Þá gerir frv. ráð fyrir að hærri vextir verði algjörlega bannaðir og fari um mál, sem rísa kunna út af slíkri vaxtatöku samkvæmt lögum um okurvexti. Er ekki minnsti vafi á því að vextir mundu *lækka verulega* samkvæmt þessari grein, þannig að *munaði stórfelldum fjármunum bæði fyrir atvinnuvegi og húsbyggjendur.*
8. Það hefur komið fram að farmgjöld eru miklum mun hærri hér á landi — til landsins og frá landinu — en um er að ræða hjá erlendum skipafélögum. Þess vegna er lagt til að *farmgjöld verði nú lækkuð,* að þau verði ætíð *ákveðin í íslenskri mynt* og að *fram fari útboð á flutningum til og frá landinu.* Gert er ráð fyrir að aflað verði samanburðartilboða erlendra skipafélaga til þess að veita innlendum skipafélögum aðhald.
   Þessi ráðstöfun mundi bæði hafa í för með sér *lægra vöruverð til landsins* og um leið *betri afkomu útflutningsatvinnuveganna.* Að sjálfsögðu mundi hagur skipafélaganna versna að sama skapi, en benda má á að þau *skiluðu hreinum hagnaði upp á 300 millj. kr. á síðasta ári.*
9. Ekki er vafi á því að fjöldi einstaklinga og fyrirtækja hefur haft stórfelldar vaxtatekjur á árinu 1983. Þessar tekjur eru nú algjörlega undanþegnar skattskyldu samkvæmt gildandi lögum. Það er auðvitað óeðlilegt á sama tíma og hver króna, sem menn afla með vinnu vinni, er skattskyld að fullu. Þess vegna er hér lagt til að lagður verði *skattur á vaxtatekjur* af höfuðstól sem er yfir 4 millj. kr. um áramótin 1984/1985.
   Þá er gert ráð fyrir því að bönkunum verði gert að skyldu að gefa upp vaxtatekjur aðila sem hafa svo stóran höfuðstól inni í bankakerfinu.
   Í 9. gr. er *ráðist gegn neðanjarðarhagkerfinu með því að skylda hlutaðeigandi að skrá öll skuldabréf á nafn.* Reyndar eru í lögum ákvæði um að verðtryggð skuldabréf séu skráð á nafn en ljóst er að vanefndir eru á því. Þess vegna væri eðlilegt að *skylda fógetaembættin til þess að skrá öll skuldabréf á nafn og til þess að senda skattstofum yfirlit yfir öll skráð skuldabréf.* Þannig á að vera unnt fyrir yfirvöld að komast að neðanjarðarhagkerfinu og okurlánastarfseminni sem blómstrar nú sem aldrei fyrr.

Hér hefur verið gerð grein fyrir helstu efnisþáttum frv. og verður því ekki fjallað frekar um einstakar greinar þess.

Hér er sýnt fram á hvernig Alþýðubandalagið hefði viljað taka á hluta efnahagsvandans, þ. e. þeim hluta sem snýr að tryggingu kaupmáttar og viðnámi gegn verðbólgu. Hér er um að ræða róttækar tillögur þar sem hafnað er forræði *markaðshyggjunnar og flutt tillaga um miskunnarlausa millifærslu á fjármunum.*

Þrátt fyrir gengislækkunina eru þessar tillögur í fullu gildi. Þær sýna annars vegar hvaða leið hefði mátt fara í stað gengislækkunarinnar eins og ríkisstjórnin framkvæmdi hana og hins vegar eru í frv. einstakar greinar sem að sjálfsögðu eru í fullu gildi hvað sem gengislækkuninni líður.

Fylgiskjal I.

Flokksráðsfundur Alþýðubandalagsins:

STJÓRNMÁLAÁLYKTUN

I.

Flokksráðsfundur Alþýðubandalagsins lýsir fullum stuðningi við baráttu verkalýðshreyfingarinnar og fagnar glæsilegu framlagi opinberra starfsmanna í nýafstöðnu verkfalli. Það sýndi, svo ekki verður um villst, að eigi verkalýðshreyfingin að ná árangri í kjarabaráttu verður hún að treysta á mátt og þátttöku fjöldans.

Nú þegar hlýtur að hefjast undirbúningur að baráttu fyrir næstu kjarasamninga með þeim hætti að verkalýðshreyfingin í heild leggi saman afl sitt. Undirbúa þarf málið á vinnustöðum og í verkalýðsfélögum svo að allir verði frá upphafi virkir við mótun kröfugerðar og baráttuaðferða.

Ríkisstjórnin er nú, í samvinnu við samtök atvinnurekenda, að ræða hvernig eigi að eyðileggja árangur kjarasamninga á sem stystum tíma. Slík aðför að launafólki má ekki takast. Þess vegna verður verkalýðshreyfingin strax að taka á móti árásum ríkisstjórnarinnar af fullri hörku, m. a. með upplýsingum og áróðri. Reynslan af verkföllunum í haust sýnir hvað það er brýnt að barátta launafólks á faglegum vettvangi sé á jákvæðan hátt tengd kröfum um pólitíska forustu og stefnumörkun.

II.

Flokksráðsfundurinn vekur athygli á þeirri staðreynd að enn skipa konur lægstu launaflokkana. Nýgerðir kjarasamningar og almenn þátttaka kvenna í verkfalli BSRB breyttu þar engu um. Launamisrétti hefur á engan hátt minnkað. Yfirborganir, duldar greiðslur og önnur fríðindi standa konum ekki til boða. Langt er frá því að daglaun mikils hluta launafólks dugi til framfærslu og konur, sem búa við tvöfalt vinnuálag vegna umönnunar barna, eiga óhægt með að taka þátt í þeirri yfirvinnuþrælkun, sem hér er landlæg, til að bæta tekjur sínar.

Mikill hluti kvenna vinnur í tímamældri ákvæðisvinnu, en sú vinna einkennist af einhæfni, miklum vinnuhraða, þrúgandi vinnutilhögun og veldur ótímabæru sliti. Brýnt er að bæta starfsskilyrði og hækka laun í þessum störfum.

Flokksráðsfundur Alþýðubandalagsins 1984 lýsir stuðningi við Samtök kvenna á vinnumarkaðinum og hvetur konur til að taka þátt í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Jafnframt skorar flokksráðsfundurinn á BSRB að nýta sérkjarasamninga sína til að fá fram verðugt mat á störfum kvenna.

Sósíalistar, karlar og konur, hljóta að berjast gegn því misrétti sem konur eru beittar á vinnumarkaðinum og vanmati á störfum þeirra, hvort heldur er í framleiðslu- eða þjónustugreinum. Sú barátta er ekki einkamál kvenna.

III.

Þegar í stað verður að grípa til aðgerða sem tryggja að eðlilegt jafnvægi haldist í byggð landsins. Leysa þarf þau vandamál sem blasa við í sjávarútvegi og landbúnaði og komast þannig hjá yfirvofandi hruni í atvinnulífi landsbyggðarinnar af völdum rekstrarstöðvunar í þessum greinum. Hefja verður undirbúning að fjölþættu átaki sem tryggi landsbyggðinni á ný eðlilega vaxtarmöguleika. Til þess að svo megi verða er m. a. þetta nauðsynlegt:

1. Að landsbyggðin haldi eftir auknum hluta þeirra verðmæta sem þar eru sköpuð.
2. Að stóraukið fjármagn verði veitt til uppbyggingar í nýjum atvinnugreinum, svo sem

nýiðnaði hvers konar, fiskeldi o. fl., og til frekari úrvinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða. Á móti verði snarlega dregið úr fjárfestingu og óþarfa eyðslu í verslunar- og bankastarfsemi og öðrum skyldum greinum sem skapa takmörkuð verðmæti og afla ekki gjaldeyris með fjárfestingum sínum.

3. Að tekin verði upp gerbreytt stefna í dreifingu þjónustustarfsemi. Stofnunum og núverandi starfsemi hins opinbera verði dreift skipulega um landið. Enn fremur verði tryggt að vöxtur á þessu sviði komi landsbyggðinni fyrst og fremst til góða.

4. Að sjómönnum og bændum verði tryggð jafnari og betri kjör og komið í veg fyrir sífellda kjararýrnun innan þessara greina.

IV.

Í samningum ríkisstjórnarinnar við Alusuisse er raforkuverð áfram undir framleiðslukostnaði svo að Íslendingar þurfa enn að greiða stórfellda fjármuni með raforkunni handa auðhringnum. Skattamál fyrirtækisins eru aðskilin frá raforkuverðinu, en í síðustu samningum við fyrirtækið tapaðist allt það í skattalækkun til ríkisins sem vannst fyrir Landsvirkjun í raforkuverðinu.

Fordæma ber að ríkisstjórnin skuli ekki hafa látið reyna á dómsniðurstöðu fyrir gerðardómi. Í stað þess er auðhringnum veitt allsherjarsyndaaflausn fyrir 100 milljónir króna sem aldrei verða þó til nema á pappírnum vegna ákvæða um bakreikning Alusuisse.

Flokksráðsfundurinn bendir á að það, sem þó hefur náðst fram í þessum samningum í raforkuverði, hefur fengist fyrir málatilbúnað Alþýðubandalagsins meðan Hjörleifur Guttormsson fór með iðnaðarráðuneytið, og þrátt fyrir vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar sem spillti sterkri samningsstöðu íslensku þjóðarinnar.

Álmálið allt sýnir hver hætta er búin smáþjóð í skiptum við erlenda auðhringa. Reynslan kennir að auðhringurinn eignast ítök í stjórnmálaflokkum, stjórnmálamönnum og voldugum fjölmiðlum sem hafa tekið málstað auðhringsins gegn íslensku þjóðinni.

Flokksráðsfundurinn fagnar því að andstaðan við álsamninginn er nú víðtækari en áður. Tveir þingflokkar — auk Alþýðubandalagsins — hafa þegar lýst andstöðu við viðbótarsamninginn sem nú liggur fyrir Alþingi.

V.

Flokksráðsfundurinn áréttar að jafnrétti til náms er einn af hornsteinum lýðræðisins. Sú leið, sem m. a. hefur verið farin til þess að tryggja þetta jafnrétti, er um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Með niðurskurði fjárveitinga til Lánasjóðsins nú er sú stefna hins vegar mörkuð að framhaldsmenntun skuli einungis verða á færi hinna efnameiri. Þessi niðurskurðarstefna er hættuleg og mun Alþýðubandalagið berjast af alefli gegn þeim miðaldahugsunarhætti sem í þessum aðgerðum birtist.

VI.

Flokksráðsfundurinn mótmælir þeim feluleik sem ríkisstjórn Íslands stundar í radarstöðvamálinu svonefnda. Það er mikil tímaskekkja að stefna að auknum vígbúnaði á tímum friðarumræðu og vaxandi hættu á gereyðingarstríði. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eru ólýðræðisleg enda eiga fyrirhugaðar radarstöðvar formælendur fáa á Vestfjörðum og Norðausturlandi.

Það er skylda Alþýðubandalagsins að beita sér fyrir pólitískri samstöðu allra andstæðinga radarstöðvanna á grundvelli lýðræðislegrar þjóðfrelsis- og friðarumræðu.

VII.

Flokksráðsfundurinn fordæmir sífelldar tilraunir risaveldanna til að beita hervaldi í því skyni að hafa áhrif á stjórnarfarið í öðrum ríkjum. Innrás Sovétríkjanna í Afghanistan,

innrás Bandaríkjanna í Grenada og sífelldur yfirgangur, sem þessi ríki sýna minna megandi nágrönnum sínum, eru dæmi um það að sjálfstæði smáþjóða er stöðug hætta búin af herjum risaveldanna.

Flokksráðsfundurinn telur að Sovétríkin eigi þegar í stað að halda brott með her sinn frá Afghanistan og fordæmir tilraunir valdastéttarinnar í Bandaríkjunum til að koma löglegri og rétt kjörinni ríkisstjórn verkafólks og bænda í Nicaragua frá völdum.

Hernaðarstefna risaveldanna sýnir að Íslendingum er lífsnauðsyn að skipa sér í sveit óháðra ríkja sem ekki leyfa erlendar herstöðvar. Með brottför bandarískra hersins og úrsögn úr Nató mundu Íslendingar stíga mikilvægt skref í þágu friðar og sjálfstæðis þjóða.

VIII.

1. Alþýðubandalagið vill styrkja lýðræði og almenna virkni innan verkalýðshreyfingarinnar. Verkfall BSRB sýndi hvernig verkalýðshreyfing, sem treystir á fjöldamáttinn og almenna þátttöku, getur náð árangri.

2. Alþýðubandalagið berst fyrir efnahagsstefnu sem byggist á hagsmunum launafólks og annarrar vinnandi alþýðu:

a. Við viljum að fjárfesting verði undir virku samfélagslegu eftirliti og stjórn með það fyrir augum að koma í veg fyrir ranga fjárfestingu.
b. Við viljum vernda kaupmátt launa með því að færa aftur fé frá milliliðum til launafólks og lífeyrisþega.
c. Við leggjum áherslu á að undirstaða allra framfara í landinu er öflugt menntakerfi sem tekur mið af menningarlegum þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Við mótmælum því þeirri aðför að menntun og menningu sem átt hefur sér stað í tíð núverandi ríkisstjórnar.
d. Við viljum gera áætlanir um nýskipun atvinnulífs með þátttöku fólksins í einstökum atvinnugreinum og byggðarlögum, sem miða að því að tryggja atvinnu handa öllum.
e. Við viljum vernda og auka samneysluna í landinu.

3. Alþýðusambandið berst fyrir auknu lýðræði í samfélaginu, með betra upplýsingastreymi til almennings, með eftirliti og stjórn starfsmanna í fyrirtækjum og með því að helstu embættismenn gegni störfum aðeins í ákveðinn tíma og æviráðningar verði afnumdar.

4. Alþýðubandalagið stefnir að því að til valda komist ríkisstjórn sem getur framkvæmt þessa stefnu. Slík ríkisstjórn yrði stjórn launafólks. Hún mundi ráðast gegn því stirða stjórnkerfisbákni sem liggur eins og mara á þjóðfélaginu.

IX.

Atburðir síðustu mánaða sýna að Íslendingar eiga nú um tvær leiðir að velja. Annars vegar er að halda áfram á braut kjaraskerðingar og markaðskreddu sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur markað. Hins vegar sú leið sem felst í hugsjónum jafnréttis, lýðræðis, manngildis og félagslegs réttlætis. Á þeirri braut fengi fólkið sjálft forgang fram yfir fjármagnið.

Um þessar mundir eru í stjórnarandstöðu fjórir flokkar sem á einn eða annan hátt benda á úrlausnir í anda félagslegra sjónarmiða. Þeir hafa þó enn ekki náð nægilega saman til þess að krefjast forustu á sviði landsstjórnar. Sundurþykkja og skortur á afdráttarlausri stefnumörkun innan samtaka launafólks hindra að verkalýðshreyfingin geti með nógu virkum hætti boðið atvinnurekendavaldinu byrginn.

Brýnasta viðfangsefnið á næstu mánuðum er að efla á margvíslegan hátt samstöðu allra þeirra sem hafna leið ríkisstjórnarinnar. Í þessu skyni mun Alþýðubandalagið leggja megináherslu á sex stefnuatriði:

1. Kaupmáttur nýgerðra kjarasamninga verði varinn. Komið verði í veg fyrir niðurskurð á þeirri félagslegu þjónustu sem stuðlar að jöfnum rétti allra án tillits til efnahags.

2. Lagður verði grundvöllur að nýrri og réttlátari tekjuskiptingu í íslensku þjóðfélagi. Fjármagn verði fært frá stóreignamönnum og milliliðum til framleiðslugreina og launafólks. Leitað verði samkomulags á vinnumarkaði um jafnlaunastefnu og skattkerfinu breytt á þann veg að fyrirtæki og fjármagnseigendur beri sinn réttmæta skerf.

3. Ný sókn í atvinnumálum verði hornsteinn fjárfestingar. Hugvit, þekking og reynsla, sem hafa mótast við íslenskar aðstæður, verði uppistaðan í útflutningi á þjónustu, hönnun, tæknigetu og fullunnum afurðum. Framtíðarþróun í hátækni, fiskeldi og margvíslegum nýiðnaði opnar Íslendingum nýja möguleika. Jafnhliða verður með skipulagsbreytingum og endurbótum að efla eldri atvinnugreinar svo að þær geti mætt vaxandi samkeppni á útflutningsmörkuðunum.

4. Nýtt stórátak verði gert í menntunar- og menningarmálum þar sem höfuðáherslan verði lögð á jöfnuð í víðtækasta skilningi.

5. Aukið lýðræði og valddreifing móti ákvarðanir á öllum sviðum. Starfsemi ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og verkalýðsfélaga verði breytt í þessu skyni. Tryggja verður að allir, sem ákvarðanirnar snerta, eigi kost á að taka þátt í mótun þeirra.

6. Ísland verði ekki vettvangur aukins vígbúnaðar og komið verði í veg fyrir að hér hlaðist upp sífellt fleiri tæki sem tengjast hernaðarkapphlaupi risaveldanna. Við eigum að gerast virkir boðberar afvopnunar og hafna þátttöku í framkvæmd nýrra vígbúnaðaráætlana. Ísland leggi sitt lóð á vogarskálarnar til þess að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og styrkja alla viðleitni til afvopnunar.

Frá Íslandi heyrist rödd friðarins á alþjóðavettvangi.

Þessi sex stefnumál eru ásamt mörgum öðrum málefnum kjarninn í þeirri nýju landsmálastefnu sem allt félagshyggjufólk og jafnréttissinnar eiga að geta sameinast um.

Alþýðubandalagið fagnar þeim áhuga sem víða hefur komið fram á því að ræddar séu ýmsar aðferðir til að koma á samstöðu um nýtt landsstjórnarafl sem gæti komið í stað núverandi ríkisstjórnar.

Alþýðubandalagið mun beita sér fyrir því að umræður um leiðir að hinum sameiginlegu markmiðum fari fram á vinnustöðum og í samtökum launafólks svo að öllum almenningi gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Alþýðubandalagið mun einnig leita eftir viðræðum við Alþýðuflokkinn, Bandalag jafnaðarmanna og Samtök um kvennalista og aðra aðila, hópa og einstaklinga utan þings og innan um þetta viðfangsefni, m. a. við þá sem áður hafa verið tengdir stjórnarflokkunum.

Þessar viðræður yrðu allar opnar og jafnóðum skýrt opinberlega frá því sem þar kæmi fram.

Íslendingar standa nú á tímamótum. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að þjóðin beri gæfu til að velja rétta leið — leið lýðræðis og jafnréttis, friðar og manngildis.

Fylgiskjal II.

DÓMUR SEÐLABANKANS

Nýlega kom út októberheftið af Hagtölum mánaðarins. Þar er að finna grein um „Þróun utanríkisviðskipta og gjaldeyrismála 1984“ og hún segir margt í fáum orðum um aðeins einn þátt stjórnarstefnunnar. Þar segir meðal annars:

„Þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar á fyrri helmingi ársins 1984 varð í **heild mun óhagstæðari en á sama tímabili árið áður.** *Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um* **8,5%** *á móti* **23%** *aukningu á vöruinnflutningi. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist vera 694 millj. kr., en á sama tímabili árið áður var vöruskiptajöfnuðurinn* **hagstæður** *um 619 millj. kr. reiknað á gengi janúar—júní 1984.“*

Þá segir:

„Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 1897 millj. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 536 millj. kr. lakari útkoma en á sama tímabili árið áður.“

Og síðan:

„Viðskiptajöfnuður reyndist ... óhagstæður um 2591 millj. kr. á tímabilinu janúar—júní 1984 sem er 17% af útflutningstekjum og er það mun lakari útkoma en áætlað hafði verið. Á sama tímabili árið áður nam hallinn á viðskiptajöfnuði 742 millj. kr. eða 5,2% af útflutningstekjum.“


Og loks:

„Í nýlega endurskoðaðri þjóðhagsspá er nú með hliðsjón af þróuninni á fyrri helmingi ársins spáð að viðskiptahallinn á árinu 1984 verði 3500 millj. kr. og svarar það til um 10% af áætluðum útflutningstekjum og rúmlega 5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þarf útkoman á síðari hluta ársins að verða tiltölulega hagstæð til þess að hallinn verði ekki enn alvarlegri.“


Fróðlegt er að lokum að sjá einkunnina um erlendar skuldir, en þar segir:

„... Áætlað er ... að ... lánastaðan í árslok 1984 *verði um 41 400 millj. kr.* af áætluðu *meðalgengi ársins, en það jafngildir um 61,5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu.“*

Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.



Gengisfellingin

Sérstaklega ámælisverð

Miðstjórn ASÍ: Á ábyrgð stjórnarinnar að tryggja kaupmátt samninganna. Gengisfellingin leysir ekki vanda undirstöðugreinanna

Í samþykkt á fundi í gær fordæmdi miðstjórn ASÍ málflutning sem hafður er í frammi af forsvarsmönnum gengisfellingar, sem setja samasemmerki á milli gengisfellingar og leiðréttingar á launakjörum verkafólks.

Í ályktuninni segir einnig: „Ríkisstjórnin hefur nú með gengislækkun ákveðið með einu pennastriki að skerða verulega þá kjarasamninga sem undirritaðir voru fyrir 2 vikum síðan. Gengislækkunin er varin með því að nauðsynlegt sé að „endurreisa þau rekstrarskilyrði sem atvinnuvegunum voru búin fyrir launahækkanir". Það eru launafólki nokkur tíðindi að launahækkun sem ekki er komin til útborgunar kalli á gengisfellingu. Það sætir líka nokkurri furðu, að 12-13% launahækkun hefur á skömmum tíma verið svarað með 16-17 prósent hækkun á verði gjaldeyris".

Síðan er í ályktuninni fjallað um skattalækkunarleiðina svonefndu sem hefði getað leitt til kjarabóta án þess að illa stæð fyrirtæki í sjávarútvegi tækju á sig verulegar launahækkanir. Þessari leið hafi hins vegar ríkisstjórnin sjálf hafnað og gengið til samninga á öðrum grundvelli sem lögðu línur fyrir heildina. „Það hlýtur því að vera á hennar ábyrgð að tryggja kaupmátt þeirra. Í ljósi þessa hlýtur sú ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að fella gengi með þeim hætti sem nú hefur verið gert að teljast sérstaklega ámælisverð".

Síðan bendir miðstjórn ASÍ á að vandi undirstöðuatvinnuveganna leysist ekki með gengisfellingu, og misvægi milli atvinnugreina muni áfram aukast. Sumar þeirra blómstri, meðan undirstöðugrein á borð við sjávarútveg á í vök að verjast.

– ÖS

Gengisfellingin

Alvarleg árás

Kristján Thorlacius, BSRB: Fjórðungur kauphækkunarinnar þegar farinn

Það er auðséð að með þessari gengisfellingu er verið að reyna að keyra samtök launafólks niður og að mínu mati er hér um að ræða alvarlegustu árásina á launafólk sem gerð hefur verið um langt skeið, sagði Kristján Thorlacius formaður BSRB er Þjóðviljinn innti hann álits á gengisfellingu ríkisstjórnarinnar.

Kristján sagði að hagfræðingar reiknuðu með að þessi eina aðgerð þýddi að fjórðungur allrar kauphækkunarinnar sem um var samið í síðustu kjarasamningum væri frá fólki tekinn. „Ríkisstjórnin treystir greinilega á það að launamenn nái ekki saman í órofa andspyrnu gegn þessu gerræði", sagði Kristján ennfremur. „Ef launamönnum tekst ekki að brjóta þessa árás ríkisvaldsins á bak aftur eru þeir dæmdir til að búa við smánarkjör um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er því meiri þörf á almennri samstöðu nú en nokkru sinni", sagði Kristján Thorlacius að lokum.

– v.

(Úr Þjóðviljanum 21. nóv. 1984, bls. 3.)


Fylgiskjal VI.

VERÐBÆTUR OG KAUPTRYGGINGAR

	Steingrímslög:	Ólafslög:
1. júní 1983	8,0%	22,0%
1. september 1983	0,0%	19,5%
1. október 1983	4,0%	0,0%
1. desember 1983	0,0%	5,5%
Alls	12,32%	53,81%

Fylgiskjal VII.

HVAÐ HEFUR GERST?
HVERT ER STEFNT?




Tekjulægsta fólkið ver eðlilega mestum hluta tekna sinna til matvörukaupa. Einmitt þetta fólk hefur orðið að þola mun meiri verðlagshækkanir en fram koma í vísitölunni í heild.

Á einu ári frá 1. ágúst 1983 til 1. ágúst 1984 hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um tæp 19%, en á sama tímabili hækkuðu matvörur í heild um 23%. Verðhækkanir á kjöti og mjólkurvörum námu á þessu tímabili yfirleitt 30-35%. Kauptaxtar ASÍ félaga hafa á sama tímabili hækkað um 13.3% að meðaltali.

Þótt úr verðhækkunum dragi, er ljóst að meðan launin halda ekki í við verðlagið hlýtur kaupmáttur að lækka.

Nú segist ríkisstjórnin ætla að "hafa samráð" við samtök launafólks um framlengingu á banni við greiðslu verðbóta á laun !!!

LAUN VERÐA AÐ HÆKKA. HEIMILIN Í LANDINU ÞOLA EKKI ÁFRAMHALDANDI HALLAREKSTUR.



A síðustu tveimur árum eða frá 1. ágúst 1982 til 1. ágúst 1984 hefur framfærslukostnaður hækkað um 141% og ýmsar nauðsynjar mun meira. Hins vegar hafa kauptaxtar félaga innan ASÍ á þessu tímabili einungis hækkað um 67%. Um þessar mundir vantar 37% á að kaupmáttur sé sá sami og á árinu 1982. Kaupmáttur hefur með markvissum hætti verið keyrður niður. Verðlagning hefur á flestum sviðum verið gefin frjáls þannig að kostnaðarhækkanir velta hindrundarlaust út í verðlagið.

Afleiðingar þessarar stefnu birtast okkur í hríðversnandi afkomu heimilanna. Einhverjir bjarga sér um sinn með aukinni vinnu, þar sem hana er að hafa og yfirborganir hafa aukist í sumum greinum, en ÞORRI LAUNAFÓLKS ER AÐ KIKNA UNDAN ÞESSARI STEFNU MISRÉTTIS OG ÓJAFNAÐAR.

SKATTAR

Á árinu 1984 er skattbyrði einstaklinga vegna beinna skatta að meðaltali áætluð 13.0% af tekjum. Er þá tekið tillit til þeirra tilfærslna sem verkalýðshreyfingin samdi um á sl. vetri, og taldar eru lækka skattbyrði um 0.7%. Í fyrra reyndist skattbyrðin 12.2% eða 0.8% lægri en í ár. Þessi aukna skattbyrði samsvarar 360 milljónum króna.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir 600-700 milljón króna lækkun tekjuskatts. Þessari lækkun á hins vegar að mæta með hækkun á neysluskattum, en ekki með sparnaði og aðhaldi hjá hinu opinbera. Athygli vekur líka að í samkomulaginu er ekki minnst á hert skattaeftirlit.

Verkalýðshreyfingin hefur ávallt verið reiðubúin til þess að meta skattalækkun til jafns við hækkun launa. Forsenda þessa er að skattalækkunin sé ekki á kostnað félagslegrar þjónustu og verði ekki aftur tekin með verðhækkun á nauðsynjum.

SKATTBYRÐI EINSTAKLINGA
1983 og 1984

1983	12.2%
1984	13.0%




Í hálft annað ár hefur ríkisstjórnin sagt launafólki að herða sultarólina. Á sama tíma hafa atvinnurekendum verið færðar fúlgur fjár með skattfrelsi hagnaðar sem ráðstafað er til fjárfestingar, rýmkun reglna um afskriftir o.fl.

Stjórnarflokkarnir hafa kynnt nýtt samkomulag. Margt er þar óljóst um einstaka málaflokka. Greinilega kemur þó fram, og reyndar staðfest af formönnum flokkanna, að ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að auka þurfi kjaraskerðinguna. Á árinu 1985 ætlar ríkisstjórnin að halda áfram á sömu braut og áður.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna er miðað við eftirfarandi forsendur varðandi laun, gengi og verðlagsþróun:

- Gengi verði ekki breytt nema um 5% á árinu 1985.
- Kauptaxtar verði um 5% hærri á næsta ári en í lok yfirstandandi árs.
- Verðbólga verði ekki yfir 10% í árslok 1985.

Vandasamt er að áætla hvað framangreindar forsendur fela í sér varðandi kaupmátt, en naumast er fjarri lagi að ætla að þær gætu falið í sér 2-5% lækkun kaupmáttar kauptaxta á næsta ári.




Virðisaukaskattur er skattur á neyslu sem stjórnvöld ætla að koma á í stað söluskatts í ársbyrjun 1986. Í dag greiða fyrirtæki söluskatt þegar þau kaupa húsgögn, vörubíla og margt annað sem þau þurfa til rekstrar, en nýja kerfið gerir ráð fyrir því að fyrirtækin almennt losni undan slíkum greiðslum með endurgreiðslu virðisaukaskatts af því sem þau kaupa. Með þessu er komist hjá tvísköttun, því söluskattur leggst í dag ofan á söluskatt sem greiddur er á kostnaðarliði fyrirtækja. Jafnframt léttist heildarskattbyrði fyrirtækja og til að halda óbreyttum tekjum ríkissjóðs, yrði virðisaukaskattprósentan að vera hærri.

Stjórnvöld ætla hins vegar ekki að hækka skattprósentuna, þau vilja vinna skattfrelsi fyrirtækjanna upp með því að leggja virðisaukaskatt á þær nauðsynjar sem nú eru undanþegnar söluskatti. Ýmsar nauðsynjar myndu þannig hækka sem söluskattinum nemur svo sem allar matvörur og um helmingur byggingarkostnaðar. Virðisaukaskattur yrði á þann hátt þung byrði á lágtekjufólki.

Virðisaukaskattur hefur kosti og galla. Helsti kosturinn er að komist verður hjá tvísköttun. Gallarnir felast í því að honum er ætlað að leggjast á flesta þætti neyslunnar, líka brýnustu nauðsynjar. Þá er skatturinn dýr í framkvæmd, m.a. vegna þess að innheimtuaðilum fjölgar um meira en helming.


Matvörur skulu hækka um 19% samkvæmt áformum stjórnvalda um virðisaukaskatt.




Á sama tíma og launþegar sýna bifund og þolinmæði og sætta sig við nær ósýnilegar kauphækkanir hækka lyf sem mörgum eru lífsnauðsynleg um meira en 100% eða úr 50 kr. í 120 kr. ef um innlend sérlyf er að ræða og úr 100 kr. í 240 kr. ef lyfin eru erlend.

Þjónusta sérfræðinga hefur hækkað um nær 200%, eða úr 100 kr. í 270 kr. Það sama gildir um rannsókn á rannsóknarstofu. Hvers eiga þeir að gjalda sem haldnir eru t.d. langvinnum sjúkdómum og þurfa stöðugt á aðstoð sérfræðinga að halda? Eða allir þeir sem stöðugt þurfa að nota lyf? Er heilbrigðisþjónustan að verða þjónusta fyrir þá hæstlaunuðu meðan hinir sem úr minnu hafa að spila fara ekki til læknis nema í ítrustu neyð.

Hvað er þá orðið úr háleitum markmiðum heilbrigðislaganna um að "allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á....."? Kannski ætti að bæta við lagagreinina "ef þeir hafa efni á því."



Sjá ennfremur rammagrein á baksíðu.



A síðasta ári var boðskapur stjórnvalda til launafólks, að framundan væru tímabundnir erfiðleikar sem sigrast yrði á. Ef ná ætti tökum á verðbólgunni yrðu launamenn að færa tímabundnar fórnir. Í kjölfar hjöðnunar verðbólgu myndu fylgja kjarabætur.

Þær staðreyndir sem við blasa eru hins vegar þessar:

- Kaupmáttur launa hefur hrapað um 30-40%.
- Stjórnvöld boða enn aukna kjaraskerðingu á næsta ári.


Hvað hefur gerst? Hvert stefnir ríkisstjórnin með nýgerðu samkomulagi stjórnarflokkanna?

Þrátt fyrir bann stjórnvalda við greiðslu verðbóta á laun, hefur lánskjaravísitala staðið óskert. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin nú að stærstum hluta gefið vexti frjálsa. Þetta frelsi hefur þegar sýnt sig í reynd: Vextir hafa hækkað svo mjög að þeir eru hérlendis með því hæsta sem gerist. Þá hafa áhrif vaxtahækkunar á aukningu sparnaðar engin orðið. Þvert á móti hafa bankar nýlega þurft að takmarka útlán umfram það sem áður var.

Öllu hugsandi fólki er ljóst að vextir sem skila 7-10% arði án þess að höfuðstóll skerðist eru alltof háir. Einstaklingar geta ekki borið þessa vexti og á slíkum forsendum getur vart orðið um mikla nýsköpun að ræða í atvinnulífi.

- Veistu að höfuðstóll tvöfaldast á 10 árum með 7% ársvöxtum.
- Veistu að skattfrjálsar vaxtatekjur þess sem á 1500 þúsund krónur eru hærri en lágmarkslaun verkafólks sem stritar 8 tíma á dag árið um kring.

HÆKKUN LAUNA OG LANSKJARAVISITÖLU JÚNÍ '83 - ÁGÚST '84



VEXTI Á AÐ LÆKKA.

Frá 1. ágúst 1982 til 1. ágúst 1984 hækkuðu matvörur í vísitölu framfærslukostnaðar um 159%. Á sama tíma hækkuðu laun um 67%.

Í ágúst var matarreikningur vísitölufjölskyldunnar um 12.000 krónur á mánuði. Lægstu umsamdar tekjur í landinu eru 13.000 krónur. Af þessum tekjum getur enginn lifað, þær verða að hækka.

Hækkun matvöru umfram hækkun launa svarar til þess að sá sem var tvær vikur að vinna fyrir matarreikningnum í ágúst 1982 er nú þrjár vikur og hálfum degi betur að vinna fyrir sömu matvörum. Dýrtíðin tröllríður heimilunum sem verðbólgan gerði áður.

Ábyrgðarmaður: Ásmundur Stefánsson
Alþt. 1984. A. (107. löggjafarþing).

Fylgiskjal VIII.

SAMÞYKKT
þingsflokks og framkvæmdastjórnar Alþýðubandalagsins um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, 24. júlí 1984.

Framkvæmdastjórn og þingflokkur Alþýðubandalagsins gerðu eftirfarandi samþykkt á fundi sínum í gær:

Framkvæmdastjórn og þingflokkur Alþýðubandalagsins átelja harðlega þann seinagang og það úrræðaleysi sem einkenna tök ríkisstjórnarinnar á sjávarútvegsmálum. Mánuðum saman hefur blasað við stöðvun í þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna með hrikalegum afleiðingum fyrir lífskjör í þeim landshlutum, sem byggja mest á sjávarútvegi, og fyrir þjóðarbúið í heild.

Alþýðubandalagið telur að grípa verði strax til aðgerða og að eftirfarandi ráðstafanir eigi að gera til þess að koma í veg fyrir stöðvun í sjávarútveginum og þar með stórfellt atvinnuleysi:

1. Afurðalán verði hækkuð í það hlutfall birgða sem áður var.
2. Vextir af afurðalánum verði lækkaðir.
3. Lausaskuldum í sjávarútvegi verði breytt í lengri lán og tryggt að skuldbreytingin verði framkvæmd undanbragðalaust. Staðið verði við fyrirheit frá síðustu áramótum um skuldbreytingu og felldir niður dráttarvextir frá áramótum af þeim lánum sem átti að skuldbreyta þegar fiskverð var ákveðið.
4. Gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja útgerðinni olíu á lægra verði en nú er um að ræða. Meðal annars verði útvegsmönnum veittur möguleiki á því að kanna sérstaklega hvort unnt er að flytja inn ódýrari olíu en nú er til fiskiskipaflotans svo að tryggt verði að olía sé jafnan á bestu fáanlegum kjörum. Gera verður gangskör að því að spara olíu á fiskiskipaflotanum, enn frekar en gert hefur verið, og orku í fiskvinnslunni.
5. Orkuverð til fiskvinnslunnar verði endurskoðað. Fiskvinnslan — íslenska stóriðjan — greiðir nú tíu til tólf sinnum hærra verð fyrir orkuna en erlenda stóriðjan.
6. Gagngert verði unnið að því að tryggja ódýrari þjónustu við sjávarútveginn en nú er um að ræða. Verði sérstaklega tekið á bönkum, olíufélögum og skipafélögum í þessu sambandi sem græða nú hundruð milljóna króna á ári. Ekki er vafi á því að uppistaðan í hagnaði þessara fyrirtækja er sótt í sjávarútveginn.
7. Ekki verði tekinn gengismunur af skreiðarbirgðum og endurgreiddur sá gengismunur sem tekinn hefur verið af skreið að undanförnu.

Með þeim aðgerðum, sem hér hefur verið lýst, væri komið í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins á næstunni. Jafnframt þarf að gera skipulagsbreytingar í sjávarútveginum sem skapa forsendur fyrir mannsæmandi lífskjör verkafólks og sjómanna sem hafa orðið fyrir sérstökum árásum á kaup sitt og kjör. Á sama tíma og sjávarútvegurinn stendur verr en nokkru sinni fyrr blasa hvarvetna við upplýsingar um aukinn gróða þjónustuaðila og milliliða. Innflutningsverslunin valsar með fjármagn — einnig erlent lánsfé — í stórum stíl en sjávarútvegurinn mætir afgangi. Í stað þess að taka á vandamálum framleiðslunnar virðast ráðherrar leggja megináherslu á að snúast í kringum fulltrúa erlendra auðfélaga. Alvarlegt er einnig að ríkisstjórnin virðist ætla að láta markaðskreddur ráða ferðinni með þeim afleiðingum að atvinnuleysi í heilu landshlutunum verði niðurstaðan innan nokkurra vikna ef svo heldur fram sem horfir. Alþýðubandalagið telur að ekki eigi að láta köld

markaðslögmálin ráða úrslitum um atvinnuþróunina, heldur beri að mæta framleiðslusamdrætti og fjármagnskostnaði sjávarútvegsins á skipulegan hátt á grundvelli félagslegra sjónarmiða.

Alþýðubandalagið telur enn fremur að hefja eigi þegar undirbúning að endurskoðun á kvótakerfinu sem ákveðið var á Alþingi s. l. vetur.

Fylgiskjal IX.

HVATNING TIL LAUNAFÓLKS
frá miðstjórn Alþýðubandalagsins.

Miðstjórn Alþýðubandalagsins hvetur til órofa samstöðu launafólks í baráttu fyrir mannsæmandi kjörum og gegn afleiðingum stjórnarstefnunnar.

Kaupmáttur launa er nú lægri en nokkru sinni í 30 ár. Stórfelldir fjármunir hafa verið fluttir frá launafólki til milliliða. Undirstöðuatvinnugreinum er nú boðið að greiða okurvexti. Með ákvörðun um vaxtahækkun hækkaði ríkisstjórnin tilkostnað atvinnuveganna, — og vert er að benda á að töluverð launahækkun hefði ekki aukið kostnað fyrirtækjanna meira en vaxtahækkunin gerði. Ríkisstjórnin valdi vaxtahækkun í stað þess að gefa aukið svigrúm til launahækkana. Þannig undirstrikar ríkisstjórnin þá stefnu sína að meta fjármagnið meira en hagsmuni vinnandi fólks.

Það er unnt að hækka kaupið. Það sýna tölur um gróða stórfyrirtækja á síðasta ári svo að nemur hundruðum milljóna króna. Fjöldi atvinnurekenda hefur viðurkennt nauðsyn kauphækkana með yfirborgunum sem færst hafa í vöxt að undanförnu. Reynt er að nota vanda sjávarútvegsins til að halda launum niðri, en vitaskuld er unnt að hækka laun þar eins og annars staðar með því að létta af sjávarútveginum okurgjöldum banka og skipafélaga, svo dæmi séu nefnd.

Barátta launafólksins beinist ekki einasta að kauphækkunum. Barátta þess beinist nú einnig í vaxandi mæli gegn afleiðingum stjórnarstefnunnar sem koma fram á öðrum sviðum, meðal annars þar sem þrengt er að skólum landsins með margvíslegum og tillitslausum niðurskurði á útgjöldum til skólamála. Aldraðir, öryrkjar og barnafjölskyldur hafa orðið fyrir þungum búsifjum af völdum stjórnarstefnunnar umfram aðra. Þetta kemur fram í því að lyf og læknishjálp hafa hækkað í verði um 140—200%. Húsnæðis- og orkukostnaðar er víða að sliga heimilin. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur á skömmum tíma gjörbreytt þjóðfélagsaðstæðum hér á landi.

Við þetta ástand má ekki lengur una. Samhliða nýsköpun í atvinnulífinu, sparnaði og skipulagsbreytingum gerum við kröfu til þess að skilað verði til baka fjármagni til launafólks og undirstöðuatvinnugreinanna og hlutur verkafólks, sjómanna og bænda leiðréttur.

Við skorum á launafólk að taka virkan þátt í baráttunni á komandi mánuðum, ella verður haldið áfram að þrengja að kjörum ykkar. Það er skylda okkar allra að tryggja víðtæka samstöðu um bætt kjör og mannúðlegt þjóðfélag, en aðeins með þátttöku fjöldans er unnt að ná árangri.

Fjármunir eru til í þjóðfélaginu og verðmætasköpunin er mikil. Það er unnt með samstöðu að knýja fram breytingu á þjóðfélaginu launafólki í vil; það þarf pólitískt afl og einbeittan vilja til þess að koma þeim breytingum í framkvæmd þannig að á Íslandi skapist forsendur fyrir þjóðfélag mannúðar, jafnréttis og lýðræðis í stað sundrungar, sérhyggju og valdboðs.

(Samþykkt á fundi miðstjórnar Alþýðubandalagsins á Akureyri 2. sept. 1984.)

Fylgiskjal X.

Samanburður á verðlagi í júlí 1983 og júlí 1984:

	Júlí '83	Júlí '84	Hækkun
Lambakjöt í heilum skrokkum verð pr. kg.	127.30	222.10	74,47%
Mjólk í eins líters umbúðum ..	16.45	22.30	35,80%
Kartöflur (erlendar) verð á 2,5 kg	47.55	66.00	38,80%
Heitt vatn, tonn	8.34	15.00	79,86%
Rafmagn kvst.	2.73	3.46	26,74%
Laun í 16. lfl. BSRB	16.319.00	18.177.00	11.39%

(Úr Ásgarði, tímariti opinberra starfsmanna.)

Fylgiskjal XI.

Þjónustuaðilar hafa stórgrætt

Á síðunum hér á undan hafa verið nefnd þrjú dæmi um fólk sem hefur fórnað til þess að ná verðbólgunni niður – í trausti þess að ávinningurinn yrði varanlegur og í trausti þess að allir væru að leggja eitthvað á sig. En það reyndist ekki vera **.....sumir** sleppa alveg og margir hafa beinlínis grætt meira en nokkru sinni fyrr á aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Nokkur dæmi um gróða 1983:

Eimskipafélag Íslands 219 milj. kr. (sambærileg tala 1982 var 42 milj.)

Hafskip 42 milj. kr. (7 milj. kr. 1982)

Skipadeild Sambandsins 35 milj. kr.

Landsbankinn 188 milj. kr. (42 milj. kr. 1982)

Búnaðarbankinn 72 milj. kr. (56 milj. kr. árið áður)

Útvegsbankinn 36 milj. kr. (12 milj. kr. árið áður)

Aðrir bankar 41 milj. kr.

Heildarhagnaður skipafélaganna 1983 er því um 300 milj. kr. og bankanna talsvert yfir 300 milj. kr. – fyrir utan Seðlabankann. Samtals viðskiptabankar og skipafélög **600 milj. kr.**

Þetta eru miklir peningar.

3333 verkamenn með 15 þúsund kr. laun á mánuði eru í heilt ár að vinna fyrir þessari upphæð.

Þarna eru peningarnir.

(Úr bæklingi Alþýðubandalagsins.)

Fylgiskjal XII.

Leiðari Tímans 25. nóvember 1979:

SLÁ GLISTRUP ÚT

Leifturstríð Sjálfstæðisflokksins gegn fólkinu er eitthvert óhugnanlegasta plagg sem lengi hefur sést í íslenskum stjórnmálum. Það er orðið ljóst af ummælum forustumanna Sjálfstæðisflokksins að þeir meina það sem í þessu plaggi segir, enda þótt góðviljaðir menn hafi í fyrstu ekki viljað trúa því að svo gæti verið.

Hafa menn almennt gert sér grein fyrir því hvað það er sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að kalla yfir þjóðina með „leifturstríði" sínu ef hann fær aðstöðu til þess?

Það er mjög mikilvægt að allur almenningur kynni sér vel hvað það er sem sjálfstæðismenn hyggjast fyrir ef þeir fá til þess völd eftir kosningar. Það er hvorki meira né minna en velfarnaður fólksins sem er í húfi.

Sumar hugmyndir þessara stríðsmanna eru svo fráleitar að fólk á sjálfsagt erfitt með að trúa sínum eigin augum og eyrum:

- Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að gefa allt verðlag frjálst í einu stökki, og það þrátt fyrir þá miklu verðbólgu sem hér er fyrir. Af þessu mun leiða ægilegustu óðaverðbólgu, miklu meiri og voðalegri en Íslendingar hafa nokkru sinni þurft að reyna.
- Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að skera niður félagsleg framlög og þar á meðal niðurgreiðslur, og þetta á að gerast sem liður í lækkun fjárlaga, en það jafngildir því að slík kjaraskerðing, næstum því 10%, verði bótalaus með öllu.
- Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, með eða án krata, ætlar ekki að gegna eðlilegu hlutverki ríkisvaldsins þegar kjaradeilur standa, heldur mun hún etja vinnuveitendum og launþegum saman í linnulaus átök.
- Sjálfstæðisflokkurinn telur það ekki hlutverk ríkisvaldsins að stuðla að byggðaþróun með framlögum til framkvæmda, að vernda atvinnuöryggi með virkri umbótastefnu eða að sporna gegn misskiptingu auðs með tekjustefnu og launaramma. Þvert á móti á að hefja samdrátt framkvæmda, hóta launþegum með atvinnuleysi og setja auðhyggjuna í fyrirrúm.
- Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki skynsamlega verðtryggingu launa á samningstímabili, heldur ætlar hann að afnema alla slíka tryggingu einhliða og án þess að ráðgast við launþegasamtökin.
- Sjálfstæðisflokkurinn sér engin ráð til bjargar í uppbyggingu íslensks atvinnulífs önnur en stóriðju og aftur stóriðju og það í eigu erlendra auðfélaga. Í því skyni að greiða fyrir leifturstríði erlends fjármagns á hendur íslensku framtaki vill flokkurinn að lántökur Íslendinga erlendis miðist við stóriðjuþarfir.
- Sjálfstæðisflokkurinn vill, og það í núverandi efnahagsástandi sem flokkurinn ber sjálfur mesta ábyrgð á með krötum, fá fram snarhækkun vaxta með því að sleppa öllum hömlum af ákvörðunum um lánakjör banka og annarra lánastofnana.

Leifturstríð Sjálfstæðisflokksins er ekki ábyrg stefna og þaðan af síður þjóðholl stefna. Sjálfstæðisflokkurinn er nú búinn að slá Glistrup hinn danska algerlega út í ofstækishugmyndum.

Sjálfstæðisflokkurinn boðar nú kreppu og geysilega skerðingu lífskjara ásamt hreinni verðbólgusprengingu. Enda þótt málsvarar flokksins tali síðan um glæsta daga eftir dúk og disk þá eru þau orð máttlaus. Þeir trúa þeim varla sjálfir.

Fylgiskjal XIII.

REGLUGERÐIRNAR SEM Á AÐ AFNEMA

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 25 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 50 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skulu vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 100 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 100 hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 100 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. a. s. kr. 50 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett saman með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 76/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfja-kostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 50 kr., en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 100 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. kr. 25 og kr. 50 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. október 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 78/1983 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal XIV.

ÁLYKTANIR AÐALFUNDAR SAMBANDS FISKVINNSLUSTÖÐVANNA 16. nóvember 1984.

I.

Aðalfundur Sambands fiskvinnslustöðvanna ítrekar fyrri kröfur sínar um að fiskvinnslan greiði ekki margfalt hærra raforkuverð en önnur stóriðja. Þrátt fyrir þá hækkun, er varð nýlega á raforkuverði til álversins í Straumsvík, greiðir fiskvinnslan enn u. þ. b. sex til tífalt hærra orkuverð en stóriðja á Íslandi og tvö og hálft til þrefalt hærra raforkuverð en í einu af okkar aðalsamkeppnislandi, Noregi.

II.

Aðalfundur Sambands fiskvinnslustöðvanna ítrekar mikilvægi þess að væntanleg gengisfelling krónunnar verði nýtt sem best til þess að rétta afkomu sjávarútvegsfyrirtækja sem rekin hafa verið með verulegu tapi á undanförnum mánuðum.

Í því sambandi mótmælir aðalfundurinn sérstaklega einhliða gengistryggingu allra afurðalána fiskvinnslunnar af hálfu bankanna. Mikið óréttlæti felst í því að fiskvinnslan skuli hafa verið þvinguð til þess að greiða háa vexti af ógengistryggðum afurðalánum meðan gengi krónunnar var nær stöðugt, en síðan skuli lánin allt í einu gengistryggð að fullu rétt fyrir gengisfellingu. Bendir aðalfundurinn á að afurðalán annarra atvinnugreina voru ekki gengistryggð með sama hætti.

Með núverandi skipan afurðalána og fullri gengistryggingu þeirra fá bankarnir 75% af gengishagnaði af birgðum fiskvinnslunnar en hún sjálf aðeins 25%.

Krafa aðalfundarins er að við væntanlega gengisfellingu hækki höfuðstóll afurðalánanna ekki í íslenskum krónum.

Fylgiskjal XV.

ÚTDRÁTTUR ÚR GJALDEYRISSÖLU OG KAUPUM BANKANNA

GJALDEYRISSALA:	SEPT.1984	SEPT.´83 UPPF. Á GENGI ´84
Dvalar-og ferðakostnaður	135.193.584,22	108.598.255,14
Verslunar-og viðskiptaferðir	82,495.122,27	32.000.252,56
Námskostnaður- og skólagjöld	37.504.733,66	30.134.263,15
Sjúkrakostnaður	6.329.489,90	3.391.422,88
Umboðslaun	2.858.495,33	3.749.842,08
Eignaryfirfærslur	11.437.689,28	4.911.048,30
Vinnulaun	2.119.195,50	4.201.467.12
	277.938.310,16	186.986.551,23

GJALDEYRISKAUP:		
Dvalar- og ferðakostnaður	111.287.221,97	74.179.974,38
Fríhöfnin	11.880.239,33	10.053.704,68
Ísl. markaður	8.531.109,82	9.410.851,49
Umboðslaun	47.952.436,08	37.583.693,80
Eignayfirf. og lífeyrisgr.	2.793.083,64	2.159.166,91
Vinnulaun og sérfræðiþjónusta	4.041.829,55	2.474.365,28
	186.485.920,39	135.861.756,54

JAN. - SEPT. 1984.

GJALDEYRISSALA:	JAN. - SEPT. 1984	JAN.- SEPT.'83 UPPF.Á GENGI'84
Dvalar- og ferðakostnaður	1.215.493.550,42	1.048.110.917,85
Verslunar- og viðskiptaferðir	461.521.013,63	236.701.592,41
Námskostnaður- og skólagjöld	333.748.400.35	269.613.510,34
Sjúkrakostnaður	49.660.424,06	66.717.160.49
Umboðslaun	106.960.749,20	43.813.421,11
Eignayfirfærslur	91.286.010,19	43.747.306,74
Vinnulaun	33.581.494,44	37.817.992,73
	1.992.251.642,29	1.746.521.901,67

GJALDEYRISKAUP:		
Dvalar- og ferðakostnaður	676.557.556,30	468.895.163,48
Fríhöfnin	79.538.794,66	62.660.341.27
Ísl. markaður	52.143.757,93	48.435.108,56
Umboðslaun	564.023.227,45	417.262.292,78
Eignayfirf. og lífeyrisgr.	152.190.987,79	35.832.207,76
Vinnulaun og sérfræðiþjónusta	46.723.968,79	40.028.952,55
	1.571.178.292,92	1.073.114.066,40

Fylgiskjal XVI.

Kjartan Ólafsson:

800 MILLJÓNIR Á ÁRI

Stjórnin hefur lækkað kaupið um 27%.

Samkvæmt útreikningum frá Þjóðhagsstofnun, dagsettum 24. sept. s. l., og formenn stjórnarflokkanna afhentu forustumönnum verkalýðssamtakanna á fundi þessara aðila fyrir fáum dögum, er kaupmáttur kauptaxta launafólks nú um *27% lakari að jafnaði en hann var að meðaltali á árinu 1982.* Er þó 3% launahækkunin 1. september, sem sumir fengu en aðrir ekki, talin með.

Með öðrum orðum: meira en fjórðu hverri krónu hefur verið rænt úr launaumslögunum. *Allt verður þetta kauprán að skrifast á reikning núverandi ríkisstjórnar því hennar fyrsta verk var að skerða launin um 10%* með því að banna með lögum greiðslu á umsömdum verðbótum á laun vegna verðhækkana sem urðu næstu mánuði áður en hún settist að völdum. *Ofan á þá skerðingu hefur framfærslukostnaður síðan hækkað um 47—48% frá maí 1983 samkvæmt mælingum Hagstofunnar, en launahækkanir þar á móti hafa hins vegar aðeins orðið 12,9 eða 16,3%,* eftir því hvort maður tekur 3% hækkunina 1. sept. s. l. með eða ekki.

Þetta er hrikaleg mynd sem æpir mitt í þögninni.

Þó er ekki öll sagan sögð, því miður. Hjá því fólki, sem vinnur í fiskvinnslunni, hafa álagsgreiðslur vegna bónusvinnu auk þess verið skertar verulega. Þannig verður tekjuskerðingin hjá fiskvinnslufólkinu enn tilfinnanlegri.

Og fóru verst með þá fátækustu.

Annað kemur líka til. Frá því í maí 1983 og til október 1984 hefur verðlag almennt hækkað um 47—48% samkvæmt opinberum mælingum, eins og áður sagði. *Matvæli hafa hins vegar hækkað mun meira. Þannig hafa algengustu landbúnaðarvörur, svo sem mjólk og mjólkurvörur, kjöt og kjötvörur, hækkað um hvorki meira né minna en full 75% á þessum tíma. Á móti hafa aðeins komið 13 til 16% launahækkanir.*

Er þetta hægt Matthías?

Það er ríkisstjórnin sem stendur fyrir þessum óheyrilegu hækkunum á landbúnaðarvörum, ekki síst með *afnámi á niðurgreiðslum samkvæmt kröfu Verslunarráðsins og þeirra sem vilja aleyða bændastéttinni. Ljóst er að hinar gífurlegu hækkanir á matvælum sérstaklega bitna harðast á þeim sem úr minnstu hafa að spila og verða því að eyða öllu eða nær öllum sínum tekjum í mat.*

Þannig birtist ójafnaðarstefna ríkisstjórnarinnar í kjaramálum.

Það sem áður fékkst fyrir 30 vinnustundir
kostar nú 40 til 50 vinnustundir.

En við höfum lækkað verðbólguna segja stjórnarherrarnir. Allir höfðu reyndar lengi vitað að auðvelt væri að sýna gervitölur um lækkandi verðbólgu með því að skerða lífskjör vinnandi fólks í landinu um 30% og drepa sjávarútveginn í leiðinni með falskri gengisskráningu og heimsmeti í vaxtaokri.

En er það ekki dýrtíð þegar vinnandi maður, sem fékk ákveðið magn af nauðsynjum fyrir 30 vinnustunda laun fyrir tveimur árum, þarf nú að vinna 40 stundir fyrir þessum sömu nauðsynjum og í 50 vinnustundir ef um matvæli er að ræða? Þannig er ástandið, nákvæmlega

þannig. Og svo ætlast stjórnarherrarnir til þess að þetta vinnandi fólk, sem svona hefur verið farið með, falli fram og þakki þeim alveg sérstaklega fyrir að hafa lækkað dýrtíðina!

Það skiptir launafólk ekki höfuðmáli hvaða tala stendur á peningaseðlunum, — þar má fjölga og fækka núllum að vild — hitt skiptir máli hversu lengi menn eru að vinna fyrir lífsnauðsynjum sínum.

6% minna til skipta en nær 30% kauplækkun.

Þeir Steingrímur Hermannsson og Þorsteinn Pálsson sendu frá sér boðskap á dögunum. Þar var *ekki* talað um kjarabætur á næsta ári. Nei, kaupmáttur launa á enn að lækka! Það er stefna ríkisstjórnarinnar og flokka hennar.

Skyldi þetta þá allt vera af því að þjóðartekjurnar hafi fallið svo mjög af óviðráðanlegum ástæðum? Svo er stundum að heyra á þeim í stjórnarráðinu.

En viti menn: Í plagginu, sem Steingrímur og Þorsteinn afhentu forustumönnum verkalýðssamtakanna á dögunum, stendur skýrum stöfum að Þjóðhagsstofnun geri nú ráð fyrir samtals *6% á tveimur árum. Út á 6% fall þjóðartekna skal kaupið lækkað varanlega um nær 30%. Það eru skömmtunarstjórar þetta sem kunna sitt fag — eða finnst mönnum það ekki?*

Og hér er máske rétt að taka fram, svo að menn hafi samanburðinn, að á árinu 1982 lækkuðu þjóðartekjur á mann um 2—3% samkvæmt sama plaggi frá Þjóðhagsstofnun, en þar kemur líka fram að það fall þjóðartekna voru menn búnir að taka út í kaupi strax á árinu 1982, því þá féll kaupmáttur launa um 2—3%, alveg eins og þjóðartekjurnar. Þá ætluðu hersveitir Sjálfstæðisflokksins hins vegar að ærast yfir því að Gunnar Thoroddsen væri að stela launum af fólkinu!

Framleiðslufyrirtækin mergsogin líka.

En nú skulum við staldra við því að það sem er allra alvarlegast í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hefur enn ekki verið nefnt. Og það er þetta: *Ekkert af þeim fjármunum, sem rænt hefur verið af launafólki, hefur fengið að stöðvast hjá framleiðsluatvinnuvegunum úti um landið. Þótt kaup sjómanna og fiskvinnslufólks hafi lækkað um 30% hefur ekkert af þessum gífurlegu fjármunum runnið til fyrirtækjanna sem fást við útgerð og fiskvinnslu og bera með sínu starfsfólki allt þjóðfélagið á herðum sér.* Það væri nú strax munur ef eitthvað af því sem hvarf úr launaumslögunum hefði fengið að stoppa á viðkomandi stöðum og ganga til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búa í haginn fyrir betri framtíð í þeim byggðarlögum sem bera framleiðsluna uppi. Svo var aldeilis ekki. *Þvert á móti hafa fyrirtækin í sjávarútvegi á sama tíma verið mergsogin og harðar að þeim þrengt en nokkru sinni fyrr. Eftir nær 30% kauplækkun eru þau mun verr sett en áður og liggur víða við stöðvun.*

Allir fjármunirnir voru dregnir „suður". Í eyðslugreinunum og í kringum neðanjarðarhagkerfið er þess vegna vart nokkurt það fyrirtæki finnanlegt sem ekki státar af margföldum gróða á þessari gullöld og gleðitíð sem „maðurinn með hattinn" — þessi sem fór til að leysa málin í Austurlöndum nær — hefur búið öllum þeim sem hann hefur velþóknun á. *Þeir sem mestar áttu eignirnar fyrir og rúmust höfðu fjárráðin þurfa ekki að kvarta. Þar fjölgar nú höfðunum ört á hverri skepnu, enda raunvextir hæstir í heimi!*

500 milljónir frá fólkinu og 300 milljónir frá fyrirtækjunum.

Og hvað skyldu svo Vestfirðingar hafa lagt til þessara samskota í þágu helstu auðmanna og auðfyrirtækja landsins.

Fullvinnandi fólk á Vestfjörðum er um 5000 manns. Ef við gerum ráð fyrir að meðaltekjur þessa fólks séu nú með mjög verulegri yfirvinnu um 25 000 krónur á mánuði eða 300 000 krónur á ári nemur kjararánið á hvern vinnandi mann í þessum hópi liðlega

100 000 krónum á ári, *eða a. m. k. 500 milljónum króna á ári frá vinnandi fólki á Vestfjörðum eingöngu.*

Og hvað skyldu svo atvinnufyrirtækin í sjávarútvegi á Vestfjörðum hafa þurft að leggja fram í þessi sömu samskot nú að undanförnu? *Samkvæmt upplýsingum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,* sem birtust í Morgunblaðinu um það leyti sem prentaraverkfallið skall á, hafa *frystihúsin* í landinu verið *rekin með 10% tapi* að jafnaði undanfarna mánuði. Samkvæmt sömu upplýsingum er þá *tapið hjá einu meðalfrystihúsi 20 milljónir króna á ári,* og er þá miðað við hús þar sem unnið er úr 4800 tonnum af þorski yfir árið og 1200 tonnum af ufsa. Samkvæmt sömu frétt í Morgunblaðinu er *tapið hjá togaraútgerðinni talið nema 10 milljónum króna á ári á togara með skuldabyrði í meðallagi,* og það þótt afli skipsins sé 6000 tonn á ári.

Séu þessar tölur lagðar til grundvallar og haft í huga að á Vestfjörðum eru starfrækt 13 frystihús og gerðir út 15 togarar lætur nærri að tapið hjá frystihúsunum og togaraútgerðinni á Vestfjörðum væri um 400 milljónir króna á ári, og er þá tap bátaútgerðarinnar ótalið. Allir vita að staða útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja er mjög misjöfn yfir landið í heild og einnig innan Vestfjarða sérstaklega. Ætla má að afkoma fyrirtækjanna á Vestfjörðum sé að jafnaði eitthvað skárri en landsmeðaltali svarar. Engu að síður virðist ekki ofætlað að gera ráð fyrir *300 milljón króna tapi á ári hjá þeim fyrirtækjum sem starfandi eru í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Með fölsku gengi og hæstu vöxtum í heimi er skuldugur sjávarútvegur blóðmjólkaður, svo að við liggur að fyrirtækin væru rekin með tapi þótt fólkið í fiskvinnslunni ynni allt kauplaust.*

Máske á það að verða niðurstaðan af stefnu þeirrar óheillaríkisstjórnar sem hér fer með völd.

Byltingarkennd tilfærsla á eignum.

800 milljónir króna er þungur aukaskattur að bera fyrir þær liðlega 10 000 sálir sem byggja Vestfjarðakjálkann. Það er verið að gjörbreyta eignaskiptingunni í landinu og færa til fjármuni með byltingarkenndum hætti. Hluti af þeim 800 milljónum, sem Vestfirðingar leggja nú fram í aukaskatt vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, fer í sukk og óráðsíu, en *mjög verulegur hluti þessara fjármuna hleðst upp sem eignir annars staðar, hjá alikálfum ríkisstjórnarinnar og gorkúlufyrirtækjunum í eyðslugreinum þjóðfélagsins. Fjármagnið er flutt milljörðum saman frá alþýðu manna fyrir vestan, norðan, austan og sunnan og frá framleiðslufyrirtækjunum og til „gróðapunganna" sem gera ríkisstjórnina út og eiga í henni hvert bein.*

Þennan veruleika þurfa menn að sjá og skilja í botn. Það sem menn kalla pólitík, og margir telja að sér komi lítið við, snýst um þetta.

(Úr grein í Vestfirðingi 11. okt. 1984.)

Fylgiskjal XVII.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

19. NÓV. 1984

Verð-, launa- og gengisvísitölur.

og hreyfingar í %

- Sp'a 'a grundvelli samninga ASÍ og BSRB. 12% gengisfell. 20. n'ov og 5% sig yfir 1985. -

1983	VÍSITALA VERÐLAGS	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	VÍSITALA LAUNA	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	VÍSITALA GENGIS	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	RAUN-LAUN	RAUN-GENGI
JAN.	70.0	0.0	0.0	0.0	83.5	0.0	0.0	0.0	70.6	0.0	0.0	0.0	114.8	98.0
FEB.	75.4	4.8	0.0	0.0	83.5	0.0	0.0	0.0	78.4	11.1	0.0	0.0	106.7	97.5
MARS	81.1	10.4	0.0	0.0	96.6	15.7	0.0	0.0	82.4	5.1	0.0	0.0	113.7	100.1
APRÍL	86.6	6.8	23.6	0.0	96.6	0.0	15.7	0.0	87.1	5.7	23.4	0.0	107.6	101.3
MAÍ	90.6	4.6	23.4	0.0	96.6	0.0	15.7	0.0	89.4	2.7	14.1	0.0	100.4	95.2
JÚNÍ	99.3	9.6	22.5	0.0	104.4	8.1	8.1	0.0	111.4	24.6	35.3	0.0	101.8	91.6
JÚLÍ	103.1	3.9	19.1	0.0	104.4	0.0	8.1	0.0	110.4	-0.9	26.9	0.0	96.7	96.7
ÁGÚST	110.0	6.6	21.4	0.0	104.4	0.0	8.1	0.0	110.2	-0.2	23.2	0.0	93.4	100.1
SEPT.	110.8	0.8	11.6	0.0	104.4	0.0	0.0	0.0	109.9	-0.3	-1.4	0.0	91.6	101.8
OKT.	114.2	3.1	10.7	0.0	108.6	4.0	4.0	0.0	110.1	0.2	-0.3	0.0	92.6	104.4
NÓV.	117.3	2.7	6.7	0.0	108.6	0.0	4.0	0.0	110.1	0.0	-0.1	0.0	90.8	106.4
DES	118.8	1.2	7.2	0.0	108.6	0.0	4.0	0.0	109.8	-0.3	-0.1	0.0	89.9	106.8
MEÐAL	100.0				100.0				100.0				100.0	100.0

1984	VÍSITALA VERÐLAGS	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	VÍSITALA LAUNA	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	VÍSITALA GENGIS	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	RAUN-LAUN	RAUN-GENGI
JAN.	119.6	0.7	4.7	70.8	108.6	0.0	0.0	30.1	110.8	0.9	0.6	57.0	89.3	106.1
FEB.	120.4	0.6	2.6	64.0	108.6	0.0	0.0	30.1	112.1	1.2	1.8	43.0	88.5	105.2
MARS	121.7	1.1	2.5	50.2	115.6	6.5	6.5	19.7	113.9	1.6	3.8	38.3	93.1	105.4
APRÍL	123.4	1.4	3.2	42.6	115.6	0.0	6.5	19.7	113.9	0.0	2.8	30.9	92.0	106.7
MAÍ	124.6	0.9	3.5	37.5	115.6	0.0	6.5	19.7	113.1	-0.7	0.9	26.5	90.6	108.6
JÚNÍ	127.5	2.3	4.7	28.4	117.9	2.0	2.0	13.0	112.9	-0.2	-0.9	1.3	90.9	110.4
JÚLÍ	128.6	0.9	4.2	24.7	117.9	0.0	2.0	13.0	112.3	-0.5	-1.4	1.7	89.8	111.2
ÁGÚST	130.6	1.6	4.9	18.8	117.9	0.0	2.0	13.0	113.4	0.9	0.2	2.8	88.8	109.5
SEPT.	131.4	0.6	3.1	18.6	117.9	0.0	0.0	13.0	117.7	3.9	4.3	7.1	88.1	107.9
OKT.	132.9	1.1	3.3	16.4	117.9	0.0	0.0	8.6	118.0	0.2	5.0	7.1	87.2	108.0
NÓV.	134.2	1.0	2.7	14.3	132.0	11.9	11.9	21.6	119.3	1.1	5.2	8.3	96.0	100.2
DES	137.3	2.3	4.4	15.5	134.1	1.6	13.7	23.5	139.9	17.3	18.8	27.4	94.4	95.5
MEÐAL	128.7				118.3				117.7				90.7	106.2

1985	VÍSITALA VERÐLAGS	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	VÍSITALA LAUNA	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	VÍSITALA GENGIS	mán. hreyf	3 mán. hreyf	12 mán. hreyf	RAUN-LAUN	RAUN-GENGI
JAN.	143.2	4.3	7.8	19.7	139.9	4.3	18.6	28.8	140.5	0.4	19.1	26.8	94.7	98.6
FEB.	148.5	3.7	10.7	23.3	139.9	0.0	6.0	28.8	141.0	0.4	18.2	25.8	91.9	101.0
MARS	152.1	2.4	10.8	24.9	142.1	1.6	6.0	22.9	141.6	0.4	1.2	24.3	90.9	102.9
APRÍL	156.4	2.8	9.2	26.7	142.1	0.0	1.6	22.9	142.2	0.4	1.2	24.8	88.9	104.5
MAÍ	158.9	1.6	7.0	27.6	146.1	2.8	4.4	26.3	142.8	0.4	1.2	26.2	89.9	105.6
JÚNÍ	161.9	1.9	6.5	27.0	146.1	0.0	2.8	23.9	143.4	0.4	1.2	27.0	88.5	106.6
JÚLÍ	164.1	1.3	4.9	27.6	146.1	0.0	2.8	23.9	144.0	0.4	1.2	28.1	87.3	107.4
ÁGÚST	166.3	1.3	4.6	27.3	146.1	0.0	0.0	23.9	144.6	0.4	1.2	27.5	86.4	107.8
SEPT.	167.6	0.8	3.5	27.5	146.1	0.0	0.0	23.9	145.1	0.4	1.2	23.3	85.7	108.0
OKT.	169.0	0.8	3.0	27.2	146.1	0.0	0.0	23.9	145.7	0.4	1.2	23.5	85.1	108.0
NÓV.	170.0	0.6	2.3	26.7	146.1	0.0	0.0	10.7	146.3	0.4	1.2	22.7	84.6	107.9
DES	171.0	0.6	2.0	24.6	146.1	0.0	0.0	9.0	146.9	0.4	1.2	5.0	84.1	107.8
MEÐAL	161.9				144.4				144.0				88.2	105.5

Nd. 188. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

2. gr.

Upphaf 45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gildistöku laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, hinn 1. janúar 1983, færðist yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins frá fjármálaráðuneytinu yfir á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Helgaðist þetta af því að um mikilvægan hlekk væri að ræða í þjónustu við heilbrigðisstofnanir.

Tengsl stofnunarinnar við fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafa frá öndverðu verið mikil. Hefur komið í ljós að óráðlegt er að slíta þessi tengsl og að betur sé fyrir rekstrinum séð sé hann í tengslum við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Hefur því orðið að samkomulagi milli áðurnefndra ráðuneyta að yfirstjórn á rekstri stofnunarinnar færist aftur til fjármálaráðuneytis og að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefni einn mann í stjórn, þ. e. a. s. lögð eru til hlutverkaskipti milli þessara tveggja ráðuneyta.

Sþ. 189. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Flm.: Björn Líndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Verkefnið verði falið nefnd sem skipuð sé fulltrúum allra þingflokka. Skal nefndin ljúka störfum svo tímanlega að unnt sé að leggja frumvarpið fyrir næsta löggjafarþing.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að efla nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 6. september sl. um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og breytingar á stjórnkerfi er m. a. lögð mikil áhersla á mikilvægi slíkrar

nýsköpunar og er því lýst yfir að gert sé ráð fyrir að 500 milljónum króna verði varið til tiltekinna aðgerða í þessu skyni á árinu 1985.

Fæstum blandast hugur um að hér er þýðingarmikið mál á ferðinni. Hefðbundnar atvinnugreinar landsmanna munu ekki einar sér standa undir bættum lífskjörum á næstu árum og áratugum og veita öllum þeim vinnu sem þá koma á vinnumarkaðinn. Leita verður á ný mið. Þeir sem gerst þekkja til benda á ýmsar háþróaðar iðngreinar sem vænlegan kost en jafnframt er ljóst að sífellt stærri hluti vinnuaflsins mun í næstu framtíð starfa í þjónustugreinum.

Til að efla þá nýsköpun, sem hér er gerð að umtalsefni, þarf fjármagn og eins og fyrr greinir áætlar ríkisstjórnin að verja 500 milljónum króna á næsta ári í þessu skyni. Þessa fjár verður a. m. k. að hluta aflað með nýjum lántökum erlendis. Á þessu ári er talið að greiðslubyrði erlendra langlána muni nema rúmum 23% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Það liggur því nærri að fjórða hver króna, sem aflað er með útflutningi, fari til greiðslu afborgana og vaxta af þessum lánum. Þetta er hærra hlutfall en lengi hefur þekkst. Sama máli gegnir um hlutfall erlendra langtímaskulda í hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Í ár er búist við að það fari yfir 60% og lækki ekki á næsta ári. Að vísu segja hlutfallstölur af þessu tagi ekki alla söguna, heldur verður að skoða hvernig lánsfénu hefur verið varið. Þegar það er gert kemur í ljós að lántökurnar hafa ekki skilað sér í auknum hagvexti. Með allt þetta í huga er ljóst að sýna verður mikla aðgát í erlendum lántökum næstu árin, jafnvel þótt lánunum sé varið til arðbærra fjárfestinga. Afkomuhorfur, og um leið greiðslugeta þjóðarinnar, eru óvissar um þessar mundir.

Þrátt fyrir erfiða stöðu í þessum efnum er ljóst að erlent fjármagn er að verulegu leyti undirstaða þess að nýsköpun atvinnulífsins geti átt sér stað. Vegna þessa er m. a. nauðsynlegt að íhuga vandlega hvort ekki sé rétt að gera tilraun til að auka að ákveðnu marki fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Er þá bæði átt við fjárfestingu þeirra í starfandi fyrirtækjum og með stofnun nýrra. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi eru nú því sem næst eingöngu bundnar við stóriðju.

Fjárfestingar af því tagi, sem hér um ræðir, eru mikið ræddar víða erlendis. Á undanförnum árum hefur t. d. verið unnið mikið starf á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) á þessu sviði er miðar að því að greiða fyrir fjárfestingum fyrirtækja erlendis. Sama á við um samstarf Norðurlanda í efnahags- og viðskiptamálum. Á þeim vettvangi hefur töluvert verið unnið að tillögum um rýmri réttindi norrænna fyrirtækja, fyrst og fremst iðnfyrirtækja, til þátttöku í atvinnurekstri innan allra Norðurlanda. Þá hefur einnig verið fjallað um þessi mál í einstökum löndum. Í norsku nefndaráliti frá árinu 1981 (NOU 1981: 47), sem ber heitið „Behovet for internasjonalisering av norsk næringsliv", kemur fram að nefndin telur erlenda eignaraðild að norskum iðnfyrirtækjum hafa haft veruleg áhrif í þá átt að flytja nýja tækniþekkingu til Noregs. Í sænsku nefndaráliti frá árinu 1978 (SOU 1978: 73), sem ber heitið „Kontroll av utländsk företagsetablering i Sverige m. m.", er tekið í sama streng. Þar segir að umræður í nefndinni hafi sýnt ljóslega að nefndarmenn væru sammála um að fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum í Svíþjóð hefðu margvíslega kosti í för með sér, s. s. nýtt fjármagn, fleiri störf, aukna útflutningsmöguleika og nýja þekkingu á sviði tækni, markaðsfærslu og stjórnunar. Á þennan og ýmsan annan hátt gæti slík fjárfesting ýtt undir margbreytni, virkni og alþjóðlega samkeppnishæfni sænsks efnahagslífs. Þrátt fyrir að nefndin væri sammála um gildi erlendrar fjárfestingar fyrir Svía klofnaði hún í þrennt í afstöðu sinni til þess að hve miklu leyti opinbert eftirlit skyldi haft með stofnun og starfsemi erlendra fyrirtækja í Svíþjóð.

Hér á landi hefur lítið verið rætt um mögulegar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum ef undan er skilin mikil umræða um þátttöku fjölþjóðlegra fyrirtækja í uppbyggingu stóriðju. Með vísan til þess, sem að framan greinir, virðist þá fyllsta ástæða vera til fyrir Íslendinga að kanna þessi mál nánar og á breiðari grundvelli en hingað til hefur verið gert.

Íslensk löggjöf á þessu sviði er æði sundurleit. Má fullyrða að erfitt sé að greina í lögum að löggjafinn hafi markað skýra stefnu um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Í lögum um einstakar atvinnugreinar er tekið á þessu með ýmsum hætti.

Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Eigi í hlut félag með ótakmarkaðri ábyrgð (t. d. sameignarfélag) skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í félagi með takmarkaðri ábyrgð (t. d. hlutafélagi) er þess hins vegar krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem hér hafa verið talin en þó skal meiri hluti hlutafjár í hlutafélagi alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, verður einnig að fullnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í félagi með takmarkaðri ábyrgð er einungis áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfesti hér á landi. Enn fremur skal hlutafé í hlutafélagi vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá öllum þessum skilyrðum standi sérstaklega á.

Í lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, er erlendu vátryggingarfélagi heimilt að reka hér starfsemi að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Í lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., segir að enginn megi gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Meðal þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir slíkri leyfisveitingu, er að umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta ár. Sé um félag að ræða er lögreglustjóra því aðeins heimilt að veita því leyfi ef stjórnarformaður, þeir sem firmað rita og þeir sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjir eru, fullnægja þessu skilyrði.

Ýmis önnur lög um einstakar atvinnugreinar hafa að geyma strangari ákvæði um ríkisfang, búsetu og meirihlutaeign hlutafjár. Má þar t. d. nefna lög nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, lög nr. 34/1964, um loftferðir, og lög nr. 53/1970, um skráningu skipa.

Auk ákvæða í lögum um einstakar atvinnugreinar er fjallað um fjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum hér á landi í lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Lög þessi krefjast þess að einstaklingur hafi íslenskt ríkisfang til að geta öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign. Eigi félag með ótakmarkaðri ábyrgð hlut að máli skulu allir félagsmenn hafa íslenskt ríkisfang en sé um hlutafélag að ræða skulu allir stjórnarmenn vera íslenskir ríkisborgarar. Lögin gera einnig ráð fyrir að hlutafé í hlutafélagi skuli a. m. k. að 4/5 hlutum vera í eigu íslenskra ríkisborgara. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt lögunum veitt undanþágu frá þessum skilyrðum „ef ástæða þykir til".

Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, segir að meiri hluti stofnenda hlutafélags skuli hafa haft heimilisfesti hér á landi í a. m. k. tvö ár. Þar segir enn fremur að framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnar skuli vera hér búsettir en viðskiptaráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði. Þá er viðskiptaráðherra heimilt samkvæmt hlutafélagalögum að veita erlendu hlutafélagi rétt til að starfa hér á landi að fullnægðum tilteknum skilyrðum, þ. á m. því að félagið fullnægi ákvæðum hlutaðeigandi atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér. Lög um samvinnufélög hafa ekki að geyma ákvæði um þátttöku erlendra aðila í samvinnufélögum og lög um sameignarfélög hafa ekki verið sett hér á landi.

Af öðrum lögum, sem snert geta fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér, má t. d. nefna lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Sú löggjöf, sem hér hefur verið rakin, ber ekki með sér að löggjafinn hafi mótað ákveðna stefnu gagnvart fjárfestingum erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Einkum á þetta við á sviði iðnaðar, verslunar og þjónustu en síst að því er varðar útgerð. Sérlög um einstök stóriðjuver geta ekki falið í sér almenna stefnumörkun í þessu tilliti. Atvinnurekstur í iðnaði, verslun og ýmiss konar þjónustu er að vísu bundinn leyfi stjórnvalda og skilyrðum um íslenskt ríkisfang, búsetu og meirihlutaeign hlutafjár í sumum tilvikum. Á hinn bóginn hafa stjórnvöld samkvæmt lögum um einstakar atvinnugreinar víðtækar heimildir til að veita undanþágur frá þessum skilyrðum. Í athugasemdum er fylgdu frumvörpum að þessum lögum er litlar sem engar skýringar að hafa um það hvenær og í hvaða skyni undanþágur skuli veittar. Um lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, gegnir sama máli. Ráðherra getur veitt undanþágur frá skilyrðum þeirra laga um ríkisfang, búsetu og meirihlutaeign hlutafjár „ef ástæða þykir til" eins og segir í lögunum. Engar skýringar er heldur að finna í hlutafélagalögum um það hver séu þau sjónarmið sem ráðherra ber að leggja til grundvallar þegar hann metur hvort rétt sé að veita erlendu hlutafélagi heimild til að starfa hér á landi.

Að vísu má segja að framsetning þeirra laga, sem um þessi mál fjalla, sýni að löggjafinn er tregur til að leyfa erlendum aðilum að fjárfesta hér. Sú stefna er hins vegar alls ekki skýrt mörkuð. Eftir sem áður hafa stjórnvöld, að því er virðist, algjörlega frjálsar hendur um beitingu undanþáguheimilda. Löggjöfin felur því í sér óeðlilega mikið valdaframsal af hálfu Alþingis til framkvæmdavaldsins. Stefnuleysi laganna kann einnig að hafa þau áhrif í næstu framtíð að einstök stjórnvöld velji þann kost að leita umsagnar innlendra hagsmunasamtaka þegar erlent fyrirtæki óskar eftir að fjárfesta hér í atvinnurekstri, t. d. á sviði iðnaðar, og þarf á undanþágu að halda. Við ríkjandi aðstæður er hætt við að slíkar umsagnir öðlist meira vægi en eðlilegt getur talist og hagsmunasamtök ráði því miklu um framvindu mála í þessum efnum sem Alþingi á með réttu að móta. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að hafist verði handa við samningu lagafrumvarps um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi þar sem mörkuð sé skýr stefna í þessum málum.

Með flutningi þeirrar þingsályktunartillögu, sem greinargerð þessi fylgir, er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta semja slíkt lagafrumvarp. Gerir tillagan ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að vinna að verkefninu og verði hún skipuð fulltrúum allra þingflokkanna. Þá gerir tillagan ráð fyrir að nefndin ljúki störfum svo tímanlega að unnt sé að leggja frumvarpið fyrir næsta löggjafarþing.

Meginkostur þess að setja ein lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi er fólginn í auðveldari og skilvirkari framkvæmd þeirrar stefnu sem lögin koma til með að marka. Meðal annars yrði yfirstjórn þessara mála í höndum eins aðila í stað margra eins og nú er. Lagasetning af því tagi, sem hér er gerð tillaga um, mundi væntanlega leiða til þess að sérákvæði í lögum um fjárfestingar erlendra aðila yrðu felld úr gildi. Það felur hins vegar ekki í sér að sömu reglur þyrftu að gilda um allar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi án tillits til þess hvers konar atvinnurekstur um væri að ræða. Þvert á móti væri unnt að einskorða frjálslegri reglur um slíkar fjárfestingar við þær atvinnugreinar sem tengjast beint því yfirlýsta markmiði ríkisstjórnarinnar að efla nýsköpun í atvinnulífinu.

Eins og áður hefur komið fram er flm. þessarar þingsályktunartillögu þeirrar skoðunar að nauðsyn beri til þess fyrir Íslendinga að örva fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi að ákveðnu marki. Á það ber hins vegar að leggja áherslu að til þessa er ekki tekin afstaða í þingsályktunartillögunni. Þar er reynt að tryggja að öll sjónarmið geti komist að við samningu frumvarpsins með aðild allra þingflokka að nefnd þeirri sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að semji frumvarpið.

Nd. 190. Frumvarp til laga [178. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

a) Yfirvélstjóri er æðsti maður í vélarrúmi skips.
b) 1. vélstjóri (í eldri lögum 2. vélstjóri) er næst æðsti maður vélarrúms.
c) Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.
d) Vélstjóri er hver sá sem ráðinn er til vélstjórastarfa.
e) 1 kílówatt (kw.) = 1,36 hö.

II. KAFLI

Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

2. gr.

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

A. Á skipi með vél 75—220 kw. (u. þ. b. 101—300 hö.) einn vélavörður.
B. Á skipi með vél 221—750 kw. (u. þ. b. 301—1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
C. Á skipi með vél 751—1500 kw. (u. þ. b. 1021—2040 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (u. þ. b. 2040 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og 2 undirvélstjórar.

Á farþega- og flutningaskipum með vél 1300 kw. (u. þ. b. 1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi vélstjóra.

3. gr.

1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á skipi með vél 400—750 kw. hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS. III).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með vél 400—750 kw. hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 750 kw. og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS. III).
   Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með vél 400 kw. og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með vél 1500 kw. og minni
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS. II).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 3 mánuði við vél 750 kw. og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).

4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með vél 1500 kw. og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF. IV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með vél 750 kw. og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með vél 750 kw. og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF. III).
Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af í 12 mánuði að fengnu atvinnuskírteini VF. III, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 3000 kw. og minni.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF. II).
Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með vél 1500 kw. og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF. I).

5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

4. gr.

Starfstími vélstjóra samkvæmt 2. gr. telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma, samkvæmt 3. og 4. lið 3. gr., má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein og önnur lögskráð störf í vélarrúmi skipa. Þessi tími skal þó aldrei verða lengri en sem nemur ¼ hluta starfstíma til atvinnuréttinda.

IV. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótorvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

V. KAFLI

Um mönnunarnefnd og undanþágur.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til svo sem vegna tæknibúnaðar gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags, sem breytingin kann að hafa í för með sér.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar gr. skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggi og búnað skips.

7. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

8. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

VI. KAFLI
Skírteini og læknisvottorð.

9. gr.

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV.)	Réttindi: Vélavörður.
Vélstjóri III (VS. III)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 750 kw. og minni + VV.
Vélstjóri II (VS. II)	Réttindi: 1. vélstjóri, 1500 kw. og minni + VS. III.
Vélstjóri I (VS. I)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. og minni + 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. II.
Vélfræðingur IV (VF. IV)	Réttindi: 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. II.
Vélfræðingur III (VF. III)	Réttindi: 1. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. I.
Vélfræðingur II (VF. II)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 300 kw. og minni + VF. III.
Vélfræðingur I (VF. I)	Réttindi: Yfirvélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

10. gr.

Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra og vélavarða.

11. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

12. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

VIII. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 77 28. maí 1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

A. Þeim vélstjórnarmönnum er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórnarnámskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984—1985 og 1985—1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veiti réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélastærð allt að 750 kw. (VS III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélskóla Íslands.

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 8. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar, að veita þeim mönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 og fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við vélstjórn, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgönguráðherra, Halldór E. Sigurðsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 72, 13. maí 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og lög nr. 69, 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Í nefnd þessari sátu fulltrúar hagsmunaaðila, skólastjórar Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúi samgönguráðuneytisins, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin lauk við að semja frumvörp til laga um ofangreint efni sem lögð voru fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—1984 og samþykkt voru.

II.

Þann 16. júlí 1984 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að endurskoða lög nr. 77/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, og lög nr. 81/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir svo m. a.:

Við 1. umræðu frumvarps til laga í neðri deild Alþingis um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og frumvarps til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við lögin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum, sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, Stýrimanna- og Vélskólans í Reykjavík, F.F.S.Í. og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst.“

Í nefndinni voru: Magnús Jóhannesson, deildarverkfræðingur Siglingamálastofnunar ríkisins (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Andrés Guðjónsson, skólastjóri (tilnefndur af Vélskóla Íslands), Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri (tilnefndur af Stýrimannaskólanum í Reykjavík), Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndur af FFSÍ), Helgi Laxdal, varaforseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndur af FFSÍ), Jón H. Magnússon, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands (tilnefndur af Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri (tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Stefán Ól. Jónsson, deildarstjóri (tilnefndur af menntamálaráðuneyti). Með nefndinni starfaði sem ritari Ástvaldur Magnússon, skrifstofustjóri Siglingamálastofnunar ríkisins.

Nefndin fór yfir ákvæði gildandi laga og varð sammála um að breyta nokkrum efnisatriðum laganna, fyrst og fremst til samræmis við alþjóðlegar reglur um þjálfun, vaktstöðu og atvinnuskírteini sæfarenda, frá 1978 (STCW), sem gildir fyrir farþegaskip og flutningaskip og væntanlega verður staðfest hér á landi innan tíðar. Auk þess er orðalagi breytt á nokkrum stöðum til frekari skýringa á ákvæðum laganna svo og til samræmis við hliðstæð ákvæði í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Auk þess fjallaði nefndin allítarlega um undanþágur til vélstjórnarstarfa og erfiðleika útgerðarmanna að fá menn með fullnægjandi starfsréttindi. Vandamál þetta varðar fyrst og fremst fiskiskipin.

Til lausnar þessu vandamáli leggur nefndin til eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að þeim vélstjórnarmönnum er starfað hafa um nokkurt skeið á undanþágu (lengur en 24 mánuði) verði á næstu tveimur árum boðið upp á námskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum, til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi eru þegar hafin.

Það er samdóma álit nefndarinnar, að þetta sé eina raunhæfa leiðin til fækkunar undanþágum frá því sem verið hefur og til að auka hæfni undanþágumanna til vélstjórnarstarfa.

Nefndin telur að þeir menn, sem starfað hafa um lengri tíma á undanþágu hafi með því öðlast umtalsverða starfsreynslu og þekkingu, þó svo að sú leið til öflunar réttinda sé ófær skv. gildandi lögum. Því sé réttlætanlegt nú að reynt sé að koma til móts við þá vélstjórnarmenn er starfað hafa lengi á undanþágu og tekið tillit til þjálfunar þeirra og starfsreynslu með því að bjóða þeim upp á námskeið af þessu tagi.

Framkvæmd námskeiðanna er í höndum menntamálaráðuneytisins, en námsefni er ákveðið af Vélskóla Íslands í samráði við ráðuneytið. Námskeið þessi standa í 4 mánuði.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að veita mönnum, sem eru 50 ára og eldri og starfað hafa lengur en 10 ár á undanþágu til vélstjórnarstarfa, takmörkuð, ótímabundin réttindi.

Hér eru tvenn sjónarmið lögð til grundvallar, annars vegar er um að ræða að menn hafa öðlast mikla starfsreynslu og hins vegar að þeir eru komnir á þann aldur að þeir munu tæpast setjast á skólabekk. Þessi réttindi sem þannig verða veitt miðist við störf á ákveðnu skipi sem viðkomandi starfar á. Um er að ræða mjög takmarkaðan hóp vélstjóra sem þessi aldurs- og starfstímaregla nær til.

III.

Þar eð efni frumvarpsins og uppsetning er að miklu leyti óbreytt frá gildandi lögum, þykir rétt að birta hér með hluta úr greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpinu upphaflega, þar sem raktar voru helstu breytingar frá eldri lögum nr. 67/1966:

„Árið 1966 gengu í gildi ný lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum (nr. 72 þ. á.), sem höfðu í för með sér talsverðar breytingar frá þeim lagaákvæðum, sem áður höfðu gilt um það efni. Stóð efni hinna nýju laga í nánu sambandi við efni nýrra laga um

vélstjóranám, sem einnig tóku gildi um sama leyti (1.67/1966). Um aðdraganda þeirra laga vísast til ítarlegra greinargerða, sem fylgdu viðkomandi frumvörpum á sínum tíma. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan framangreind lög voru sett, hafa orðið margvíslegar breytingar á því atvinnusviði, sem hér um ræðir, m. a. vegna örrar tækniþróunar, sem í reynd skapa nýjar eða breyttar kröfur um kunnáttu, hæfni og starfsemi þeirra manna, sem bera eiga ábyrgð á vélum skipa. Í því frumvarpi um atvinnuréttindi, sem hér liggur fyrir, er leitast við að koma til móts við þessar breyttu þarfir, auk þess sem með frumvarpinu er ætlað að einfalda mjög núgildandi reglur um þetta efni. Það er hins vegar ekki hlutverk þessarar nefndar að gera tillögur um breytta tilhögun á vélstjóranámi almennt, en hún vill þó koma á framfæri ábendingum um, að það verði gert hið fyrsta, og þá þannig að haft verði mið af ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður. Hvað varðar efni frumvarpsins skal einkum vísað til skýringa með einstökum greinum þess, en þó skulu hér áréttuð eftirtalin meginatriði:

1. Ákvæði frumvarpsins eru að miklum mun einfaldari en er að gildandi lögum og efnisskipan þess jafnframt skýrari og aðgengilegri. Í frumvarpinu er m. a. almennt ekki gerður greinarmunur á tegundum skipa, svo sem hins vegar er gert í gildandi lögum.
2. Ákvæði frumvarpsins um fjölda vélstjóra og vélavarða fela í sér meðaltalsreglur, sem nefndin telur æskilegar og reyndar nauðsynlegar í flestum tilvikum. Ljóst er þó, að í lögum verður að gæða þessar reglur nokkrum sveigjanleika vegna óhjákvæmilegra aðstæðna, enda örðugt eða ógerlegt að setja reglur, sem hentað geta jafn vel fyrir öll skip, hvort sem þau eru ný eða gömul, hvert sem verkefni þeirra er o. s. frv. Er því mönnunarnefnd ætlað að leyfa frávik frá meginreglunni, ef sérstakar ástæður krefjast þess eða réttlæta það.
3. Miðað er við að færri sérfróða menn þurfi til starfa í vélarrúmi nú, miðað við það sem áður var. Leiðir þetta m. a. af tölvuvæðingu og hinni auknu sjálfvirkni, sem orðið hefur á vélbúnaði á síðustu árum, auk þess sem stjórntök véla hafa í auknum mæli færst úr vélarrúmi yfir til stjórnpalls skips. Notkun svokallaðrar skiptiskrúfu í stærri skipum hefur einnig leitt til einföldunar á vélstjórn.
4. Með frumvarpinu er miðað að því að mjög verði dregið úr undanþágum frá lögmæltum kröfum til atvinnuréttinda vélstjóra. Nefndin telur að óæskilegt sé, að mikið kveði að þess háttar undanþágum, en þær hafa verið mjög tíðkaðar á undanförnum árum, einkum á fiskiskipaflotanum. Er því lagt til að dregið verði nokkuð úr kröfum til hinna lægri réttinda með það að markmiði að tryggt verði að allir þeir, sem við vélstjórn fást, hafi fengið einhverja lágmarks námsþjálfun og þarf þá að sjá til þess, að námi og kennslu verði í framtíðinni hagað til samræmis við þetta."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. grein.

Greinin er nýmæli.

Rétt þykir að hugtökin yfirvélstjóri, 1. vélstjóri, undirvélstjóri, vélstjóri og kílóvatt séu skýrð í lögum.

Þetta atriði var það eina sem nefndin var ekki sammála um.

Meiri hluti nefndarinnar (Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal, Guðjón Ármann Eyjólfsson og Andrés Guðjónsson) leggur til:

„Að fylgt verði eftir þeirri samræmingu um stöðuheiti vélstjóra, sem upp var tekið í lögum nr. 72 frá 1966, þar sem sett var í lög orðið yfirvélstjóri um stöðuheiti æðsta manns í vélarrúmi íslenskra skipa. Þar var um að ræða samræmingu við stöðuheiti

vélstjóra á Norðurlöndum. Við teljum að nú eigi að stíga þetta skref til fulls og skilgreina aðra vélstjóra en yfirvélstjóra í réttri röð, 1., 2. og 3. vélstjóri, eins og gert er í nágrannalöndum okkar. Auk þess er í alþjóðasamningum I.T.F. skýrt tekið fram um röðun vélstjóra með sama hætti og hér er lagt til af meiri hluta nefndarinnar."

Minni hluti nefndarinnar (Jón H. Magnússon og Jónas Haraldsson) telur:

„Að kalla eigi 2. vélstjóra áfram 2. vélstjóra. Meiri hlutinn vill að 2. vélstjóri kallist nú 1. vélstjóri, þótt það sé andstætt almennri málvenju og ljóst að það verði ekki notað í daglegum samskiptum manna.

Bendir minni hlutinn á, að hugtakið yfirvélstjóri kemur fyrst fyrir í lögum um atvinnuréttindi vélstjóra nr. 72/1966, en hefur aldrei fest í sessi manna í milli, en hugtakið 1. vélstjóri er notað alfarið a. m. k. á fiskiskipum. Með því að kalla 2. vélstjóra nú 1. vélstjóra er ljóst að þriggja vélstjóra skipi verða tveir 1. vélstjórar og einn 3. vélstjóri, en enginn 2. vélstjóri.

Áréttar minni hlutinn, að orðskýringar í lögum þjóni þeim tilgangi að skýra orð og hugtök í þeirri merkingu, sem þau hafa haft í daglegu máli hingað til. Fær minni hlutinn ekki séð, hvaða tilgangi það þjóni, að breyta viðurkenndri merkingu hugtaks, nema til þess eins að valda ruglingi.

Minna má á það, að í alþjóðasamþykktinni um atvinnuréttindi o. fl. (STCW-samþykktin), sem Íslendingar gerast væntanlega aðilar að innan tíðar, eru notuð hugtökin "Chief Engineer Officer" og "Second Engineer Officer", sem hljóta að verða þýdd yfirvélstjóri og 2. vélstjóri. Þá þarf sérstakrar skýringar við á því að 2. vélstjóri sé ekki 2. vélstjóri heldur 1. vélstjóri.

Miðað við óbreytta notkun hugtaka um stöður vélstjóra, þ. e. að 2. vélstjóri sé 2. vélstjóri komi hugtakið 2. vélstjóri í stað 1. vélstjóri í 1., 2., 3. og 9. grein."

Um II. kafla.

Um. 2. grein.

Greinin svarar til 1. gr. gildandi laga.

Ef afl viðkomandi vélar er ekki gefið upp í kw. gildir hestaflatala í sviga.

Um III. kafla.

Um. 3. grein.

Svarar til 2. gr. gildandi laga.

Breytt er starfstíma til réttinda í 3. og 4. lið greinarinnar. Höfð er hliðsjón af kröfum um starfstíma í alþjóðasamþykkt um þjálfun, atvinnuskírteini og vaktstöðu sæfarenda (STCW) 1978.

Um 4. grein.

Greinin svarar til 3. gr. gildandi laga.

Heimilt er að telja til starfstíma til öflunar atvinnuréttinda eftir 3. og 4. stig Vélskóla ýmis tengd störf í landi og í vélarrúmum skipa. Þó er takmarkað hversu mikils hluta starfstímans er hægt að afla með þessum hætti.

Um IV. kafla.

Um 5. grein.

Óbreytt 4. grein gildandi laga.

Um V. kafla.

Þessi kafli samsvarar IV. kafla gildandi laga. Nokkrar breytingar eru gerðar á efni og orðalagi einstakra greina en greinarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Um 6. grein.

Tekið er fram að hlutverk mönnunarnefndar er að ákveða frávik frá ákvæðum laganna bæði til fjölgunar og fækkunar vélstjóra. Auk þess er undirstrikað að mönnunarnefnd skuli taka tillit til vinnuálags vélstjóra þegar fjallað er um einstök mál í nefndinni.

Með stofnun mönnunarnefndar er höfð hliðsjón af svipuðu fyrirkomulagi í Danmörku og í Noregi.

Um. 7. grein.

Breyting er gerð á skipan formanns og varaformanns nefndarinnar. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að bæði formaður og varaformaður uppfylli almenn dómaraskilyrði, en hér er lagt til að aðeins verði skilyrt að annar þeirra uppfylli þau skilyrði.

Um. 8. grein.

Felld er niður úr gildandi lögum eftirfarandi málsgrein:

„Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.“

Telja verður, að ekki sé ástæða til að árétta þetta sérstaklega í lagatextanum þar sem það er grundvallarregla íslensks stjórnarfarsréttar, að stjórnleg kæra sé almennt heimil.

Um VI. kafla.

Um 9. grein.

Þessi grein svarar til 8. gr. gildandi laga.

Breyting verður á fjölda atvinnuskírteina úr 6 í 8 til samræmis við breytingar á ákvæðum 3. gr. Þá verður breyting á gildistíma skírteina úr 10 árum í 5 ár og skilyrði sett um viðhald réttinda með hliðsjón af alþjóðlegum reglum.

Um. 10. grein.

Þessi grein svarar til 9. gr. gildandi laga.

Fellt er niður ákvæði um læknisvottorð á 10 ára fresti enda gert ráð fyrir að vélstjórar leggi fram læknisvottorð á 5 ára fresti, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um. 11. grein.

Sama og 10. gr. gildandi laga.

Um 12. grein.

Sama og 11. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Um 13. grein.

Sama og 12. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Um 14. grein.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 15. grein.

Þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim ástæðum er liggja til grundvallar þessu ákvæði og vísast til skipunarbréfs nefndarinnar og umfjöllunar í II. kafla þessarar greinargerðar.

Með þessu ákvæði er að því stefnt að leysa á raunhæfan hátt þann vanda er undanþágur til vélstjórnarstarfa hafa skapað á liðnum árum.

Fjöldi vélstjórnarmanna er störfuðu á undanþágu árin 1983 og 1984 er á bilinu 670—680 manns hvort ár. Um 75% þessara undanþága eru til manna með engin réttindi er starfa við vélstjórn véla minni en 750 kw. en það eru þau réttindi sem námskeiðin munu veita.

Hvað varðar B-lið ákvæðisins þá er um að ræða 40—50 menn starfandi, er fallið gætu undir þetta ákvæði. Meginreglan yrði sú við útgáfu ótímabundinna takmarkaðra réttinda að viðkomandi fengi heimild til vélstjórnarstarfa á því skipi er hann hefur starfað á, ótímabundið. Almennt væri því ekki unnt að nota þessi réttindi á önnur skip, nema ef um væri að ræða skip hjá sömu útgerð með svipaðri vélastærð t. d. ef skip er selt og annað fengið í þess stað.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Nd. 191. Frumvarp til laga [179. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

2. gr.

a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
b. Skipstjóri er sá, sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirstýrimaður eða 1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður, er gengur næst skipstjóra í starfi.
d. Undirstýrimaður er 2. eða 3. stýrimaður.
e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest.
f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsókna eða til flutninga á eigin afla.
g. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innanlands og utan, og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
h. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
i. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstarf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
j. Önnur skip merkir hvert það skip, sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum f-i.
k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
l. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þótt hafna sé ekki leitað.
m. Mánuður telst 30 dagar.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

3. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

4. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Fiskiskip:
a) á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
b) á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
c) á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður, ef ekki er landað daglega.

II. Flutningaskip:
a) á skipum 31—400 rúmlestir einn stýrimaður,
b) á skipum 401—1600 rúmlestir tveir stýrimenn,
c) á skipum stærri en 1600 rúmlestir þrír stýrimenn.

III. Farþegaskip og varðskip:
a) á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
b) á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.

IV. Önnur skip:
a) á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
b) á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
c) á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími skipstjóra er að jafnaði lengri en 15 klst.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi stýrimanna.

5. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Fiskiskip:
a) 1. stig: 200 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
b) 2. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:
a) 2. stig: 1) 400 rúmlestir og minni, ótakmarkað farsvið.
2) Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og ótakmarkað farsvið.
b) 3. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

III. Önnur skip:
a) 1. stig: 200 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
b) 2. stig: 400 rúmlestir og minni og ótakmarkað farsvið.
c) 3. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

6. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 5. gr. eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma með tilvísun til samsvarandi stafliða í 5. gr.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi, sem er í förum og veitir viðkomandi undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórnun manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a. m. k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skipi er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en ⅕ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra, stýrimanns eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildir siglingatíma í 3 mánuði. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin meira en 6 mánuðir í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis. Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi skal staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I. Fiskiskip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa öðlast réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki verið minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip.

a) 1. **400 rúmlesta réttindi** — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa öðlast réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki verið minnst 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

2. **Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi** — 27 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa öðlast réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki verið minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

b) 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa öðlast réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Önnur skip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.

b) **400 rúmlesta réttindi og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi.**
27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

c) **Ótakmörkuð réttindi** — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og að setja stefnu og miðanir á sjókort, alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstur á sjó, grundvallaratriðum stöðugleika og sjóhæfni skipa, flóði og fjöru, vitakerfum, björgunarstöðvum og björgunartækjum og lífgun úr dauðadái.

b) Hafa verið 18 mánuði háseti á skipi yfir 6 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 6—12 rúmlestir að stærð skal leggja fram vottorð frá tveimur trúverðum mönnum.

Kunnáttu í atriðum samkvæmt a–lið skal kanna með sérstökum prófum. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með prófunum. Ráðuneytið getur falið Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum eða öðrum skólum, er það ákveður, að sjá um prófin og annast kennslu undir þau.

Ráðuneytið gefur út námsskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 30 rúmlestir að stærð hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi 1. stýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a. m. k. eftirfarandi skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma:

I. Fiskiskip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
12 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir að stærð, eða 6 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á fiskiskipi yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Flutningaskip og farþegaskip.

a) **400 rúmlesta réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir að stærð og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir að stærð og þar af minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.

c) Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum, samkvæmt stafliðum a) og b) án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Önnur skip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
12 mánuðir stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð, eða 6 mánuðir 1. stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð og skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b) **400 rúmlesta réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

c) **Ótakmörkuð réttindi** — 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipi hefur sá einn er lokið hefur 4. stigi stýrimannaskóla, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík og hefur verið 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

10. gr.

Siglingatími til öflunar skipstjóraréttinda samkvæmt 8. og 9. gr. telst aðeins sá tími er stýrimaður starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

11. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7., 8. og 9. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

12. gr.

Til að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

VI. KAFLI

Atvinnuskírteini.

13. gr.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III., IV. og V. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

14. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

16. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

17. gr.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69/1973 á skipum allt að 120 rúmlestir að stærð skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 200 rúmlestir að stærð.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi á skipum allt að 120 rúmlestir fyrir gildistöku fyrrgreindra laga skulu öðlast sams konar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 60 mánuði.

18. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

Um mönnunarnefnd og undanþágur.

19. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

Nefndin skal leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.

20. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá viðkomandi skipstjóra- og stýrimannafélögum annars vegar og samtökum útgerðaraðila hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði. Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

21. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn, og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur stýrimannaskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

VIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 28. maí 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

A. Þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á tvenns konar námskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1985—1986 og 1986— 1987, til öflunar takmarkaðra skipstjórnarréttinda. Námskeið þessi gefi annars vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 80 rúmlestir að stærð og hins vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 200 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Við útgáfu atvinnuskírteina til þeirra er ljúka þessum námskeiðum skal taka tillit til ákvæða 6. og 9. gr. laganna um siglingatíma. Um siglingatíma fyrir skip allt að 80 rúmlestir að stærð gildir sama og fyrir skip allt að 200 rúmlestir að stærð.

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur sbr. 21. gr. laganna er samgönguráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar, að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 og fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgönguráðherra, Halldór E. Sigurðsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 72 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, og lög nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Í nefnd þessari sátu fulltrúar hagsmunaaðila, sjómannaskólanna og samgönguráðuneytisins. Nefndin lauk við að semja frumvarp til laga um ofangreind efni sem lagt var fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—1984.

Hinn 16. júlí 1984 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að endurskoða lög nr. 77/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum og lög nr. 81/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir svo m. a.:

> Við 1. umræðu frumvarps til laga í neðri deild Alþingis um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og frumvarps til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:
>
> „Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við lögin, sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum sem betur mættu fara.
>
> Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, Stýrimanna- og Vélskólans í Reykjavík, FFSÍ og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem ekki hafa áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.
>
> Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst.“

Í nefndinni voru: Magnús Jóhannesson, deildarverkfræðingur Siglingamálastofnunar ríkisins (sem jafnframt var formaður nefndarinnar), Andrés Guðjónsson, skólastjóri (tilnefndur af Vélskóla Íslands), Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri (tilnefndur af Stýrimannaskólanum í Reykjavík), Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndur af FFSÍ), Helgi Laxdal, varaforseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndur af FFSÍ), Jón H. Magnússon, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, (tilnefndur af Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri (tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna) og Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri (tilnefndur af menntamálaráðuneyti). Með nefndinni starfaði sem ritari Ástvaldur Magnússon, skrifstofustjóri Siglingamálastofnunar ríkisins.

Þegar nefndin hóf störf í byrjun september 1984 lágu fyrir ítarlegar tillögur um breytingar á lögunum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Vegna þröngra tímamarka, sem nefndin var bundin af, takmarkaðist starfið við breytingar einstakra greina laganna en ekki heildarendurskoðun þeirra. Fjallað var um breytingartillögurnar, svo og möguleika á menntun þeirra manna er starfað hafa á undanþágu um lengri eða skemmri tíma. Nefndin hélt allmarga fundi á þeim skamma tíma er hún

starfaði og fékk til fundar nokkra aðila til að upplýsa frekar og ræða einstök mál. Nefndin varð sammála um að leggja til eftirfarandi helstu breytingar á núgildandi lögum:

1. **Samræming við alþjóðasamþykktir:**
   Nefndin hafði til hliðsjónar alþjóðasamþykkt um atvinnuskírteini, þjálfun og vaktstöðu sæfarenda 1978 (STCW) sem gildir fyrir farþegaskip og flutningaskip. Reynt var að tryggja að ekki verði misræmi í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og alþjóðasamþykktinni þar sem fyrirsjáanlegt er að Ísland verður aðili að samþykktinni innan tíðar.

2. **Nám og atvinnuréttindi:**
   Lagt er til að 1. stig í Stýrimannaskólunum í Reykjavík og Vestmannaeyjum, sbr. lög nr. 22/1972 og lög nr. 1/1973, gefi réttindi til skipstjórnarstarfa á 200 rúmlesta fiskiskipum í innanlandssiglingum. Þetta nám veitti áður, skv. eldri lögum, réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum allt að 120 rúml.
   Í lögunum sem samþykkt voru s. l. vor var gert ráð fyrir því að þetta nám veitti allt að 240 rúml. réttindi frá og með 1. janúar 1985.
   Nefndin taldi að athuguðu máli ekki ástæðu til að auka þessi réttindi meira en í 200 rúmlestir þar sem verkefni skipa undir þeirri stærð eru yfirleitt þau sömu og minni skipa áður, enda hafa skip í vertíðarflotanum almennt stækkað á seinni árum og tækniframfarir og breyttar áherslur í námi til stýrimannaprófs hafa auðveldað mönnum stjórn á stærri skipum.
   Þá er lagt til að 1. stig veiti ekki réttindi á flutningaskip, farþegaskip og varðskip. Þetta er óbreytt frá eldri lögum en í gildandi lögum frá maí s. l. var gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 1985 gæfi 1. stigið atvinnuréttindi á þessi skip til innanlandssiglinga allt að 240 rúmlestum að stærð. Nefndin telur ekki ástæðu til slíkra breytinga.
   Þá er lagt til að þau réttindi, sem áður miðuðust við 30 rúml., verði óbreytt frá eldri lögum og hækki ekki eins og gert var ráð fyrir að tæki gildi 1. janúar 1985.
   Allmiklar umræður urðu um fjölgun atvinnustiga og þá höfð í huga væntanleg breyting á kennslu og námsefni í stýrimannaskólunum með hliðsjón af alþjóðasamþykktum, sem Ísland mun væntanlega staðfesta innan tíðar. Í þessu sambandi var rætt um sérstakt skipstjórastig sem nefndin varð sammála um að stefna bæri að. Hins vegar taldi nefndin ekki tímabært að leggja til slíka breytingu á lögunum um atvinnuréttindi nú þar sem nauðsynlegt væri áður að endurskoða námsefni og kennslu í stýrimannaskólunum. Það var upplýst að slík endurskoðun muni hefjast fljótlega og þegar henni er lokið er nauðsynlegt að lögin verði samræmd þeim breytingum.

3. **Fjöldi skipstjórnarmanna.**
   Lagt er til að gerðar verði í meginatriðum tvær breytingar á gildandi ákvæðum um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á skipum. Í fyrsta lagi að á flutningaskipum verði eigi krafist þriggja stýrimanna á skipum 1600 rúmlesta og minni, en var áður miðað við 1500 rúmlestir. Þessi breyting er til orðin m. a. vegna þess að fjöldi alþjóðaákvæða er taka til flutningaskipa er miðaður við 1600 rúmlestir og vegna tæknibúnaðar og verkefna skipanna þykir rétt að setja viðmiðunarmörk vegna fjölda skipstjórnarmanna flutningaskipa við þessa stærð.
   Í öðru lagi er lagt til að á öðrum skipum, 30 rúmlestir og minni, þegar samfelldur vinnutími er að jafnaði lengri en 15 klukkustundir, verði a. m. k. einn stýrimaður um borð. Þetta ákvæði er sambærilegt við ákvæði um fiskiskip undir 30 rúmlestum er ekki leggja afla á land daglega.

4. **Nám og réttindi fyrir skipstjórnarmenn er starfað hafa á undanþágu.**
Miklar umræður urðu um undanþágur til skipstjórnarstarfa svo og erfiðleika útgerðarmanna að fá menn með fullnægjandi starfsréttindi í samræmi við gildandi lög. Vandamál þetta varðar fyrst og fremst fiskiskipin. Nefndin leggur tvennt til til lausnar þessu vandamáli.
Í fyrsta lagi að þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa um nokkurt skeið á undanþágu (lengur en 24 mánuði), verði næstu tvö ár boðið upp á námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum til öflunar takmarkaðra réttinda á fiskiskip. Það er samdóma álit nefndarinnar að þetta sé eina raunhæfa leiðin til fækkunar undanþágum frá því sem verið hefur og til að auka hæfni undanþágumanna til skipstjórnarstarfa.
Nefndin telur að þeir menn, sem starfað hafa um lengri tíma á undanþágu, hafi með því öðlast umtalsverða starfsreynslu og þekkingu þó svo að sú leið til öflunar réttinda sé ófær, skv. gildandi lögum. Því sé réttlætanlegt nú að koma til móts við þá skipstjórnarmenn er starfað hafa á undanþágu í langan tíma og tekið sé tillit til þjálfunar og starfsreynslu með því að bjóða þeim upp á námskeið af þessu tagi. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að lengd styttri námskeiðanna, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip allt að 80 rúmlestir í innanlandssiglingum, verði 3 mánuðir. Lengri námskeiðin, er veita skipstjórnarréttindi á fiskiskip og önnur skip í innanlandssiglingum allt að 200 rúmlestir, verði um 5 mánuðir sem hugsanlega mætti tvískipta. Námsskrá og kennslufyrirkomulag námskeiðanna verði ákveðið af menntamálaráðuneyti í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík en framkvæmd námskeiðanna verði í höndum menntamálaráðuneytisins.
Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að veita mönnum, sem eru 50 ára og eldri og starfað hafa mjög lengi (meira en 10 ár) á undanþágu, takmörkuð, ótímabundin réttindi. Hér er um að ræða menn sem öðlast hafa mikla starfsreynslu og eru komnir á þann aldur að þeir munu tæpast setjast á skólabekk. Þessi réttindi miðast við störf á ákveðnu skipi sem viðkomandi starfar á.
Ljóst er að hér er um mjög takmarkaðan hóp skipstjórnarmanna að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. og 2. grein.

Þessar greinar samsvara í meginatriðum efni 1. gr. laga nr. 81/1984. Talin er ástæða til að bæta við orðskýringum b-, c-, d- og m-liða um skipstjóra, yfirstýrimann, undirstýrimann og mánuð. Þessar orðskýringar skýra sig sjálfar.

Um II. kafla.

Um 3. grein.

Samhljóða 2. gr. laga nr. 81/1984.

Um 4. grein.

Þessi grein svarar til 3. gr. gildandi laga en þó eru gerðar nokkrar efnisbreytingar. „Önnur skip“ eru tekin undir sérstakan lið en eru í gildandi lögum með fiskiskipum. Í flokknum „Önnur skip“ geta verið skip af mjög ólíkri gerð og með ólík verkefni og því er talið rétt að halda þeim sér. Einnig má ætla að mönnun þessara skipa komi frekar til umfjöllunar mönnunarnefndar, sbr. 19. gr. frumvarpsins, en mönnun annarra skipa. Aðrar breytingar eru að á fiskiskipum, 30 rúmlestir og minni, er skylt að hafa einn stýrimann ef ekki er landað daglega. Þetta ákvæði var í eldri lögum. Hliðstætt ákvæði er einnig að finna í IV. lið, Önnur skip.

Á flutningaskipum 401—1600 rúmlestir skulu nú vera tveir stýrimenn í stað 401—1500 rúmlestir.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um atvinnuréttindi stýrimanna og er að efni og uppsetningu svipaður III. kafla gildandi laga, en þó eru nokkrar breytingar á efni og breyting verður á uppsetningu vegna IV. liðar 4. gr., Önnur skip.

Um 5. grein.

Efni þessarar greinar svarar til 4. gr. gildandi laga, en gildistöku ákvæða þeirrar greinar var frestað til 1. janúar 1985. Um þetta ákvæði gilda því enn lög nr. 69/1973. Sama á reyndar einnig við um ákvæði 7. og 8. gr. gildandi laga en þau eru í frumvarpi þessu tekin upp í 5., 7., 8. og 9. gr.

I-a

1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir skv. frumvarpinu réttindi á skipm 200 rúmlestir og minni í stað allt að 120 rúmlesta áður. Rétt þykir að sú aukning, sem orðið hefur á skipstjórnarnámi, komi fram í auknum starfsréttindum viðkomandi manna.

I-b

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

II-a og b

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

III-a

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

III-b

Rétt þykir að réttindi á önnur skip í þessum stærðarflokki taki mið af réttindum á flutningaskip.

III-c

Sama skýring og III-b.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 5. gr. gildandi laga en siglingatími er nánar skilgreindur.

1. mgr.

Þarfnast ekki skýringa.

2. mgr.

Þessi ákvæði eru í 6. gr. gildandi laga óbreytt að öðru leyti en því að talin er ástæða til að undirstrika að hluti siglingatíma stýrimannsefnis skuli vera við störf í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

3. mgr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

4. mgr.

Efni þessarar mgr. er nýmæli. Eðlilegt þykir að veita heimild til að meta til óskilgreinds siglingatíma nám og skyld störf í landi er veita innsýn og þjálfun í störfum til sjós.

5. mgr. I-a

Gert er ráð fyrir að a. m. k. helmingur siglingatíma sé á skipi yfir 30 rúmlestir en í gildandi lögum er miðað við 40 rúmlestir. Þá mega allt að 6 mánuðir siglingatímans vera á trillu undir 12 rúmlestum, en vegna þess að lögskráning er bundin við skip stærri en 12 rúmlestir verður sá tími að vera staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I-b

Óbreytt frá gildandi lögum nema siglingatími er styttur úr 30 mánuðum í 27 mánuði þannig að mögulegt er fyrir stýrimannsefni, er náð hefur siglingatíma milli námsstiga, að fá stýrimannsréttindi að loknu prófi.

II-a

Óbreytt frá gildandi lögum en siglingatími er styttur úr 30 mánuðum í 27 mánuði af sömu ástæðum og í I-b.

II-b

Óbreytt.

III-a,b,c

Nýmæli vegna breytinga á 4. gr. þar sem „önnur skip" eru í sérstökum lið. Miðað er við lengd siglingatíma fiskiskipa í a-lið en siglingatíma flutninga- og farþegaskipa í b- og c-lið. Ekki er gerð krafa um að siglingatími sé á ákveðinni gerð skipa.

Um IV. kafla.

Kaflinn svarar til IV. kafla gildandi laga. Nokkrar breytingar eru gerðar á efni auk þess sem breytingar á niðurröðun eiga að gera ákvæðin aðgengilegri.

Um 7. grein.

Greinin svarar til 7. gr. gildandi laga en gildistöku greinarinnar var frestað til 1. janúar 1985 svo að viðeigandi ákvæði laga nr. 69/1973 gilda enn. Stærðarmörk verða óbreytt, 30 rúmlestir, og einnig siglingatími. Tekin verður upp kennsla í undirstöðuatriðum stöðugleika og sjóhæfni skipa til 30 rúmlesta prófs til viðbótar því námsefni sem kennt var fyrir. Breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi kennslu og prófa sem ætlaðar eru til að samræma þetta nám og tryggja sem best hæfni þeirra manna er ljúka þessu prófi.

Um 8. grein.

Greinin svarar til 8. gr. gildandi laga en gildistöku greinarinnar var frestað til 1. janúar 1985 og gilda því enn viðeigandi ákvæði laga nr. 69/1973.

I-a

Óbreytt frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973.

I-b

Eina breytingin frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973 er að hluta stýrimannstíma er krafist á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II-a

Efnislega samhljóða gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973 en rúmlestatala er hækkuð úr 30 rúmlestum í 100, enda er viðkomandi að vinna til skipstjóraréttinda á skipum allt að 400 rúmlestir.

II-b

Breyting verður á rúmlestatölu úr 400 í 100 frá gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973. Reynslan sýnir að örðugt getur verið fyrir menn að fá stýrimannsstöður á flutninga- eða farþegaskipum stærri en 400 rúmlestir og getur það leitt til óeðlilegrar og óæskilegrar hindrunar á því að hæfir og reyndir menn fái skipstjórnarréttindi.

Alþjóðlegar mælingareglur hafa einnig leitt til óheppilegrar niðurstöðu í þessu efni.

II-c

Þessi liður er nýmæli. Eðlilegt er að reynsla manna í innanlandssiglingum nýtist þeim til skipstjóraréttinda í siglingum innanlands.

III-a,b,c

Varðandi skýringar á þessum liðum vísast til athugasemda við 6. gr. 5. mgr. III-a,b,c.

Um 9. grein.

Efni þessarar greinar er samhljóða gildandi ákvæðum laga nr. 69/1973 en breyting verður á rúmlestatölu og vísast í því sambandi til athugasemda við 8. gr.

Um 10. grein.

Nýmæli.

Rétt þykir að siglingatíma stýrimanns til öflunar skipstjóraréttinda sé náð á skipi sem er í förum, en með því er verið að gera meiri kröfur til siglingatíma sem krafist er til skipstjóraréttinda en stýrimannaréttinda, sbr. 6. gr.

Um V. kafla.

Efni þessa kafla er nánast samhljóða efni V. kafla gildandi laga.

Um 11. grein.

Óbreytt 9. gr. gildandi laga en vísað er til annarra greina vegna breyttrar niðurröðunar á efni.

Um 12. grein.

Efni þessarar greinar er það sama og 7. og 19. greinar gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um VI. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru að mestu leyti óbreytt frá VI. kafla gildandi laga. Efni 17. greinar, um breytingu á eldri réttindum, er þó ekki að finna í gildandi lögum.

Um 13. grein.

Þessi grein svarar til 11. gr. gildandi laga. Breyting er gerð til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktar (STCW) um menntun og þjálfun áhafna. Atvinnuskírteini verða gefin út, bæði á íslensku og ensku, til 5 ára í senn. Nýmæli er að samgönguráðherra skal setja reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina svo sem um viðhald réttinda og

heilsufar. Um viðhald réttinda eru t. d. gerðar eftirfarandi kröfur í fyrrgreindri alþjóðasamþykkt er nýlega tók gildi:

Atvinnuskírteini skal endurnýjað til næstu 5 ára með því skilyrði að:

1. Viðkomandi hafi á undangengnum 5 árum verið a. m. k. eitt ár skipstjóri eða stýrimaður,
   eða
2. hafi innt af hendi jafngilt starf,
   eða
3. gengið undir próf eða námskeið sem er viðurkennt af yfirvöldum.

Um 14., 15. og 16. grein.

Óbreyttar 12., 13. og 14. gr. gildandi laga.
Þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. grein.

Hefð er fyrir því að reynt sé að tryggja eins og kostur er að þeir, sem hafa áunnið sér réttindi skv. eldri reglum, glati þeim ekki þótt nýjar og breyttar reglur taki við. Réttlætanlegt þykir að eldri starfsréttindi taki til stærri skipa en er skv. l. 69/1973 og er starfsreynsla þessara manna þar látin vega á móti aukinni skólamenntun.

Um 18. grein.

Óbreytt 16. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara 17., 18. og 19. gr. gildandi laga. Nokkrar breytingar eru gerðar á efni og orðalagi einstakra greina en greinarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Um 19. grein.

Tekið er fram að hlutverk mönnunarnefndar er að ákveða frávik frá ákvæðum laganna bæði til fjölgunar og fækkunar skipstjórnarmanna. Auk þess er undirstrikað að mönnunarnefnd skuli taka tillit til vinnuálags skipstjórnarmanna þegar fjallað er um einstök mál í nefndinni. Með stofnun mönnunarnefndar er höfð hliðsjón af svipuðu fyrirkomulagi í Danmörku og Noregi.

Um 20. grein.

Breyting er gerð á skipan formanns og varaformanns nefndarinnar. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að bæði formaður og varaformaður uppfylli almenn dómaraskilyrði en hér er lagt til að aðeins verði skilyrt að annar þeirra uppfylli þau skilyrði.

Um 21. grein.

Felld er niður úr gildandi lögum eftirfarandi málsgrein: „Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.“

Telja verður að ekki sé ástæða til að árétta þetta sérstaklega í lagatextanum þar sem það er grundvallarregla íslensks stjórnarfarsréttar að stjórnleg kæra sé almennt heimil.

Um VIII. kafla.

Um 22. grein.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. grein.

Þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim ástæðum er liggja til grundvallar þessum ákvæðum og vísast þar til skipunarbréfs nefndarinnar og til umfjöllunar í inngangi greinargerðarinnar.

Með ákvæði þessu er stefnt að því að leysa á raunhæfan hátt þann vanda er undanþágur til skipstjórnarstarfa hafa skapað á liðnum árum. Nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til námskeiðahalds í öllum landshlutum eftir því sem þörf krefur.

Fjöldi skipstjórnarmanna, er starfað hafa á undanþágum árin 1983 og 1984, er á bilinu 330—400 menn hvort ár og eru um 80% þeirra starfandi á fiskiskipum sem eru minni en 200 rúmlestir. Námskeiðin munu gefa þessum mönnum tækifæri til að afla þeirra réttinda.

Varðandi B-lið greinarinnar er um að ræða 20—30 starfandi menn er fallið gætu undir þetta ákvæði.

Meginreglan yrði sú við útgáfu ótímabundinna takmarkaðra réttinda að viðkomandi fengi heimild til skipstjórnarstarfa á því skipi er hann hefur starfað á, ótímabundið. Menn gætu því ekki notað þessi réttindi á önnur skip nema ef um væri að ræða skip hjá sömu útgerð af svipaðri stærð og gerð, t. d. ef skip er selt og annað fengið í þess stað.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Nd. 192. Frumvarp til laga [99. mál]

um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 103 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Nú er kirkjusókn skipt og tekin upp ný sókn eða sóknarmörk færð til, og skal þá miða fjármál sóknanna við hlutfallslegan fjölda þeirra sóknarmanna sem breytingin tekur til. Ef aðilja greinir á um fjárskiptin geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess, að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti, er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Sé prófastur sóknarprestur í kirkjusókn sem skipta á er honum rétt að víkja sæti og skal biskup skipa annan í hans stað. Nefndin veitir aðiljum færi á að skýra mál sitt og kannar hún málsefni eftir föngum. Hún kveður að svo búnu á um fjárskiptin, þ. á m. um greiðslukjör.

6. gr. hljóðar svo:

Nú er sókn aflögð með því að hún sameinast annarri sókn eða sóknum, og skulu eignir hennar þá renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna, sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarmanna er hverri sókn bætist.

Þegar sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki skal prófastur varðveita eignir hennar, en lausafé skal þá ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði með bestu fáanlegu

kjörum. Nú er aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi á ný með samþykki héraðsfundar, og á sú sókn þá rétt til framangreindra eigna.

Sé um bændakirkju að ræða er leggja skal niður og söfnuður hennar sameinast annarri sókn, en bændur eða bóndi á bæði kirkjuhúsið og alla muni kirkjunnar, skal hann þá hafa ráðstöfunarrétt á eign þeirri. Þó skal honum skylt að hafa samráð við prófast um slík mál og getur prófastur, ef ekki næst samkomulag milli hans og kirkjubónda, vísað ágreiningsmálum til biskups sem tekur lokaákvörðun í hverju slíkra mála nema ákvæði annarra laga grípi þar inn í.

Þegar sókn er aflögð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsgr., getur biskup, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar og héraðsfundar, þá mælt svo fyrir, að sóknarkirkjan verði greftrunarkirkja.

22. gr. hljóðar svo:

Aðalsafnaðarfundur kýs safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður er nýr safnaðarfulltrúi hefur verið kosinn samkvæmt lögum þessum.

Sóknarnefnd sendir prófasti starfsskýrslu sóknarinnar eigi síðar en þremur vikum áður en héraðsfundur er haldinn. Safnaðarfulltrúi gerir grein fyrir störfum og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi eftir að héraðsfundur var haldinn.

25. gr. hljóðar svo:

Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara og umsjónarmann kirkju (kirkjuvörð) og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Rétt er sóknarnefnd að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf, enda hafi safnaðarfundur heimilað það. Um kaup og kjör og ráðningartíma fer sem í 1. málsgr. greinir.

Biskup Íslands staðfestir erindisbréf sóknarnefndar fyrir þessa starfsmenn.

Starfsmenn sókna, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta, eiga rétt á setu á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 31. gr.

26. gr. hljóðar svo:

Stofna skal til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna, eftir því sem fé er veitt til þess, og skal þar fjallað um almenn safnaðarstörf eða sérstaka þætti þeirra. Námskeiðin skulu haldin á vegum prófastsdæmis, biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka.

28. gr. hljóðar svo:

Nú kemur upp ágreiningur varðandi störf starfsmanna innan sóknar og verður eigi leystur þar á vettvangi. Er þá rétt að vísa málinu til prófasts, sem leitar lausnar í samráði við sóknarprest. Ef eigi tekst að leysa málið skal ágreiningnum vísað til biskups til fullnaðarúrlausnar.

Sþ. 193. Fyrirspurn [180. mál]

til viðskiptaráðherra um gjaldeyrissölu.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvert var gjaldeyrisútstreymið úr viðskiptabönkunum seinustu fimm dagana fyrir gengisfellinguna síðustu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 194. Fyrirspurn [181. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað vegna kjaradeilunefndar.

Frá Helga Seljan.

Hver var kostnaður af störfum kjaradeilunefndar í nýafstaðinni kjaradeilu ríkisins og BSRB:

a) beinn launakostnaður,
b) annar kostnaður?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 195. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd Nd. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til að **frv. verði samþykkt,** þ. e. að staðfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 5. nóv. 1984, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966, með síðari viðaukum, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík. Þessi afstaða okkar er í samræmi við skoðun þingflokks Framsóknarflokksins.

Þrátt fyrir þessa afstöðu okkar höfum við undirritaðir ýmsar athugasemdir að gera varðandi þetta mál í heild. Þótt atvik og aðstæður í málinu leiði til þeirrar niðurstöðu að rétt sé að staðfesta fyrirliggjandi samning með lögum fer því fjarri að aðrar eða víðtækari ályktanir sé hægt að draga af því um ágæti samskipta Íslendinga við svissneska auðhringinn Alusuisse í fortíð, nútíð og framtíð. Aðalsamningurinn frá 1966, sem er grundvöllur allra viðskipta Íslendinga við Alusuisse, er þess eðlis að ekki er að vænta góðrar samningsaðstöðu um breytingar Íslendingum til hagsbóta. Á þetta að sjálfsögðu við um samninginn í heild, en þó hvað helst um þau ákvæði sem fjalla um orkuverð, skatta og meðferð deilumála fyrir dómstólum. Hafa öll þessi ákvæði reynst þung í vöfum og óhagstæð Íslendingum, seinvirk og afar kostnaðarsöm.

Miðað við anda og efni aðalsamnings frá 1966 var því ekki að vænta meiri árangurs en fram er kominn af starfi samninganefndar Íslendinga við Alusuisse um þann ágreining, sem uppi hefur verið síðustu 2—3 ár um skattamál og orkuverð og ýmis önnur atriði í samskiptum aðila. Aðalsamningur verndar Alusuisse og Íslenska álfélagið í bak og fyrir um flest þau atriði sem mestu skipta.

Þá kemur það og til, sem ekki hefur bætt aðstöðu samninganefndar og iðnaðarráðherra þegar til kastanna kom, — og á þetta leggjum við undirritaðir mikla áherslu, — að orkuverð til álbræðslna hefur verið að lækka að undanförnu í heiminum og er enn lækkandi og ríkir alger óvissa um hvort eða hvenær það kynni að hækka í framtíðinni. Ástæðan til þess að orkuverð fer lækkandi er augljós: *Áliðnaður er í lægð og er óálitlegur atvinnuvegur eins og stendur, og framtíð áliðnaðar getur ekki talist ákaflega björt, heldur hið gagnstæða.*

Að vísu hafa gestir iðnaðarnefndar kynnt nefndarmönnum s. k. „spár“ erlendra ráðgjafarfyrirtækja sem gera sér það að atvinnu að „spá“ um framtíðarhorfur í áliðnaði, þ. e. hvenær „líkur“ séu fyrir því að hagur áliðnaðar taki að vænkast, en um það eru spámenn þessir nú spurðir. Undirritaðir nefndarmenn telja varhugavert að gera mikið úr slíkum spám og vona á þær, ekki af því að spámennirnir kunni ekki til verka, svo sem verða má, heldur vegna þess að hér er um þess háttar líkindareikning að ræða sem háður er mikilli

óvissu. Spá af þessu tagi er fjarri því að vera óskeikul. Allt eins má hugsa sér að álkreppan eigi eftir að vaxa enn og vara lengur en séð verður. Það þyrfti ekki annað en t. d. að flugvélagerð breyttist, sem gæti orðið innan ekki mjög langs tíma, með þeim afleiðingum að ál hentaði ekki sem smíðaefni í flugvélar, auk þess sem endurvinnsla áls (t. d. álumbúða af ýmsu tagi) ykist verulega og áliðnaður breyttist þannig í eðli sínu.

Íslendingar ættu að fara sér hægt í að einbeita áhuga sínum og framtaki að slíkum vonarpeningi sem álbræðsla er í atvinnuuppbyggingu í framtíðinni.

Með tilliti til þessa tvenns sem hér hefur verið rakið, í fyrsta lagi *óhagstæðs aðalsamnings frá 1966* og í öðru lagi *kreppu í áliðnaði,* teljum við undirritaðir að samningsaðstaða Íslendinga við Alusuisse um hækkað raforkuverð hafi ekki verið góð. Því teljum við að ekki sé ástæða til að vanmeta þá niðurstöðu sem fyrir liggur um raforkuverðið. Sé málið virt í heild var naumast við betri kjörum að búast. Íslendingar eru og verða heftir af grundvallarsamningi um álbræðsluna í Straumsvík frá 1966. Af þeim samningi hljóta Íslendingar að súpa seyðið til loka samningstímabilsins. Telja verður þó að miðað hafi í rétta átt um endurbót á aðalsamningi að því leyti að bætt hefur verið í hann nýju ákvæði um endurskoðun raforkuverðs á 5 ára fresti. Er þess að vænta að með þessu ákvæði opnist leið til þess að ákveða raforkuverðið sem næst því sem eðlilegt getur talist á hverjum tíma. Slíkt endurskoðunarákvæði hefði verið sjálfsagður hlutur í samningnum frá upphafi, eins og framsóknarmenn bentu á þegar málið var til meðferðar Alþingis vorið 1966. Hitt er annað að endurskoðunarákvæðin, eins og þau nú liggja fyrir í 28. gr. raforkusamningsins, eru engan veginn ótvíræð til skilnings og túlkunar. Gildi þessara ákvæða kemur ekki skýrt í ljós af orðum þeirra einum saman. Um gildi þessara ákvæða verður að bíða reynslunnar. Er síst að undra þótt álit manna á hinu nýja endurskoðunarákvæði, sem ekki hefur hlotið dóm reynslunnar, velkist eitthvað milli vona og efasemda.

Undirritaðir nefndarmenn taka fram að þeir hafa allan fyrirvara á um fylgi sitt við hugmyndir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík eins og þær koma fram í svokölluðum bráðabirgðasamningi frá 28. sept. 1983 og svonefndu bréfi um samkomulag „frá 5. nóv." 1984, undirrituðu af iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og tveim forstjórum Alusuisse fyrir hönd þess félags.

Að dómi undirritaðra er slík stækkun ekki eftirsóknarverður kostur í atvinnumálum Íslendinga. Þær kostnaðarsömu orkuframkvæmdir, sem kynni að leiða af stækkun álversins, verða eingöngu fjármagnaðar með erlendu lánsfé. Er augljóst að á slíkar stórlántökur er ekki bætandi og þeim mun síður þar sem meginþungi skuldabyrðar þjóðarinnar er af völdum erlendrar lántöku til orkuframkvæmda, sem telja má nægar í bili, svo að hægja mætti á orkuframkvæmdum, a. m. k. um sinn. Við undirritaðir óttumst að frekari stækkun álversins í Straumsvík mundi tefja fyrir fjárfestingu í nýjum atvinnugreinum og stofnun eða endurskipulagningu fyrirtækja sem betur munu henta þörfum Íslendinga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og fleiri störf í vaxandi þjóðfélagi. Vilja undirritaðir fyrir sitt leyti vara við því að Íslendingar haldi áfram að fylgja fram stóriðjustefnu og orkustefnu sem þegar hefur runnið sitt skeið og vinnur gegn þeirri þjóðfélagsgerð og atvinnuuppbyggingu sem betur mun henta Íslendingum á komandi árum og áratugum. Stóriðjustefnan er á fallanda fæti. Um þá framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins, sem við höfum í huga, vísast til nýlegrar samþykktar miðstjórnar Framsóknarflokksins í atvinnumálum en þar er stóriðjustefnan eins og hvert annað aukaatriði.

Þrátt fyrir þessar almennu athugasemdir og fyrirvara um einstök atriði, sem tengjast þessu máli, teljum við þá hækkun orkuverðs, sem um er samið, mikilvæga úrbót miðað við þau óviðunandi kjör sem Íslendingar hafa búið við samkvæmt núgildandi orkusamningi og mælum því með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 27. nóv. 1984.

Páll Pétursson, form., frsm. Ingvar Gíslason.

Nd. 196. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Á árunum 1975 til 1980 var hljótt um það á Alþingi af hálfu annarra en talsmanna Alþýðubandalagsins að endurskoða þyrfti samninga um álverið í Straumsvík, m. a. til að tryggja sanngjarnt raforkuverð frá þessu fyrirtæki sem lengi vel fékk um helming af raforku Landsvirkjunar.

Þann 9. desember 1980 samþykkti þáverandi ríkisstjórn tillögu undirritaðs um að teknar yrðu upp samningaviðræður um endurskoðun gildandi samninga milli Alusuisse og Íslands, ekki síst með hækkun raforkuverðsins í huga, og jafnframt að óska eftir því við Alusuisse að fyrirtækið gæfi skýringar á þeim mikla verðmismun sem tengdist sölu á súráli frá Ástralíu til Íslands og hlaut heitið „hækkun í hafi".

Með þeim víðtæku athugunum, sem þá höfðu farið fram á vegum iðnaðaráðuneytisins og aukið var við á árunum 1981—1983, var hnekkt þeirri blekkingu, sem Alusuisse hafði sett á svið með bókhaldskúnstum, að dótturfyrirtækið ÍSAL berðist í bökkum og álverið gæti ekki tekið á sig hærra raforkuverð eða auknar skattgreiðslur til íslenska ríkisins.

Á ýmsu hefur gengið um samningaumleitanir og viðræður við Alusuisse undanfarin fjögur ár, en nú liggur fyrir Alþingi eftirtekjan af samningaviðræðum stjórnvalda við auðhringinn til þessa. Sjálfsagt er að fagna breytingum sem nást fram til umtalsverðra bóta á viðskiptum við hinn erlenda aðila. Þær leiðréttingar á raforkuverði, sem fram koma samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi, eru vissulega ávinningur sem eins og annað í þessu máli hefur náðst fram og sótt efnisleg rök í málatilbúnað fyrri ríkisstjórnar.

Þegar hins vegar er litið til fyrirliggjandi frumvarps um lagagildi þriðja viðauka-samnings um álbræðsluna í Straumsvík í heild verður að telja að miðað við sterka málefnastöðu Íslands megin sé eftirtekjan ótrúlega rýr í þeim samningi sem hér er leitað eftir að Alþingi staðfesti.

Ákvæði frumvarpsins og samninganna sem því fylgja eru í heild sinni óviðunandi og mörg ákvæði stórkostlega varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni. Undirritaður er því andvígur frumvarpinu og leggur til að það verði fellt.

Afleiðingarnar af viðræðum þeirrar samninganefndar sem ríkisstjórnin skipaði, án minnstu tengsla við stjórnarandstöðuna, í júní 1983 liggja hér fyrir, staðfestar af iðnaðarráð-herra og ríkisstjórninni í heild. Þær birtast m. a. í eftirfarandi staðreyndum sem frumvarp þetta hefur að geyma:

— Samið er til 20 ára um raforkuverð til álversins sem er langt undir framleiðslukostnaði og án verðtrygginga þannig að það rýrnar jafnt og þétt að raungildi á samningstímanum.
— Endurskoðunarákvæði rafmagnssamningsins eru haldlítil og að líkindum verri en engin eins og um hnútana er búið.
— Breytt er mörgum þýðingarmiklum skattaákvæðum gildandi samninga og öllum til hagsbóta fyrir Alusuisse á sama tíma og viðræður eru á byrjunarstigi um breytt skattkerfi fyrir ÍSAL.

— Fallist er á kröfu Alusuisse um að mega framselja eigin dótturfélögum hlutafé í ÍSAL eða framselja til óskylds þriðja aðila 50% hlutafjárins en það er auðhringnum mikið hagsmunaatriði.
— Ríkisstjórnin veitir Alusuisse ótímabundið loforð um forgang að raforku til að stækka álverið um helming ef saman gengur um raforkuverð og aðra skilmála sem ekkert liggur fyrir um nú hverjir verða.
— Fallið er frá kröfum íslenska ríkisins á hendur Alusuisse um viðbótarskatta vegna skattsvika ÍSALs sem að mati alþjóðlegra endurskoðenda nema a. m. k. tæpum 60 milljónum bandaríkjadala, eða um 2300 milljónum íslenskra króna, á árunum 1976—1983.
— Alusuisse er veitt fortakslaus syndakvittun gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala (120 milljóna ísl. kr.) sem í reynd er viðurkenning auðhringsins á skattsvikum fyrri ára og tapaðri stöðu fyrir dómnefndum vegna „hækkunar í hafi“ og annarra vanefnda á samningi.
— Þrátt fyrir ákvæði bráðabirgðasamnings aðila frá 23. sept. 1983 um að „ná endanlegu samkomulagi ekki síðar en 1. apríl 1984“ hefur Alusuisse tekist að undanskilja mikilvæga þætti (breytt skattkerfi, stækkun álversins) og styrkja þannig enn frekar stöðu sína að fenginni sakaruppgjöf.

Þau atriði, sem íslensk stjórnvöld geta talið til einhverra hagsbóta, þ. e. leiðréttingá raforkuverði og óbein viðurkenning á skattsvikum, hafa einvörðungu náðst fram vegna þeirrar sterku stöðu sem byggð var upp í tíð fyrri ríkisstjórnar en eru afar léttvæg miðað við ókosti þessa frumvarps.

Það segir sína sögu að Alþýðuflokkurinn, sem stóð á sínum tíma að álsamningunum og varði þá lengst af, hefur við meðferð þessa frumvarps í efri deild tekið eindregna afstöðu gegn ákvæðum þess, auk annarra flokka í stjórnarandstöðu eins og Samtaka um kvennalista.

Öll meðferð málsins af hálfu núverandi ríkisstjórnar er ámælisverð og Alþingi stendur nú frammi fyrir gerðum hlut og ósæmilegum þrýstingi er beitt til að þvinga málið í gegn án viðhlítandi þinglegrar meðferðar.

Hér á eftir verður varpað ljósi á nokkra þætti þessa máls um leið og vísað er til ítarlegs nefndarálits Skúla Alexanderssonar í efri deild frá 19. nóv. s.l. (þskj. 176).

Ósæmileg málsmeðferð.

Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, er niðurstaða af *leynimakki* ríkisstjórnarflokkanna og samninganefndar þeirra við Alusuisse. Stjórnarandstaðan var útilokuð frá öllum samningaviðræðum í tíð núverandi ríkisstjórnar og fékk engar upplýsingar um gang mála fyrr en á lokastigi samninga og þá sem trúnaðarmál. Fjölmiðlar fengu heldur engar efnislegar upplýsingar og urðu að byggja á getgátum og brotum sem talsmenn ríkisstjórnarinnar töldu sér henta að láta kvisast um gang samningaviðræðna.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar áttu þingflokkar aðild að álviðræðunefnd sem fékk allar upplýsingar sem vörðuðu undirbúning og gang samningaviðræðna við Alusuisse. Álviðræðunefndin hélt 54 bókaða fundi á því eina og hálfu ári sem hún starfaði, 1981—1982, eða þar til Guðmundur G. Þórarinsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, sagði sig úr henni 7. desember 1982. Þrátt fyrir aðild að álviðræðunefnd sá þingflokkur sjálfstæðismanna ástæðu til að kvarta undan ónógu samráði um málið með bréfi til undirritaðs, dagsettu 5. maí 1982. Þar sagði m. a.:

„Forsenda þess að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli er fullt samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.“

Sjálfstæðisflokkurinn var fljótur að gleyma þessu heilræði frá eigin þingflokki eftir að ráðherra hans tók við lyklavöldum í iðnaðarráðuneytinu.

Minnt skal á að fljótlega eftir að álviðræðunefnd var skipuð á árinu 1981 hóf Alusuisse markvissar tilraunir til að sundra henni, m. a. í febrúar 1982 þegar auðhringurinn aflýsti fyrirvaralaust og einhliða viðræðufundi við nefndina. Þessi viðleitni Alusuisse hlaut þá þegar óvæntan stuðning frá fulltrúa Framsóknarflokksins í nefndinni.

Haustið 1982 fluttu þingmenn Sjálfstæðisflokksins tillögu á Alþingi um nýja viðræðunefnd við Alusuisse „til að Alþingi taki í taumana og veiti forustu í þeim viðræðum sem nú hafa farið út um þúfur við Alusuisse.“ — Skömmu fyrir þinglausnir í mars 1983 sameinuðust fulltrúar þriggja flokka í atvinnumálanefnd sameinaðs þings um að afgreiða tillögu Sjálfstæðisflokksins um viðræðunefnd við Alusuisse út úr nefndinni og var hún túlkuð af flutningsmönnum sem vantraust á undirritaðan. Um leið var tekið undir ýmsa þætti af óskalista auðhringsins, m. a. um stækkun álversins og nýjan hluthafa í ÍSAL.

Með þessu hafði skapast samstaða Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um álmálið **fyrir alþingiskosningarnar í apríl 1983** á grundvelli sem Alusuisse hafði rekið áróður fyrir til að skapa sér auðveldari samningsaðstöðu. — Á talsmönnum þessara flokka mátti helst skilja að þreföldun raforkuverðsins lægi á borðinu strax og skipt hefði verið um forustu í iðnaðarráðuneytinu.

Slíkir samningar reyndust hins vegar torsóttari en nýir valdhafar höfðu haldið fram og Alusuisse hagnýti sér stöðuna, sem upp var komin, til hins ýtrasta.

Í stað skjótrar heildarlausnar varð ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að láta sér nægja **bráðabirgðasamning** í september 1983 þar sem Alusuisse réð mestu um rammann sem dreginn var um framhaldið. Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra lýsti þessum bráðabirgðasamningi hins vegar sem „ótrúlegu afreki“.

Með bráðabirgðasamningi þessum náði Alusuisse m. a. fram eftirtöldu:

Að kippa skattadeilumálunum **úr gerðardómsmeðferð** og koma þeim í flókið dómnefndarkerfi.

Að fá samþykkta **viðmiðun um frambúðarraforkuverð** þar sem tekið skyldi mið af samkeppnisstöðu ÍSALs og orkukostnaði áliðnaðar í Evrópu og Ameríku, en hvergi var minnst á framleiðslukostnað raforku á Íslandi.

Að fá yfirlýsingu um **gagnkvæman áhuga** um stækkun álversins þannig að afkastageta þess yrði tvöfölduð í tveimur áföngum.

Að fá **samþykki ríkisstjórnarinnar** fyrir að Alusuisse megi framselja hlutabréf sín í ÍSAL til eins eða fleiri dótturfélaga og allt að 50% af hlutafjáreign til óskylds þriðja aðila.

Þessi bráðabirgðasamningur gerði ráð fyrir **„endanlegu samkomulagi eigi síðar en 1. apríl 1984“**, einnig um endurskoðað skattkerfi og fleiri ákvæði.

Hvergi var í þessum bráðabirgðasamningi getið um tengsl milli skattdeilumálanna og endurskoðunar á frambúðarsamningum, enda virðist svo sem ríkisstjórnin hafi talið að sú leið, sem Alusuisse gerði tillögu um, með sérfræðinganefndum í stað samningsbundins gerðardóms, yrði skjótvirk og tæki aðeins fáa mánuði.

Markmið Alusuisse voru frá upphafi allt önnur, m. a.:

— Að knýja fram sakaruppgjöf í skattdeilunni og forða þannig auðhringnum frá áfellisdómi vegna „hækkunar í hafi“.

— Að kljúfa málið upp í marga þætti og tefla af hörku um hvern þeirra.

— Að tefja samninga enn frekar og hagnýta sér stöðuna gagnvart „annars konar heiðursmönnum“ sem nú sátu í ríkisstjórn og höfðu komið sér í erfiða samningsstöðu gagnvart auðhringnum.

Þessum markmiðum sínum hefur auðhringurinn nú náð fram með auðveldari hætti en nokkurn gat órað fyrir. Alþingi stendur frammi fyrir **bindandi samningi** sem það getur

aðeins samþykkt eða synjað, og **settar eru eins konar dagsektir á alþingismenn við meðferð málsins í þinginu.** Alusuisse hefur fengið sig hvítþvegið af öllum ávirðingum í samskiptum við Íslendinga til þessa dags án þess að **heildstætt samkomulag** liggi fyrir um efni bráðabirgðasamningsins frá haustinu 1983, m. a. er eftir að ganga frá stórum þætti eins og **nýju skattkerfi** og ósamið er um skilmála varðandi **stækkun álversins** í Straumsvík.

Sú staðreynd, að Alusuisse hefur með svo afgerandi hætti tekist að skipta upp samningamálum gagnvart ríkisstjórninni, er **alvarlegasta og augljósasta brotalömin á samningsstöðu Íslands.** Þegar svo í ljós kemur innihald þess hluta pakkans sem er afhjúpaður með þessu frumvarpi blasir við árangur auðhringsins af viðleitni hans til að deila og drottna í íslensku efnahags- og stjórnmálalífi á undanförnum árum.

„Hækkun í hafi" staðfest.

Þegar ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens samþykkti kröfu um endurskoðun álsamninganna í desember 1980 hafði hún í höndum sannanir á hendur Alusuisse um kerfisbundið yfirverð á súráli sem auðhringurinn „hækkaði í hafi" á leiðinni frá Gove í Ástralíu til Straumsvíkur. **Mismunurinn á fob-verði súrálsfarmanna** út úr Ástralíu og inn til Íslands nam hvorki meira né minna en **47,5 milljónum bandaríkjadala,** eða nær 2000 milljónum íslenskra króna á árunum 1975—1980.

Á eftir fylgdu sérstakar úttektir á **yfirverði á aðföngum,** svo sem súráli og rafskautum, á tímabilinu 1975—1981 sem reyndist samtals nema 31,4 milljónum bandaríkjadala að mati Coopers & Lybrands.

Við endurskoðun á ársreikningum ÍSALs fyrir árin 1980 og 1981 voru reikningar fyrirtækisins enn fremur leiðréttir vegna afskrifta um samtals 4,4 milljónir bandaríkjadala. Samtals var þannig hagnaður ÍSALs á tímabilinu 1975—1981 35,8 milljónum bandaríkjadala meiri en ráða mætti af bókhaldi þess, að mati hinna alþjóðlegu endurskoðenda.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar endurákvarðaði fjármálaráðuneytið framleiðslugjald ÍSALs þann 10. febrúar 1983 og skuldfærði fyrirtækið alls um 6,6 milljónir dollara vegna áranna 1976—1980. **Með viðurlögum nam þessi krafa á ÍSAL um það bil 10,4 milljónum bandaríkjadollara vorið 1983.** Þá ákvað Alusuisse að nota sér ákvæði aðalsamnings frá 1966 og vísa málinu í alþjóðlegan gerðardóm. Féllst iðnaðarráðuneytið á þá málsmeðferð fyrir sitt leyti með bréfi þann 9. maí 1983 og var málsundirbúningur hafinn vegna gerðardómsmálsins áður en ríkisstjórnarskiptin urðu 26. maí 1983.

Því er við að bæta að við endurskoðun Coopers & Lybrands á ársreikningum ÍSALs fyrir árin 1982 og 1983 kom í ljós að fyrirtækið var enn með yfirverð á aðföngum, vanreiknað verð á seldu áli og of háar afskriftir. Nam **heildarleiðréttingvegna ársreiknings 1982** samtals um **13,1 milljón** og vegna **1983 9,6 milljónum bandaríkjadala.** Þótt leiðréttingar þessar leiddu ekki til hækkaðra skatta þessi ár vegna taprekstrar ÍSALs, sem nam t. d. 11,5 milljónum dollara árið 1981 samkvæmt framlögðum reikningum, er ljóst að bókfærð skuldasöfnun og vaxtagreiðslur geta haft áhrif á afkomu ÍSALs og þar með á skattgreiðslur ÍSALs á komandi árum. Bókfærð skuldasöfnun ásamt lágu hlutfalli eigin fjármagns Alusuisse í ÍSAL (17,6% árið 1981) hefur einmitt leitt til hárra vaxtagreiðslna á liðnum árum, og þannig hefur Alusuisse m. a. reynt að draga úr skattgreiðslum fyrirtækisins.

Þegar litið er á leiðréttingar Coopers & Lybrands á bókhaldi ÍSALs öll umrædd ár, 1975—1983, kemur í ljós að þær nema samtals **58,5 milljónum bandaríkjadala,** eða um 2300 milljónum ísl. króna skv. núverandi gengi (bandaríkjadalur = 39,50 ísl. kr.).

Þessi endurskoðun og leiðréttingar á bókhaldi álversins í Straumsvík hafa auk skattkröfu íslenska ríkisins leitt í ljós **allt aðra og betri afkomu ÍSALs** um 10 ára skeið en Alusuisse, sem eigandi fyrirtækisins, hefur viljað láta koma fram og er þó hægt að fullyrða að mat endurskoðendanna er mjög varfærnislegt, m. a. hvað snertir yfirverð á aðföngum.

Með þessu hafa íslensk stjórnvöld jafnframt rennt styrkum stoðum undir kröfur sínar um stórhækkaðar greiðslur fyrir raforku frá ÍSAL þótt þau rök hafi ekki verið hagnýtt sem skyldi við fyrirliggjandi breytingar á rafmagnssamningi.

Hin umfangsmikla athugun á fjárreiðum ÍSALs, samningunum við Alusuisse og stöðu áliðnaðar á Íslandi, sem iðnaðarráðuneytið beitti sér fyrir á árunum 1979—1983, var **lykillinn að því að knýja fram endurskoðun álsamninganna.** Niðurstaða þessara athugana og sterk staða fyrir dómnefndum, þangað sem aðilar höfðu vísað skattdeilunum, gat allt fram á síðasta haust skapað viðspyrnu til að ná hagstæðum samningum við Alusuisse, **ef núverandi ríkisstjórn hefði haldið rétt á málum.**

Veikleikinn í málsmeðferð núverandi ríkisstjórnar var m. a. í því fólginn að þau pólitísku öfl, sem að henni stóðu, höfðu ætíð reynt að gera lítið úr skattsvikum og bókhaldsbrellum Alusuisse. Áhrifamiklir innlendir aðilar töluðu tíðum um ofsóknir undirritaðs á hendur auðhringnum og óréttmætar ásakanir um „sviksamlegt athæfi" þegar um var að ræða eðlilega hagsmunagæslu fyrir hönd íslenska ríkisins. *Það kom þeim á óvart þegar „hækkun í hafi" lá skjalfest fyrir dómnefndum og Ísland reyndist hafa afar sterka stöðu í skattdeilunni þrátt fyrir málsmeðferð samkvæmt bráðabirgðasamningi.* Við þessar aðstæður, sem lágu fyrir á miðju sumri 1984, lokkaði Alusuisse samninganefnd íslensku ríkisstjórnarinnar inn á spor „réttarsáttar" og sakaruppgjafar í skattadeilunni gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala (um 120 milljóna ísl. króna) og nokkurrar leiðréttingar á raforkuverði til ÍSALs umfram það sem Alusuisse hafði sýnt lit á fram að þeim tíma.

Jafnframt tókst Alusuisse að knýja fram margháttaðar breytingar á gildandi **skattreglum** sem allar voru auðhringnum til stórfelldra hagsbóta á sama tíma og eftir voru skildir samningar um breytt skattkerfi.

Í **rafmagnssamningnum** tókst Alusuisse að halda leiðréttingu í algjöru lágmarki, bæði umsömdu viðmiðunarverði og ekki síður verðtryggingu og endurskoðunarákvæðum.

Þegar litið er yfir fyrirliggjandi frumvarp með breytingum á aðalsamningi og fylgisamningum, ásamt „sáttargjörð", verður ekki hjá því komist að álykta að **heildarsýn og samhæfingu hafi vantað við samningsgerðina af Íslands hálfu.** Inn í þetta kemur einnig leyndin og pukrið við samningsgerðina og það pólitíska hugleysi sem einkennt hefur samskipti núverandi ráðamanna íslenskra og Alusuisse um langt skeið.

Það er ekki aðeins að málsmeðferð og upplýsingum væri haldið leyndum fyrir stjórnarandstöðunni fram á síðustu stund, heldur var aðeins örfáum mönnum í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar leyft að fylgjast með gangi viðræðna. Iðnaðarráðherra virðist heldur ekki hafa sett sig nema mjög takmarkað inn í málavöxtu á hverjum tíma, ef marka má **mótsagnakenndar** og sumpart **rangar yfirlýsingar** hans í fjölmiðlum og á Alþingi. — Við þessar aðstæður var þess kannske ekki að vænta að betur tækist til en raun ber vitni. *Alusuisse hefur enn einu sinni tekist að hlunnfara Íslendinga í samningum, og Alþingi er ætlað að skrifa upp á niðurstöðuna með líkum hætti og eftir endurskoðun samninganna 1975.* Staðan er þess vegna að því leyti lakari nú en þá að ólokið er mikilsverðum samningsþáttum og óvissan þannig enn meiri um heildarniðurstöðu.

Hér verða á eftir dregin saman helstu atriði er varða fjóra meginþætti málsins: Sáttargerðarsamning, skattamál, rafmagnssamning og fyrirheitin um stækkun álversins.

Sáttargerðarsamningurinn.

Samningur þessi, sem birtur er á fylgiskjali V með frumvarpinu og undirritaður af iðnaðaráðherra og forstjórum Alusuisse, er lögfræðileg útfærsla á þeim ásetningi aðila „að binda enda á allan ágreining sín á milli og ná fullum og endanlegum sáttum um allar kröfur er uppi voru hafðar fyrir dómnefndunum, og um allar aðrar kröfur varðandi framleiðslugjald ÍSALs vegna áranna 1976 til og með 1983, ásamt nokkrum öðrum kröfum . . ."

Samkvæmt honum er Alusuisse veitt **syndakvittun** vegna skattsvika ÍSALs og vantalins hagnaðar að upphæð 58,5 milljónir bandaríkjadala á umræddu tímabili **gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala** sem komi til lækkunar á skattinneign Alusuisse hjá ríkissjóði. Vísað er til breytinga á aðalsamningi skv. fylgiskjali A og breytinga á aðstoðarsamningi — rekstri samkvæmt fylgiskjali B og tekið fram að hvorki tilvist né efni þessara breytinga „felur í sér viðurkenningu af hálfu hvors aðila um sig að hann hafi brotið í bága við neitt ákvæði aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs eða haldið fram neinni rangri túlkun á neinu þeirra ákvæða aðalsamningsins eða aðstoðarsamningsins — reksturs sem breyting tekur til."

Frá **syndakvittuninni** er afar vandlega gengið í texta sáttargerðarsamningsins, m. a. með svofelldu orðalagi (bls. 49):

„Ríkisstjórnin samþykkir að leysa Alusuisse og ÍSAL, og leysir þau hér með, frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast, að lögum, eðli máls eða í öðru tilliti, þar á meðal öllum kröfum þegar gerðum fyrir dómnefndunum, án þess að tæmandi sé talið, sem ríkisstjórnin hefur nokkru sinni átt, á nú eða getur hér eftir átt eða mundi eiga gegn Alusuisse eða ÍSAL af hvaða atvikum eða orsökum sem er, sem nú eru fyrir hendi eða hafa gerst fram á þann dag, sem greinir hér í upphafi, að undanskildum sérhverjum kröfum sem ríkisstjórnin kann að eiga í tengslum við framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir árið 1984."

Öllu rækilegar gat Alusuisse ekki bundið endana í þessari sáttargerð og eru þó atriði ótalin í þessum gjörningi þar sem kveðið er fastar að orði.

Í 9. lið þessa samnings segir:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Þrátt fyrir þetta ákvæði var blekið varla þornað af undirskriftum frá 5. nóvember s. l. þegar framkvæmdastjóri ÍSALs, Ragnar S. Halldórsson, bauð starfsmönnum ÍSALs til veislu í tilefni þess að framleitt var milljónasta áltonnið þann 7. nóvember s. l. og hafði m. a. þennan boðskap að flytja í ávarpi skv. endursögn Morgunblaðsins 16. nóvember 1984:

„Svo skemmtilega vill til að einmitt í dag lagði Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra samkomulagið fyrir Alþingi. Með því er endi bundinn á þær deilur sem fyrrverandi iðnaðarráðherra hóf á ofanverðum vetri 1980. Í fjölmiðlum hefur ranglega verið skýrt frá því að ÍSAL greiði skaðabætur að upphæð 3 milljónir dollara. Hið rétta er að skattinneign ÍSALs hjá ríkissjóði verður lækkuð um 3 milljónir dollara, sem samsvarar vöxtum af inneigninni frá 1975 þegar síðast var samið. Þetta var samþykkt með tilliti til þess mikla kostnaðar sem áframhaldandi málaferli hefðu haft í för með sér, og vegna þess, sem skiptir miklu máli, að leyfi hefur fengizt til stækkunar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Ríkisstjórnin hefur jafnframt lýst yfir að Alusuisse og ÍSAL hafa ekki í neinu brotið gegn fyrri samningum, það er ágreiningurinn var um skilning á samningsákvæðum."

Ekki er vitað til að forstjórinn hafi haft samráð við Sverri Hermannsson iðnaðarráðherra um þessa túlkun á sáttum aðila, en til margs er að vitna upp úr þessum samningi. — Hinu geta menn velt fyrir sér hvort líklegt sé að fyrirtæki reiði fram 120 milljónir ísl. króna telji það sig hafa hreinan skjöld.

Aðstoðarsamningur um rekstur.

Auk ákvæða um seilingarverð („arm's-length dealings") við útreikning á nettóhagnaði ÍSALs skv. gr. 27.03 í aðalsamningi er **kveðið enn skýrar á um skyldur Alusuisse í þessu efni gagnvart ÍSAL í aðstoðarsamningi um rekstur,** sem er fylgisamningur með aðalsamningi og með lagagildi eins og aðalsamningurinn.

Þar segir í grein 2.03 um rekstur ÍSALs: „Alusuisse mun veita ÍSAL, að beiðni þess, ráðleggingar og aðstoð á sviðum fjárhagsmála og stjórnsýslu, og miðla þannig reynslu þeirri,

sem það öðlast við rekstur á þeim stöðum öðrum, er um getur í málsgrein 2.01, sem hér segir: ... Tækni- og stjórnsýsluaðstoð í sambandi við *útvegun hráefna og innkaup ÍSALs,* og skal aðstoð veitt með þjónustu tækni- og stjórnsýsludeilda Alusuisse í Sviss eða annars staðar. Í þessu skyni mun Alusuisse færa sér í nyt viðskiptasambönd sín og tengsl við þá aðila, sem kunna að hafa á boðstólum hráefni og vistir, *aðstoða ÍSAL,* eftir því sem við á, í samningaumleitunum þess og *á þann hátt og sérhvern annan,* sem tiltækur kann að vera, leitast við *að tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru.“*

Þessi ákvæði þýða í raun að *Alusuisse skuldbindur sig af skattaástæðum til að útvega ÍSAL aðföng á besta fáanlegu verði* og að hreinan hagnað ÍSALs skuli reikna út á grundvelli seilingarverðs milli óskyldra aðila. Fyrir þessa þjónustu er Alusuisse áskilin sérstök þóknun sem nemur 2,2% af veltu ÍSALs og er fyrirtækinu heimilt að draga þá upphæð frá hagnaði fyrir skatta.

Hér er um að ræða ákvæði sem **Jóhann Hafstein** iðnaðarráðherra vitnaði til í framsöguræðu sinni fyrir álsamningunum 1966, en á síðustu árum hafa staðið um þau harðar deilur milli Alusuisse og íslenskra stjórnvalda í tengslum við skattsvik ÍSALs.

Við umræður utan dagskrár í sameinuðu þingi 25. október s.l. um ný samningsdrög við Alusuisse lagði undirritaður nokkrar spurningar fyrir **Sverri Hermannsson** iðnaðarráðherra. Af því tilefni sagði ráðherra í umræðunni þann dag:

„Síðan kemur fjórða spurning:

„Hefur í núverandi samningsdrögum við Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði aðstoðarsamningsins um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum? **Svarið er nei.“**

Þegar frumvarpið síðan var lagt fyrir Alþingi 7. nóvember s.l. kom í ljós að **ráðherra hafði farið með staðlausa stafi** varðandi **skattareglur,** sem breytt er í veigamiklum atriðum með breytingum á aðalsamningi, og **sérstök breyting** er gerð á tilvitnuðu ákvæði aðstoðarsamnings um rekstur. Um breytinguna, sem er að finna í fylgiskjali B með frumvarpinu, segir svo í athugasemdum með lagafrumvarpinu:

„Með breytingu þessari er það gert ótvírætt, að umrædd ákvæði 2.03 (c) um „bestu skilmála“ eigi við í þeim tilvikum, þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup **hjá þriðja aðila,** en EKKI þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Frá sjónarmiði Alusuisse skiptir þessi túlkun ákvæðisins ekki aðeins máli gagnvart ríkisstjórninni, heldur einnig gagnvart hugsanlegum samstarfsaðila í ÍSAL samkvæmt hinum nýju ákvæðum þar um, og hefur fyrirtækið því lagt áherslu á að fá aðstoðarsamningnum breytt að sinni.“

Þessi breyting er þeim mun afdrifaríkari sem um sáralítil kaup er að ræða á hráefnum til ÍSALs frá þriðja aðila, þ. e. öðrum en Alusuisse. **Hér er því verið að leysa auðhringinn undan þungri fjárhagslegri skuldbindingu** og nánast verið að lögheimila yfirverð („transfer pricing“) á aðföngum til álversins.

Þegar undirritaður innti iðnaðarráðherra eftir því við 1. umræðu um málið í neðri deild 21. nóvember s.l. hverju þetta sætti í ljósi staðhæfinga hans í sameinuðu þingi 25. október s. l. svaraði ráðherra m. a. með þessum orðum:

„En það er eitt atriði í máli hv. 5. þm. Austurl. sem ég get auðvitað ekki látið liggja í þagnargildi, heldur óska eftir því að það atriði verði sérstaklega rannsakað af iðnn., og það eru fullyrðingar hans og áburður um að ég hafi vísvitandi farið með rangt mál í svörum mínum við fsp. frá honum sem hann varpaði fram í utandagskrárumr. hinn 25. okt. s.l. En þar var 4. spurning í fyrirspurnalista hans á þessa leið:

Hefur í núverandi samningsdrögum Alusuisse verið gefinn einhver ádráttur um

breytta túlkun á ákvæðum núgildandi samninga að því er skattareglur snertir, t. d. ákvæði aðstoðarsamnings um að Alusuisse sjái ÍSAL fyrir aðföngum á bestu fáanlegum kjörum? Það hafði engin breyting verið lögð fram við aðstoðarsamninginn 25. okt. Ég bið hv. þm. að nótera það hjá sér hvort það hafi ekki fyrst komið fram aðfaranótt hins 3. nóv. að breyting væri gerð á aðstoðarsamningi um þetta efni. Þetta er það fyrsta og ég óska eftir því sérstaklega að nefndin kalli Hjört Torfason hrl. á sinn fund til þess að útskýra þessi ákvæði nákvæmlega, vegna þess að auðvitað get ég ekki stundinni lengur legið undir áburði um það að ég hafi farið með rangt mál. Og ég bið nú hv. þdm. að hugleiða hvernig það má vera að ég hefði hagað mér þannig vísvitandi hafandi það alveg fyrir augum að slík sviksemi í orðum og athöfnum mundi upp koma á borð manna innan tíðar þar sem ég átti það auðvitað fyrir höndum að leggja alla samningsgerðina fyrir hið háa Alþingi.

En ég vil enn fremur minna á að þessi breyting á aðstoðarsamningnum er málsútlistun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi, 27.03, og ég ítreka og endurtek: það er túlkun Hjartar Torfasonar og lögfræðilegra ráðunauta okkar á ákvæðinu í aðalsamningi sem þarna er tekið fram í breytingunni á aðstoðarsamningnum. Þess vegna er það heldur ekki breyting á honum, sem þarna er komin fram, heldur lagaleg útlistun okkar manna — um þetta var þrætt af miklum móð á sínum tíma — og skilningur á þessari grein. Með þessari breytingu, sem ekki er efnisbreyting, er það gert ótvírætt að umrætt ákvæði, 2.03 (e) um bestu skilmála, eigi við í þeim tilvikum þegar Alusuisse veitir ÍSAL aðstoð sem ráðgjafi við innkaup hjá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Gamla aðalsamninginn skilja okkar lögfræðiráðunautar og túlka á þessa vísu. Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlistun, tekin af tvímæli. En ég endurtek: Þetta var ekki þegar ég svaraði hv. þm. (**Gripið fram í:** Hver fór fram á breytinguna á þessu, hæstv. ráðh.?) Ég fer fram á það að nefndin rannsaki þetta mál gaumgæfilega og fái þær upplýsingar og kalli á samninganefndarmennina, að vísu á einn hv. þm. sæti í þeirri nefnd, formanninn og Hjört Torfason."

Í iðnaðarnefnd neðri deildar var leitast við að komast til botns í þessu furðulega máli og skyggnast bak við staðhæfingar iðnaðarráðherra um að hér sé á ferðinni „málsútlistun og skilningur, lagaleg túlkun okkar lögfræðinga á umræddu ákvæði í aðalsamningi, 27.03, og enn fremur þar sem ráðherra segir: „Þetta er auðvitað ekki breyting, heldur útlistun, tekin af tvímæli."

Á fund iðnaðarnefndar neðri deildar komu m. a. Jóhannes Nordal, formaður samninganefndar ríkisstjórnarinnar, Hjörtur Torfason lögmaður og Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra. **Af svörum þeirra við fyrirspurnum í nefndinni virðist atburðarásin í þessu afdrifaríka máli hafa verið þessi:**

Á fundum samningsnefnda aðila í júlímánuði 1984 var sáttargjörð til umræðu til lausnar á deilum aðila í tengslum við heildarsamkomulag, m. a. um breytt skattkerfi og raforkuverð. Inn í þá mynd tefldi Alusuisse kröfu sinni um að verða leyst undan skilmálum samninga um „bestu skilmála" varðandi aðföng til ÍSALs. Rætt var um að taka það ákvæði inn í tengslum við breytingu á aðalsamningi. Í september s.l. varð að ráði að undanskilja samninga um breytingu á skattkerfi og hverfa þar með frá því að ná heildarsamkomulagi. Iðnaðarráðherra kvaðst hafa lifað í þeirri trú að þar með væri kröfunni um breytingu á ákvæðinu um „bestu skilmála" ýtt út af samningsborðinu um sinn, og ofangreindir viðmælendur staðhæfa að sú krafa hafi **ekki** verið inni í þeim samningsdrögum sem samninganefndir gengu frá 9. október s. l. og kynnt voru í þingflokkum framsóknar- og sjálfstæðismanna, svo og í ríkisstjórn.

Hins vegar **synjaði iðnaðarráðherra beiðni undirritaðs um að fram yrðu lagðar í iðnaðarnefnd fundargerðir og samþykkt minnisblöð** frá fundum samninganefndar ríkisstjórnarinnar við Alusuisse, þannig að á grundvelli slíkra gagna var ekki unnt að fá skorið úr um þróun mála í samningaviðræðunum.

Eftir að samningsdrög voru frágengin 9. október s. l. áttu lögfræðingar aðallega eftir að fjalla um orðalag í ýmsum greinum. Hjörtur Torfason, lögfræðilegur ráðunautur iðnaðarráðherra, fór þeirra erinda til New York um mánaðamót október—nóvember s.l. til fundar við lögmenn Alusuisse. Á fundi 3. nóvember, tveimur dögum áður en samningana átti að undirrita í Zürich, reisir Alusuisse enn á ný kröfuna um breytingu á aðstoðarsamningi um rekstur og gerir hana að úrslitakröfu, ef ganga eigi frá sáttargjörð og öðrum atriðum samkomulagsins frá 9. október. Um þetta stóð þóf í símtölum umræddan dag, 3. nóvember, en ráðherra ætlaði að halda utan daginn eftir. Að lokum gerði Hjörtur Torfason tillögu um það til ráðherra í símtali kl. 01.30 aðfaranótt 4. nóvember að íslenskum tíma að fallist yrði á kröfu Alusuisse með því orðalagi sem er að finna í frumvarpinu og **féllst ráðherra á það á elleftu stundu** fremur en að láta brjóta á þessu atriði. **Þannig hafði Alusuisse sitt fram með gamalkunnugri samningatækni sem íslensk stjórnvöld ættu að vera farin að átta sig á.**

Aðspurður sagðist iðnaðarráðherra telja þetta **„stóra veikingu á þessum ákvæðum"** gildandi samninga, og greinir hann þar að því er virðist á við suma ráðgjafa sína.

Um **aðrar breytingar á skattareglum** hafði iðnaðarráðherra það helst að segja í iðnaðarnefnd að þær hefðu allar verið lengi inni í myndinni og hann hefði ekki haft aðstöðu til að fara nákvæmlega ofan í þær sakir áður en hann svaraði fyrirspurn minni um „ádrátt um breytingar á skattareglum" neitandi í sameinuðu þingi þann 25. október s. l.

Aðrar breytingar á skattaákvæðum.

Þótt telja megi breytinguna á aðstoðarsamningi um rekstur afdrifaríkustu breytinguna varðandi skattamálefni ÍSALs skv. þessu frumvarpi vega nokkur önnur atriði einnig þungt í þessu samhengi. Þeim voru gerð ítarleg skil í nefndaráliti Skúla Alexanderssonar í efri deild (þskj. 176) og verða hér aðeins rifjuð upp aðalatriði og bent á líklegar afleiðingar þessara breytinga varðandi skattlagningu ÍSALs.

1) **Fyrningar.** Í aðalsamningi um álverið í Straumsvík er einvörðungu kveðið á um 15 ára afskriftartíma, en eftir að Alusuisse loksins kom upp mengunarvarnabúnaði hjá ÍSAL eftir mikið þref við stjórnvöld hefur auðhringurinn gert kröfu til að *afskrifa þennan búnað á 8 árum í stað 15 ára.* Þetta skiptir nokkrum milljónum dollara á ári, með samsvarandi tekjutapi fyrir ríkissjóð í sköttum, a. m. k. tímabundið. *Samkvæmt frumvarpinu er fallist á ofangreinda kröfu Alusuisse.* Að mati Ríkisendurskoðunar er hér um tekjutap eða tilfærslu að ræða sem reiknuð á leiðréttan grundvöll ársreikninga ÍSALs fyrir 1980 *svarar til um 900 þús. bandaríkjadala eða 35 milljóna íslenskra króna.*

2) **Varasjóðir og viðurlög.** Samkvæmt grein 2.03 í frumvarpinu er látið undan kröfu Alusuisse um fullt frelsi varðandi *varasjóð að 20% markinu, svipað og hjá íslenskum félögum.* Að mati Ríkisendurskoðunar hefði slík heimild þýtt um **1 milljón bandaríkjadala** (40 milljón íslenskra króna) lægri skatta ÍSALs á árinu 1980, að teknu tilliti til leiðréttinga Coopers & Lybrands.

Þá felur greinin það einnig í sér að ÍSAL verður eini skattþegninn hérlendis sem ekki skal sæta viðurlögum vegna óframtalins og ógreidds framleiðslugjalds.

3) **Endurskoðun ársreikninga.** Samkvæmt grein 2.04 í frumvarpinu er enn látið undan kröfum Alusuisse og reynt með afdráttarlausu orðalagi að taka fyrir það að íslensk skattyfirvöld geti leiðrétt ársreikninga ÍSALs, hvað skattbyrði snertir, aftur í tímann. Segir þar m. a.:

Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig kynntar ÍSAL *er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir umrætt ár eftir 1. september á endurreikningsárinu.*

Með slíku ákvæði væri fullvalda ríki að afsala sér mikilvægum rétti sem felst í skattmatinu.

4) **Skuldajöfnun við skattinneign.** Í grein 2.07 í frumvarpinu er enn látið undan kröfum Alusuisse og *afturkallað með lögum bréf fjármálaráðherra* frá 10. febrúar 1983, þar sem skattinneign ÍSALs var tæmd og meira en það með skuldajöfnun vegna endurákvarðaðra skatta. Jafnframt er þessi skattinneign, sem lögð var til Alusuisse gegn ráðum lögmanna íslensku ríkisstjórnarinnar við endurskoðun samninga 1975, látin bera hæstu dollaravexti til þessa dags, þannig að hún er nú komin í um 7 milljónir dollara. **Sáttargreiðslan, 3 milljónir dollara, jafngildir þannig aðeins vöxtunum sem bæst hafa ofan á þessa innstæðu Alusuisse hjá ríkissjóði frá árinu 1975 að telja.**

Öll þau dæmi, sem hér hafa verið rakin, sýna hversu hrapallega hefur til tekist um skattaákvæði í þessari samningsgerð, þar sem **Ísland hopar í öllum greinum fyrir kröfum auðhringsins.** Þó er ósamið með öllu um breytingar á skattakerfi, þannig að Alusuisse fær hér viðurkennd stór hagsmunaatriði í forgjöf.

Rafmagnssamningurinn.

Þær breytingar, sem er að finna við rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og ÍSALs á fylgiskjali A með frumvarpinu, fela m. a. í sér eftirfarandi:

1. Rafmagnssamningurinn *gildir í 20 ár* eða til haustsins 2004. *Endurskoðunarákvæði* samningsins, sem gera ráð fyrir að báðir aðilar, Landsvirkjun og ÍSAL, geti óskað endurskoðunar á 5 ára fresti, eru *mjög veik fyrir Landsvirkjun* og háð afar mikilli óvissu. Er álitamál hvort þau eru betri en engin eins og um hnútana er búið að þessu leyti í samningnum.
2. *Raforkuverðið* verður á bilinu 12,5—18 mill/kwst. að nafnvirði á samningstímanum í samræmi við tiltekna vísitölu fyrir þróun heimsmarkaðsverðs á áli. Svarar verðtrygging innan rammans til um 65—75% af verðhækkunum álverðs, en fari vísitalan út fyrir viðmiðunarmörk, 0,75—1,55, þar sem 1,00 svarar til meðalverðs á árinu 1983 og fyrri árshelmingi 1984, *er ekki um neina verðtryggingu rafmagnsverðsins að ræða. Hámarks- og lágmarksákvæðin, 12,5 mill og 18,5 mill, eru algjörlega óverðtryggð.* Miðað við alþjóðlega verðbólguþróun, sem sérfræðingar Landsvirkjunar gera ráð fyrir, verður **hámarksverðið komið niður í um 6 mill við lok samningstímans og lágmarksákvæðið í um 4 mill.**
3. Að mati Landsvirkjunar, sem byggir á spám ráðgjafa um líklega þróun álverðs, *er gert ráð fyrir að samningurinn geti gefið meðalverðið 13,7 mill/kwst. á næstu 5 árum á verðlagi ársins 1984.* Allt tal um 15 mill sem eitthvert grunnverð í þessum samningi er út í hött.
4. Rafmagnssamningurinn er *langt frá því að skila meðalframleiðslukostnaðarverði eins og það hefur verið í kerfi Landsvirkjunar undanfarin ár,* þ. e. nálægt 20 mill/kwst. og áætluðum meðalframleiðslukostnaði á næstu árum, sem að teknu tilliti til allra þátta, svo sem vaxta af eigin fé og 6% raunávöxtunarkröfu, **gæti numið um 23 mill/kwst.**

   Sé slegið af raforkuverði til stóriðju þannig að það nemi um 67% af verði til almenningsveitna *þyrfti orkuverðið að nema um 19 mill/kwst.* Svipuðu máli gegnir ef miðað er við endurnýjunarverð raforku frá nýjum virkjunum: **18—20 mill er það raforkuverð sem þyrfti að fást að lágmarki frá ÍSAL miðað við núgildandi verðlag.**
5. Með sérstöku **bréfi um samkomulag,** dags. 5. nóv. 1984, á fylgiskjali VI með frumvarpinu er sérstök ótímasett bókun þar sem Alusuisse er veittur **forgangsréttur að frekari orku til stóriðju hérlendis í sambandi við ráðgerða stækkun álversins.**

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í stjórn Landsvirkjunar, Ólafur Ragnar Grímsson, greiddi atkvæði gegn þessum rafmagnssamningi í stjórn Landsvirkjunar 1. nóvember 1984 og lét sérstaka bókun fylgja um afstöðu sína.

Á heildina litið er rafmagnssamningurinn algjörlega ófullnægjandi fyrir Landsvirkjun.

Þeim mun undarlegri er sú umsögn frá forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaða breytingu á rafmagnssamningnum sem fylgir með frumvarpinu. *Þessir starfsmenn Landsvirkjunar sjá ekkert aðfinnsluvert við rafmagnssamninginn,* en **aðstoðarforstjórinn** var einn þeirra sérfræðinga sem fjölluðu um málið á vegum samninganefndar ríkisstjórnarinnar.

Af framkomnum gögnum um viðmiðunarverð raforku, sem fram voru lögð í nefndinni, kemur í ljós að það meðalverð á raforku til áliðnaðar, sem kynnt hefur verið og rætt er um í greinargerðum og umsögn Landsvirkjunar með frumvarpinu, **þ. e. 14,6 mill í Evrópu og 20,4 mill í Norður-Ameríku, er samsett úr verði til skyldra sem óskyldra aðila. Væri miðað við orkuverð milli óskyldra aðila (óbundna orku), svo sem eðlilegt verður að teljast, samkvæmt framlögðum gögnum í nefndinni, er um að ræða raforkuverð nálægt 26 mill í Norður-Ameríku og 16—17 mill í Evrópu.**

Það sýnir vel hversu afdrifarík ákvæði bráðabirgðasamningsins frá 23. september 1983 eru varðandi viðmiðun á orkuverði að íslenska samninganefndin skuli hafa séð sig tilknúna að taka með **bundna orku,** þ. e. milli skyldra aðila, inn í samanburðinn á raforkuverði til álvera.

Á svipaðan hátt liggur fyrir að **sjónarmið Alusuisse** varðandi **óhagræði** þess að starfrækja álbræðslu á Íslandi í samanburði við álver á meginlandi Evrópu og í Norður-Ameríku **hafa orðið algjörlega ofan á.** Þetta óhagræði er metið skv. frumvarpinu á 4 mill umreiknað í raforkuverð miðað við Evrópu og 5 mill gagnvart Norður-Ameríku. Sjónarmið íslenskra sérfræðinga voru að þessu leyti 1,7 mill gagnvart Evrópu og 3,1 mill gagnvart Norður-Ameríku, en voru kveðin í kútinn af Alusuisse sem sýndi tölurnar 5,8 og 6,8 mill í þessu sambandi. Þar á meðal taldi Alusuisse vægi *launakostnaðar* í álbræðslu á Íslandi íþyngjandi miðað við Evrópu sem nemur 30 dollurum á tonn!

Forsendurnar og átökin um raforkuverðið sýna ljóslega hver hefur sett leikreglurnar í þeim viðræðum sem leitt hafa til þeirrar endurskoðunar á rafmagnssamningi sem hér liggur fyrir.

Stækkun álversins.

Í bráðabirgðasamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 23. september 1983, sem skv. „bréfi um samkomulag" frá 5. nóv. 1984 (fskj. VI) „verður áfram í gildi samkvæmt ákvæðum sínum", segir m. a. um „stækkun á bræðslunni" (grein 3.2):

„Aðilarnir staðfesta hér með gagnkvæman áhuga sinn á því að stækka bræðsluna svo fljótt sem við verður komið um 80 megawatta málraun, sem svarar um það bil 40 000 tonna afkastagetu, og að fylgja þessu síðar meir með annarri stækkun í sama mæli . . . Ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að afla stuðnings Landsvirkjunar til þess að látið verði í té nægilegt rafmagn fyrir þessar stækkanir og að leita allra heimilda sem við þarf til að gera ÍSAL kleift að byggja og reka stækkunaráfangana."

Í samkomulagsbréfinu frá 5. nóv. 1985 er sérstaklega fjallað um **fyrri stækkunaráfangann.** Þar segir að „... svo fljótt sem við verður komið" ... „mun ríkisstjórnin afhenda Alusuisse bréf þar sem tilgreind verði fyrirhuguð kjör og skilmálar varðandi afhendingu á raforku frá Landsvirkjun til þeirrar stækkunar." Gert er ráð fyrir skjótu svari Alusuisse og að taka sameiginlega upp aðgerðir til að leita að þriðja aðila ef saman gengur um skilmála.

Fram hefur komið frá iðnaðarráðherra í umræðum á Alþingi nýlega um þetta mál að **engin marktæk athugun hefur farið fram** á því hvort það sé þjóðhagslega skynsamlegt fyrir Íslendinga að fjárfesta í virkjunum til að selja raforku til stækkunar álversins í Straumsvík og hleypa þeim umsvifum, er stækkuninni fylgja, inn í íslenskt efnahagslíf. Svo virðist sem hér ráði nær einvörðungu draumar nokkurra aðstandenda Landsvirkjunar um orkusölu til

slíkrar stækkunar og að sjálfsögðu ásókn Alusuisse í að tryggja sér meiri hlut í ódýrri raforku og góðu vinnuafli hérlendis.

Með ólíkindum verður að teljast að stjórnvöld vinni að slíku máli án þess að fram fari vandaðar úttektir á gildi slíkra fjárfestinga með fullri hliðsjón af kostum í íslensku atvinnulífi, þar á meðal í orkunýtingu á vegum Íslendinga sjálfra.

Stækkun álversins um 40 þúsund tonn mundi kalla á auknar orkuframkvæmdir Landsvirkjunar sem næmi um **600 gígawattstundum,** en það svarar nærri því til allrar raforkuframleiðslu frá virkjun á borð við Blönduvirkjun. Hver gígawattstund kostar Landsvirkjun um það bil 200 000 bandaríkjadali í stofnkostnað (þ. e. um 200 mill á kwst. á ári). **Heildarkostnaður Landsvirkjunar** vegna þessarar stækkunar yrði því um 120 milljónir bandaríkjadala eða um **4800 milljónir ísl. króna.** Þessi fjárfesting mundi einungis gefa um 100—150 ný störf í álverinu í Straumsvík.

Okkur ber að spyrja hvort við Íslendingar höfum efni á því að ráðast í slíka fjárfestingu, m. a. með tilliti til allra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar um þessar mundir. Væri ekki unnt að nýta þessa fjármuni með skynsamlegri hætti í annarri atvinnuuppbyggingu, sem gæfi okkur meiri arð af fjárfestingu og margfalt fleiri störf, auk kosta sem til staðar kunna að vera í innlendri orkunýtingu?

Það hlýtur einnig að vekja nokkra undrun, **að ríkisstjórn sem boðar óhefta markaðsstefnu á flestum sviðum skuli veðja nánast blindandi á einn aðila eins og Alusuisse** og gefa honum forgang í orkunýtingu hér á landi á næstu árum. Hér er ekki látið reyna á samkeppni aðila um orkukaup á forsendum orkusölustefnunnar sem Sjálfstæðisflokkurinn mælir svo eindregið með.

Út frá byggðasjónarmiðum verður einnig að teljast fráleitt að láta stóriðjuuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu hafa forgang og fjárfesta nær 5 milljarða í því skyni í orkuveri, að líkindum á Suðurlandi.

Einnig er óhjákvæmilegt að spyrja hvort Alusuisse hafi komið þannig fram gagnvart Íslendingum á liðnum árum að sjálfsagt sé að veita auðhringnum forgangsrétt að íslenskum orkuauðlindum. Tæknilega og rekstrarlega virðist Alusuisse standa höllum fæti í samanburði við önnur stórfyrirtæki í áliðnaði.

Brýnt er að víðtæk umræða fari fram um þau áform um stækkun álversins í Straumsvík sem virðast vera á hægra brjósti ríkisstjórnarinnar varðandi atvinnuþróun á næstu árum.

Af því sem hér hefur verið rakið varðandi efni fyrirliggjandi frumvarps ætti að vera ljóst að ríkisstjórnin hefur haldið afar illa á málum í samningaviðræðunum við Alusuisse. Sterkri samningsstöðu hefur verið glutrað niður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Leiðrétting á raforkuverði er jákvæð svo langt sem hún nær, en Alusuisse er þegar á góðri leið með að hafa upp á móti þeim tilslökunum í öðrum þáttum samninganna.

Alþingismenn ættu að sameinast um að fella þetta frumvarp og leita samstöðu um þá miklu hagsmuni sem hér eru í húfi.

Alþingi, 27. nóvember 1984.

Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 197. Frumvarp til laga [182. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 21 24. apríl 1984, um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, bætist:

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt I skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. desember 1984 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% tímabundna viðbót á sama stofn og greinir í I samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Ríkissjóður endurgreiðir Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins greiðslur þessar.

2. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka innlent eða erlent lán að fjárhæð allt að 350 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Lánsfé þetta skal endurlána til lánastofnana er ráðstafi því til að breyta lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í föst lán.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar og fiskvinnslu sem afgreidd eru á árinu 1984 í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð og nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar bráðabirgðalög nr. 102/1984 voru sett 30. júlí s. l. var búist við því að endurskoðun á verðlagningu olíu, sem er forsenda þess að lækka megi verð hennar til útgerðar, yrði lokið fyrir 1. nóvember 1984. Endurskoðun þessi hefur dregist og er þar af leiðandi nauðsynlegt að framlengja þá 3% tímabundnu viðbót, er um getur í lið III í 1. gr. áðurnefndra laga, til 31. desember 1984.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir til þess að létta þann rekstrarvanda er við sé að fást í sjávarútvegi landsmanna; unnið sé að endurskoðun á verðlagningu olíu með það fyrir augum að lækka verð hennar til útgerðar; þar til endurskoðun þessi komi til framkvæmda þyki rétt að veita útgerðinni tímabundna endurgreiðslu; þá sé þörf meira fjár til skuldbreytingarlána útgerðar og fiskvinnslu en þegar hefur verið aflað, enn fremur sé talið nauðsynlegt að afla heimildar til að fella niður stimpilgjöld af öllum lánsskjölum sem gefin verða út vegna þessarar skuldbreytingar.

Fyrir því eru hér með sett eftirfarandi bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgðalaga nr. 21 24. apríl 1984, um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, bætist:

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt I skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. október 1984 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% tímabundna viðbót á sama stofn og greinir í I samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Ríkissjóður endurgreiðir Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins greiðslur þessar.

2. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka innlent eða erlent lán að fjárhæð allt að 350 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Lánsfé þetta skal endurlána til lánastofnana er ráðstafi því til að breyta lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í föst lán.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar og fiskvinnslu sem afgreidd eru á árinu 1984 í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð og nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

Ed. 198. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.
Karl Steinar Guðnason sat ekki fundi nefndarinnar.

Alþingi, 27. nóvember 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Stefán Benediktsson, með fyrirvara.	Björn Dagbjartsson.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.	Tómas Árnason.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um skipan nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur til úrbóta.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Tómas Árnason, Guðmundur Bjarnason, Þórarinn Sigurjónsson, Björn Líndal, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“, þ. e. atvinnustarfsemi þar sem m. a. er komist hjá að greiða lögboðin opinber gjöld, og benda á leiðir til úrbóta.

Forsætisráðherra skipi formann nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir árslok 1985.

Greinargerð.

„Svarta atvinnustarfsemi“ á Íslandi má skilgreina á tvo vegu:

1. Skattsvik þar sem fjármunum er velt án þess að gerð séu skil á opinberum gjöldum eða staðið við aðrar þær reglukvaðir sem almennur atvinnurekstur verður að hlíta.
2. Starfsemi án tilskilinna leyfa og réttinda.

Hér skal ekki fullyrt hversu stórt og víðtækt þetta vandamál er, upplýsingar um það liggja ekki fyrir. Það er hins vegar mat þeirra er um hafa fjallað að umfang þess sé mikið. Hér er um að ræða óþolandi mismunun milli einstaklinga og fyrirtækja. „Svört atvinnustarfsemi“ raskar grundvelli eðlilegrar samkeppni milli þeirra sem slíka atvinnu stunda og þeirra sem reka fyrirtæki sín eftir settum reglum og gera skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þeirra fyrirtækja krefjast þess að samkeppnisstaðan verði í þessu efni jöfnuð.

Iðnþing Íslendinga hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um starfsemi af þessu tagi og leitað leiða til að sporna gegn þessari spillingu. Það er ástæða til að fagna því sérstaklega að Landssamband iðnaðarmanna hefur lýst sig reiðubúið til samstarfs ef það mætti vera til að finna orsök þessa vanda. Á 40. iðnþingi 1983 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Koma þarf á samstarfi ríkisvaldsins og samtaka fyrirtækja, sem rísa undir því nafni, til þess að uppræta svarta atvinnustarfsemi, enda eiga þessir aðilar sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum málum. Landssamband iðnaðarmanna vill leggja sitt af mörkum til að koma slíku samstarfi á og óskar eindregið eftir því að ríkisvaldið hafi forgöngu um þá samvinnu.“

Í stefnuskrá sem samþykkt var á 39. iðnþingi segir m. a.:

„Ríkisvaldið, sveitarfélög o. fl. aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t. d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eiginþjónustu“ er lítið sem ekkert greitt í skatta, t. d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af almennum fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, m. a. opinberar stofnanir, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi.

Iðnlöggjöfin er m. a. sett til að tryggja atvinnuréttindi iðnaðarmanna í löggiltum iðngreinum. Atvinnuréttindi fjölmargra annarra stétta eru nú á tímum lögvernduð og þeim lagaákvæðum virðist fylgt eftir af ríkisvaldinu. Þess er krafist að iðnréttindi njóti sama réttar í þessu efni, en verði ekki hornreka í kerfinu.

Iðnaðarlögin eru ekki síður sett í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda og tryggja þeim góða og faglega þjónustu og/eða framleiðsluvörur af hendi þeirra sem reka löggiltar iðngreinar. Þess er krafist að ríkisvaldið takmarki starfsemi ófaglærðra á hefðbundnu starfssviði löggiltra iðngreina, enda telst slíkt liður í almennri neytendavernd. Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt ber að fylgjast með framkvæmd iðnlöggjafarinnar, þurfa að taka á sig rögg og fara með iðnlagabrot í samræmi við það sem lög bjóða.“

Á það er skylt að benda að svört atvinnustarfsemi er ekki aðeins bundin iðnaði, hún þrífst í ýmsum atvinnugreinum. Það eru ekki aðeins atvinnurekendur sem slíka iðju stunda. Það er algengt að launþegar, sem margir stunda aðalstarf sitt hjá fyrirtækjum sem bera þær atvinnurekstrarlegu kvaðir sem ríkisvaldið leggur þeim á herðar, hverfi að reglubundnum vinnutíma loknum til starfa við „svarta atvinnustarfsemi“ í beinni samkeppni við aðalvinnuveitanda sinn.

Á það er einnig rétt að benda að ýmis starfsemi á sér stað hér á landi með innflutning, sölu og dreifingu ásamt framleiðslu á ýmiss konar varningi án þess að viðkomandi hafi aflað sér nauðsynlegra leyfa. Sú starfsemi er einnig svört.

Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er að vekja athygli á þessu margslungna vandamáli og umræður um það og leita leiða til að brjótast úr þeim vítahring spillingar sem viðgengist hefur á þessu sviði.

Ed. 200. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til 1. maí 1985.

Nd. 201. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 3. minni hl. iðnaðarnefndar.

Þetta frumvarp fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi við gildandi aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um álbræðslu við Straumsvík (þriðja viðauka við aðalsamning) sem undirritaður var milli aðila hinn 5. nóv. 1984, samfara viðaukasamningi milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. (ÍSAL) um breytingar á rafmagnssamningi vegna álbræðslunnar og sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse í tilefni af þeim ágreiningi sem staðið hefur um alllangt skeið varðandi framleiðslugjald ÍSALs.

Samningur þessi er gerður í framhaldi af bráðabirgðasamkomulagi sem gert var milli aðila þann 23. september 1983. Með því samkomulagi var rafmagnsverðið, sem álbræðslan greiðir, hækkað um tæp 50% eða úr 6,4 millum í 9,5 mill. Jafnframt var þá ákveðið að leita lausnar á yfirstandandi deilu um framleiðslugjald ÍSALs og taka upp viðræður um frekari endurskoðun til hækkunar á orkuverði og endurskoðun á öðrum tilteknum málefnum varðandi framtíðarstarfsemi álbræðslunnar. Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir og liggja fyrir Alþingi, fela í sér þær niðurstöður sem náðst hafa í viðræðunum til þessa, þ. e. endanlega lausn á deilum vegna liðins tíma og endurskoðun á orkuverði og öðrum skilmálum rafmagnssamningsins fyrir núverandi álbræðslu.

Á næstu mánuðum munu viðræður aðila um önnur málefni halda áfram, þ. e. um endurskoðun á ákvæðum aðalsamnings um skattkerfi fyrir núverandi álbræðslu, um hugsanlega stækkun álbræðslunnar í samvinnu við þriðja aðila og um möguleika á því að íslenska ríkið gerist hluthafi í ÍSAL.

Nefndin hefur átt ítarlegar viðræður við samningamenn og sérfræðinga um mál þetta á allmörgum fundum. Rætt var við iðnaðarráðherra, formann og nefndarmenn samninganefndar um stóriðju, sem annaðist viðræður við Alusuisse, ritara nefndarinnar og lögfræðilegan ráðunaut. Þá ræddi nefndin við forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar og starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækisins og einnig lögmenn ríkisstjórnarinnar sem önnuðust málflutning fyrir dómnefndum í New York og Reykjavík á grundvelli bráðabirgðasamkomulagsins frá 1983. Einnig var rætt við allnokkra sérfræðinga sem önnuðust samskipti við Alusuisse í tíð fyrrv. iðnaðarráðherra á árunum 1980—1983.

Meginefni þeirra samninga, sem hér liggja fyrir, er þrípætt. Verður hér vikið nokkuð að hverju hinna þriggja atriða fyrir sig og mat lagt á þann árangur sem náðst hefur í undangengnum samningaviðræðum í þessu mikilsverða máli.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða grundvallarbreytingar á ákvæðum rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSALs. Fela þær í sér endanlegt samkomulag um verðlag á orku til álbræðslunnar næstu 20 árin. Í þessum nýju ákvæðum felst stórfelld breyting til hækkunar frá fyrra verði. Jafnframt eru tryggðir möguleikar til endurskoðunar á samningsskilmálunum eftir breyttum aðstæðum í framtíðinni.

Með þessum nýja samningi mun orkuverð það sem álbræðslan greiðir til Landsvirkjunar tvöfaldast frá fyrra verði og allt að því þrefaldast. Verður grunnverðið 15 mill/kwst. og breytist í samræmi við vísitölu álverðs, þó þannig að orkuverðið verður aldrei undir 12,5 millum og ekki yfir 18,5 mill. Samkvæmt upplýsingum forstjóra og aðstoðarforstjóra

Landvirkjunar (fskj. I í frv.) er reiknað með því að viðbótartekjur Landsvirkjunar samkvæmt nýja samningnum og bráðabirgðasamningnum verði u. þ. b. 2 230 milljónir króna fram til ársloka 1989. Vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar, sem síðan hafa orðið, er þessi tala nú nokkru hærri.

Þá liggur það ljóst fyrir að ef hið nýja samkomulag hefði verið í gildi árin 1979 til þessa dags hefði orkuverðið skv. því verið á bilinu 12,5—16,5 mill. Viðbótartekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL á þessum fimm árum hefðu numið 55 millj. dollara eða rúmlega tveimur milljörðum króna. Af því fé hafa landsmenn orðið vegna þess að ekki tókst fyrr að ná sambærilegum samningum um verulega hækkun orkuverðsins. Þá má þess geta í þessu sambandi að ef hinn nýi orkusölusamningur hefði verið í gildi allt árið 1984 hefði ÍSAL greitt 13,8 mill fyrir orkuna skv. upplýsingum Landsvirkjunar. Þessar tölur sýna svart á hvítu hve hér hefur tekist að semja um miklar hækkanir á orkuverðinu, sem var aðeins 6,4 mill allt til síðasta hausts (sept. 1983) er bráðabirgðasamkomulagið var gert um 9,5 mill.

Þegar fjallað er um hina miklu hækkun orkuverðsins sem ÍSAL mun greiða er rétt að drepa á það hver er framleiðslukostnaður raforku þeirrar frá Búrfellsvirkjun sem álbræðslan notar. Samkvæmt bókum Landsvirkjunar er framleiðslukostnaður orkunnar frá Búrfelli til stóriðju nú 5,3 mill en 8,6 mill ef með er tekið flutningskerfi, en inni í því er kostnaður við allar byggðalínurnar og því hæpið að reikna með öllum þeim kostnaði. Ef vaxtagreiðslum á árinu er hins vegar skipt á milli rekstrareininga í kerfi Landsvirkjunar í hlutfalli við endurmetinn stofnkostnað er kostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun til stóriðju við stöðvarvegg nú 8,4 mill. Kostnaðarverð frá öllum virkjunum Landsvirkjunar er að meðaltali 9,6 mill til stóriðju, en 12,7 mill ef allt flutningskerfið er tekið með. Upplýsingar þessar eru fengnar frá Landsvirkjun.

Þessar kostnaðartölur er nauðsynlegt að hafa í huga þegar metið er hver árangur hafi náðst í því efni að fá fram hækkað raforkuverð frá álbræðslunni. Að mati Landsvirkjunar og þriggja erlendra sérfræðifirma á vegum hennar eru horfur á að á næstu fimm árum muni álverðið í heiminum gefa skv. nýja samningnum að meðaltali um 15 mill.

Af þessum tölum öllum sést að verðið, sem álbræðslan mun nú greiða fyrir orkuna frá Búrfelli, er verulega hærra en framleiðslukostnaðarverðið. Verð frá nýjum virkjunum er hins vegar mun hærra, en alrangt er að vitna til þess þegar fjallað er um hinn nýja samning þar sem hér er um að ræða orku til núverandi bræðslu sem fæst frá Búrfelli.

Hinn kosturinn, sem hér var fyrir hendi, var að semja um eitt ákveðið fast verð með verðtryggingarákvæði. Líklegt má telja að það verð hefði verið nálægt neðri mörkunum og því verulega óhagstæðari leið en sú sem valin var. Þar að auki mundi erfitt að finna verðtryggingarákvæði sem duga til þess að gefa viðhlítandi hækkanir á orkuverði. Má í því sambandi geta þess að ef álverðið 1966 hefði verið verðtryggt skv. byggingarvísitölu væri það nú á bilinu 7—8 mill.

Þess má að lokum geta að meðalorkuverð til álvera í Evrópu er nú á bilinu 14—15 mill. Í Noregi, helsta samkeppnislandi okkar, er það nú 8,7 mill.

Í umræðum um hinn nýja samning hefur því verið haldið fram að raforkuverðið muni lækka að raungildi ár frá ári vegna þess að gera megi ráð fyrir a. m. k. 5% verðbólgu í Bandaríkjunum. Hér er nokkuð hallað réttu máli. Ljóst er að með vaxandi verðbólgu í heiminum hækkar verð á áli um leið og raungildi dollarans lækkar. Álverðshækkun hefur bein áhrif til hækkunar á orkuverðinu til Landsvirkjunar þar sem það er að meginstofni tengt álverði.

Einnig hefur nú verið samið um endurskoðunarákvæði í samningnum sem tryggir það að unnt er að taka orkuákvæðin til endurskoðunar ef aðstæður breytast okkur verulega í óhag.

Á fimm ára fresti getur nú hvor aðilinn um sig óskað eftir endurskoðun á samningnum ef átt hafa sér stað ófyrirsjáanlegar og óhagstæðar breytingar á aðstæðum sem leiða til

röskunar á samningnum og harðréttis fyrir aðila. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt endurskoðunarákvæði er tekið í samninginn. Að mati lögfræðinga, sem um málið hafa fjallað, er hér um mikilvægt ákvæði að ræða sem tryggir mun betur rétt Íslendinga í þessum efnum í framtíðinni en verið hefur.

Í öðru lagi felur samningurinn í sér að gerð er sátt milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um öll deilumál þeirra vegna liðins tíma er taki gildi sem dómsátt fyrir þeim dómnefndum sem starfað hafa skv. bráðabirgðasamningnum. Þessi sátt felur í sér heildarlausn allra ágreiningsmála. Er það æskileg og eðlileg lausn, ekki síst með það í huga að megintilgangur sáttargerðarinnar er að gera aðilum kleift að ganga til samninga um skipan mikilvægra framtíðarverkefna sín í milli. Ríkisstjórnin leysir ÍSAL og Alusuisse undan framleiðslugjaldskröfum og öðrum kröfum vegna liðins tíma, en Alusuisse samþykkir að ÍSAL greiði ríkisstjórninni 3 millj. dollara í sáttafé. Lögmenn í dómnefndarmálum og lögfræðingur samninganefndar eru sammála um að fjárhæð þessi megi teljast viðunandi miðað við stöðu þeirra mála. Fer greiðslan fram með lækkun á skattinneign ÍSALs sem félagið á skv. samningum frá tímabilinu fyrir 1. okt. 1975.

Með bréfi frá 4. okt. 1984 segir Charles J. Lipton, bandarískur lögfræðiráðunautur sem starfað hefur að málum þessum bæði í tíð fyrrverandi og núverandi iðnaðarráðherra: „Það er vafasamt að ríkisstjórnin gæti vænst betri árangurs en þeirra 3 milljóna bandaríkjadala sem Alusuisse býður til uppgjörs ef málarekstrinum samkvæmt bráðabirgðasamningnum yrði haldið áfram til loka og dómnefnd sérfræðinga í lögum mundi gefa álit sitt eða úrskurð undir þessum kringumstæðum."

Í bréfi dags. 28. júlí 1983 mælir D. Chilvers, einn aðalforstjóra endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrands, með samningum um deiluefnin, þar sem þá yrði komist hjá óvissu og talsverðum útgjöldum í sambandi við langdregna gerðardómsmeðferð. Mælir hann með því að krafan um endurmat skattgjalda ÍSALs fyrir tímabilið 1975—1979 verði lögð til hliðar en ríkisstjórnin semji um uppgjör viðbótarskatts, sem krafist var fyrir árið 1980, 2,6 millj. bandaríkjadala.

Er þetta álit og ummæli hinna erlendu sérfræðinga athyglisvert, en þeir gjörþekkja alla málavöxtu frá fyrri tíð. Mæla þeir eindregið með sáttum fremur en áframhaldandi málarekstri.

Með tilliti til ofangreindra atriða verður það að teljast æskileg og eðlileg leið sem valin var þegar ákvörðun var tekin um að gera sáttargerð fyrir dómnefndunum í deilumálunum frá liðnum tíma.

Í þriðja lagi er samið um nokkrar breytingar á aðalsamningi um álbræðsluna og breytingu á aðstoðarsamningi milli ÍSALs og Alusuisse. Sumar breytingarnar varða framleiðslugjald ÍSALs og eru ætlaðar til skýringar varðandi sum þeirra atriða sem orðið hafa aðilum deiluefni á liðnum árum. Meðal annars eru nú tekin af öll tvímæli um það að ákvæði aðstoðarsamningsins, ákvæði 2.03 (c) um bestu skilmála, eigi við þegar Alusuisse veitir ÍSAL ráðgjöf við innkaup frá þriðja aðila, en ekki þegar það er sjálft að selja ÍSAL hráefni frá fyrirtækjum innan samsteypunnar. Hefur túlkun þessa ákvæðis verið tilefni mikilla deilna í fortíðinni. Eftir sem áður stendur óbreytt málsgr. 27.03 í aðalsamningnum sem geymir aðalákvæðið um mat á viðskiptum Alusuisse og ÍSALs. Við það mat er það meginálitaefnið hvaða viðskipti óháðra aðila séu sambærileg við viðskiptin hjá ÍSAL. Á það ákvæði að tryggja að ÍSAL sæti ekki verri kjörum en gilda í viðskiptum milli óháðra aðila.

Hér ber að hafa í huga að þessi atriði, sem lúta að skattgreiðslum álbræðslunnar, verða áfram til umræðu sem hluti þeirra viðræðna sem eftir eiga að fara fram um endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs. Þar verða skattamál fyrirtækisins tekin fyrir á breiðum grundvelli. Geta niðurstöður viðræðnanna leitt til þess að breytingar þær, sem hér eru til umræðu, verði úreltar að einhverju leyti. Markmið skattaviðræðnanna, sem lokið skal um mitt næsta ár, er að taka upp einfaldara skattkerfi sem útilokað geti deilur í þessum efnum í

framtíðinni. Hefur m. a. þegar verið rætt um fastan veltuskatt á hvert framleitt tonn (royalty skatt), sem m. a. mundi útiloka allar deilur um verð á aðföngum, í stað skatts sem byggður er að hluta á nettótekjum.

Þá er nú ákveðið að endurskoðun á reikningum ÍSALs skuli fara fram árlega þannig að ekki leiki vafi á um framleiðslugjaldið. Er það spor í rétta átt miðað við óbreytta tilhögun gjaldsins og inn í samningana komið að ósk íslensku samninganefndarinnar. Þá er ákvæði um að heimilt sé að byrja að afskrifa gengistöp á því ári er þau verða til og er það í samræmi við þau sjónarmið sem fylgt hefur verið í íslenskum skattalögum á síðari árum. Ný ákvæði um varasjóð eru einnig í fullu samræmi við þær reglur sem fylgt hefur verið við almenna skattlagningu fyrirtækja hér á landi.

Þegar á heildina er litið verður að telja að með samningum þeim, sem hér liggja fyrir, hafi verulegur árangur náðst. Í fyrsta lagi eru ágreiningsmál fortíðar jöfnuð gegn viðunandi sáttargjaldi. Í öðru lagi næst fram tvö- til þreföldun á orkuverði því sem ÍSAL mun greiða til Landsvirkjunar, ásamt nýju ákvæði sem heimilar endurskoðun samninga á fimm ára fresti.

Í þriðja lagi hefur náðst samkomulag um að taka skattgreiðslufyrirkomulag álversins til endurskoðunar og aðilar lýsa vilja sínum til þess að hefja athugun á stækkun álversins við Straumsvík.

Orkar það ekki tvímælis að rétt er að staðfesta af hálfu Alþingis viðaukasamningana sem hér um ræðir. Leggja því undirritaðir nefndarmenn til að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1984.

Gunnar G. Schram, frsm. Guðmundur H. Garðarsson. Geir Hallgrímsson.

Nd. 202. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 4. minni hl. iðnaðarnefndar.

Hér er um að ræða áfanga í samningagerð núverandi ríkisstjórnar við fjölþjóðafyrirtækið Swiss Aluminium Ltd., Alusuisse. Samningum er alls ekki lokið og mikilvægur þáttur þeirra bíður enn umfjöllunar þar sem eru skattamálin.

Sú leynd, sem hvílt hefur yfir samningagerð þessari, og sá skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu, sem hefur ríkt allan samningstímann, eru mjög gagnrýniverð.

Við undirbúning þessa samnings hefði verið eðlilegt og réttlátt að fulltrúar allra stjórnmálasamtaka, sem sæti eiga á Alþingi, hefðu verið hafðir með í ráðum, ekki síst þar sem hér er um að ræða mál sem snertir svo mjög hag allra landsmanna. Þess í stað er samningurinn fyrst sýndur Alþingi þegar hann er fullfrágenginn og undirritaður og engin leið að hafa þar áhrif til breytinga. Þó kastar fyrst tólfunum þegar gjaldmælir er settur á þingmenn og þeim sagt að hver dagur, sem líði frá undirritun samningsins, kosti Landsvirkjun um 400 000 kr. Er þá alúð og samviskusemi þingmanna í jafnmikilvægu máli orðin Íslendingum dýrkeypt.

Það sem einkennt hefur alla samningagerð milli Íslendinga og Alusuisse á liðnum árum setur einnig sterkan og afgerandi svip á þennan síðasta samningsáfanga sem nú bíður samþykkis Alþingis. Enn sem fyrr hefur Alusuisse tekist að ná þeim undirtökum sem það virðist hafa í hverri samningalotu og hefur sveigt samningagerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Það er ekki ofsögum sagt af Alusuisse að

það sé erfiður samningsaðili og er með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli hafa skrifað undir það að taka þátt í samningaviðræðum við fyrirtækið í framtíðinni „í góðri trú“ eins og segir í samningnum.

Ýmis ákvæði samningsins lúta fyrst og fremst að því að treysta stöðu Alusuisse og greiða götu þess án þess að tekist hafi að gæta íslenskra hagsmuna í sama mæli. Má þar t. d. nefna ákvæði um breyttar afskriftareglur svo og rýmkun á rétti ÍSALs til að leggja fé í varasjóð til að sleppa við skattlagningu.

Sömuleiðis gefst mjög lítið svigrúm til endurskoðunar á reikningum ÍSALs og engin ákvæði eru í samningnum sem veita aðgang að bókhaldi Alusuisse eins og nauðsynlegt gæti orðið vegna tengsla þessara tveggja fyrirtækja.

Auk þessara ívilnana hefur Alusuisse tekist að ná þeirri stöðu í samningsmálunum sem kann að verða Íslendingum afdrifarík. Fyrirtækinu hefur tekist að kljúfa tvö nátengd atriði þessa máls í aðskilda þætti sem samið verði um hvorn í sínu lagi og er hér átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ. e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins.

Með því að fallast á hækkun á raforkuverði hafa Alusuisse og ÍSAL fengið gefnar upp sakir og hreint sýknuvottorð þar sem ríkisstjórnin „leysir þau hér með frá öllum kröfum hverju nafni sem nefnast“. Syndakvittun þessari fylgir svo greiðsla frá Ausuisse upp á 3 millj. dollara.

Það ber að fagna því að einhver árangur hefur náðst í því að leiðrétta hið allt of lága raforkuverð sem viðgengist hefur í viðskiptum við Alusuisse hingað til. Þó er því ekki að heilsa að meðalsöluverð orkunnar til Alusuisse muni fyrirsjáanlega ná kostnaðarverði hennar í núverandi virkjanakerfi landsins. Jafnframt er þessi hækkun of dýru verði keypt þar sem fórnað hefur verið einni sterkustu málsástæðu okkar til leiðréttingar á skattamálum. Þau mál lágu fyrir gerðardómi og var staða okkar þar talin sigurstrangleg en málflutningi að mestu lokið og stutt í dómsúrskurð. Nú stöndum við mun verr að vígi hvað snertir skattamálin. Þeim þætti, sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga, hefur verið afsalað og samið hefur verið um raforkuverðið án tillits til skattamála.

Í ofanálag hefur svo verið fellt niður ákvæði í gr. 2.03 (c) í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs um að Alusuisse eigi að leitast við að „tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru“. Er Alusuisse þarna gert einrátt um verð á aðföngum til ÍSALs og tekið upp í staðinn ákvæði „um hlutlægan mælikvarða á viðskiptaháttum milli ólíkra aðila“ eins og segir í grein 27.03 í aðalsamningi.

Er þarna gengið þvert á hagsmuni Íslendinga. Við ákvörðun söluverðs raforkunnar er miðað við meðalverð í heiminum, bæði milli skyldra og óskyldra aðila. Sú ráðstöfun verður að teljast í ósamræmi við það ákvæði sem gildir um kaup á aðföngum en þar gildir nú ákvæði um viðskipti milli óskyldra aðila eins og áður segir. Þykir eðlilegt að sami háttur sé hafður á um kaup á aðföngum og kaup á raforku.

Enn fremur verður að teljast furðulegt að það raforkuverð, sem um er samið, skuli vera óverðtryggt. Þó er fyrirsjáanleg verðbólga í alþjóðlegu efnahagslífi áætluð um 5% á ári. Því má búast við að raungildi bandaríkjadollars minnki um 5% á ári. Það leiðir svo aftur til þess að raungildi umsamins raforkuverðs til ÍSALs nær efri mörkum sínum, eða 18,5 millum á kwst. eftir u. þ. b. 5 ár og fer síðan lækkandi. Trygging raforkuverðsins er því engin þegar til lengri tíma er litið.

Jafnframt er söluverð raforkunnar tengt heimsmarkaðsverði á áli sem gerir það enn ótryggara og háðara sveiflum.

Með því að sækja svo ákaft eftir hækkuðu raforkuverði sem meginárangri í samningagerð án nægilegs tillits til annarra þátta þykir Samtökum um kvennalista að sjónarmið

stundargróða hafi verið látin ráða fremur en að leitast hafi verið við að styrkja stöðu Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse til frambúðar.

Nú hefur málið verið klofið og við sitjum eftir með skattamálin óleyst og nánast enga viðspyrnu. Þau endurskoðunarákvæði, sem í samningnum eru, telja sumir verri en engin þar sem þau leyfa einungis endurskoðun á 5 ára fresti og einungis ef um er að ræða „ófyrirsjáanlega breytingu til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ÍSALs, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu Landsvirkjunar eða ÍSALs, hvors sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningi þessum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á".

Ef endurskoðun fæst skulu aðilar „eiga með sér samningaviðræður **í góðri trú** og reyna að ná samkomulagi um breytingu á samningi þessum".

Ef það næst ekki er heimilt að vísa málinu til gerðardóms, en þess er skemmst að minnast að núverandi ríkisstjórn þótti slíkt ekki fýsilegur kostur á s. l. hausti.

Samtökum um kvennalista þykja þessi endurskoðunarákvæði óljós, einkum hvað varðar efnisástæður sem leiða mættu til endurskoðunar. Enn fremur að ótryggt og langsótt gæti orðið fyrir Íslendinga að leita réttar síns eftir þessum ákvæðum.

Fyrirætlanir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík með forkaupsrétti Alusuisse að orku úr nýjum virkjunum eru ekki vænlegar þegar litið er til fyrri viðskipta okkar við þetta fyrirtæki. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé æskilegt fyrir Íslendinga að verða enn þá háðari fyrirtækinu um orkunýtingu hér á landi en þegar er orðið né að takast muni að semja um að það kaupi orkuna á því verði sem kostar að framleiða hana. Enn fremur hafa Samtök um kvennalista frá upphafi bent á að stóriðja er ekki fýsilegur atvinnukostur fyrir Íslendinga og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík þá ekki heldur. Reynsla okkar hefur sýnt að stóriðja er lítið atvinnuskapandi miðað við þann mikla fjármagnskostnað sem henni fylgir. Við hana eru einungis bundin mjög fá en óheyrilega dýr störf og gildir það ekki síst um þá stóriðju sem hér um ræðir, þ. e. álbræðslu, auk þess sem henni fylgir mengun af ýmsu tagi.

Í heildina tekið er þessi samningur ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium Ltd. óviðunandi og því leggja Samtök um kvennalista til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 27. nóv. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir.

Sþ. 203. Fyrirspurn [184. mál]

til landbúnaðarráðherra um fullvinnslu kjötafurða.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg tonn af óunnu kjöti eru flutt frá Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til vinnslu í Reykjavík?
2. Hefur ráðuneytið einhverjar áætlanir um að stuðla að frekari fullvinnslu þessara afurða í áðurnefndum landbúnaðarhéruðum eða að færa úrvinnslu landbúnaðarafurða í auknum mæli út til framleiðslusvæðanna?

Sþ. 204. Fyrirspurn [185. mál]

til félagsmálaráðherra um áhrif ákvæðislaunakerfa á heilsufar launþega.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða niðurstöður liggja nú þegar fyrir úr könnun sem gerð var að frumkvæði jafnréttisnefndar Norðurlandaráðs á áhrifum ákvæðislaunakerfa á heilsufar launþega?
2. Hverjir kosta þessar rannsóknir?
3. Hvenær lýkur þeim?

Ed. 205. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. málsliður 1. málsgreinar 2. gr. laganna orðist svo:

Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 25 000 kr. á ári hjá hverjum manni eða 50 000 kr. hjá hjónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9 30. mars 1984 skulu fjárhæðir í 2. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum ársins 1985 að gefin verði upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 2. gr. laga nr. 9/1984 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli áranna 1984 og 1985. Er því samkvæmt frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 25. gr. laga nr. 9/1984 hækki um 25%.

Ed. 206. Frumvarp til laga [187. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 14 september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. málsl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 31 250 kr. og 62 500 kr.
2. Í stað „20 000 kr.“ og „40 000 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 25 000 kr. og 50 000 kr.

3. Í stað „140 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 180 kr.
4. Í stað „25 500 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 31 880 kr.
5. Í stað „15 600 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 19 500 kr.
6. Í stað „3 370 kr.“ í 2. málsl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 4 210 kr.
7. Í stað „127 500 kr.“ og „255 000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 159 380 kr. og 318 760 kr.
8. Í stað „500 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 630 kr.
9. Í stað „28 000 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 35 000 kr.
10. Í stað „4 000 000 kr.“ og „8 000 000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: 5 000 000 kr. og 10 000 000 kr.

2. gr.

Í stað „36 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 45 000 kr.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem ekki er yfir 200 000 kr. skal reikna 20%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr. skal reikna 31%.
3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem er umfram 400 000 kr. skal reikna 44%.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 35 000 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna:

1. Í stað „6 000 kr.“ og „9 000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 7 500 kr. og 11 250 kr.
2. Í stað „12 000 kr.“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: 15 000 kr.
3. Í stað „6 000 kr.“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 7 500 kr.

6. gr.

Í stað „250 000 kr.“ og „500 000 kr.“ í 2. málsl. 78. gr. laganna komi: 312 500 kr. og 625 000 kr.

7. gr.

Í stað „780 000 kr.“ í 83. gr. laganna komi: 975 000 kr.

8. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1986.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þessa árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna frá 7. sept. s. l. er gert ráð fyrir afnámi tekjuskatts í áföngum af almennum launatekjum. Er það í samræmi við þingsályktunartillögu um þetta efni sem samþykkt var á Alþingi s. l. vor. Í fyrrgreindu samkomulagi er ákveðið að fyrsti áfangi komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 1985. Er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 við það miðað að þessi fyrsti áfangi nemi um 600 millj. kr. og að skattar verði sem þessu nemur lægri en verða myndi að óbreyttri skattbyrði milli áranna 1984 og 1985, reiknaðri sem hlutfall af tekjum greiðsluárs. Þessu frumvarpi er ætlað að koma þessum markmiðum til framkvæmda.

Í fjárlagafrumvarpi er gengið út frá því að meðaltekjur á mann hækki um 22% milli áranna 1983 og 1984 og um 11,4% milli áranna 1984 og 1985. Í ljósi breyttra forsendna liggja nú fyrir nýjar áætlanir Þjóðhagsstofnunar um tekjuþróun og er þar gert ráð fyrir því að meðalhækkun tekna verði sú sama milli áranna 1983/84 og 1984/85 eða því sem næst 25% í báðum tilvikum. Skattbyrði 1985 yrði því sú sama og 1984 ef skattvísitala væri nú hækkuð um 25%. Breytingar á fjárhæðum í lögum um tekju- og eignarskatt samkvæmt þessu frumvarpi eru að megninu til grundvallaðar á slíkri hækkun skattvísitölu. Lækkun skattbyrði er náð með þeim frávikum frá þessari meginreglu sem hér verður lýst:

1. Öll skatthlutföll í skattstiga eru lækkuð, en þó mest það fyrsta. Samhliða eru þó skattþrep þrengd nokkuð í þeim tilgangi að beina lækkun skatta einkum að hinum tekjulægstu.
2. Hvað hjón snertir er það nýmæli að ónýttur hluti neðsta skattþreps hjá hinu tekjulægra hjóna er millifærður til hins makans (en þó ekki hærri upphæð en 100 þús. kr.) og lengist neðsta skattþrep hans sem þessu nemur en á kostnað miðþrepsins. Er þetta gert til þess að draga nokkuð úr þeim mismun sem er milli samanlagðra skatta hjóna með hliðstæðar heildartekjur eftir því hvernig tekjuöflun skiptist milli hjónanna innbyrðis.
3. Persónuafsláttur er ekki hækkaður til fulls í samræmi við hækkun skattvísitölu um 25%. Er þetta gert til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með ákvæðum í lið 1 og 2.

Tölulega er gerð tillaga um svofellt skattkerfi og er samanburður sýndur við núverandi álagningarkerfi, hækkað með skattvísitölu um 25%:

Skattstigi:	Óbreytt skattbyrði	Frumvarp þetta
Tekjuskattsstofn (þús. kr.)	<212,5 23%	<200 20%
,,	212,5—425 32%	200—400 31%
,,	>425 45%	>400 44%
Persónuafsláttur	36 875 kr.	35 000 kr.

Aðrar upphæðir álagningarkerfisins hækka um 25% frá álagningu 1984 eins og fyrr er getið, svo sem upphæðir barnabóta, skattfrelsismörk eignarskatts og hámark ýmissa frádráttarliða.

Samhliða þessu frumvarpi verður lagt fram stjórnarfrumvarp um þá breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að upphæðir afsláttar til útsvars hækki um 25% frá síðustu álagningu. Er þetta nauðsynlegt þar eð bein vísun til hækkunar skattvísitölu fyrir árið 1985 hverfur með samþykkt þessa frumvarps. Enn fremur er nauðsynlegt að breyta lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra af sömu ástæðu. Þá er gert ráð fyrir að lög um sjúkratryggingagjald verði framlengd svo og lög um barnabótaauka sem sett voru á síðasta þingi. Verði upphæðir í þessum lögum hækkaðar um 25% í samræmi við skattvísitölu.

Eins og að ofan greinir er sérstakt ákvæði í tillögu þessari til þess að draga að nokkru úr þeim mismun sem er á sköttum hjóna eftir því hvernig tekjur skiptast á milli þeirra. Að óbreyttu skattkerfi getur þessi munur orðið mestur 80 300 kr. (við álagningu 1985) og yrði sá hámarksmunur nánast óbreyttur samkvæmt skattstiga þessa frumvarps en án umræddsérákvæðis. Samkvæmt þessu ákvæði er ónýttur hluti af fyrsta skattþrepi millifærður á milli hjóna en þó aldrei meira en 100 þús. kr. Þessu verður best lýst með dæmi:

Hjón hafa tekjuskattsstofnana 150 og 650 þús. kr. Tekjulægri makinn á þá ónotaðar 50 þús. kr. af fyrsta þrepi sem færast yfir til hins makans. Hjá honum nær þá fyrsta þrep yfir 250 þús. kr. tekjubil í stað 200 þús. kr. og greiðir hann 20% af þessum tekjum. Á hinn bóginn er þessi millifærsla ekki látin hafa áhrif á skil miðprósentunnar og þeirrar hæstu, þ. e. a. s. tekjuhærri makinn greiðir 31% skatt af tekjunum á bilinu 250—400 þús. kr. og 44% af öllum tekjum yfir 400 þús. kr. Þessi hjón hagnast því um 11% af 50 þús. kr. eða 5 500 kr. á þessu ákvæði. Mestur verður slíkur ábati 11 þús. kr.

Kostnaður við þetta millifærsluákvæði nemur um 200 millj. kr. og er hann hluti þeirrar lækkunar skatta um 600 millj. kr. sem frumvarp þetta stefnir að.

Samkvæmt tillögu þessari lækka skattar undantekningarlaust hjá öllum að undanskildum rúmum tug framteljenda með mjög lágar tekjur en nokkurn eignarskatt. Geta skattar hækkað hjá þessum mönnum um allt að lækkun persónuafsláttar er nemur 1875 kr.

Eftirfarandi töflur gefa yfirlit yfir áhrif skattalækkunar samkvæmt þessu frumvarpi.

1. Skattfrelsismörk tekjuskatts, þ. e. a. s. þau tekjumörk þar sem viðkomandi gjaldandi, sem einungis hefur fastan frádrátt, byrjar að greiða tekjuskatt við álagningu 1985. Miðað er við upphæð tekna 1984 í þús. kr. Hjá hjónum eru þessi skattfrelsismörk miðuð við samanlagðar tekjur beggja.

	Óbreytt skattbyrði	Frumvarp þetta
Hjón: annað aflar allra tekna	322,5	369,2
Hjón: jöfn tekjuskipting	356,2	388,9
Einhleypingar	195,3	210,0
Einstæðir foreldrar	221,6	236,6

Hér koma að nokkru fram áhrif ákvæðisins um millifærslu skattþreps milli hjóna: Skattfrelsismörk hjóna með eina fyrirvinnu hækka meira en þeirra sem bæði afla tekna.

2. Meðallækkun á álögðum tekjuskatti (að frádregnum afslætti) hjá helstu flokkum gjaldenda.

Hjón samtals	17,1%
Hjón: annar makinn með meira en ¾ tekna	17,4%
Hjón: báðir makar með meira en ¼ tekna	16,7%
Einhleypingar	18,3%
Einstæðir foreldrar	18,6%

Hjónum er hér skipt í tvo álíka stóra hópa eftir tekjuskiptingu þeirra. Annars vegar er um að ræða þau hjón þar sem annar makinn hefur a. m. k. ¾ hluta af heildartekjum beggja en hjá hinum hópnum er minni munur á tekjum. Sést hér að skattar lækka öllu meira hjá fyrrgreinda hjónahópnum en þeim síðarnefnda eins og að er stefnt. Jafnframt sýnir þessi tafla að tekjuskattur einhleypra og einstæðra foreldra lækkar hlutfallslega öllu meira en hjóna þannig að fyrrgreind jöfnun á skattlagningu hjóna er ekki gerð á kostnað þeirra hópa framteljenda.

3. Fjöldaskipting gjaldenda eftir lækkun á skattbyrði. (Skattalækkun sem hlutfall af tekjum 1984.)

Hjón samtals		
Lækkun yfir 2%	10 400	hjón
Lækkun 1 til 2%	21 700	,,
Lækkun undir 1%	17 300	,,
Einhleypingar		
Lækkun yfir 1%	13 000	einstaklingar
Lækkun 0,5 til 1%	19 300	,,
Lækkun undir 0,5%	36 000	,,
Einstæðir foreldrar		
Lækkun yfir 1%	950	einstaklingar
Lækkun 0,5 til 1%	2 700	,,
Lækkun undir 0,5%	1 900	,,

Ed. 207. Frumvarp til laga [188. mál]

um sérstakan barnabótaauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Á árinu 1985 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1984 sem heimilfast er hér á landi og er á framfæri manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 15 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1984 fer fram úr 275 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 462 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 187 500 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 375 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 937 500 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 562 500 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 250 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 875 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43/1984 var kveðið á um að á árinu 1984 skyldi greiða sérstakan barnabótaauka að fjárhæð 12 000 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast var hér á landi. Var barnabótaauki þessi tengdur bæði tekjum og eignum framfæranda þannig að hann skertist ef tekjur eða eign framfæranda fór fram úr tilteknu marki. Þessi löggjöf var sett í framhaldi af tillögum aðila vinnumarkaðarins frá 21. febrúar 1984. Með frumvarpi þessu er lagt til að sambærilegur barnabótaauki verði einnig greiddur úr ríkissjóði á árinu 1985. Eru ákvæði frumvarps þessa samhljóða ákvæðum l. nr. 43/1984 að öðru leyti en því að allar fjárhæðir eru hækkaðar um 25% og er það í samræmi við áætlun Þjóðhagsstofnunar um hækkun tekna hvers gjaldanda milli áranna 1984 og 1985. Raungildi þessarar aðstoðar við lágtekjufólk ætti því að haldast óbreytt milli ára. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um fjárhagslegar afleiðingar þessa frumvarps vísast til athugasemda með tekjuskattsfrumvarpinu en þar er gerð grein fyrir heildaráhrifum beggja frumvarpanna.

Ed. 208. Frumvarp til laga [189. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1985 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á þeim aðilum, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1984 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1984.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1985 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1984. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1985 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VII—XIV kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og og eignarskatt, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema örðuvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1985 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1986. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 74/1983 og í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1984 er áætlað að tekjur af honum verði um 68 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 74/1983. Lagt er til að skatthlutfall haldist óbreytt. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 95 millj. kr. en innheimta um 85 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Ed. 209. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 26. gr. laganna:

1. Í stað „1 800 kr.“ í 1. mgr. komi: 2 250 kr.
2. Í stað „360 kr.“ í 1. og 2. málslið 2. mgr. komi: 450 kr.
3. Í stað „520 kr.“ í 7. mgr. komi: 650 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1985 vegna tekna á árinu 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 8. mgr. 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að í fjárlögum ársins 1985 verði gefin upp skattvísitala er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í 26. gr. laganna nr. 73/1980 með sérstökum lögum. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að laun hækki um 25% á milli áranna 1984 og 1985. Er því skv. frumvarpi þessu gerð sú tillaga að fjárhæðir í 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, hækki um 25%.

Nd. 210. Lög [143. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 148.

Ed. 211. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1985 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1985.
3. Af fyrstu 296 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 296 000 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1985 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 80/1983 á árinu 1984. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 80/1983. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1984 nemur 142 mkr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 125 mkr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1985 nemi um 170 mkr. og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 150 mkr.

Gengið er út frá því, að skattbyrði vegna sjúkratryggingagjalds skv. þessu frv. verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári, milli áranna 1984 og 1985.

Ed. 212. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

10. gr. hljóði svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. lögum um tekju- og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 580 á hvern gjaldanda árið 1985. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegin gjaldinu, svo og þeir, sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 115 500. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar fjárhæðir skulu breytast árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu gjaldsins skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á næstu 3 ár, 1985—1987.
2. Frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs innheimtuársins skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi áætlaðra tekna sjóðsins skv. þessari grein.

2. gr.

11. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins annast samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sbr. 3. gr. og 5. tl. 4. gr. Er samstarfsnefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis, taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

3. gr.

12. gr. hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu þjónustuíbúða og verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða.
2. Að styrkja byggingu dvalarheimila fyrir aldraða.
3. Að styrkja byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum einkaaðila.

4. Að styrkja breytingar og endurbætur á dvalarstofnunum aldraðra, sem nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
5. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn mælir með og ráðherra samþykkir.

Sjóðstjórn er heimilt að verja 30% tekna Framkvæmdasjóðs aldraðra árlega til styrktar byggingu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Styrkurinn skal við uppgjör dragast frá heildarbyggingarkostnaði.

4. gr.

13. gr. hljóði svo:

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1981 var stofnaður með lögum Framkvæmdasjóður aldraðra (lög nr. 49/1981). Hlutverk hans var að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

Frá gildistöku laganna um Framkvæmdasjóð aldraðra hafa ýmsar breytingar verið gerðar á ákvæðum þeirra. Hin fyrsta var gerð haustið 1981 til leiðréttingar augljósra annmarka á lagasetningunni. Auk þess var sjóðnum þá fengið það verkefni að standa straum af 85% framlögum, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, til byggingar hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum sveitarfélaga, enda kæmi í sjóðinn beint framlag af fjárlögum til viðbótar tekjunum af nefskattinum.

Við samningu frumvarps til laga um málefni aldraðra voru ákvæðin um Framkvæmdasjóðinn felld inn í frumvarpið. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var sú breyting gerð á ákvæðum um hlutverk sjóðsins vegna 85% framlaganna, að úr ríkissjóði þyrfti að koma til sjóðsins jafnhátt framlag og sjóðurinn greiddi til 85% verkefna sveitarfélaga. Í raun þýddi þetta að tekjum sjóðsins af nefskattinum ætti eingöngu að verja til byggingar íbúða og dvalarheimila, auk hjúkrunarrýmis á vegum einkaaðila.

Haustið 1983 var enn samþykkt breyting á ákvæðunum um Framkvæmdasjóðinn þar sem heimilað var að greiða af nefskattinum, til byggingar 85% verkefna, jafnháa upphæð og ríkissjóður greiddi til sjóðsins. Við umræðu á Alþingi um þessa lagabreytingu gaf heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, þá yfirlýsingu að skipuð yrði nefnd til að endurskoða þau ákvæði laganna um málefni aldraðra, sem snertu Framkvæmdasjóð aldraðra.

Þann 8. ágúst 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þriggja manna nefnd, sem fékk það hlutverk að endurskoða II. kafla, um Framkvæmdasjóð aldraðra, í lögum nr. 91/1982, sbr. breyting á þeim lögum nr. 83/1983.

Í nefndina voru skipuð: Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Guðmundur Bjarnason, alþingismaður og Halldór Blöndal, alþingismaður.

Nefndin kom fyrst saman í byrjun september 1984 og hefur samið lagafrumvarp það um breytingar á lögum um málefni aldraðra, sem hér er lagt fram.

Á núverandi fyrirkomulagi við úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra er sá annmarki helstur að öll langtímaáætlanagerð hefur verið óframkvæmanleg vegna sífelldra breytinga á lagaákvæðum um sjóðinn. Aldrei hefur legið ljóst fyrir, fyrr en við samþykkt fjárlaga hverju sinni, hvaða fjármuni sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar. Þannig hefur t. d. enn ekki verið unnt að vinna 5 ára áætlun um framkvæmdir, í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Þá hefur og verið gagnrýnt hvað fjárveitinganefnd og Alþingi hafa getað haft lítil áhrif á til hvaða hjúkrunarrýmisverkefna á vegum sveitarfélaga sjóðurinn veitir framlög. Það hefur hverju sinni verið háð vilja heilbrigðisráðherra, hvort samráð um þetta atriði hefur verið haft við fjárveitingavaldið, þar sem lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir að heilbrigðisráðherra úthluti ráðstöfunarfé sjóðsins, skv. tillögum samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

Með þeim breytingartillögum, sem hér eru lagðar fram er fyrst og fremst stefnt að eftirfarandi:

1. Að koma festu á starfsemi Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að þeir, sem þangað hyggjast sækja fjármuni, geti vitað hvers þeir megi vænta.
2. Að færa fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga að nýju til fjárveitinganefndar enda verði tekjur af nefskattinum einu tekjur sjóðsins. Þó er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra geti ráðstafað 30% tekna sinna í þágu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd, taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra þegar hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð grundvallarbreyting á tekjustofnum Framkvæmdasjóðs aldraðra. Gert er ráð fyrir að einu tekjur hans verði sérstaki skatturinn, sem er ákveðinn 580 kr. árið 1985, auk frjálsra framlaga og vaxtatekna. Upphæð skattsins hefur verið hækkuð í samræmi við skattvísitölu milli ára. Sama gildir um hækkun skattleysismarksins, sem verður nú kr. 115 500. Þá er og gert ráð fyrir að nefskatturinn verði ekki innheimtur nema næstu 3 ár, í samræmi við upphafleg loforð við setningu hans.

Í 2. mgr. felst að fest er nánar hvenær fjármálaráðuneytið skuli standa Framkvæmdasjóði aldraðra skil á tekjum sínum, þ. e. í miðmánuði hvers ársfjórðungs.

Um 2. gr.

Ákvæðið er óbreytt a. ö. l. en því að fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis, skuli taka sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra, er hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðsins.

Um 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er hér skilgreint, þ. e. að styrkja byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða, verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða, dvalarheimila fyrir aldraða og byggingu einstaklinga eða sjálfseignarstofnana á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Einnig er gert ráð fyrir að sjóðurinn styrki framkvæmdir við breytingar á eldri dvalarstofnunum fyrir aldraða.

Þá er og sett inn það heimildarákvæði að Framkvæmdasjóður aldraðra geti varið 30% tekna sinna í þágu hjúkrunarrýmis aldraðra á vegum sveitarfélaga, þ. e. svokallaðra 85% framkvæmda. Hins vegar er ákveðið að sá styrkur, sem Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir til verkefna af þessu tagi, komi báðum aðilum til góða, þ. e. dragist við uppgjör frá heildarbyggingarkostnaði. Þetta þykir eðlilegt með hliðsjón af því að þarna er verið að verja skatttekjum af sérstökum nefskatti til verkefna, sem ríkissjóði ber að annast 85% fjármögnun á.

Þess má geta, að samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur nú til endurskoðunar núgildandi reglur um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Er stefnt að því að setja nýjar úthlutunarreglur fyrir áramót. Gert er ráð fyrir að hinar nýju úthlutunarreglur samrýmist betur en áður lánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins til verkefna af sama tagi, auk þess sem leitast verður við að reglurnar hvetji til hagkvæmni í byggingum og byggingarkostnaði.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Íbúar 67 ára og eldri 1.12.1983.

	Karlar	Konur	Samtals	Alls	%
Reykjavík	3882	5937	9819	87106	11.3
Vesturland	588	621	1209	15089	8.0
Vestfirðir	408	416	824	10414	7.9
Norðurland vestra	516	541	1057	10699	9.9
Norðurland eystra	1073	1271	2344	26160	9.0
Austurland	514	511	1025	13120	7.8
Suðurland	880	812	1692	10072	8.4
Reykjanes	1290	1545	2835	55201	5.1
Samtals	9151	11654	20805	237861	8.7

Fylgiskjal II.

Vistrými fyrir aldraða 1. janúar 1974 og 1984.

	1974		1984	
	Vistrými	Hjúkr.rými	Vistrými	Hjúkr.rými
Elliheimilið Grund	59	302	125	196
DAS, Reykjavík	292	143	237	149
Droplaugarstaðir			36	32
Hvítabandið				19
B-álma				29
Heilsuverndarstöðin				30
Hafnarbúðir				25
Hátún 10b				66
Akranes	17		44	
Borgarnes			60	
Stykkishólmur			25	
Búðardalur (Fellsendi)	15			16
Flateyri			7	
Ísafjörður	18		20	
Blönduós	27		15—20	
Siglufjörður	3		10	
Dalvík			43	
Ólafsfjörður			17	
Hlíð, Akureyri	77		109	
Skjaldarvík, Akureyri	80		75	
Sel, Akureyri				20
Kristnes		78		69
Húsavík			43	
Eskifjörður			8	
Neskaupstaður	10			10
Höfn, Hornafirði			20	20
Kirkjubæjarklaustur			6	
Vík í Mýrdal			4	
Hella			24	
Vestmannaeyjar			42	
Stokkseyri			28	14
Hveragerði	180		190	
Keflavík	18		17	
Garður			22	
DAS, Hafnarfirði			87	88
Sólvangur		108		106
Kópavogur				38
Samtals	796	631	1319	927

Íbúðir fyrir aldraða eru á eftirtöldum stöðum:

Reykjavík, Akranesi, Ísafirði, Hvammstanga, Blönduósi, Þórshöfn, Vopnafirði, Neskaupstað, Vík í Mýrdal, Flúðum, Aratungu, Selfossi.

Fylgiskjal III.

Tekjur
Framkvæmdasjóðs aldraðra 1981—1984.
(í milljónum króna)

	1981	1982	1983	1984	Samtals
Framlag ríkissjóðs	0	11,0	11,6	15,0	37,5
Heildarálagning sérstaka gjaldsins	10,1	18,3	30,8	47,7	106,9
Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra af sérstaka gjaldinu	7,2	15,6	28,4	46,0	97,2
Samtals ráðstöfunarfé	7,2	26,6	40,0	61,0	134,8

Eins og yfirlit þetta ber með sér, hefur Framkvæmdasjóður aldraðra ekki fengið nema hluta álagningar sérstaka gjaldsins til ráðstöfunar. Jafnframt kemur í ljós, er yfirlit þetta er borið saman við skiptingu framlaga úr sjóðnum 1981—1984 (fylgiskjal IV), að árið 1982 var úthlutað talsvert hærri fjárhæð en sjóðurinn fékk til ráðstöfunar það ár. Af þeim sökum var árið 1984 ákveðið að reyna að gera upp allar eldri skuldir sjóðsins, tæplega 5 m. kr. og úthlutun miðuð við það.

Fylgiskjal IV.

Skipting framlaga
úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1981—1984 eftir umdæmum.
(í milljónum króna)

	1981	1982	1983	1984	Samtals
Reykjavík	3,0 (42%)	18,0 (56%)	22,0 (55%)	24,8 (46%)	67,9 (50,7%)
Vesturland	—	0,6 (2%)	1,5 (4%)	2,2 (4%)	4,3 (3,2%)
Vestfirðir	—	—	1,0 (2%)	1,6 (3%)	2,6 (1,9%)
Norðurland vestra	—	2,2 (7%)	3,6 (9%)	5,8 (11%)	11,6 (8,7%)
Norðurland eystra	—	3,5 (11%)	1,3 (3%)	5,0 (9%)	9,8 (7,3%)
Austurland	0,72 (10%)	1,45 (4%)	3,9 (10%)	5,1(9%)	11,17 (8,4%)
Suðurland	—	0,5 (2%)	2,4 (6%)	4,4 (8%)	7,3 (5,5%)
Reykjanes	3,457 (48%)	5,85 (18%)	4,3 (11%)	5,5 (10%)	19,125 (14,3%)
Samtals:	7,195	32,1	40,0	54,4	133,695

Fylgiskjal V.

Úthlutun
úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1981—1984.
(í milljónum kr.)

	1981	1982	1983	1984	Samtals
Reykjavík, B-álma	3,0	18,0	22,0	19,0	62,0
Reykjavík, Seljahlíð	—	—	—	1,3	1,3
Reykjavík, Droplaugarstaðir	—	—	—	2,0	2,0
Reykjavík, DAS	—	—	—	2,5	2,5
Akranes (dvalarheimili)	—	—	—	0,5	0,5
Borgarnes (dvalarheimili)	—	0,3	0,5	0,5	1,3
Stykkishólmur (dvalarheimili)	—	0,3	0,3	—	0,6
Ólafsvík (íbúðir)	—	—	0,2	0,2	0,4
Búðardalur (dvalarheimili)	—	—	0,5	1,0	1,5
Reykhólar (íbúðir)	—	—	0,3	0,5	0,8
Ísafjörður (íbúðir)	—	—	0,7	1,1	1,8
Hvammstangi (íbúðir)	—	—	0,3	0,5	0,8
Skagaströnd (dvalarheimili)	—	—	0,2	0,3	0,5
Sauðárkrókur (dvalar- og hjúkrunarheimili)	—	2,2	3,0	4,0	9,2
Siglufjörður (dvalarheimili)	—	—	0,1	1,0	1,1
Ólafsfjörður (dvalarheimili)	—	0,5	—	—	0,5
Dalvík (dvalarheimili)	—	1,0	—	0,75	1,75
Akureyri (hjúkrunardeild)	—	1,0	—	—	1,0
Akureyri (dvalarheimili)	—	—	—	3,5	3,5
Húsavík (dvalarheimili)	—	1,0	1,0	0,75	2,75
Egilsstaðir (dvalar- og hjúkrunarheimili)	—	1,0	1,7	2,4	5,1
Vopnafjörður (íbúðir)	—	—	0,2	0,4	0,6
Vopnafjörður (hjúkrunardeild)	0,32	0,1	0,8	1,0	2,22
Neskaupstaður (íbúðir)	—	—	0,7	0,5	1,2
Fáskrúðsfjörður (dvalarheimili)	—	—	—	0,3	0,3
Höfn (dvalarheimili)	0,4	—	0,3	0,4	1,1
Höfn (hjúkrunardeild)	—	0,35	0,2	0,1	0,65
Kirkjubæjarklaustur (íbúðir)	—	—	0,2	—	0,2
Biskupstungnahreppur (íbúðir)	—	—	0,2	—	0,2
Hrunamannahreppur (íbúðir)	—	—	0,2	—	0,2
Vík í Mýrdal (íbúðir)	—	—	0,3	—	0,3
Hella (hjúkrunardeild)	—	0,5	1,1	2,0	3,6
Selfoss (íbúðir)	—	—	0,4	—	0,4
Selfoss (hjúkrunardeild)	—	—	—	1,4	1,4
Stokkseyri (hjúkrunardeild)	—	—	—	1,0	1,0
Garður (dvalarheimili)	—	0,5	0,6	0,8	1,9
Keflavík (íbúðir)	—	—	0,2	0,2	0,4
Hafnarfjörður (DAS)	1,975	4,0	1,2	2,5	9,675
Hafnarfjörður (Sólvangur)	—	0,35	1,8	2,0	4,15
Kópavogur (hjúkrunarheimili)	1,5	1,0	0,5	—	3,0
Samtals:	7,195	32,1	40,0	54,4	133,695

Sþ. 213. Fyrirspurn [193. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd höfundalaga, höfundarrétt o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hefur Rannsóknarlögreglan fengið sérstaka fjárveitingu til að fylgjast með framkvæmd höfundalaga og höfundarétti, sbr. lög nr. 73/1972 og lög nr. 78/1984?
2. Hvað veldur því að ríkissaksóknari vísar frá kæru um meint brot á höfundalögum, svo sem ólöglegan innflutning myndbanda, fjölföldun og leigu þeirra?
3. Hefur ríkissaksóknari lagaheimild til að vísa frá slíkum málum órannsökuðum sem einnig varða önnur lög, svo sem hegningarlög (skjalafals), bókhaldslög og ýmis lög um greiðslu opinberra gjalda?

Sþ. 214. Fyrirspurn [194. mál]

til menntamálaráðherra um höfundalög.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd á lögum nr. 78/1984, um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, sem samþykkt voru í lok síðasta þings?

Sþ. 215. Fyrirspurn [195. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun gengismunar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve mikið hefur innheimst af gengismun skv. 3. gr. l. nr. 71/1984, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum?
2. Hvað er áætlað að mikið fé eigi eftir að koma í gengismunarsjóð?
3. Hverjir hafa fengið greitt úr sjóðnum, hve mikið hefur farið til hvers og til hvaða nota?
4. Hvernig verður því fé skipt sem nú er óráðstafað?
5. Hver er áætlaður vaxtahagnaður sjóðsins?

Óskað er skriflegs svars.

Ed. 216. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar. Hefur verið leitað umsagnar nokkurra aðila um frv. og á fund nefndarinnar hafa komið forustumenn þess fyrirtækis, sem gert er ráð fyrir að taki við rekstri Landssmiðjunnar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna, Skúli Alexandersson, skilar séráliti.

Alþingi, 4. des. 1984.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Björn Dagbjartsson.	Stefán Benediktsson.	Egill Jónsson.

Ed. 217. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Stefán Benediktsson var viðstaddur fund nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 4. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Tómas Árnason, frsm.
Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.	Egill Jónsson.

Ed. 218. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið. Klofnaði hún og leggur meiri hl., þeir sem undirrita nefndarálit þetta, til að frv. verði samþykkt.
Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi, 4. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Tómas Árnason.	Valdimar Indriðason.
	Egill Jónsson.	

Ed. 219. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um sérstakan barnabótaauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur skoðað málið og leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Egill Jónsson.
Tómas Árnason.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.

Sþ. 220. Fyrirspurn [196. mál]

til fjármálaráðherra um skatta verslunarinnar, banka og skipafélaga árið 1983.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver var hagnaður:
   a. smásöluverslunar,
   b. heildverslunar
   samkvæmt skattframtölum árið 1983 af rekstri (fyrir skatta, „skattalegar ráðstafanir“ og framlag í varasjóð/fjárfestingarsjóð)?
2. Hve margar smásöluverslanir og heildverslanir töldu fram til skatts fyrir árið 1983?
3. Hver var hagnaður skipafélaganna alls samkvæmt skattframtölum 1983?
4. Hver var hagnaður bankanna 1983 — sundurliðaður eftir bönkum?

Sþ. 221. Fyrirspurn [197. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstöðugjöld.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver var aðstöðugjaldsstofn árið 1983:
   a. smásöluverslunar,
   b. heildverslunar,
   c. skipafélaga?
2. Hverju nam aðstöðugjald þessara aðila, sem nefndir eru í 1. tölul., árið 1983?

Ed. 222. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á þremur fundum og sent það til umsagnar og á fund nefndarinnar komu forustumenn Landssmiðjunnar hf., hins nýja fyrirtækis sem stefnt er að að kaupi Landssmiðjuna. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Sex nefndarmenn leggja til að það verði samþykkt óbreytt. Undirritaður leggur til að það verði fellt.

Nefndinni barst umsögn um frv. frá Félagi járniðnaðarmanna þar sem lagt er til að það verði fellt. Sú umsögn fylgir hér með sem fylgiskjal.

Í frv. og fylgiskjölum þess er ekki að finna nein rök fyrir sölu Landssmiðjunnar enda mun frv. fyrst og fremst vera liður í þeirri stefnu núv. ríkisstjórnar að selja sem flest ríkisfyrirtæki, að því er virðist án tillits til þess hvort slíkt þjónar almannahagsmunum. Það er að mínu mati vafasöm stefna hjá ríkisstjórn að breyta eignarráðum á fyrirtækjum á stuttum valdaferli ef það þjónar ekki einhverjum tilgangi öðrum.

Frv. felur í sér uppgjör við það verkefni sem unnið hefur verið að frá árinu 1979 að bæta starfsaðstöðu Landssmiðjunnar. Frumkvæði að þeim endurbótum á starfsaðstöðu fyrirtækisins, sem að var stefnt með byggingu nýs verkstæðishúss við Skútuvog, áttu stjórnendur og starfsfólk Landssmiðjunnar. Með fráhvarfi frá þessum áformum er miklum fjármunum og undirbúningsstarfi kastað á glæ.

Svo sem fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis í maí s.l. tjáði iðnaðarráðuneytið forráðamönnum Landssmiðjunnar að það væri fylgjandi því að unnið yrði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins samkvæmt endurskoðaðri áætlun um byggingarframkvæmdir Landssmiðjunnar frá því í ágúst 1983. Skýrsla ráðherra um Landssmiðjuna fylgir hér með sem fylgiskjal. Stefnt var að byggingaráfanga sem hæfði núverandi starfsemi en jafnframt haldið opnum möguleikum til stækkunar síðar meir. Með þessari leið, ef farin hefði verið, má ætla að sú fjárfesting, sem liggur í núverandi grunni, um 66 millj. kr. á núv. verðlagi, hefði nýst í áföngum í því skyni sem gert var ráð fyrir í upphaflegum byggingaráformum. Alger óvissa ríkir um það hvort unnt er að fá sannvirði fyrir þessa fjárfestingu ef frv. verður að lögum. Fjármálaráðherra taldi jafnvel við 1. umr. um frv. að erfitt yrði að selja þennan grunn fyrir meira en brot, innan við 15% af því sem hann er skráður sem eign ríkissjóðs. Það er skoðun undirritaðs að uppbygging fyrirtækisins eftir nefndri áætlun hefði tryggt betur bæði fjármuni ríkisins og starfsemi Landssmiðjunnar.

Nauðsynlegt er að leita úrbóta varðandi rekstur ríkisfyrirtækja. Á það bæði við um rekstrarform og hagræðingu í starfseminni. Á hinn bóginn þarf að vanda sérhvert skref sem stigið er í þessum efnum og forðast handahófskennd og fljótfærnisleg vinnubrögð. Það var góðra gjalda vert að gefa starfsfólki Landssmiðjunnar kost á að kaupa fyrirtækið. En jafnframt hefði þurft að tryggja það að uppbygging eignarfyrirtækisins hefði verið á þann veg að starfsmenn hefðu þar ætíð eignar- og stjórnarrétt.

Stofnsamningur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. tryggir það engan veginn að starfsmenn fyrirtækisins í framtíðinni verði eigendur að fyrirtækinu. Aðeins 22 af yfir 70 starfsmönnum eru aðilar að hlutafélaginu sem kaupir Landssmiðjuna. Nokkur deilumál eru uppi um réttindi þess fólks sem verður látið hætta störfum með tilkomu nýrra eigenda.

Það er skoðun undirritaðs að þetta frv. sé ekki nægjanlega undirbúið — aðalatriðið virðist vera að selja ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna, án þess að það þjóni nokkru öðru markmiði en sölunni einni. Ekki er leitað leiða í þá átt að nýta það fjármagn sem fyrirtækið á bundið í byggingaráfanga við Skútuvog. Tilraunaverkefni með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju hefur ekki verið leitt til lykta, né nýjum aðila falið verkefnið. Aðeins rúmlega fjórðungur starfsmanna hefur gerst eigendur hins nýstofnaða fyrirtækis sem kaupir Landssmiðjuna og engin trygging er fyrir því að nýir starfsmenn geti gerst eignar- eða stjórnaraðilar að fyrirtækinu, né að væntanlegir eigendur verði áframhaldandi starfsmenn.

Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 5. des. 1984.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

UMSÖGN FÉLAGS JÁRNIÐNAÐARMANNA

Iðnaðarnefnd efri deildar,
hr. form. Þorvaldur G. Kristjánsson,
Alþingi, 101 Reykjavík.

Reykjavík 20. nóv. 1984.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur óskað eftir umsögn félags vors um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Umsögn vor er þessi:

Ríkisfyrirtækið Landssmiðjan var stofnsett 1930 í þeim tilgangi að þjóna ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum varðandi málmsmíði og véla- og tækjaviðgerðir.

Starfsemi Landssmiðjunnar var við það miðuð að veita viðskiptaaðilum alhliða þjónustu þannig að ekki þyrfti að leita til annarra vegna einstakra verkefna í viðhaldi og nýsmíði.

Helstu ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem Landssmiðjan hefur þjónað á undanförnum áratugum, eru þessi:

Skipaútgerð ríkisins,
Landhelgisgæslan,
Hafrannsóknastofnunin,
Vita- og hafnamálastofnunin,
Vegagerð ríkisins,
Orkustofnun,
Rafmagnsveitur ríkisins,
Póstur og sími,
Ríkisspítalar,
Lögreglan,
Síldarverksmiðjur ríkisins,
Sementsverksmiðjan,
Áburðarverksmiðjan,
Kísiliðjan.

Á undanförnum tveim til þrem áratugum hafa ýmsar af þessum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum dregið viðskipti sín frá Landssmiðjunni og sett upp eigin málmsmíða- og viðgerðarverkstæði eða keypt sér slíka þjónustu hjá einkafyrirtækjum. Slík dreifing smiðjureksturs ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja er tvímælalaust óhagkvæm m. a. með hliðsjón af nýtingu húsnæðis, mannafla og tækja- og verkfærabúnaðar. Af þessum ástæðum fyrst og fremst hafa starfsemi og umsvif Landssmiðjunnar dregist saman undanfarin ár.

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem óhjákvæmilega verða starfrækt áfram, munu framvegis þurfa, eins og hingað til, að fá þjónustu í málmsmíði og véla- og tækjaviðgerðum.

Það er álit vort að eðlilegast og hagkvæmast sé að eitt traust og vel búið ríkisrekið málmsmíða- og viðgerðarfyrirtæki veiti ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum alla málmsmíða- og viðgerðarþjónustu. Til þess var Landssmiðjan stofnuð á sínum tíma og ef öllum málmsmíða- og viðgerðarverkefnum fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki væri beint til hennar væri rekstrar- og starfsgrundvöllur traustur til nauðsynlegrar þjónustu við ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Við teljum því rangt að ríkið hætti rekstri Landssmiðjunnar og selji fyrirtækið. Í stað þess ber að endurskipuleggja rekstur og starfsemi fyrirtækisins í hagkvæmara húsnæði og með endurnýjuðum verkfæra- og tækjabúnaði og beina þangað viðskiptum annarra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem þurfa að kaupa þjónustu í málmsmíði og véla- og tækjaviðgerðum.

Jafnframt verði starfsmönnum gefinn kostur á aðild að stjórn fyrirtækisins eins og víða er nú gert.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið mælum vér gegn samþykkt lagafrumvarps um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags járniðnaðarmanna,
Guðjón Jónsson formaður.

Fylgiskjal II.

ÚR SKÝRSLU IÐNAÐARRÁÐHERRA

til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga með ríkisaðild er tilheyra verksviði iðnaðarráðuneytisins, maí 1984 (þskj. 1036 á 106. löggjafarþingi, bls. 16—18).

LANDSSMIÐJAN

Landssmiðjan starfar eftir lögum nr. 102/1936. Fyrirtækið heyrir beint undir iðnaðarráðherra og hefur ekki lotið annarri formlegri stjórn.

Starfsemin er einkum almenn viðgerðarþjónusta, þjónusta við skipaflotann, nýsmíði á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg og landbúnað, innflutningur á vélum og þjónusta í tengslum við þá starfsemi. Um helmingur tekna Landssmiðjunnar árið 1983 var af innflutningi og verzlun.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðin veruleg uppbygging á fyrirtækinu. Samkvæmt áætlunum var ákveðið að byggja 6 600 m^2 verkstæðishús (46 900 m^3) við Skútuvog í Reykjavík. Þessi byggingaráform miðuðust við verulega aukningu á verkefnum fyrirtækisins í tengslum við fyrirhugaða skipaverkstöð í Kleppsvík.

Framkvæmdir hófust í ársbyrjun 1982, steyptir hafa verið sökklar og helmingur gólfplötu. Framkvæmdir stöðvuðust vegna fjárskorts á miðju ári 1982 og hafa að mestu legið niðri síðan.

Kostnaður vegna framkvæmdanna í Skútuvogi, framreiknaður til verðlags 31. desember 1983, er 57 731 þús. kr. og áhvílandi lán 39 800 þús. kr. Framkvæmdirnar eru ekki komnar á það stig, að þær séu nýtanlegar, og valda þær fyrirtækinu verulegri greiðslubyrði.

Í maí 1983 ákvað byggingarnefnd Landssmiðjunnar, að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið, að endurskoða fyrri byggingaráform. Ástæðan var einkum sú, að forsendur fyrir byggingu svo stórs verkstæðishúss höfðu breytzt mikið, ekki sízt vegna algerrar óvissu um byggingu fyrrnefndrar skipaverkstöðvar.

Endurskoðaðar tillögur um bygginguna lágu fyrir í ágúst 1983. Í þeim er gert ráð fyrir að byggja mun minna og ódýrara verkstæðishús. Tillögurnar miðast við að byggt verði í fyrstu 2 100 fermetra hús (um 13 500 rúmmetrar). Iðnaðarráðuneytið tjáði forráðamönnum Landssmiðjunnar, að það sé fylgjandi því, að unnið verði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins á grundvelli þessarar endurskoðuðu áætlunar á meðan málið er í athugun. Ekki er ósennilegt að með öllu verði horfið frá þessum byggingaráformum.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðið að ríkissjóður keypti húseignir Landssmiðjunnar við Sölvhólsgötu. Var gengið frá yfirlýsingu milli fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og iðnaðarráðherra, f. h. Landssmiðjunnar og Iðnaðarráðuneytisins, hinn 24. maí 1983, sem felur í sér afsal á húseignum Landssmiðjunnar, ásamt lóðarréttindum milli Skúlagötu, Klapparstígs og Sölvhólsgötu í Reykjavík, til ríkissjóðs.

Söluverð var 16 mkr. og skyldi það greiðast í áföngum á tveimur árum. Við samning þennan hefur eigi verið staðið af hálfu Fjármálaráðuneytisins og eru fyrrnefndar eignir skráðar í ársreikning Landssmiðjunnar 31. desember að upphæð 21 746 þús. kr.

Rekstur 1983.

Rekstur Landssmiðjunnar gekk sæmilega á árinu 1983 og varð hagnaður af starfseminni 4 mkr., samanborið við 220 þús. kr. hagnað 1982. Það skal þó tekið fram, að vaxtakostnaður vegna nýbyggingar er ekki færður á rekstur, heldur sem hluti af kostnaði við nýbygginguna. En fjármagnskostnaður vegna nýbyggingarinnar nam um 18,5 mkr. á árinu, og er þar bæði um að ræða vaxtakostnað og uppfærslu á lánum. Verðbreytingatekjur námu 7,4 mkr.

Velta fyrirtækisins í iðnrekstri jókst um 75,8% frá árinu 1982 og velta verzlunar um 59%.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	Til samanburðar 1982
Rekstrartekjur	52 460 000	31 476 000
Rekstrargjöld	54 021 000	31 138 000
Fjármagnstekjur* (gjöld)	5 975 000	(118 000)
Hagnaður	4 038 000	220 000
Eignir	102 653 000	47 455 000
Skuldir	57 149 000	24 820 000
Eigið fé	45 504 000	22 634 000

*(Verðbreytingatekjur nema 7,4 mkr.)

Árið 1983 störfuðu að jafnaði 74 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Forstjóri Landssmiðjunnar er Sigurður Daníelsson.

Tilraunaverksmiðja.

Haldið var áfram vinnu við þróun á nýrri aðferð við þurrkun á fiskimjöli, sem Landssmiðjan hefur unnið að síðustu 3 ár. Var þessi aðferð kynnt í Flórída í nóvember á þingi alþjóðasamtaka fiskimjölsframleiðenda.

Prófun á fyrsta áfanga tækjabúnaðarins mun verða gerð í apríl og maí 1984. Framreiknuð lán vegna þessara tilrauna, hönnunar og tilraunasmíði, voru í árslok 1983 kr. 2 911 099 og er það um helmingur tilkostnaðar.

Við þetta verkefni hefur Landssmiðjan notið tæknilegrar aðstoðar ýmissa aðila, svo sem Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og fjárhagslegs stuðnings frá Iðnþróunarsjóði og Iðnrekstrarsjóði.

Horfur í rekstri 1984.

Stöðugleiki í verðlagi á síðustu mánuðum virðist hafa haft örvandi áhrif á framkvæmdir er snerta járniðnað. Þá má geta þess, að innheimta útistandandi reikninga gengur betur. Hins vegar veldur sú greiðslubyrði, sem orsakast af nýbyggingarframkvæmdum við Skútuvog 7, fyrirsjáanlegum erfiðleikum í rekstri Landssmiðjunnar verði ekkert að gert.

Unnið er að tillögum um úrbætur í rekstri fyrirtækisins á vegum iðnaðarráðuneytisins. Hefur iðnaðarráðherra lýst því yfir við starfsfólk Landssmiðjunnar, að hann hafi hug á, að starfsfólkið kaupi fyrirtækið. Hinn 24. febrúar 1984 stofnuðu 54 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll fyrir kaupum á fyrirtækinu.

Viðræðunefnd þeirri, er sá um söluna á Siglósíld, hefur verið falið að sjá um viðræður vegna hugsanlegrar sölu á Landssmiðjunni. Nefndina skipa: Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, formaður, Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Guðmundur Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ed. 223. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Einstakir nefndarmenn, sem skipa minni hl., munu gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum við 2. umr. málsins.

Alþingi, 4. des. 1984.

Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. Ragnar Arnalds. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 224. Frumvarp til útvarpslaga. [198. mál]

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

I. KAFLI
Ríkisútvarpið.

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eign íslenska ríkisins.

2. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn tollfrjálst til eigin þarfa, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun og fleira sem ákveðið er skv. alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Að minnsta kosti helmingur af útsendu efni á hverri rás skal vera íslenskur. Ríkisútvarpið skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum. Það skal veita fræðslu í einstökum greinum og kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum á þeim. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Þess skal gætt að menning og reynsla minnihlutahópa fái sambærilega umfjöllun og meirihlutahópa. Þess skal sérstaklega gætt að kynjum sé ekki mismunað á neinu sviði.

Ríkisútvarpið skal veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum, stefnum og skoðunum í öllum málum, enn fremur gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins a. m. k. þrjár hljóðvarpsdagskrár og a. m. k. eina sjónvarpsdagskrá.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að stofna til fræðsluútvarps í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

Ríkisútvarpinu er heimilt að stofna staðbundnar útvarpsstöðvar óski sveitarfélög þess, eitt eða fleiri, að uppfylltum skilyrðum, sbr. 7. gr. laga þessara.

5. gr.

Ríkisútvarpið greinist í eftirtaldar útvarpsstöðvar:

1. hljóðvarp, sem nær yfir landið á a. m. k. þremur rásum og telst hver rás sjálfstæð útvarpsstöð;
2. sjónvarp, sem nær yfir landið á a. m. k. einni rás og telst hver rás sjálfstæð útvarpsstöð;
3. staðbundnar hljóðvarpsstöðvar, sem hver um sig telst sjálfstæð útvarpsstöð;
4. staðbundnar sjónvarpsstöðvar, sem hver um sig telst sjálfstæð útvarpsstöð.

6. gr.

Hljóðvarpið skal senda út dagskrá á þeim tveimur rásum sem þegar eru fyrir hendi. Þriðja rásin skal senda út efni frá félagssamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum. Dagskrármenn rásar þrjú úthluta tímabundið útsendingartíma til umsækjenda í samráði við notendaráð, sbr. 13. gr. laga þessara. Ríkisútvarpið leggur til hljóðver með tækniaðstoð til þáttagerðar á rás þrjú en umsækjendur skulu bera annan kostnað við þáttagerðina.

7. gr.

Íbúar hvers sveitarfélags ákveða með almennri kosningu hvort þeir æskja þess að staðbundin útvarpsstöð verði stofnuð. Sveitarfélögin, eitt eða fleiri sameiginlega, fara þess á leit við Ríkisútvarpið að það setji á fót staðbundna útvarpsstöð á svæði því sem kosningin náði til.

8. gr.

Að fenginni viljayfirlýsingu íbúa um stofnun staðbundinnar útvarpsstöðvar og að fengnu samþykki framkvæmdaráðs og notendaráðs, sbr. 11. og 12. gr., skal Ríkisútvarpið í samstarfi við Póst- og símamálastofnun sjá um lögn eða uppsetningu dreifikerfis fyrir stöðina. Skulu dreifikerfin fjármögnuð með stofngjaldi frá notendum eða sveitarfélögum.

Staðbundnum útvarpsstöðvum er heimilt að sækja um fé til húsnæðis- og tækjakaupa til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

9. gr.

Þegar stofnuð er staðbundin útvarpsstöð auglýsir framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins eftir tveimur starfsmönnum og ræður síðan í störfin. Skal annar starfsmannanna hafa nauðsynlega tækniþekkingu. Sama gildir um stofnun nýrra landrása.

Að öðru leyti fer um mannaráðningar skv. 10. og 11. gr. laga þessara.

10. gr.

Hver deild innan hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, svo og hver staðbundin útvarpsstöð, tekur ákvarðanir um málefni sem hana varða.

Fastir starfsmenn hverrar deildar velja umsjónarmann til eins til þriggja ára í senn og sér hann um að framkvæma ákvarðanir starfsmanna deildarinnar.

Framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti allir umsjónarmenn stöðvarinnar, sér um framkvæmd og samræmingu á rekstri hennar.

11. gr.

Framkvæmdaráð skal skipað þrem mönnum, völdum af starfsmönnum með leynilegri kosningu, einn valinn af dagskrárdeildum, einn af tæknideildum og einn af aðalskrifstofu fjármáladeilda.

Starfssvið ráðsins er að samræma rekstur útvarpsstöðvanna, og ber það ábyrgð á endanlegri fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins og gætir þess að henni sé framfylgt. Ráðið sér um tengsl við framkvæmdanefndir allra útvarpsstöðva. Framkvæmdaráð situr þá fundi í

stofnuninni sem það óskar eftir og þá sem deildir óska eftir að það sitji. Ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma innan stofnunarinnar, má vísa til framkvæmdaráðs. Enginn skal sitja lengur í framkvæmdaráði en þrjú ár í senn.

12. gr.

Notendaráð skal skipað sjö konum og sjö körlum sem valin eru úr þeim hópi landsmanna sem kosningarrétt hefur og kjörgengi. Þau skulu valin með tilviljunarúrtaki og sitja í ráðinu í tvö ár. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt til jafnlangs tíma og skulu sömu reglur gilda um skiptingu kynja. Framkvæmdaráð skal sitja á fundum notendaráðs og hafa fulltrúar þess málfrelsi og tillögurétt á fundum notendaráðs.

13. gr.

Notendaráð skal leggja drög að skiptingu efnis í höfuðdráttum í hverri útvarpsstöð og gæta þess að henni sé framfylgt. Ráðið skal gæta þess að 3. gr. laga þessara sé í heiðri höfð. Notendaráð skipar umsjónarmenn að föstum þætti á hverri útvarpsstöð þar sem tekin er fyrir gagnrýni notenda á útsendu efni viðkomandi útvarpsstöðvar. Skulu umsjónarmenn þessara þátta eigi vera úr hópi fastra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

II. KAFLI

Fjármál Ríkisútvarpsins.

14. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar er Alþingi kann að ákveða.

Að fengnum tillögum framkvæmdanefnda útvarpsstöðva ákveður framkvæmdaráð afnotagjöld landrása og staðbundinna útvarpsstöðva. Útvarpsstöðvar ákveða auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár sínar sjálfar. Framkvæmdaráð kynnir fjárhagsáætlun fyrir notendaráði og sendir hana menntamálaráðuneyti. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

15. gr.

Hver útvarpsstöð er sjálfstæð rekstrareining. Sérstakt afnotagjald fyrir hverja útvarpsstöð, sem innheimt er af innheimtudeild Ríkisútvarpsins, rennur óskipt til viðkomandi stöðvar svo og tekjur af auglýsingum sem birtast á rásum þeirra og þær sjálfar innheimta.

16. gr.

Í sjóð, sem nefnist framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar. Heimilt er framkvæmdaráði að undanskilja nýstofnaðar útvarpsstöðvar tímabundið þessu ákvæði.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renna óskipt í sjóðinn.

Fé framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins svo og dreifikerfi fyrir landrásir. Framkvæmdaráð hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins.

17. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis sem nota má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða Ríkisútvarpinu árlegt afnotagjald. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki.

Afnotagjald hljóðvarps og sjónvarps skal innheimta sem eitt gjald.

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.

18. gr.

Hver sá, er hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal tilkynna um viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins. Nær þetta til eins sjónvarpsviðtækis og eins hljóðvarpsviðtækis á hverju heimili.

Þegar eigendaskipti verða á viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þar á meðal vegna sölu frá aðila sem verslar með viðtæki, skal nýr eigandi, svo og sá sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins mánaðarlega.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu skráðar á eyðublöð sem innheimtudeildin lætur í té. Í tilkynningu um eigendaskipti skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang beggja aðila, svo og tegund viðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur skal rita á eyðublöðin aðrar þær upplýsingar sem þar kann að vera gert ráð fyrir og nánar greinir í reglugerð.

19. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki,
2. tegund viðtækis og framleiðslunúmer,
3. dagsetningu frumskráningar,
4. fullt nafn og heimilisfang eiganda, svo og nafnnúmer hans sé um einstakling að ræða,
5. dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans,
6. dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda eins og segir í 4. tölul.; einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu,
7. upplýsingar um lögtak sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 20. gr. ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps samkvæmt 1. mgr.

20. gr.

Afnotagjaldi af sjónvarpsviðtæki, ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði, fylgir lögveðréttur í viðtækinu sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur hljóðvarpsviðtækja og sjónvarpsviðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti samkvæmt 18. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

21. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

22. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar við innheimtu. Þegar mánuður er liðinn frá eindaga afnotagjalds getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

23. gr.

Innheimtustjóri getur innsiglað eða látið innsigla útvarpsviðtæki:

1. ef það er hagnýtt til útvarpsmóttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslum eigenda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurð ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

III. KAFLI

Dreifing og réttindi.

24. gr.

Ríkisútvarpið og Póst- og símamálastofnun skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er framkvæmdaráði að semja við Póst- og símamálastofnun um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

25. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnun til nauðsynlegra lagna um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins.

Reynist raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins er því heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

26. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu án endurgjalds eða nokkurra kvaða að leggja nauðsynlegar leiðslur fyrir upptöku eða útsendingu útvarpsefnis um kirkjur, leikhús, félagsheimili, samkomuhús, íþróttamannvirki, skóla, veitingasali og hvarvetna þar sem almennir mannfundir eru haldnir og koma þarf fyrir tækjum í því skyni, ljósabúnaði eða öðru sem því fylgir. Allar slíkar framkvæmdir skulu vera húseigendum að skaðlausu. Réttur til að hljóðrita, myndrita eða útvarpa því sem fram fer á þessum stöðum er óviðkomandi þessu ákvæði.

27. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds öllu því efni sem lög um höfundarétt eða prentrétt heimila að prenta megi eða birta án gjalds. Heimilt er einnig að útvarpa messugjörðum án endurgjalds.

28. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

IV. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

29. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Hver útvarpsstöð ber að öðru leyti ábyrgð á efni stöðvarinnar.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstöð, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyld og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

30. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 29. gr.

Skylt er Ríkisútvarpinu að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu í útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 29. gr.

Um rétt til málsóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málsókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Brot gegn einkarétti Ríkisútvarpsins samkvæmt 2. gr. og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 28. gr. varða sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera tæki þau og hluti sem hafa verið flutt inn í heimildarleysi, smíðuð eða starfrækt, sbr. 2.

gr., svo og viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 28. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 18. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

32. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðs og notendaráðs.

33. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra í samráði við framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 19/1971, l. nr. 8/1975 og l. nr. 49/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Fæstum blandast hugur um þýðingu fjölmiðla í nútímasamfélagi. Almennur þekkingarforði ræðst sífellt meira af starfsemi fjölmiðla og þeir gegna æ stærra hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almennings. Auk þess eru fjölmiðlar mikilvægur miðill menningar, listsköpunar og afþreyingar. Fjölmiðlar eru því áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Hin öra tækniþróun, sem átt hefur sér stað í dreifingu hljóðvarps- og útvarpsefnis, hefur skapað margvíslega möguleika m. a. til móttöku erlends efnis. Það má þó aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælar hennar heldur ber að taka tæknina í þjónustu íslenskrar menningar. Ef allar gáttir eru látnar standa opnar í þessum efnum gefur auga leið að íslenskri menningu og tungu er hætta búin. Ríkisútvarpið hefur verið eitthvert öflugasta menningartæki landsmanna og hefur lögum samkvæmt miklar menningarlegar skyldur. Menning kostar peninga en gildi hennar er ómetanlegt. Það er hagur allra landsmanna að menning og tunga þjóðarinnar sé varðveitt. Enginn einn aðili í landinu annar en Ríkisútvarpið á hagsmuna að gæta í að miðla íslenskri menningu og efla hana í allri sinni fjölbreytni handa öllum landsmönnum í senn. Þess vegna er m. a. í frumvarpi þessu tryggt að hlutfall íslensks efnis verði aldrei minna en helmingur af útsendu efni hverrar útvarpsstöðvar. Samræmd fjölmiðla- og menningarstefna hefur úrslitaþýðingu fyrir okkur sem þjóð og einstaklinga og það ber að hafa í huga þegar sett eru útvarpslög.

Menningar- og fjölmiðlastefna Íslendinga hlýtur að byggja á lýðræðislegum grunni. Á undanförnum misserum hefur mikið verið rætt um frelsi og lýðræði í útvarpsmálum. Því hefur verið haldið fram að frelsi fælist í ótakmarkaðri uppsetningu útvarpsstöðva og ótakmarkaðri móttöku útvarpsefnis. En „frelsi“, sem aðeins kveður á um réttindi en ekki skyldur, sem helgar rétt hins styrkari án þess að gæta réttar þess sem minna má sín, er frelsi án ábyrgðar og samræmist vart raunverulegu lýðræði. Útvarpsrekstur er fjárfrekt fyrirtæki. Aðeins þeir sem fjármagn hafa eiga þess kost að setja á stofn og reka útvarpsstöðvar. Lýðræði fjármagnsins er ekki það lýðræði sem stjórnarskráin kveður á um og stuðlar ekki að

tjáningarfrelsi allra einstaklinga. Eingöngu útvarp allra landsmanna, þ. e. Ríkisútvarp í nýrri mynd, getur haldið í heiðri raunverulegt lýðræði og tjáningarfrelsi í útvarpsmálum.

Í þessu frumvarpi heldur Ríkisútvarpið einkarétti á útvarpsrekstri í landinu en starfsemi stofnunarinnar er efld og komið er til móts við óskir um meiri fjölbreytni og greiðari aðgang landsmanna allra að fjölmiðlun þeirri sem útvarpstækni veitir með þriðju hljóðvarpsrásinni og möguleikum á staðbundnum útvarpsstöðvum, þ. e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvum. Í annan stað er skipulagi og rekstri stofnunarinnar breytt í grundvallaratriðum og er það gert á eftirfarandi forsendum:

Íslenskt þjóðfélag byggir á valdakerfi fulltrúalýðræðis. Í hugum fólks býður þetta fyrirkomulag upp á eins mikið réttlæti og raunsætt þykir að fara fram á í samfélagi manna. Þetta valdakerfi hefur samt augljósa annmarka í framkvæmd. Menn kjósa fulltrúa til að annast mál sín á öllum sviðum og afsala sér oft um leið möguleika til að hafa bein áhrif á nánasta umhverfi sitt. Afleiðing þessa kerfis er að allur þorri manna er gerður nánast óvirkur og jafnvel afskiptalaus um samfélag sitt. Þetta á alls staðar við í þjóðfélaginu.

Eina leiðin til að vega þar upp á móti er aukin valddreifing á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Í stefnuskrá Samtaka um kvennalista segir svo um valddreifingu:

„Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur. Talandi dæmi um þetta eru viðamikil ráðuneyti þar sem ákvarðanir eru teknar um jafnt hin stærstu mál sem varða alla þjóðina og minni mál sem snerta eingöngu einstök sveitarfélög. Allir þekkja ráðuneytistilskipanir um hvernig skuli hagað þjónustu, t. d. við fatlaða og aldraða, og hvernig fyrirkomulagi skólastarfs skuli háttað án tillits til staðhátta eða þarfa neytenda.

Sambærilega miðstýringu er að finna í öllum ríkisstofnunum en þar ráða ríkjum flokkspólitísk ráð og nefndir en starfsfólk og neytendur eru áhrifalitlir um allar meiri háttar ákvarðanir. Flestir fá þannig litlu ráðið um skipan samfélags síns, verða áhorfendur og þolendur, í stað þess að vera þátttakendur. Í slíkum kerfum er rödd kvenna veik og hagsmunir þeirra fyrir borð bornir.

Því viljum við leggja áherslu á að kannaðar verði leiðir til aukinnar valddreifingar í stjórnkerfinu. Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu. Einkum leggjum við áherslu á að minnka miðstýringu og kerfisbindingu í skóla- og menningarmálum og á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Á þessum sviðum viljum við smáar og sjálfstæðar einingar þannig að hver og einn hafi tækifæri til að hafa þar bein áhrif á gang mála...

Með valddreifingu af þessu tagi viljum við stuðla að frjórra og fjölbreytilegra mannlífi sem tekur tillit til þess sem hver og einn hefur fram að færa þar sem samheldni og samábyrgð sitja í fyrirrúmi."

Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til valddreifingar í Ríkisútvarpinu þar sem sérhver starfsmaður er gerður ábyrgari í starfi og honum jafnframt gefinn kostur á að nýta hæfileika sína betur. Til þess að svo megi verða er ákvarðanataka færð úr höndum deildarstjóra og annarra yfirmanna til starfsmanna þeirrar deildar er málið varðar hverju sinni. Þetta á við um allar ákvarðanir hvort sem um er að ræða rekstur, mannaráðningar eða annað sem til fellur, t. d. á þetta við um dagskrá í dagskrárdeildum. Með þessu er starfsmönnum treyst til að vinna störf sín af metnaði og ósérplægni sem er stofnuninni nauðsynlegt til að fullnægja kröfum sem gerðar eru til hennar. Ef upp kemur ágreiningur innan deildar sem ekki semst um á annan hátt skal atkvæðagreiðsla skera úr um málið og er eðlilegast að það sé gert með vægiskosningu enda tryggir hún best jafnt vægi allra skoðana. Starfsmenn hverrar deildar velja umsjónarmenn og sjá þeir um að framkvæma ákvarðanir sem teknar eru af starfsmönnum deildarinnar. Umsjónarmenn sitja í framkvæmdanefnd sem samræmir störf og ákvarðanir deilda og eru þeir tengiliðir milli deilda og framkvæmdaráðs. Framkvæmdaráð tekur að hluta til við þeim störfum sem nú er gegnt af útvarpsstjóra en starfssvið þess er

víðtækara þar sem ráðið er einnig tengiliður milli allra útvarpsstöðva. Útvarpsráð í núverandi mynd leggst af. Reynslan hefur sýnt að meiri hluti útvarpsráðs, sem er pólitískt kjörið og hefur endanlegt ákvörðunarvald um dagskrá, hefur vald og aðstæður til að þjóna flokkshagsmunum fremur en að gæta hlutleysisskyldu sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt. Það getur einnig reynst starfsmönnum erfitt að gæta fyllsta hlutleysis í starfi þegar úrslitavald til að ákveða dagskrá er að lokum í höndum fulltrúa pólitískra afla. Pólitískt kjörið útvarpsráð er því óæskilegt.

Þess í stað kemur notendaráð skipað 14 körlum og konum. Notendaráð er valið með tilviljunarúrtaksaðferð enda er hún eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika allra landsmanna, sem kjörgengi hafa og kosningarrétt, til setu í notendaráði. Slík tilnefning hefur hvetjandi áhrif á einstaklinga til skapandi hugsana og starfa. Jafnframt eykur valddreifing af þessu tagi áhuga einstaklinga á að hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt. Hlutverk notendaráðs er að móta dagskrárramma útvarpsstöðvanna hvað varðar hlutfall hinna ýmsu efnisflokka (t. d. hlutfall barnaefnis, íþrótta, afþreyingarefnis) og ráðið gætir þess að mismunandi sjónarmið allra málaflokka fái sambærilega umfjöllun. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af dagskrárgerð né framkvæmd dagskrár en gagnrýnir hana eftir á og veitir starfsmönnum Ríkisútvarpsins þannig aðhald í störfum sínum.

Valddreifing sú, sem frumvarp þetta byggir á, er að mati flm. undirstaða sanngjarnari þjóðfélagsskipunar en við búum nú við. Með þessu frv. er leitast við að færa sér kosti valddreifingar í nyt í útvarpsmálum og tryggja að Ríkisútvarpið verði ótvírætt fjölmiðill landsmanna allra, lýðfrjálst útvarp þar sem íslensk menning og virðing fyrir skoðunum allra einstaklinga og hópa í íslensku þjóðfélagi sitja í öndvegi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Óbreytt frá 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Með útvarpi er átt við bæði hljóðvarp og sjónvarp. Nýmæli í þessari grein er að felld eru niður tollagjöld af tækjum sem Ríkisútvarpið flytur inn til eigin þarfa. Árið 1983 námu tollagjöld af tækjabúnaði innanhúss 20 492 262 kr. Þetta er liður í að mæta auknum kostnaði sem Ríkisútvarpinu er gert að standa straum af vegna uppbyggingar nýrra stöðva og aukins starfsmannahalds. Nýr kostnaðarliður Ríkisútvarpsins er einnig dreifikerfi og tækjabúnaður vegna rásar þrjú en gera má ráð fyrir að stofnkostnaður við hana verði svipaður og vegna rásar tvö.

Um 3. gr.

Nýmæli frá gildandi lögum er ákvæði um að a. m. k. helmingur útsends efnis hverrar stöðvar skuli vera íslenskur. Er þetta liður í að efla og varðveita íslenska tungu og menningu, sbr. greinargerð. Ríkisútvarpið hefur hingað til unnið að því að „efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum“ og er þessu atriði bætt hér inn eingöngu til áréttingar. Ekki þykir rétt að taka einstaka málaflokka fram yfir aðra og því er orðunum: „...þar á meðal umferðar- og slysavarnamálum“ sem standa í núgildandi lögum sleppt í þessu frumvarpi enda kveður greinin ótvírætt á um slíka fræðslu.

Í greininni er einnig kveðið á um að menning og reynsla minnihlutahópa fái sambærilega umfjöllun og meirihlutahópa og að þess skuli sérstaklega gætt að kynjum sé ekki mismunað á neinu sviði. Þetta ákvæði er sett inn til áréttingar og sem sjálfsagðar starfsreglur starfsmanna fjölmiðils allrar þjóðarinnar.

Orðalagið í núgildandi lögum: „...og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum...“ er ófullnægjandi þar sem gæta þarf óhlutdrægni í öllum málum og er orðalaginu því breytt í: „...öllum málum...“.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir a. m. k. einni hljóðvarpsrás til viðbótar við þær tvær sem fyrir eru. Þriðja rásin er ætluð fyrir hvers konar efni frá félagasamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum sem þar með hafa beinan aðgang að þeirri fjölmiðlun sem hljóðvarpstækni veitir. Einnig má benda á að rásin hentar einkar vel fyrir kennsluútvarp og útvarp frá Alþingi.

Gera verður ráð fyrir að nokkurn tíma taki að byggja upp staðbundnar útvarpsstöðvar, svo og dreifikerfi þriðju rásarinnar, en æskilegt er að hafist verði handa við uppsetningu dreifikerfis rásar þrjú svo fljótt sem auðið er. Landrásir Ríkisútvarpsins þjóna landsmálum fremur en málum er varða einstök héruð og byggðarlög. Tilgangur staðbundinna útvarpsstöðva er að koma til móts við þarfir einstakra byggðarlaga sem landrásirnar geta ekki orðið við. Þeim er ætlað að auðvelda upplýsingastreymi og tjáskipti á afmörkuðum svæðum. Hvað snertir stofnun staðbundinna útvarpsstöðva má telja eðlilega þróun að byrjað verði með landshlutastöðvar þannig að þróunin í uppbyggingu verði sambærileg í öllum landshlutum. Áætlað er að fleiri stöðvar bætist síðan við eftir því sem svigrúm leyfir. Með þessu er þjónusta Ríkisútvarpsins stórlega aukin að umfangi og fjölbreytni.

Um 5. gr.

Með sjálfstæðri útvarpsstöð er átt við að stöðin fari sjálf með ákvarðanatöku um mál er hana varða innan ramma laga þessara. Miðstýring á þessum vettvangi, sem og öðrum, er óæskileg og því eðlilegt að hver útvarpsstöð verði sjálfstæð eining innan Ríkisútvarpsins, sbr. valddreifingarhugmyndir sem frumvarpið byggir á og fjallað er um í greinargerð.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um starfsemi rásar þrjú. Vegna kostnaðar við hljóðver og annan tækjabúnað, sem nauðsynlegur er, þykir fráleitt að félög, hagsmunahópar eða einstaklingar, sem vilja notfæra sér beinan aðgang að hljóðvarpi, þurfi hvert fyrir sig að fjárfesta í slíkum búnaði. Hér er því Ríkisútvarpinu gert skylt að leggja til hljóðver með tækniaðstoð til þáttagerðar á rás þrjú en þeim sem nýta sér útsendingar er gert að greiða annan kostnað við þáttagerðina.

Hugsanlegt er að staðbundnar hljóðvarpsstöðvar noti dreifikerfi þriðju rásarinnar hluta úr degi til útsendinga hver á sínu svæði og er þá miðað við að þriðja rásin sendi ekki út til alls landsins allan daginn.

Rétt þykir að staðbundnar útvarpsstöðvar hafi sama rétt og aðrir til að bjóða landrásunum efni.

Um 7. gr.

Hér er lagt í hendur íbúa hvers sveitarfélags að ákveða hvort stofna skuli staðbundna útvarpsstöð á svæðinu. Hlutverk sveitarstjórnar í þessu efni er eingöngu að sjá um að kosning fari fram og sækja, að fenginni viljayfirlýsingu íbúa, formlega um að útvarpsstöð verði stofnuð.

Nauðsynlegt er að sveitarstjórnin kynni íbúum kostnaðaráætlanir við mismunandi dreifikerfi staðbundinnar sjónvarpsstöðvar og hljóðvarpsstöðvar, svo og annan kostnað sem íbúunum er gert að bera, áður en kosning fer fram.

Um 8. gr.

Til þess að auðvelda Ríkisútvarpinu að koma á fót staðbundnum útvarpsstöðvum er til þess ætlast að notendur, sem æskja þessarar þjónustu, standi undir hluta stofnkostnaðar sjálfir.

Ríkisútvarpið skal sjá um að innheimta stofngjald frá notendum og í samvinnu við Póst- og símamálastofnun skal það sjá um að setja upp dreifikerfi staðbundinna útvarpsstöðva.

Ákveði sveitarstjórn að styrkja staðbundna útvarpsstöð með framlagi úr sameiginlegum sveitarsjóðum skal það framlag greiðast til Ríkisútvarpsins sem síðan skal standa viðkomandi sveitarstjórn skil á ráðstöfun fjárins.

Um 9. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar stöðvar annist að jafnaði ráðningar starfsmanna að stöðinni, sbr. 10. og 11. gr. frumvarpsins. Því verður augljóslega ekki við komið við stofnsetningu nýrra útvarpsstöðva og því er sá háttur hafður á að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins auglýsir eftir tveimur starfsmönnum og ræður í störfin þegar ný útvarpsstöð er stofnsett. Skal annar starfsmannanna hafa nauðsynlega tækniþekkingu en rétt þykir að hver stöð fyrir sig ákvarði starfssvið hins starfsmannsins.

Um 10. gr.

Í samræmi við valddreifingarhugmyndir frumvarpsins er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar útvarpsstöðvar taki ákvarðanir um málefni sem stöðina varða innan ramma þessara laga. Á sama hátt er gert ráð fyrir að starfsmenn hverrar deildar innan stórra stöðva eins og landrásanna stjórni sínum málum. Augljóst er að starfsmenn hverrar deildar hafa besta yfirsýn og þekkingu hver á sínu sviði. Því er eðlilegt að t. d. ákvarðanir um tækjakaup séu teknar sameiginlega af starfsmönnum hverrar tæknideildar í samræmi við fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins, sbr. 11. gr. frv. þessa. Á sama hátt er eðlilegt að ákvarðanir um dagskrá hverrar stöðvar séu í höndum starfsmanna dagskrárdeildar og fréttamat og ákvarðanir um fréttir í höndum starfsmanna fréttadeildar enda hlíti þeir ákvæðum 3. gr. frv. og þeim sé veitt aðhald í þeim efnum frá notendaráði og notendaþáttum.

Mannaráðningar eru einnig í höndum starfsmanna hverrar deildar og hverrar staðbundinnar stöðvar þar sem starfsmenn hverrar deildar eru að jafnaði hæfastir til að meta störf við deildina og þar með umsóknir um þau. Þeir munu væntanlega einnig setja hagsmuni deildarinnar ofar öðrum hagsmunum við mannaráðningar, sem og í öðrum málum, vegna þess að annað kæmi niður á þeim sjálfum.

Hvað snertir störf umsjónarmanns er rétt að starfsmenn hverrar deildar skipti með sér umsjón framkvæmda, sem og öðrum störfum, í eins ríkum mæli og unnt er. Ráðningartími umsjónarmanns ræðst af aðstæðum og óskum hverju sinni en ekki er gert ráð fyrir að hver starfsmaður gegni starfi umsjónarmanns lengur en 3 ár í senn. Hlutverk umsjónarmanns er jafnframt að sitja í framkvæmdanefnd útvarpsstöðvarinnar sem sér um samræmingu á ákvörðunum hinna ýmsu deilda og fjallar um málefni sem snerta fleiri en eina deild.

Um 11. gr.

Framkvæmdaráð er skipað þremur mönnum og tekur það að hluta til við störfum núverandi útvarpsstjóra en jafnframt er starfssvið þess umfangsmeira þar sem gert er ráð fyrir fjölgun útvarpsstöðva. Eins og segir í greininni er það hlutverk framkvæmdaráðs að samræma rekstur útvarpsstöðvanna, sjá um tengsl milli framkvæmdanefnda allra stöðvanna og sjá um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins.

Deildir Ríkisútvarpsins falla undir þrjú meginsvið útvarpsrekstrar: a) dagskrársvið, b) tæknisvið, c) rekstrar- og fjármálasvið. Þessi þrjú meginsvið eru lögð til grundvallar þegar valið er í framkvæmdaráð þannig að þau eigi hvert sinn fulltrúa þar sem fjárhagsáætlanir eru gerðar og þar sem endanleg ábyrgð á fjármálum er. Með þessu er tryggt að fagleg þekking og sjónarmið þessara þriggja meginsviða útvarpsrekstrar nýtist stofnuninni sem best.

Dagskrármenn allra útvarpsstöðva sameinast um að velja einn fulltrúa, tæknimenn allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa og starfsmenn aðalskrifstofu fjármáladeilda allra útvarpsstöðva velja einn fulltrúa til setu í ráðinu. Formleg ákvæði um fundarsetu framkvæmdaráðs eru sett til að tryggja samskipti þess og allra eininga Ríkisútvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að enginn sitji lengur í framkvæmdaráði en þrjú ár í senn og er það í samræmi við valddreifingarhugmyndir frumvarpsins.

Um 12. gr.

Notendaráð kemur í stað núverandi útvarpsráðs og er skipað sjö konum og sjö körlum sem með tilviljunarúrtaki eru valin úr þeim hópi landsmanna sem kjörgengi hefur og kosningarrétt skv. lögum.

Tilviljunarúrtaksaðferðin er eina úrtaksaðferðin sem tryggir jafna möguleika landsmanna til setu í ráðinu. Við gerð þessa tilviljunarúrtaks þarf að gera ráð fyrir a. m. k. tveimur lagskiptum úrtökum, þ. e. konur annars vegar og karlar hins vegar. Með þessu móti er öllum kjörgengum og atkvæðisbærum landsmönnum gefinn kostur á að gegna störfum í notendaráði. Líta ber á setu í notendaráði sem þegnskyldu sambærilega við skyldu til að sitja í kviðdómi, t. a. m. í Bretlandi, enda eru störf notendaráðs ólaunuð. Samt er gert ráð fyrir að þeir, sem valdir eru, geti hafnað setu í ráðinu ef góðar og gildar ástæður eru fyrir hendi. Notendaráð kemur saman eftir þörfum en a. m. k. fjórum sinnum á ári. Ríkisútvarpið greiðir ferða- og dvalarkostnað vegna fundanna. Gert er ráð fyrir að vinnuveitandi veiti leyfi frá störfum án tekjutaps þannig að einstaklingar geti gegnt störfum í notendaráði. Sé um ólaunað starf að ræða, t. d. heimilisstörf, verði Ríkisútvarpinu skylt að bera sannanlegan kostnað sem seta í notendaráði kann að hafa í för með sér fyrir viðkomandi að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins undirbúi fundi notendaráðs og að fulltrúar úr framkvæmdaráði skipti með sér að stjórna fundum notendaráðs. Hver útvarpsstöð skal skila notendaráði skýrslu um útsent efni a. m. k. fjórum sinnum á ári, svo og ramma að dagskrá næstu mánaða.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um starfssvið notendaráðs sem skal leggja drög að skiptingu efnis í höfuðdráttum í hverri útvarpsstöð og fjalla um drög að dagskrá sem gert er ráð fyrir að útvarpsstöðvar skili til ráðsins reglulega ásamt skýrslum um það efni sem þegar hefur verið sent út. Ráðið skal ávallt gæta þess að ákvæði 3. gr. séu í heiðri höfð. Að öðru leyti skiptir notendaráð sér ekki af framkvæmd dagskrár fyrir fram en gagnrýnir hana eftir á. Framkvæmdaráð sér um að koma vilja ráðsins á framfæri við deildir eða útvarpsstöðvar sem í hlut eiga og að honum sé framfylgt.

Notendaráð auglýsir eftir og ræður síðan umsjónarmenn að föstum þætti á hverri útvarpsstöð sem fjallar um gagnrýni notenda á útsendu efni stöðvarinnar. Þannig myndast bein tengsl milli notenda og starfsmanna viðkomandi stöðvar þar sem gert er ráð fyrir að starfsmenn svari gagnrýninni. Þessir þættir eru hluti af því aðhaldi sem starfsmönnum Ríkisútvarpsins er veitt í störfum sínum og skulu umsjónarmenn þáttanna því ekki vera úr hópi fastra starfsmanna Ríkisútvarpsins.

Um 14. gr.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að efla og bæta Ríkisútvarpið og tryggja fjármagn til þess að það geti fullnægt lagalegum skyldum sínum.

Nýmælið í þessari grein er að lögbundið sé að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins vegna aukinnar fjárþarfar þess.

Árið 1983 voru aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau 47,5 millj. kr., sérstakt vörugjald nam 31,9 millj. kr. og tollafgreiðslugjöld 0,8 millj. kr. **Samtals:** 80,2 millj. kr., þar af runnu til Ríkisútvarpsins 30,5 millj. kr.

Þótt lagt sé til að öll aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni til Ríkisútvarpsins er sýnt að leita þarf fleiri leiða til að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins. Má í því efni t. d. benda á þann tekjuöflunarmöguleika að undanskilja Ríkisútvarpið söluskatti af auglýsingum en hann nam 35 151 003 kr. á árinu 1983. Undanþágur sem þessar eru þegar fyrir hendi, sbr. að dagblöð eru undanþegin söluskatti af auglýsingum.

Í greininni er gert ráð fyrir að hver útvarpsstöð ákveði auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár sínar sjálf enda er hver útvarpsstöð sjálfstæð rekstrareining. Í þessu efni eru þó afnotagjöld undanskilin þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdaráð í samvinnu við framkvæmdanefndir hverrar stöðvar ákveði þau enda er framkvæmdaráð ábyrgt fyrir gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins.

Um 15. gr.

Þar sem hver útvarpsstöð verður að standa sjálf undir rekstri sínum er áætlað að tekjur hverrar stöðvar renni óskiptar til hennar. Ríkisútvarpið hefur þegar innheimtukerfi sem sjálfsagt er að nýta fyrir innheimtu afnotagjalda allra útvarpsstöðva því að annars þyrfti hver og ein stöð að koma sér upp slíku kerfi.

Um 16. gr.

Þar sem framkvæmdasjóði er m. a. ætlað að taka þátt í kostnaði vegna húsnæðis útvarpsstöðva, kosta nýtt dreifikerfi fyrir rás þrjú og uppbyggingu tækjakosts liggur í augum uppi að tryggja þarf tekjur sjóðsins sérstaklega meðan á uppbyggingunni stendur. Því er lagt til að 10% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins renni áfram í sjóðinn auk allra aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Framkvæmdaráð hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdasjóði og er m. a. heimilt að undanskilja nýstofnaðar útvarpsstöðvar tímabundið þessu ákvæði, þ. e. meðan á uppbyggingu þeirra stendur.

Um 17. gr.

Í núgildandi lögum er heimild til að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald. Sú heimild hefur verið nýtt, sbr. núgildandi reglugerð um innheimtu, 24. og 25. grein, og er það fyrirkomulag lögfest hér.

Í reglugerð nr. 260/1974 frá 1. nóvember 1972, voru felld niður afnotagjöld hjá þeim sem njóta uppbótar á lífeyri sinn skv. 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. janúar 1972. Svo sanngjörn sem slík ívilnun er hlýtur þó að teljast óeðlilegt að Ríkisútvarpið beri eitt þennan tekjumissi og kemur því til álita að Tryggingastofnun ríkisins greiði þau afnotagjöld sem hér um ræðir. Að sinni er 3. málsgr. samhljóða 3. málsgr. 15. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Að mestu samhljóða 16. gr. gildandi laga. Þó er kveðið á um að innheimtudeild Ríkisútvarpsins sjái um skráningu viðtækja.

Um 19. gr.

Óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema að 1. tölul. 2. mgr. breytist úr „1. Skráningarnúmer, sem helst óbreytt, meðan viðtækið er skráð hjá Ríkisútvarpinu“ verður „1. *skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki*“.

Um 20. gr.

Óbreytt frá 18. gr. gildandi laga nema að brott fellur 3. mgr. núgildandi 18. gr. til samræmis við 17. gr. frv.

Um 21. gr.

Óbreytt frá 19. gr. gildandi laga nema að „Ráðherra skipar...“ fellur út og gert er ráð fyrir að starfsmenn innheimtudeildar ráði innheimtustjóra sjálfir. Ákvæði um þau skilyrði, sem innheimtustjóri skal fullnægja, eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Orðalag í 20. gr. núgildandi laga er samræmt ákvæðum 17. gr. frv.

Um 23. gr.

Óbreytt frá 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Óbreytt frá 8. gr. gildandi laga nema „Póst- og símamálastofnun“ kemur í stað „Landssími Íslands“ og „framkvæmdaráði“ í stað „útvarpsstjóra“ í samræmi við önnur ákvæði frv.

Um 25. gr.

Óbreytt frá 9. gr. gildandi laga nema Póst- og símamálastofnun kemur í stað Landssíma Íslands.

Um 26. gr.

Óbreytt frá 10. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Óbreytt frá 11. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Óbreytt frá 12. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Óbreytt frá 22. gr. gildandi laga nema að „Hver útvarpsstöð“ kemur í stað „Útvarpsstjóri“ í samræmi við önnur ákvæði frv. enda er ábyrgð á efni stöðvarinnar hjá hverri deild og/eða útvarpsstöð.

Um 30. gr.

Óbreytt frá 23. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Hér með yrði lögfest heimild Ríkisútvarpsins til að annast hljóðvarp til annarra landa.

Um 33. gr.

Í samráði við framkvæmdaráð Ríkisútvarpsins er ráðherra falið að setja reglugerð um framkvæmd laganna. Er þá gert ráð fyrir að ákvæði í frv. þessu séu nægilega skýr til þess að hægt sé að velja framkvæmdaráð til þessara starfa áður en reglugerð um framkvæmd laganna er sett.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eðlilegt er að endurskoða lög þessi þegar reynsla hefur fengist af framkvæmd þeirra, ekki síst þar sem hér er um umfangsmiklar breytingar á skipan útvarpsmála að ræða. Hér er því lagt til að lögin verði endurskoðuð að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ed. 225. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um sérstakan barnabótaauka.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1984 fer fram úr 360 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 500 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 240 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 400 000 kr.

Sþ. 226. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um sparnað í fjármálakerfinu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Skal stjórnin, að loknu jólaleyfi alþingismanna, leggja fram tillögur um fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða um allt að fimmta hluta og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. um sameiningu lánastofnana, skorður við óhóflegum byggingum og fækkun afgreiðslustöðva.

Greinargerð.

Þáltill. þessi var flutt á 99. löggjafarþinginu 1977 og er nú endurflutt óbreytt, nema í stað fækkunar um tíunda hluta komi fimmta hluta. Till. fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Alþjóð er ljóst að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftar óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.

Tillögumönnum er ljóst að meðal stjórnenda bankamála eru ýmsir hæfileikamestu menn þessarar þjóðar. Flutningur þessa máls er ekki aðför að þeim heldur liðveisla við þá, enda engum ljósara en þeim hvar skórinn kreppir. Þó bendir flest til þess að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstjórnin hafi forustu um, séu nauðsynlegar, ef úr úlfakreppunni á að brjótast.

Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við ríkjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni sem hér er á ferðinni og aðstaða skömmtunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi.

Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því að þann frumskóg má grisja, engum til meins en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið, frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Játað skal að hægara er hér um að tala en í að komast. Tilraunina ber þó að gera. Kannske ber hún takmarkaðan árangur — þá er að taka því. En enginn héraðsbrestur yrði þótt markmiðunum, sem tillagan miðar að, yrði að fullu náð."

Greinargerð þessi stenst í nær öllu enn í dag. Þó má segja að í stað óraunhæfs verðmælis hafi komið síharðnandi skömmtunarstjórn í peningamálum sem bitnar á atvinnuvegunum og heimilum.

Sþ. 227. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

Með vísun til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, ályktar Alþingi eftirfarandi:

1. Félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti beiti sér fyrir því að athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar. Verði forstöðumaður og framkvæmdastjóri ráðnir að stofnuninni þegar í stað. Jafnframt verði athugaðir möguleikar á kaupum á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þá greiningar- og ráðgjafarstarfsemi sem nú fer fram í Kjarvalshúsi.
2. Á næstu þremur árum verði undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verði við það miðað að sú bygging verði fullbúin tveimur árum síðar.

   Einnig verði fjármagni beint á þessu 5 ára tímabili að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða aukningu á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.
3. Húsnæði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins verði byggt á þeim stað sem þegar hefur verið valinn við Dalbraut í Reykjavík og samkvæmt fyrirliggjandi teikningum af húsinu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

(Greinargerð og tillögur stjórnskipaðrar nefndar.)

Þann 15. júní 1983 skipaði félagsmálaráðherra nefnd samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, til að gera tillögur um fyrirkomulag að framtíðarskipan Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. greinar laganna.

Nefndina skipuðu:

Gunnar Biering, fulltrúi vökudeildar Barnaspítala Hringsins, tilnefndur af heilbrigðismálaráðherra, formaður.

Jón Sævar Alfonsson, fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Arinbjörn Kolbeinsson, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands.

Sævar Halldórsson, fulltrúi Athugunar- og greiningardeildar í Kjarvalshúsi, tilnefndur af menntamálaráðherra.

Bjarni Kristjánsson, forstöðumaður Sólborgar á Akureyri, var skipaður fulltrúi svæðisstjórna. Bjarni sá sér hins vegar ekki fært að taka þátt í störfum nefndarinnar og baðst lausnar þann 31. ágúst 1983. Var Eggert Jóhannesson, starfsmaður svæðisstjórnar á Suðurlandi, skipaður í hans stað.

Ritari nefndarinnar var Margrét Margeirsdóttir, félagsmálaráðuneyti.

Málefni fatlaðra standa nú á tímamótum hér á landi, meðal annars með gildistöku nýrra laga. Mikilvægt er, að rétt sé að málum staðið við framkvæmd laganna. Hljótum við hér á landi að taka í þeim efnum mið af reynslu annarra þjóða sem lengra eru á veg komnar í uppbyggingu í þessum málaflokki.

Í febrúarmánuði 1983 var haldin ráðstefna í Helsinki á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að áeggjan landlækna á Norðurlöndum. Fjallaði þessi ráðstefna um málefni fatlaðra frá ýmsum hliðum: Uppgötvun fatlana, fyrirbyggjandi aðgerðir, greiningu, skráningu og alhliða þjónustu þeim til handa. Var markmiðið með þessari ráðstefnu einkum fólgið í því að kanna hvar við værum á vegi staddir, og með hverjum hætti mætti helst samræma og bæta þjónustu í þágu þessa málaflokks á Norðurlöndum. Mættir voru fulltrúar þeirra starfsstétta frá Norðurlöndum sem vinna að málefnum fatlaðra. Tveir læknar sóttu ráðstefnuna fyrir Íslands hönd, þeir Gunnlaugur Snædal og Gunnar Biering. Á ráðstefnunni kom meðal annars fram að vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess að miðstöð fyrir greiningu og ráðgjöf geti komið að fullum notum. Jafnframt var lögð áhersla á, að virk svæðisbundin þjónusta, einkum með tilliti til meðferðar, getur ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar sem annast þverfaglega ráðgjöf og meðferð flókinna tilfella að einhverju leyti (fylgiskjal I).

Þingsályktunartillaga þessi er samin með hliðsjón af niðurstöðum nefndar þeirrar er félagsmálaráðuneytið skipaði. Fylgir greinargerð nefndarinnar, sem dagsett er 25. apríl 1984, hér á eftir.

Tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Nefndin hélt 26 fundi og var fyrsti fundur hennar haldinn 20. júlí 1983. Í byrjun snerust umræður einkum um ákvæði 16. greinar laganna sem er í 11 liðum og fjallar um hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Nefndin sá ekki ástæðu til sérstakra athugasemda við einstaka liði 16. greinar laganna, að 1. lið undanskildum. Var nefndin sammála um að þörf væri á að skilgreina þennan lið nánar með tilliti til aldurs. Leggur nefndin til að í reglugerð verði þessi liður skilgreindur, sem hér segir.

1. liður:

Athugun, rannsókn og greining á fötluðum, sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði. Gert er ráð fyrir því, að einstaklingar á aldrinum 0—18 ára hafi mesta þörf fyrir þá þjónustu, sem þarna er veitt. Eldri einstaklingar, sem áður hafa tengst stofnuninni, geta jafnframt leitað þangað áfram ef þörf krefur, svo og aðrir eldri einstaklingar, sem ekki hafa fengið viðhlítandi þjónustu annars staðar.

Nefndarmönnum var ljóst að forsendan fyrir því að hægt væri að ákvarða stærð væntanlegrar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og umfang þeirrar starfsemi, sem þar á að fara fram, væri sú, að gerð væri viðhlítandi úttekt á flokkun og fjölda fatlaðra í landinu, það er stærð vandans í heild. Nokkrar umræður urðu um niðurröðun fatlana í flokka, það er

þeirra fatlana, sem þurfa á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og halda. Féllust nefndarmenn á eftirfarandi flokkun þessara fatlana:

1. Vangefnir
2. Hreyfihamlaðir
3. Málhamlaðir
4. Heyrnarlausir
5. Blindir
6. Geðræn vandamál
7. Sérstakir námsörðugleikar
8. Fjölfatlaðir
9. Vafatilfelli.

Tafla 1.

Því næst hófust umræður um tíðni ýmissa fatlana í landinu og hversu stór hluti einstaklinga í hverjum flokki kynni að þurfa á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda.

Fjöldi fæddra barna á Íslandi hefur verið nokkuð stöðugur síðastliðinn aldarfjórðung, það er 4000—5000 börn á ári, en meðaltal þó farið heldur lækkandi s. l. áratug (fylgiskjal II). Þannig var meðalfjöldi fæddra barna á árabilinu 1972—1981 um 4485 börn hvert ár. Ekki er gert ráð fyrir verulegri breytingu á fjölda fæddra barna á ári næsta áratug. Þó má búast við að einhver fækkun verði vegna þess að minni árgangar kvenna eru nú að komast á barneignarskeið.

Þessi stöðugleiki í fjölda fæðinga hér á landi gerir könnun á tíðni og raunverulegum fjölda fatlana meðal barna auðveldari en með þeim þjóðum þar sem fæðingum hefur farið ört fækkandi síðustu áratugi. Jafnframt auðveldar hann áætlanagerð varðandi þarfir fatlaðra fyrir greiningu, ráðgjöf og meðferð.

Athugunar- og greiningardeildin í Kjarvalshúsi hefur kannað tíðni fatlana á Íslandi, það er þeirra fatlana sem öðru fremur munu heyra undir verksvið væntanlegrar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Til eru upplýsingar um fjölda og tegund fatlana á aldursskeiðinu 0—6 ára. Byggjast þær upplýsingar að hluta á reynslu sem fengist hefur af starfsemi Athugunar- og greiningardeildar í Kjarvalshúsi. Enn fremur er byggt á tölum um meðfædd líkamslýti, sjúkdóma og aðrar fatlanir sem má fá úr tölvuvæddri fæðingarskráningu sem hefur verið við lýði hér á landi allt frá árinu 1972. Í þeim tilvikum, þar sem öruggar tölulegar upplýsingar voru ekki fyrirliggjandi, var jafnframt stuðst við upplýsingar frá öðrum þjóðum sem hafa mesta reynslu af málefnum fatlaðra. Telja verður ólíklegt að tíðni fatlana hér á landi sé í meginatriðum ólík þeirri sem gerist með öðrum vestrænum þjóðum.

Samkvæmt könnun Athugunar- og greiningardeildar var tíðni fatlana meðal barna og unglinga 10,2% í hverjum árgangi. Meðfylgjandi tafla sýnir annars vegar algengi fatlana í hverjum árgangi eftir flokkum og hins vegar þann hluta hvers flokks á aldursskeiðinu 0—6 ára sem mun þurfa á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda.

Tafla 2.

Flokkur	Fötlun	Algengi	Greiningarstöð
1. flokkur	Vangefnir	3,0%	0,97%
2. flokkur	Hreyfihamlaðir	0.5%	0,5%
3. flokkur	Málhamlaðir	3,5%	1,15%
4. flokkur	Heyrnarlausir	0,07%	0,05%
5. flokkur	Blindir	0,1%	0,1%
6. flokkur	Geðræn vandamál	2,0%	0,2%
7. flokkur	Fjölfatlaðir	0,06%	0,05%
8. flokkur	Sérstakir námsörðugleikar	1,0%	0,5%
Samtals:		10,2%	3,5%

Í ofangreindri könnun eru ekki taldir með einstaklingar sem eru fatlaðir vegna alvarlegra sjúkdóma í öndunarfærum, hjarta og æðakerfi, meltingarfærum, nýrum, innkirtlum o. s. frv. Gert er ráð fyrir því að börn og unglingar með alvarlega sjúkdóma í áðurnefndum líffærakerfum fái þjónustu sína að mestu eða öllu leyti á sjúkrahúsum. Sama máli gegnir um flogaveika sem ekki eru með aðrar fatlanir. Einnig vantar nákvæmar tölur um fjölda barna sem eru fötluð eftir slys, en slíkar fatlanir munu að einhverju leyti falla undir verksvið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.


Að lokum má gera ráð fyrir að 1% barna í hverjum árgangi verði vísað í Greiningar- og ráðgjafarstöð vegna gruns um þroskafrávik þó að athugun leiði í ljós að ekki sé þörf á frekari aðstoð.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem raktar hafa verið hér að framan, mun fjöldi einstaklinga, er gera má ráð fyrir að leiti eftir þjónustu í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nema 3,5% í hverjum árgangi á aldursskeiðinu 0—6 ára, og 4,5% ef þau börn, sem ekki þurfa frekari aðstoð að athugun lokinni, þ. e. 1% af heildarfjölda, eru tekin með. Er þessi áætlun byggð á lægstu hugsanlegum tölum um fjölda einstaklinga, sem þurfa á greiningu, ráðgjöf og meðferð að halda.

Hins vegar gerir ofangreind könnun ráð fyrir því, að einungis tíundi hluti fatlaðra barna á aldursskeiðinu 6—18 ára, eða 1% af hverjum árgangi, þurfi áframhaldandi þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar. Þarna er einkum um að ræða börn og unglinga, sem eru alvarlega vangefin, börn með mestu málhömlun og alvarlega hreyfihömlun, einnig öll fjölfötluð börn auk blindra, eins og meðfylgjandi skipurit sýna, annars vegar algengi fatlana, þ. e. meðaltalsfjölda barna með fatlanir í hverjum árgangi, og hins vegar áætlaðan fjölda fatlaðra barna í hverjum árgangi, sem þurfa á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að halda. Jafnframt gefa skipuritin upplýsingar um hversu mikil þjónusta Greiningarstöðvar við þessa einstaklinga verður.

SKIPURIT I

Fjöldi fatlaðra barna í árgangi. Áætlaður fjöldi göngudeildarheimsókna og dvalartími á athugunardeild frá fæðingu til 6 ára aldurs.



SKIPURIT I

Fjöldi fatlaðra barna í árgangi. Áætlaður fjöldi göngudeildarheimsókna og dvalartími á athugunardeild frá fæðingu til 6 ára aldurs.

Málhömlun. Tíðni 3,5%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 46 komi til greiningar á Athugunardeild.	140 börn	**Málhömlun** mikil. 2 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
		Málhömlun talsverð. 12 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
		Málhömlun vægari. 32 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Heyrnarskerðing. Tíðni 0,075%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 2 komi til greiningar á Athugunardeild.	3 börn	2 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Blinda og sjónskerðing. Tíðni 0,1%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 4 komi til greiningar á Athugunardeild.	4 börn	4 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Geðræn og tilfinningaleg vandamál. Tíðni 2%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 8 komi til greiningar á Athugunardeild.	80 börn	8 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Sérstök námsvandamál. Tíðni 1%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 20 komi til greiningar á Athugunardeild.	40 börn	20 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Fjölfötlun. Tíðni 0,06%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 2 komi til greiningar á Athugunardeild.	2 börn	2 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Grunur um þroskafrávik. Tíðni 1%. Af 4000 fæddum börnum má búast við að 40 *komi til greiningar á Athugunardeild*	40 börn	40 börn	Heimsóknarfj. barns til 6 ára aldurs.	Dvalartími barns til 6 ára aldurs.
Alls í árgangi: 11,2%: 449 börn	**Alls 449 börn**	**Alls í árgangi: 4,5% : 181 barn**	**Fjöldi heimsókna 6. árg. á dag að meðaltali: 12**	**Fjöldi barna á viku (6. árg.) að meðaltali: 15**

Skipuritin eru nákvæm útfærsla á töflu 2, sem birt er framar í þessari greinargerð. Skipurit 1 nefnist: **Fjöldi fatlaðra barna í árgangi. Áætlaður fjöldi göngudeildarheimsókna og dvalartími í athugunardeild frá fæðingu til 6 ára aldurs.** Þessu skipuriti er skipt niður í 5 dálka.

1. dálkur.

Þessi dálkur sýnir algengi, þ. e. fjölda fatlaðra barna á ári að meðaltali. Er þessum fötlunum skipt niður í 8 flokka á sama hátt og gert er í töflum 1 og 2. Jafnframt er einn reitur í þessum dálki ætlaður börnum, sem virðast sína þroskafrávik, en reynast að greiningu og athugun lokinni ekki þurfa frekari aðstoðar við. Eins og áður hefur verið getið, eru hér taldir upp einungis þeir flokkar fatlaðra, sem gert er ráð fyrir að þurfi á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda. Tölur þær um fatlanir í mismunandi flokkum sem sýndar eru í 1. dálki, eru að hluta byggðar á tölum og upplýsingum, sem fengnar eru hér á landi. Jafnframt hefur verið stuðst við tölur erlendis frá, þegar ekki hafa verið tiltækar öruggar tölur hérlendis. Erlendu tölurnar eru byggðar á niðurstöðum kannana meðal þjóða, sem þegar hafa öðlast mikla reynslu í málefnum fatlaðra.

Við útreikning á fjölda fatlaðra barna hér á landi hefur verið gengið úr frá þeirri forsendu, að árlegur fjöldi fæðinga verði 4000.

Meðalfjöldi fæddra barna á Íslandi á árabilinu 1972—1981 var 4485 börn árlega og jafnframt má geta þess, að árið 1983 fæddust hér á landi 4369 börn, eða 15 börnum fleiri en árið 1982. Hins vegar er gert ráð fyrir einhverri fækkun fæðinga næsta áratuginn, eins og áður hefur verið getið vegna þess að þeir árgangar kvenna, sem eru að komast á barneignarskeið, eru fámennari. Fjöldatölur, sem sýndar eru í þessu skipuriti, eru því síst ofáætlaðar og gefa allgóða hugmynd um raunverulegar lágmarksþarfir fatlaðra einstaklinga fyrir aðstoð á næstu áratugum.

2. dálkur.

Þessi dálkur sýnir áætlaðan fjölda fatlaðra barna í hverjum árgangi hér á landi, á tímabilinu frá fæðingu til 6 ára aldurs, samkvæmt útreikningum, sem um getur hér að framan. Er heildarfjöldinn 449 börn í hverjum árgangi eða 11,2 hundraðshlutar hvers árgangs. Jafnframt er sýndur fjöldi fatlaðra barna í hverjum hinna 8 flokka.

3. dálkur.

Þessi dálkur sýnir fjölda þeirra barna sem öruggt má telja, að þurfi á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda. Heildarfjöldi alls er 181 barn í hverjum árgangi á aldursskeiðinu frá fæðingu til 6 ára aldurs. Einstaklingar, sem fatlast vegna veikinda eða slysa eftir fæðingu, eru ekki taldir með í þessum hópi. Erfitt er að áætla fjölda þessara einstaklinga, en gera má fastlega ráð fyrir að einhver hluti þeirra muni þurfa á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda og eykst þá fjöldi fatlaðra umfram þær tölur, sem hér eru skráðar. Þegar rætt er um göngudeildarþjónustu á Greiningar- og ráðgjafarstöð er rétt að geta þess að hún verður tvíþætt:

— Fatlaðir einstaklingar koma til athugunar og eftirlits á göngudeild.
— Sérhæft starfslið göngudeildar fer í heimsóknir út á landsbyggðina og veitir starfsliði svæðisstjórna aðstoð við athugun og meðferð fatlaðra, þegar því verður við komið.

4. dálkur.

Þessi dálkur sýnir fjölda göngudeildarheimsókna á ári til 6 ára aldurs. Sýnir hver reitur í þessum dálki heimsóknafjölda hvers einstaklings frá fæðingu til 6 ára aldurs. Eins og sjá má í þessum dálki hefjast göngudeildarheimsóknir við mismunandi aldur, eftir því um hvaða fötlun er að ræða. Einnig er mismunandi á hvaða aldursskeiði heimsóknafjöldi er mestur. Þá er heildarfjöldi heimsókna einnig mjög misjafn eftir tegund fatlana. Sumar fatlanir þurfa meiri meðferðar við en hægt er að veita í göngudeild. Lítill hluti þessara einstaklinga fær langtímameðferð í Greiningar- og ráðgjafarstöð, en stærri hluta þeirra verður vísað til annarra meðferðarstofnana.

5. dálkur.


Þessi dálkur sýnir dvalartíma barns á athugunardeild frá fæðingu til 6 ára aldurs. Um starfsemi athugunardeildar er líkt farið og göngudeild, þ. e. að dvalartími barna hefst á mismunandi aldursskeiðum eftir tegund fatlana og lengd dvalartímans er jafnframt mismunandi af sömu ástæðum.

Niðurstöður þessa skipurits eru eftirfarandi:

— Gert er ráð fyrir að meðaltali 4000 fæðingum á ári næsta áratuginn.
— Í hverjum árgangi eru 10,2% fötluð börn og 1% börn sem virðast sýna þroskafrávik.
— Heildarfjöldi fatlaðra barna í hverjum árgangi verður 449 börn.
— Heildarfjöldi fatlaðra barna sem þarf á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda verður 181 barn, 4,5%.
— Heildarfjöldi göngudeildarheimsókna á 6 árganga svarar til 11 heimsókna á dag.
— Dvalartími 6 árganga í athugunardeild í eitt ár svarar til þess að 15 börn séu þar að meðaltali á viku.

SKIPURIT II

Áætlaður dvalartími barna á meðferðardeildum greiningar-stöðvar frá 2 ára til 6 ára aldurs.



Skipurit II sýnir áætlaðan dvalartíma barna á meðferðardeildum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar frá 2ja ára til 6 ára aldurs. Reynsla af starfsemi Kjarvalshúss undanfarin ár hefur leitt í ljós, að það eru einkum 3 hópar fatlaðra á forskólaaldri sem þurfa á þjónustu mjög sérhæfðra meðferðardeilda að halda. Þessir hópar eru mikið hreyfihömluð og fjölfötluð börn, ásamt börnum með mikla málhömlun. Eins og fram kemur af skipuritinu, eru það 6 börn í hverjum árgangi, sem þurfa á slíkri meðferð að halda. Hreyfihömluð og fjölfötluð börn eru venjulega tekin til meðferðar á meðferðardeildum á 3ja aldursári. Dvalartími er

lengstur fyrsta árið, en styttist eftir það. Málhömluð börn koma hins vegar ekki á meðferðardeild fyrr en á 4. aldursári og er dvalartími á ári hverju mun styttri en í fyrri hópnum.

Rétt er að geta þess, að börn verða undir handleiðslu annarra meðferðarstofnana þann tíma ársins, sem þau eru ekki á meðferðardeildum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar. Gert er ráð fyrir því að á meðferðardeildum verði að meðaltali 11—12 börn í viku hverri.

Tafla 3.
Áætlaður fjöldi göngudeildarheimsókna á aldursskeiðinu 6—18 ára.

Fjöldi fatlaðra barna ..... og unglinga í árgangi ..... er 40, eða 1%	Áætlaðar heimsóknir hvers árgangs á ári eru 80, þ. e. 2 heimsóknir barna og unglinga á 6—18 ára aldri.

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi hefur einkum reynt að annast börn á forskólaaldri. Einnig hefur verið leitað eftir þjónustu við börn og unglinga á skólaaldri, þ. e. einstaklinga á aldrinum 6—18 ára, en ekki hefur verið aðstaða til að veita þessum aldurshópi úrlausn, nema að mjög takmörkuðu leyti, vegna þrengsla og erfiðra starfsaðstæðna. Það hefur því verið nær ókleift að gera ítarlega áætlun um magn þjónustu fyrir þennan aldurshóp. Þó er talið að um það bil 10. hluti allra fatlaðra einstaklinga á aldursskeiðinu 6—18 ára þurfi á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að halda. Samkvæmt töflu 3 þurfa 40 úr hverjum árgangi að leita til Greiningarstöðvar. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði fyrst og fremst fólgin í göngudeildarheimsóknum og hefur verið áætlað, að hver árgangur þurfi að koma í 2 heimsóknir og eru það 80 heimsóknir fyrir hvern árgang á ári. Líklegt má telja að einhverjir þurfi á færri heimsóknum að halda, en aðrir þurfi að koma mun oftar. Loks má búast við því, að nokkur hluti barna í þessum aldursflokki þurfi einnig að koma í athugunardeild í 1—2 vikur, þó erfitt reynist að gera nákvæma áætlun um það á þessu stigi. Það þjónustumagn, sem gert er ráð fyrir vegna aldurshópsins 6—18 ára í Greiningar- og ráðgjafarstöð, er því í lágmarki.

Samkvæmt 16. grein laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, skal daglegur rekstur Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins vera undir stjórn forstöðumanns og framkvæmdastjóra. Lögin ætla Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins margþætt hlutverk og má þar meðal annars nefna:

— Greiningu, ráðgjöf og meðferð fatlaðra.
— Þjálfun starfsstétta.
— Skráningu og varðveislu upplýsinga um fatlaða, í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
— Fræðilegar rannsóknir á sviði fötlunar.

Nefndin leggur til, að eftirfarandi menntun og starfsreynsla verði lögð til grundvallar, þegar ráðinn verður forstöðumaður að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins:

— Háskólamenntun.
— Þekking á faglegri stjórnun.
— Þekking á þroskaferli barna og unglinga og þekking á þeim þáttum, sem geta haft áhrif á eðlilegan þroskaferil, svo sem sjúkdómum, slysum og erfðabrenglun.
— Þekking á þörfum fatlaðra einstaklinga, greiningu, hæfingu, endurhæfingu og annarri meðferð.
— Skilningur og þekking á sálrænum og samfélagslegum þörfum þessara einstaklinga.
— Þekking og reynsla í þverfaglegri hópvinnu.
— Reynsla í vísindalegum vinnubrögðum og skipulagningu vísindaverkefna.
— Reynsla í kennslu og kennsluskipulagningu.

Þá leggur nefndin til að eftirfarandi atriði verði lögð til grundvallar við ráðningu framkvæmdastjóra:

— Þekking á fjármálastjórn, skrifstofurekstri og starfsmannahaldi.

Aðalverksvið framkvæmdastjóra verða:

— Umsjón með bókhaldi, fjárgæslu og rekstri stofnunarinnar.
— Ábyrgð á rekstri og viðhaldi húseignarinnar.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mun jafnframt þurfa á starfsliði að halda með víðtæka þekkingu á mörgum sérsviðum.

Má þar nefna:

— Barnalækni með sérþekkingu á fötluðum börnum og unglingum.
— Barnalækni með sérþekkingu á taugasjúkdómum barna og unglinga.
— Barnageðlækni.
— Orkulækni.
— Bæklunarlækni.
— Sálfræðinga með sérþekkingu á fötluðum börnum og unglingum.
— Talkennara og aðra sérkennara.
— Sjúkraþjálfara.
— Iðjuþjálfa.
— Tónþjálfa (musikterapeut).
— Félagsráðgjafa.
— Fóstrur.
— Þroskaþjálfa.
— Sérhæfða þjónustu í tengslum við sjón og heyrn.

Nefndin telur ekki grundvöll fyrir því á þessu stigi að meta fjölda stöðugilda meðal hinna ýmsu starfsstétta. Tími og reynsla verða að skera úr um fjölda starfsmanna við stofnunina.

Í greinargerð þessari hefur verið lögð áhersla á samræmda uppbyggingu á málefnum fatlaðra hér á landi. Þannig hefur verið bent á, að vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess, að miðstöð fyrir greiningu, ráðgjöf og meðferð (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins) komi að fullum notum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á, að virk svæðisbundin þjónusta, einkum m. t. t. frumgreiningar og meðferðar getur ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar, sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flóknari tilfella að einhverju leyti.

Tafla 2 og skipurit I gera ráð fyrir að í hverjum árgangi á aldursskeiðinu 0—6 ára megi greina einhverja fötlun hjá 10,2% barnanna og jafnframt 1% barna talið sýna þroskafrávik. Hins vegar mun Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins einungis hafa bein afskipti af 4,5% barnanna í hverjum árgangi. Er þar fyrst og fremst um að ræða flóknari tilfelli, sem þurfa á mjög sérhæfðri þjónustu að halda. Það er því stór hópur fatlaðra barna (6,7% í hverjum árgangi), sem verður að veita greiningu, ráðgjöf og meðferð utan Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Leggja ber áherslu á, að sú þjónusta verði veitt fötluðum börnum og unglingum sem næst heimkynnum þeirra.

Engin samræmd stefna hefur ennþá verið mótuð varðandi slíka þjónustu á hinum 8 starfssvæðum, sem annast málefni fatlaðra í landinu. Skipuleggja þarf frumgreiningu og meðferð á hverju svæði fyrir sig, þannig að öll fötluð börn verði greind sem fyrst eftir fæðingu. Slík starfsemi ætti að tryggja betur en áður að öll fötluð börn finnist og þeim verði tryggð meðferð í tæka tíð. Einnig myndi slík frumgreining skapa nánari tengsl milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og starfssvæðanna um fötlunartilfelli sem þola litla eða enga bið, hvað greiningu og meðferð snertir.

Tæplega verður möguleiki á fjölmennu þverfaglegu teymi á hverju svæði fyrir sig. Eigi að síður þarf eftirtalda sérfræðinga til að annast þá frumgreiningu og ráðgjöf, sem hér um ræðir:

— Lækni.
— Sálfræðing.
— Sérkennara (talkennara).
— Félagsráðgjafa.
— Sjúkraþjálfara.

Einnig er æskilegt að aðrar starfsstéttir, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar, fóstrur og almennir kennarar taki þátt í þessu starfi í þágu fatlaðra. Eðlilegt er að svæðisstjórnir skipuleggi og samræmi störf þessara starfshópa.

Aðstaða fyrir frumgreiningu er í raun fyrir hendi á svæðunum, og má þar benda á húsnæði í heilsugæslustöðvum og víðar. Aðstaðan til meðferðar fatlaðra barna er hins vegar enn af skornum skammti á flestum svæðunum, en hana mætti byggja upp í tengslum við dagvistunarstofnanir og skóla auk skipulagðrar aðstoðar, sem færi fram á heimilum viðkomandi barna og unglinga.

Nefndin vill enn fremur vekja athygli á þörf fyrir bætta aðstöðu á þeim stofnunum í landinu, sem nú þegar annast fatlaða.

Í 16. grein laga um málefni fatlaðra er kveðið á um starfssvið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þessi grein laganna er í 11 liðum og kemur þar fram, að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætlað víðtækt verksvið.

Eðlilegt er, að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu, því þar er möguleika á greiningu og flóknari meðferð í þágu fatlaðra helst að finna. Stofnun, sem ætlað er það hlutverk, sem um getur í 16. grein laganna, hlýtur að hafa mikil umsvif og þurfa á rúmgóðu húsnæði að halda undir starfsemi sína. Góð aðstaða til greiningar, ráðgjafar og meðferðar er forsenda þess, að málefni fatlaðra nái að þróast á eðlilegan hátt hér á landi. Vísir að slíkri starfsemi er í Athugunar- og greiningardeild Kjarvalshúss við Sæbraut á Seltjarnarnesi. Hófst þessi starfsemi árið 1975 í tengslum við Öskjuhlíðarskóla og heyrir stofnunin undir menntamálaráðuneyti. Starf þetta hefur aukist hröðum skrefum frá upphafi og er nú í raun búið að sprengja af sér öll bönd, þannig að stofnunin getur ekki sinnt því hlutverki sem af henni er krafist.

Húseignin Sæbraut 2 hefur nú verið keypt til að bæta úr húsnæðisvanda Kjarvalshúss. Jafnframt hefur verið veitt fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að standa straum af kostnaði við breytingar á þeirri húseign, þannig að hún komi starfsemi í Kjarvalshúsi að sem mestu gagni. Mun starfsaðstaða batna til muna, en ekki verður unnt að fjölga þeim einstaklingum, sem koma til greiningar og meðferðar umfram það sem nú er. Athugunar- og greiningardeildin í Kjarvalshúsi verður því, þrátt fyrir aukið húsnæði, ekki fær um að annast fyllilega það hlutverk, sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætlað samkvæmt 16. grein laga um málefni fatlaðra. Eigi að síður getur starfsemi í Kjarvalshúsi brúað að hluta það bil, sem verður þar til húsnæði fyrir alla starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er fullbyggt.

Nefndin leggur eindregið til að menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti geri gangskör að því, að stöðu Athugunar- og greiningardeildar í Kjarvalshúsi verði breytt á þann veg, að stofnunin verði framvegis Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. a. s. fyrsti áfangi í þróun þeirrar stofnunar.

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri verði ráðnir að stofnuninni þegar í stað. Athugaður verði möguleiki á kaupum á öðru húsi við Sæbraut eða í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þá greiningar- og ráðgjafarstarfsemi, sem nú fer þar fram.

Nefndin leggur til, að á næstu 3 árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða þeirri aukningu á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar á Seltjarnarnesi, sem lýst er hér að framan.

Einnig verði á þessu tímabili undirbúin fjármögnun og bygging á framtíðarhúsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í samræmi við þá þörf fyrir slíka þjónustu, sem áður er rakin í þessari greinargerð. Verði við það miðað, að sú bygging verði fullbúin á 2 árum, þ. e. innan 5 ára.

Nefndin hefur kannað útlits- og staðsetningarteikningar af fyrirhuguðu húsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (fylgiskjal III).

Auk byggingarnefndar tóku eftirtaldir aðilar þátt í hönnun hússins:
— Teiknistofan Laugavegi 42.
— Rafhönnun h. f., verkfræðistofa, Ármúla 42.
— Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, Ármúla 4.

Húsið er 2 hæðir og kjallari samtals 3049 fermetrar eða 11908 rúmmetrar. Efri hæð hússins er inndregin og þök hallandi. Húsið er ferhyrningur með yfirbyggðu svæði í miðju, sem gerir tengsl milli starfsdeilda greið, vegalengdir stuttar og jafnframt skapar þetta fyrirkomulag vistlegt umhverfi fyrir þjónustuþega, starfsfólk og gesti.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætlaður staður á horni Sundlaugavegar og Dalbrautar. Lóðarrými er nægilegt fyrir bílastæði og útivistarsvæði. Svo virðist sem í húsi þessu geti orðið hin ákjósanlegasta aðstaða fyrir þá starfsemi, sem Greiningar- og ráðgjafarstöð er ætlað að annast. Staðsetning hússins virðist einnig heppileg, hvað samgöngur og nánasta umhverfi snertir.

Nefndin hefur kynnt sér byggingarkostnað samkvæmt teikningum að húsinu. Jafnframt hefur nefndin átt fund með Magnúsi Skúlasyni, arkitekt, og Gunnari Ólafssyni, verkfræðingi, sem önnuðust teikningar að húsinu fyrir hönd Teiknistofunnar Laugavegi 42.

Húsið verður að byggja í einum áfanga og er þá hagkvæmast að byggingarframkvæmdir taki sem skemmstan tíma (2 ár). Framkvæmdum er ekki hægt að skipta í áfanga þannig að hagkvæmt verði. Gert er ráð fyrir, að húsið verði byggt á burðarsúlum og verður því auðvelt að breyta herbergjaskipan, eftir því sem þarfir krefjast hverju sinni. Teikningar gera ráð fyrir, að helmingur kjallarans verði nýttur fyrir starfsemi hússins. Auðvelt verður þó að taka allan kjallarann í notkun, þegar þess gerist þörf. Við lokafrágang teikninga að húsinu verður að gefa sérstakan gaum að ferliaðstöðu, hljóðeinangrun og brunavörnum. Nefndin telur ekki tímabært að gera nákvæma úttekt á stærð þess húsnæðis, sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þarf á að halda undir starfsemi sína, þegar allir þættir hinna nýju laga um málefni fatlaðra eru komnir í framkvæmd. Sú reynsla, sem nú þegar er fengin, bendir eindregið til þess, að húsnæði það sem teikningar gera ráð fyrir fari þó nærri því, sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin þarf á að halda, hvað stærð snertir, þegar starfsemin er komin í fullan gang.

Reynist húsnæði of stórt í upphafi má nýta það undir aðra starfsemi í þágu fatlaðra. Má þar t. d. nefna hjálpartækjabankann, sem býr nú við kröpp húsnæðiskjör og þarf á stærra húsnæði undir starfsemi sína að halda, þar með talin veruleg stækkun geymslurýmis.

Nefndin leggur því til, að húsnæði undir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði byggt á þeim stað, sem þegar hefur verið valinn og samkvæmt áðurnefndum teikningum. Stofnunin getur ekki þróast í bráðabirgðahúsnæði lengur en næstu 4—5 árin.

Leggur nefndin því til, að byggingin verði reist í einum áfanga á sem skemmstum tíma, eða eigi lengri en 2 árum. Er þá höfð hliðsjón af mikilvægi þeirrar þjónustu, sem fyrirhuguð er í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og jafnframt tekið tillit til fyllstu hagsýni við alla smíð hússins.

Enda þótt Framkvæmdasjóður fatlaðra verði ekki skertur á næsta ári og sjóðurinn fái þann fjárstyrk, sem honum ber samkv. lögum um málefni fatlaðra, er greinilegt, að hann verður ekki fær um að leggja fram nema hluta þess fjármagns, sem þarf til að reisa Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt öðrum mikilvægum framkvæmdum í þágu fatlaðra, sem hann nauðsynlega þarf að annast.

Fjármagn til þessarar framkvæmdar þarf því að koma að verulegu leyti af fjárlögum og tryggja verður, að nægilegt fjármagn verði tiltækt þegar við upphaf byggingartímabilsins, þannig að unnt verði að reisa húsið á tveim árum eins og lögð hefur verið áhersla á hér að framan.

NIÐURSTÖÐUR

Nefndin hélt 26 fundi og komust nefndarmenn að eftirfarandi niðurstöðum:

— Málefni fatlaðra standa nú á tímamótum hér á landi með tilkomu nýrra laga um málefni fatlaðra.

— Leggja ber áherslu á heildarskipulagningu á málefnum fatlaðra, greiningu, ráðgjöf og meðferð í landinu öllu. Vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess að miðstöð fyrir greiningu og ráðgjöf komi að fullum notum. Jafnframt getur virk svæðisbundin þjónusta ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flókinna tilfella.

— Gert er ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar á aldrinum 0—18 ára hafi mesta þörf fyrir þá þjónustu, sem veitt verður í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Eldri einstaklingar, sem áður hafa tengst stofnuninni, geta jafnframt leitað þangað áfram ef þörf krefur svo og aðrir eldri einstaklingar sem ekki fá viðhlítandi þjónustu annars staðar.

— Gert er ráð fyrir að greina megi fötlun hjá 10,2% barna í hverjum árgangi á aldursskeiðinu 0—6 ára. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mun hafa bein afskipti af 3,5% barnanna í hverjum árgangi (sjá skipurit I). Öðrum fötluðum einstaklingum (6,7% í hverjum árgangi) verður að veita greiningu, ráðgjöf og meðferð utan Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og þá helst sem næst heimkynnum þeirra. Þá er áætlað að um 10. hluti fatlaðra einstaklinga á aldursskeiðinu 6—18 ára þurfi á þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að halda.

— Nefndin leggur til að félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti beiti sér fyrir því að Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar. Verði forstöðumaður og framkvæmdastjóri ráðnir að stofnuninni þegar í stað. Jafnframt verði athugaður möguleiki á kaupum á húsi í næsta nágrenni við Kjarvalshús í því skyni að auka þá greiningar- og ráðgjafarstarfsemi sem nú fer fram í Kjarvalshúsi.

— Nefndin leggur til að á næstu þremur árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum samhliða þeirri aukningu á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sem lýst er hér að framan. Einnig verði á þessu þriggja ára tímabili undirbúin bygging framtíðarhúsnæðis fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verði við það miðað, að sú bygging verði fullbúin tveimur árum síðar, þ. e. innan 5 ára. Stofnunin getur ekki þróast í bráðabirgðahúsnæði lengur en næstu 4—5 ár.

— Nefndin leggur til að húsnæði undir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði byggt á þeim stað, sem þegar hefur verið valinn við Dalbraut í Reykjavík og samkvæmt áðurnefndum teikningum.

— Enda þótt Framkvæmdasjóður fatlaðra verði ekki skertur á næsta ári og sjóðurinn fái þann fjárstyrk, sem honum ber samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, er greinilegt að hann verður ekki fær um að leggja fram nema hluta þess fjármagns sem þarf til að reisa Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt öðrum mikilvægum framkvæmdum í þágu fatlaðra sem hann nauðsynlega þarf að annast.

Fjármagn til þessara framkvæmda þarf því að koma að verulegu leyti af fjárlögum og tryggja verður að nægilegt fjármagn verði tiltækt, þegar við upphaf byggingartímabilsins, þannig að unnt verði að reisa húsið á tveimur árum eins og lögð hefur verið áhersla á hér að framan.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA FRÁ NORRÆNNI NÁMSSTEFNU UM VARNIR GEGN FÖTLUN

Menningarmiðstöðin á Hanaholmen, Esbo, Finnlandi.
9.—11. 2. 1983.

Aðdragandi og undirbúningur.

Norðurlandaráð samþykkti árið 1978 ályktun (nr. 13/1978) um að koma í veg fyrir fötlun. Í ályktuninni er Norræna ráðherranefndin hvött til að:
— láta skilgreina ástæður til upphafs fötlunar snemma á þroskaskeiði barns og
— að leggja drög, á grundvelli þessarar skilgreiningar, að framkvæmdum sem hindra fötlun í upphafi.

Í starfi því, sem unnið var í sambandi við ályktunina, kom í ljós að auk mikilvægrar starfsemi hjá hverri einstakri þjóð, getur norræn samvinna boðið upp á umtalsverða hagræðingu. Málið var tekið fyrir á þrítugasta þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1982, þar sem lagt var til að norrænn sérfræðingafundur yrði haldinn í Finnlandi. Þetta álit þróaðist áfram á fundi landlækna á Norðurlöndum í Mariehamn í apríl 1982, og ákveðið var að halda námsstefnu á Hanaholmen í Esbo þann 9.—11. 2. 1983. Einnig var ákveðið að einn aðili frá hverju landi annaðist hagnýtan undirbúning.

Í undirbúningsstarfi var talið rétt að sérhvert Norðurlanda ætti að semja skýrslu um varnaraðgerðir eins og þær væru svo og framtíðaráætlanir. Framkvæmdaaðilar héldu undirbúningsfund í Helsingfors í nóvember 1982. Þar var ákveðið að auk þess að ræða skýrslurnar, bæri að einbeita sér að fleiri þáttum eins og greiningu fötlunar á byrjunarstigi, skrásetningu, erfðafræðigreiningu og fóstursjúkdómagreiningu.

Námsstefnan á Hanaholmen.

Tuttugu og sjö sérfræðingar frá Norðurlöndum tóku þátt í námsstefnunni. Jaakko Leisti prófessor frá Uleåborg var fundarstjóri og ritari Armi Jämsä, eftirlitsmaður, frá Heilbrigðismálastofnun ríkisins.

Aðstoðar-heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Finnlands, Vappu Taipale prófessor, setti námsstefnuna. Framsöguerindi flutti Bengt Hagberg, prófessor, frá Gautaborg.

Skýrslur landanna voru lagðar fram og ræddar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á málefni fatlaðra á Norðurlöndum, og þar hefur mikið verið gert til að koma í veg fyrir fötlun. Á Norðurlöndum standa varnaraðgerðir á háu stigi á alþjóðamælikvarða, þótt þróunin sé mismunandi langt á veg komin í hinum einstöku löndum og enn er mikið starf óunnið.

Þjálfunaraðgerðir voru ekki ræddar gaungæfilega á þessari námsstefnu. Það er heppilegt að leggja skýrslurnar til grundvallar í upphafi þegar aðstæður landanna er bornar saman.

Á fundinum þar sem fjallað var um að greina fötlun á byrjunarstigi (framsöguerindi Bengt Hagberg, prófessor) komu menn sér saman um greinargerð.

Þar var m. a. lagt til að saman kæmi á norrænum grundvelli árið 1984–85 greiningarstarfshópur (kliniskt profilerat workshop) sem tæki fyrir heila/taugasjúkdóma barna sem ágerast.

Á fundinum þar sem rætt var um skráningu (framsögumaður Tor Bjerkedahl, prófessor) var núverandi skráning metin og rætt um hlutverk skráningar til að koma í veg fyrir fötlun. Í greinargerð er talið að norrænt skráningarsamstarf væri mikils virði og norrænir fundir ættu að vera haldnir vegna

1) sérstakrar skrár fyrir fatlaða,
2) erfðafræðilegar skrár og
3) sjúklingaskrár.

Á fundinum um erfðafræðigreiningu (framsögumaður Margareta Mikkelsen, yfirlæknir) var núverandi ástand erfðafræðigreiningar á Norðurlöndum skýrt. Erfðafræðigreining (klinisk genetik) er til þess að gera nýtt sérsvið og þess vegna er sú þjónusta sem stendur til boða mjög mismunandi, einnig í ýmsum landshlutum sama lands. Í greinargerð er m. a. álitið að norræn samvinna sé mikilvæg í þessum efnum, einkum á sviði kennslu og menntunar.

Á fundinum um fóstursjúkdómagreiningu (framsögumaður Pertti Aula, dósent) voru kynntir möguleikar nútímans á Norðurlöndum, að greina erfðafræðilega sjúkdóma og meðfædda vansköpun fósturs. Það er til þess að gera mikill munur á Norðurlöndum varðandi möguleika á fóstursjúkdómagreiningu, en slíkt hefur þróast innan hvers lands samkvæmt alþjóðlegum þróunarreglum. Gildar ástæður mæla með áframhaldandi norrænni þróun og samstarfi á sviði fóstursjúkdómagreiningar.

Spurningin um varnaraðgerðir gegn fötlun hjá börnum nær til miklu fleiri sviða en þeirra, sem fjallað hefur verið um á námsstefnunni. Sem dæmi má nefna frumheilbrigði (prekonceptionell), mataræði og heilsuvernd á meðgöngutíma, fæðingar hjá mæðrum sem eiga á hættu að eignast fatlað barn o. s. frv.

Norræn samvinna framtíðarinnar.

Innan vébanda varnaraðgerða gegn fötlun eru mörg svið þar sem norræn samvinna er mjög mikilvæg. Meiri hluti þeirra tillagna sem námsstefnan setur fram krefst umfjöllunar og meiri vinnu. Ýmsar aðrar framkvæmdir geta orðið á döfinni í nánustu framtíð.

Fundurinn tók ekki afstöðu til þess hvernig samstarfið ætti að vera í framkvæmd. Þó var talið æskilegt að tillögurnar næðu fram að ganga í nánustu framtíð og komið væri á kerfi til að ýta á eftir þróuninni í þessum málum. Til dæmis væri hægt að halda hliðstæða námsstefnu eftir nokkur ár. Nefnt var einnig að þörf væri á vísindalegum sérfræðingahóp sem gæti aðstoðað Ráðherranefndina og væri tengdur Norrænu nefndinni um málefni fatlaðra (Nordiska Handikappnämnden). Hlutverk hans gæti m. a. verið að eiga frumkvæði að sameiginlegum framkvæmdum á þessu sviði, veita upplýsingar og miðla þekkingu og stuðla að kynningu nýrra aðferða til þess að koma í veg fyrir fötlun hjá börnum.

Námsstefnan telur að það sé hlutverk félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda að þróa þessar tillögur nánar.

Jaakko Leisti
fundarstjóri

Armi Jämsä
ritari


Fylgiskjal II.


Burðarmálsdauði á Íslandi 1951—1972.


Ár	Fjöldi fæddra	Andvana fæddir	látin á 1. viku	Alls	Burðar-málsdauði
1951	4061	62	44	106	26.1
1952	4153	78	38	116	27.9
1953	4319	65	53	118	27.3
1954	4350	69	39	108	24.8
1955	4568	63	47	110	24.1
1956	4668	65	43	108	23.1
1957	4791	66	39	105	21.9
1958	4704	63	55	118	25.1
1959	4897	60	37	97	19.8
1960	4979	63	35	98	19.7
1961	4634	71	58	129	27.8
1962	4769	58	45	103	21.6
1963	4891	71	47	118	24.1
1964	4845	58	52	110	22.7
1965	4792	71	44	115	24.0
1966	4750	58	40	98	20.6
1967	4454	50	42	92	20.6
1968	4279	52	49	101	23.6
1969	4265	47	31	78	18.3
1970	4063	40	35	75	18.5
1971	4315	38	39	77	17.8
1972	4761	52	42	94	19.7

Burðarmálsdauði á Íslandi 1972—1981.

Ár	Börn alls	Andvana	Látin	Alls	P.M.	
1972	4761	52	42	94	19.7	
1973	4667	46	30	76	16.3	
1974	4358	33	39	72	16.5	
1975	4447	36	36	72	16.2	
1976	4376	26	18	44	10.1	15,8/1000
1977	4070	24	21	45	11.1	
1978	4224	33	28	61	14.4	
1979	4621	18	21	39	8.4	
1980	4653	23	20	43	9.2	
1981	4482	22	12	34	7.8	10,0/1000


FYLGISKJAL III
001
GREININGARSTÖÐ RÍKISINS
VIÐ DALBRAUT
DALBRAUT
SUNDLAUGAVEGUR
N


GREINGARSTOÐ RÍKISINS
VIÐ DALBRAUT



1 HÚSIÐ ÆRÐUR SETT

1 SAMTENGT VIÐVÖRUNARKERFI

2 NEYÐARLÝSING Á ÚTGÖNGULEIÐUM

3 ÚTLJÓS YFIR ÚTGÖNGUDYRUM

4 PANIK LÆSINGAR Á ALLAR ÚTGÖNGUHURÐIR

ARKITEKTAR HAFI SAMSTARF MEÐ VALI Á HÚSBÚNAÐI MTT BRUNAÁLAGS

BRUTTÓ FLATARMÁL

KJALLARI	87.9 m²
1. HÆÐ	1516.7 m²
2. HÆÐ	660.8 m²
SAMTALS	2264.4 m²

BRUTTÓ RÚMMÁL


SAMTALS	11.900 m³

GREININGARSTÖÐ RÍKISINS
VIÐ DALBRAUT

BREYTT 19.1.82
DAGS 27.10.81

003

Þingskjal 227



ALLAR HURÐIR Í HLJÓÐNUM VEGGJUM
ERU B 30


GREININGARSTÖÐ RÍKISINS
VIÐ DALBRAUT

GRUNNMYND 2 HÆÐAR

004

DAGS 27 10 81

1 100




SNEIÐING A-A

BREYTT 3.2.82


DAGS 27.10.81

GREININGARSTÖÐ RÍKISINS
VIÐ DALBRAUT

005



AUSTURHLIÐ



SUÐURHLIÐ

GREININGARSTÖÐ RÍKISINS
VIÐ DALBRAUT
ÚTLIT

DAGS 27 10 78

006

Ed. 228. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1 gr. laga nr. 75/1983, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1985 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1985 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði um 1 580 m. kr. á árinu 1985 en samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1984 var innheimtan áætluð 1 166 m. kr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.

Ed. 229. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt.

Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Tómas Árnason, frsm.
Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Nd. 230. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónstu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til 1. maí 1985.

Sþ. 231. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela Skógrækt ríkisins í samráði við sveitarfélög og félagssamtök á Suðurnesjum að kanna hvaða landsvæði í eigu þessara aðila eru hæf til ræktunar trjágróðurs.

Ef slík svæði reynast hæf til skóg- og trjáræktar leiti Skógræktin eftir samningum við sveitarfélög og félagssamtök á þessum slóðum um sérstakt átak til slíkrar ræktunar þar sem aðstæður eru bestar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Fylgdi henni þá svohljóðandi greinargerð:

Á Suðurnesjum búa um 14 þús. manns í sjö sveitarfélögum. Þar byggist mannlíf fyrst og fremst á þeim verðmætum sem úr sjó eru dregin. Ræktun lands er þar ekki teljandi og umhverfi byggðarlaganna þykir mörgum æði berangurslegt og nakið. Furðuvel getur þó tekist að koma upp gróðri við híbýli manna á þessum slóðum, og á Suðurnesjum hafa verið gerðar raunhæfari ráðstafanir til verndar gróðri en víðast annars staðar þar sem landsvæðið sunnan Voga á Vatnsleysuströnd og vestan Grindavíkur, um 35 000 ha., hefur verið girt og friðað fyrir ágangi sauðfjár, en veturinn 1971—1972 voru ríflega 3600 fjár á fóðrum í þessum sjö sveitarfélögum. Jafnframt hefur verið gert nokkurt átak til ræktunar graslendis til verndar jarðvegi til augnayndis og til hagnýtingar vegna hrossahalds.

Þessar ráðstafanir íbúa á Suðurnesjum hafa þegar breytt nokkuð svipmóti næsta nágrennis sumra þéttbýlissvæða og þróunin mun ótvírætt skila árangri á komandi árum. En meira mundi orka til úrbóta í því efni ef unnt reyndist að koma upp trjágróðri, runnum og skjólbeltum sem næst sjávarplássunum þar sem gætu orðið útivistarsvæði fyrir íbúana þegar fram líða stundir. Til þess þyrfti sjálfsagt langan tíma, en þeim mun meiri þörf er á að hefjast handa sem fyrst.

Ljóst er að hér er um að ræða landsvæði þar sem ekki er auðvelt að koma upp trjágróðri, en tilraunir skógræktarfélaga á þessu svæði hafa borið nokkurn árangur þó að þeim hafi engan veginn verið unnt að sinna sem skyldi. Á það ber einnig að líta að verulegar framfarir hafa orðið almennt í skóg- og trjárækt á undanförnum árum og þekking aukist á þessu sviði. Árangri af ræktunarstarfi einstaklinga á íbúðarhúsalóðum á þessu svæði hefur einnig fleygt fram þótt aðstæður séu erfiðar vegna skjólleysis og nálægðar við sjó. Ljóst er enn fremur að betri árangurs má vænta en ella ef að þessu verki er staðið með skipulögðu samstarfi Skógræktar ríkisins, sveitarfélaga og félagssamtaka á svæðinu.

Þekkingu og fjármagni Skógræktar ríkisins ætti ekki hvað síst að beina að því að bæta það umhverfi sem landsmenn eru í nánastri snertingu við í daglegu lífi og fegra og gera hlýlegra umhverfi þorpa og bæja.

Í því skyni að gera átak í þessum efnum, þar sem hvað mest þörf er á slíkum aðgerðum, er með flutningi þessarar þingsályktunartillögu lagt til að Skógrækt ríkisins kanni hvaða svæði, sem til ráðstöfunar gætu orðið til trjáræktar í nágrenni byggðarlaga á Suðurnesjum, eru hæf til ræktunar og henta best.

Kanna þarf vilja sveitarstjórna, félagssamtaka og einstaklinga til þess að verða aðilar að slíku átaki og gera síðan áætlun um framkvæmdir og ráðast í þær.

Átak til ræktunar trjágróðurs í nágrenni byggðarlaga á Suðurnesjum gæti, þegar fram líða stundir, orðið til skjóls og fegrunar þar sem nú er berangur og plöntun og umhirða viðfangsefni fyrir unglinga á þessum slóðum að sumarlagi. Jafnframt því yrði komið til móts við sveitarfélög sem hafa sýnt sérstakt framtak í gróðurvernd með friðun 35 000 ha. svæðis fyrir ágangi sauðfjár.

Sþ. 232. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Flm.: Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Ellert B. Schram,
Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn eða eldflaugar, sem slík vopn geta borið, og ályktar að kjósa sjö manna nefnd er kanni hugsanlega þátttöku Íslands í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Nefndin skili áliti til Alþingis fyrir 15. október 1985.

Greinargerð.

Umræður um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum eru nú komnar mjög í brennidepil.

Margir telja að meiri hluti þjóðþinga Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands styðji hugmyndina. Fjöldahreyfingar á Norðurlöndum vinna að framgangi hugmyndarinnar og reyna að flýta framkvæmd hennar.

Umræðan er komin á það stig að nauðsynlegt verður að teljast að Alþingi Íslendinga veiti málinu athygli. Umfjöllun er hins vegar flókin og ýmis atriði sem Íslendingar þurfa að glöggva sig vel á.

Meðal þeirra atriða, sem áherslumunur eða ágreiningur er um milli ýmissa aðila og einstaklinga á Norðurlöndum, eru:

1. Landfræðileg samsetning svæðisins.

Á Norðurlöndum hefur sú hugmynd verulegt fylgi að kjarnorkuvopnalausa svæðið skuli vera Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, að minnsta kosti í fyrstu atrennu. Telja fylgismenn þessara hugmynda að þátttaka Íslands, Grænlands, Færeyja og jafnvel Álandseyja muni flækja málið og seinka framkvæmd.

Ljóst er að séu eyjarnar með verður svæðið ekki samhangandi heldur aðskilið af hafsvæðum þar sem hernaðaruppbygging gæti farið fram. Þetta kann að valda nokkrum vandkvæðum enda varla orðið um að ræða „svæði“ í venjulegum skilningi.

Norðurlönd eru hins vegar í öllum venjulegum skilningi Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Ísland, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

Eðlilegast er að löndin fylgist að við þessa mikilvægu ákvörðun. Á Íslandi eru engin kjarnorkuvopn og verða ekki með samþykki Íslendinga, svo að Ísland er því eðlilegur hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði.

Íslendingum hlýtur að vera það mikið áhugamál að vera með á svæðinu þegar frá upphafi, verði það að veruleika.

Að auki skiptir Íslendinga miklu að fá Norðurlönd til liðs við sig í baráttu um að fá fram afvopnunarviðræður um Norður-Atlantshafssvæðið, og starfsemi friðarhreyfinga má ekki verða til þess að aukning verði á kjarnavopnum í hafinu.

2. Einhliða yfirlýsing Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Margir eru þeirrar skoðunar að Norðurlandaþjóðir eigi að lýsa yfir einhliða að lönd þeirra séu kjarnorkuvopnalaust svæði og gera um það samning sín á milli. Á hinn bóginn eru margir þeirrar skoðunar að slík einhliða yfirlýsing hafi takmarkað gildi og framkvæmdin verði að vera með samráði og samningi við stórveldin, enda viðurkenni þau og ábyrgist að samningurinn verði haldinn.

3. Þátttaka sumra Norðurlandaþjóða í Atlantshafsbandalaginu.

Mjög er rætt um hvort þátttaka sumra Norðurlandaþjóða í NATO kunni að valda hér erfiðleikum, hvort vandkvæði séu fyrir Norðmenn, Dani og Íslendinga að undirrita slíkan samning vegna skuldbindinga sinna í Atlantshafsbandalaginu. Ýmsir talsmenn Norðmanna og Dana telja að þátttaka þeirra verði að vera í samráði við bandamenn í NATO.

Allir eru þó sammála um að þátttaka í NATO þýði ekki neinar skuldbindingar varðandi kjarnorkuvopn og af Íslands hálfu hefur það alltaf verið skýrt að Íslendingar vilja ekkert með slík vopn hafa.

Almennt eru menn líka sammála um að lýsi þjóðir yfir kjarnorkuvopnalausu svæði hafni þær líka þeim möguleika að þær verði varðar með kjarnorkuvopnum.

4. Hvað eru kjarnorkuvopn?

Í yfirlýsingum flestra, sem um þessi mál fjalla, eru kjarnorkuvopn skýrgreind sem sprengjurnar sjálfar og tækin til þess að skjóta þeim. Í víðari skilningi er þó um að ræða samstætt kjarnorkuvopnakerfi, þ. e. sprengjur, tæki til að flytja þær, stjórn- og stýristöðvar, leitar-, eftirlits- og aðvörunarstöðvar o. s. frv.

Menn velta nokkuð fyrir sér hvað ákvörðun um kjarnorkuvopnalaust svæði felur í sér. Getur land verið kjarnorkuvopnalaust svæði en samt verið þátttakandi og hlekkur í kjarnorkuvopnakerfi? Þessu virðast flestir baráttumenn fyrir kjarnorkuvopnalausum svæðum svara játandi.

5. Eystrasaltið.

Norðurlandaþjóðirnar virðast helst vilja að Eystrasaltið sé hluti af hinu kjarnorkuvopnalausa svæði, eða a. m. k. sé samkomulag um að þar verði ekki kjarnorkuvopn. Málið er hins vegar flóknara vegna þess að á Eystrasalti eru opnar alþjóðlegar siglingaleiðir og „frelsið á hafinu“ gerir það að verkum að semja verður við marga aðila um slíka framkvæmd.

Niðurlag.

Þannig mætti lengi telja. Málið er mjög flókið og tími til kominn að Íslendingar taki það til alvarlegrar umræðu.

Í könnun Ólafs Þ. Harðarsonar um „Viðhorf Íslendinga til öryggis- og utanríkismála", sem öryggismálanefnd gaf út 1984, kom fram að mikill meiri hluti Íslendinga er fylgjandi kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Í könnuninni lýstu 86% þeirra, sem afstöðu tóku, stuðningi við hugmyndina.

Íslendingar hafa átt mikla samstöðu með öðrum Norðurlandaþjóðum og hljóta að hugsa sig vel um áður en leiðir skilur í þessu máli. Því er hér lagt til að Alþingi kjósi nefnd er kanni þetta mál og hagsmuni Íslands varðandi það. Að fengnu áliti nefndarinnar kæmi málið síðan aftur til umfjöllunar á Alþingi og gæti þá væntanlega legið skýrar fyrir.

Ed. 233. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr., með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.
Björn Dagbjartsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Kolbrún Jónsdóttir, með fyrirvara.

Ed. 234. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Helgi Seljan.	Björn Dagbjartsson.	

Nd. 235. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og kvaddi til fundar Guðjón A. Kristjánsson, formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambands Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Einarsson munu skila sínu nefndarálitinu hvort.

Alþingi, 6. des. 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Ingvar Gíslason. | Halldór Blöndal.

Gunnar G. Schram.

Ed. 236. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og hafa embættismenn komið fyrir nefndina til að gefa upplýsingar.

Nefndin flytur breytingartillögu á þskj. 237 við 1. gr. frv. Mælir nefndin með samþykkt frv. með framangreindri breytingu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem kunna að koma.

Stefán Benediktsson var viðstaddur afgreiðslu málsins og er hann samþykkur áliti nefndarinnar.

Alþingi, 6. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Eiður Guðnason, fundaskr. | Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. | Tómas Árnason. | Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Ed. 237. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Aftan við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 1 000 000 kr.

Ed. 238. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra.

Nefndin telur meginatriði frv. til bóta og taka af tvímæli um hlutverk og verksvið Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Nefndin mælir með samþykkt frv. í trausti þess að heildarframlög til þessara mála verði ekki lægri að raungildi á næsta ári en fjárlög 1984 mæla fyrir um.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Árni Johnsen.

Alþingi, 6. des. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Helgi Seljan, fundaskr., frsm.	Björn Dagbjartsson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Karl Steinar Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. 239. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að löggjöf um bann við geymslu og notkun á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi, jafnt á tímum friðar sem ófriðar. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði.

Í samræmi við ófrávíkjanlega yfirlýsingu Alþingis um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á Íslandi verði aldrei staðsettar í landinu hersveitir sem sérþjálfaðar eru í meðferð kjarnorkuvopna, né heldur neinum þeim búnaði fyrir komið sem nauðsynlegur er fyrir notkun þeirra.

Kveðið verði sérstaklega á um að eftirlit af Íslands hálfu með framkvæmd laganna verði tryggt.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði hefur þrisvar sinnum áður verið flutt á hinu háa Alþingi. Á 97. löggjafarþingi var fyrsti flm. þáv. þingmaður Alþýðubandalagsins, Svava Jakobsdóttir, og meðflm. hennar Magnús Torfi Ólafsson. Á 100. löggjafarþingi flutti Svava Jakobsdóttir tillöguna ein og á 102. löggjafarþingi fluttu Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Karvel Pálmason, Guðmundur Bjarnason og Geir Gunnarsson samhljóða tillögu, en engin þessara tillagna varð útrædd.

Í greinargerð með tillögunni sagði svo:

„Enda þótt skoðanir séu skiptar um veru erlends herliðs í landinu geta allir Íslendingar án efa verið sammála um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Þarf engum getum að því að leiða hversu mikil hætta og ógnun við öryggi landsmanna slík vopn eru, og þá ekki síst í námunda við mesta þéttbýlissvæði landsins.“

Við umræður um tillöguna á 100. löggjafarþingi lýstu Páll Pétursson og Einar Ágústsson stuðningi við tillöguna.

Það er ástæða til að undrast að þessar tillögur skyldu ekki verða útræddar og hljóta

samþykki þar sem afstaða Íslendinga var þegar mótuð árið 1951 með yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands þegar varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna var gerður. Þar segir:

„Aðilar samningsins eru sammála um að ætlunin er ekki að koma hér upp mannvirkjum til árásar á aðra heldur eingöngu til varnar."

Túlkun Hermanns Jónassonar forsætisráðherra á þessari afstöðu árið 1958 er á þessa leið:

„Þessi afstaða leiðir eðlilega til þess að hér verða ekki leyfðar stöðvar fyrir önnur vopn en þau sem Íslendingar telja nauðsynleg landi sínu til varnar. Um kjarnorku- eða eldflaugastöðvar á Íslandi hefur aldrei verið rætt og engin ósk komið fram um slíkt."

Allt frá yfirlýsingum Guðmundar Í. Guðmundssonar á Alþingi árið 1964 hafa allir utanríkisráðherrar, sem á eftir hafa komið, gefið yfirlýsingar um að hér á landi væru ekki kjarnorkuvopn og engin slík heimild yrði veitt. Árið 1968 sagði Emil Jónsson utanríkisráðherra á Alþingi að fullur skilningur væri á því milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna að hér yrðu ekki neins konar kjarnorkuvopn. Einar Ágústsson utanríkisráðherra fullyrti á Alþingi árið 1976 að öruggt væri að hér á landi væru ekki geymd nein kjarnorkuvopn og hið sama sagði Benedikt Gröndal utanríkisráðherra á Alþingi árið 1979. Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra gaf einnig afdráttarlausar yfirlýsingar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda um að hér væru ekki geymd kjarnorkuvopn.

Í umræðum á Alþingi árið 1981 um fyrirspurn frá Ólafi Ragnari Grímssyni um afstöðu Íslands til ákvörðunar um endurnýjun skammdrægra kjarnorkuvopna í Evrópu las utanríkisráðherra upp yfirlýsingu fulltrúa Íslands á fundi Atlantshafsbandalagsins í desember 1979 þegar ákvörðunin var tekin. Þar segir:

„Af þessu tilefni vil ég einnig minna á það að núverandi utanríkisráðherra og fyrirrennarar hans hafa oft undirstrikað: Eitt grundvallaratriði varnarmálastefnu Íslands er að þar verði ekki staðsett kjarnavopn. Ég tel óhugsandi að frá þessu grundvallaratriði verði horfið í fyrirsjáanlegri framtíð." Í júní 1980 var haldinn fundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Ankara í Tyrklandi. Þann fund sat Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra og þar sagði hann að eitt grundvallaratriði íslenskrar utanríkismálastefnu væri að engin kjarnorkuvopn væru staðsett í landinu og engin íslensk ríkisstjórn mundi falla frá þeirri stefnu.

Nokkru seinna lagði Ólafur Ragnar Grímsson fram fyrirspurn á Alþingi um aðild Íslands að kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Hann spurði meðal annars utanríkisráðherra hvort skuldbindingar Íslands gagnvart NATO hindruðu á nokkurn hátt að Ísland yrði hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Utanríkisráðherra neitaði því afdráttarlaust. Hann var einnig spurður hvort sú skoðun ætti rétt á sér sem komið hefði fram á Norðurlöndum að hernaðartengsl Íslands og Bandaríkjanna kæmu í veg fyrir aðild að kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Ólafur Jóhannesson taldi þessa skoðun „algera firru".

Núverandi utanríkisráðherra hefur einnig margsagt að hér á landi væru ekki kjarnorkuvopn og vilji stjórnvalda í því efni væri afdráttarlaus.

Í ljósi þeirrar afdráttarlausu stefnu íslenskra stjórnvalda, að bandaríska herstöðin skuli vera varnarstöð og að ekki komi til greina að leyfa kjarnorkuvopn á íslenskri grund, verður að telja að þrjár fullyrðingar erlendra sérfræðinga um þessi mál gefi tilefni til alvarlegra íhugana og kannana á afstöðu Íslendinga gagnvart umsvifum Bandaríkjamanna hér á landi, en þessar fullyrðingar eru:

1. Að forseti Bandaríkjanna hafi veitt sérstaka heimild til að láta flytja kjarnavopn umsvifalaust til Íslands ef styrjöld skellur á.
2. Að bandaríska herstöðin á Keflavíkurflugvelli sé búin sérstökum útbúnaði og sérþjálfuðum mannafla til að taka við kjarnavopnum.
3. Að breytt hernaðarstefna Bandaríkjamanna og nýir hernaðarmöguleikar hafi fært varnarlínu þeirra á Norður-Atlantshafi, sem áður lá um Ísland, lengra til norðurs og stöðin á Íslandi sé nú skilgreind sem árásarstöð en ekki varnarstöð.

Til þess að taka af öll tvímæli um afstöðu íslenskra stjórnvalda til geymslu og meðferðar kjarnorkuvopna hér á landi telja flm. tímabært að fyrir liggi ótvíræð yfirlýsing Alþingis um að á Íslandi verði aldrei geymd eða notuð neins konar kjarnorkuvopn, enginn búnaður þeim tengdur verði settur upp hér á landi né sérþjálfað lið í meðferð kjarnorkuvopna staðsett á Íslandi.

Slík yfirlýsing væri í fullu samræmi við vilja yfir 85% þjóðarinnar eins og fram kom í könnun sem gerð var nýlega og birt á vegum öryggismálanefndar.

Ed. 240. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 52/1981 og lög nr. 92/1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera kr. 14.100 á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt skal hann, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

2. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 1. málsgr. 7. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

3. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 1. málsgr. 8. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

4. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 2. og 3. málsgr. 13. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

5. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1990.

6. gr.

1. málsgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1989 greidd sérstök uppbót, þannig að í stað 5 ára meðaltals miðist lífeyrisréttur við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta a) 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980. b) 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember árin 1981—1984. c) í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Í stað „árin 1980—1984“ í 2. málsgr. 21. gr. laganna komi: árin 1980—1989.

7. gr.

Í stað „árin 1980—1984“ í 22. gr. laganna komi: árin 1980—1989.

8. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. málsgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram tiltekinn hundraðshluta af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1989, sem hér segir:

a) árin 1980—1984 5%
b) árið 1985 4%
c) árin 1986—1989 3%.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Við endanlegt uppgjör vegna áranna 1983—1989 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 25. gr. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

9. gr.

Í stað „sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977“ í 1. málsgr. 25. gr. laganna komi: nr. 50/1984.

Í stað „skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum“ í 1. tölulið 1. mgr. 25. gr. laganna komi: skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum árin 1980—1984, 4% árið 1985 og 3% árin 1986—1989.

2. málsgr. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags áranna 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjalddagar áætlaðs framlags áranna 1983—1989 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og eftirstöðvum svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1979 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra nr. 97 24. desember 1979. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að eftirlaunagreiðslur samkvæmt þeim féllu niður í árslok 1984. Þar sem nú er vart talið hugsanlegt að eftirlaunagreiðslur þessar falli niður án þess að nokkrar frekari ráðstafanir séu gerðar af hálfu stjórnvalda, fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, þeim Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, formanni umsjónarnefndar eftirlauna og Hallgrími Snorrasyni, hagfræðingi, formanni átta manna lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS, að kanna og gera tillögur um fyrirkomulag þessara mála, þegar lög þessi eiga að falla úr gildi. Hafa þeir samið frumvarp þetta og haft við það samráð við átta manna lífeyrisnefndina. Nefndin er samþykk þeim tillögum, sem gerðar eru með þessu frumvarpi.

Aðdragandi laganna um eftirlaun til aldraðra.

Lögin um eftirlaun til aldraðra nr. 97/1979 leystu af hólmi lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971, en upphafleg lög um þetta efni, nr. 18/1970, voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það, sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að 3/4 og ríkissjóði að 1/4, en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því, að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna, var fjárhagsgrundvöllurinn, og því var gert ráð fyrir, að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Samkvæmt ákvæðum laganna frá 1971 breyttust lífeyrisgreiðslur árlega sem nam breytingu á meðallaunum næstliðinna fimm ára og lífeyrisgreiðslurnar voru því aðeins verðtryggðar að mjög takmörkuðu leyti. Eftir því sem verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan síðasta áratug fór því hlutfall lífeyris samkvæmt lögunum og launa hríðlækkandi. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976 þess efnis, að lífeyrir samkvæmt lögunum yrði verðtryggður þannig að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara aðila kostuðu sameiginlega þá hækkun lífeyris, sem af því hlytist að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkanir.

Réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru takmörkuð við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Var sú takmörkun í samræmi við áðurnefndan fjárhagsgrundvöll, þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður bar 3/4 hluta útgjaldanna, áður en hinar sérstöku verðtryggingarráðstafanir komu til sögunnar. Þar var enn fremur skilyrði, að hlutaðeigandi verkalýðsfélag hefði komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði, þ. e. að yngri mönnum væru tryggð eigi lakari réttindi en þau, sem lögin veittu hinum eldri. Réttindi vegna tíma eftir að skylduaðild var komið á (yfirleitt frá ársbyrjun 1970), fóru eftir iðgjaldagreiðslum, en til þess tíma var — að ákveðnu marki — miðað við launatekjur, sem gjaldskyldar hefðu talist, ef hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hefðu verið starfandi.

Árið 1970 voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda, og í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um lífeyrisréttindi til handa öldruðum bændum, svipuð réttindum samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Útgjöld voru borin að hluta af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þá tók lífeyrissjóðurinn frá árinu 1976 á sig útgjöld vegna sérstakrar verðtryggingar, hliðstæðrar þeirri sem kveðið var á um í áðurnefndu samkomulagi launþega og vinnuveitenda frá í febrúar það ár.

Verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp, sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú langflestir þeir lífeyrissjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kauptöxtum, greiða uppbætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum, sem síðan hafa verið á því gerðar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga og við endurnýjun lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins í júní 1977 gaf ríkisstjórnin meðal annars fyrirheit um, að samdar skyldu tillögur, sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ákveða félögum í stéttarfélögum, fram til þess að nýskipan lífeyriskerfis tæki gildi. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirbúið frumvarp til laga um eftirlaun til aldraðra, sem síðar varð að lögum nr. 97/1979.

Efni laganna nr. 97/1979.

Sem fyrr segir komu þessi lög í stað laganna um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971 með áorðnum breytingum (sbr. lög nr. 33/1976 og nr. 67/1977) en þær vörðuðu fyrst og fremst þá verðtryggingu, sem samkomulag varð um í febrúar 1976. Lögin um eftirlaun til aldraðra skiptast í sex kafla. Í I. kafla eru ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru efnislega hin sömu og voru í lögunum nr. 63/1971. Í II. kafla er kveðið á um almenn eftirlaun til aldraðra, þ. e. um réttindi, sem hvorki falla undir I. kafla laganna né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að undanteknu ákvæði um stéttarfélagsaðild í I. kafla eru þau skilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að öðlast eftirlaun samkvæmt lögunum hin sömu í II. kafla og í I. kafla, eða sem hér segir:

a. Að vera fæddir árið 1914 eða fyrr.
b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður sem náð hefur 75 ára aldri á þó rétt til eftirlauna án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi; til réttindatíma telst sá tími frá og með árinu 1955 og eftir 55 ára aldur, sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur að því lágmarki sem lögin ákveða.

Með ákvæðum II. kafla voru þeim mönnum, sem ekki hafa verið félagar í stéttarfélögum sem talin eru til verkalýðsfélaga í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, tryggð nokkurn veginn sömu réttindi og félögum í stéttarfélögum, og eftirlaunarétturinn þannig gerður almennur. Í III. kafla eru svo ýmis sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. og II. kafla laganna og II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda svo og um framkvæmd. Í IV. kafla laganna eru ákvæði um uppbót á lífeyri, þ. e. þá verðtryggingu lífeyris, sem fyrst var ákveðin með lífeyrissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1976. Nær verðtryggingin jafnt til lífeyris samkvæmt I. og II. kafla laganna. Í V. kafla eru fjárhagsákvæði, sem hér verður fjallað sérstaklega um, og loks eru gildistökuákvæði í VI. kafla.

Í tengslum við gerð kjarasamninga í árslok 1980 var samið um sérstök viðbótarréttindi til handa eftirlaunaþegum samkvæmt I. kafla og var efni þess samkomulags fellt inn í lögin sem 26. gr. með lögum nr. 52/1981. Í þessu felst, að frá og með desember 1980 skulu rétthafar samkvæmt I. kafla fá viðbót sem nemur þremur stigum umfram þau réttindi, sem lögin veita þeim að öðru leyti. Viðbótin tekur bæði til grunnlífeyris samkvæmt I. kafla og uppbótar og er kostnaður borinn af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Fjárhagsákvæði.

Fjárhagsákvæði laganna eru nokkuð margbrotin, en kostnaður af eftirlaununum skiptist þannig:

1. Grunnlífeyrir, þ. e. eftirlaun án uppbótar, samkvæmt I. kafla greiðist að 3/4 af Atvinnuleysistryggingasjóði og 1/4 af ríkissjóði.
2. Uppbót á grunnlífeyri samkvæmt I. kafla greiðist að hluta af sameiginlegu framlagi þeirra lífeyrissjóða, sem eru aðilar að samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál frá 1976 og síðar, en að hluta af hverjum lífeyrissjóði fyrir sig. Framlagið nemur 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna, sem í hlut eiga, en það sem á vantar að hið sameiginlega framlag hrökkvi til greiðslu uppbótarinnar, greiðir hver sjóður vegna sinna félaga.
3. Eftirlaun samkvæmt II. kafla laganna að uppbót meðtalinni, svo og uppbót samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda greiðist sem hér segir:
   a. Allir lífeyrissjóðir, sem standa utan lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins, leggja fram í þessu skyni 5% af iðgjaldatekjum sínum.
   b. Af því sem á vantar að framlag lífeyrissjóðanna hrökkvi til greiðir ríkissjóður 40%, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður 30% hvor.
4. Kostnaður af greiðslu þriggja stiga viðbótarréttinda við eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði, eins og fyrr segir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu útgjalda samkvæmt lögunum fyrir árið 1983 og áætlun 1984:

	1983	Áætlun 1984
	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Grunnlífeyrir skv. I. kafla	40,6	63,2
þ. a. Atvinnuleysistryggingasjóður	(30,4)	(47,4)
þ. a. ríkissjóður	(10,2)	(15,8)
2. Uppbót á grunnlífeyri skv. I. kafla	88,2	90,9
þ. a. greitt með sameiginlegu framlagi	(52,6)	(54,5)
þ. a. greitt beint af lífeyrissjóðum	(35,6)	(36,4)
3. Viðbótarréttindi, 3 stig við réttindi skv. I. kafla, greidd af Atvinnuleysistryggingasjóði	28,3	34,0
1.-3. Alls	**157,0**	**188,0**
4. Eftirlaun með uppbót skv. II. kafla	28,1	33,0
5. Uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda	23,4	20,2
4.-5. Alls	**51,5**	**53,2**
þ. a. greitt með framlagi lífeyrissjóða	(27,8)	(33,6)
þ. a. ríkissjóður	(9,5)	(7,8)
þ. a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	(7,1)	(5,9)
þ. a. Atvinnuleysistryggingasjóður	(7,1)	(5,9)
1.-5. Alls	**208,6**	**241,3**

Fjöldi lífeyrisþega.

Í september 1984 fengu 3.972 einstaklingar ellilífeyri samkvæmt I. kafla laganna, 26 fengu örorkulífeyri og 1.067 makalífeyri. Samkvæmt II. kafla fengu 949 manns ellilífeyri, enginn örorkulífeyri en 197 makalífeyri. Um 100 manns fá lífeyri bæði samkvæmt I. og II. kafla og samtals er því fjöldi lífeyrisþega, sem nýtur eftirlauna samkv. lögunum, um 6.100. Að auki njóta 1.450 manns lífeyris samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Að meðtöldum mökum má ætla að um 10.000 manns njóti með beinum eða óbeinum hætti þess lífeyris, sem hér um ræðir.

Afleiðingar þess að lögin falla úr gildi.

Lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum nr. 63/1971 var upphaflega ætlað að gilda til ársloka 1984. Var þá við það miðað að í árslok 1984 væru liðin 15 ár frá því samið var um stofnun lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna og hefðu þeir að þeim tíma liðnum fengið bolmagn til að taka sjálfir á sig greiðslur þessar, jafnframt því sem þá hefðu allir þeir, sem lögin gerðu ráð fyrir að öðluðust eftirlaunarétt, náð 70 ára aldri. Í lögunum nr. 97/1979 er einnig kveðið á um að eftirlaunagreiðslur falli niður eigi síðar en 1. janúar 1985. Ákvæði um greiðslu uppbótar á lífeyri náðu upphaflega til áranna 1980—1982, en voru síðar framlengd til ársloka 1984. Auk þeirra sjónarmiða sem ríktu upphaflega við setningu laga nr. 63/1971 var þá meðal annars haft í huga að þá stóð yfir heildarendurskoðun á málefnum lífeyrissjóða, sem e. t. v. yrði lokið innan þess tíma og kynni að fela í sér breytingar eða annað fyrirkomulag þessara mála.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega fyrir um hvaða afleiðingar það hefur ef lögin verða látin ganga úr gildi í árslok 1984 án frekari ráðstafana af hálfu löggjafans, en eftirfarandi má nefna:

1. Eftirlaun til félaga í stéttarfélögum samkvæmt I. kafla hljóta í flestum tilvikum að leggjast á þá lífeyrissjóði, sem hlut eiga að máli. Í reglugerðum mjög margra þessara sjóða eru ákvæði um að greiðslum skuli haldið áfram, þegar lögin falla úr gildi, og aðrir sjóðir munu væntanlega telja rétt að gera það með skírskotun til samkomulagsins 1969. Hins vegar má búast við, að nokkur hópur lífeyrisþega skv. I. kafla yrði utanveltu og óvissa gæti orðið um réttindi manna, sem uppfylla skilyrði laganna fyrir rétti til lífeyris að öðru leyti en því, að þeir hafa ekki enn látið af störfum. Greiðsla uppbótar á grunnlífeyri þeirra manna, sem sjóðirnir tækju við, færi væntanlega eftir sömu reglum og uppbótargreiðslur til annarra lífeyrisþega hlutaðeigandi sjóða og gæti orðið nokkuð

mismunandi eftir sjóðum. Á hinn bóginn má ætla, að lífeyrissjóðirnir teldu sér yfirleitt óskylt að taka á sig þau þriggja stiga viðbótarréttindi, sem kostuð hafa verið af Atvinnuleysistryggingasjóði, og féllu þau þá alveg niður.

2. Eftirlaun samkvæmt II. kafla falla alveg niður.
3. Kostnaður af greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda falla á sjóðinn sjálfan eða falla niður ef sjóðurinn verður ekki talinn hafa bolmagn til að standa undir þeim greiðslum.

Vegna margs konar breytinga, sem gerðar hafa verið á þeirri löggjöf, sem hér um ræðir, verður greiðslubyrði lífeyrissjóða við yfirtöku eftirlaunagreiðslnanna mun meiri en ráð var fyrir gert árið 1969 og jafnframt dreifist hún mjög ójafnt á sjóðina. Þyngst verður hún hjá lífeyrissjóðum almennra verkamanna og iðnverkafólks og hjá Lífeyrissjóði bænda, en skiptir hins vegar litlu máli fyrir sjóði, sem taka til manna í nýjum eða ört vaxandi starfsgreinum. Að nokkru leyti stafar þessi misskipting af því, að margir enda starfsævi sína í lífeyrissjóðum ófaglærðs verkafólks, þótt þeir hafi fyrrum stundað störf, sem veita nú aðild að öðrum sjóðum.

Tillögur um fyrirkomulag frá 1. janúar 1985.

Ljóst er, að stórlækkun lífeyrisgreiðslna og uppbótar samkvæmt I. kafla og niðurfelling greiðslna samkvæmt II. kafla er ekki viðunandi. Telja verður að greiðslur samkvæmt I. kafla og uppbót á þann lífeyri yrðu þá, eins og til málanna er stofnað, á ábyrgð viðkomandi lífeyrissjóða, en eftirlaun samkvæmt II. kafla yrðu væntanlega að teljast viðfangsefni hins opinbera.

Við athugun og umræður um mál þetta hefur komið í ljós, að viðhorf þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, eru mjög mismunandi. Meðal annars hefur verið hreyft hugmyndum um að lögin verði framlengd en um leið víkkuð út, þannig að þau tækju til yngri manna en þeirra, sem fæddir eru 1914 og fyrr og allur kostnaður af lögunum látinn falla á ríkissjóð frá 1. janúar 1985. Þá hafa sumir af þeim lífeyrissjóðum, sem lagt hafa fram fé til lífeyris samkvæmt II. kafla verið andsnúnir þeim framlögum og komið hafa fram kröfur um að kostnaðarhlutdeild sjóðanna yrði afnumin. Jafnframt er óvíst, hvort allir þeir lífeyrissjóðir, sem eru aðilar að lífeyrissamkomulaginu sem er undirstaða greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt I. kafla, eru reiðubúnir til áframhaldandi framlaga til hins sameiginlega sjóðs, sem stendur undir miklum hluta af þessum greiðslum.

Við þessar aðstæður eru eftirfarandi tillögur gerðar um fyrirkomulag þessara mála frá 1. janúar 1985:

a) að gildistími laganna nr. 97/1979 verði framlengdur um 5 ár til ársloka 1989,
b) að skilyrði til töku eftirlauna verði óbreytt frá því sem nú er,
c) að kostnaður verði borinn af sömu aðilum og nú,
d) að framlag lífeyrissjóða til greiðslu uppbótar á lífeyri skv. I. kafla og til greiðslu lífeyris skv. II. kafla lækki úr 5% í 4% 1985 og í 3% 1986—1989,
e) að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau eru samkvæmt kauptaxta í byrjun hvers mánaðar en samkvæmt gildandi lögum geta lífeyrisgreiðslur aðeins breyst fjórum sinnum á ári, þ. e. þá daga, sem verðbótahækkun launa tók áður gildi.

Loks eru í frumvarpinu gerðar tillögur um nokkrar minni háttar breytingar, einkum um tilvísanir í lög, sem breytt hefur verið frá því lögin nr. 97/1979 voru samþykkt.

Ástæðan fyrir tillögu um 5 ára framlengingu er sú, að enda þótt eftirlaunaþegar samkvæmt lögunum hafi allir náð lágmarksaldri til töku lífeyris á árinu 1984, fá þeir því aðeins notið réttar síns að þeir hafi látið af starfi, en þeir hefja í síðasta lagi töku lífeyris er 75 ára aldri er náð árið 1989. Með framlengingu um 5 ár er því komið í veg fyrir óvissu um réttindi slíkra manna. Talið er, að fjöldi eftirlaunaþega samkvæmt lögunum verði í hámarki árin 1984 og 1985, en síðan fækki þeim þar sem þá falli frá á ári hverju stærri hópur en sá sem við bætist. Eftir árið 1989 verða allir eftirlaunaþegar, sem réttindi geta eignast samkvæmt lögunum, farnir að taka eftirlaun, og því mun lífeyrisþegahópurinn minnka ört eftir það.

Lífeyrissjóðum verður þá mun minni vandi á höndum en nú er að taka við kostnaði af greiðslu þeirra eftirlauna sem á þá falla, þ. e. samkvæmt I. kafla laganna.

Athugun og framreikningur á kostnaði við greiðslu uppbótar samkvæmt I. kafla laganna sýnir, að hlutfall uppbótar af heildarlífeyri hefur lækkað að mun á árinu 1984 og mun fara lækkandi áfram ef verðlag og kauplag hækkar ekki ört á ný. Árið 1983 voru uppbótargreiðslur um 56% af heildargreiðslum en eru taldar verða um 48% á árinu 1984. Sé miðað við, að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóða til uppbótargreiðslna skv. I. kafla haldist svipað og verið hefur í hlutfalli við heildargreiðslur uppbótar, virðist óhætt að leggja til að framlagið lækki í 4% árið 1985 og í 3% 1986 og síðar.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun eins og þau voru hinn 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember. Þessar dagsetningar voru miðaðar við þá daga, sem verðbótahækkun launa tók áður gildi, samkvæmt lögum og kjarasamningum. Forsendur fyrir þessum dagsetningum eru ekki lengur fyrir hendi og því er lagt til að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun í byrjun hvers mánaðar. Í þessu felst, að lífeyrisgreiðslur geta breyst sem næst jafnskjótt og laun breytast í stað þess að geta breyst fjórum sinnum á ári eins og nú er. Þetta hefur í för með sér, að komið er í veg fyrir tafir í breytingum lífeyrisgreiðslna til samræmis við þær launabreytingar, sem um kann að vera samið, og færir lífeyrisþegum því nokkra kjarabót.

Erfitt er að ætla á um fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð af þeim tillögum, sem gerðar eru með frumvarpi þessu. Ýmis atriði má þó nefna í þessu sambandi. Í fyrsta lagi þarf vart að nefna, að falli lögin úr gildi fellur niður kostnaður ríkissjóðs af lífeyrisgreiðslum samkvæmt þeim, alls um 24 millj. kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 1984 en kostnaðarhluti Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem félli niður, er 53 millj. kr. 1984 og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 6 millj. kr. Á hitt má benda, að á móti myndu útgjöld ríkissjóðs til greiðslu tekjutryggingar og annarra tengdra bóta lífeyristrygginga vafalaust aukast. Í öðru lagi má nefna, að verði lögin framlengd fer kostnaðarskiptingin mjög eftir launabreytingum næstu árin. Þeim mun minna sem laun hækka að krónutölu þeim mun þyngri verður kostnaður ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs af lífeyri skv. I. kafla laganna, en kostnaður af lífeyri skv. II. kafla lækkar. Hið gagnstæða á sér stað verði um miklar launabreytingar í krónum að ræða á næstunni. Loks má nefna, að lækkun á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla laganna og uppbótar á hann hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir þá aðila, sem greiða það sem á vantar að framlag lífeyrissjóða nægi til þessara útgjalda, þ. e. fyrir ríkissjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til dæmis um áhrif þessa má nefna, að hefði framlagið 1984 verið 3% í stað núgildandi 5% af iðgjaldatekjum sjóðanna, hefði það aukið útgjöld ríkissjóðs um 5,4 millj. kr. og Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs um 4 millj. kr. á hvorn sjóð, miðað við þá áætlun um greiðslur og kostnaðarskiptingu, sem hér hefur verið sett fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum eru þau grundvallarlaun, sem eftirlaunaréttur miðast við, árslaun fyrir dagvinnu samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar. Vegna breytinga á kauptaxtaheitum hefur í reynd jafnan verið miðað við þann taxta, sem á hverjum tíma hefur gilt fyrir þorra þeirra starfa, sem féllu undir 2. taxta árið 1979, nú síðast 8. taxta. Nýgerðir kjarasamningar ASÍ og vinnuveitenda valda því, að óheppilegt þykir að miða grundvallarlaun áfram við ákveðinn kauptaxta. Þetta stafar bæði af þeim sérstöku breytingum, sem gerðar eru með samningunum á lægri töxtum Verkamannasambandsins og tengjast sérstökum samningum um breytingu á vægi bónusgreiðslna, og því að verulegur hluti launahækkana á samningstímanum verður með flutningi fólks milli flokka og breytingum starfsaldursákvæða fremur en með hlutfallshækkun kauptaxta.

Því er hér lagt til að í stað viðmiðunar við ákveðinn kauptaxta verði grundvallarlaun ákveðin sem föst krónutala, sem breytist eins og laun verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Er lagt til, að umsjónarnefnd eftirlauna ákvarði breytingar grundvallarlauna að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar. Lagt er til, að grundvallarlaun verði 14 100 kr. miðað við kauplag í janúar 1985. Í þeirri tillögu er gengið út frá grundvallarlaunum, eins og þau voru frá 1. júní 1984, 11 605 kr., með hækkun um 12,9% í 13 102 kr. frá 6. nóvember vegna meðalhækkunar launa í fyrsta áfanga kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda. Þá er bætt við 4,8% vegna launaflokkshækkunar og breytingar á starfsaldursákvæðum 1. janúar 1985 samkvæmt kjarasamningunum og loks 2,5% vegna sérstakrar hækkunar á verkamannalaunum, sem um var samið í febrúar og mars 1984 og ekki hefur enn haft áhrif á grundvallarlaun. Hafa verður í huga, að grundvallarlaun í 6. gr. laganna ráða ekki aðeins lífeyrisgreiðslum til eftirlaunaþega samkvæmt lögunum heldur tengjast beinlínis ákvæðum í reglugerðum margra lífeyrissjóða, þeirra á meðal nær allra sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, um ávinning stiga og greiðslu lífeyris. Er sú tillaga, sem hér er gerð, sameiginleg niðurstaða umsjónarnefndar eftirlauna, stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða og lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS.

Um 2.—4. gr.

Á þessu ári voru sett ný lög um Lífeyrissjóð bænda, nr. 50/1984, og komu þau í stað laga nr. 101/1970.

Um 5. gr.

Í grein þessari er kveðið á um 5 ára framlengingu á eftirlaunagreiðslum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 6. gr.

Auk 5 ára framlengingar á uppbótargreiðslum þeim, sem kveðið er á um í 21. gr. laganna, er hér lagt til, að frá ársbyrjun 1985 miðist lífeyrisfjárhæðir hvers mánaðar við grundvallarlaun, eins og þau eru í byrjun mánaðarins. Undanfarin ár hafa lífeyrisfjárhæðir breyst ársfjórðungslega og á þeim tímum árs, er verðbætur á laun breyttust. Forsendur þeirrar tímasetningar eru nú fallnar brott. Sú mánaðarlega endurskoðun fjárhæða, sem hér er gerð tillaga um, felur í sér nokkra kjarabót fyrir lífeyrisþega, þar sem með þessu er tryggt að lífeyrisþegar njóti umsaminna launahækkana með sem minnstri töf.

Um 7. gr.

Sjá athugasemdir við 6. gr.

Um 8. gr.

Í greininni felst 5 ára framlenging á fjárhags- og uppgjörsákvæðum 24. gr. laganna með þeirri breytingu, að framlag lífeyrissjóða til sameiginlegs sjóðs lækkar úr 5% af iðgjaldatekjum í 4% árið 1985 og í 3% árið 1986, sbr. almennar athugasemdir.

Um 9. gr.

Í greininni felast breytingar hliðstæðar þeim, sem kveðið er á um í 8. gr. Þá er sú orðalagsbreyting gerð á síðasta málslið 2. málsgr. 25. gr. laganna, að um vanskil á eftirstöðvum fyrra árs gildi sömu reglur og um vanskil á áætluðum framlögum. Verður orðalag skýrara með þessu móti, en um efnisbreytingu verður vart talið vera að ræða.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 241. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fallið skuli frá öllum hugmyndum um að heimila að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi og felur ríkisstjórninni að synja öllum óskum sem kunna að berast um leyfi til að reisa slík mannvirki á íslenskri grund.

Greinargerð.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu að nýjar framkvæmdir og aukin umsvif á sviði hernaðar hérlendis brjóti algerlega í bága við þann almenna friðarvilja og háværar kröfur um afvopnun sem risið hafa á síðustu árum. Miklu fremur á það að vera hlutverk Íslendinga að beita sér fyrir umræðum og aðgerðum sem orðið geta til að draga úr vaxandi vígvæðingu og spennu á Íslandi og höfunum umhverfis það. Í því sambandi má benda á að sú hugmynd hefur verið uppi að við Íslendingar beittum okkur fyrir sérstakri ráðstefnu um vígvæðinguna í Norður-Atlantshafinu. Þá má minna á þá miklu umræðu, sem nú á sér stað, um möguleika á að koma á kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum.

Fyrir því Alþingi, sem nú situr, liggja þegar þingmál sem snerta aðgerðir í afvopnunarmálum. Í fyrsta lagi er till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna, flutt af Guðrúnu Agnarsdóttur o. fl., 14. mál Sþ., þskj. 14. Í öðru lagi eru viðamiklar breytingartillögur við áður nefnda þáltill. fluttar af Hjörleifi Guttormssyni o. fl., á þskj. 97. Og í þriðja lagi þáltill. um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, flutt af Birgi Ísl. Gunnarssyni o. fl., 101. mál Sþ., þskj. 105.

Með framangreint í huga, svo og þá miklu friðarvakningu, sem orðið hefur hér á Íslandi á síðustu mánuðum og árum, hlýtur að teljast eðlilegra að Íslendingar leggi sitt lóð á vogarskálar afvopnunarviðleitni heldur en að samþykkja aukin hernaðarumsvif hér á landi.

Það er ljóst af fréttum, og kemur einnig fram í fylgiskjölum með tillögu þessari, að í þeim landshlutum, þar sem rætt hefur verið um að setja nýjar ratsjárstöðvar niður, er mikil andstaða við slík ný hernaðarmannvirki. Þar breytir engu um þótt því hafi verið haldið á loft að þessum stöðvum mundi fylgja umtalsverð atvinna í viðkomandi byggðarlögum. Fyrirhugaður búnaður mun reyndar vera því sem næst, eða algerlega, sjálfvirkur og einungis þarfnast lítils háttar eftirlits og hvorki skapa umtalsverða vinnu við uppsetningu né í rekstri.

Deila má um hversu þýðingarmikið hlutverk þessar nýju ratsjárstöðvar leika sem slíkar í hernaðartafli stórveldanna. En ljóst er að þær eru liður í þróun, hlekkur í keðju, sem leitt getur til vaxandi spennu og ófriðlegra ástands umhverfis landið og á nálægum svæðum. Ummæli háttsettra manna í herafla Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins benda til þess að ratsjárstöðvar þessar séu hluti nýrra áætlana um aukna vígvæðingu í Norðurhöfum. Hvað sem hugsanlegum almennum afnotum af stöðvunum líður er ljóst að tilgangur þeirra er fyrst og fremst hernaðarlegs eðlis. Ratsjárstöðvar þessar eru hernaðarmannvirki og notagildi þeirra við flug- og skipaumferð, sem reyndar hefur verið dregið í efa, einkum hið síðar talda, getur ekki ráðið úrslitum við ákvarðanir. Ljósasta sönnun þess, að hér er um hernaðarmannvirki að ræða, er sú staðreynd að Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið kosta og

reka þessar stöðvar af fjárveitingum sínum til hermála. Því miður eru líkur til þess að ný hernaðarmannvirki og aukin umsvif annars stórveldisins hér geti kallað á mótleiki af hálfu hins og þannig koll af kolli. Það er því ljóst að mikil ábyrgð er því samfara að leyfa nokkrar þær framkvæmdir sem ýtt geta undir stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins. Hverri friðelskandi þjóð ber að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að hindra slíkt.

Fylgiskjöl:

I. Bænarskrá Vestfirðinga til ríkisstjórnar Íslands.
II. Samþykkt útifundar á Þórshöfn í lok friðargöngu á Langanesi 7. júlí 1984.
III. Ratsjárstöðvarnar yrðu aðeins til varnar og eftirlits: Viðtal við Sverri Hauk Gunnlaugsson deildarstjóra varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins. Morgunblaðið 4. sept. 1984.
IV. Ratsjárstöðvarsaga: Greinargerð um ratsjárstöðvamálið eftir Malcom Spaven, upplýsingafulltrúa ADIU-stofnunarinnar við Sussex háskólann í Brighton. (Greinargerðin er að hluta til svar við viðtali við Sverri Hauk Gunnlaugsson, fylgiskjal III.)

Fylgiskjal I.

BÆNARSKRÁ VESTFIRÐINGA TIL RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

Samviska okkar, sem ritum nöfn okkar á þessa bænarskrá, neyðir okkur til að mótmæla framkomnum hugmyndum um byggingu ratsjárstöðva á Vestfjörðum vegna þess m. a. að við erum þeirrar skoðunar að þær auki á þá vígvæðingu þjóðanna sem stefnir jarðarbyggð í geigvænlega hættu.

Við álítum að voðinn felist ekki einungis í beitingu vígbúnaðarins, heldur ali tilvist hans jafnframt á tortryggni, ótta og hatri, og við óttumst að fjárfestingar í umræddum stöðvum hér á landi kalli á fjárfrekar mótframkvæmdir annars staðar. Slíka sjálfvirkni síaukins vígbúnaðar ber að stöðva. **Því verða góðviljaðir menn nú að einsetja sér að snúa farnaði veraldar af þessari óheillabraut.**

Við getum ekki varið fyrir samvisku okkar að frekara fjármagni verði varið til vígbúnaðar meðan sultur og vannæringarsjúkdómar hrjá hálft mannkynið.

Jafnframt óttumst við að bygging þessara umræddu stöðva geri heimabyggð okkar að skotmarki í hugsanlegum hernaðarátökum.

En hvað viðvíkur öryggi íslenskra loft- og sæfarenda, sem að hefur verið vikið í þessu sambandi, þá teljum við að okkur beri sjálfum skylda til að tryggja það.

Við berum því fram þá bæn við ríkisstjórn Íslands, að hún leyfi ekki uppsetningu umræddra ratsjárstöðva á Vestfjörðum eða annars staðar á landinu.

Sr. Lárus Þorv. Guðmundsson, prófastur, Holti, Ön., sr. Jakob Hjálmarsson, sóknarprestur, Ísafirði, Gunnlaugur Finnsson, kaupfstj./kirkjuráðsm., Hvilft, Ön., Guðmundur H. Ingólfsson, bæjarfulltrúi, Holti, Hnífsdal, Sigríður J. Ragnar, kennari, Ísafirði, Jónas R. Jónsson, bóndi, Melum, Bæjarhr., Össur Guðbjartsson, bóndi, Láganúpi, Rauðas., Guðm. Ingi Kristjánsson, skáld, Kirkjubóli, Birkir Friðbertsson, bóndi, Birkihlíð, Súg., Ragnar Guðmundsson, bóndi, Brjánslæk, Barð., Ágúst Gíslason, húsasm., bóndi,

Ísafirði, Birgir Bjarnason, bóndi, Miðdal, Bol., Pétur Sigurðsson, form. ASV., Ísaf., Bjarni L. Gestsson, sjóm., Ísaf., Kristján Jónasson, bæjarfulltrúi, Ísaf., Magðalena Sigurðardóttir, húsm., Ísaf., Einar Hjaltason, yfirlæknir, Ísaf., Bergþóra Sigurðardóttir, læknir, Ísaf., Sturla Halldórsson, vélvirki, Ísafirði, Rannveig Guðmundsdóttir, frkvstj., Ísaf., Bjarni Jensson, bæjartæknifr., Ísaf., Einar Hreinsson, sjávarútvfr., Ísaf., Magnús Björnsson, oddviti, Bíldudal, Ingólfur R. Björnsson, skólastj., Núpi, Dýraf., sr. Dalla Þórðardóttir, sóknarprestur, Bíldudal, Sigríður Bjarnadóttir, útibússtj., Bíldudal, Jón Ingimarsson, skólastj., Bíldudal, Guðmundur Hermannsson, sveitarstj., Bíldudal, Ólafur Magnússon, hreppstj., Tálknafirði, Guðvarður Kjartansson, skrifstm., Flateyri, Dagbjört Höskuldsdóttir, útibússtj., Tálknaf., Ólafur Þórðarson, bankaútibstj., Tálknafirði, Sigurður Viggósson, skrifstm., Patreksfirði, Jens H. Valdimarsson, kaupfélagsstj., Patreksf., Magnús S. Gunnarsson, verslm., Patreksf., Erna Hafliðadóttir, veitingam., Patreksf., Árni Helgason, fv. bóndi, Patreksf., Sigurgeir Magnússon, bankaútibússtj., Patreksf., Hjörleifur Guðmundsson, oddviti, Patreksf., Kristján Jóhannesson, veitingam., Patreksf., Þórdís Rögnvaldsdóttir, kennari, Flateyri, Guðrún Erla Jónsdóttir, húsm., Núpi, Dýraf., Árni Sædal Geirsson, símavarðstj., Ísaf., Guðm. Steinar Björgmundsson, bóndi, Kirkjubóli, Valþjd., Björgm. Guðmundsson, bóndi, Kirkjubóli, Valþjófsd., Ágústína Bernharðsdóttir, húsfreyja, Kirkjubóli, Valþjd., Guðm. B. Hagalínsson, bóndi, Hrauni, Ingjaldssandi, Jón Fr. Jónsson, bóndi, Þórustöðum, Ön., Brynjólfur Árnason, bóndi, Vöðlum, Ön., Elías N.V. Þórarinsson, bóndi, Sveinseyri, Dýraf., Kristjana Sigríður Vagnsdóttir, Sveinseyri, Dýraf., Sigþór Valdimar Elíasson, sjóm., Þingeyri, Guðmundur G. Guðmundsson, bóndi, Kirkjubóli, Dýraf., Bergur Torfason, Felli, Dýraf., Drengur Guðjónsson, bóndi, Fremstuhúsum, Dýraf., Ægir E. Hafberg, sparisjstj., Flateyri, Áslaug Ármannsdóttir, kennari, Flateyri, Páll N. Þorsteinsson, læknir, Flateyri, Emil R. Hjartarson, skólastj., Flateyri, Pétur Pétursson, héraðslæknir, Bolungarvík, sr. Jón Ragnarsson, sóknarprestur, Bol., Hanna Lára Gunnarsdóttir, ritari, Ísafirði, Kjartan Sigurjónsson, skólastjóri, Ísafirði, Þuríður Pétursdóttir, bæjarfulltrúi, Ísafirði, Karl Guðmundsson, bóndi, Bæ, Súgandaf., Sverrir Bergmann, kaupfélagsstj., Ísafirði, Auður Daníelsdóttir, gjaldkeri, Ísafirði, Elías Þorbergsson, verkam., Súðavík, Jóhann Hinriksson, bókavörður, Ísafirði, Guðrún Vigfúsdóttir, vefnaðarkennari, Ísafirði, Gunnar Jónsson, umboðsm. BÍ, Ísafirði, Erling Sörensen, umdæmisstj. Pósts og síma, Ísafirði, Anna S. Skarphéðinsdóttir, kennari, Bolungarvík, Gunnar Ragnarsson, skólastjóri, Bol., Bernódus Finnbogason, bóndi, Þjóðólfstungu, Bol., Guðrún H. Björnsdóttir, ljósmóðir, Bol., Birna Gísladóttir, húsmóðir, Bol., Helga Svana Ólafsdóttir, kennari, Bol., Jón Eðvald Guðfinnsson, áhaldav., Bol., Kristinn H. Gunnarsson, bæjarfulltrúi, Bol., Björn Ingi Björnsson, stm. Verklf. Skjaldar, Flateyri, Guðmundur Jónas Kristjánsson, skrifstm., Flateyri, Heiðar Guðbrandsson, hreppsnfltr., Súðavík.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKT ÚTIFUNDAR Á ÞÓRSHÖFN í lok friðargöngu á Langanesi 7. júlí 1984.

Það sýnist ekki vænlegt framlag í þágu friðar og afvopnunar að setja upp ný hernaðarmannvirki. Við skulum heldur ekki láta neina hernaðarsérfræðinga telja okkur trú um að við þurfum á slíku að halda. Okkur líður vel án stríðsmannaumsvifa og viljum ekkert slíkt í okkar landshluta.

Nú er vaxandi friðarvilji víða um lönd og andstaða gegn stríðsbrölti, og það væri í hróplegu ósamræmi við friðarvilja að við færum á sama tíma að taka við nýjum hernaðarmannvirkjum í landshluta sem er laus við slíkt.

Það er því ósk friðargöngu á Langanesi 7. júlí 1984 að stjórnvöld láti af öllum hugmyndum um Norðausturland í sambandi við uppbyggingu ratsjárstöðva eða annarra mannvirkja sem tengjast hernaði.

Fylgiskjal III.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson deildarstjóri:

„RATSJÁRSTÖÐVARNAR YRÐU AÐEINS TIL VARNAR OG EFTIRLITS“

(Morgunblaðið, 4. sept. 1984.)

Á dögunum voru felldar tillögur á þingi framsóknarmanna á Vestfjörðum og sveitarstjórnarmanna á Austfjörðum þar sem lýst var andstöðu við áform um að reisa nýjar ratsjárstöðvar hér á landi. Sömu dagana og andmæli gegn ratsjárstöðvunum voru felld dvöldust hér í boði Samtaka herstöðvaandstæðinga menn frá útlöndum sem lýst var sem sérfróðum um varnarmál og drógu meðal annars í efa að upplýsingar íslenskra stjórnvalda um gildi og eðli hinna nýju ratsjárstöðva væru réttar. Pólitísk ákvörðun hefur enn ekki verið tekin um þetta mál en á vegum utanríkisráðuneytisins hafa ýmsir þættir þess verið í rannsókn. Morgunblaðið sneri sér til Sverris Hauks Gunnlaugssonar, deildarstjóra varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, og leitaði álits hans.

— Því hefur verið haldið fram að óvenjuleg leynd hvíldi yfir ratsjármálinu.

„Fullyrðingar af þessu tagi eru ekki á rökum reistar,“ sagði Sverrir Haukur Gunnlaugsson, „hitt er sönnu nær að íslensk stjórnvöld hafa líklega aldrei haft eins mikið frumkvæði að því og á síðasta ári að upplýsa almenning um áform er miða að bættum vörnum í landinu.

Þessu til staðfestingar vil ég minna á það að 15. júlí 1983 sendi utanríkisráðuneytið frá sér fréttatilkynningu þar sem skýrt er frá því að í undirbúningi sé athugun á endurnýjun ratsjárkerfisins í landinu. Þar var meðal annars komist svo að orði, að ratsjárstöðvum sé „ætlað sama hlutverk hér og annars staðar, að fylgjast með umferð í nágrenni landsins. Rætt hefur verið um að reisa tvær ratsjárstöðvar í stað þeirra sem lagðar voru niður á Vestfjörðum og Norðausturlandi og endurnýja tækjabúnað þeirra sem fyrir eru á Stokksnesi og Reykjanesi. Þá opnast betri möguleikar en áður til að nýta ratsjárstöðvar við stjórn á umferð almennra flugvéla á innanlandsleiðum og í millilandaflugi, sem og við öflun upplýsinga fyrir Landhelgisgæsluna.“ Jafnframt var í fréttatilkynningunni skýrt frá því að nýjar ratsjárstöðvar yrðu mannaðar að mestu eða öllu leyti af Íslendingum.

Þá má minna á að 15. nóvember 1983 svaraði Geir Hallgrímsson utanríkisráðherra fyrirspurn á Alþingi um ratsjármálið og sagði að eðli hugsanlegra ratsjárstöðva á Norðausturlandi og Vestfjörðum væri nákvæmlega hið sama og stöðvanna sem fyrir eru í landinu. Þá skýrði ráðherra frá því að utanríkisráðuneytið hefði beðið dr. Þorgeir Pálsson dósent og flugvélaverkfræðing að annast könnun á málinu í samráði við fulltrúa frá Landhelgisgæslu, Pósti og síma og flugmálastjórn. Þessi athugun nær meðal annars til tæknilegra þátta er kunna að koma framangreindum stofnunum að góðu gagni. Um staðarval sagði ráðherra að utanríkisráðuneytið hefði heimilað varnarliðinu sjónhornsmælingar og fleiri athuganir yrðu gerðar í samráði við ráðuneytið og tækniaðila, ýmislegt

benti til að þeir staðir, þar sem ratsjárstöðvar stóðu áður á Vestfjörðum og við Langanes, reyndust enn heppilegastir. Öll voru þessi atriði staðfest í skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál sem hann flutti og rædd var á Alþingi í maí síðast liðnum.

Íslenskir aðilar hafa unnið að rannsókn málsins í samræmi við þetta. Hér er um umfangsmikið verk að ræða. Verði ráðist í að endurnýja ratsjárkerfið kemur það í hlut mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins að fjármagna framkvæmdirnar en ekki Bandaríkjamanna."

— Í blaðinu Jane's Defence Weekly mátti nýlega lesa að Bandaríkjamenn væru að byrja á því að endurnýja DEW-varnarlínuna þar sem hún teygir sig yfir Alaska og Kanada og ætluðu að kosta til þess 1000 milljón bandaríkjadölum. Eru framkvæmdir hér hluti af þessu stórátaki?

„Ekki er hægt að segja það, framkvæmdir hér á landi yrðu á vegum Atlantshafsbandalagsins eins og áður er komið fram. Jafnframt kæmi til greina að sú ratsjártegund, sem yrði fyrir valinu, hefði tvíþætt hlutverk. Við höfum lagt áherslu á að frá ratsjárstöðvum hér á landi megi fylgjast bæði með ferðum í lofti og á sjó. Ratsjárnar, sem athygli okkar beinist að, draga um 200 sjómílur eða álíka langt og bunga jarðar leyfir. Fyrir hendi er sú tækni sem gerir kleift að nota sömu ratsjána bæði til að fylgjast með flugvélum og skipum. Norðmenn hafa athugað þessa tækni vegna endurnýjunar á ratsjám hjá sér og við erum að kynna okkur rannsóknir þeirra. Þá er sá kostur einnig fyrir hendi að starfrækja sérstaka ratsjá í hinum fyrirhuguðu stöðvum til eftirlits með skipum. Athuganir á vegum utanríkisráðuneytisins beinast ekki síst að því að rannsaka þessa kosti til hlítar."

— Því hefur verið haldið fram að í raun sé verið að reisa stefnuvita fyrir bandarískar sprengjuvélar, B-52, sem notaðar yrðu til kjarnorkuárása á Sovétríkin.

„Þetta er fráleitt. Í fyrsta lagi eru meira en 2000 kílómetrar héðan til Kola-skagans, svo að dæmi sé tekið, en ratsjárnar draga aðeins um 370 kílómetra eða 200 sjómílur. Þessar flugvélar ráða yfir mun fullkomnari staðsetningarkerfum en felast í boðum frá slíkum ratsjám, má þar til dæmis nefna að fjarlægðavitar flugmálastjórnar, sem eru víða um land, geta sent flugvélunum að minnsta kosti jafn nákvæmar upplýsingar og ratsjárnar og um borð í vélunum eru tæki sem vinna jafnt og þétt úr boðum fjarlægðavitanna. Ekki má gleyma Loran C-kerfinu sem er nákvæmt leiðar- og miðunarkerfi."

— Enn hefur því verið haldið fram að ratsjárnar, sem hér kæmu til álita, væru svo „sérhæfðar" að þær mætti einungis nota í þágu herliðs og hervéla og því þá bætt við að sérstök tæki þurfi í flugvélar til að þær geti nýtt ratsjárnar.

„Staðhæfingin um „sérhæfinguna" er röng; bæði í Evrópu og Bandaríkjunum hafa flugvélar not af slíkum ratsjám. Hér á landi hefur flugmálastjórn í 12 ár notið góðs af loftvarnarratsjánni í Rockville sem gegnir sama hlutverki og þær stöðvar sem nú eru til umræðu. Um sendingu merkja er það að segja að í öllum íslenskum áætlunarflugvélum, vélum útbúnum til blindflugs og mörgum smærri vélum, eða alls 130 talsins, eru sérstök senditæki sem auðkenna vélarnar í ratsjá og skrá flughæð eins og þykir sjálfsagt til öryggis í nútímaflugi."

— Er ekki unnt að sinna eftirliti með ferðum sovéskra flugvéla með gervihnöttum?

„Hvað sem líður ferðum gervihnatta og upplýsingaöflun fyrir tilstilli þeirra sjáum við að nágranna- og vinaþjóðir okkar í austri og vestri, og meira að segja Portúgalar í suðri, eru í óða önn að endurnýja ratsjárkerfin hjá sér vegna vaxandi hættu af sovéskum flugvélum. Með því að endurnýja ratsjárkerfið hér á landi er ætlunin að bregðast við breyttum aðstæðum með hagkvæmum og öruggum hætti — endurnýjunin hefur það meðal annars í för með sér að ekki kemur til álita að fjölga hér AWACS-flugvélum en fullyrðingar um slík áform sáust meðal annars í samtali í Þjóðviljanum á dögunum."

— Sagt er að ratsjárnar séu óþarfar af því að óboðnar vélar birtist ekki „skyndilega" hér við land eins og það er orðað.

„Um staðhæfingar af þessu tagi er ekki annað unnt að segja en að þær eru grófleg fölsun á staðreyndum og hættunum sem að Íslendingum steðja. Sem betur fer er í flestum tilvikum unnt að fylgjast með ferðum sovéskra flugvéla er fara frá Kola-skaganum þegar þær fljúga inn á ratsjársvæði Norðmanna í Norður-Noregi. Hins vegar hverfa þessar vélar tiltölulega fljótt út af eftirlitssvæði ratsjánna og enginn veit hvert þær halda. Reynslan hefur sýnt það undanfarin ár að þær geta nálgast Ísland úr norð-vestri eins og norð-austri. Fjarlægðin milli ratsjársvæða Íslands og Norður-Noregs er 700 til 800 sjómílur.

Þær ratsjár, sem hér risu ef núverandi áform næðu fram að ganga, draga aðeins 200 sjómílur frá strönd landsins. Telji einhver sér ógnað af þeim hlýtur sá hinn sami að vilja vera í aðstöðu til að laumast að landinu án þess að gera nokkur boð á undan sér," sagði Sverrir Haukur Gunnlaugsson, deildarstjóri varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, að lokum.

Fylgiskjal IV.

RATSJÁRSTÖÐVASAGA

Eftir Malcolm Spaven.

Í viðtali við Morgunblaðið 4. september síðast liðinn leitaðist Sverrir Haukur Gunnlaugsson, deildarstjóri hjá utanríkisráðuneytinu, við að svara þeirri gagnrýni sem beinst hefur að áformum um nýjar ratsjárstöðvar á Langanesi og á Stigahlíð á Vestfjörðum. Í þessari grein mun ég kanna nánar nokkrar þeirra staðhæfinga sem Sverrir varpar fram í viðtalinu og enn fremur fjalla um forsendur og afleiðingar þess að setja upp þessar nýju ratsjárstöðvar.

Hverjir eiga ratsjárstöðvarnar?

Sverrir Haukur telur upphaf ratsjárstöðvasögunnar miðast við 15. júlí 1983 þegar utanríkisráðuneytið gaf út fréttatilkynningu þar sem þessum tillögum er lýst. Gefið er í skyn að íslenska ríkisstjórnin hafi átt frumkvæði að áformum um nýjar ratsjárstöðvar. En það getur vart verið tilviljun að Ríkisútvarpið skýrði frá því 6. júlí — níu dögum áður en fréttatilkynning utanríkisráðuneytisins var gefin út — að á viðræðufundi í Reykjavík með Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra og Geir Hallgrímssyni utanríkisráðherra hefði George Bush, varaforseti Bandaríkjanna, óskað eftir því að umleitan sín um tvær nýjar ratsjárstöðvar yrði samþykkt.

Þá er enn fremur athyglisverð sú yfirlýsing Sverris Hauks að kostnaður við ratsjárstöðvarnar verði greiddur úr Mannvirkjasjóði NATO (NATO Infrastructure Programme, NIP) en ekki af bandaríska varnarmálaráðuneytinu í Pentagon.

Í fyrsta lagi skal á það bent að fjárveitingar úr Mannvirkjasjóðnum eru bundnar við mannvirki sem „reist eru eftir beiðni yfirherforingja NATO" (1). Að því er snertir Ísland er að öllu jöfnu átt við yfirhershöfðingja NATO á Atlantshafinu (titill skammstafaður: SACLANT) en hann heitir Wesley McDonald, flotaforingi í bandaríska sjóhernum. McDonald flotaforingi er líka yfirmaður Atlantshafsflota Bandaríkjanna (titill skammst.: CINCLANT) og á af þeirri ástæðu aðild að allri tillögugerð um nýjar framkvæmdir Bandaríkjahers á Íslandi. Með því einu að skipta um hlutverk, það er að segja að setja upp SACLANT-kaskeitið, gæti hann lagt fram beiðni um fjármagn til slíkra áforma úr Mannvirkjasjóði NATO.

En viðvíkjandi nýju ratsjárstöðvunum á Íslandi skýrði McDonald flotaforingi frá því frammi fyrir hermálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í febrúar 1984 að þær séu

„sameiginleg framkvæmd Bandaríkjanna og NATO“ en ekki einungis á vegum NATO. Þær gætu því aðeins „að hluta til verið fjármagnaðar af NATO“ (2).

Í öðru lagi hefur Ísland algjöra sérstöðu innan NATO. Landið hefur engan her og leggur ekkert í Mannvirkjasjóð NATO (NIP). Af þessum ástæðum teljast Bandaríkin ekki aðeins „notkunarríki“ hernaðarmannvirkja sem byggð eru fyrir NIP-fé þar eð bandarískur herafli er á Íslandi, heldur einnig „viðtökuríki“. Það þýðir aftur að Bandaríkin bera ábyrgð á allri NATO-hönnun og mannvirkjagerð og annast fyrir hönd Íslands samningagerð við herstjórnar- og aðra starfsmenn NATO um hvers kyns NATO-mannvirki á Íslandi (3). Rödd Íslands er í þessum efnum í besta falli afar léttvæg.

Sannast sagna lá tillagan um nýjar ratsjárstöðvar á Íslandi, og talsvert nákvæm greinargerð með henni, fyrir Bandaríkjaþingi þegar í janúarmánuði 1983, en þá var þessum áformum lýst þannig að stöðvarnar yrðu „fjármagnaðar sameiginlega af (bandaríska) flotanum og flughernum og í framtíðinni gæti NATO átt hlutdeild (í kostnaðinum)“ (4).

Til hvers eru nýju ratsjárstöðvarnar?

Talsverð áhersla hefur verið lögð á hugsanlegt gagn sem almenn flug- og skipaumferð gæti haft af ratsjárstöðvunum, en á hinn bóginn hefur lítið verið sagt um hernaðarlegt hlutverk þeirra. En hernaðarhlutverkið er þrátt fyrir allt eina raunverulega ástæðan fyrir áætlunum um að byggja þessar nýju ratsjárstöðvar.

Seint á sjötta áratugnum var reist samfelld röð af ratsjárstöðvum sem nefndist DEW-línan (Distant Early Warning, sem merkir aðvörun úr fjarska) og hafði það hlutverk að uppgötva strax í upphafi árásarflug sovéskra sprengjuflugvéla yfir Atlantshaf. DEW-línan náði frá Alaska yfir norðurhluta Kanada og Grænland. Fimm árum síðar, árið 1962, voru ratsjárstöðvarnar í Rockville við Keflavíkurflugvöll og á Stokksnesi fullbyggðar. Þær voru framlenging bandarísku DEW-línunnar til austurs, ætlaðar til viðvörunar um kjarnorkuárás og teljast enn þá til þessarar ratsjárstöðvasamfellu(5).

Núna stendur yfir endurnýjun ratsjánna á DEW-línunni. Ratsjárstöðvarnar á Íslandi voru á sínum tíma viðbót við DEW-línuna og tengist tæknileg endurnýjun og breyttur tilgangur þeirra endurskoðun þeirri og endurnýjun sem á sér stað á allri DEW-línu Bandaríkjanna. Að því er unnið samkvæmt þremur samtengdum áætlunum. SEEK IGLOO heitir ein þeirra og eru framkvæmdir við hana að hluta til hafnar með því að byggðar hafa verið þrettán ratsjárstöðvar sunnan og vestan vesturhluta DEW-línunnar.

Sjálf DEW-línan er endurnýjuð samkvæmt áætlunum sem nefnast SEEK FROST eða NORTH WARNING SYSTEM. Reistar verða 13 langdrægar og 39 skammdrægar ratsjárstöðvar sem raðað er þvert yfir Alaska, Kanada og Grænland (6). Þriðja áætlunin nefnist Norður-Atlantshafsvarnarkerfið (North Atlantic Defense System (NADS)). Áformin um nýju ratsjárstöðvarnar á Langanesi og við Bolungarvík og endurnýjun ratsjánna í Rockville og á Stokksnesi falla undir NADS-áætlunina og enn fremur fimmta ratsjárstöðin sem verður annaðhvort á Íslandi, í Færeyjum eða á Austur-Grænlandi.

Þá má telja líklegt að innan ramma NADS verði reistar sex ratsjárstöðvar í viðbót á Austur-Grænlandi, enn fremur stjórnstöðvar eins og sú sem verið er að byggja í Keflavík, að viðbættum fjarskiptasamböndum milli Grænlands, Íslands og Noregs (7).

Bandarískri flugherinn áformar að óska eftir 34 milljóna dollara fjárframlagi til byggingar NADS-stöðva á fjarhagsárinu sem hefst 1. október 1986. Tæknibúnaður fyrir NADS-kerfið er þegar fjármagnaður á því fjárhagsári sem stendur yfir, og frá NATO má búast við fjármagni til NADS-mannvirkjagerðar á árinu 1985 (8).

Það er athyglisvert að í yfirlýsingum utanríkisráðuneytisins um nýju ratsjárstöðvarnar er hvergi minnst einu orði á Norður-Atlantshafsvarnarkerfið (North Atlantic Defense System), hvað þá að gerð sé grein fyrir því.

Tæknibúnaður ratsjárstöðvanna.

SEEK IGLOO, langdrægu ratsjárstöðvarnar í SEEK FROST og nýju ratsjárstöðvarnar á Íslandi byggjast allar á sams konar tæknibúnaði: Loftvarnarratsjám af gerðinni General Electric AN/FPS-117 (9). Þær eru að sjálfsögðu tæknilega fullkomnari en eldri tegundir, en þó þykir meginkosturinn sá að mjög fámennur hópur getur starfrækt þær, jafnvel þótt þær séu á afskekktum stöðum.

Við sérhverja ratsjárstöð á upphaflegu DEW-línunni í Alaska unnu 44 starfsmenn, ratsjárstjórnendur og viðgerðarmenn. Ratsjár af gerðinni FPS-117 þarfnast engra stjórnenda á staðnum (upplýsingar eru sendar beint til stjórnstöðvarinnar í gegnum fjarskiptakerfi), en til að annast starfrækslu þeirra þarf einungis þrjá viðgerðarmenn (10).

NADS-kerfinu er komið upp til þess að styðja við nýja sóknarstefnu bandaríska flotans í Norðaustur-Atlantshafi. Sú stefna felst meðal annars í því að komið skal í veg fyrir að sovéski flotinn nái út á opið haf og einnig skulu á fyrstu stigum átaka gerðar árásir á sovéskan herafla og herstöðvar á Kola-skaganum. Varðlínustefnan, sem miðaðist við svæðið milli Grænlands, Íslands og Bretlands (svonefnt GIUK-hlið), hefur lotið í lægra haldi fyrir „framlínuvarnarstefnu“ („defence-in-depth“) sem miðar að því að Bandaríkin og NATO hafi algjör yfirráð á Noregshafi og einnig í GIUK-hliðinu.

Nýju ratsjárstöðvarnar á Íslandi munu, með orðum Wesley McDonald flotaforingja „hafa úrslitaþýðingu fyrir árangur sjóhernaðarstefnu okkar á Atlantshafi“ (11). Þær hafa einnig tveimur öðrum hlutverkum að gegna: Á átakatímum borgar sig að hafa mörg loftvarnakerfi, þannig að þótt andstæðingurinn hafi eyðilagt einhverjar ratsjárstöðvar og firðsamband milli þeirra eiga herforingjar eftir sem áður kost á upplýsingum frá öðrum stöðvum sem ekki hafa verið eyðilagðar. Með öðrum orðum: ratsjárstöðvarnar auka stríðsgetu og úthald bandarískra hersveita á svæðinu.

Á friðartímum og spennutímum veita nýju ratsjárstöðvarnar herforingjum á svæðinu aðstöðu til að fylgjast óslitið með flestum sovéskum flugvélum sem eiga leið um það. Þetta gefur ekki einungis nytsamar upplýsingar um hæfni og aðferðir sovéskra hersveita — uppsetning ratsjárstöðvanna felur í sér tilkynningu til Sovétríkjanna um að hér hafi Bandaríkin tögl og haldir. Þegar hafðir eru í huga aðrir þættir sóknarstefnunnar á Norðaustur-Atlantshafi getur þetta verkað sem ögrunaraðgerð.

NADS-kerfið fellur enn fremur inn í þá endurnýjun sem núna fer fram á kjarnorkuvörnum Bandaríkjanna sjálfra. Nýju ratsjárstöðvarnar fjórar á Íslandi munu gefa herstjórum NORAD, í niðurgrafinni herstjórnarmiðstöð Bandaríkjanna í Colorado, nokkurra klukkustunda viðvörun um aðvífandi sprengjuflugvélar, og jafnvel stýriflaugar, sem stefna á Bandaríkin úr norðaustri.

Laumuárás.

Sú fullyrðing, að nýju ratsjárstöðvarnar séu hannaðar til að varna því að flugvélum takist að laumast að landinu án þess að gera nokkur boð á undan sér, stenst ekki við nánari athugun. Ef sovéski flugherinn ætlaði að komast inn í íslenska flughelgi og gera árás á skotmörk á Íslandi mundu flugvélar hans fljúga mjög lágt til þess að komast undir ratsjárgeislann.

Í viðtalinu við Morgunblaðið segir Sverrir Haukur Gunnlaugsson að nýju ratsjárstöðvarnar dragi um 200 sjómílur. Þetta er sú hámarksvegalengd sem þær draga. Vegna jarðarbungunnar er aðeins hægt að sjá flugvélar sem eru í tiltölulega mikilli hæð í þessari fjarlægð (5 kílómetra hæð eða ofar). Sovésk „Backfire“-sprengjuflugvél í lágflugi gæti skotið lágfleygum flugskeytum utan seilingar ratsjárgeislans, eyðilagt ratsjárstöðina og snúið til bækistöðva sinna áður en orrustuþotur í Keflavík hefðu fengið viðvörun og komist á loft frá Keflavík.

Sá tækni- og herbúnaður Bandaríkjahers, sem fyrir er á Íslandi, getur mun betur fylgst með og komið í veg fyrir flug sovéskra flugvéla yfir Atlantshafinu. AWACS-þoturnar geta fylgst með hvaða sovéskri flugvél sem er á svæðinu og leiðbeint Phantom-orrustuþotum í veg fyrir slíkar flugvélar „þegar þær eru innan 200 sjómílna frá Íslandsströndum eða 400 sjómílur frá Keflavík“ (12). AWACS-þota sem er í 10 kílómetra hæð getur fylgst með mjög lágt fljúgandi flugvélum í yfir 200 sjómílna fjarlægð (13).

Af þessum ástæðum henta ratsjárstöðvarnar illa til að uppgötva þá sem eru að laumast að landinu án þess að gera nokkur boð á undan sér. Þær hafa hins vegar það notagildi að geta fylgst með flugumferð á svæðinu, safnað upplýsingum um ferðir sovéskra (og NATO) flugvéla í námunda við Ísland og skilað þessum upplýsingum til flotaforingja á Atlantshafinu og herstjórnarmiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum.

Nýja fullyrðingu utanríkisráðuneytisins — að nýju ratsjárstöðvarnar geri óþörf þau áform Bandaríkjamanna að fjölga AWACS-flugvélum í Keflavík — þarf að meta með ofannefnt í huga. Nýjar ratsjárstöðvar geta leyst AWACS-vélarnar undan því að halda sig í námunda við Ísland, þannig að þær geti sveimað norðar, sérstaklega til stuðnings flotasveitum í Noregshafi. En það er fátt sem bendir til þess að dregið hafi úr áhuganum að fjölga AWACS-vélum á Íslandi.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið gaf árið 1982 „fyrirskipun til flughersins að ganga frá áætlunum um að staðsetja Boeing E—3A fljúgandi stjórnstöðvar (AWACS) og McDonnell Douglas F—15 orrustuþotur handan við hafið til að eiga þátt í aðgerðum orrustusveita sem fljúga frá flugmóðurskipum bandaríska flotans“ (15). Á árunum 1986—1988 mun bandaríski flugherinn væntanlega festa kaup á tólf AWACS-vélum til viðbótar til að verja meginland Bandaríkjanna og verður þá hægt að hafa fleiri AWACS-vélar utan Bandaríkjanna.

John Lehman flotamálaráðherra Bandaríkjanna hefur í millitíðinni óskað eftir fleiri AWACS-vélum sem eiga að hafa bækistöðvar þar sem þær geta komið flugmóðurskipum í Noregshafi og GIUK-hliðinu (16) að notum. Enn fremur gerir ný áætlun bandaríska flotans ráð fyrir að flugmóðurskipin verði varin með stríðsaðferð sem nefnist „Outer Air Battle“ (loftbardagar fjarri farkostinum) og áformar flotinn í þessu skyni kaup á tuttugu eigin E—3A AWACS-flugvélum „á næstunni“ (17). Staðhæfing utanríkisráðuneytisins að 960 viðvörunar- og stríðsstjórnarsveitin (AWACS-sveitin) í Keflavík muni ekki fjölga flugvélum sínum úr tveimur stendur í ljósi þessara áforma ekki mjög traustum fótum.

Hvaða ávinningur fyrir flugumferðarstjórn?

Utanríkisráðuneytið hefur frá því í júlí 1983 lagt þunga áherslu á þann ávinning sem felist í ratsjárstöðvunum fyrir almenna flugumferð á svæðinu, en á sama tíma afar lítið sagt um hinn hernaðarlega megintilgang.

Að sjálfsögðu er fræðilega mögulegt að nota allar flugumferðarratsjár til að gegna varnarhlutverki og að auki til að stýra flugumferð. En á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að ratsjár, sem eru sérhannaðar með hernaðarhlutverk fyrir augum, eins og þær General Electric AN/FPS-117 ratsjár sem áformað er að setja upp á Íslandi, hæfa ekki eins vel til flugumferðarstjórnar og sérhannaðar flugumferðarratsjár. Þetta byggist á ýmsum tæknilegum atriðum eins og þeirri tíðni sem ratsjáin hefur, sveiflutíðni geislans og snúningshraða ratsjárloftnetsins.

Ratsjár herliðsins á Íslandi veita innlendri flugumferð aðstoð, eins og í mörgum öðrum löndum, en á henni eru ýmsir meinbugir. Í fyrsta lagi eru ratsjárstöðvar bandaríska flughersins hannaðar til notkunar við loftvarnir og stjórn á herflugvélum. Viðvíkjandi aðstoð við almenna flugumferð segir í siglingahandbók hersins fyrir þetta svæði, um aðstoð við almenna flugumferð: „Aðstoð víkur (fyrir þörfum hersins)“ (á ensku: „Assistance is secondary“) (18).

Í öðru lagi er ratsjáraðstoð allt annað en ratsjárstjórn. Með ratsjárstjórn er flugvélum haldið skilmerkilega fjarri hver annarri, en þess háttar flugumferðarstjórn geta hermenn ekki veitt þar eð þeir vinna að öðrum verkefnum. Í þriðja lagi mundu Íslendingar sjálfir ekki byggja ratsjárkerfi fyrir innanlandsflug á stöðum eins og við Bolungarvík, á Langanesi og Stokksnesi. Eftirlit með loftsvæðinu yfir Íslandi tækist mun betur með annarri staðsetningu ratsjárstöðva.

Ratsjárstöðin á Stokksnesi dregur til dæmis ekkert norður og vestur á bóginn inn yfir Ísland vegna þess að fjöllin skyggja á hana. Nýju ratsjárstöðvarnar mundu einnig hafa „skert sjónarsvið“ inn yfir landið — og skiljanlega þar eð aðaltilgangur þeirra er ekki að þjóna flugumferðarstjórn. Ratsjárkerfi fyrir flugumferðarstjórn á Íslandi þyrfti nokkrar ratsjárstöðvar á fjallstoppum sem væru ekki við ströndina og þær þyrftu að hafa 360 gráðu sjóndeildarhring í stað þess að beinast aðallega út yfir hafið.

Með tilliti til fjölda flugferða og flugvéla í innanlandsflugi væri hægt að draga verulega úr kostnaði og hættu á veðurskemmdum með því að nota svonefndar svörunarratsjár. Þess háttar kerfi er til dæmis notað í Stornoway á Skotlandi og þjónar flugumferðarstjórn á svæðinu. Svörunarratsjárkerfi er að sjálfsögðu gagnslaust fyrir hernaðareftirlit þar eð það byggir á ratsjársvörun í flugvélum.

Þar sem ólíklegt má telja að Rússar tilkynni sig af eigin hvötum á ratsjárskermum NATO byggjast ratsjárkerfi hersins á beinum ratsjám, þ. e. ratsjárbúnaði sem finnur allar flugvélar á lofti, burtséð frá hvort þær eru búnar ratsjársvörun eða ekki.

Eftirlit með skipaferðum.

Ekki er hægt að leggja mikinn trúnað á fullyrðingar utanríkisráðuneytisins um að nýju ratsjárstöðvarnar geti fylgst með skipaferðum. Fyrir því liggja tvær ástæður — tæknileg vangeta ratsjárstöðvanna og tilvist margs konar annars tæknibúnaðar sem hefur verið sérhannaður til eftirlits með umferð á hafinu.

„Ratsjárnar, sem athygli okkar beinist að, draga um 200 sjómílur eða álíka langt og bunga jarðar leyfir“, segir Sverrir Haukur Gunnlaugsson í viðtalinu við Morgunblaðið. Hér á undan hefur verið bent á það að í 200 sjómílna fjarlægð sjást einungis flugvélar sem fljúga mjög hátt. Ef ætlunin er að fylgjast með skipaferðum draga ratsjárnar mun skemmra. Slæm veðurskilyrði norður af Íslandi mundu enn takmarka drægni og sjónarsvið ratsjánna. Þetta þýðir að áformaðar ratsjár á Langanesi og í Stigahlíð mundu að þessu leyti draga mjög skammt.

Annað tæknilegt atriði skiptir einnig máli. Ratsjár sem eiga að uppgötva skip á siglingu og fylgjast með þeim eru öðruvísi úr garði gerðar en þær sem notaðar eru við loftferðaeftirlit. Til dæmis hentar hröð sveiflutíðni ratsjáa sem fylgjast með hraðfleygum flugvélum ekki vel til að uppgötva skip sem fara mun hægar en flugvélarnar og enn síður við slæm veðurskilyrði. Ratsjár til eftirlits með skipaumferð byggjast enn fremur á styttri sveiflum en þeim sem notaðar eru við loftferðaeftirlit (19).

Ratsjár af gerðinni FPS-117 eru vissulega fullkomnar og það er áhugavert að íslensk stjórnvöld skuli vera að kanna möguleikana á að aðlaga þennan tæknibúnað eftirliti með skipaumferð jafnframt flugumferð. En utanríkisráðuneytið gefur reyndar vísbendingu um væntanlegar niðurstöður þeirrar rannsóknar með því að segja: „Þá er sá kostur einnig fyrir hendi að starfrækja sérstaka ratsjá í hinum fyrirhuguðu stöðvum til eftirlits með skipum“ (20). Með öðrum orðum, þær ratsjárstöðvar hersins, sem fylgjast eiga með flugumferð, koma vart til greina til að veita Landhelgisgæslunni aðstoð.

Með hliðsjón af þessum verulegu tæknilegu vankönturn þykir það furðulegt að utanríkisráðuneytið skuli leggja svo mikla áherslu á mjög takmarkaða getu ratsjánna til að fylgjast með skipaferðum þegar til eru ýmis hernaðarkerfi sem eru sérhönnuð til eftirlits

með skipaumferð. Í fyrsta lagi fylgjast níu P–3C Orion-flugvélar Bandaríkjaflota, sem staðsettar eru í Keflavík, breskar, norskar, hollenskar og aðrar NATO-eftirlitsflugvélar, sérstaklega með skipaferðum og nota til þess ratsjár sem eru sérhannaðar til eftirlits með skipaferðum.

Í öðru lagi getur E–3C útgáfan af AWACS-vélum fylgst með skipaferðum, en sú tegund hefur verið í Keflavík frá því haustið 1983 eða fyrr. Ratsjárnar í E — 3 flugvélum NATO-ríkja og bresku Royal Air Force Shackleton eftirlitsvélunum hafa einnig þessa hæfni til að fylgjast með skipaferðum.

Í þriðja lagi hafa kjarnorkusprengjuflugvélar yfirstjórnar bandarískra flughersins af B–52 gerð flogið eftirlitsferðir yfir hafinu til stuðnings bandarískra flotanum frá því árið 1976. Þær geta kannað 100 000 fermílur á úthöfunum á tveim til þrem klukkustundum og hafa meðal annars gert það á heræfingum undan Íslandsströndum (21).

Í fjórða lagi hefur bandarískri sjóherinn yfir að ráða sífellt þéttriðnara neti af gervihnöttum sem fylgjast með siglingum. Sem dæmi má nefna White Cloud, NOSS og Clipper Bow gervihnattakerfin. Með þeim er hægt að uppgötva skip á siglingu, þekkja þau og fylgjast með skipaferðum. Flest þessara tækja tengjast saman í úthafseftirlitskerfinu OSIS (Ocean Surveillance Information System) sem ber saman upplýsingar frá öllum þessum skynjurum, vinnur úr þeim og miðlar niðurstöðunum til bandarískra hershöfðingja um allan heim — þeir þurfa ekki annað en ýta á hnapp til að fá upplýsingarnar.

Tilraunir íslensku ríkisstjórnarinnar til að bæta siglingaratsjám við áform um stöðvar á Langanesi og Stigahlíð, gætu enn fremur stangast á við skilyrði sem NATO setur fyrir fjármögnun. Þótt NATO ætli að taka einhvern þátt í kostnaði við nýju bandarísku loftvarnaratsjárnar sem lið í NADS-kerfinu gegnir allt öðru máli um siglingaratsjár. Mannvirki og tæki, sem ætlunin er að fjármagna úr Mannvirkjasjóði NATO, þurfa að uppfylla eitt eða fleiri þrettán skilyrða og siglingaratsjár til strandgæslu uppfylla ekkert þeirra.

NATO kostar þær ekki — nema þær séu ætlaðar til notkunar á stríðstímum. Á þetta hefur verið lögð áhersla í sambandi við önnur bandarísk mannvirki sem núna eru í byggingu á Íslandi: „Mannvirkjasjóður (NATO, viðbót MS) veitir ekki alltaf fé eins og Hernaðarframkvæmdasjóður Bandaríkjanna (MILCON) til að fullbúa nothæfa stöð, sérstaklega ef ríkið, þar sem stöðin er sett upp, ætlar að nota stöðina á friðartímum eins og Ísland hyggst gera“ (22).

Verður Ísland hervætt NATO-ríki?

Það er ljóst að áformin um nýjar bandarískar ratsjárstöðvar á Íslandi verður að skoða í stærra samhengi. En ratsjárstöðvarnar eru ekki einungis liður í uggvænlegum breytingum á sjóhernaðaráætlunum Bandaríkjanna í Norðaustur-Atlantshafi. Þau áform, sem hér hafa verið til umræðu, benda enn fremur til að verulegra breytinga megi vænta á varnarstefnu Íslands.

Ísland hefur þá algjöru sérstöðu meðal NATO-ríkja að landið hefur engan her, tekur hvorki þátt í störfum hermálanefndar né kjarnorkuáætlananefndar NATO, leggur ekkert fjármagn í Mannvirkjasjóð NATO og leyfir ekki að kjarnorkuvopn séu á landsvæði þess. Þrátt fyrir að varnarmálanefnd (Iceland Defense Standing Group), sem stofnsett var árið 1956, eigi að þjóna því markmiði að gera Íslandi kleift að ræða um varnarþarfir sínar við Bandaríkin (23), bendir fátt til þess að nokkur íslensk ríkisstjórn hafi lagt nákvæmt mat á áhrifin af dvöl Bandaríkjahers í landinu, að frátöldum menningaráhrifum. Ástæðan er án efa það sem Gunnar Gunnarsson hefur nefnt „afskiptaleysi“ Íslands í sambandi við hernaðarleg málefni (24).

Ýmislegt bendir til þess að miklar breytingar séu að verða á þessu „afskiptaleysi". Ástæðurnar eru ekki einungis breytingar í stjórnmálum á Íslandi og mati á þeirri ógnun sem steðji að landinu. Eitt af helsu áhersluatriðum í stefnu Reagan-stjórnarinnar, sem komst til valda 1981, hefur verið að hvetja bandamenn um víða veröld til að axla eitthvað af þeim byrðum sem Bandaríkin bera vegna hermála. Japan er nú sem óðast að vígvæðast á nýjan leik með öflugum stuðningi Bandaríkjanna.

Mörg Evrópuríki hafa þegar undirritað samninga um aðstoð viðtökuríkis við Bandaríkin sem fela í sér að þessi ríki leggja Bandaríkjaher til mannafla, bæði almenna starfsmenn og hermenn tugum þúsunda saman, flutningafyrirgreiðslu og fleira. Þannig geta bandarískir hermenn sinnt sérhæfðari störfum og verið sendir til skyndiaðgerða Bandaríkjahers utan yfirráðasvæðis NATO. Þetta virðist ætla að verða hlutskipti Íslands líka — að taka á sig hluta af herkostnaði Bandaríkjanna.

Í skýrslu sinni til Alþingis í apríl 1984 leggur Geir Hallgrímsson utanríkisráðherra áherslu á nauðsyn þess að Íslendingar afli sér meiri sérþekkingar um hernaðarleg málefni í því skyni að geta tekið verulegan þátt í ákvörðunum um varnir landsins. Með því móti gæti íslenska ríkisstjórnin, með hliðsjón af varnarþörfum Íslands, lagt mat á tillögur Bandaríkjamanna um nýjar hernaðarframkvæmdir (25).

Skömmu eftir að skýrslan birtist átti sér stað sögulegur atburður í Brussel. Fulltrúar Íslands voru í fyrsta skipti viðstaddir fund hermálanefndar NATO sem áheyrnarfulltrúar. Íslenska ríkisstjórnin vildi eðlilega vita hvað NATO hefði að segja um hinar nýju, fyrirhuguðu hernaðarframkvæmdir á Íslandi (26).

Fáir verða til þess að andmæla því að ríkisstjórn Íslands afli sér betri þekkingar til að geta metið betur hlutverk Bandaríkjahers á Íslandi. En þegar utanríkisráðherra ræðir nánar einstök atriði þessara breytinga á öryggisstefnu Íslands vakna alvarlegar spurningar sem látið er ósvarað.

Mikilvægust er spurningin um virkan þátt Íslendinga í því aukna eftirlitsstarfi sem Bandaríkin hafa á prjónunum. Þegar staðhæft er: „Eftirlitsstarfið umhverfis landið þarf að auka", fylgir engin röksemdafærsla, ekki einu sinni höfðað til varnarþarfa Íslands (27).

Auk þess virðist enginn gaumur gefinn að því hvaða þýðingu herstjórnaráætlanir Bandaríkjanna um mannvirki í landinu hafa fyrir Ísland. En þar er um að ræða mannvirki sem hafa ekkert NATO-hlutverk, þjóna einungis ríkishagsmunum Bandaríkjanna. Ekki er heldur ljóst af hvaða ástæðum fullyrt er: „.... við Íslendingar eigum eindregið að taka virkan þátt í slíku starfi" (28),— einkanlega þegar þess er gætt að sú þátttaka getur hugsanlega orðið fyrsta skref í átt til þess að Ísland komi sér upp eigin herafla.

Hugmyndirnar um að fela Landhelgisgæslunni einhvers konar hernaðarlegt eftirlitsstarf undan ströndum landsins verða að líkindum afdrifaríkastar. Leggur utanríkisráðherra til að Landhelgisgæslan sendi upplýsingar um ferðir skipa í sovéska flotanum til stjórnstöðvarinnar í Keflavík og verði þar með hluti af eftirlitskerfi Bandaríkjanna á höfum úti? Ef svo er, má búast við að Sovétríkin gangi út frá því sem vísu að öll skip Landhelgisgæslunnar séu bandarísk njósnaskip.

Þetta mundi ekki einungis auka spennuna á hafinu umhverfis Ísland heldur einnig gera Landhelgisgæslunni erfiðara fyrir við að sinna meginhlutverki sínu. Eins og þegar hefur komið fram í þessari grein geta herir Bandaríkjanna og annarra NATO-ríkja fylgst með skipaferðum á svæðinu. Utanríkisráðuneytið setur ekki fram neinar skýringar á því hvers vegna íslensk ríkisstofnun ætti að fléttast inn í þetta hernaðarkerfi.

Á sama hátt vakna ýmsar spurningar vegna fullyrðingar utanríkisráðherra („Ljóst er að íslenskir starfsmenn eru færir um að starfrækja slíkar stöðvar einir") sem hann setur fram í skýrslu sinni til Alþingis og ræðir þar um nýjar ratsjárstöðvar á Langanesi og Stigahlíð.

Í fyrsta lagi má spyrja: Hvers vegna þarf mannafla til að annast rekstur stöðvanna þegar framleiðandinn segir að einungis þurfi þrjá viðgerðarmenn? Í öðru lagi: Er í alvöru verið að halda því fram að bandarískri flugherinn leyfi íslenskum starfsmönnum að stjórna ferðum bandarískra orrustuflugvéla? Og ef svo ólíklega skyldi vilja til að það yrði reyndin, mundi sú tilhögun breyta einhverju um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna?

Önnur möguleg skýring á þessum áhuga á því að Íslendingar starfræki ratsjárstöðvar Bandaríkjahers kom fram í grein í Aviation week árið 1977. Sagt var að skipulagsfræðingar hersins óttuðust neikvæðan stjórnmálalegan eftirmála vinstri stjórna og þorskastríða. Þeir höfðu áhyggjur af aðstöðu Bandaríkjahers á Íslandi. "Sambandið við Íslendinga ... þarf að batna. Afstaðan til veru Bandaríkjahers á eynni er enn neikvæð, og ef hermenn eru látnir starfrækja nýju ratsjárstöðvarnar gæti það ógnað allri aðstöðu í landinu" (29).

Ef Íslendingum yrði boðin vinna gæti það auðvitað dregið úr slíkum viðsjám og þessi aðferð hefur verið notuð um allan heim til að afla stuðnings við nýjar hernaðarframkvæmdir.

Ef stefnt er að því að Ísland verði virkari liður í hernaðaraðgerðum á Norður-Atlantshafi gæti það verið fyrsta skref í átt til þess að landið kæmi sér upp eigin herafla og hyrfi síðan frá þeirri hefðbundnu stefnu sinni að eiga lítinn þátt í hernaðaruppbyggingu NATO. Ýmis teikn eru á lofti um ógnvænlega uppbyggingu vígbúnaðar og breytta hernaðarstefnu beggja stórvelda á Norður-Atlantshafi. Staðan mundi skjótt versna ef ríkisstjórnir á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum létu af hófsamlegri stefnu sinni í þessum efnum. Ef af þessari stefnubreytingu yrði án þess að fram hefði farið opinber umræða um ástæðurnar fyrir henni hlyti hún að vera í andstöðu við þá stefnu utanríkisráðherra að Íslendingar eigi fullan þátt í ákvörðunum.

Tilvitnanir:

1) NATO *Facts and Figures* (NATO Information Service, Brussels, 1983), bls. 188.
2) US *Congress, Senate, Committee on Armed Services, Department* of Defense Authorization for Appropriations for Fiscal Year 1985, Part 2, bls. 1116.
3) *US Congress, House of Representatives,* Committee on Armed Services, Hearings on HR 1816 (HR2972) to Authorize Certain Constructions at Military Installations for Fiscal Year 1984 (US Government Printing Office, Washington DC, 1983), bls. 295.
4) *Department of the Air Force,* Supporting Data for Fiscal Year 1984 Budget Estimates — Descriptive Summaries: Research, Development, Rest and Evaluation (31. janúar 1983), bls. 339.
5) Gunnar Gunnarsson: *„Icelandic Security Policy: Context and Trends", Cooperation and Conflict,* Vol. XVII. 1982, bls. 264. Sjá einnig: Paul Claesson: *„DEW-kæden — Elektronisk afskrækkelse"* í Paul Claesson (ritsb.): *Grönland — Middelhavets Perle: Et indblik í Amerikansk Atomkrigs-Forberedelse* (Eirene, Köbenhavn, 1983), bls. 71—78; Mike Hirst: *Airborne Early Warning: Design, development and operations* (Osprey, London, 1983), bls. 42; Peter Pringle and William Arkin: *SIOP: Nuclear war from the inside* (Sphere Books, London, 1983), bls. 61; *Aviation Week & Space Technology,* 13. apríl 1981, bls. 68.
6) *Aviation Week & Space Technology,*13. apríl 1981, bls. 70.
7) *Department of the Air Force,* áður tilvitnað, bls. 338—340; US Congress, Senate, Committee on Armed Services, sama tilvitnun og áður; Aviation Week & Space Technology, 19. mars 1984, bls. 92; Jane's Defence Weekly, 10. mars 1984, bls. 350.
8) *US Congress, House of Representatives,* Committee on Appropriations, Military Construction Appropriations for 1985, Part 4, bls. 508.
9) *Aviation Week & Space Technology,* 16. júní 1980, bls. 299; 13. apríl 1981, bls. 70; 19. mars 1984, bls. 92.

10) *Aviation Week & Space Technology,* 16. júní 1980, bls. 231, og 30. júlí 1984, bls. 65. Þetta eru tölur framleiðenda. Þær samrýmast alls ekki fullyrðingum Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra að tíu til fimmtán manna starfslið geti annast starfrækslu nýju ratsjárstöðvanna „bæði hvað rekstur og viðhald varðar (sjá: *Utanríkismál,* skýrsla Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis 1984 (Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík, apríl 1984), bls. 22).
11) *US Congress, Senate,* Committee on Armed Services, áður tilvitnað, bls. 1107.
12) *Aviation Week & Space Technology,* 19. mars 1984, bls. 92.
13) Mike Hirst, áður tilvitnað, bls. 180.
14) Þegar undirbúningur stóð yfir að staðsetningu AWACS-flugvélanna á Íslandi árið 1977, voru einnig uppi áform um að byggja nýjar ratsjárstöðvar á norðanverðu Íslandi, en þá var þess getið að „uppsetning ratsjárstöðva á jörðu niðri í Noregi og á Íslandi bindur ekki endi á ... þörfina fyrir ratsjár á flugi" *(Aviation Week & Space Technology,* 22. ágúst 1977, bls. 44). Ári síðar, áður en fyrsta AWACS-þotan kom til Keflavíkur í október 1978, lágu fyrir áætlanir um að alls yrðu þrjár AWACS-vélar staðsettar þar. Minnt var á þessar áætlanir aftur árið 1982. Sjá: *US Congress, House of Representatives,* Committee on Appropriations, Department of Defense Appropriations for 1980, Part 2, bls. 532, og *Aviation Week & Space Technology,* 30. ágúst 1982, bls. 9.
15) *Aviation Week & Space Technology,* 30. ágúst 1982, bls. 9.
16) *Defense Daily,* 2. júlí 1984, bls. 5; *US Congress, Senate,* Comittee on Appropriations, Department of Defense Appropriations for Fiscal Year 1984 (US Government Printing Office, Washington DC, 1983), Part 1, bls. 269; *US Congress, Senate,* Committee on Appropriations, Department of Defense Appropriations for 1985, Part 2, bls. 484.
17) *Defense Week,* 16. apríl 1984, bls. 1 og 6.
18) *En Route Supplement: British Isles and North Atlantic* (RAF Flight Information Publication, Northolt, 30. ágúst 1984), bls. 165.
19) *Aviation Week & Space Technology,* 10. maí 1976, bls. 135, og 15. október 1979, bls. 14.
20) „Ratsjárstöðvarnar yrðu aðeins til varnar og eftirlits", *(Morgunblaðið,* 4. september 1984).
21) *Aviation Week & Space Technology,* 10. maí 1976, bls 135, og 15. október 1979, bls. 14.
22) *US Congress, House of Representatives,* Committee on Armed Services, áður tilvitnað, bls. 293. Sjá einnig: *NATO Facts and Figures* (NATO Information Service, Brussels, 1983), bls. 188—197, og *Aviation Week & Space Technology,* 26. október 1981, bls. 44. Rétt er að taka fram að „notkunarríkið" sem getið er í þessari tilvitnun eru Bandaríkin en ekki Ísland; það er notkun Bandaríkjahers á stöðvunum á friðartímum sem NATO vill ógjarnan fjármagna. Að því er snertir ratsjárstöðvar til strandgæslu virðist utanríkisráðuneytið gefa í skyn að þær yrðu einkum notaðar á friðartímum af íslenskri stofnun, þ. e. Landhelgisgæslunni. NATO kostar ekki slíkar stöðvar.
23) *Defense of Iceland Pursuant to North Atlantic Treaty* (Treaties and Other International Acts Series, 3716; US Dept. of State, Washington DC, 1956), bls. 3—4.
24) Gunnar Gunnarsson, áður tilvitnað, bls. 268.
25) „*Utanríkismál...*", bls. 21.
26) „Iceland attends NATO Military Committee", *News from Iceland,* nr. 1010, júní 1984, bls. 1.
27) *Utanríkismál,* áður tilvitnað, bls. 20.
28) *Utanríkismál,* áður tilvitnað, bls. 20.
29) *Aviation Week & Space Technology,* 22. ágúst 1977, bls. 44.

Malcolm Spaven er upplýsingafulltrúi hjá ADIU-stofnuninni (Armament and Disarmament Information Unit) við Sussex-háskólann í Brighton í Bretlandi. Stofnunin safnar saman og miðlar upplýsingum um vígbúnað og afvopnun.

Nd. 242. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirrituð leggur til að frv. verði breytt þannig að í lögunum komi það eitt fram að nýtt fiskverð gildi frá 21. nóvember 1984 en Verðlagsráð ákveði sjálft verðlagstímabilið eins og gert er ráð fyrir að það geri í lögunum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, í 2. málsl. 2. málsgr. 8. gr. Er breytingartillaga þessa efnis flutt á sérstöku þskj. og er hún í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið frá fulltrúum sjómanna við meðferð málsins í nefndinni.

Alþingi, 7. des. 1984.
Margrét Frímannsdóttir.

Nd. 243. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Karvel Pálmasyni.

Við 1. gr. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi frá 21. nóvember 1984. Verðlagsráð ákveður sjálft lengd verðlagstímabilsins.

Nd. 244. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

IX. kafli, **Um mörk og markaskrá,** breytist og orðist svo:

a. (63. gr.)

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk, brennimörk og plötumerki í eyra með áletruðum stöfum hreppsbrennimarks (sveitarfélags) og heimilisnúmeri eða brennimarki einstaklings. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum, sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð við lög þessi að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé, ella plötu í eyra. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á geitum og sauðfé.

Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk og plötumerki á hrossum og nautgripum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að löggilda frostmerkingar sem mörk á hrossum og nautgripum og skal þá frostmerking vera rétthærri en eyrnamark. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja hross og nautgripi.

b. (64. gr.)

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á kind er brennimark rétthæst, næst löggilt plötumerki, þá hornamark og síðast eyrnamark. Sé þess krafist af eiganda réttlægra marks á kind, skal eigandi rétthærra marks gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

c. (65. gr.)

Mörk ganga að erfðum og gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Við framsal á marki og upptöku gerðarmarks skal þess gætt, að gerð marksins sé í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins og reglur um bann við sammerkingum skv. 68. gr., og ekki svo líkt öðru marki á svæðinu, að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði. Sama gildir ef markeigandi flyst á milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi markaverði, birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk, en að öðru leyti skal í fjallskilasamþykkt tekið fram hvers konar mörk megi taka upp og nota.

d. (66. gr.)

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1987. Stjórnum fjallskilaumdæma er heimilt að sameinast um útgáfu markaskrár.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskrár af sinni hálfu. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðherra setur um mörk og markaskrár.

Ráðherra getur með reglugerð falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þess. Kostnað af starfi Búnaðarfélags Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda. Þó er Búnaðarfélaginu heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskránna í fyrsta sinn.

Kostnaður fjallskilaumdæmis við markavörslu, störf markavarða og gerð og útgáfu markaskrár skal greiddur af markagjöldum.

Stjórn fjallskilaumdæmis getur ákveðið eftirfarandi markagjöld:

a) Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu nýrrar markaskrár. Skal gjald þetta fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki, þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri fjármörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár frá útgáfu síðustu markaskrár eða lengur.

b) Gjald fyrir skráningu á eigendaskiptum eða upptöku á nýju marki milli útgáfu markaskráa.

c) Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á fjallskilasjóði í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka á svæði hvers fjallskilasjóðs. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á, að gjöld samkvæmt a)- og b)-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins skv. þessari grein.

Markeiganda er skylt að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og skal það gert innan tiltekins frests, sem markavörður auglýsir, m. a. í Lögbirtingablaði.

e. (67. gr.)

Mark sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 65. gr., eftir útgáfu síðustu markaskrár, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá sem áður átti markið hafa forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti, sbr. 4. mgr. 68. gr.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til skráningar í markaskrá, með því að skrá það, og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar átta ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

f. (68. gr.)

Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð, sem sett skal, að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar, en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

Það telst vera sammerking, þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga á sauðfé, sem nú fyrirfinnast, og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er um eigendaskipti að marki, skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar, sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu, hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark, ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarða. Sé um sama flokk marks að ræða, sem ágreiningur er um, þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark, sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.

Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna 2. mgr., skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m. a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess, fjárfjölda, annarra marka viðkomandi og mismunandi sammerkingarbannsvæða.

Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar, á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka fé sitt með nýju marki.

Áður en markaverðir úrskurða, hver skuli halda marki, skal hlutaðeigandi markaeigendum gefinn kostur á að tjá sig skriflega um málið.

g. (69. gr.)

Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga, er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt kæranda og skal kærandi, vegna áfrýjunar, greiða gjald sem ráðherra ákveður árlega og auglýsir.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjársjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fella skal meginmál þessara laga og meginmál laga nr. 43 25. maí 1976 og 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 inn í lög nr. 42 12. maí 1969 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra skipaði þann 5. ágúst 1980 nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 421/1978 um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár. Í nefndinni áttu sæti: Halldór Pálsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, formaður, Haukur Jörundarson, þá skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytisins, og Gísli Andrésson, bóndi á Hálsi. Gísli tók sæti Jóns Kristjánssonar, rannsóknarmanns, í nefndinni við andlát hans 1981.

Við athugun nefndarinnar á markaskrám, útgefnum árið 1979, kom í ljós að enn var við lýði fjöldi óleyfilegra sammerkinga. Í lögum nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., er ekkert ákvæði sem bannar eldri sammerkingar sauðfjár, þótt hættulegar teljist, heldur aðeins ákvæði um að ekki megi taka upp nýtt mark, sem annar á í sama eða nærliggjandi héraði, svo að misdrætti geti valdið. Lög nr. 23 10. mars 1956, sbr. lög nr. 12/1967 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sem áðurnefnd reglugerð nr. 421/1978 er sett með stoð í, verða ekki heldur talin nægur lagagrundvöllur fyrir þeim aðgerðum, sem þörf er á til að útrýma sammerkingum sauðfjár.

Taldi nefndin því nauðsyn að fá sett í lög ákvæði, er banna allar hættulegar sammerkingar. Jafnframt lagði nefndin til að sú kvöð yrði lögð á markaverði landsins, að útrýma slíkum sammerkingum við útgáfu næstu markaskráa, sem allar eiga að koma út árið 1987, og að settar verði sérstakar reglur um hvernig beri að úrskurða um rétt manns til að halda marki sínu.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu á grundvelli tillagna nefndarinnar og að fenginni umsögn Búnaðarþings 1983 og 1984. Frumvarp um sama efni var lagt fram á Alþingi vorið 1983, en kom ekki til umræðu. Er frumvarpið nú lagt fram nokkuð breytt.

Reglur íslenskra laga um búfjármörk hafa að stofni til verið hinar sömu allt frá gildistíma Grágásar. Þannig voru flestar reglur Grágásar um þessi efni tekin óbreytt upp í Jónsbók, landsleigubálk 47 og 48, og giltu þau ákvæði þar til lög nr. 42 12. maí 1969 tóku gildi, en markareglur Jónsbókar voru teknar upp í þau lög með nokkrum breytingum.

Aukin útbreiðsla smitsjúkdóma í sauðfé, eins og riðuveiki síðustu ár, hefur kallað á auknar varúðarráðstafanir varðandi samgang sauðfjár. Sammerkingar, þ. e. notkun fleiri en eins fjáreiganda á sama marki, á þeim svæðum þar sem vænta má samgangs sauðfjár, auka hættu á útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og skapa erfiðleika við framkvæmd varúðarráðstafana vegna þeirra. Þá auka sammerkingar hættu á að fé sé dregið röngum eiganda.

Við athugun nefndarinnar kom í ljós, að heiti marka voru í ýmsum tilvikum mismunandi eftir landshlutum og svæðum. Ætti að útrýma hættulegum sammerkingum, væri því nauðsynlegt að samræma markaheiti fyrir allt landið. Vann nefndin að því verkefni og voru markaverðir landsins m. a. kallaðir saman til funda þar sem fjallað var um markaheitin og aðrar tillögur nefndarinnar. Skilaði nefndin ráðuneytinu tillögu að reglugerð um mörk og markaskrár og eru markaheiti þar samræmd og ákveðið á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar.

Búnaðarþing hefur samhliða umfjöllun um tillögur að frumvarpi þessu fjallað um tillögur að áðurnefndri reglugerð og samþykkt þær tillögur með þeirri breytingu, að þegar menn verða að láta af marki vegna stækkunar sammerkingabannsvæða, verði heimilaður viss aðlögunartími.

Búnaðarþing hefur í umfjöllun sinni um frumvarpið lagt á það áherslu, að sett verði ótvírætt heimildarákvæði um notkun tölvu við færslu markaskrár fyrir allt landið, til að greiða fyrir samræmingu í gerð og prentun markaskráa, útrýmingu sammerkinga og upptöku nýrra marka. Í ályktun Búnaðarþings 1984 segir, að þingið telji raunar að slíku ákvæði þurfi að beita til þess að lagasmíði þessi nái tilgangi sínum. Taldi þingið jafnvel koma til álita, að í stað heimildar handa ráðherra komi bein fyrirmæli um tölvuskráningu allra marka. Í frumvarpinu er fylgt þeirri stefnu nefndarinnar, að hafa ákvæði um tölvunotkun í heimildarformi, sem ráðherra tekur ákvörðun um.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á markareglum laga nr. 42/1969, raska ekki þeim grunni, sem byggt hefur verið á allt frá gildistíma Grágásar, nema hvað lengra er nú gengið í banni við sammerkingum sauðfjár og ýmsar reglur settar til að tryggja frekari samræmingu við notkun marka og gerð markaskráa. Þá felast í þessu frumvarpi nýmæli vegna breyttra viðhorfa og nýrrar tækni.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru:

1) Plötumerki í eyra með tiltekinni lágmarksáletrun er löggilt sem fjármark (63. gr.).
2) Heimilt er með reglugerð að löggilda frostmerkingar sem mörk á hrossum og nautgripum (3. mgr. 63. gr.).
3) Heimilt er að fela Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa, og upptöku nýrra marka (3. mgr. 66. gr.).
4) Ákveða má að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjón Búnaðarfélags Íslands (3. mgr. 66. gr.).
5) Rýmkaðar eru heimildir stjórna fjallskilaumdæma til að leggja á markagjöld (5. gr. 66. gr.).
6) Markavörslu er heimilt að geyma mark (2. mgr. 67. gr.).
7) Ítarlegri reglur eru um sammerkingar sauðfjár og nýmæli er að reglurnar ná nú til sammerkinga, sem þegar eru fyrir hendi. Settar eru reglur um hvernig beri að leysa úr ágreiningi um rétt manna til að halda mörkum.
8) Komið er á sérstakri markanefnd og er heimilt, og í vissum tilvikum skylt, að skjóta til hennar ágreiningi um mörk. Markanefnd skal einnig fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Uppröðun efnisatriða hefur og nokkuð verið breytt frá IX. kafla laga nr. 42/1969.

Vegna lögboðinnar útgáfu næstu markaskráa, sem gefnar skulu út samtímis árið 1987, er brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á Alþingi sem fyrst.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Um a. (63. gr.)

Í skilgreiningu á fjármörkum í 1. mgr. er bætt við plötumerki og tekið fram hvaða upplýsingar skuli að lágmarki vera á því. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 23/1956, sbr. lög nr. 12/1967, er sauðfjársjúkdómanefnd heimilað að fyrirskipa sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum, á kostnað eigenda, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Á grundvelli þessarar heimildar hafa þegar verið settar reglur um litarmerkingar búfjár, sbr. reglugerð nr. 113/1968. Eðlilegt þótti því, til að tryggja samræmi í slíkum litarmerkingum og plötumerkingum, að láta sauðfjársjúkdómanefnd setja nánari reglur um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum.

Ástæða þess að plötumerki eru nú löggilt sem fjármark er sú, hve fé er víða kollótt og því ekki hægt að brennimerkja það, auk þess sem hvert býli margra hreppa hefur sérstakt bæjarnúmer, sem bændur nota jafnhliða raðtölunúmeri á lömb sín.

Heimildin um að ákveða megi í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt plötumerkjum er tekin upp að tillögu Búnaðarþings vegna sauðfjársjúkdómavarna.

Heimild sú sem fram kemur í 1. málslið 3. mgr. var áður í 2. mgr. 64. gr., en heimildin er nú einnig látin taka til plötumerkja og nautgripa. Hins vegar er fellt niður úr heimildinni orðalagið „skil á“, því telja verður reglu 3. gr. laganna um efni fjallskilasamþykkta fullnægjandi lagastoð vegna reglna um skil á hrossum og nautgripum.

Nýmæli er að tekið er fram að sömu reglur gildi um mörk á geitum og sauðfé.

Samkvæmt 3. mgr. er ráðherra heimilt með reglugerð að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum, en frostmerkingar hafa ekki verið reyndar nægilega hér á landi, til þess að ákvæði um þær geti verið annað en heimild fyrir ráðherra. Rétt þótti þó að taka fram, að ef frostmerking verður löggilt, skuli hún vera rétthærri eyrnamarki.

Um b. (64. gr.)

Orðalagi 1. mgr. 64. gr. l. 42/1969, sbr. l. 43/1976, er hér breytt nokkuð til einföldunar, en efni mgr. er óbreytt, nema hvað ákveðið er að löggilt plötumerki skuli vera næst rétthæst fjármarka.

Um c. (65. gr.)

Í 1. mgr. 65. gr. l. 42/1969, sbr. l. 43/1976, er það skilyrði við upptöku gerðarmarks, að „annar maður í því héraði eða hinum næstu eigi ekki sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.“ Í frv. er þessari reglu breytt til samræmis við reglur um bann við sammerkingum sauðfjár og jafnframt er það lagt í vald markavarðar að úrskurða hvort gerðarmark sé það líkt öðru marki á sammerkingabannsvæðinu, að hætt sé við misdrætti.

Önnur málsgrein í tillögugreininni hefur að geyma sama efni og 69. gr. laga nr. 42/1969, sbr. l. 43/1976, en betur þótti fara í lagatextanum að láta þessi ákvæði fylgja reglum um aðilaskipti að mörkum.

Í núgildandi lögum er það lagt í vald sýslunefnda að ákveða í fjallskilasamþykkt, hvers konar mörk megi taka upp, svo og að banna tiltekin mörk, ef mikil soramörk eru, sbr. 2. mgr. 65. gr. l. 42/1969, sbr. l. 43/1976. Þessari reglu er fylgt áfram, nema hvað nú er gerð tillaga um að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt, þegar banna þarf notkun marks um land allt eins og t. d. gat og netnál á sauðfé, vegna þess að slíkar benjar eru oft eftir merki í eyra og því óréttlætanlegt að leyfa slík mörk til helgunar eignarrétti á kindum.

Hér er og rétt að minna á ákvæði 5. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, en skv. greininni er óheimilt að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.

Um d. (66. gr.)

Fyrstu tvær málsgreinar í tillögugreininni og sú síðasta koma í stað 68. gr. í gildandi lögum, með nokkrum breytingum. Auk orðalagsbreytinga er skotið inn ákvæði um að fylgt skuli ákvæðum reglugerðar, sem ráðherra setur um mörk og markaskrár og að sem mest samræmi skuli haft í gerð markaskráa um land allt.

Í 3. mgr. tillögugreinarinnar er mikilvæg breyting frá gildandi lögum. Þar er ráðherra heimilað með reglugerð að ákveða að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá Búnaðarfélags Íslands, auk þess sem ráðherra getur falið Búnaðarfélaginu tiltekin verkefni við gerð markaskráa. Af hálfu markanefndar, sem skipuð var 5. ágúst 1980, margra markavarða og Búnaðarþings, hefur verið lögð mikil áhersla á að inn í lögin komi heimild til að beita tölvu við gerð markaskráa og vörslu þeirra.

Í fljótu bragði kann það að virðast ankannalegt, að ákvæði um hagnýtingu á svo sjálfsagðri tækni sem tölvu, séu sett í lög, en varðandi markavörslu og gerð markaskráa er aðstaðan nokkuð sérstök. Í þessu frv. er fylgt fyrri stefnu um að það sé verkefni stjórnar hvers fjallskilaumdæmis að annast markavörsluna og útgáfu markaskráa. Til að útrýma sammerkingum þykir hins vegar nauðsynlegt að viðhafa vissa samræmingu og samstarf við gerð markaskráa, og auk beinna ákvæða í lögum og reglugerðum er hér heimilað að fela Búnaðarfélaginu verkefni á þessu sviði. Kostnað af þessu starfi Búnaðarfélagsins greiða hins vegar stjórnir fjallskiladeildanna í hlutfalli við markafjölda og því er eðlilegt að til svo viðamikils verks sem tölvuskráningar á öllum mörkum í landinu sé sérstök lagaheimild. Þá er einnig nauðsynlegt, að í lögum sé ótvíræð heimild til slíkrar tölvuvinnslu, þannig að stjórnir einstakra fjallskilaumdæma geti ekki skorist úr leik, verði tekin upp tölvuvinnsla á markaskrám.

Með tölvuvinnslu á markaskrám verður mun auðveldara að finna óleyfilegar sammerkingar og hindra að stofnað sé til nýrra. Þá mun slík tölvuvinnsla, þegar hún er orðin að veruleika, auðvelda síðari útgáfu markaskráa og draga úr kostnaði við útgáfuna. Hins vegar er ljóst, að í upphafi verður um að ræða nokkuð aukinn kostnað miðað við fyrri vinnsluaðferðir og er því að tillögu markanefndar, sem skipuð var 5. ágúst 1980, lagt til að Búnaðarfélaginu sé heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskránna í fyrsta sinn.

Það skal tekið fram, að hjá Búnaðarfélagi Íslands er fyrir hendi tölvubúnaður og öll aðstaða til að sinna þessu verkefni.

Eins og í núgildandi lögum skal kostnaður fjallskilaumdæmis við markavörslu, störf markavarða, gerð og prentun markaskráa, þ. m. t. verkefni sem Búnaðarfélaginu kann að verða falið að annast, greiddur af markagjöldum sem stjórn hvers fjallskilaumdæmis getur lagt á markaeigendur.

Í 5. mgr. tillögugreinarinnar eru ýmis nýmæli. Þannig er lagt til að taka megi stighækkandi gjald ef markeigandi á þrjú mörk eða fleiri og eins ef mark hefur sannanlega ekki verið notað í tiltekinn tíma. Samkvæmt þessu er unnt að ákveða stighækkandi gjald fyrir hvert mark sem markeigandi óskar að skrá umfram þrjú. Í ályktun Búnaðarþings 1984 segir, að slíkt ákvæði sem þetta sé réttmætt, og orðrétt segir í ályktuninni:

> „Þegar sammerkingabannsvæði stækka er aukin ástæða til að vinna gegn því að einstakir menn sanki að sér mörgum mörkum eins og sjá má dæmin um í ýmsum markatöflum."

Þá eru ákvæði c-liðar um jöfnunargjald nýmæli, en telja verður rétt að stjórnir fjallskiladeildanna hafi slíkt úrræði, ef gjöld skv. a- og b-lið nægja ekki til að standa undir þeim kostnaði sem þeim er ætlað að mæta, frekar en að bíða verði útgáfu á nýrri markaskrá til að afla tekna til að standa undir nauðsynlegum og lögboðnum kostnaði.

Um e. (67. gr.)

Fyrri málsgrein þessarar greinar kemur í stað 66. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. felst hins vegar nýmæli, þar sem markavörslu umdæmis er heimilað að geyma mark, en sé markið geymt lengur en 8 ár, falli þó aldursréttur þess niður.

Um f. (68. gr.)

Í þessari grein er mikilvæg breyting frá gildandi lögum, en með greininni er lagður lagagrundvöllur að samræmdum aðgerðum til að útiloka sammerkingar á sauðfé þar sem þörf er á slíkum aðgerðum, eigi sauðfjárveikivarnir að þjóna tilgangi sínum.

Skv. 68. gr. núgildandi laga skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar. Jafnframt er heimilað að setja í fjallskilasamþykkt fyrirmæli um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sammerkingar, sbr. 4. mgr. 68. gr. laga nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976.

Á grundvelli þessara lagareglna hafa markaverðir hinna ýmsu fjallskilaumdæma unnið að útrýmingu sammerkinga og ákvæði eru um sammerkingar í ýmsum fjallskilaumdæmum.

Þá voru með reglugerð nr. 421/1978 um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár vegna sauðfjárveikivarna settar ýmsar samræmdar reglur um þessi mál og kveðið á um bann við sammerkingum milli tiltekinna svæða á landinu. Þessi reglugerð var sett skv. heimild í 45. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og í samræmi við IX. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969. Eðlilegra þótti hins vegar að búa reglum um þessi efni lagagrundvöll á einum stað í löggjöfnni og setja í lög reglur um hvernig skera eigi úr rétti manna til marka, sem leggja þarf niður vegna banns við sammerkingu.

Í lögum er hins vegar ekki heppilegt að setja nákvæmar reglur um, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar séu bannaðar né hvaða markaverðir skuli starfa saman að útrýmingu þeirra, því aðstæður kunna að breytast, m. a. vegna útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og nýrra varnarlína. Því er hér gerð tillaga um að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um þessi atriði.

Ríkari skylda en nú er í lögum er lögð á markaverði skv. þessu frumvarpi um að þeir vinni að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú eru fyrir hendi og fyrirbyggi að nýjar myndist.

Reglur þær, sem fram koma í 2. mgr. um rétt markeiganda til marks, eru að stofni til komnar úr Jónsbók, landsleigubálki 48, en eru nú í 67. gr. laga nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976. Sú breyting er þó gerð hér að ef ekki reynist unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli þessara reglna eða markaverðir verða ekki sammála, er skylt að vísa málinu til sérstakrar markanefndar sem tekur til landsins alls. Hér er það þó undanskilið að eðlilegt er að markaverðir leiti eftir því við markaeigendur, að ná sáttum milli þeirra um niðurfellingu slíkra marka og leiðbeini þeim um upptöku nýrra marka.

Í umfjöllun um tillögur að þessu frumvarpi voru ræddar ýmsar leiðir, sem miðuðu að því markmiði að markaverðir heim í héraði leystu úr þessum málum til fullnustu, en frekar væri þá gert ráð fyrir málskotsrétti þolenda t. d. til ráðuneytis. Þannig var rætt um hvort hægt væri að láta t. d. fjárfjölda eða hlutkesti ráða þegar þeim efnisreglum sem fram koma í 2. mgr. greinarinnar sleppir. Af hálfu markanefndar, sem skipuð var 5. ágúst 1980, og Búnaðarþings voru taldir ýmsir annmarkar á slíkum reglum og lögðu þessir aðilar áherslu á að komið yrði á fót úrskurðaraðila eins og markanefnd skv. þessu frumvarpi, því án slíks aðila væri ekki unnt að útrýma öllum óleyfilegum sammerkingum og tryggja nauðsynlegt samræmi í störfum markavarða að þessu verkefni.

Við úrlausn þeirra ágreiningsmála, sem ganga til markanefndar, ber nefndinni að fylgja þeim efnisreglum, sem fram koma í 2. mgr. 68. gr., eigi þau ákvæði við, en að öðrum kosti

verður nefndin að kveða upp rökstuddan úrskurð, sem byggist á mati nefndarinnar m. a. að teknu tilliti til þeirra sérstöku atriða, sem nefndinni ber að gæta skv. loforðum 3. mgr.

Í 4. mgr. tillögugreinarinnar er tekið fram, að sá sem missir mark sitt vegna þeirra reglna, sem fram koma í frv. eigi ekki kröfu á bótum. Á þeim fundum, sem haldnir hafa verið með markavörðum vegna endurskoðunar þeirra lagaákvæða sem hér er fjallað um og reglugerða tengdum þeim, hafa þeir lagt áherslu á að fébætur komi ekki fyrir mörk, sem leggja þarf niður til útrýmingar sammerkingum, þótt mörk séu viðurkennd eign, sem geti t. d. gengið að erfðum. Er í því sambandi bent á, að upptaka nýrra marka sé náma, sem öllum fjáreigendum sé leyfilegt að ganga í, þó með takmörkunum sem kunna að felast í lögum og reglugerðum. Takmarkanir og niðurfelling marka vegna banns við sammerkingum verða að teljast til þeirra almennu takmarkana á eignarrétti sem ekki falla undir eignarnám skv. 67. gr. Stjórnarskrár Íslands, en rétt þótti að taka af öll tvímæli um þetta atriði í ákvæðum frumvarpsins.

Ýmis gögn, t. d. eignarheimildir marka og upplýsingar, er markaeigendur kunna að hafa undir höndum, geta skipt máli við úrlausn markavarða, þegar deilt er um hver skuli halda marki. Þá er og eðlilegt að markaeigendur geti komið á framfæri sjónarmiðum sínum áður en markaverðir ákveða um rétt manna til marka. Því er í 5. mgr. boðið að markaeigendum skuli gefinn kostur á að tjá sig skriflega áður en markaverðir taka ákvörðun um hver haldi marki.

Um g. (69. gr.)

Samkvæmt 68. gr. er skylt að vísa til markanefndar ágreiningi um, hver skuli halda marki í vissum tilvikum. Í 1. mgr. þessarar greinar eru tilgreindar þær ákvarðanir markavarða, sem sá er hagsmuna hefur að gæta vegna ákvörðunar markavarðar getur skotið til markanefndar. Þó leggja verði áherslu á að markavarsla og úrlausn ágreinings um mörk sé fyrst og fremst verkefni markavarða heima í héraði, þykir rétt að þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ákvarðana þeirra, geti áfrýjað tilteknum ákvörðunum til óháðs úrskurðaraðila, sem tekur til alls landsins. Það skal tekið fram, að þegar talað er um skráningu á marki og synjun um skráningu, er ekki einvörðungu átt við þau tilvik þegar reglur um sammerkingar eiga í hlut, heldur slíkar ákvarðanir markavarða almennt. Rétt þykir að setja mönnum tiltekinn frest til að skjóta máli til markanefndar, m. a. vegna auglýsingar á mörkum og gerð markaskrár.

Nefnd sú, sem samdi frumvarp það sem síðar varð lög nr. 42/1969, setti á sínum tíma fram þá tillögu að komið yrði á fót landsmarkadómi með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir að markanefnd starfi skv. þessu frumvarpi. Í meðförum Alþingis var ákvæðið um landsmarkadóm hins vegar fellt niður og taldi þingnefnd sú, sem um málið fjallaði, að rétt væri að þessum málum yrði ráðið til lykta í héraði, en óþarft væri að koma á slíkri landsnefnd. Markanefnd sú, sem landbúnaðarráðherra skipaði 5. ágúst 1980 til að endurskoða lög og reglur um mörk og sammerkingar búfjár, hefur enn lagt til að komið verði á fót slíkum úrskurðaraðila, sem taki til alls landsins. Þannig sé unnt að tryggja fullt samræmi við úrlausn þeirra ágreiningsmála, sem kunna að rísa vegna útrýmingar á óleyfilegum sammerkingum og framkvæmd reglna um mörk. Í tillögum sínum lagði nefndin til að notað yrði heitið landsmarkadómur, en í frumvarpinu er hins vegar fylgt þeirri reglu að nota ekki orðið dóm um úrskurðaraðila, nema um sé að ræða dómsvald.

Rétt þykir að taka fram, að markanefnd skal af sjálfsdáðum fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár, því þó nefndin hafi ekki úrskurðarvald nema í nánar tilgreindum málum, er mikilvægt að einhver einn aðili fylgist með framkvæmd þessara mála og veki athygli réttra aðila á því sem betur má fara. Þá er ráðherra veitt heimild til að fela markanefnd tiltekin verkefni með reglugerð og má í því sambandi nefna sem dæmi framkvæmd reglna um forstmerkingar hrossa og nautgripa verði þær löggiltar.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 43 25. maí 1976 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 42/1969, sérstaklega III. kafla laganna er fjallar um verndun beitilanda og um ítölu. Við þessa breytingu varð einnig nokkur breyting á töluröð greina í lögunum. Með 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 var gerð breyting á refsiákvæði laganna varðandi sektarmörk, en þar er vísað til 73. gr., en ljóst er að átt er við 70. gr. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Nd. 245. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í frumvarpi þessu er tvennt á ferðinni. Annars vegar er lagt til að nýtt fiskverð verði ákveðið frá 21. nóvember 1984 þótt yfirstandandi verðlagstímabili sé ekki lokið. Hins vegar er ákveðið að nýtt fiskverð skuli gilda til 31. ágúst 1985 í stað 1. júní 1985 eins og orðið hefði ef venjuleg vinnubrögð við fiskverðsákvörðun hefðu verið viðhöfð.

Fyrra atriðið, þ. e. að endurskoða fiskverð nú þegar, er góðra gjalda vert með tilliti til mikilla kauphækkana í landi. Hins vegar er ljóst að þessi aðgerð út af fyrir sig breytir kjörum sjómanna óverulega því að þeir eiga einungis örfáa hundraðshluta óveidda af ársafla sínum. Einnig má telja líklegt að talsverður hluti þessa afla verði seldur erlendis á verði sem er alls óháð Verðlagsráði.

Um síðara atriðið, þ. e. lengingu gildistíma, er ýmislegt að segja.

Í fyrsta lagi er það ekki í samræmi við starfsreglur Verðlagsráðs sem mundi vafalaust hafa ákveðið nýtt fiskverð til 1. júní n. k. samkvæmt venju.

Í öðru lagi bindur ákvæðið kjör sjómanna mörgum mánuðum lengur en verið hefði með gildistíma til 1. júní n. k. og möguleika á uppsögn í mars eða apríl.

Loks er þetta ákvæði lýsandi dæmi um afskiptasemi löggjafans af kjarasamningum. Sjálfstæðisflokkurinn rifjar upp öðru hvoru að þessi afskipti séu röng og við sérstök tækifæri telur hann þau jafnvel af hinu illa. Núverandi ríkisstjórn hefur lýst þessu sama viðhorfi. Engu síður eru með þessu frv. lögð til aukin afskipti löggjafans af atvinnugrein sem nú þegar hefur lítið olnbogarými til eigin frumkvæðis.

Bandalag jafnaðarmanna hefur fyrir löngu lýst sig andvígt þessum vinnubrögðum. Með fiskverðsákvörðun af þessu tagi er gert ráð fyrir meðaltalsafkomu í greininni **í heild,** afkomu sem ekki er til staðar hjá einstökum rekstrareiningum. Með fiskverðsákvörðun af þessu tagi er ákveðið lágmarksverð sem notað er til að reikna laun sjómanna en yfirborganir á fiskverðið, sem eru taldar mjög algengar, skila sér sjaldnast til þeirra.

Bandalag jafnaðarmanna hafnar þessum vinnubrögðum en telur að ákvörðun fiskverðs og launa eigi að vera án afskipta ríkisvalds og á ábyrgð samningsaðila sjálfra.

Undirritaður er andvígur þeirri afskiptasemi löggjafans sem þetta frv. er hluti af og mun því ekki greiða því atkvæði. Hins vegar má telja að við núverandi kerfi verði endurskoðun fiskverðs frá 21. nóvember s. l. einhverjum hluta sjómanna til hagsbóta. Undirritaður vill ekki standa gegn því að launafólk njóti þeirra kjara sem það á kost á og mun því sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 10. des. 1984.

Guðmundur Einarsson.

Sþ. 246. Fyrirspurn [208. mál]

til forsætisráðherra um framlag til hjálparstarfs í Eþíópíu.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hyggst ríkisstjórnin láta fé af hendi rakna til hjálparstarfs á þurrka- og hungursvæðunum í Eþíópíu?

Ed. 247. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds, Stefáni Benediktssyni, Davíð Aðalsteinssyni, Haraldi Ólafssyni, Eiði Guðnasyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. 2. efnismálsgrein orðist svo:

Menn, sem náð hafa 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa töluliðar við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Nd. 248. Frumvarp til laga [209. mál]

um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Skipan Verðlagsráðs og verkefni.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, þannig:

A. Af hálfu fiskseljenda:

2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.
2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskseljenda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Heimilt er þeim sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt þessari grein að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir því sem rétt þykir, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun komi sem best fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg störf eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávarafla skal Verðlagsráð skipað 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fiskkaupendum skv. 1. gr.

3. gr.

Fiskideild. Þegar ákveða skal verð á sjávarafla, öðrum en þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafla, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S.Í.S. í Verðlagsráði og má hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt 2. mgr.

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

4. gr.

Síldarsöltunardeild. Þegar ákveða skal verð á síld til söltunar skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

5. gr.

Bræðsludeild. Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum

fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Með reglugerð má ákveða að verðlagning samkvæmt 4. og 5. gr. sé bundin við ákveðið verðlagssvæði.

6. gr.

Aðalverkefni Verðlagsráðs eru:

1. Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn, sbr. þó ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.
2. Að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma.
3. Að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina veiða og vinnslu, svo og að safna öðrum þeim gögnum sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla.

Verðlagsráði er heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu.

7. gr.

Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

II. KAFLI

Um verðákvarðanir Verðlagsráðs.

8. gr.

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra. Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. tekið verði mið af gæðum sjávarafla eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

9. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega að verðlagning sjávarafla liggi fyrir áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Ákveða skal með reglugerð hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi.

10. gr.

Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar með greinargerð um þau atriði sem samkomulag er um. Yfirnefndin skal skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskseljendum og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. — og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra sem tilnefna menn í Verðlagsráð skv. B-lið 1. gr. en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni sem skal vera forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

11. gr.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávarafla undir því verði sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Verðlagsráðs.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, við að láta þær í té og má þá beita dagsektum frá 500 kr. til 5000 kr. þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 23. júlí 1974, sbr. l. 27/1978 og l. 15/1983.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa í Verðlagsráð eftir tilnefningu aðila samkvæmt ákvæðum laga þessara og komi hin nýja skipan til framkvæmda frá og með 1. mars 1985. Jafnframt falli þá niður umboð þeirra aðila, sem skipaðir voru í Verðlagsráð samkvæmt lögum nr. 81/1974 frá 1. október 1983.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bráðabirgðaákvæði laga nr. 1 11. febrúar 1983 um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. var kveðið á um að Alþingi skyldi kjósa fjóra menn í nefnd til að endurskoða lög nr. 81/1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Jafnframt skyldi sjávarútvegsráðherra skipa í nefndina samkvæmt tilnefningum, fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og fiskvinnslu, auk formanns. Alþingi kaus í nefndina þá Matthías Bjarnason, Martein Friðriksson, Garðar Sigurðsson og Sighvat Björgvinsson. Með bréfi sjávarútvegsráðherra dags. 17. maí 1983 var Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, skipaður formaður nefndarinnar. Enn fremur skipaði sjávarútvegsráðherra í nefndina þá Ingólf Stefánsson, tilnefndan af FFSÍ, Kristján Ragnarsson, tilnefndan af LÍÚ, Óskar Vigfússon, tilnefndan af SSÍ og Sigurð Einarsson,

tilnefndan sameiginlega af SÍF, SH og SÍS. Pétur Sigurðsson alþingismaður tók sæti Matthíasar Bjarnasonar í nefndinni þegar í upphafi nefndarstarfsins. Með nefndinni starfaði Bolli Þór Bollason hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun.

Nefnd þessi lauk störfum í apríl 1984 með samþykkt nefndarálits er gerði ráð fyrir nokkrum breytingum á lögum um Verðlagsráðið. Voru nefndarmenn í meginatriðum sammála um þær breytingartillögur. Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er því ætlað að koma í stað núgildandi laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins nr. 81 23. júlí 1974, sbr. l. 27/1978 og l. 15/1983. Frumvarpið er í meginatriðum samhljóða l. 81/1974 en breytingartillögur nefndarinnar hafa verið felldar inn í meginmál laganna og eru þær í stuttu máli eftirfarandi:

1. Fækkun fulltrúa í ráðinu úr 12 í 8.
2. Nýtt lagaákvæði er heimilar Verðlagsráði að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa er sérstaklega stendur á að mati ráðsins enda sé um það einróma samkomulag.
3. Nýtt lagaákvæði er kveður á um að Verðlagsráð skuli haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla þannig að ávallt verði tekið mið af gæðum sjávarafla við verðákvarðanir eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.
4. Í lögin verði bætt nýju ákvæði þess efnis að þegar Verðlagsráð vísar ágreiningsatriðum til yfirnefndar skuli fylgja greinargerð um þau atriði sem samkomulag er um.
5. Ákvæði um skipan sérstakra fulltrúa við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum verði fellt niður.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að fækkað sé í Verðlagsráði frá því sem nú er til að bæta starfshætti ráðsins og draga úr kostnaði. Með þessari breytingu verða fulltrúar í öllum deildum ráðsins nú 16 talsins í stað 30 áður (í raun 36 áður ef sérstakir fulltrúar við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum eru taldir með, sbr. C-lið 1. gr. l. 81/1974).

Sú breyting felst í 1. gr. frumvarpsins frá 1. gr. núgildandi laga að niður er fellt ákvæði C-liðar 1. mgr. þess efnis að við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skuli skipaðir sérstakir fulltrúar. Fyrir þessu eru aðallega fjórar ástæður:

1) Útgerðarhættir hafa breyst talsvert undanfarin ár, t. d. í rækju þar sem vinnslan var afmarkaðri og bundin einstökum svæðum en er nú í dag orðin almennari og er von á enn frekari breytingum í þá átt. Sama má segja um hörpudiskinn, þó svo að vinnslan sé enn nokkuð svæðisbundin þá bendir margt til þess að þetta sé að breytast. Af þessum sökum hefur verið talið að ekki sé lengur ástæða til að kalla til sérstaka fulltrúa við þessa verðlagningu.

2) Með þessari breytingu fækkar aðilum í Verðlagsráði en það er talið æskilegt til að bæta starfshætti þess og draga úr kostnaði, sbr. að framan.

3) Í 2. mgr. 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að Verðlagsráði sé heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins.

4) Þá má benda á það að fulltrúar þeirra hagsmunaaðila sem sæti eiga í ráðinu skv. A- og B-lið 1. gr. núgildandi laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins telja sig fara með umboð fyrir þessar greinar veiða og vinnslu eins og aðrar.

Um 2. gr.

Hér er einungis gert ráð fyrir þeirri breytingu að fulltrúum í Verðlagsráði fækki úr 12 í 8, sbr. 1. gr.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi laga að því undanskildu að breyting hefur orðið á fjölda fulltrúa í ráðinu.

Um 4. gr.

Óbreytt að öðru leyti en því að fulltrúum hefur fækkað.

Um 5. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 8. gr. laga 81/1974 að því undanskildu að fulltrúum hefur fækkað og nú tilnefnir Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda alla fulltrúa af hálfu fiskkaupenda.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 6. gr. frv. er nýmæli en þar er gert ráð fyrir því að Verðlagsráði sé heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu. Í núgildandi lögum um Verðlagsráðið er ráðinu hins vegar skylt að ákveða verð á öllum sjávarafla, án undantekningar. Það var álit nefndarinnar sem endurskoðaði lögin að heimila þyrfti þetta í lögunum en slík ákvörðun um að gefa verðlagningu frjálsa yrði ekki tekin nema með samkomulagi allra aðila í ráðinu. Verði ágreiningur um þetta atriði er ekki heimilt að vísa honum til yfirnefndar.

Um 7. gr.

Greinin er orðrétt eins og 7. gr. l. 81/1974.

Um 8. gr.

Hér er að finna nýmæli þess efnis að Verðlagsráð hagi verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla. Þetta hefur í raun verið gert en nefndin var sammála um það að leggja ætti enn ríkari áherslu á gæði hráefnis við verðlagningu en áður.

Um 9. gr.

Greinin er orðrétt eins og 9. gr. l. 81/1974.

Um 10. gr.

Greinin er orðrétt eins og 10. gr. l. 81/1974.

Um 11. gr.

Grein þessi er óbreytt.

Um 12. gr.

Grein þessi er óbreytt.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 249. Frumvarp til laga [210. mál]

um selveiðar við Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála er selveiðar varða, sbr. þó ákvæði laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

2. gr.

Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland. Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar ákveðnar rannsóknir á selum, skal Hafrannsóknastofnuninni ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum þeirra rannsókna.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands.

4. gr.

Landeiganda einum eru heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir, samanber ákvæði laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Nú liggur land að sjó og á þá landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu og eru það netlög hans.

Öllum íslenskum ríkisborgurum eru selveiðar heimilar utan landareigna, sbr. 1. mgr. Enn fremur eru þeim selveiðar heimilar utan netalaga, sbr. 2. mgr., að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands, samanber lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Um rétt til selveiða gilda að öðru leyti ákvæði tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, eftir því sem við á, samanber þó 8. gr. laga þessara.

5. gr.

Erlendum ríkisborgurum eru óheimilar selveiðar hér á landi, við strendur Íslands og innan landhelgi Íslands og efnahagslögsögu, samanber lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. með milliríkjasamningum.

6. gr.

Ráðherra getur sett reglur um framkvæmd laga þessara. Með reglugerð getur ráðherra m. a.:

1. Bannað selveiðar á tilteknum svæðum.
2. Takmarkað selveiðar við ákveðinn tíma.
3. Friðað ákveðnar tegundir sela og ákveðið fjölda þeirra sela er veiða má af einstökum tegundum á ákveðnum svæðum á tilteknu tímabili.
4. Sett reglur um leyfilegar veiðiaðferðir og um hlaupvíddir skotvopna er nota má til selveiða.
5. Ákveðið hvernig gengið skuli frá drepnum selum.

6. Sett reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi.
7. Ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela, sé þess talin þörf.
8. Ákveðið að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs reglur um selveiðar á svæðum, sem friðlýst hafa verið eða kunna að verða, með heimild í lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd.
9. Sett reglur sem nauðsynlegar þykja til þess að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar, er Ísland kann að gerast aðili að.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Um upptöku á ólöglegri veiði, hagnaði af veiði og ólöglegum veiðitækjum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sektir og upptæk verðmæti skulu renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði: lög nr. 30 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, lög nr. 29 13. júní 1937, um útrýmingu sels í Húnaósi og 16. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju óbreytt.

Frumvarpið er samhljóða áliti nefndar þeirrar, sem frá er greint hér á eftir, að öðru leyti en því að breyting var gerð á 3. gr. þess. Í nefndarálitinu var 3. gr. svohljóðandi:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um stjórn og skipulag selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum.

Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórnun og skipulag selveiða."

Í ljós kom að það voru nokkuð skiptar skoðanir um form þess samráðs sem greinin gerði ráð fyrir. Þess vegna var talið eðlilegt að taka tillit til ólíkra sjónarmiða og var greininni breytt í samræmi við það.

Selveiðar hér við land eru jafngamlar búsetu manna. Í fyrstu var hér eingöngu um veiðar fyrir eigin þarfir að ræða en seint á nítjándu öld hófst útflutningur á selskinnum. Frá þeim tíma er hægt að henda reiður á fjölda veiddra sela við landið. Er þannig hægt að fá upplýsingar með nokkurri vissu um selveiðar, allt frá árinu 1897, úr fiskiskýrslum og hlunnindaskrám árin 1897—1945 og verslunarskýrslum frá 1946 og fram á okkar dag.

Meðalselveiði á ári var um 6 000 dýr á tímabilinu 1897—1919, en síðan minnkar veiðin verulega og er í lágmarki á árunum 1939—1959, um 2 500 dýr á ári að meðaltali. Þessi minnkun í veiði stafar líklega ekki af ofveiði heldur hafa margir þættir komið hér við sögu, svo sem verðfall á skinnum, selafár, ísaár og hinar þjóðfélagslegu breytingar hér á landi sem áttu sér stað á þessum tíma. Einnig er hugsanlegt að hluti flækingssela í veiðinni (hringanóra, vöðusela, kampsela og blöðrusela) hafi verið meiri fyrir þann tíma en selveiðin er ekki

sundurliðuð eftir tegundum í ofangreindum skýrslum. Um 1928 varð töluvert verðfall á selskinnum á heimsmarkaðinum. Upp frá því dregur úr selveiðum hér við land. Hélst þetta ástand samfellt til ársins 1960, en þá rætist úr og veiðar aukast á ný. Selveiðarnar ná síðan hámarki árið 1964 og eru miklar allt fram til ársins 1977, eða um 6 500 selir hvert ár að meðaltali. Á árinu 1978 verður verðfall á selskinnum á mörkuðum á meginlandi Evrópu sem rekja má til aukins áróðurs dýra- og náttúruverndarmanna gegn hvers konar selveiðum. Þetta verðfall á skinnum gerði það að verkum að jafnt og þétt dró úr selveiðum hér við land á síðustu árum og var veiðin komin niður í um 3 000 dýr árið 1981.

Aðferðir við selveiðar hafa lítið breyst frá upphafi. Hann er veiddur í net, eltur uppi, króaður af og rotaður með þar til gerðri kylfu, eða skotinn. Einnig drepast selir í grásleppu- og þorskanetum.

Uppistaðan í selveiðunum þann tíma sem upplýsingar liggja fyrir um skiptingu veiðinnar á milli tegunda eru landselskópar sem voru veiddir vegna skinnanna. Lítið var veitt af útselskópum og enn minna af fullorðnum dýrum.

Árið 1982 gerði hringormanefnd tilraun til þess að örva selveiðar með verðlaunagreiðslum fyrir veidd dýr. Hafði þetta þau áhrif að selveiðar við landið jukust nokkuð. Alls munu líklega hafa veiðst um 4 500 selir á síðastliðnu ári að einhverju leyti vegna verðlaunanna en hefðbundin landselskópaveiði var með allra minnsta móti. Auk þess eru í þessari tölu selir er fengust í hrognkelsanet. Selveiði við landið hefur því aukist nokkuð frá því sem hún var minnst árið 1981 en er þó aðeins um 70% af meðalveiðinni tímabilið 1964—1977. Eins og áður veiðist mest af landselskópum, 2 500, en útselskópaveiði er mun meiri en áður var. Síðastliðið ár munu væntanlega hafa veiðst um 1 000 útselskópar. Einnig hafa veiðar á fullorðnum dýrum líklega aukist en samanburður er erfiður því upplýsingar um veiði þeirra áður fyrr eru litlar og óábyggilegar.

Eins og vikið var að í upphafi hafa selveiðar verið stundaðar vegna afurðanna, skinna, kjöts o. fl. Nú er svo komið að ekki er hægt að selja selaafurðir, eða þá á svo lágu verði að ekki borgar sig að stunda veiðarnar. Helsti kosturinn sem nú er fyrir hendi er að selja selkjöt til loðdýraræktenda. Þessi markaður mun væntanlega aukast á næstu árum ef fleiri refa- og minkabú verða stofnsett. Það er þó ólíklegt að loðdýraræktendur geti greitt það verð sem selveiðimenn þurfa að fá til þess að standa undir kostnaði við veiðarnar.

Á síðastliðnu ári urðu allmiklar umræður um selveiðar hér við land og þó einkum um tengsl milli sels og hringorms í fiski og þær verðlaunagreiðslur sem hringormanefnd hóf í því skyni að stuðla að áframhaldandi veiðum á sel hér við land. Ekki hefur verið til nein heildarlöggjöf um selveiðar hér á landi heldur aðeins sundurlaus lagaákvæði sem sum hver hafa mjög takmarkað gildi. Þótti því nauðsyn bera til að sett yrðu um veiðar þessar lög sem gæfu stjórnvöldum heimild til þess að setja reglur um veiðarnar og ýmis atriði er þær snerta.

Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að semja frumvarp að lögum um selveiðar við Ísland. Í nefnd þessa voru skipaðir: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson, prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson, hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað til sjávarútvegsráðherra frumvarpi þessu. Verður hér á eftir gerð grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að yfirumsjón allra mála er selveiðar varða sé í höndum sjávarútvegsráðuneytisins. Í gildandi lögum eru selveiðar ekki felldar undir ákveðið ráðuneyti en í auglýsingu nr. 96 31. desember 1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, segir í 9. gr. að landbúnaðarráðuneytið fari með mál er varða: „Veiði í ám og vötnum svo og önnur veiðimál, er eigi ber undir annað ráðuneyti".

Er hér gert ráð fyrir að selveiðar verði felldar undir sjávarútvegsráðuneytið enda þykir fara best á því. Hins vegar eru í lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, nokkur ákvæði er snerta ófriðun sels í ám, veiðivötnum og ósasvæðum en þau mál falla undir landbúnaðarráðuneytið og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Um 2. gr.

Í 2. gr. segir að Hafrannsóknastofnunin skuli annast rannsóknir á selum við Ísland og er það í raun aðeins staðfesting á því sem segir í 17. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. l. nr. 72 30. maí 1984 um breytingu á þeim lögum. Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförnum árum nokkuð sinnt rannsóknum á þessu sviði og stefnt er að því að auka þær rannsóknir. Í seinni hluta greinarinnar segir að séu aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar falin tiltekin rannsóknaverkefni, verði Hafrannsóknastofnuninni gert kleift að fylgjast með því, hvernig að slíkum rannsóknum sé staðið og hverjar séu niðurstöður þeirra. Er þetta gert vegna þess að utan Hafrannsóknastofnunarinnar gætu verið sérfræðingar sem æskilegt þætti að fá til ákveðinna rannsókna á þessu sviði.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir samstarfi ráðuneytis við þær stofnanir og samtök sem nefndar eru í greininni. Í því felst að leitað yrði álits og umsagnar sérfræðinga eða skipaðra fulltrúa þessara aðila varðandi skipulag, stjórnun og meiri háttar ákvarðanir varðandi selveiðarnar. Færi það eftir eðli máls hverju sinni til hverra væri leitað.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. er staðfestur einkaréttur landeigenda til veiða í landareign sinni og netlögum, þó með þeim takmörkunum sem slíkum rétti eru sett í lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Í 3. mgr. segir að utan landareigna og netlaga séu öllum íslenskum ríkisborgurum heimilar selveiðar.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er vísað til tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en í henni eru nákvæm ákvæði um veiðiréttindi landeiganda og ábúanda, landamerki jarða o. fl., en ekki þykir ástæða til þess að taka þessi ákvæði upp hér, enda mun sjaldnast á þau reyna.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru erlendum aðilum bannaðar selveiðar hér við land innan 200 sjómílna frá grunnlínum. Heimilt er þó að veita þeim veiðiréttindi með milliríkjasamningum og er hér um að ræða eins ákvæði og gildir um fiskveiðar erlendra fiskiskipa í fiskveiðilögsögunni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem ráðherra getur gripið til varðandi stjórnun og skipulag selveiða. Ekki er ástæða til þess að skýra hvern lið sérstaklega en fáist þessar heimildir getur ráðherra sett reglur um bann við selveiðum á ákveðnum svæðum, ákveðið bann við veiðum ákveðinn tíma, friðað ákveðnar selategundir sé ástæða talin til þess

og ákveðið heildarfjölda þeirra sela sem drepa má. Jafnframt gæti ráðherra sett reglur um veiðiaðferðir og t. d. hlaupvíddir skotvopna og enn fremur ákveðið hvernig ganga skuli frá selshræjum. Heimilt væri að ákveða aðgerðir til fækkunar sela, t. d. með veiðiverðlaunum eða ráðningu sérstakra veiðimanna. Í 8. lið er vikið að veiðum á svæðum sem friðlýst hafa verið af Náttúruverndarráði og í 9. lið er veitt heimild til þess að setja reglur til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar. Enda þótt Ísland sé ekki í dag aðili að slíkum samningi er vitað að m. a. í Kanada eru uppi hugmyndir um stofnun alþjóðlegrar nefndar um selveiðar og þykir því eðlilegt að hafa þessa heimild hér. Má segja það sama um 8. lið og mörg önnur ákvæði þessarar greinar, að hér er aðeins um heimildir að ræða fyrir ráðherra en ekki er ljóst nú að hve miklu leyti þær verði notaðar fyrst um sinn. Þó má segja að hér sé ekki gengið lengra en nauðsynlegt er ef möguleikar eiga að vera til þess að skipuleggja veiðarnar að fullu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru felld niður nokkur lagaákvæði sem að öðrum kosti væru ekki í samræmi við heildarlöggjöfina. Sé talin þörf á þeim ákvæðum sem lög þessi geyma fer best á því að gefnar yrðu út reglugerðir sama efnis með stoð í þessum lögum.

Nd. 250. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. komi nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er viðkomandi öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn, en auk þeirra skulu tilnefndir þrír varamenn. Þessir skipa fulltrúa í örorkumatsnefnd:

1) Samtök öryrkja tilnefna einn mann.
2) Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.
3) Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir einn mann.

Allir þessir aðilar tilnefna og varamenn auk aðalmanna.

Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta og tryggingayfirlæknir við úrskurð örorkumats. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Í sumar héldu samtök öryrkja fundi þar sem meðal annars var fjallað sérstaklega um frumvarp þetta. Lýstu þau eindregnum stuðningi við þá málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um.

Frumvarpinu fylgdi á síðasta þingi svofelld greinargerð:

„Á 105. löggjafarþinginu var flutt stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatryggingalaga um örorkumat. Í frumvarpinu var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umræður um málið á Alþingi kom fram að þingmenn töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum, — eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frumvarp, sem hér er nú flutt, tekur tillit til þessara sjónarmiða.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingarinna og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna.

Þegar málið var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi fylgdi stjórnarfrumvarpinu stutt greinargerð sem var á þessa leið:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m. a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þ. á m. flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. a. s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1) og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þ. á m. fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o. fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. greinar lag nr. 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki), er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg eigi að reyna hér nýjar leiðir.“

Frumvarpsgreinin er ítarleg og skýrir sig sjálf, auk þess sem hún verður nánar skýrð í framsögu.“

Sþ. 251. Fyrirspurn [212. mál]

til iðnaðarráðherra um innkaup opinberra aðila á innlendum iðnaðarvörum.

Frá Eggert Haukdal.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins til að auka innkaup opinberra aðila á innlendum iðnaðarvörum, sbr. þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 2. apríl 1981?
2. Hvaða áform eru núna fyrirhuguð í þessum efnum?

Ed. 252. Frumvarp til laga [213. mál]

um virðisaukaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Skatturinn skal vera 21% og rennur í ríkissjóð.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 6,8% þess skatts sem um ræðir í 1. mgr. og skulu skilin miðast við innheimtan skatt hverju sinni.

II. KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti, tilkynningarskylda.

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Aðilum sem í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Hér með teljast einnig samvinnufélög, samlög og önnur samtök, enda þótt þau eigi eingöngu viðskipti við félagsmenn.
2. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra, að því leyti sem þessir aðilar selja skattskylda vöru eða þjónustu.
3. Uppboðshöldurum.
4. Umboðsmönnum og öðrum aðilum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra svo og aðrir aðilar sem reka starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skuli greiða virðisaukaskatt af notkun eigin þjónustu eða vöru sem framleidd er til eigin þarfa, enda sé sú ákvörðun nauðsynleg með tilliti til aðstöðu annarra fyrirtækja er láta í té hliðstæða vöru og þjónustu sem skattskyld er.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Þeir aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkið undir tollskrárnúmer 99.01.01, 99.01.02 eða 99.01.03.
3. Þeir aðilar sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 75 000 kr. á ári.

5. gr.

Hver sá sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna skattstjóra, þar sem hann er heimilisfastur, atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Sama gildir um breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, en þær skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

III. KAFLI

Skattskylda vöru og þjónustu.

6. gr.

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, sbr. þó 32. gr., en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þessir hlutir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þessir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

7. gr.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 2. mgr.

Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana.
2. Lækningar, tannlækningar og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Þjónusta banka og sparisjóða.
4. Vátryggingastarfsemi.
5. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila, upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
6. Rekstur skóla og menntastofnana.
7. Útleiga íbúðarhúsnæðis, þó ekki leiga hótel- eða gistiherbergja og samkomuhúsa.
8. Happdrætti og getraunastarfsemi.
9. Íþróttamót og íþróttasýningar.
10. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka.
11. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Undanþágur skv. 2. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum vegna hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI

Skattverð.

8. gr.

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum teljast hluti skattverðs, sömuleiðis hvers konar kostnaður og gjöld sem seljandi krefur kaupanda um, svo sem umbúða- og sendingarkostnaður, vátryggingar o. fl.

Sé um að ræða skipti á vörum eða þjónustu, afhendingu vöru án endurgjalds eða viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Sama gildir um úttekt á vöru og skattskyldri þjónustu sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, svo og andvirði vöru, þjónustu og annarra verðmæta sem fyrirtækið notar og ekki er beinlínis ætlað til endursölu.

Við ákvörðun á skattverði skal afsláttur dreginn frá söluverði, enda sé afslátturinn veittur við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu. Um afslátt sem veittur er eftir afhendingu fer eftir ákvæðum 3. tl. 3. mgr. 12. gr.

Þjónustugjald, sem ekki er innifalið í vöruverði, umboðs- og sölulaun, svo og uppboðsþóknun, skal telja með í skattverði.

Vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, teljast ekki með í skattverði, enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxtagreiðslan er hverju sinni. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu skulu hins vegar teljast til skattverðs.

Við sölu notaðra fólksbifreiða fyrir færri en 10 menn sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni telst skattverð 82,64% af mismuninum milli innkaupsverðs bifreiðarinnar og söluverðs hennar að meðtöldum virðisaukaskatti.

V. KAFLI

Skattskyld velta.

9. gr.

Til skattskyldrar veltu telst öll sala og afhending vara og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta nema sú sem undanþegin er skv. 7. gr. Hér með telst úttekt á vöru eða skattskyldri þjónustu sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði vöru og skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki notar og ekki er ætlað til endursölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala á vélum, tækjum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum, svo og sala á vörubirgðum og almennum rekstrarvörum.

Til skattskyldrar veltu telst sala á vöru sem seld er í umboðssölu. Sama gildir um allar aðrar vörur og þjónustu sem fyrirtæki selur og hefur fengið að draga innskatt frá, sbr. 11. gr.

10. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vistir, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í loftförum og skipum í millilandaferðum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Sama gildir um viðgerðar- og viðhaldsvinnu við loftför og skip, svo og vörur sem notaðar eru í því sambandi. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
3. Sala og útleiga loftfara og skipa, þó ekki skemmtibáta og einkaloftfara.
4. Fólks- og vöruflutningar milli landa.
5. Vöruflutningar innanlands, þegar flutt er beint til eða frá landinu.
6. Áætlana- og ráðgjafarstarfsemi sem seld er erlendum aðilum vegna verkefna erlendis.
7. Sala á vörubirgðum, vélum og öðrum rekstrarvörum, þegar fyrirtækið eða hluti þess er selt og hinn nýi eigandi hefur með höndum skattskyldan rekstur. Við slíka sölu skal skattyfirvöldum tilkynnt um eigendaskiptin eigi síðar en átta dögum eftir að salan fer fram.
8. Umboðs- og sölulaun ferðaskrifstofa.
9. Sala á notuðum fólksbifreiðum, íbúðarhúsnæði og öðrum eignum sem seljandi hefur greitt virðisaukaskatt af við kaup án frádráttar eða endurgreiðslu, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein. Einnig getur hann ákveðið að önnur þjónusta sem innt er af hendi fyrir aðila erlendis sé undanþegin með sama hætti.

VI. KAFLI

Uppgjör á virðisaukaskatti.

11. gr.

Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. 12. gr.

Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á vörum og aðföngum til nota í rekstrinum, sbr. 13. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu eftir hvert uppgjörstímabil, sbr. 21. gr., greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts. Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju tímabili skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn skv. 23. gr.

12. gr.

Útskattur miðast við skattskylda veltu á hverju uppgjörstímabili. Skattskyld velta á tímabilinu miðast við heildarandvirði allra vara sem seldar hafa verið og afhentar, svo og heildarandvirði allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi og seld á tímabilinu. Við útgáfu reiknings fyrir sölu á vöru eða þjónustu skal miða sölu við dagsetningu reiknings, enda sé hann gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram teljast 82,64% af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar er þó heimilt að miða virðisaukaskattinn við það tímabil sem afhending fer fram ef umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða ef umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 75 000 kr.

Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá:

1. 82,64% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara.
2. 82,64% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið tekjufærð sem sala. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 82,64% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili sem hún fæst greidd.
3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað, ef afslátturinn er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjöri sínu og skilyrði til veitingar afsláttar voru ekki til staðar við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er háður því að gefinn sé út innleggsreikningur (kreditreikningur) fyrir afslættinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram.

Vara og skattskyld þjónusta sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki skal talin með í skattskyldri veltu á því tímabili sem úttekt á sér stað. Sama gildir um vöru og skattskylda þjónustu sem fyrirtækið notar í öðru skyni en snertir beinlínis sölu þess á vöru eða þjónustu.

13. gr.

Til innskatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 21. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum hans og skattskyldri þjónustu.

Þegar rekstrarfjármunir eru aðeins að hluta til ætlaðir til nota við hina skattskyldu starfsemi skal telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim hluta þessara fjármuna sem notaður er í hinni skattskyldu starfsemi. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um

framkvæmd þessarar málsgreinar. Ráðherra getur einnig sett reglur um meðferð innskatts þegar breyting verður á notkun fasteigna eða annarra rekstrarfjármuna, þ. á m. vegna sölu.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af kostnaði og aðföngum er varða:

1. Rekstur kaffistofu eða mötuneytis skattaðila.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila o. þ. h. fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en 10 menn.

Ríki, bæjar- og sveitarfélög svo og stofnanir þeirra mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem beinlínis varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. Sama á við um innskatt vegna skattskyldra eigin nota þeirra aðila er um ræðir í 2. mgr. 3. gr.

Þrátt fyrir 6. tl. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

VII. KAFLI

Tilhögun bókhalds.

14. gr.

Allir þeir sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum skulu, auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968 um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, þar með talið sjóðsvélastrimlar, staðgreiðslusölulistar og staðgreiðslusöluyfirlit, skal geyma að minnsta kosti í sex ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

15. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum og virðisaukaskattsundanþegnum innkaupum skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu vöru og skattskyldrar þjónustu.

Skattskyldir aðilar sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 um bókhald skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

16. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld í þeim mæli sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

17. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 18. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og nafnnúmer kaupanda og seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningseyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 17,36% af heildarverði. Sé um að ræða sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Fari greiðsla fram að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum móttekna verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er, eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum sem eru skattskyld frá öðrum viðskiptum þannig að þau séu færð á sérstaka reikninga.

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á vörum og skattskyldri þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á vörum og skattskyldri þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömuleiðis skal aðili sem flytur inn vörur erlendis frá geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð 1 500 kr. eða minna, frá smásöluverslun eða aðila sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda telst fullnægjandi í þessu sambandi, enda þótt ekki komi fram nafn og nafnnúmer kaupanda.

18. gr.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 17. gr., nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum sem gerðar eru til auðkenna á reikningi sem lýst er í 17. gr., eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu og/eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 17. gr., og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 17. gr., eftir því sem við á. Á þetta m. a. við um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra aðila á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

19. gr.

Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili sem undanþeginn er skattskyldu við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu (afreiknings) á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Aðilar sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum þrátt fyrir 1. mgr. að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða tilgreina virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Þegar tilgreint er verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal greinilega koma fram ef uppgefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

20. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila og birgðatalningu, notkun sjóðsvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í sömu reglugerð má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skulu fylgja.

VIII. KAFLI

Skil á skýrslum, gjalddagar, álag, dráttarvextir, kærur og úrskurðir.

21. gr.

Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir, í Reykjavík tollstjóra, virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Greiðslu skal fylgja skýrsla í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en 25. hvers mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skráningarskyldur aðili innan sömu tímamarka senda skattstjóra skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal eftir nánari ákvörðun skattstjóra láta í té sérstaka virðisaukaskattsskýrslu fyrir hverja þeirra.

22. gr.

Skattstjóri skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

23. gr.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal endurgreiða skattaðila mismuninn.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 26. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt ásamt álagi skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um.

24. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á sbr. 16. gr. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 23. gr. hefur verið of há.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 2% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%.

Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kæruúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

Komi í ljós að aðila sem greiða átti virðisaukaskatt hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt sem honum bar auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. þessarar greinar ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrslan byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á virðisaukaskattsskýrslu. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða virðisaukaskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skattskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju samkvæmt 9. mgr. þessarar greinar. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu skv. ákvæðum 26. gr.

25. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 21. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. Kröfur þessar skulu vera utan skuldaraðar og er óheimilt að slíta félagi fyrr en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur aðila sem ekki gerir fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 24. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. 23. gr. og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests skv. 23. gr. og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

26. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan 30 daga frá því að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar 30 dagar.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta ákvörðunum til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

IX. KAFLI

Sérstök ákvæði um landbúnað, fiskveiðar og byggingariðnað.

27. gr.

Skráningarskyldir aðilar sem stunda landbúnað og/eða fiskveiðar skulu skráðir á sérstaka skrá, landbúnaðar- og fiskveiðaskrá.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal virðisaukaskattur (útskattur) hjá aðilum sem stunda landbúnað og/eða fiskveiðar vera 10% af andvirði sjávarafla og 9% af andvirði landbúnaðarafurða sem seldar eða lagðar eru inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum sem hafa með höndum vinnslu, dreifingu eða sölu þeirra.

29. gr.

Þeir sem stunda landbúnað svo og þeir sem stunda smábátaútgerð skulu þrátt fyrir ákvæði 21. gr. skila virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári. Skýrslunni skal skilað til skattstjóra með skattframtali sem skila ber samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Aðilar skv. 1. mgr., sem árlega selja 50% eða meira af verðmæti afla síns eða afurða til annarra en vinnslustöðva eða samtaka sem hafa með höndum dreifingu þeirra, skulu skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 21. gr. Sama gildir um aðila skv. 1. mgr. sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar rekstri en landbúnaði eða fiskveiðum.

Með smábátaútgerð skv. 1. mgr. er átt við fiskveiðar á bátum undir 12 tonnum að stærð sem stundaðar eru í atvinnuskyni.

30. gr.

Heimilt er skattstjóra að fallast á skemmri uppgjörstímabil hjá aðilum skv. 1. mgr. 29. gr. og er honum skylt að fallast á það ef í ljós kemur að aðilar eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum.

Einnig er skattstjóra heimilt að fallast á umsókn aðila sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

31. gr.

Aðilum sem skila eiga virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári skv. 29. gr. ber að skila virðisaukaskatti til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en 15 dögum eftir að lokið er álagningu tekjuskatts skv. 98. gr. laga nr. 75/1981. Á sama tíma skal ríkissjóður inna af hendi endurgreiðslur skv. 1. mgr. 23. gr. sem þessir aðilar eiga rétt á.

32. gr.

Aðili sem hefur með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni skal innheimta virðisaukaskatt af þeirri starfsemi, hvort sem um er að ræða sölu á vinnu og þjónustu, sölu á einstökum verkþætti eða sölu á byggingu í heild eða að hluta.

Leggja skal virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr., á heildarsöluverð hins selda. Þegar um er að ræða sölu á byggingu ásamt lóð eða lóðarréttindum skal þó einungis reikna virðisaukaskatt af 85% söluandvirðis fasteignarinnar.

Nú tekur aðili skv. 1. mgr. til eigin nota byggingu sem hann hefur reist og skal hann þá greiða virðisaukaskatt af heildarbyggingarkostnaði. Með byggingarkostnaði í þessu sambandi telst ekki lóð eða lóðarréttindi.

X. KAFLI

Sérstök ákvæði um innflutning vöru og þjónustu.

33. gr.

Við innflutning á vöru og þjónustu skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru og þjónustu að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

34. gr.

Vara og þjónusta sem tollfrjáls er eða undanþegin tolli skv. 2. gr. eða 1.—5., 7.—10., 42. og 49. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum skal undanþegin virðisaukaskatti að uppfylltum skilyrðum sem þar um ræðir.

35. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

XI. KAFLI

Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsiákvæði.

36. gr.

Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjalda- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Skattyfirvöld hafa þannig m. a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn sem þeir fela skatteftirlitsstörf krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna samkvæmt 37. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 3. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

37. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum virðisaukaskatts hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum virðisaukaskatts lýtur, m. a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skattskil samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 8. mgr. 24. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á skatti samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

38. gr.

Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmætum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða þann virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta, skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var. Álag skv. 24. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, skal hann sæta sektum, enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu að greiða sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 36. gr. skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt eða sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

39. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 38. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. þessarar greinar. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanefndar um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar, ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 2. og 3. mgr. 25. gr. við innheimtu þeirra.

Sök skv. 38. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða Rannsóknarlögreglu ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helst þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

41. gr.

Fjárhæðir sem um ræðir í 3. tl. 4. gr., 2. mgr. 12. gr. og 7. mgr. 17. gr. skulu árlega taka sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 18/1983. Ríkisskattstjóri skal reikna út fjárhæðir samkvæmt þessari grein og birta eigi síðar en 1. janúar þess árs sem hinar breyttu fjárhæðir eiga við um.

42. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða virðisaukaskattsendurgreiðslu hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

43. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hefur hann rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattsskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

44. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð ákveðið að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vöru og þjónustu hér á landi.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960 um söluskatt ásamt síðari breytingum. Ákvæði síðastnefndra laga skulu þó gilda um söluskatt vegna sölu til og með 31. desember 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Fari afhending vöru og skattskyldrar þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara, skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu aðila samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu vöru og skattskyldrar þjónustu hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna eða greiðsla hafi farið fram að hluta eða fullu.

Hafi slíkur samningur, samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis til bráðabirgða, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Sé í slíku tilfelli um að ræða vöru eða þjónustu sem skattskyld var samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi vöru og skattskyldrar þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Aðilum sem hafa með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni, sbr. 32. gr. laga þessara, er heimilt við uppgjör virðisaukaskatts að draga frá greiddan söluskatt af byggingarefni í byggingar og verk sem óseld eru 31. desember 1985 og ætluð eru til sölu. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt, þar á meðal á hvaða uppgjörstímabilum hann leyfist og hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar.

II

Skráningarskyldir aðilar skv. 5. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

1. Inngangur

Virðisaukaskattur hefur verið til umræðu hér á landi í meira en áratug. Margvíslegar athuganir hafa farið fram á þessu skattformi og tvær skýrslur hafa verið samdar um málið að tilhlutan fjármálaráðuneytisins, sú fyrri á árinu 1971 og hin síðari á árinu 1975. Þær athuganir sem fram hafa farið hér á landi komu í kjölfar upptöku virðisaukaskatts í flestum löndum Vestur-Evrópu.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið stuðst við fyrri athuganir hér á landi og einnig hefur verið tekið mið af lagareglum og reynslu nágrannaþjóða okkar, einkum Dana.

Virðisaukaskattur er söluskattur sem yfirleitt hefur komið í stað eldri söluskattskerfa, en hann þykir hafa ýmsa kosti umfram eldri söluskattskerfi.

Söluskattskerfið hér á landi hefur ýmsa veigamikla galla. Þar má helst nefna uppsöfnunaráhrif skattsins, sem hafa tilviljanakennd áhrif á framleiðsluaðferðir og samkeppnisaðstöðu atvinnugreina. Sérstaklega skal í þessu sambandi bent á áhrif uppsöfnunarinnar á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara gagnvart erlendum, bæði á erlendum

og innlendum mörkuðum. Reynt hefur verið að draga úr þessum skaðlegu áhrifum á undanförnum árum með víðtækum undanþágum og endurgreiðslum á uppsöfnuðum skatti. Því fer þó fjarri að tekist hafi að lagfæra þennan galla, en varla er þó unnt að ganga lengra í núverandi kerfi.

Hinar margvíslegu undanþágur sem nú eru frá söluskattsskyldu valda einkum tvenns konar vandkvæðum. Annars vegar raska þær samkeppnisaðstöðu framleiðslugreina og framleiðsluaðferða og hafa óeðlileg áhrif á neysluval. Hins vegar skapa þær verulega erfiðleika við framkvæmd og eftirlit með skattinum.

Virðisaukaskattur bætir úr megingöllum söluskattskerfisins, en forsenda þess er þó sú að við upptöku hans verði skattskyldusviðið víkkað verulega og nær allar undanþágur núverandi kerfis felldar niður. Rétt er þó að komi fram að virðisaukaskattskerfið yrði nokkuð flóknara og viðameira og þar með dýrara í framkvæmd en núverandi söluskattur. Beinn kostnaðarsamanburður er þó ekki raunhæfur þar sem ljóst er að mun meira fé þyrfti að verja nú til framkvæmdar á söluskattskerfinu ef það ætti að fullnægja lágmarkskröfum um öryggi, eftirlit og aðra þætti sem að framkvæmdinni snúa.

2. Söluskattur hér á landi

Söluskattur hefur verið innheimtur hér á landi í einhverri mynd allt frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947. Á árunum 1945 til 1960 var innheimtur fjölstigasöluskattur með nokkuð mismunandi hætti. Var hann nefndur ýmsum nöfnum, svo sem veltuskattur, söluskattur, innflutningssöluskattur, framleiðslusjóðsgjald, útflutningssjóðsgjald, farmiðagjald og iðgjaldaskattur. Skattstofnar voru ólíkir eins og nöfnin gefa til kynna.

Með lögum nr. 62/1945 var fyrst innheimtur söluskattur hér á landi og nefndist hann þá veltuskattur. Náði hann til heildsölu, smásölu, framleiðslu og þjónustu. Skatturinn var því fjölstigaskattur sem innheimtur var af heildarsölu á hverju viðskiptastigi. Veltuskatturinn var aðeins innheimtur á árinu 1945 en á næstu árum þar á eftir tóku við aðrar tegundir söluskatts með mismunandi nöfnum eins og fram er komið.

Með lögum nr. 10/1960 var tekið upp nýtt söluskattskerfi, en þau lög eru enn í gildi að stofni til.

Ef dregnir eru saman meginþættir þess söluskattskerfis, sem í gildi var fyrir breytinguna 1960, má segja að söluskatturinn hafi verið fjölstigaskattur þar sem skattur var lagður á sölu á hinum ýmsu stigum framleiðslu og dreifingar. Reyndist þetta kerfi mjög þungt í vöfum og erfitt að hafa raunhæft eftirlit með því undir lok gildistíma þess, m. a. vegna fjölda takmarkatilvika og erfiðleika á að draga skýr mörk milli skattskyldrar og skattfrjálsrar sölu. Með lögum nr. 10/1960 um söluskatt var gerð mikilvæg breyting á álagningu og innheimtu söluskatts hér á landi frá því sem áður hafði verið. Innheimta söluskatts grundvallast enn í dag á þeim lögum þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á þeim. Á tímabilinu frá 1960 til 1963 var, auk söluskattsins, innheimtur innflutningssöluskattur af tollverði innfluttra vara, en að öðru leyti á sú stutta lýsing, sem hér fer á eftir, við um gildandi söluskattsákvæði og framkvæmd þeirra.

Söluskattur er nú lagður á andvirði seldra vara og þjónustu í innlendum viðskiptum og á innfluttar vörur til eigin nota eða neyslu innflytjanda eins og nánar er ákveðið í lögum og reglugerðum. Söluskatturinn er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta eða sölu til neytenda og er því einsstigssöluskattur en frá þeirri meginreglu eru nokkrar undantekningar. Söluskattur leggst einnig á fjölmörg aðföng fyrirtækja, svo sem fjárfestingu, orku og ýmsar óvaranlegar rekstrarvörur og fæst í slíkum tilvikum yfirleitt hvorki endurgreiddur né frádreginn innheimtum skatti af sölu.

Allir þeir sem selja eða afhenda í atvinnuskyni vöru eða verðmæti og allir þeir sem inna af höndum vinnu eða þjónustu eru skattskyldir með þeim takmörkunum sem lög og reglur

ákveða. Þannig greiða t. d. fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga söluskatt á sama hátt og aðrir söluskattsgreiðendur.

Fjölmargar undanþágur eru nú frá hinni almennu söluskattsskyldu við sölu á síðasta viðskiptastigi. Ákvæði um þær er að finna í lögum, reglugerðum og einstökum ákvörðunum fjármálaráðherra. Undanþágum verða ekki gerð hér tæmandi skil en drepið á þær helstu:

Vörur:
Vörur sem seldar eru úr landi.
Matvörur hverju nafni sem nefnast, þó ekki sala veitingahúsa á tilbúnum mat nema að nokkru leyti.
Fiskumbúðir, veiðarfæri, salt og beita.
Áburður, fóðurmjöl og hey.
Eldsneyti fyrir loftför, svartolía og gasolía.
Varahlutir til skipa- og flugvélaviðgerða.
Sala á fasteignum, skipum og flugvélum.
Ýmsar vélar og tæki til fiskvinnslu og samkeppnisiðnaðar.

Þjónusta o. fl.:
Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð og vinna við viðhald og endurbætur slíkra mannvirkja.
Vinna við skipa- og loftfaraviðgerðir og veiðarfæraviðgerðir.
Vöruflutningar og fólksflutningar.
Rekstur sjúkrahúsa o. þ. h.
Þjónusta lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta og hliðstæðra aðila.
Sala á neysluvatni, heitu vatni og olíu. Enn fremur sala á rafmagni til húshitunar.
Þjónusta banka og sparisjóða.

Ein meginforsenda þess að söluskattskerfi eins og hér hefur tíðkast geti verið þjált og skil söluskatts örugg er að söluskattsskyldan sé almenn og undanþágum sé haldið í algjöru lágmarki. Hér á landi eru undanþágur frá söluskattsskyldu orðnar svo margar, að þær hafa þegar veruleg áhrif á alla framkvæmd kerfisins og öryggi þess. Undanþágum fer sífellt fjölgandi en ásóknin í undanþágur hefur vaxið mjög með hækkun skatthlutfallsins.

Undanþágurnar eiga sér stað með margvíslegum hætti. Þannig eru t. d. tilteknar vörutegundir og þjónusta undanþegnar söluskatti, sala til tiltekinna aðila svo sem endurseljenda og í vissum tilvikum til annarra aðila er undanþegin og sala tiltekinna aðila eða atvinnugreina er undanþegin söluskatti. Þá er söluskattur af tilteknum vörum, tækjum og efnivörum endurgreiddur í vissum tilvikum. Í mörgum tilvikum er afar erfitt að ákvarða hvort sala er söluskattsskyld eða ekki. Á það t. d. við um sölu til ýmissa framleiðenda en þá fer söluskattsskyldan eftir því hvort um er að ræða sölu á hráefnum eða óvaranlegum hjálparefnum til framleiðslu.

Hin ýmsu undanþáguákvæði söluskattslaga og -reglna valda mismunun í samkeppnisaðstöðu atvinnugreina og framleiðsluaðferða eins og uppsöfnunaráhrifin, og hafa þessi áhrif söluskattsins að þessu leyti farið vaxandi með hækkun skatthlutfallsins. Ljóst er að neytendur beina vali sínu fremur að vörum og þjónustu sem undanþegnar eru söluskatti en þeim sem eru söluskattsskyldar. Þannig getur söluskatturinn haft áhrif á neysluvenjur sem leitt getur til óeðlilegrar eða óheppilegrar dreifingar framleiðsluaflanna. Sem dæmi um

mismunun að þessu leyti má nefna að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð er undanþegin söluskatti fari vinnan fram á byggingarstað. Séu húshlutar hins vegar framleiddir í verksmiðju verður salan söluskattsskyld. Í þessu tilviki veldur söluskatturinn mismunun milli framleiðsluaðferða og kemur jafnvel í veg fyrir eðlilega vélvæðingu eða hagræðingu við framleiðslu. Nokkuð hefur þó verið dregið úr þessari mismunun með sérreglum um verksmiðjuframleidd hús.

Almennt má segja að erfitt sé að halda sölu á söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindri á smásölustigi. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur undanþágum frá söluskattsskyldu í smásölu sífellt fjölgað. Til að finna söluskattsstofninn hjá hinum ýmsu innheimtuaðilum þarf því að beita sérstökum reikniaðferðum sem aldrei verða nákvæmar en verða sífellt flóknari eftir því sem undanþágum fjölgar. Af þessu leiðir aukna fyrirhöfn, bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð og skattyfirvöld, og erfitt er orðið fyrir hina söluskattsskyldu aðila að kunna skil á hinum fjölmörgu undanþáguákvæðum og sérreglum um söluskatt.

Söluskatturinn er ekki hlutlaus þótt aðalreglan sé sú að hann sé einsstigsskattur. Hann leggst t. d. á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann er innheimtur af flestum fjárfestingarvörum. Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfnun skatts sem valdið getur m. a. ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina. Áhrif uppsöfnunar geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljanakennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við vörur framleiddar erlendis.

Veigamiklir gallar eru á söluskattskerfinu hér á landi eins og hér hefur verið rakið. Þar vega uppsöfnunaráhrifin og hin flóknu undanþáguákvæði þyngst, en söluskattskerfið hefur óneitanlega einnig kosti.

Framkvæmd söluskattskerfisins hefur verið afar ódýr og litlu hefur verið til kostað. Þegar gerður er samanburður á kostnaði við framkvæmd einstakra skattkerfa verður um leið að íhuga hvort ríkjandi framkvæmd á hverjum tíma fullnægi þeim kröfum sem talið er eðlilegt að gera til hennar, svo sem varðandi öryggi, eftirlit með skilum o. fl. Telja verður að svo hafi ekki verið að því er söluskatt og eftirlit með honum varðar, einkum með tilliti til hækkunar hans á síðustu árum og aukins mikilvægis í tekjuöflun ríkissjóðs. Af þessu leiðir að samanburður á kostnaði milli hinna ýmsu skattkerfa verður vart raunhæfur miðað við ríkjandi framkvæmd.

Söluskattsskyldir aðilar eru hlutfallslega fáir miðað við heildarfjárhæð söluskattsins en það er nokkur kostur. Því fylgir hins vegar nokkur áhætta að innheimta svo hátt söluskattshlutfall sem hér er gert á einu og sama viðskiptastiginu og hefur sú áhætta aukist með hækkun skatthlutfallsins.

3. Þróun virðisaukaskatts í Evrópu

Eftir fyrri heimsstyrjöld koma fyrst fram hugmyndir um innheimtu neysluskatts í formi skattlagningar á virðisauka. Hugmyndinni um virðisaukaskatt var þó ekki hrint í framkvæmd í Evrópu fyrr en Frakkar, fyrstir Evrópuþjóða, komu á nýju skattkerfi á árinu 1955, en það byggði í höfuðdráttum á kenningunni um skattheimtu af virðisauka.

Með stofnun Efnahagsbandalags Evrópu í Róm 1957 var stigið skref sem átti eftir að hafa afgerandi áhrif á mótun og samræmingu skattkerfa í Evrópu.

Markmiðið með stofnun bandalagsins var m. a. að stuðla að fríverslun landa í milli. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á niðurfellingu innflutningsgjalda í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Fljótlega varð þó ljóst, að hin mismunandi skattkerfi þjóðanna voru hemill á sókn

þeirra að settu marki. Samræming skattlagningar vöru, eftir að hún er komin inn fyrir viðkomandi landamæri, var ekki síður mikilvæg en samræming innflutningsgjalda.

Aðildarríkin settust því á rökstóla um þetta efni og eftir áralangar viðræður og rannsóknir á hinum ýmsu skattkerfum var ákveðið árið 1967 að samræma neysluskattskerfi landanna á þann hátt að virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Skyldi breytingin vera um garð gengin fyrir 1. janúar 1970. Þegar til kom varð þó af ýmsum framkvæmdaástæðum að veita rýmri tímamörk. Árið 1973 höfðu hins vegar öll ríkin sex, sem stóðu að stofnun Efnahagsbandalagsins, tekið upp virðisaukaskattskerfi.

Sú samræming, sem átti sér stað á neysluskattskerfum Efnahagsbandalagsríkjanna og þær rannsóknir sem fóru fram á skattamálum í því sambandi, leiddi til þess að ýmsar Evrópuþjóðir, sem þá stóðu utan bandalagsins, tóku einnig upp virðisaukaskatt.

Danir innleiddu virðisaukaskatt 1967, Írar 1972 og Englendingar 1973. Nokkur ríki Evrópu, sem nú standa utan bandalagsins, hafa einnig tekið upp virðisaukaskatt, t. d. Svíþjóð á árinu 1969 og Noregur á árinu 1970.

Þó að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Vestur-Evrópu er framkvæmd skattheimtu þó mjög mismunandi. T. d. er skatthlutfallið mjög mismunandi frá einu landi til annars, svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvöru og öðrum nauðsynjavörum.

Undanþágur og mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá hugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess skapar slík mismunun milli hinna ýmsu tegunda vöru og þjónustu torleyst vandamál við einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur því einungis verið notað eitt skatthlutfall og stefnan innan Efnahagsbandalagsins hefur verið sú að samræma reglur aðildarríkjanna þannig að eitt og sama hlutfall gilti um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis.

4. Almennur neysluskattur

Almennur neysluskattur sem komið gæti í stað söluskatts sem mikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs á næstu árum þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli að ákvörðun skatts og innheimta sé eins einföld í framkvæmd og kostur er jafnt fyrir atvinnulífið sem ríkissjóð og í því sambandi þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður.

Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á hinar ýmsu framleiðslugreinar, verður skattkerfið að hafa þá eiginleika að skattfjárhæð sé óháð fjölda viðskiptastiga, þ. e. óháð því hve vara fer um mörg viðskiptastig áður en endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami, hvar sem kaupandinn festir kaup á vörunni og hver sem framleiðsluaðferðin er, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa nein áhrif á það við hvaða dreifingaraðila kaupandinn kýs að hafa viðskipti og kerfið verður einnig að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali felst í því að hann hafi ekki áhrif á val neytenda milli hinna ýmsu neysluvara. Því markmiði verður best náð með því að skatturinn breyti ekki verðhlutfallinu milli neysluvaranna.

Krafan um hlutleysi neysluskatts gagnvart utanríkisviðskiptum snertir bæði innflutning og útflutning.

Að því er innflutning varðar felur hlutleysið í sér að skatturinn sé nákvæmlega jafn hár á innfluttri vöru og sams konar vöru sem framleidd er í landinu sjálfu og seld er á sama verði og hin innflutta vara.

Varðandi útflutning verður að undanþiggja útflutningsvörur skatti til að algjöru hlutleysi verði náð þannig að skatturinn hafi ekki áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra útflutningsvara á erlendum mörkuðum.

Mikilvægi þess fyrir Íslendinga að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart utanríkisviðskiptum fer vaxandi eftir því sem aðflutningsgjöld og viðskiptahömlur landa í milli minnka en breytingum í þá átt hefur enn fremur fylgt samræming neysluskattskerfa flestra Vestur-Evrópuríkja þar sem utanríkisviðskiptin eru gerð óháð slíkum skatti. Ljóst er, að verð á íslenskum útflutningsvörum, sem að einhverju leyti bera í sér söluskatt, getur átt erfitt með að keppa á erlendum mörkuðum við verð á framleiðsluvörum annarra þjóða sem eytt hafa áhrifum söluskatts á framleiðsluverðið með breytingum á skattkerfum sínum.

5. Helstu einkenni virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur (VASK) er neysluskattur eða söluskattur sem lagður er á söluverð vöru og þjónustu á öllum viðskiptastigum. Skatturinn er fjölstigaskattur þar sem fyrirtækjum, jafnt á sviði frumgreina, úrvinnslugreina og þjónustugreina, er gert að innheimta skatt af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu. Skatturinn hefur hins vegar ekki margsköttun í för með sér, því að við skil á skattinum í ríkissjóð mega fyrirtækin draga frá innheimtum skatti af heildarsölu, hér eftir nefndur **útskattur,** þann skatt sem þau greiða við kaup á vörum og hvers konar aðföngum, hér eftir nefndur **innskattur.** Þannig skilar hvert fyrirtæki í ríkissjóð aðeins skatti af virðisaukanum sem hjá því myndast, þ. e. mismuninum á útskatti og innskatti.

Orðið virðisauki í þessu sambandi er fremur tæknilegt hugtak en hagrænt, því að hér er ekki átt við hinn hagræna virðisauka, sem skapast í hverju fyrirtæki, heldur mismun milli ákveðinna stærða, sem nánar er skilgreindur í þeim lögum og reglum sem um skattinn gilda á hverjum stað. Í síðari hluta kafla 6.8 hér á eftir er nánar lýst muninum á virðisauka í hagrænni merkingu og þeim virðisauka sem myndar skattstofninn.

Aðaleinkenni virðisaukaskattsins er, að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmætið, hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga, og verður hann því hlutlaus gagnvart söluverði til hins endanlega neytanda. Þessu marki er náð með frádráttarheimildinni á hverju viðskiptastigi sem áður var nefnd. Það er einkum þessi eiginleiki virðisaukaskattskerfisins sem skilur það frá öðrum söluskattskerfum þar sem uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir mismunandi mikið eftir því hve varan eða verðmætin fara um mörg viðskiptastig áður en hinum endanlega neytanda er náð. Ef 21% virðisaukaskattur er innheimtur á öllum viðskiptastigum svarar heildarfjárhæð skattsins til 21% af söluverðinu til endanlegs neytanda.

Þetta skal skýrt með dæmi:

		Verð án VASK	Virðis-auki	VASK	Verð með VASK
Hrávöruframleiðandi:	Kaup	0			0
	Sala	1.000	1.000	210	1.210
Framleiðandi sem fullvinnur vöru:	Kaup	1.000			
	Sala	1.600	600	126	1.936
Heildsali:	Kaup	1.600			
	Sala	1.800	200	42	2.178
Smásali:	Kaup	1.800			
	Sala	2.300	500	105	2.783
Söluverð til neytanda		*2.300*			*2.783*
Virðisauki			*2.300*		
Virðisaukaskattur				*483*	


Til einföldunar er gert ráð fyrir því í framangreindu dæmi að hrávöruframleiðandinn kaupi ekki aðföng til framleiðslunnar.

Af dæminu sést að söluverð til neytenda, 2.300 kr., er jafnhátt virðisaukanum á hinum ýmsu viðskiptastigum og samanlagður virðisaukaskattur er 21% af þeirri fjárhæð eða 483 kr.

Nemi heildarsala fyrirtækis á ákveðnu uppgjörstímabili samtals 1.600 kr. verður virðisaukaskatturinn, sem innheimtur er af viðskiptamönnum þess, 336 kr. miðað við að skatthlutfallið sé 21%. Sé gert ráð fyrir að fyrirtækið hafi keypt aðföng, þ. e. hráefni og aðrar rekstrarvörur, fyrir 1.000 kr. verður innskatturinn 210. Fyrirtækinu ber því að skila í ríkissjóð virðisaukaskatti að fjárhæð 126 kr. eða mismuninum af útskatti og innskatti. Það skal tekið fram að uppgjör innskatts miðast við kaup á vörum og öðrum aðföngum á hverju uppgjörstímabili og skiptir því ekki máli hve mikið af vörunum er óselt í lok hvers tímabils.

Virðisaukaskattur er fjölstigaskattur eins og áður segir, enda er hann innheimtur á öllum viðskiptastigum framleiðslu og dreifingar. Mætti því spyrja hvort skatturinn berist ekki fyrr í ríkissjóð en t. d. söluskattur á síðasta viðskiptastigi eins og sá sem nú er innheimtur hér á landi. Þessari spurningu verður að svara neitandi og skal það skýrt nánar.

Virðisaukaskatturinn er innheimtur á öllum stigum viðskipta eins og áður segir, en frádráttarheimild endurseljenda á innskatti veldur því að skatturinn rennur ekki endanlega í ríkissjóð fyrr en við sölu til hins endanlega neytanda. Fyrirtækin mega draga allan skatt af vörukaupum frá skatti af seldum vörum. Þau þurfa því almennt ekki að fjármagna skatt af vörubirgðum þar sem innskattur af þeim er dreginn frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fæst endurgreiddur. Þetta má skýra með dæmi þar sem framleiðsluvöru er fylgt í gegnum fjögur viðskiptastig á jafnmörgum greiðslutímabilum (sjá mynd á bls. 21).


Hrávöruframleiðandi
Framleiðandi
Heildsali
Smásali
Kaup
Sala
Skattur
Verð án skatts
0
1 000
210
210
1 000
1 600
336
336
1 600
1 800
378
378
1 800
2 300
483
210
336
378
483
1. greiðslutímabil
2. greiðslutímabil
3. greiðslutímabil
4. greiðslutímabil
RÍKISSJÓÐUR

Tekið skal annað dæmi þar sem innfluttu heimilistæki er fylgt um þrjú viðskiptastig á þremur uppgjörstímabilum.

Á fyrsta greiðslutímabili er tækið flutt til landsins og tollafgreitt. Við tollafgreiðslu greiðir heildsalinn virðisaukaskatt sem tollyfirvöld skila í ríkissjóð. Um leið öðlast heildsalinn endurgreiðslurétt á ríkissjóð vegna greidds innskatts sem hann dregur frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fær hann endurgreiddan. Í lok fyrsta tímabils er tækið óselt í höndum heildsalans og ríkissjóður hefur ekki fengið skatt af því.

Á öðru greiðslutímabili selur heildsalinn tækið til smásala. Um leið innheimtir heildsalinn virðisaukaskatt af smásalanum og skilar skattinum í ríkissjóð en á sama tíma öðlast smásalinn endurgreiðslurétt hjá ríkissjóði vegna greidds innskatts af tækinu og dregur hann frá útskatti af öðrum vörum á öðru greiðslutímabili eða fær hann endurgreiddan. Í lok annars tímabils er tækið óselt í höndum smásalans og ríkissjóður hefur enn ekki fengið virðisaukaskatt af tækinu.

Á þriðja tímabili selur smásalinn tækið til endanlegs notanda, innheimtir af honum virðisaukaskatt og skilar honum í ríkissjóð. Þá fær ríkissjóður loks skattinn af heildarandvirði tækisins.

Ef tækið hefði farið um öll framangreind viðskiptastig á einu og sama greiðslutímabilinu hefði ríkissjóður að sjálfsögðu fengið skatt af tækinu innan þess tíma. Einnig er rétt að geta þess að endurgreiðsluréttur sá, sem að framan er nefndur, jafnast í flestum tilvikum út á móti útskatti af annarri sölu.

6. Meginatriði frumvarpsins

6.1 Skráningarskylda fyrirtækja. Samkvæmt núgildandi söluskattskerfi eru allir, sem reka í atvinnuskyni viðskipti með söluskattsskylda vöru eða þjónustu, skyldir til að tilkynna skattstjóra um starfsemi sína. Þeir eru síðan skráðir og fá skírteini sem heimila þeim kaup án söluskatts á tilteknum vörum og þjónustu til endursölu. Skráningarskyldan takmarkast þannig við þá sem reka söluskattsskyld viðskipti.

Samkvæmt frumvarpinu eru allir þeir sömu skráningarskyldir á sama hátt en auk þeirra verður að skrá alla þá sem reka sjálfstæða starfsemi og ekki eru söluskattsskyldir í núgildandi kerfi. Einnig þarf að skrá fyrirtæki ríkis eða sveitarfélaga sem selja vörur og þjónustu á almennum markaði í samkeppni við önnur fyrirtæki. Ekki er þörf fyrir áður nefnd heimildarskírteini sem nú eru notuð þar sem almenna reglan er sú að allar vörur og önnur aðföng eru keypt með skatti.

Af hagkvæmnisástæðum er ýmislegt sem mælir með því að halda smáfyrirtækjum utan við skráningarskylduna. Þetta er gert með því að ákveða að fyrirtæki sem hafa veltu undir 75.000 kr. á ári þurfi ekki að láta skrá sig.

Undanþága smáfyrirtækja frá skráningarskyldu leiðir til þess að þau þurfa ekki að greiða skatt af sölu sinni og þau fá ekki heimild til frádráttar á innskatti af vörukaupum eða öðrum aðföngum.

Þar sem óskráð fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni verður skatturinn ekki sérgreindur á sölureikningum þeirra. Skrásett fyrirtæki, sem kaupa aðföng af óskrásettum fyrirtækjum, fá því ekki frádreginn neinn innskatt af þessum kaupum.

Um skráningarskyldu vísast að öðru leyti til 5. gr. frumvarpsins og ákvæðis II til bráðabirgða sem og til athugasemda við 5. gr.

6.2 Skattskyldusviðið. Virðisaukaskattur þarf í grundvallaratriðum að ná til allrar vöru og þjónustu ef ná á þeim markmiðum sem stefnt er að með upptöku slíks kerfis. Eins og áður er nefnt er nær útilokað að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi eins og nú er gert í söluskattskerfinu auk þess sem undanþága einstakra

vörutegunda á fyrri stigum myndi gera virðisaukaskattskerfið erfitt í framkvæmd. Verður því að afnema undanþágurnar.

Frá tekjuöflunarsjónarmiði hins opinbera er mikilvægt að skattskyldan sé sem almennust en það gefur einnig möguleika á að beita lægra skatthlutfalli en ella. Víðtæk skattskylda hefur úrslitaþýðingu um framkvæmd slíks kerfis og öryggis þess en jafnframt er víðtæk skattskylda forsenda hlutleysis gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum eins og áður er komið fram.

Með hliðsjón af framanrituðu er meginregla frumvarpsins sú að öll almenn sala skráðra fyrirtækja á vörum og þjónustu er skattskyld. Til skattskyldrar sölu telst öll sala, hvort sem er til annarra fyrirtækja eða neytenda, og teljast vörur sem eigandi tekur út til eigin nota til hinnar skattskyldu veltu. Verðmætið, sem útskatturinn er reiknaður af, er andvirði hinnar seldu vöru eða þjónustu.

Þrátt fyrir þá áherslu, sem hér hefur verið lögð á víðtæka skattskyldu, er tæknilega mögulegt að halda tilteknum afmörkuðum þáttum utan skattskyldunnar og í nokkrum tilvikum getur verið hagræði af því í framkvæmd. Í öllum löndum, sem tekið hafa upp virðisaukaskatt, eru einhverjar undanþágur frá hinni almennu skattskyldu.

Eins og áður er komið fram gera grundvallarreglur virðisaukaskattskerfisins ráð fyrir fullri undanþágu á sölu úr landi, en einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu sem ekki hefur í för með sér mismunun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar. Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algjörlega utan kerfisins. Þessi þjónustusvið eru upp talin í 2. mgr. 7. gr. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka og vátryggingastarfsemi. Þessir aðilar verða að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni þar sem þeir bera innskattinn, en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins, án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smáfyrirtæki, sbr. 3. tl. 4. gr.

Hinn meginflokkur undanþága felst í því að endurgjald fyrir tiltekna vöru eða þjónustu er við ákveðnar kringumstæður heimilt að draga frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 10. gr. frumvarpsins. Meðal þeirra má nefna vöru og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og loftfara og flutninga milli landa.

Áhrif þessarar tegundar undanþágu eru mun víðtækari en hinna fyrrnefndu þar sem þeir aðilar er hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

6.3 Utanríkisviðskipti. Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri sölu á vöru og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu, sbr. 10. gr. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn, sbr. 23. gr.

Við skattlagningu á innfluttar vörur koma aðallega til tvær aðferðir. Önnur þeirra gerir ráð fyrir innheimtu virðisaukaskatts af öllum innfluttum vörum, strax við tollmeðferð, en með hinni aðferðinni er skatturinn aðeins innheimtur af innflutningi til neytenda við tollmeðferð, en skráð fyrirtæki greiða ekki skatt við tollmeðferð innflutnings.

Þegar fyrri aðferðin er notuð skiptir ekki máli hver innflytjandinn er því að skatturinn er innheimtur hvort sem um er að ræða neytanda eða skráð fyrirtæki sem flytur inn til

endursölu. Þegar skráð fyrirtæki flytur inn vöru fær það virðisaukaskattinn, sem það greiðir við tollmeðferð, frádreginn útskatti af sölu og skilar mismuninum í ríkissjóð.

Margt bendir til þess að fyrri aðferðin, þ. e. innheimta virðisaukaskatts strax við tollmeðferð, sé öruggari í framkvæmd hér á landi, m. a. með tilliti til þeirra erfiðleika sem á því eru að ákvarða við tollmeðferð vöru til hvaða nota hún er ætluð. Þetta vandamál er vel þekkt í núgildandi söluskattskerfi hér á landi. Er því gert ráð fyrir að fyrri aðferðin verði lögleidd, sbr. ákvæði X. kafla frumvarpsins.

6.4 Frádráttarheimildin. Heimild fyrirtækja til að draga innskatt af aðföngum frá útskatti af sölu er veigamesta einkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir tvísköttun eða uppsöfnun skatts í framleiðslu- og dreifingarkostnaði.

Ef stefna á að algjöru hlutleysi virðisaukaskatts verður að fylgja þeirri grundvallarreglu að skráð fyrirtæki hafi heimild til að draga allan innskatt frá útskatti. Þess vegna er ekki nægilegt að frádráttarheimildin nái til innskatts af fullunnum vörum, sem keyptar eru í þeim tilgangi að selja þær aftur í óbreyttri mynd, eða hráefna og hálfunninna vara, sem keyptar eru til frekari vinnslu. Heimildin nær til innskatts af hvers konar aðföngum, svo sem vélum, fasteignum, flutningatækjum, skrifstofuvélum og öðrum tækjum og efni sem á þarf að halda við reksturinn. Enn fremur nær heimildin til innskatts af öllum öðrum rekstrarkostnaði til að ná algjöru hlutleysi skattsins.

Reglur um frádrátt á innskatti af kaupum á fastafjármunum, svo sem vélum, áhöldum og fasteignum, eru nokkuð mismunandi í ríkjum sem tekið hafa upp virðisaukaskattskerfi. Tvær aðferðir eru einkum notaðar. Önnur þeirra gerir ráð fyrir fullri frádráttarheimild á innskattinum um leið og kaup á fastafjármunum fara fram. Hin reglan dreifir hins vegar frádráttarheimildinni á nokkur ár frá því að kaupin fara fram, hliðstætt því sem gert er með afskriftum. Þar sem síðari aðferðin er notuð verða fyrirtækin að fjármagna virðisaukaskattinn þann tíma sem tekur að fá hann endurgreiddan eða dreginn frá útskatti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrrnefnda aðferðin verði notuð.

Enda þótt meginreglan sé að heimilt skuli að draga innskattinn frá útskatti við skil til ríkissjóðs er samt sem áður eðlilegt að takmarka frádráttarheimildina í nokkrum tilvikum. Kaup aðfanga eða kostnaður getur verið þess eðlis, að ekki sé eðlilegt að veita fullan frádrátt á innskatti. Að sjálfsögðu er innskattur af einkaneyslu eiganda fyrirtækis ekki frádráttarbær. Sama gildir um vörur og önnur aðföng sem notuð eru til að greiða starfsfólki laun í hlunnindum eða með öðrum hætti. T. d. er ekki eðlilegt að innskattur af matvælum til starfsfólks fáist frádreginn. Sama má segja um byggingarkostnað við íbúðir starfsfólks, barnaheimili og annan kostnað sem snertir á einhvern hátt kjör starfsfólksins. Skerðing frádráttarheimildarinnar að þessu leyti er eðlileg af því að vinnulaun eru þáttur í virðisauka hvers fyrirtækis, og á ekki að skipta máli með hvaða hætti launin eru greidd eða á hvern hátt búið er að starfsfólkinu.

Réttmætt getur verið að takmarka frádráttarheimildina á fleiri sviðum en hér hefur verið nefnt og er það víða gert. Þar má nefna risnu, bifreiðakostnað og önnur útgjöld sem tengjast oft persónulegri neyslu eigenda eða starfsmanna. Vísast um þetta til 13. gr.

Aðilar, sem reka óskráð fyrirtæki, verða að teljast neytendur þeirra aðfanga sem notuð eru í fyrirtækjum þeirra. Þeir fá því ekki að draga innskatt af keyptum aðföngum frá útskatti eins og áður er lýst.

Hugsanlegt er að einstök skráningarskyld fyrirtæki hafi jafnframt með höndum starfsemi sem virðisaukaskattur tekur ekki til. Þegar þannig stendur á fá fyrirtækin ekki að draga frá innskatt af aðföngum þess hluta rekstrarins sem fellur utan ramma virðisaukaskattsins. Vegna þeirra erfiðleika sem geta verið á því að komast að réttri niðurstöðu um

frádrátt í slíkum blönduðum rekstri er nauðsynlegt að afmarka hið skattskylda svið þannig að fjöldi slíkra blandaðra fyrirtækja verði eins lítill og tök eru á.

Takmörkun eða skipting frádráttar á innskatti kemur einnig til þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru bæði notaðir í atvinnurekstri og til einkaafnota. Sem dæmi má nefna að verslunareigandi býr í sömu fasteign og verslunin er í. Verður þá að skipta innskattinum bæði af byggingarkostnaði hússins og rekstrarkostnaði þess þannig að einungis komi til frádráttar sá innskattur sem tilheyrir verslunarrekstrinum sjálfum.

6.5 Bókhald og uppgjör. Fyrirtæki, sem gert er að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni, gera hann upp og skila honum í ríkissjóð á grundvelli skráningar í bókhaldi. Verða því að liggja fyrir greinilegar upplýsingar um skatt af sölu og skatt af keyptum aðföngum á hverju uppgjörstímabili. Hefur VII. kafli frumvarpsins að geyma allítarleg ákvæði um þessi atriði og vísast um þau að mestu leyti til athugasemda við þann kafla.

Í löndum, sem tekið hafa upp virðisaukaskatt, eru skattskilin ýmist miðuð við afhendingartíma sölu og aðfanga og bókhaldslega færslu þeirra eða peningalegar greiðslur. Fyrri aðferðina mætti nefna **reikningsaðferð** en hina síðari **greiðsluaðferð.** Yfirleitt er önnur hvor aðferðin notuð sem aðalregla en sums staðar geta fyrirtæki valið milli þessara aðferða eða fengið heimild til að víkja frá aðalreglunni í vissum tilvikum.

Þegar reikningsaðferðin er notuð eru skattskilin miðuð við afhendingartíma vöru og aðfanga eins og áður segir og skiptir því ekki máli hvort keypt eða selt er með gjaldfresti. Þessi aðferð er notuð í gildandi söluskattskerfi hér á landi.

Með greiðsluaðferðinni kemur útskatturinn ekki til uppgjörs fyrr en andvirði sölunnar greiðist inn til fyrirtækjanna. Útskattur af staðgreiðslusölu kemur til uppgjörs á sama tíma og samkvæmt reikningsaðferðinni en skil á útskatti af lánssölu eiga sér ekki stað fyrr en við greiðslu hennar. Þegar greiðsluaðferðin er notuð varðandi útskatt verður jafnframt að nota hana við uppgjör á innskattinum, þannig að hann kemur ekki til frádráttar útskatti fyrr en við greiðslu aðfanganna.

Það er nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum eða tegundum fyrirtækja hvor uppgjörsleiðin kemur sér betur greiðslulega fyrir fyrirtækin. Fyrirtæki sem selja hlutfallslega meira af vörum með gjaldfresti en nemur gjaldfresti þeirra á innkaupum aðfanga hefðu t. d. hag af greiðsluaðferðinni, en þar sem þessu er öfugt farið væri sú leið óhagstæðari.

Það yrði yfirleitt mun flóknara og fyrirhafnarmeira fyrir fyrirtæki að nota greiðsluaðferðina. Við innborganir og útborganir upp í viðskipti yrði skatturinn ekki sérgreindur á kvittunum og yrði því að reikna skattinn út í hverju tilviki. Innborganir vegna skattskyldrar sölu og útborganir vegna innkaupa, sem veita heimild til frádráttar á innskatti, yrðu að færast á sérreikninga í bókhaldi eða færast í sérstakt bókhald til þess að uppgjör skattsins yrði mögulegt.

Við reikningsaðferðina er byggt á mótteknum og afhentum reikningum um kaup og sölu þar sem skatturinn kemur sérstaklega fram. Að því leyti er þessi aðferð skýrari og einfaldari, og hún fellur einnig betur að almennum bókhaldsvenjum en greiðsluaðferðin.

Margt mælir því með reikningsaðferðinni og er í frumvarpinu lagt til að hún verði lögleidd sem almenn regla við uppgjör virðisaukaskatts.

Telja verður að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts hafi í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir þau fyrirtæki sem munu innheimta skattinn og standa skil á honum í ríkissjóð. Stafar það einkum af því að ýmis fyrirtæki, sem ekki innheimta söluskatt, yrðu að innheimta virðisaukaskatt. Einnig veldur frádráttarheimildin á innskatti því að meiri kröfur verður að gera til bókhalds að því er varðar skráningu og gögn um kaup á aðföngum.

Á það er hins vegar að líta að fyrirhöfn einstakra greina verslunar, einkum matvöruverslunar, við uppgjör söluskattsins, er orðin veruleg. Þessu veldur veruleg fjölgun

undanþáguákvæða sem m. a. hafa leitt til þess að fyrirtækin verða að halda einstökum vörutegundum aðgreindum í bókhaldi sínu eða færa þær sérstaklega til að geta reiknað út söluskattsstofninn með sæmilegri nákvæmni.

Upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts þarf ekki að leiða til aukinnar fyrirhafnar hjá þeim fyrirtækjum sem nú innheimta söluskatt, e. t. v. með mjög mörgum og flóknum undanþágum. Það veltur þó allt á því að sú víðtæka og afdráttarlausa skattskylda sem frumvarpið gerir ráð fyrir haldist.

6.6 Skil á skatti. Með sama hætti og nú á sér stað um söluskatt verða skráð fyrirtæki að gera skil á innheimtum virðisaukaskatti með ákveðnu millibili. Skilunum þurfa að fylgja upplýsingar um útskatt og innskatt á hverju greiðslutímabili.

Samkvæmt gildandi söluskattsreglum er aðalreglan sú að greiða skuli söluskatt mánaðarlega. Fellur hann í gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og er eindagi skattsins 10 dögum síðar.

Vinna skattyfirvalda og framteljenda vex í hlutfalli við fjölda uppgjörstímabila. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa lengri uppgjörstímabil í för með sér lengri gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs við núverandi verðbólguaðstæður. Auk þess verða skattfjárhæðir sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni hærri. Af því leiðir einnig að meiri sveiflur verða á innstreymi skatts í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna. Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þessum atriðum er lagt til í frumvarpinu að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr 12 í 6. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir breytingu á því að eindagi skattsins sé 25. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Lenging uppgjörstímabilsins með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til að tekjur ríkissjóðs minnka á því ári sem breytingin gengur yfir og benda lauslegar áætlanir til þess að tekjulækkun af þessum sökum gæti orðið um 8—10%.

6.7 Sérreglur um útgerð, landbúnað og byggingarstarfsemi. Landbúnaður og fiskveiðar hafa um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskattsmeðferð þeirra. Báðar þessar greinar eru að mestu utan núverandi söluskattskerfis. Meiri hluti þeirrar fjölgunar gjaldenda sem verður við upptöku virðisaukaskattskerfis kemur úr þessum tveimur greinum eða milli 5000 og 6000 gjaldendur. Ríður því á miklu að finna leiðir sem einfaldað gætu virðisaukaskattsuppgjör þessara aðila. Í IX. kafla frumvarpsins er að finna tillögur í því efni.

Ef virðisaukaskatturinn næði til útgerðarinnar með sama hætti og annarra greina yrðu útgerðarfyrirtækin að innheimta fullan skatt af sölu til fiskvinnslunnar og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti. Fiskvinnslufyrirtækin fengju síðan þennan skatt endurgreiddan eins og annan innskatt vegna sölu úr landi.

Vegna þess að afli útgerðarfyrirtækjanna fer að mestum hluta til vinnsluaðila sem síðan selja framleiðsluna úr landi en aðeins lítill hluti hans er seldur beint til neyslu á almennum markaði innanlands kemur mjög til greina að fara aðrar leiðir til uppgjörs á skatti útgerðarinnar. Hefur verið áætlað að sá innskattur sem leggjast mun á útgerðina vegna kaupa á skattskyldri vöru og þjónustu nemi að meðaltali 10% af andvirði sjávarafla. Við kaup vinnslustöðvanna á afla er gert ráð fyrir að þær greiði verðmæti hans að viðbættum 10% skatti en það svarar meðaltalsinnskattinum hjá útgerðinni. Innskattur og útskattur útgerðarfyrirtækjanna ætti því að verða nokkurn veginn jafn hár. Útgerðarfyrirtæki verða hins vegar að innheimta fullan skatt af sölu til annarra en vinnslustöðva. Hjá útgerðarfyrirtækjum almennt er gert ráð fyrir uppgjörsskilum á hinum reglulegu skiladögum en þeir sem smábátaútgerð stunda munu þó almennt einungis skila einni skýrslu á ári.

Um fiskvinnslu eru ekki settar aðrar sérreglur en þær er leiða af sérstöðu útgerðar. Fiskvinnslufyrirtæki verða því að greiða útgerðinni 10% virðisaukaskatt ofan á verðmæti afla en 21% skatt af öðrum aðföngum. Þar sem meginhluti framleiðslu fiskvinnslufyrirtækjanna er seldur úr landi er skattur ekki innheimtur af þeirri sölu. Fá fiskvinnslufyrirtækin innskatt sinn því að mestu endurgreiddan úr ríkissjóði, sbr. 23. gr., að loknu hverju reglulegu uppgjörstímabili.

Búrekstur er eina atvinnugreinin í landinu sem yfirleitt er ekki háð bókhaldsskyldu samkvæmt ákvæðum laga um bókhald. Það verður því afar mikilvægt að laga virðisaukaskattskerfið þannig að landbúnaðinum að framkvæmd þess valdi ekki verulegri fyrirhöfn fyrir bændur og skattyfirvöld. Enn fremur má benda á að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tekjustreymi, en tekjur bænda koma að verulegu leyti inn löngu eftir að rekstrarkostnaður fellur til. Segja má að í landbúnaði séu margar litlar rekstrareiningar sem selja nær allar afurðir sínar til fárra vinnslustöðva. Frá þeirri meginreglu eru fáar undantekningar.

Framangreind atriði og reyndar fleiri eru þess valdandi að ástæða er til að huga að sérstakri meðferð landbúnaðarins í virðisaukaskattskerfi hér á landi eins og gert hefur verið í flestum öðrum löndum sem tekið hafa upp þetta kerfi. Í frumvarpinu er valin sama leið og lýst var hér að framan varðandi fiskveiðar. Áætlað hefur verið að innskattur í landbúnaði muni verða að meðaltali 9% af andvirði landbúnaðarafurða. Bændur innheimta útskatt frá vinnslustöðvunum sem nemur þessu meðaltalshlutfalli. Útskatturinn ætti því að verða svipuð fjárhæð og innskatturinn. Með þessum hætti fá bændur jafnaðan þann innskatt sem þeir hafa þurft að greiða af aðföngum sínum með útskatti innheimtum af vinnslustöðvunum. Vinnslustöðvarnar greiða bændum því 9% í skatt sem telst innskattur stöðvanna og kemur til frádráttar þeim útskatti sem þær heimta við sölu á framleiðsluvörum sínum. Bændur eiga síðan að skila einni virðisaukaskattsskýrslu fyrir hvert ár og skal hún fylgja skattframtali þeirra fyrir það ár. Eftir álagningu þinggjalda ber þeim síðan að greiða það sem útskattur kann að hafa farið fram úr innskatti en eiga rétt á endurgreiðslu mismunarins ef innskatturinn er hærri. Þar sem 9% útskatturinn á eins og að framan greinir að samsvara að meðaltali innskatti af aðföngum bænda er ekki við því að búast að hér verði um verulegar fjárhæðir til greiðslu eða endurgreiðslu að ræða.

Við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum getur þó tímabundið komið til allverulegra endurgreiðslna. Til að flýta fyrir þeim eru sett ákvæði 30. gr. um heimild og stundum skyldu skattstjóra til að fallast á beiðni bænda (og smábátaútgerðarmanna) um skemmri uppgjörstímabil. Framangreind ákvæði um innheimtu bænda á 9% útskatti gilda einungis ef selt er til vinnslu- eða dreifingaraðila. Af sölu til annarra verða bændur að innheimta hið almenna 21% skatthlutfall. Nemi slík sala 50% eða meira af heildarsölu viðkomandi fellur niður heimildin til árlegs uppgjörs og ber þessum aðilum að skila skýrslu og skatti á reglulegum gjalddögum.

Samkvæmt gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald þeirra er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fram fer í verksmiðju eða verkstæði heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Söluskattsskyldan við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerðina og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Ókostur framangreindrar undanþágu er sá að söluskatturinn verður hærri á verksmiðjuframleiddum byggingarhlutum en þeim sem unnir eru með hefðbundnum byggingaraðferðum. Þessi ókostur er tilfinnanlegur og kann að standa í vegi fyrir hagræðingu í byggingariðn-

aði, enda þótt nokkuð hafi verið úr þessu dregið með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Er það aðkallandi að bæta hér úr þannig að söluskatturinn valdi ekki mismunun eftir framleiðslu- og byggingaraðferðum.

Vegna þess að áður nefnd undanþága miðast við það hvar vinnan fer fram getur verið afar erfitt fyrir byggingarfyrirtækin að ákvarða skiptingu milli söluskattsskyldrar og söluskattsfrjálsrar sölu. Enn fremur hafa skattyfirvöld litla möguleika til að sannreyna þá skiptingu með nákvæmni. Á þetta t. d. við um innréttingasmíði og uppsetningu þeirra sem yfirleitt fer fram bæði á verkstæði og byggingarstað.

Þegar vinna og efni er selt í einu lagi, t. d. eftir tilboði, getur einnig orðið torvelt að ákvarða skiptinguna milli efnis og söluskattsskyldrar vinnu annars vegar og undanþeginnar vinnu hins vegar.

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi verða allir skráningarskyldir sem reka sjálfstæða starfsemi í byggingariðnaði. Verða þeir að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni eins og aðrar greinar atvinnurekstrar. Áætla má að fjölgun gjaldenda verði rúmlega 1 800 í þessari grein.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefur margvíslega ókosti í för með sér. Með því yrði vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við núverandi framkvæmd söluskattsins í byggingariðnaði yrðu þau sömu, og að svo miklu leyti sem hægt væri að leysa þau yrði að gera það með sama hætti. Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu.

Því er gert ráð fyrir í frumvarpinu að full skattskylda verði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem á efniskostnað. Full skattskylda hefur í för með sér umtalsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fengju hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Ætla má að ekki sé vilji að haga skattlagningunni þannig að hún hafi í för með sér verulega hækkun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Þess vegna þarf að huga að öðrum leiðum, til að vega á móti þessum hækkunum. Kemur þá helst til greina að veita fjármagn, sem nemur tekjuaukanum af skattlagningu á vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis, til húsnæðismála, annaðhvort í formi aukins lánsfjármagns með hagstæðari kjörum en nú tíðkast eða í formi styrkja til húsbyggjenda. Rétt er að benda á að hér er um viðkvæmt og erfitt vandamál að ræða sem fjalla þyrfti um fyrir gildistöku frumvarps þessa.

6.8 Skatthlutfallið. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skatthlutfallið skuli vera 21%. Rík áhersla skal á það lögð að hér er um lauslega áætlun að ræða, enda hljóta veigamiklir þættir áætlunar af þessu tagi jafnan að vera mikilli óvissu háðir. Hér á eftir verður í stuttu máli leitast við að gera grein fyrir þeim útreikningum sem liggja að baki áætlunum um hæð skatthlutfallsins.

Áður en skatthlutfallið er ákvarðað þarf í fyrsta lagi að marka svið skattskyldunnar og í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort það sé æskilegt eða framkvæmanlegt að hafa breytilegt skatthlutfall eftir því um hvaða vörutegund er að ræða. Í þriðja lagi þarf svo að ákveða hve miklum tekjum virðisaukaskatti er ætlað að skila.

Að því er fjölda skatthlutfalla varðar þá verður hér við það miðað, að skatthlutfallið verði aðeins eitt, sbr. það sem segir um ókosti margra skatthlutfalla hér að framan. Annað atriðið, svið skattskyldunnar, er markað í 7. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um undanþágu frá útskatti, svo og í 10. gr. sem tekur til undanþágu á bæði innskatti og útskatti. Þriðja atriðið, sem taka þarf afstöðu til, áður en unnt er að ákvarða skatthlutfallið er hversu miklum tekjum virðisaukaskattinum er ætlað að skila. Hér verður við það miðað að virðisaukaskatturinn skili jafnmiklum tekjum og söluskatturinn gerir nú, þótt færa mætti rök

fyrir því, að vegna víðtækari skattskyldu í virðisaukaskattskerfinu þyrfti skatturinn í því kerfi að vera nokkru hærri í fjárhæðum en söluskatturinn til þess að raungildi virðisaukaskattsins yrði það sama og söluskattsins.

Eftir að svið skattskyldunnar hefur verið afmarkað með þessum hætti er unnt að áætla skatthlutfallið með að minnsta kosti tvennum hætti, eins og nánar er lýst hér á eftir. Byggt er á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um þjóðarframleiðslu ársins 1980 og innbyrðis skiptingu hennar. Í öllum tilvikum er um að ræða bráðabirgðatölur, þar eð endanlegt uppgjör þjóðhagsreikninga fyrir síðustu ár liggur ekki fyrir.

Fyrri aðgerðin byggir á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota í þjóðarbúskapnum og verða mundu skattskyld við álagningu virðisaukaskatts. Þetta er hin svonefnda ráðstöfunaraðferð þjóðhagsreikninga en samkvæmt henni er þjóðarframleiðslunni skipt upp í einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun, útflutning og innflutning. Þessar tölur eru jafnan á markaðsverði, sem þýðir að óbeinir skattar, eins og söluskattur, eru þá meðtaldir í verði vörunnar.

Við mat á fjárhæðum er einkaneysla ársins 1980 því fyrst lækkuð um álagðan söluskatt á því ári. Þannig fæst skattstofn virðisaukaskattsins í einkaneyslu áður en tekið hefur verið tillit til undanþágu frá skattinum. Í 7. gr. frumvarpsins eru undanþágurnar í einkaneyslu taldar upp. Munar þar mestu um útleigu íbúðarhúsnæðis sem þá einnig leiðir til undanþágu á reiknaðri eigin leigu íbúðarhúsnæðisins eins og hún er áætluð í einkaneyslunni. Jafnframt eru undanþegin útgjöld vegna heilbrigðismála en þau eru talin til einkaneyslu enn sem komið er. Þá má einnig nefna nokkra smærri liði. Alls er hér gert ráð fyrir því að um 79% af einkaneyslunni yrðu skattskyld í virðisaukaskattskerfinu, en til samanburðar má geta þess að við núverandi aðstæður leggst söluskattur á tæp 54% einkaneyslunnar. Hér er því um að ræða talsverða víkkun skattskyldunnar. Í töflu 1 (bls. 32) kemur fram hvernig skattskyldan skiptist á hina ýmsu flokka einkaneyslu, eins og matvæli, drykkjarvörur o. s. frv.

Auk einkaneyslunnar yrðu íbúðarbyggingar skattskyldar samkvæmt frumvarpinu. Við mat á hæð skatthlutfallsins er þó ekki gert ráð fyrir því að nettóskatttekjur af íbúðarhúsabyggingum aukist frá því sem nú er, þrátt fyrir víkkun skattskyldunnar. Ástæðan er sú að hér er reiknað með því að tekjuaukanum verði ráðstafað til húsnæðismála, annaðhvort í formi styrkveitinga til íbúðabygginga eða niðurgreiðslna á lánum. Opinberar byggingar og samgöngumannvirki eru á hinn bóginn skattlögð að fullu. Sama máli gegnir um aðföng samneyslunnar svo og aðföng þess atvinnurekstrar sem að öðru leyti er utan skattskyldu eins og banka, vátryggingastarfsemi, aðföng ýmissar félagslegrar þjónustu o. fl.

Virðisaukaskattsstofninn eins og honum hefur nú verið lýst má draga saman með eftirfarandi hætti:

Lauslega áætlaður virðisaukaskattsstofn miðað við fjárhæðir á árinu 1980.

	Skattstofn m.kr.	Hlutfallsleg skipting
1. Einkaneysla	5 850	76,4
2. Nýbygging íbúðarhúsnæðis	338	4,4
3. Opinberar byggingar og samgöngumannvirki	554	7,2
4. Virðisaukaskattsskyld aðföng í samneyslu	550	7,2
5. Virðisaukaskattsskyld aðföng atvinnurekstrar	370	4,8
SAMTALS	7 662	100,0

Yfirlit þetta sýnir hlutfallslega skiptingu skattstofnsins milli einkaneyslu svo og þeirrar samneyslu og fjármunamyndunar sem skatturinn mundi lenda á. Jafnframt er sýnt lauslegt mat á fjárhæðum skattstofnsins.

Samkvæmt þessu er sú fjárhæð, sem skatturinn mundi leggjast á, áætluð 7 662 m.kr., miðað við verðlag og þjóðarframleiðslu ársins 1980. Það ár nam álagður söluskattur að meðtöldum söluskattsauka og orkujöfnunargjaldi alls 1 469 m.kr. Samkvæmt því þyrfti skatthlutfall virðisaukaskatts að verða rúm 19% til þess að skatturinn skilaði sömu tekjum og söluskatturinn. Skipting skattsins milli útgjaldaliða er áætluð eins og sýnt er á meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er einnig sýnd skipting núgildandi söluskatts á sömu liði:

Áætluð skipting álagðs söluskatts 1980 milli einkaneyslu, íbúðabygginga, samneyslu o. fl. og lauslegar hugmyndir um skiptingu virðisaukaskatts á sömu liði.

	Söluskattur		Virðisaukaskattur	
	M.kr.	Hlutfallsleg skipting	M.kr.	Hlutfallsleg skipting
1. Álagður söluskattur/virðisaukaskattur	1 469	100,0	1 469	100,0
2. Lauslega áætluð skipting skattsins				
2.1 Einkaneysla, þ. m. t. viðhald íbúðarhúsnæðis	931	63,4	1 120	76,3
2.2 Íbúðabyggingar	78	5,3	65	4,4
2.3 Opinberar byggingar	22	1,5	38	2,5
2.4 Samgöngumannvirki	39	2,7	69	4,7
2.5 Samneysla	46	3,1	105	7,2
2.6 Virðisaukaskattsskyld aðföng atvinnurekstrar	} 353	} 24,0	72	4,9
2.7 Söluskattsskyld aðföng atvinnurekstrar, ásamt skekkjum í öðrum liðum			0	0,0

Af þessu má ráða, að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér tilflutning á skattbyrðinni þannig að stærri hluti skattsins en áður er innheimtur beint af einkaneyslunni, eða nálægt 75—80% af virðisaukaskattinum, en til samanburðar má ætla að 60—65% af söluskattinum sé innheimtur af einkaneyslunni. Á móti þessum tilflutningi skattbyrðarinnar yfir á einkaneyslu, eins og raunar er stefnt að við upptöku virðisaukaskatts, kemur að skattur á aðföng atvinnurekstrarins hverfur að mestu með virðisaukaskattinum og með því næst það markmið að skatturinn sé hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluþáttanna á hinar ýmsu framleiðslugreinar.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum verður nú fjallað um aðra aðferð við mat á hæð skatthlutfallsins. Gagnstætt fyrri aðferðinni, sem byggir á útgjaldaskiptingu þjóðarframleiðslunnar, byggir seinni aðferðin á virðisauka eða verðmætasköpun við innlenda framleiðslu sem meginstofni. Við þennan stofn er síðan aukið ýmsum liðum og aðrir dregnir frá í samræmi við afmörkun skattstofnsins í 7. og 10. gr. frumvarpsins. Þessari aðferð verður nú nánar lýst.

Með virðisauka eða vergum þáttatekjum fyrirtækis eða atvinnugreinar er átt við samtölu launa, afskrifta og rekstrarafgangs fyrir greiðslu vaxta. Þessi virðisauki er jafn þeim verðmætum sem ráðstafað er til endanlegra nota í þjóðarbúskapnum, þ. e. einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar auk viðskiptajafnaðar við útlönd, og má af þessu sjá samhengið við fyrri aðferðina. En virðisaukann má einnig líta á sem mismun á heildartekjum fyrirtækis og þeirra aðfanga sem fyrirtæki fær frá öðrum fyrirtækjum eða innflutningi. Skatturinn á virðisaukann er mismunurinn á útskatti og innskatti eins og fram kemur í 11. gr. frumvarpsins, þar sem útskattur leggst á tekjur fyrirtækisins en innskattur á keypt aðföng.

Á þessum stofni þarf þó að gera nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi þarf að bæta við hann verðmæti innflutnings svo og þeim tollum o. fl. sem leggjast á verðmæti innflutningsins áður en virðisaukaskattur er reiknaður af innflutningi. Þá þarf að draga vöruútflutning frá, enda greiðist virðisaukaskattur ekki af honum. Einnig þarf að draga fjárfestingu atvinnuveganna

frá þar eð hún er undanþegin. Sama máli gegnir um fjárfestingu í orkuverum og vinnuhluta íbúðarhúsnæðis. Þá er dreginn frá virðisauki í þeirri starfsemi sem þarf að greiða virðisaukaskatt af aðföngum sínum en er að öðru leyti haldið utan skattskyldu. Má þar nefna starfsemi hins opinbera, banka og tryggingafélög, ýmsa heilbrigðisþjónustu, útleigu íbúðarhúsnæðis o. fl. Að síðustu þarf svo að leiðrétta stofninn vegna óbeinna skatta og framleiðslustyrkja.

Útreikning á virðisaukaskattsstofninum eftir þessari aðferð og eins og hér hefur verið lýst má setja fram með eftirfarandi hætti og eru fjárhæðir þá sem fyrr miðaðar við árið 1980.

	1980 m.kr.
1. Virðisauki innlendrar framleiðslu, þ. e. vergar þáttatekjur	11 076
2. **Við bætist:** cif-verðmæti innfluttrar vöru auk tolla og aðflutningsgjalda	5 723
3. **Frá dregst:**	
3.1 Vöruútflutningur fob. að viðbættum áætluðum tekjum innlendra skipafélaga af útflutningi	4 728
3.2 Eftirtalin fjárfesting:	
Fjárfesting atvinnuveganna	1 502
Rafvirkjanir og rafveitur	507
Hita- og vatnsveitur	267
Vinnuhluti íbúðarhúsnæðis (45%)	335
3.3 Virðisauki ýmissa greina utan skattskyldu	2 715
4. Leiðréttingar vegna óbeinna skatta og framleiðslustyrkja:	
4.1 Hækkun skattstofns vegna óbeinna skatta annarra en tolla og söluskatts	1 150
4.2 Lækkun skattstofns vegna framleiðslustyrkja	775
Virðisaukaskattsstofn	7 120

Áður hefur komið fram, að álagður söluskattur á árinu 1980 varð 1 469 m.kr. Til þess að ofangreindur skattstofn skili þeim tekjum þyrfti skatthlutfallið því að vera tæplega 21% eftir þessari aðferð. Niðurstaða þessarar aðferðar sýnir því nokkru lægri skattstofn en fyrri aðferðin, sem gaf þá vísbendingu að skatthlutfallið þyrfti að vera rúm 19%.

Með hliðsjón af þeirri miklu óvissu sem útreikningar af þessu tagi hljóta óhjákvæmilega að vera háðir er frávikið þó ekki meira en búast mátti við. Á grundvelli beggja aðferðanna má því telja þá niðurstöðu líklegasta að skatthlutfallið á árinu 1980 hefði þurft að vera 20—21% til þess að skila sömu tekjum og söluskatturinn gerði þá. Á því ári var söluskatturinn 22% fram til 13. apríl en hækkaði þá í 23,5% eins og hann er nú. Meðalskatthlutfall söluskatts á því ári er því rúmlega 23% sem mætti bera saman við virðisaukaskattshlutfallið 20—21%. Hækkun söluskatts í 23,5% hefur því í för með sér hlutfallslega sömu hækkun á virðisaukaskattshlutfalli miðað við aðstæður nú.

6.9 Áhrif virðisaukaskatts á verðlag. Ýmis tormerki eru á því að segja fyrir um hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts hefur á verðlag í landinu. Verðáhrifin fara eftir því hvaða skattar eða tollar verða lagðir niður við upptöku virðisaukaskatts, hver formleg tengsl verða milli verðvísitölu og kaupgjalds og loks eftir því eftirspurnarástandi sem ríkir þegar skattbreytingin gefur tilefni til verðbreytinga. Í töflu 1 og 2 eru sýnd dæmi um áætluð bein verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts á einkaneyslu, samneyslu og þá útgjaldaliði fjármunamyndunar sem skatturinn leggst á.

Tafla 1

Söluskattur og virðisaukaskattur af einkaneyslu 1980 og dæmi um áætluð verðhækkunaráhrif virðisaukaskatts.

Fjárhæðir í m.kr.	Lauslega áætluð útgjöld 1980 án skatts	Þar af: Skattstofn söluskatts	Þar af: Skattstofn virðisauka-skatts	Álagður sölu-skattur (23%)	Álagður virðisaukaskattur 20%	Álagður virðisaukaskattur 21%	Áætluð verðhækkunaráhrif m.v. 20% VASK	Áætluð verðhækkunaráhrif m.v. 21% VASK
1. Matvæli	1 573	117	1 573	27	315	330	18,0%	18,9%
2. Drykkjarvörur og tóbak	468	468	468	108	94	98	–2,4%	–1,7%
3. Fatnaður og einkamunir	881	881	881	203	176	185	–2,5%	–1,7%
4. Húsnæði, ljós og hiti	1 358	212	441	49	88	93	2,8%	3,1%
5. Varanlegir búsmunir	857	857	857	197	171	180	–2,5%	–1,6%
6. Heilsuvernd og snyrting	522	93	93	21	19	20	–0,4%	–0,2%
7. Samgöngur	783	623	703	143	140	148	–0,3%	0,5%
8. Menntun og skemmtanir	839	670	} 834	154	} 167	} 175	} 0,1%	} 0,8%
9. Önnur neysla	105	52		12				
10. Einkaneysla alls	7 386	3 973	5 850	914	1 170	1 229	3,1%	3,8%
11. Flutt af töflu 2		2 414	1 812	555	362	381		
12. Samtals		6 387	7 662	1 469	1 532	1 610		

Tafla 2

Söluskattur og virðisaukaskattur af íbúðarbyggingum, opinberum byggingum, samgöngumannvirkjum, samneyslu og skattskyldum aðföngum.

Fjárhæðir í m.kr.	Lauslega áætluð útgjöld 1980 án skatts	Þar af: Skattstofn söluskatts	Þar af: Skattstofn virðisauka-skatts	Álagður sölu-skattur (23%)	Álagður virðisaukaskattur 20%	Álagður virðisaukaskattur 21%	Áætluð verðhækkunaráhrif miðað við 20% VASK	Áætluð verðhækkunaráhrif miðað við 21% VASK
1. Íbúðarbyggingar	665	338	338	78	68	71	–1,3%	–0,9%
2. Opinberar byggingar	192	97	192	22	38	40	7,5%	8,4%
3. Samgöngumannvirki	362	170	362	39	72	76	8,2%	9,2%
4. Samneysla	1 576	200	550	46	110	116	3,9%	4,3%
5. Skattskyld aðföng atvinnurekstrar o. fl.		1 609	370	370	74	78		
Samtals 1.—5.		2 414	1 812	555	362	381		

Útreikningarnir byggjast á tveimur dæmum um hæð skattsins, þ. e. 20% og 21%, og er þá byggt á þeim niðurstöðum um hæð skatthlutfallsins sem áður var komist að. Ekki er gert ráð fyrir lækkun tolla eða afnámi uppsöfnunaráhrifa söluskatts í þessum útreikningum. Niðurstöðurnar sýna að í heild muni einkaneyslan hækka í verði um 3,1—3,8% eftir því hvort miðað er við 20% eða 21% skatt. Hækkun einstakra undirliða er þó mjög misjöfn eins og vænta mátti. Mest er verðhækkun matvæla eða um 18—19%, enda leggst núverandi söluskattur einungis á 7—8% matvælaútgjaldanna. Útgjöld vegna húsnæðis, ljóss og hita hækka einnig, en þó mun minna eða um 2—3%. Flestir aðrir útgjaldaliðir lækka í verði vegna lægra skatthlutfalls í virðisaukaskatti en í söluskatti.

Að líkindum sýna þessir útreikningar fremur ofmat en vanmat á verðhækkunaráhrifunum, því að eins og áður segir er hér ekki tekið tillit til þeirrar verðhjöðnunar sem afnám á uppsöfnuðum söluskatti gæti leitt til. Nýjustu athuganir Þjóðhagsstofnunar á uppsöfnuðum söluskatti benda til þess, að skatturinn geti numið um 1—3% af rekstrargjöldum fyrir flestar vöruframleiðslugreinar eða litlu minna en sem nemur verðhækkuninni. Lækkunaráhrifin koma þó að líkindum síðar fram í verðlaginu en beinu verðhækkunaráhrifin. Þetta kann að skipta miklu máli ef vísitölubinding launa er í gildi, þannig að beinu verðhækkunaráhrifin fara inn í víxlverkun kaupgjalds og verðlags og magnast þar áður en lækkunaráhrifa vegna afnáms uppsöfnunar fer að gæta.

Framangreindir útreikningar á áhrifum virðisaukaskatts til hækkunar á verðlagi einkaneyslu eru byggðir á bráðabirgðaáætlunum Þjóðhagsstofnunar um einkaneyslu og samsetningu hennar á árinu 1980. Önnur heimild við mat á verðhækkunaráhrifum virðisaukaskatts er vísitala framfærslukostnaðar. Samkvæmt mati Hagstofunnar má ætla að hlutur söluskatts í vísitölunni hafi verið nálægt 10% í ársbyrjun 1981. Það svarar til þess, að rösklega 47% af útgjöldunum í vísitölu framfærslukostnaðar án skatts hafi verið söluskattsskyld þá, sem er talsvert lægra hlutfall en fram kemur í töflu 1, en þar er byggt á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um einkaneysluútgjöldin og skiptingu þeirra á árinu 1980. Þær niðurstöður sýna að tæplega 54% af einkaneysluútgjöldum án skatts hafi verið söluskattsskyld þá. Samkvæmt þessu yrðu verðhækkunaráhrifin af upptöku virðisaukaskatts nokkru meiri ef þau yrðu metin eftir vísitölu framfærslukostnaðar í stað einkaneysluútgjalda. Skýringarnar á þessum mun má vafalítið rekja til þess, að matvælaútgjöldin, sem að stærstum hluta eru undanþegin söluskatti, vega þyngra í núgildandi vísitölugrunni en í einkaneysluútgjöldunum. Ekki er þó ástæða til þess að gera of mikið úr þessum mun þar eð vísitalan er byggð á eldra grunni og verður að telja að einkaneysluútgjöldin sýni raunhæfara mat á verðhækkunaráhrifunum.

6.10 Fjölgun gjaldenda við upptöku virðisaukaskatts. Ýmsar heimildir eru til um fjölda þeirra fyrirtækja eða aðila sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda í landinu. Af þeim heimildum sem nú ná til allra atvinnugreina má helst nefna fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, slysatryggingargögn skattyfirvalda og launamiðaskýrslur skattyfirvalda. Tvær síðasttöldu heimildirnar eru þó náskyldar.

Í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar eru skráð öll einstaklingsfyrirtæki sem eru með sérstöku heiti, enn fremur hvers konar félög, sem atvinnurekstur stunda, svo og stofnanir, embætti og félagasamtök. Hins vegar koma ekki fram í fyrirtækjaskrá þeir einstaklingar sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni. Þá er þess að geta að í fyrirtækjaskrá er hvert fyrirtæki aðeins talið til einnar atvinnugreinar jafnvel þótt fyrirtækið starfi í mörgum greinum. Að jafnaði er fyrirtæki þó talið til þeirrar atvinnugreinar sem það er talið hafa mest umsvif í.

Öðru máli gegnir um slysatryggingargögnin og launamiðaskýrslur. Þar er ætlast til þess, að hvert fyrirtæki sé skráð í öllum þeim atvinnugreinum sem það er með einhverja starfsemi í. Af því leiðir, að hvert fyrirtæki eða lögaðili getur verið margtalinn ef starfsemin er

margþætt eða starfsstaðir eru margir. Aðilar sem fram koma í slysatryggingargögnum og í launamiðaskýrslum eru því fleiri en í fyrirtækjaskrá.

Í þeim tölum sem hér fara á eftir hefur sá kostur verið valinn við mat á fjölgun gjaldenda að miða við launamiðaskýrslur og launaframtal fyrirtækja en ekki við fyrirtækjaskrá. Hér verður því átt við fjölda aðila eða framteljenda til virðisaukaskatts en ekki fjölda fyrirtækja. Samkvæmt þessum gögnum er fjöldi þeirra aðila sem fram koma í launamiðaskýrslum á árinu 1980 alls 23 500 og eru einyrkjar þá meðtaldir en tölur um fjölda bænda, sem hér eru einnig meðtaldir, eru áætlaðar eftir öðrum heimildum. Þessi heildartala gefur þó ekki rétta mynd af fjölda þeirra aðila sem gætu orðið framtalsskyldir. Er þá fyrst að nefna, að inni í heildartölunni eru allir húsbyggjendur sem hafa greitt laun á tímabilinu en þeir voru um 1 250 á árinu 1980. Þá má nefna þá aðila sem greiða virðisaukaskatt af aðföngum sínum en er að öðru leyti haldið utan skattskyldu og þurfa því ekki að skila framtali til virðisaukaskatts. Hér er um að ræða stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, menntamál, almannatryggingar, sjúkrahús, elliheimili og aðra heilbrigðisþjónustu, velferðarstofnanir, trúmálastarfsemi, auk ýmiss atvinnurekstrar eins og banka og tryggingafélaga, húsfélög, fasteignarekstur o. fl. Lauslega áætlað gæti hér verið um að ræða 4 000 aðila sem undanþegnir yrðu framtalsskyldu.

Nánari skipting þessara aðila er sem hér segir:

	Fjöldi launagreiðenda
Húsbyggjendur	1 250
Starfsemi ríkis og sveitarfélaga, þ. e. stjórnsýslan, skólar, sjúkrahús o. fl.	1 000
Velferðarstofnanir	430
Heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila	750
Bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir og tryggingafélög	260
Fasteignarekstur, húsfélög o. fl.	310
	4 000

Hámarksfjöldi framteljenda til virðisaukaskatts gæti því orðið allt að 19 500 áður en frekari undanþágur frá framtalsskyldu yrðu veittar. Þennan fjölda má bera saman við fjölda framteljenda til söluskatts sem þetta sama ár var um 9 000, þar af voru um 1 500 ekki með neina söluskattsskylda veltu. Upptaka söluskatts með því skattskyldusviði sem hér er gert ráð fyrir felur í sér fjölgun framteljenda um nálægt 10 500 eða ríflega tvöföldun. Tölur um fjölgun framteljenda einar sér þurfa ekki að gefa rétta mynd af kostnaðarauka hins opinbera eða framteljenda af upptöku skattsins. Hér skiptir mestu máli hvernig framtalsskyldunni verður hagað, hve oft á ári framteljanda ber að skila skýrslu o. s. frv. Í þessu sambandi er rétt að líta á það í hvaða atvinnugreinum fjölgun framteljenda á sér einkum stað:

	Fjölgun framteljenda
Landbúnaður	4 500
Fiskveiðar	900
Fiskiðnaður	400
Byggingarstarfsemi	1 850
Samgöngur, einkum sjálfstætt starfandi bifreiðastjórar	2 300
Lögfræði-, bókhalds-, tækniþjónusta o. fl.	1 000
Annað, oftalið og skekkjur	−450
Samtals	10 500

Af þessum tölum má ráða að mest öll fjölgun framteljenda kemur fram í landbúnaði, samgöngum, byggingarstarfsemi og sjávarútvegi. Meðferð þessara greina ræður því úrslitum um fjölgun framteljenda. En meðal annars vegna fjölda fyrirtækja í þessum greinum og smæðar þeirra er í frumvarpinu gert ráð fyrir sérmeðferð á framtalsskyldu þeirra. Þannig er í 29. gr. frumvarpsins sett fram sú almenna regla að þeir sem stunda landbúnað eða smábátaútgerð skuli einungis skila virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári.

7. Öryggi virðisaukaskatts og eftirlit

Virðisaukaskattur hefur af mörgum verið talinn öruggari tekjustofn en söluskattur. Stafar það m. a. af því sjálfseftirliti sem talið er að myndist í kerfinu með frádráttarheimildinni. Hagsmunir einstakra innheimtuaðila rekist á þar sem hvert fyrirtæki hafi hag af því að telja fram öll innkaup og fá innskattinn af þeim dreginn frá innheimtum útskatti. Sjálfseftirlitið hefur oft verið nefnt sem einn aðalkostur virðisaukaskattskerfisins.

Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti verði mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfi og nú er í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minni með tilkomu virðisaukaskatts.

Við eftirlit með hvers konar söluskatti verður að telja það mikilvægast að eftirlitsaðilar hafi möguleika til að kanna heildarinnkaup fyrirtækja og heildarsölu þeirra. Í virðisaukaskattskerfinu verður slíkt eftirlit að fara fram með dreifikönnun á hliðstæðan hátt og gera þarf í söluskattskerfinu.

Hlutfall innfluttra vara í heildarneyslunni er mjög hátt hér á landi miðað við önnur nálæg lönd. Um árabil hefur allur innflutningur verið skráður og flokkaður í vélum á einstaka innflytjendur en þau gögn geta skattyfirvöld síðan notað til veltueftirlits. Hér er um mjög mikilvæg eftirlitsgögn að ræða sem munu ekki eiga sér hliðstæðu með öðrum þjóðum. Eftirlitið með heildarveltu ætti m. a. af þessum ástæðum að geta orðið mjög virkt hér á landi. Hins vegar verður að hafa í huga að atvinnurekstur er hér í fremur smáum einingum en mikill fjöldi smáfyrirtækja veldur erfiðleikum og öryggisleysi við framkvæmd söluskattskerfa.

Þegar meta skal öryggi virðisaukaskatts annars vegar og núverandi söluskatts hins vegar er margt sem hafa verður í huga. Innheimta söluskattsins nú á einu viðskiptastigi er áhættusöm en með dreifingu innheimtunnar á fleiri innheimtuaðila ætti tilhneiging til undandráttar að minnka. Þessi breyting er sennilega sú sem mestu máli skiptir varðandi samanburð á öryggi nefndra skatta. Öryggi virðisaukaskatts og möguleikar til eftirlits með innheimtu hans veltur einnig mjög á byggingu kerfisins, svo sem skýrleika skattskyldunnar, fjölda undanþága o. fl. eins og þegar hefur verið nefnt.

Við upptöku virðisaukaskatts þyrfti að leggja áherslu á að upplýsingar um endurskoðun uppgjörsgagna og hvers konar könnun á skilum fyrirtækja verði skráð og geymd í tölvutæku formi eftir því sem unnt er. Enn fremur yrði að efla mjög annað eftirlit frá því sem nú er, m. a. með aukinni öflun gagna til eftirlits og tíðari athugun á bókhaldi og öðrum þeim gögnum sem uppgjör fyrirtækjanna byggjast á.

8. Kostnaður við upptöku virðisaukaskatts

Upptaka virðisaukaskatts í stað núgildandi söluskatts hefur í för með sér aukna fyrirhöfn og kostnað bæði fyrir fyrirtæki sem innheimta hann og fyrir skattyfirvöld. Erfitt er þó að áætla þann kostnaðarauka með nokkurri vissu.

Ljóst er að veruleg fjölgun gjaldenda hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir skattyfirvöld en úr því er nokkuð dregið með ákvæðunum um árleg skil aðila í landbúnaði og smábátaútgerð. Enn fremur hefur víðtækt skattskyldusvið og fáar undanþágur verulega þýðingu í þessu efni.

Nú vinna aðeins 20-25 starfsmenn hjá skattyfirvöldum störf er snerta eingöngu söluskattinn. Fjölga yrði verulega starfsmönnum við upptöku virðisaukaskatts en samanburður á kostnaðarauka verður ekki raunhæfur vegna þess að auka þyrfti verulega aðhald með núgildandi söluskatti. Mjög lauslega áætlað má reikna með að við upptöku virðisaukaskatts þurfi að tvöfalda fjölda starfsmanna frá því sem nú er í söluskattinum.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir talsverður kostnaður. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða kostnað við margs konar undirbúning að breytingunni.

Áður hefur þess verið getið að gjaldendum fjölgar og verða fyrirtæki að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt sem nú greiða ekki söluskatt. Auk þess má búast við því að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkru viðameira fyrir fyrirtækin en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhald. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir þau fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup eða sölu þessara vara aðgreind í bókhaldi.

Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för með sér kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og gjaldendur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. og 2. gr.

Í þessum upphafsákvæðum er að finna stutta lýsingu á efni lagafrumvarpsins.

Í fyrstu grein kemur fram að virðisaukaskatt skal innheimta á öllum stigum viðskipta en skv. 11. gr. skal aðili þó einungis standa skil á skatti af virðisauka á hverju stigi. Þá er kveðið á um virðisaukaskattsskyldu af innflutningi vara og þjónustu en nánari ákvæði um það er að finna í X. kafla.

Í annarri grein er kveðið á um að virðisaukaskattur renni í ríkissjóð en skatti þessum er ætlað að koma í stað núverandi söluskatts sem er 20%, söluskattsauka sem er 2% og orkujöfnunargjalds sem er 1,5%. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda hér að framan um hæð skatthlutfallsins.

Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 6,8% af innheimtum skatti hverju sinni. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og eru í gildandi lögum um söluskatt en þar miðast framlagið í Jöfnunarsjóð við söluskattinn einan. Framlagið er þar 8% og reiknast hvorki af söluskattsaukanum né orkujöfnunargjaldinu. Með frumvarpinu er að því stefnt að tekjur Jöfnunarsjóðs verði þær sömu og ella hefði orðið.

II. KAFLI

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni eru þeir aðilar skattskyldir sem selja eða afhenda vörur eða verðmæti eða inna af hendi vinnu eða þjónustu í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi. Þetta á bæði við um menn og lögaðila. Hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er að ræða fer eftir svipuðum sjónarmiðum og gilda um skilgreiningu þessara atriða í tekjuskattslögum. Sérstaklega er tekið fram um skattskyldu þeirra samvinnufélaga, samlaga og samtaka sem eingöngu eiga viðskipti við félagsmenn sína og gætu af þeim sökum talist falla utan áðurnefndrar skilgreiningar. Hugtökin sala og afhending skýrast nánar í 8. gr. þar sem ráð er fyrir því gert að þar undir geti meðal annars fallið skipti, afhending án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki og eigin not fyrirtækis á vöru, þjónustu og öðrum verðmætum, sbr. enn fremur 2. málslið 1. mgr. 9. gr. Um tímamörk sölu vísast nánar til 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr.

Opinberar stofnanir og fyrirtæki þeirra eru skattskyld ef þau selja vörur og skattskylda þjónustu. Hvort sem þessir aðilar selja vörur og skattskylda þjónustu eða ekki, getur ráðherra gert þá skattskylda af eigin notkun vegna samkeppnissjónarmiða.

Greinin kveður einungis á um þá aðila sem skyldir eru til að innheimta virðisaukaskatt við sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu. Skylda til að greiða virðisaukaskatt af innkaupum (innskatt) er hins vegar ekki bundin við þessa aðila. Hér er um að ræða almenna skyldu allra aðila, jafnvel þeirra sem undanþegnir eru opinberum gjöldum almennt í sérstökum lögum.

Um 4. gr.

Þeir aðilar sem falla undir undanþágu greinarinnar þurfa ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni en geta þá á hinn bóginn ekki fengið frádreginn virðisaukaskatt vegna innkaupa sinna. Minnt er á ákvæði í 3. mgr. 19. gr., sem kveða á um að hafi aðili sem undanþeginn er virðisaukaskatti tilgreint virðisaukaskatt á reikningum sínum skuli skila honum í ríkissjóð.

Skv. 2. tl. greinarinnar er sala listamanna á eigin listaverkum ekki talin virðisaukaskattsskyld, enda falli listaverkið undir þargreind tollskrárnúmer. Öðrum aðilum sem selja listaverk, þ. m. t. uppboðshaldarar, ber hins vegar að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Undir hugtakið listaverk í þessu sambandi falla ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru.

Tilgangurinn með undanþáguákvæðinu í 3. tl. er að undanþiggja mjög lítil fyrirtæki og/eða starfsemi sem eingöngu er rekin í hjáverkum eða stöku sinnum. Þetta helgast fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum. Þar sem þessi óskráðu fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni geta skráð fyrirtæki sem kaupa af þeim aðföng ekki fengið frádreginn neinn innskatt af þeim kaupum.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni skulu allir virðisaukaskattsskyldir aðilar tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra í því umdæmi sem þeir eru heimilisfastir. Skattstjóri heldur skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Þeir sem stunda landbúnað og/eða fiskveiðar skulu skráðir á sérstaka skrá, sbr. 27. gr.

Samkvæmt gildandi söluskattslögum fær söluskattsskyldur aðili söluskattsskírteini hjá skattstjóra sem heimilar honum að kaupa endursöluvörur án söluskatts. Þar sem virðisaukaskattskerfið gerir ráð fyrir því sem aðalreglu að skattur sé innheimtur af öllum viðskiptum milli skráðra aðila er ekki þörf á slíkum skírteinum. Í 2. mgr. greinarinnar er þó gert ráð fyrir að skráningarskyldur aðili fái um það staðfestingu frá skattstjóra að skráning hafi farið fram, og helgast sú regla eingöngu af almennum verklagssjónarmiðum.

Um skráningu starfandi fyrirtækja í fyrsta skipti við gildistöku laganna eru reglur í ákvæði til bráðabirgða II.

III. KAFLI

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni eru allar vörur, nýjar og notaðar, skattskyldar. Á hinn bóginn geta skattskyldar vörur undir vissum kringumstæðum verið undanþegnar skattskyldri veltu, sbr. 10. gr. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu er miklum örðugleikum háð að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á öðrum stigum viðskipta myndi gera virðisaukaskattskerfið erfitt í framkvæmd.

Samkvæmt almennum skilgreiningum teljast fasteignir ekki til vara. Þó þykir öruggara að taka þetta sérstaklega fram í frumvarpstexta. Undanþágan um fasteignir er í samræmi við

undanþágu í gildandi söluskattslögum. Samkvæmt frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni verði gerð skattskyld, sbr. 32. gr. Samkvæmt þeirri grein getur sala byggingar í heild sinni eða að hluta verið skattskyld. Að öðru leyti nær skattskyldan ekki til fasteigna.

Sérstaklega er tekið fram að rafmagn, varmi og önnur orka falli undir vöruhugtakið.

Ekki skal heimta skatt af sölu viðskiptabréfa. Sala prentvarnings, t. d. frá prentsmiðju, er skattskyld og eins þótt prentvarningurinn hafi að geyma eyðublöð fyrir slík bréf.

Um 7. gr.

Með vísan til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu skal það ítrekað hér að ef þjónustu aðila er haldið utan við skattskyldusvið verða þeir að greiða innskatt af aðföngum, en fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattinum þar sem þeir verða að bera innskattinn, sbr. nánar 3. mgr. greinarinnar. Þessir aðilar eru að sjálfsögðu ekki skráningarskyldir og skráningarskyldir aðilar sem eiga viðskipti við þá fá ekki frádreginn neinn innskatt vegna innkaupa frá þeim.

Undanþágum er samkvæmt frumvarpinu haldið í algeru lágmarki. Undanþágurnar sem frumvarpið hefur að geyma eru í samræmi við undanþágur sem leyfðar eru hjá flestum þeim þjóðum er hafa virðisaukaskatt.

Sjónarmið sem ráða því að undanþágur eru gerðar eru af ýmsum toga. Þannig má segja að félags- og heilbrigðissjónarmið ráði undanþágunum í 1., 2. og 5. tl. 2. mgr., tæknileg sjónarmið í 3. tl., félagsleg og tæknileg í 4. tl. 2. mgr. o. s. frv.

Með hliðstæðum aðilum í 1. tl. og 5. tl. 2. mgr. er aðallega átt við elliheimili, endurhæfingarstöðvar fyrir lamaða og fatlaða og stofnanir fyrir þroskahefta. Undir þessa töluliði fellur einnig þjónusta sjúkraþjálfara sem fá sjúklinga til meðferðar frá lækni, enda sé hún greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Heilsuræktarstöðvar, sólbaðsstofur og önnur slík starfsemi fellur hins vegar ekki undir þessar undanþágur.

Þjónusta banka og sparisjóða er undanþegin í 3. tl. 2. mgr. fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum. Ef þessar stofnanir hins vegar hafa með höndum prentun á eyðublöðum, tölvuþjónustu, lögfræðiþjónustu til eigin nota eða sölu á skattskyldum verðmætum o. þ. h. myndu þeir þurfa að svara virðisaukaskatti af slíkri starfsemi.

Aðalástæðan fyrir því að undanþiggja vátryggingastarfsemi er að hún er í eðli sínu alþjóðleg og er undanþegin víðast hvar erlendis. Undanþágan er því nauðsynleg vegna samkeppnisástæðna, enda er óframkvæmanlegt að skattleggja einstakar tryggingar sem innlendir aðilar kunna að kaupa af erlendum vátryggingafélögum. Þá eru ennfremur í mörgum tilfellum vissir tæknilegir örðugleikar á því að reikna virðisaukaskatt í þessari grein. Þá styðja félagsleg sjónarmið þessa niðurstöðu þar sem ekki þykir eðlilegt að heimta virðisaukaskatt af ýmsum tryggingum, svo sem líftryggingum og slysatryggingum sem atvinnurekendum er skylt að kaupa fyrir starfsmenn sína samkvæmt kjarasamningum.

Samkvæmt 7. tl. 2. mgr. er útleiga íbúðarhúsnæðis undanþegin. Samkvæmt gildandi söluskattslögum er ekki innheimtur söluskattur af húsaleigu almennt. Undanþágan í 7. tl. er í samræmi við það að því er íbúðarhúsnæði varðar til þess að ekki verði hækkun á húsnæðiskostnaði íbúðarleigjenda. Útleiga annars húsnæðis er hins vegar virðisaukaskattsskyld, sem þýðir það m. a. að skráningarskylt fyrirtæki sem leigir atvinnurekstrarhúsnæði getur dregið innskattinn frá í virðisaukaskattsuppgjöri sínu.

Eins og áður segir bera aðilar í greinum sem undanþegnar eru virðisaukaskatti skv. 2. mgr. innskattinn af kaupum sínum á aðföngum á sama hátt og hinn almenni neytandi, sbr. 3. mgr., án nokkurs endurkröfuréttar.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um það sem undanþegið er samkvæmt þessari grein. Hann getur sett nánari skilyrði fyrir undanþágum en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að önnur starfsemi sé undanþegin en upp er talin í greininni.

IV. KAFLI

Um 8. gr.

Í fyrri málslið 1. mgr. kemur fram sú meginregla að virðisaukaskatt skuli reikna af heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 17. gr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma sérstaklega fram á reikningi þegar um viðskipti milli virðisaukaskattsskyldra aðila er að ræða. Eðlilegast er því að miða skattverðið við heildarandvirði eða heildarendurgjald hins selda án skattsins, sem þýðir að skatturinn kemur sérstaklega fram á reikningi sem síðan liggur til grundvallar innskattsfrádrætti skráningarskylds kaupanda. Þá er í síðari málslið 1. mgr. ákveðið að skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum skuli teljast hluti af skattverði. Þetta er gert af hagkvæmnisástæðum. Skráður aðili á fyrri stigum viðskipta hefur oft þurft að skila t. d. framleiðslutollum og vörugjöldum af framleiðslu sinni. Þessi gjöld mynda síðan hluta af söluverði hans til skráðs kaupanda, t. d. smásala, sem ekki veit hve há þessi gjöld eru. Einfaldast er því að gjöld þessi teljist hluti af söluverði skráðs söluaðila og virðisaukaskattur reiknist af heildarfjárhæð sölunnar að meðtöldum þessum gjöldum. Reglan hefur það í för með sér að kaupandinn fær til frádráttar innskatt af hærri fjárhæð og söluaðili skilar samsvarandi hærri útskatti í ríkissjóð en verið hefði ef nettóaðferð hefði verið beitt. Niðurstaðan er sú sama fyrir ríkissjóð. Svipuð hagkvæmnissjónarmið ráða því að hvers konar kostnaður og gjöld sem seljandi krefur kaupanda um teljist hluti skattverðs og skiptir í því sambandi ekki máli hvort þau eru innifalin í söluverði án sérgreinar eða koma sérstaklega fram á reikningi eða á sérreikningi.

Í 2. mgr. er að finna nánari skilgreiningu á því hvað talist geti sala eða afhending samkvæmt frumvarpinu, sbr. athugasemdir við 3. gr. Í öllum þeim tilfellum sem þarna eru rakin ber að miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Hér er um svipaðar reglur að ræða og gilda í framkvæmd núgildandi söluskattslaga.

Samkvæmt 3. mgr. er það aðeins afsláttur sem liggur fyrir og er veittur þegar vara er afhent sem telst ekki til skattverðs. Í þeim tilfellum eingöngu er skattverðið söluverð að frádregnum afslætti. Allur annar afsláttur telst alltaf til skattverðs. Reglan byggir á því að virðisaukaskattsskyldur kaupandi má aðeins draga frá sem innskatt þann virðisaukaskatt sem greindur er á reikningi seljanda og seljandi verður að reikna virðisaukaskatt að fullu á reikningi sínum til kaupanda, vegna þess að á þeim tíma sem reikningurinn er gefinn út er ekki vitað hvort eða hvenær skilyrðum afsláttarins verður fullnægt. Verði skilyrðunum fullnægt síðar fer um frádráttarheimild eftir 3. tl. 3. mgr. 12. gr.

Í 6. mgr. eru ákvæði um hvernig skattverð skuli fundið þegar notaðar einkabifreiðir eru seldar í atvinnuskyni. Um er að ræða fólksbifreiðir fyrir færri en 10 menn sem virðisaukaskattur hefur verið greiddur af við innkaup og ekki fengist frádreginn sem innskattur eða endurgreiddur, sbr. 23. gr. Ákvæðið á ekki við þegar þeir aðilar sem falla undir 5. mgr. 13. gr. selja bifreiðir sínar.

V. KAFLI

Um 9. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að öll afhending vara og verðmæta, vinnu og þjónustu gegn greiðslu teljist til skattskyldrar veltu nema sérstakar undanþágur komi til í lögunum.

Úttekt eiganda á vöru og skattskyldri þjónustu sem fyrirtæki hans selur eða veitir er skattskyld og skal telja með skattskyldri veltu. Sama gildir um vöru og skattskylda þjónustu sem fyrirtæki selur eða veitir en notar sjálft í tilgangi sem ekki snertir beinlínis skattskylda sölu þess.

Að vara og þjónusta teljist til skattskyldrar veltu hefur annars vegar í för með sér að reikna skal útskatt við afhendingu hins selda en hins vegar að draga má frá útskatti allan innskatt af aðföngum sem notuð eru vegna hinnar skattskyldu starfsemi.

Ef fyrirtæki kaupir vöru og þjónustu og afhendir síðan eiganda sínum en selur annars ekki slíka vöru eða þjónustu er óheimilt að draga frá innskatt og reikna útskatt vegna þessara viðskipta. Þetta ákvæði er sett til þess að koma í veg fyrir að unnt sé að komast hjá greiðslu virðisaukaskatts með því að nota fyrirtæki sem millilið við kaup á slíkum vörum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sala á vélum, tækjum og öðrum varanlegum rekstrarfjármunum sem fyrirtækið hefur notað svo og vörubirgðum og almennum rekstrarvörum skuli teljast til skattskyldrar veltu. Fyrirtækið fær að draga innskatt frá við innkaup og er því eðlilegt að greiddur sé útskattur þegar þessir fjármunir og vörur eru seldar. Varðandi sölu til skattskylds aðila, þegar fyrirtæki eða hluti þess er selt, vísast til undanþáguákvæðis í 7. tl. 10. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sala á vörum sem seldar eru í umboðssölu skuli teljast til skattskyldrar veltu.

Um 10. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að vara, vinna og þjónusta sem skattskyld er skv. 6. og 7. gr. geti verið undanþegin skattskyldri veltu í nokkrum tilvikum.

Í 1. tl. er kveðið á um að vara sem seld er úr landi sé undanþegin virðisaukaskatti svo og vinna og þjónusta sem veitt er og seld erlendis. Skattur af aðföngum vegna útfluttra vara og þjónustu fæst annaðhvort dreginn frá útskatti af skattskyldri sölu skv. 11. gr. eða endurgreiddur skv. 23. gr. Útflutningur er þar með alveg undanþeginn virðisaukaskatti og ætti samkeppnisaðstaða hans að vera óháð skattinum, sbr. hins vegar uppsöfnun söluskatts í útflutningi við núverandi fyrirkomulag.

Í 2. tl. er gert ráð fyrir að vistir og þjónusta sem veitt er um borð í millilandaförum sé undanþegin svo og tæki og búnaður sem notaður er um borð, sbr. 1. tl. Undanþágan nær einnig til viðgerðar- og viðhaldsvinnu sem unnin er við millilandaför svo og varahluti sem notaðir eru í því sambandi.

Skv. 3. tl. er sala og útleiga loftfara og skipa undanþegin skattskyldri veltu. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og er í núgildandi söluskattslöggjöf. Undanþágan nær ekki til einkaloftfara og skemmtibáta.

Skv. 4. tl. eru fólks- og vöruflutningar milli landa undanþegnir. Hér er um sambærilega undanþágu að ræða og er í núgildandi söluskattslöggjöf og sömu sjónarmið sem þar liggja að baki.

Skv. 5. tl. er flutningskostnaður innanlands undanþeginn þegar flutt er beint til eða frá landinu. Þessi undanþága leiðir af undanþáguákvæði 4. tl. þessarar greinar og er sett vegna þess hve erfitt kann að vera að skipta flutningskostnaði, t. d. vegna flutninga með skipi sem fer á margar hafnir innanlands áður en það kemur til áfangastaðar.

Í 6. tl. er veitt undanþága vegna áætlana- og ráðgjafarstarfsemi sem unnin er hér en seld erlendum aðilum. Þessi undanþága er sett til að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenskra ráðgjafarfyrirtækja erlendis.

Skv. 7. tl. er sala á vörubirgðum, vélum og öðrum rekstrarvörum undanþegin skatti þegar fyrirtækið í heild eða að hluta er selt til skattskylds aðila. Þessi undanþága er sett af hagkvæmnisástæðum þar sem ríkissjóður fær engar skatttekjur vegna þessara viðskipta. Seljandi mundi að vísu skila skatti vegna sölunnar en kaupandi fær sömu fjárhæð endurgreidda eða getur dregið hana frá útskatti. Forsenda fyrir þessari undanþágu er að skattyfirvöldum sé tilkynnt um eigendaskipti innan átta daga eftir að salan fór fram.

Skv. 8. tl. eru umboðs- og sölulaun ferðaskrifstofa undanþegin skatti. Sú starfsemi ferðaskrifstofa sem felst í því að selja ferðir til útlanda er undanþegin skatti, sbr. 1. og 3. tl.

Ferðalög innanlands eru hins vegar skattskyld og ber söluaðilum að innheimta skatt af slíkum ferðum.

Í 9. tl. er kveðið á um að þegar eigandi fólksbifreiðar, íbúðarhúsnæðis og annarra þar greindra eigna endurselur þessar eignir en hefur sjálfur borið skattinn (þ. e. hefur ekki fengið skattinn endurgreiddan eða frádreginn sem innskatt) skuli ekki greiða virðisaukaskatt af slíkri sölu. Undanþága þessi er sett til þess að koma í veg fyrir tvísköttun og vegna vandamála við að gera upp raunverulegan virðisauka hins selda.

Í 2. mgr. er heimild til handa fjármálaráðherra til að setja reglur um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt greininni. Einnig hefur hann heimild til að undanþiggja aðra þjónustu en þá sem upp er talin að framan ef þjónusta er veitt aðilum erlendis.

VI. KAFLI

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið „útskattur" skilgreint en samkvæmt þeirri skilgreiningu skal leggja virðisaukaskatt á alla skattskylda sölu eða afhendingu skattaðilans. Skatturinn reiknast af skattverði þess selda, sbr. 8. gr. Innskattur, sbr. 2. mgr., er virðisaukaskattur af öllum vörum og aðföngum til nota í rekstrinum. Hér er ekki eingöngu átt við skatt af efni til vinnslu eða af vörum til endursölu, heldur einnig skatt af fjárfestingum og rekstrarvörum, enda séu fjármunir þessir tengdir tekjuöflun fyrirtækisins. Sem dæmi má nefna skatt af byggingum, vélum, áhöldum o. fl. í atvinnurekstri. Nokkrar takmarkanir eru á því hvað teljast skuli til innskatts og vísast í því sambandi til 13. gr.

Í 3. mgr. kemur fram að sérhver skattskyldur aðili skal skila til ríkissjóðs mismun innskatts af aðföngum og útskatts af sölu á hverju uppgjörstímabili. Í þessari málsgrein felst ein meginregla virðisaukaskattskerfisins, þ. e. að skattaðili greiðir og skilar í ríkissjóð skatti af þeim virðisauka sem á hverju tímabili hefur myndast í fyrirtæki hans. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort innkaup og sala á tiltekinni söluvöru falli til á einu og sama uppgjörstímabilinu. Innskatt má strax draga frá jafnvel þótt varan sé keypt eða framleidd til birgðaaukningar og seld á síðari tímabilum. Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal endurgreiða skattaðila mismuninn eftir reglum sem fram koma í 23. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í 12. gr. eru reglur um uppgjör á útskatti. Í 1. mgr. er útskattur afmarkaður við hvert uppgjörstímabil sem nánar eru ákveðin í 21. gr.

Þá er kveðið á um að skattskyld velta sem útskattur reiknast af á hverju tímabili sé heildarandvirði hins selda. Sala í þessu sambandi telst hafa farið fram eigi síðar en við afhendingu hins selda og skiptir ekki máli hvort söluandvirðið hefur verið greitt við afhendingu eða verði greitt síðar.

Sé greiðsla innt af hendi áður en afhending fer fram skal telja 82,64% af innborguninni sem skattskylda veltu á uppgjörstímabilinu nema umsaminn afhendingartími sé skemmri en þrír mánuðir frá greiðsludegi fyrstu innborgunar eða ef umsamdar innborganir fyrir afhendingu ná ekki 75 000 kr.

Hér er sett fram sú meginregla að með innborgunum inn á umsamda sölu sé verið að greiða jafnt hlutdeild í virðisaukaskatti sem söluandvirði vörunnar að öðru leyti, og því beri að skila virðisaukaskatti til ríkisins þá þegar.

Hlutfallstalan 82,64% er það hlutfall af greiðslu sem nemur söluandvirði þess selda án virðisaukaskatts ef reiknað er með að virðisaukaskattur sé innifalinn í greiðslunni.

Þriggja mánaða undanþágan og 75 000 kr. hámarkið er sett af hagkvæmnisástæðum fyrir skattaðila.

Í 3. mgr. eru heimildir til að draga frá 82,64% þeirra fjárhæða sem aðili þarf að endurgreiða viðskiptamönnum sínum vegna endursendra vara. Undir þetta ákvæði myndu einnig falla endurgreiðslur vegna gallaðra vara. Sama gildir um fjárhæðir sem hann tapar vegna útlánsviðskipta.

Sé virðisaukaskattsskyldum viðskiptavini skattaðila veittur afsláttur eftir að afhending hins selda hefur farið fram er heimilt að draga afsláttinn frá skattskyldri veltu, enda voru skilyrði til veitingar afsláttarins ekki til staðar við afhendingu. Það er forsenda fyrir færslum af þessu tagi að fullnægjandi fylgiskjöl liggi fyrir þar sem afsláttur og virðisaukaskattur koma fram, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Afslátt til óskattskylds aðila eftir að afhending hefur átt sér stað er ekki heimilt að draga frá skattskyldri veltu þar sem telja má að ógjörningur sé fyrir skattyfirvöld að fylgjast með því að veiting slíks afsláttar sé ekki misnotuð.

Um 13. gr.

Í þessari grein er afmarkað hvað telja megi til innskatts sem má síðan draga frá útskatti.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að einungis megi telja sem innskatt virðisaukaskatt sem greiddur er af aðföngum er varða skattskylda sölu skattaðilans. Samkvæmt þessu ákvæði er því ekki heimilt að draga frá sem innskatt virðisaukaskatt af rekstrarfjármunum sem notaðir eru aðeins að hluta til í hinni skattskyldu starfsemi. Hins vegar er í 2. mgr. gefin heimild til að skipta þessum rekstrarfjármunum hlutfallslega eftir notkun þeirra og getur fjármálaráðherra sett reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Í 3. mgr. er frádráttarheimildin takmörkuð nokkuð. Ekki er heimilt að draga frá skatt af ýmsum launatengdum hlunnindum starfsmanna og eiganda. Þessi takmörkun er sett þar sem telja má að hlunnindi þau sem upp eru talin í 1.—4. tl. komi að einhverju leyti í stað launa og séu þar með vörur og þjónusta til endanlegs neytanda. Takmörkun á frádráttarheimild vegna risnu og gjafa er m. a. sett vegna þess hve erfitt yrði að koma í veg fyrir misnotkun. Það skal þó tekið fram að gjafir sem bersýnilega eru gefnar og notaðar í auglýsingaskyni eru frádráttarbærar eins og t. d. almanök, pennar o. s. frv. Í 6. tl. er takmörkun á frádráttarheimild vegna öflunar, rekstrar og leigu fólksbifreiða fyrir færri en 10 menn. Án slíkrar takmörkunar kæmu upp svipuð vandamál og nú eru í tekjuskattslögum varðandi ákvarðanir um það hvað teljist vera einkanot eiganda og hvað teljist vera afnot atvinnurekstrar.

Í 5. mgr. kemur fram að aðilar sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða eru ekki háðir þessari takmörkun á frádráttarrétti varðandi þær bifreiðir sem seldar eru eða leigðar. Takmarkanir 6. tl. gilda hins vegar að sjálfsögðu um aðrar bifreiðir sem þessir aðilar nota í rekstri sínum.

Almennt um VII. kafla

Ákvæði VII. kafla frumvarpsins, um tilhögun bókhalds, eru að meginstefnu til samin með hliðsjón af þeim bókhaldsákvæðum sem nú er að finna í söluskattslögum og reglugerð um söluskatt. Auk þess hafa verið sett inn til viðbótar ákvæði sem nauðsynleg hafa verið talin vegna upptöku virðisaukaskatts. Í virðisaukaskattskerfi greiða skráð fyrirtæki í raun ekki skatt af innkaupum sínum vegna þess að innskatturinn af innkaupunum fæst dreginn frá útskatti af sölu eða fæst endurgreiddur á annan hátt úr ríkissjóði. Verðútreikningur skráðra fyrirtækja miðast því við innkaupsverðið án virðisaukaskatts. Vegna þessa er auðveldast fyrir fyrirtækin að framkvæma verðútreikninga sína ef innkaupsverðið á reikningnum frá seljanda kemur fram án virðisaukaskatts. Sé um að ræða viðskipti milli skráðra aðila er reglan því sú að upphæð virðisaukaskatts skuli ætíð koma fram.

Ákvæði frumvarpsins um skyldu til reikningsútgáfu eru að mestu í samræmi við núgildandi reglur söluskatts um skyldu til reikningsútgáfu. Samkvæmt virðisaukaskattskerfi er það auk þess mjög þýðingarmikið fyrir kaupanda að reikningur sé gefinn út á réttum tíma, vegna þess að án reiknings fæst virðisaukaskattur af innkaupum ekki frádreginn. Þá er einnig minnt á þýðingu reikningsútgáfu samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 12. gr., en samkvæmt því ákvæði er tími sölu miðaður við dagsetningu reiknings sem gefinn er út áður en eða samtímis því að vara er afhent eða þjónusta innt af hendi. Samkvæmt frumvarpinu eru virðisaukaskattsskil þannig miðuð við svokallaða reikningsaðferð.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú mikilvæga meginregla að virðisaukaskattsskyldir aðilar skuli haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila. Segja má að aðrar greinar kaflans feli í sér nánari útfærslu á þessari meginreglu.

Um 15. gr.

Skv. 1. mgr. verður bókhald vegna virðisaukaskatts að færast í sjálfu aðalbókhaldinu eða í sérstökum undirbókum sem byggjast á aðalbókhaldinu. Eðlilegast og hagkvæmast mun í flestum tilfellum að færa þetta bókhald í sjálfu aðalbókhaldinu.

Í 4. mgr. greinarinnar er boðið að sérstaka reikninga skuli færa í bókhaldi fyrir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Gert er ráð fyrir því að annaðhvort séu innskattur og útskattur færðir á þessa sérstöku reikninga jafnóðum eða í lok hvers uppgjörstímabils. Ef síðari aðferðin er notuð er gert ráð fyrir því að fjárhæð innskatts eða útskatts sé reiknuð í lok uppgjörstímabils sem 17,36% af innkaupum eða sölu að meðtöldum skatti miðað við 21% skatt.

Skv. 5. mgr. er gert ráð fyrir að virðisaukaskattsskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum, skuli færa sérstakt bókhald vegna virðisaukaskatts. Sem dæmi um slíka aðila má nefna bændur sem stunda búrekstur þar sem afurðirnar eru að meiri hluta seldar eða lagðar inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu þeirra, en ekki seldar beint til smásala eða neytenda, sbr. síðari málslið 15. tl. b-liðs 2. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald. Hjá þessum aðilum geta innleggsnótur (afreikningar) eða móttökukvittanir vinnslustöðva og samlaga komið í stað reikninga vegna sölu þeirra á afurðum, sbr. 2. mgr. 18. gr. Hins vegar myndu þessir aðilar þurfa að varðveita alla reikninga yfir aðkeypt aðföng til þess að fá frádreginn innskatt. Í 5. mgr. er síðan gert ráð fyrir því að þeir haldi sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti og að fjármálaráðherra ákveði nánar um tilhögun þess. Rétt er að taka fram að sala bænda á afurðum sínum beint til neytenda og smásala er háð ákvæðum frumvarpsins um reikningsútgáfu.

Um 16. gr.

Greinin hefur að geyma sönnunarreglu sem er fyrst og fremst þýðingarmikil fyrir þá aðila sem reka margþætta starfsemi, þar sem sumir hlutar hennar eru skattskyldir en aðrir undanþegnir, sbr. t. d. 2. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 17. gr. Hafi þessir aðilar t. d. ekki hagað bókhaldi sínu og gögnum þannig að þeir geti sýnt fram á að sala sé undanþegin virðisaukaskatti geta þeir átt það á hættu að salan verði talin skattskyld.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattsreglna um reikningsútgáfu.

Athygli skal vakin á því að skv. 1. mgr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma fram þegar um er að ræða sölu til virðisaukaskattsskylds aðila.

Ákvæði 6. mgr. tengjast hinni víðtæku upplýsingaskyldu sem lögð er á aðila skv. 36. gr. Mjög mikilvægt er að unnt sé að rekja viðskipti milli skráðra aðila í virðisaukaskatti, m. a. vegna heimildar kaupanda til frádráttar innskatts. Ekki eru settar um það nánari reglur í frumvarpinu hvernig skráður aðili hagar bókhaldi sínu til þess að geta gefið upplýsingar um sölu til einstaks skráðs aðila, en hann getur t. d. gert þetta með því að varðveita eitt eintak sölureikninga í stafrófsröð ef ekki er færð sérstök viðskiptamannabók yfir slíka sölu. Skráður kaupandi verður samkvæmt frumvarpinu einnig að geta gefið upplýsingar um kaup sín frá einstökum skráðum seljanda. Hjá þessum aðila getur sérstök viðskiptamannabók eða færsla verið nauðsynleg.

Ákvæði 7. mgr. tengjast ákvæðum 11. gr., sbr. 13. gr., um frádrátt vegna innskatts, sbr. enn fremur 33. gr. um virðisaukaskatt við innflutning. Geti virðisaukaskattsskyldur aðili ekki lagt fram umrædd gögn í réttu formi til sönnunar innskatti getur hann átt það á hættu að frádráttur vegna innskatts af viðkomandi viðskiptum verði ekki leyfður. Ákvæði lokamálsliðar 7. mgr. eru sett til þess að létta vinnu af aðilum í smásöluverslun.

Um 18. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverslana og hliðstæðra aðila er undanþegin reikningsskyldu. Slík reikningsskylda væri almennt ekki framkvæmanleg í smásöluverslun auk þess sem hér er að meginstefnu til um að ræða sölu til neytenda sem endanlega bera virðisaukaskattinn og þurfa því ekki reikning vegna frádráttar innskatts. Sé slík sala hins vegar til skráðs kaupanda þarf hann að hafa fullnægjandi reikning til sönnunar vegna frádráttar innskatts. Í slíkum tilfellum verður því að leggja þá skyldu á smásala að hann gefi út reikning vegna staðgreiðslusölu í smásölu. Eðlilegt getur verið að víkja frá kröfum 17. gr. um auðkenni á reikningi, t. d. að tilgreina bílnúmer í stað nafns kaupanda á reikningi, og er fjármálaráðherra ætlað að setja nánari reglur um slík frávik.

Varðandi 2. mgr. vísast til athugasemda um 5. mgr. 15. gr. hér að framan.

Um 19. gr.

Nauðsynlegt þykir að leggja beinlínis bann við því að aðilar undanþegnir virðisaukaskattsskyldu tilgreini á reikningum sínum eða gefi á annan hátt til kynna að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð. Þetta bann er ekki einungis nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki innheimti ranglega virðisaukaskatt sem ekki er skilað í ríkissjóð, heldur einnig til þess að koma í veg fyrir að skráður viðskiptamaður slíks fyrirtækis fái óréttmætan frádrátt vegna innskatts, sem af seljanda er ekki skilað sem útskatti í ríkissjóð. Ákvæði 1. mgr. greinarinnar hafa að geyma þetta bann, en 3. mgr. fjallar um það hvernig skuli leiðrétta, ef út af hefur verið brugðið.

Af svipuðum toga er 2. mgr. 19. gr., en þar er fjallað um seljanda sem er heimilt að gera upp tekjur sínar samkvæmt afreikningi frá vinnslustöðvum eða samlögum, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að verð á vöru eða skattskyldri þjónustu sé tilgreint að meðtöldum virðisaukaskatti.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

VIII. KAFLI

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að uppgjörstímabilin verði tveir mánuðir í stað eins mánaðar í núgildandi söluskattskerfi. Markmiðið með því að lengja uppgjörstímabilin er m. a. að draga nokkuð úr vinnu gjaldanda og þeirri vinnu sem skattyfirvöld þurfa að leggja í við

úrvinnslu á skýrslum en sú vinna mun aukast við upptöku virðisaukaskatts, m. a. vegna fjölgunar skattaðila.

Gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á skilum á skýrslum og er í núgildandi söluskattskerfi. Í 3. mgr. kemur fram að skila ber skýrslu þegar innskattur er hærri en útskattur en skv. 23. gr. ber þá að endurgreiða úr ríkissjóði mismun innskatts og útskatts.

Um 22. gr.

Samkvæmt þessari grein á skattstjóri að yfirfara virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef með þarf. Þá ber skattstjóra að áætla ef aðili skilar ekki skýrslu eða ef skýrslan, þ. m. t. fylgigögn hennar, er ófullnægjandi og ekki unnt að byggja á henni, t. d. þegar hún er óundirrituð, ólæsileg o. s. frv. Skattstjóri skal ávallt tilkynna skattaðila og innheimtumanni um áætlanir og breytingar sem hann gerir samkvæmt þessari grein. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við núgildandi reglur um söluskatt.

Um 23. gr.

Þegar skattaðili skilar virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur að innskattur hefur verið hærri en útskattur á uppgjörstímabilinu er samkvæmt þessari grein gert ráð fyrir að ríkissjóður endurgreiði mismuninn innan 15 daga frá lokum skilafrests, enda hafi skýrslunni verið skilað á tilsettum tíma. Sé skýrslu ekki skilað á tilsettum tíma er skattaðila áætlaður skattur, sbr. 22. gr., og gefinn 30 daga kærufrestur, sbr. 26. gr. Komi skattaðili með endurgreiðslukröfu áður en kærufresti lýkur skal ríkissjóður endurgreiða skattinn innan 15 daga frá því skattstjóri hefur úrskurðað í málinu.

Þegar svo er ástatt að skattstjóri geti ekki gert nauðsynlegar athuganir á bókhaldi og öðrum gögnum sem skýrslugjöfin byggist á vegna aðstæðna skattaðila, t. d. þegar skattaðili afhendir ekki gögnin, ekki næst til skattaðila o. s. frv., framlengist framangreindur frestur sem því nemur.

Í 3. mgr. kemur fram að því aðeins megi endurgreiða skatt að fyrir liggi skattákvörðun vegna fyrri tímabila. Það þykir ekki rétt að skattaðili geti fengið endurgreiðslu á einhverju uppgjörstímabili á sama tíma og skattstjóri er að fjalla um skýrslu vegna fyrra tímabils. Þá er í málsgreininni kveðið á um að endurgreiðslukröfu skuli skuldajafna á móti vangreiddum skatti og samkvæmt eðli málsins á það sama við um ofendurgreiddan skatt.

Um 24. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álagsgreiðslur sem skattaðila er gert að sæta ef virðisaukaskatti er ekki skilað á tilskildum tíma, virðisaukaskattur áætlaður eða ef endurgreiðsla hefur verið of há. Fylgt er sömu grundvallarreglum um álag og nú eru í söluskattslögum. Þó er álag fyrir hvern byrjaðan vanskiladag 2% í stað 4% í söluskattslögum. Hámarksálag er hins vegar það sama eða 20%. Ákvæðin um dráttarvexti eru í 25. gr.

Þá eru í greininni svipuð ákvæði og í söluskattslögum um heimild skattstjóra til að falla frá viðurlögum og breyta áætlun utan kærufrests ef skattaðili færir til þess gildar ástæður að mati skattstjóra.

Heimildir skattstjóra, ef í ljós kemur að skattaðili hefur greitt of lágan skatt eða ef fylgiskjöl eða bókhald eru ófullnægjandi, eru einnig sambærilegar við núgildandi framkvæmd söluskattslaga.

Samkvæmt 10. mgr. skal ætíð gera aðila viðvart áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr., sbr. hins vegar 22. gr. frumvarpsins þar sem skattstjóra nægir að tilkynna aðila um þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið samkvæmt þeirri grein.

Um 25. gr.

Gert er ráð fyrir svipuðum reglum um dráttarvexti og eru í núgildandi söluskattslögum þegar skattaðili greiðir ekki virðisaukaskatt innan mánaðar frá gjalddaga.

Hins vegar eru í 4. mgr. ákvæði um að ríkissjóður greiði skattaðila dráttarvexti ef endurgreiðsla skv. 23. gr., sem skattaðili á rétt á og ríkissjóði ber að greiða, hefur dregist í a. m. k. mánuð. Vegna hins sérstaka eðlis þessara endurgreiðslna þykir rétt að gera ríkissjóði að greiða dráttarvexti, enda getur verið um mikla fjármuni að ræða.

Rétt þykir að tryggja kröfu ríkissjóðs á virðisaukaskatti, þ. m. t. of háa endurgreiðslu, ásamt álagi og dráttarvöxtum svo sem kostur er. Skv. 2. mgr. njóta kröfur þessar lögtaksréttar. Þær eru forgangskröfur utan skuldaraðar og er óheimilt að slíta félögum fyrr en kröfur þessar eru greiddar. Hér er að sumu leyti um að ræða aukna tryggingu á kröfum ríkissjóðs miðað við núgildandi söluskattslög.

Um 26. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um kærurétt vegna ákvörðunar skattstjóra á virðisaukaskatti svo og úrskurðarfresti skattyfirvalda.

Gert er ráð fyrir að kærufrestur til skattstjóra og ríkisskattanefndar verði 30 dagar í stað 10 daga og 15 daga samkvæmt núgildandi söluskattslögum. Þá eru úrskurðarfrestir skattstjóra og ríkisskattanefndar einnig lengdir samsvarandi eða í 30 daga. Rökin fyrir þessum lengdu frestum eru fyrst og fremst auknar kröfur til að tryggja rétt gjaldanda sem m. a. hafa komið fram í nýjum tekjuskattslögum. Hins vegar hefur það þau áhrif að afgreiðsla mála getur tekið lengri tíma.

Skv. 4. mgr. hefur ríkisskattstjóri rétt til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar en í núgildandi söluskattslögum er það fjármálaráðherra sem hefur þessa heimild.

IX. KAFLI

Um 27. gr.

Gert er ráð fyrir að haldin sé hjá skattyfirvöldum sérstök skrá yfir skattaðila sem stunda fiskveiðar og landbúnað. Þessi skrá er nauðsynleg vegna sérákvæða sem fram koma í 28.—32. gr.

Um 28. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að skattaðilar sem stunda landbúnað og fiskveiðar hafi lægra virðisaukaskattshlutfall en aðrir skattaðilar af þeim afurðum eða afla sem lagður er inn hjá vinnslu- og dreifingaraðilum. Í landbúnaði er hlutfallið 9% en í fiskveiðum 10%. Með andvirði afla og afurða er átt við heildarverðmæti hins selda án nokkurs frádráttar, sbr. 8. gr.

Þessir atvinnuvegir hafa að mörgu leyti sérstöðu í íslensku atvinnulífi. Um er að ræða marga aðila, stóra eða smáa, sumir eru ekki bókhaldsskyldir, t. d. bændur (nema þeir sem selja meiri hluta afurða beint til smásala eða neytanda, sbr. 15. tl. b-liðar 2. gr. bókhaldslaga), og atvinnurekstrartekjur hvers um sig koma oftast frá fáum aðilum (vinnsluaðilum) og sala til endanlegs neytanda er oft lítil.

Það þykir því hafa ýmsa kosti bæði fyrir skattaðilana sjálfa svo og ríkið að stefna að því að þessir aðilar verði sem mest hlutlausir í kerfinu. Tryggja þarf að skattaðilinn fái endurgreiddan virðisaukaskatt sem hann greiðir öðrum af aðföngum sínum en jafnframt að hann liggi ekki með virðisaukaskatt sem hann innheimtir.

Skatthlutföllin í þessari grein byggjast á athugun Þjóðhagsstofnunar og miðast við það að þegar á heildina er litið sé virðisaukaskattur sem skattaðilinn greiðir öðrum (innskattur)

og virðisaukaskattur sem hann innheimtir frá vinnslustöðvum (útskattur) sem næst sama fjárhæð eftir árið. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Þegar selt er öðrum en aðilum sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu aflans eða afurðanna ber að innheimta fullan virðisaukaskatt, þ. e. 21% af þeim vörum.

Um 29. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 28. gr. er stefnt að því að aðilar í landbúnaði og fiskveiðum séu hlutlausir í kerfinu og innheimti á hverjum tíma virðisaukaskatt sem nemur svipaðri fjárhæð og þeir greiða af aðföngum sínum. Því þykir rétt, m. a. til að draga úr skriffinnsku og vinnu hjá skattyfirvöldum, að þeir sem stunda landbúnað og smábátaútgerð skili skýrslu að jafnaði aðeins einu sinni á ári. Skilafrestur er sá sami og skattaðili hefur til að skila skattframtali sínu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Framangreind regla um að skila skýrslu einu sinni á ári gildir því aðeins að skattaðilar selji árlega meira en 50% afla síns eða afurða miðað við verðmæti til vinnslu eða dreifingaraðila. Reikna má með að þeir sem selja 50% eða meira til annarra með 21% skatti innheimti á hverjum tíma verulega hærri skatt en þeir greiða öðrum og því þykir rétt að þessum skatti sé skilað á reglulegum skiladögum, sbr. 21. gr. Sama gildir um aðila sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum sínum af öðru en landbúnaði eða fiskveiðum.

Í 3. mgr. greinarinnar er skilgreint hvað telja skuli smábátaútgerð skv. 1. mgr., þ. e. útgerð á bátum undir 12 tonnum.

Um 30. gr.

Skattstjóra er veitt heimild samkvæmt þessari grein til að fallast á skemmri uppgjörstímabil hjá aðilum sem skila eiga skýrslu einu sinni á ári en óska eftir örari skilum, þó ekki skemmri en hin almennu tveggja mánaða tímabil, sbr. 21. gr. Jafnframt er skattstjóra skylt að fallast á slíka umsókn ef skattaðilinn á rétt á verulegri endurgreiðslu, sbr. 23. gr. Slík ósk kemur fyrst og fremst fram þegar skattaðilar standa í verulegum fjárfestingum og þurfa því að greiða háan virðisaukaskatt sem fæst seint endurgreiddur í sölu. Veruleg fjárfesting í þessu sambandi mundi t. d. vera bygging útihúsa, en kaup á einni dráttarvél eða heyvinnslutæki hins vegar ekki.

Ef skattaðilar sem hafa með höndum margþættan atvinnurekstur óska eftir að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja rekstrareiningu er skattstjóra veitt heimild í þessari grein til að fallast á slíka umsókn. Fyrirtæki geta verið rekstrarlega og bókhaldslega þannig byggð upp að slík skipting sé æskileg bæði frá sjónarmiði skattaðilans og skattyfirvalda.

Um 31. gr.

Samkvæmt greininni skulu skattaðilar, sem skila eiga skýrslu einu sinni á ári, skila virðisaukaskatti eigi síðar en 15 dögum eftir að álagningu tekjuskatts er lokið, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, og á sama tíma skal ríkissjóður inna af hendi endurgreiðslur skv. 1. mgr. 23. gr. Hér er gefinn alllangur frestur á greiðslu skattsins. En þar sem reiknað er með því við ákvörðun skatthlutfallsins skv. 28. gr. að ekki safnist upp svo neinu nemi virðisaukaskattur hjá þessum skattaðilum og hentugt þykir að uppgjör virðisaukaskatts fari saman við árleg framtalsskil er þessi leið valin. Þá má benda á ákvæði 30. gr. um skemmri uppgjörstímabil ef skattaðili óskar og á rétt á endurgreiðslu.

Um 32. gr.

Skv. 1. mgr. verða allir sem í atvinnuskyni hafa með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð skyldir til að innheimta virðisaukaskatt af því sem þeir selja. Hér er um að ræða aukningu á skattskyldusviði miðað við núgildandi söluskattslög en samkvæmt þeim er

vinna manna unnin á byggingarstað undanþegin söluskatti. Varðandi rök og skýringar á þessari víkkun skattskyldusviðsins vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Hin aukna skattskylda leysir ýmis afmörkunarvandamál sem nú eru til staðar í söluskatti.

Einstaklingur, sem sjálfur stendur fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis eins og algengt er hér á landi, þarf nú að greiða virðisaukaskatt af allri aðkeyptri þjónustu jafnt og af efni. Eigin vinna hans sjálfs við byggingu íbúðarhúsnæðisins er hins vegar skattfrjáls eins og áður.

Skv. 2. mgr. er skattverðið heildarandvirði hins selda en þó má draga frá 15% söluandvirðisins ef seld er bygging ásamt lóð eða lóðarréttindum, þar sem lóð eða lóðarréttindi telst ekki vera skattskyld vara, sbr. 6. gr. Hlutdeild lóða í heildarandvirði fasteigna er að sjálfsögðu nokkuð breytileg eftir staðháttum. Þannig er hlutdeild lóðarmats af heildarfasteignamatsverði að meðaltali rúm 10% þegar íbúðarhúsnæði á í hlut en allmiklu hærri í atvinnuhúsnæði. Hér er lagt til að andvirði lóða skuli teljast 15%.

Ef aðili sem hefur með höndum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð tekur sjálfur til eigin nota mannvirki sem hann hefur byggt skal hann telja heildarbyggingarkostnað mannvirkisins án lóðar eða lóðarréttinda með skattskyldri veltu á því uppgjörstímabili sem það gerist.

X. KAFLI

Um 33. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur sé greiddur við innflutning á skattskyldri vöru og þjónustu en um skilgreiningu á því hvað teljist skattskyld vara og þjónusta vísast til 6. og 7. gr. frumvarpsins. Greitt er af tollverði að viðbættum tollum og öðrum gjöldum álögðum við tollmeðferð.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er þessi leið valin þar sem hún er talin öruggari í framkvæmd en aðrar leiðir sem komið hefðu til greina. Samkvæmt núgildandi söluskattslögum er söluskattur innheimtur við innflutning til eigin nota en ekki af vörum sem ætlaðar eru til endursölu. Samkvæmt þessari grein frumvarpins er ekki gerður slíkur greinarmunur þar sem innflutningur er allur gerður skattskyldur.

Þá er gert ráð fyrir að reglur laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., gildi um ákvörðun tollverðs.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að innheimta virðisaukaskatts af innflutningi fylgi alfarið innheimtu aðflutningsgjalda svo og lögum og reglum um ákvörðun þeirra að því leyti sem lög þessi og reglur brjóta ekki í bága við lagafrumvarp þetta eða reglur settar samkvæmt því.

XI. KAFLI

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattslaga. Hafi skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrt rangt eða villandi frá, þannig að hann hafi fengið endurgreiðslu eða of mikla endurgreiðslu skv. 23. gr. frumvarpsins, fellur sú háttsemi undir 1. mgr. greinarinnar, enda er þar sérstaklega vikið að of hárri endurgreiðslu. Engin sektarhámörk eru í greininni og er þar um að ræða breytingu frá gildandi söluskattslögum að því er 2., 3., 4. og 7. mgr. greinarinnar varðar.

Ríkisskattanefnd er bær til að úrskurða sektir vegna brota á bókhaldsákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim án tillits til þess hvort brotin kunni einnig að varða almenn ákvæði bókhaldslaga og reglugerða.

Um 39. gr.

Greinin er í samræmi við 26. gr. gildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

XII. KAFLI

Um 40. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi ákvæði skattalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að breyta skuli fjárhæðum þarnefndra greina til samræmis við verðlagsþróun. Fjárhæðir í umræddum greinum eru miðaðar við byggingarvísitölu þá er gildi tók þann 1. janúar 1984 og var þá 155 stig.

Um 42. gr.

Greinin er í samræmi við 27. gr. núgildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi skattalög og þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1986. Ljóst er að verulegan tíma þarf til undirbúnings framkvæmdar löggjafar samkvæmt frumvarpi þessu og er mjög óvarlegt að ætla minni tíma en ár frá samþykkt frumvarpsins til gildistöku.

Dragist samþykkt frumvarpsins fram yfir áramótin 1984/1985 verður nauðsynlegt að fresta gildistöku fram til 1. janúar 1987.

Nd. 253. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1980) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2½% — tvo og hálfan af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 23/1980, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd fyrir 7. janúar 1985.

III

Af vörum, söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1985 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga þessara gildir frá og með 1. janúar 1985, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 15. febrúar 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að svonefndur söluskattsauki sem lagður hefur verið við söluskatt hækki um 0,5%, úr 2% í 2,5%. Heildarsölugjald yrði eftir breytinguna 24%, en þar af er hinn eiginlegi söluskattur 20%, orkujöfnunargjald 1,5% og söluskattsauki 2,5%.

Frumvarp þetta er lagt fram til tekjuöflunar í því skyni að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem enn er nokkur, þrátt fyrir það átak er gert hefur verið til þess að draga úr útgjöldum ríkisins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi verði endurgreiddur. Í fjárlagafrumvarpinu eru áætlaðar 380 m.kr. í þessu skyni, en vegna breyttra verðlagsforsendna sem nú liggja fyrir, má ætla að verja þurfi allt að 450 m.kr. til þessa þáttar.

Áætlað er að sú hækkun sölugjaldsins sem hér er ráðgerð geti fært ríkissjóði 200—210 m. kr. tekjur á árinu 1985 miðað við það verðlag sem notað er í fjárlagagerðinni.

Þessi hækkun sölugjaldsins færir því ríkissjóði ekki nema hluta þess fjármagns sem það kostar að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsins. Með hertum innheimtuaðgerðum og bættu söluskattseftirliti í tengslum við söluskattshækkunina má ætla að viðbótartekjur ríkissjóðs vegna breytingarinnar geti náð 250 m. kr. Er því ljóst að sameiginleg áhrif söluskattsbreytinga þeirra sem felast í fjárlagafrumvarpi og í þessu frumvarpi eru ríkissjóði mjög í óhag. Engu að síður þykir ekki fært að hækka sölugjaldið um meira en 0,5%.

Ætla má að hækkun vísitölu framfærslukostnaðar af völdum 0,5% hækkunar söluskattsaukans verði um 0,25%, en hafa ber í huga að matvæli og ýmsar aðrar mikilvægar neysluvörur, svo og ýmis þjónusta, eru undanþegin söluskatti.

Söluskattur á Íslandi í núverandi mynd á rætur að rekja til ársins 1960. Í upphafi var skatturinn 3% en hefur farið hækkandi síðan. Síðast hækkaði skatturinn með tilkomu 1,5% orkujöfnunargjaldsins úr 22% í 23,5% í apríl 1980. Áður var hann hækkaður í september 1979 úr 20% í 22%.

Það er ljóst að söluskatturinn í því formi sem hann er lagður á í dag er á ýmsan hátt gallaður. Sú hækkun sem hér er lögð til breytir þar engu um, hvorki til né frá. Hins vegar verður þörfin fyrir gagngera endurskipulagningu á hinni óbeinu skattheimtu í landinu æ brýnni og af þeim sökum verður fljótlega lagt fram á Alþingi frumvarp um virðisaukaskatt í stað núverandi söluskattskerfis.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]

um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannafjár til tækifærisgjafa hjá stofnunum í eigu ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 106. löggjafarþingi og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

„Þær upplýsingar, sem fram hafa komið opinberlega, að opinberum starfsmanni sé af almannafé gefin tækifærisgjöf fyrir nokkur hundruð þúsund krónur, eru fullkomlega óeðlilegar og óverjandi. Ekki síst ber að fordæma slíkt á sama tíma og rekstur ríkisstofnana er fjármagnaður með erlendum lántökum. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíkt í framtíðinni er þessi tillaga flutt."

Þegar tillagan er nú lögð fram á nýjan leik fylgja henni til upplýsinga reglur sem settar hafa verið í Noregi og Danmörku um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Noregur.

257.52 Viðurkenning til starfsmanna sem hætta eftir langa þjónustu.

Starfsmenn, sem hætta eftir að hafa starfað hjá ríkinu samtals ekki skemur en 30 ár, geta fengið daginn, sem þeir láta af störfum, heiðursgjöf að verðmæti allt að 900 krónum. Heiðursgjöfina má gefa sem gjafakort sem ekki er hægt að innleysa í peningum. Það er að segja: ekki má gefa gjafatékka, bankatilvísun, reiðufé eða því um líkt sem heiðursgjöf. Í sambandi við afhendinguna má halda hóf sem kostar allt að 250 krónum.

Fyrir starfsmenn, sem ekki hafa náð 30 ára starfsaldri og fara á eftirlaun, má halda einfalda kveðjuathöfn daginn sem þeir láta af störfum og færa þeim blóm eða aðra gjöf fyrir allt að andvirði 300 kr.

Sama gildir um starfsmenn sem hafa unnið í sama ráðuneyti eða stofnun eða verið í sömu stöðu í minnst 20 ár og hætta til að fara í annað starf (opinbert eða í einkarekstri).

Þetta gildir einnig fyrir fólk í hlutastarfi með færri en 15 vinnustundir á viku og þá sem stunda aukastörf. Útgjöldin færast á reikning hlutaðeigandi stofnana eða ráðuneyta sem útgjaldaliður innan fjárveitingarramma.

Útgjöldin eru færð undir 11. lið, vörur og þjónusta, innan fjárveitingarramma.

257.52.1 *Að gefa blóm á fimmtugs- og sextugsafmælum.*

Vísað er til atriðis 257.52 um viðurkenningu til starfsmanna sem láta af störfum eftir langa þjónustu.

Einstakar stjórnunargreinar geta sýnt hug sinn með blómvendi, gjafakorti eða því um líku starfsmönnum sem verða fimmtugir eða sextugir. Blómvendir, gjafakort eða þess háttar á að meðaltali ekki að kosta meira en um 150 krónur. Ekki á að vera hægt að innleysa gjafakortið í peningum.

Útgjöldin eru færð undir 11. lið, vörur og þjónusta, innan fjárveitingarramma.

257.52.2 *Samúð við jarðarfarir.*

Í sambandi við jarðarför starfsmanns má kaupa krans eða blóm samkvæmt því sem þykir við hæfi á staðnum.

Þetta getur einnig náð til fyrrverandi starfsmanna sem hættir voru á eftirlaunum fyrir andlát sitt eða voru á örorkubótum.

Varðandi færslur á útgjöldum, sjá það sem skráð er í atriðunum hér að framan (257.52 og 257.52.1).

257.52.3 *Útgjöld til gjafa og blóma.*

Í bréfi þann 1. október 1973 frá Ríkisendurskoðun til varnarmálaráðuneytisins er gerð athugasemd við að fé veitt til risnu er að vissu marki notað til kaupa á gjöfum og blómum. Síðan stendur:

Ríkisendurskoðun telur að eftirfarandi línur eigi að leggja til grundvallar.

1. Til viðbótar þeim tilvikum, sem nefnd eru í starfsmannahandbók, atriði 257, er venjulega ekki hægt að gefa gjafir eða sýna annars konar athygli norskum embættis- og starfsmönnum.
2. Þegar útlendingar koma í heimsókn er venjulega ekki hægt að gefa þeim aðrar gjafir en bækur með þjóðlegu ívafi eða sérstaka málmskildi.
3. Þegar norskir embættis- og starfsmenn eru í heimsóknum erlendis verður að fylgja alþjóðavenjum. Í alþjóðasamskiptum, þegar æðstu menn eiga í hlut, má gefa gjafir þegar kostnaði er haldið innan sanngirnismarka.

   Ef um er að ræða verðmætar gjafir á að leggja málið fyrir fram fyrir fjármálaráðuneytið.

(Starfsmannahandbók ríkisins, febrúar 1984.)

Danmörk.

Umburðarbréf um tækifærisgjafir o. fl. til starfsmanna í þjónustu ríkisins. (2. júní 1956, Stjórnartíðindi A VI, nr. 90.)

1. Starfsmenn í þjónustu ríkisins, og þeir sem lausráðnir eru hjá ríkinu, fá á 25, 40 og 50 ára starfsafmælum þóknun í samræmi við eftirfarandi reglur í liðunum 2 og 3 hér á eftir.

Auk þess fá hlutaðeigandi við þau tækifæri, sem hér hafa verið nefnd, skjal sem undirritað er af yfirmanni hlutaðeigandi stjórnar með viðurkenningu og þakklæti. Hver stjórn um sig kveður á um útlit og efni skjalsins.

Þóknun og heiðursskjal fá aðeins þeir sem innt hafa af hendi góða þjónustu, ekki má veita þeim sem á seinustu árum á undan afmælinu hafa brotið alvarlega af sér í starfi. Formaður hlutaðeigandi stjórnar á að taka ákvörðun um hvort veita eigi þóknun og heiðursskjal. Afhending þóknunar og heiðursskjals á að fara fram á viðeigandi hátt sem nánar er ákveðinn af hverri stjórn um sig.

2. Starfsafmælisþóknun er 250 kr. á 25 ára starfsafmæli, 400 kr. á 40 ára starfsafmæli og 500 kr. á 50 ára starfsafmæli. Þeir sem ekki hafa verið í fullu starfi allan þann tíma sem talinn er með þegar starfsaldur til heiðursþóknunar er reiknaður út samkvæmt 3. atriði fá veitta þóknun eftir framanskráðum upphæðum ef starfið, sem unnið hefur verið, nær að teljast samtals ⅔ af fullu starfi allan starfstímann. Ef samanlagður tími hefur farið fram úr ½ en ekki náð ⅔ af fullu starfi nemur þóknunin 175 kr., 225 kr. og 350 kr. á 25, 40 og 50 ára starfsafmælum.

3. Sem hátíðisdagur telst sá dagur sem hlutaðeigandi hefur unnið 25, 40 og 50 ár í þjónustu danska ríkisins. Þegar reiknaður er út þjónustualdur sem veitir rétt til umbunar eru taldir fyrir mánaðarlaunastarfsmenn 12 launamánuðir, fyrir vikulaunamenn 52 launavikur og fyrir daglaunastarfsmenn 301 launadagur sem jafngildir einu ári.

Starfsafmælis-starfsaldur er reiknaður frá því að fyrst var gengið í þjónustu danska ríkisins. Ef hlé hefur orðið á starfi eru starfstímabil lögð saman nema ástæðan til brottfarar sé mistök í starfi eða hegningarvert athæfi sem hefur eða mundi hafa haft í för með sér brottvikningu úr starfi án eftirlauna. Ef hlutaðeigandi hefur starfað í fleiri stjórnum (hér með einnig taldir barnaskólar, þjóðkirkjan og sérsambönd sem ríkið hefur yfirtekið) má einnig leggja saman einstök starfstímabil þegar gerður er upp starfsaldur ef svo er að lengd og yfirgrip fyrri starfs eða starfa sé vottfest á fullnægjandi hátt.

Þar sem þannig er ástatt að maður hefur á sama tíma setið í ýmsum stjórnum eru samhliða störf metin sem heild með tilliti til notkunar á reglum í þessu umburðarbréfi þar sem þau eru lögð saman þegar starfsmagn er metið. Þóknun og heiðursskjal er í slíkum tilvikum veitt af þeirri stjórn þar sem umfangsmesta starf hefur verið unnið.

Þegar umbunarstarfsaldur er metinn er aðeins talin með sú þjónusta sem að magni til er minnst ¼ af eðlilegu starfi allan daginn. Leyfisdagar og veikindadagar (tímalengd veikinda staðfest með læknisvottorði eða á þann hátt sem stjórnin samþykkir að öðru leyti) á starfstímanum eru teknir með við uppgjör, þó aðeins að því er varðar veikindadaga ef greidd hafa verið laun í veikindum að nokkru eða öllu leyti — eða ef svo hefur ekki verið — á tímabili sem samtals lengst getur verið þrír mánuðir á einu ári.

Auk þess er tekin fjarvera vegna herþjónustu ef greidd eru laun að nokkru eða öllu leyti á meðan á fjarveru stóð eða hún er reiknuð með í hlutaðeigandi þjónustu — eða launastarfsaldri eins og sá tími, sem starfsmaður er ekki á launaskrá, getur talist með eftir því sem hann er reiknaður til launastarfsaldurs.

Stjórnin ákveður umbunarstarfsaldur. Ef hún hefur ekki nákvæmar upplýsingar um hvenær fyrsta ráðning átti sér stað eða lengd fyrri starfstímabila þeirra manna sem falla undir ákvæði þessa umburðarbréfs er starfsaldur ákveðinn með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir stjórninni, og hugsanlega þannig að hann sé talinn frá seinustu ráðningu starfs í samhengi. Annars mun áætlaður starfsaldur, sem hlutaðeiganda kynni að vera reiknaður í öðru skyni, geta verið til leiðbeiningar við ákvörðun umbunarstarfsaldurs.

Þeir sem hafa fengið umbunarstarfsaldur reiknaðan á annan hátt af stjórnum en að framan greinir, eftir þeim reglum sem fram að þessu hafa gilt í hinum einstöku stjórnum, t. d. frá því að þeir voru ráðnir í þjónustu ríkisins, eiga rétt á að fá að halda þeim hætti á útreikningi ef þeir bera fram ósk þess efnis við hlutaðeigandi stjórn fyrir árslok 1956.

4. Þeir starfsmenn, sem hafa, þegar þetta umburðarbréf gekk í gildi, haldið upp á 50 ára starfsafmæli, eða þeir, sem haldið hafa upp á 25 eða 40 ára starfsafmæli og ná ekki að halda upp á nýtt starfsafmæli, fá við uppsögn vegna aldurs, veiklunar eða annarrar ástæðu, sem þeir ráða ekki við, eftir að umburðarbréfið gekk í gildi jafnmikla þóknun sem þeir hefðu fengið eftir framangreindum reglum við síðasta starfsafmæli. Ef þeim hefur verið veitt þóknun samkvæmt fyrirkomulagi því sem í gildi hefur verið fram að þessu hjá hlutaðeigandi stjórn, eða gjöf við eitt eða fleiri starfsaldursafmæli, dregst þóknun við uppsögn frá með upphæð er samsvarar þóknun eða verðmæti gjafar sem veitt hefur verið við starfsaldursafmæli það sem seinast var haldið hátíðlegt.

5. Sá sem heldur upp á starfsaldursafmæli sitt fær frí á launum á hátíðisdaginn ef hann fellur ekki undir veikinda- eða leyfistíma. Ef hátíðisdagurinn er venjulegur frídagur er veitt leyfi frá störfum næsta vinnudag á undan eða eftir. Sá sem ekki fær föst mánaðar- eða vikulaun fær þá launagreiðslu sem hann annars mundi hafa unnið fyrir ef hann hefði stundað sína venjulegu vinnu á hátíðisdaginn.

6. Kostnaður vegna starfsaldursumbunar er greiddur af launareikningi (launadeild) fyrir fasta starfsmenn, en viðskiptareikningi (medhjælpskonto) fyrir lausráðna.

7. Þetta umburðarbréf gengur í gildi þann 1. apríl 1956. Á sama tíma ganga úr gildi þær reglur sem hingað til hafa verið í gildi varðandi umbun eða þess háttar á starfsafmælum.

Fjármálaráðuneytið, 2. júní 1956.

Kampmann. Bodil Andersen.

Umburðarbréf um hækkun starfsaldursumbunar til starfsmanna í þjónustu ríkisins. (Nr. 77).

(Til allra ráðuneyta og stjórna.)

Hér með tilkynnist að fjárveitinganefnd þingsins hefur mælt með því að 1. apríl þetta ár gangi í gildi hækkun á umburðarbréfi fjármálaráðuneytisins, nr. 90 frá 2. júní 1956, varðandi starfsafmælisumbun o.fl. til starfsmanna ríkisins, þannig að þær upphæðir, sem hingað til hafa verið í gildi, 250 kr. á 25 ára starfsafmæli, 400 kr. á 40 ára starfsafmæli og 500 kr. á 50 ára starfsafmæli, verði hækkaðar í tilsvarandi 500 kr., 800 kr. og 1000 kr., þannig að útgjaldaaukning á fjárhagsárinu 1964—65 greiðist af væntanlegri aukafjárveitingu samkvæmt lögum um viðbótarfjárveitingu þess árs.

Fjármálaráðuneytið, þann 21. mars 1964.

P.M.V.

E.B.

Bodil Andersen

Fjármálaráðuneytið I L.j.nr. 875—1964

Lög nr. 154 7. júlí 1958, um laun og eftirlaun ásamt fleiru til ríkisstarfsmanna.

18. kafli: Um þóknun, aðstoðargreiðslur og bætur í eitt skipti fyrir öll.

41. grein.

Greiða má þóknun sem fastar árlegar bætur, annaðhvort til starfsmanns fyrir starf í þjónustu ríkisins sem fellur utan við hans eiginlega starfsvettvang eða þess sem ekki er ríkisstarfsmaður, fyrir starf í þjónustu ríkisins sem ekki er greitt með venjulegum launum.

Ekki er hægt að greiða þóknun án fjárveitingar á fjárlögum á hverju fjárhagsári. Slíka fjárveitingu má veita fyrir ákveðna tölu jafnstórra þóknana eða persónulega ákveðnar þóknanir. Í seinna tilvikinu fellur þóknunin niður ef nýja fjárveitingu skortir þegar skipt er um starf.

Þeir sem ekki eru ríkisstarfsmenn hjá varnarmálaráðuneytinu en eiga eftirlaunarétt samkvæmt lögum frá 12. júlí 1946, með seinni breytingum, falla ekki undir ákvæði þessara laga.

42. grein.

Ekki má nota aðstoðargreiðslur veittar á fjárlögum, nema slíkt sé skýrt ákveðið í lögum, til þess að greiða bætur nokkrum starfsmanni innan hlutaðeigandi stjórnargreinar eða nokkrum öðrum á sama sviði sem fær þóknun eftir 41. grein. Sama gildir um sérhverja aðra útgjalda- eða tekjufjárveitingu sem samkvæmt hljóðan sinni kveður ekki á um bætur til framangreindra starfsmanna eða þeirra sem þóknun hljóta. Þegar um er að ræða stofnfé og aðrar tímabundnar fjárveitingar er þó nóg að bætur þeirrar tegundar sem nefndar hafa verið séu greinilega heimilaðar við fjárveitinguna.

Til greiðslu bóta í eitt skipti fyrir öll til starfsmanna fyrir vinnu sérstakrar tegundar eða við alveg sérstök skilyrði má hafa sérstaka upphæð til ráðstöfunar með fjárveitingu.

Við 25, 40 og 50 ára starfsafmæli starfsmanna er veitt umbun samkvæmt nánari ákveðnum reglum sem settar eru af fjármálaráðherra.

Nd. 255. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og fengið til viðtals Magnús Jóhannsson, formann þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið ásamt Helga Laxdal er einnig var í nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Á eftir 4. málsl. 4. málsgr. komi nýr málsl. er orðist svo: Nám í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum og í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingartíma.
2. Við 6. gr. Upphaf II.b-liðar orðist svo: **Ótakmörkuð réttindi** — 36 mánuðir o. s. frv.
3. Við 8. gr. Tölustafurinn „1.“ í III.a-lið falli niður.
4. Við 8. gr. Aftan við III.c-lið bætist: þar af minnst 12 mánuðir skipstjóri eða 1. stýrimaður.
5. Við 15. gr. Orðin „eða kunnáttuleysi“ í 2. málsl. falli niður.
6. Við 18. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982.
7. Við ákvæði til bráðabirgða A. Í stað „6. og 9. gr. laganna um siglingartíma“ í 3. málsgr. komi: 6. og 10. gr. laganna um siglingartíma.

Alþingi, 10. des. 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Friðjón Þórðarson.	Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

Nd. 256. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum og fengið til viðtals Magnús Jóhannesson, formann þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið, ásamt Helga Laxdal er einnig var í nefndinni.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 9. gr. 8. málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
Vélfræðingur II (VF.II) Réttindi: Yfirvélstjóri, 3000 kw. og minni + VF. III.

Alþingi, 10. des. 1984.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Eggert Haukdal.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 257. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.	Guðmundur Bjarnason.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 258. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það er komið frá Ed.

Alþingi, 10. des. 1984.

Pétur Sigurðsson, form. | Ólafur G. Einarsson, frsm. | Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðmundur Bjarnason.

Ed. 259. Frumvarp til laga [216. mál]

um afnám laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., með síðari breytingum, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög nr. 13/1979 voru sett í tíð ráðuneytis Ólafs Jóhannessonar og rangnefnd „Ólafslög“ því að alþjóð er kunn tregða þáverandi forsætisráðherra að flytja frumvarpið og fylgja því fram. Hér er í raun um að ræða lögfestingu ýmiss konar greinargerða embættismanna sem töldu sig hafa ráð undir hverju rifi ef kennisetningar þeirra og hugdettur yrðu settar í lög landsins.

Þótt samsuða þessi sé í senn lögfræðilegur ósómi og í flestu fánýtt plagg hefur hún að nokkru leyti verið framkvæmd og leitast hefur verið við að fylgja „stefnumörkuninni“ með þeim afleiðingum sem alþjóð eru kunnar.

Tímabært er að afmá slitur þessara laga úr íslensku lagasafni, en vera má að einhverju þurfi að hnika til í öðrum lögum þegar þessi verða felld úr gildi. Kæmi það til athugunar í þingnefnd.

Ed. 260. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason.

1. gr.

11. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, sbr. 31. gr. laga nr. 13/1979 og 26. gr. laga nr. 43/1984, orðist svo:

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., svo og aðrar opinberar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 10%. Sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum. Öll frekari innstæðubinding er óheimil.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem um ræðir í 2. málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands hefur meginhlutverk bankans allt frá setningu laga nr. 10 frá 1961 verið talið „að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Ljóst er að þessu hlutverki hefur Seðlabankinn ekki valdið talsvert á annan áratug því að verðbólga hefur ætt áfram samhliða því sem framleiðslugeta atvinnuveganna hefur verið vannýtt. Sökina á þessu má þó ekki einungis rekja til Seðlabankans heldur margra ríkisstjórna og Alþingis sem beint og óbeint hafa lagt fyrir bankann að herða að atvinnuvegunum og viðskiptabönkunum í þeirri trú að afgamlar kenningar um frystingu fjármuna væri leiðin til að kveða verðbólgu niður. Hvergi í nágrannalöndum hefur þeirri stefnu verið fylgt á þann veg sem hér hefur orðið, enda svokölluð „Ólafslög" einsdæmi í löggjöf vestrænna þjóða.

Við setningu Seðlabankalaganna 1961 var bankanum veitt heimild til nokkurrar sparifjárbindingar enda höfðu menn á þeim tíma einhverja trú á stjórn „peningamagns í umferð". Lengi vel kom ákvæði þetta ekki að sök því að allan sjöunda áratuginn gerðu stjórnvöld sér grein fyrir því að ákvæðinu bæri að beita til að efla atvinnuvegi og sjá mönnum fyrir eðlilegu starfsfé í viðskiptum sínum og framkvæmdum.

Breyting sú, sem í frumvarpinu greinir, beinist að því að færa starfssvið Seðlabankans smám saman í það horf sem upphaflega var ætlunin. Þannig var bundið fé í bankanum fyrst í stað aldrei yfir 10%, þótt heimildir væru til 15% bindingar og 20% af innstæðufé „sem ávísa má á með tékka". Í annan stað er lagt til að taka á ný í lög ákvæði upphaflegu laganna frá 1961. Ákvæðið hljóðar svo: „. . . sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum". Og við þetta er bætt orðunum: „Öll frekari innstæðubinding er óheimil." Að öðru leyti gerir frumvarpið ráð fyrir að 11. grein laga nr. 10/1961 verði tekin óbreytt í lög að nýju, nema síðasta málsgr. greinarinnar sem var nánast bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn hefur nú lagaheimildir til að binda allt að 38% sparifjár þjóðarinnar. Þar að auki er viðskiptabönkum gert að lána Framkvæmdasjóði Íslands 4% sparifjárins, að vísu með samningi en undir þrýstingi framkvæmdavaldsins sem tíðum telur sig bært að stjórna löggjafarvaldinu.

Sú stefna, sem fylgt hefur verið í peningamálum nú nokkuð á annan áratug, hefur brugðist. Sparifé alþýðu hefur smám saman þorrið þegar menn gerðu sér grein fyrir því að fé þeirra gekk í stöðugt ríkari mæli til ríkisbáknsins, í rauninni ekki sem lánsfé heldur var um beina eignaupptöku að ræða þegar vextir voru neikvæðir jafnvel svo að tugum prósenta nam. Tilraunir stjórnvalda til að bregðast með sívaxandi hörku við þessum vanda hafa síður en svo leyst hann, þær hafa aukið hann svo að kreppa og óðaverðbólga hefur af hlotist í mesta góðæri Íslandssögunnar, en útlendingar hafa fjármagnað máttvana atvinnuvegi á okurkjörum. Samhliða hefur óréttlæti aukist í íslensku þjóðlífi og fátækt hafið innreið sína. Þessi stefna, sem allir flokkar á liðnum kjörtímabilum bera ábyrgð á, hefur mistekist. Ljóst er því að ofstjórn peningamála verður að linna. Að því miðar flutningur frumvarps þessa.

Ed. 261. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. des.)

1. gr.

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 1 000 000 kr.

Menn, sem náð hafa 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa töluliðar við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Sþ. 262. Fyrirspurn [218. mál]

til menntamálaráðherra um hugsanlega móttöku á dagskrá norska sjónvarps um gervihnött hér á landi.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hefur menntamálaráðherra í nafni ríkisstjórnarinnar hafið samningaviðræður við norsk stjórnvöld um móttöku hér á landi á sendingum norska sjónvarpsins frá gervihnettinum ECS 2?
2. Liggur fyrir hvern kostnað það mundi hafa í för með sér fyrir Íslendinga ef hafin yrði móttaka og dreifing á dagskrá norska sjónvarpsins hér á landi?

Sþ. 263. Fyrirspurn [219. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslu rekstrar- og afurðalána bænda.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hverjar eru í einstökum atriðum þær nýju reglur sem bankarnir hafa sett til að tryggja að bændur fái lán sín í hendur „um leið og lánin eru veitt“ í samræmi við fyrirmæli Alþingis í þingsályktun frá 22. maí 1979 og bréf viðskiptaráðuneytisins á fimm ára afmæli hennar 22. maí s. l.?
2. Hafa nokkrir bankar eða útibú reynt að sniðganga þessi fyrirmæli? Ef svo er, hvaða viðurlögum hyggst ráðherra beita?
3. Hvaða veð hafa bankar fyrir rekstrar- og afurðalánum annars vegar og lánum til afurðasölufyrirtækja hins vegar? Telja viðskiptabankar veðsetningar samvinnufélaga yfirleitt fullnægjandi? Sitja einkafyrirtæki við sama borð og samvinnufélög að því er tryggingar varðar í ríkisbönkunum?

Sþ. 264. Fyrirspurn [220. mál]

til landbúnaðarráðherra um beinar greiðslur til bænda.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvernig hafa bændur tekið því nýmæli að fá nú beint í hendur rekstrar- og afurðalán sín „um leið og lánin eru veitt“ í samræmi við fyrirmæli Alþingis í þingsályktun 22. maí 1979 og bréf viðskiptaráðuneytisins á fimm ára afmæli hennar 22. maí s. l.? Hafa bændasamtök látið í ljós álit sitt á þessu nýmæli?
2. Hafa nokkur brögð verið að því að afurðasölufélög reyndu að sniðganga fyrirmæli Alþingis eða einstakir bankar hliðrað sér hjá að sjá til þess að fyrirskipunum viðskiptaráðuneytisins væri hlýtt?
3. Hafa sláturhús stuðlað að því að bændur fengju greitt fullt grundvallarverð á þessu hausti? Ef svo er ekki, hvernig er uppgjöri þá háttað, almennt og hjá einstökum afurðasölufyrirtækjum?

Sþ. 265. Fyrirspurn [221. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleit og atvinnumiðlun fatlaðra.

Frá Helga Seljan.

Hversu er nú háttað fyrirkomulagi atvinnuleitar og vinnumiðlunar skv. lögum um málefni fatlaðra, þ. e. þeirri starfsemi sem áður fór fram á vegum endurhæfingarráðs og öryrkjadeildar Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar?

Hversu margir vinna nú beint og eingöngu að þessari sömu atvinnuleit?

Nd. 266. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Ljóst er að sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu hafa lýst efasemdum um ýmis ákvæði laga nr. 59/1983 og uppbygging heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki farið fram samkvæmt þeim. Sá frestur, sem farið er fram á með þessu frumvarpi og samþykktur var í efri deild, er kominn inn á Alþingi að beiðni sveitarstjórnarmanna sem telja „ýmis tormerki“ á skipulagningunni og úr þeirra hópi heyrast raddir „sem telja heilsugæslukerfið ekki eiga við á svæðinu“.

Við hljótum að undrast þessa afstöðu og leggjum til að fresturinn verði aðeins til 1. maí n. k. En fyrst og fremst teljum við nauðsynlegt að fá úr því skorið á Alþingi hvort til stendur að snúa frá þeirri stefnu sem Alþingi hefur mótað um skipulagningu heilsugæslu.

Alþingi, 10. des. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.

Guðrún Helgadóttir, frsm.

Nd. 267. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. des.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **268. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-101 Embætti forseta Íslands.	
a. Við 1.30 Opinberar heimsóknir.	
Fyrir „555“ kemur	1 755
b. Við 5.01 Fasteignir, viðhald.	
Fyrir „1 000“ kemur	3 000
2. Við 4. gr. 00-201 Alþingi.	
a. Við 1.02 Skrifstofu- og alþingiskostnaður.	
Fyrir „29 841“ kemur	33 841
b. Við 1.04 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda.	
Fyrir „6 305“ kemur	9 125
c. Við 1.05 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.	
Fyrir „3 449“ kemur	3 629
d. Við 1.32 Norðurlandaráð.	
Fyrir „1 665“ kemur	4 665
3. Við 4. gr. 00-301 Ríkisstjórn 51 Laun.	
Fyrir „14 380“ kemur	14 830
4. Við 4. gr. 01-102 Þjóðhagsstofnun.	
a. Við 1.01 Almennur rekstur.	
Fyrir „18 072“ kemur	19 844
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „9 198“ kemur	10 084
5. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 1.02 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „23 005“ kemur	28 705
b. Nýr liður:	
5.01 Viðhald fasteigna	10 000
6. Við 4. gr. 02-202 Tilraunastöð háskólans á Keldum.	
a. Við 51 Laun.	
Fyrir „10 309“ kemur	10 659
b. Við 52-58 Önnur gjöld.	
Fyrir „11 105“ kemur	11 355
c. Við 4. Sértekjur.	
Fyrir „13 911“ kemur	14 011
7. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun háskólans 1.20 Eðlisfræðistofa.	
Fyrir „4 364“ kemur	4 642
8. Við 4. gr. 02-206 Orðabók háskólans 52-58 Önnur gjöld.	
Fyrir „139“ kemur	439
9. Við 4. gr. 02-305 Menntaskólinn við Sund 6.01 Stofnkostnaður.	
Fyrir „11 600“ kemur	400

	Þús. kr.	Þús. kr.
10. Við 4. gr. 02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum 6.01 Stofnkostnaður.		
Fyrir „1 000“ kemur		1 500
11. Við 4. gr. 02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut 6.01 Stofnkostnaður.		
Fyrir „2 000“ kemur		6 000
12. Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt 1.01 Almennur rekstur.		
Fyrir „16 180“ kemur		16 210
13. Við 4. gr. 02-321 Kennaraháskóli Íslands.		
a. Við 1.01 Almennur rekstur.		
Fyrir „43 825“ kemur		45 725
b. Við 5.01 Viðhald.		
Fyrir „400“ kemur		800
c. Við 6.01 Stofnkostnaður.		
Fyrir „3 500“ kemur		5 500
14. Við 4. gr. 02-322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans 52-58 Önnur gjöld.		
Fyrir „278“ kemur		578
15. Við 4. gr. 02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 6.01 Tækjabúnaður.		
Fyrir „600“ kemur		1 000
16. Við 4. gr. 02-355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum 6.01 Tækjabúnaður.		
Fyrir „500“ kemur		1 000
17. Við 4. gr. 02-357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi 6.01 Stofnkostnaður.		
Fyrir „2 000“ kemur		8 500
18. Við 4. gr. 02-422 Námsgagnastofnun.		
a. Við 1.30 Fræðslumyndasafn.		
Fyrir „3 350“ kemur		4 000
b. Við 1.40 Kennslumiðstöð.		
Fyrir „754“ kemur		1 004
19. Við 4. gr. 02-501 Tækniskóli Íslands 51 Laun.		
Fyrir „21 198“ kemur		21 698
20. Við 4. gr. 02-514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður:		
5.01 Viðhald		1 800
21. Við 4. gr. 02-516 Iðnskólar, almennt.		
a. Við 6.90 Liðurinn orðist svo:		
6.90 Stofnkostnaður		4 500
Nýlegar rannsóknir hafa sannfært menn um að smáfyrirtæki standa fyrir flestum nýjum störfum og mestum hagvexti. Þau sýna mikla nýsköpun og framtak. Þessi fyrirtæki eru næstum þau einu sem leggja til ný störf í iðnaði og þjónustu. Hlutur þeirra í heildaratvinnu í framleiðsluiðnaði hefur aukist víða. Í mörgum OECD-löndum virðast smáfyrirtækin hafa staðið sig betur í kreppu undanfarinna ára heldur en þau stóru.

Rannsókn, sem gerð var í OECD-löndunum á árunum 1977 og 1978, bendir til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki hafi lagt til 40—70% í allri atvinnu í iðnaði. Lægri tölurnar, 40—45%, fundust í löndum eins og Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, þ. e. a. s. löndum sem eiga sér langa iðnaðarsögu og eru stór á evrópska vísu. Hæstu hlutföllin, þ. e. a. s. 60—70%, voru í minni löndum, svo sem Sviss, Danmörku og Belgíu. Framleiðsluhlutur þessara fyrirtækja var minni en hlutdeild þeirra í atvinnutækifærunum sem þýðir að þau kröfðust tiltölulega meira vinnuafls en stóru fyrirtækin.

Smáfyrirtæki skapa vinnu.

Vísindamenn við Tækniháskóla í Massachusetts gerðu athugun á bandarískum fyrirtækjum á árunum 1969—1976. Þessi rannsókn sýndi að næstum tveir þriðju hlutar allra nýrra starfa mynduðust hjá fyrirtækjum sem höfðu 20 starfsmenn eða færri.

Bandaríska viðskiptaráðuneytið gerði aðra rannsókn. Þar var bandarískum fyrirtækjum skipt niður í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru rótgróin fyrirtæki. Í öðrum hópnum voru fyrirtæki sem höfðu fylgst vel með tímanum og sýnt góð merki nýsköpunar. Í þriðja hópnum voru ný fyrirtæki í svo kölluðum nýtæknigreinum, svo sem rafeindaiðnaði, upplýsingaiðnaði og þess háttar. Vöxtur í sölu og atvinnu á árunum 1969—1974 hjá þessum fyrirtækjum var mældur. Gömlu, grónu fyrirtækin sýndu einungis 1% fjölgun á störfum, framsýnu fyrirtækin í öðrum flokk höfðu 4,3% aukningu á störfum en nýtæknifyrirtækin sýndu 41% aukningu á störfum.

Sölutölur gáfu svipaða niðurstöðu. Gömlu grónu fyrirtækin juku sölu um 11,4%. Fyrirtækin í öðrum flokki juku sölu um 13,2% en nýju fyrirtækin sýndu 43% vöxt í sölu. **Þessar tölur ítreka að fjölgun starfa verður hjá nýjum smáfyrirtækjum.**

Smáfyrirtæki, uppspretta nýsköpunar.

Eins og áður er vikið að sýna smáfyrirtæki yfirleitt betri merki nýsköpunar. Bandarískar rannsóknir sýna að á 20 ára tímabili, milli 1950 og 1970, kom fjórðungur mikilvægra tækninýjunga á markaðinn frá litlum fyrirtækjum.

Smáfyrirtæki hafa ýmsa fleiri kosti en þessa. Þau geta hentað vel til að endurreisa eða styrkja atvinnuástand í borgarhluta eða bæjarfélagi sem hefur átt í erfiðleikum. Smáfyrirtæki geta verið ágætis uppspretta hlutastarfa sem henta fjölskyldum, bæði foreldrum og unglingum í ýmsum tilfellum. Annað dæmi um efnahagslegan ávinning sést í borgum, þar sem smáfyrirtæki, sem dreift er um borgina, minnka akstur og flutning fólks til og frá vinnu. Að slíku er mikill sparnaður bæði í vegaframkvæmdum og almenningsfarartækjum. Þessar röksemdir eiga ágætlega við á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í mörgum bæjarfélögum á Íslandi er atvinnulíf einhæft og byggist upp á rekstri örfárra stórra fyrirtækja í fiskiðnaði. Á slíkum stöðum er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í atvinnuháttum, ekki einungis til að vernda hagsmuni bæjarfélagsins gegn sveiflum í grunnatvinnugreinunum, heldur, og ekki síður, til að veita ýmiss konar þjónustu og til að veita atvinnu því fólki sem ekki má eða vill vinna við grunnframleiðslugreinarnar. Þannig geta smáfyrirtæki skapað félagslegar aðstæður sem eru bæjarfélaginu og íbúum þess til mikilla hagsbóta.

Af þessum ástæðum ættu stórfyrirtæki víða um land að huga að því sérstaklega hvort þau geta ekki beinlínis stutt við stofnun smáfyrirtækja með ýmiss konar þjónustu og hjálparaðgerðum. Slík hefur orðið raunin víða erlendis.

Smáfyrirtæki, umhverfi fyrir fólk.

Í löndum, þar sem smáfyrirtækjarekstur stendur í blóma, hefur þess talsvert orðið vart að starfsfólk flytji sig úr störfum hjá stórfyrirtækjum og fari til smáfyrirtækja. Ástæðurnar segir það m. a. vera aukið frjálsræði í stjórnun og samskiptum fólksins innan fyrirtækjanna. Það skiptir miklu máli að samráð milli starfsfólks sé á hverjum tíma sem allra best og það taki höndum saman við uppbyggingu fyrirtækisins. Í því sambandi er rétt að benda á ýmsar kenningar í stjórnun sem leggja mikla áherslu á lýðræðislega stjórnarhætti í fyrirtækjum samfara greinilega afmarkaðri ábyrgð. Fólk, sem hefur flutt sig til smáfyrirtækja, hefur einnig tilgreint þær ástæður að í mörgum tilfellum sé þar betri fjárhagsleg afkoma. Í litlum fyrirtækjum er launakerfið oft óbundnara og starfsmenn geta þar haft frjálsari hendur um að semja sjálfir um eigin laun við vinnuveitendur sína. Það er mikilvægt að launasamningakerfið sé þannig að starfsfólk megi á hverjum tíma njóta þess þegar vel gengur.

Í þessu sambandi getur þurft að huga sérstaklega að hlutverki verkalýðsfélaga. Það getur verið smáfyrirtækjum mjög erfitt ef starfsmenn þeirra eru í mörgum verkalýðsfélögum. Í þessu sambandi er vert að líta á tillögur Bandalags jafnaðarmanna um full réttindi

vinnustaðafélaga til lögformlegra samninga. Reyndar hafa nú á síðustu mánuðum verið uppi umræður hjá verkalýðssamtökunum í landinu um endurskoðun á fyrirkomulagi launasamninga.

Útdráttur.

Hér hefur verið fjallað um ýmsa kosti smáfyrirtækja. Þar má nefna nýsköpun í atvinnuháttum, mikla vinnuaflsþörf, gott atvinnuumhverfi fyrir starfsfólk og betri fjárhagslega afkomu þess. Fjárfesting að baki hverju starfi í smáfyrirtæki er mörgum sinnum minni en í stóriðju. Önnur dæmi um efnahagslegan og félagslegan ávinning af þeim eru að veita fjölbreytni í atvinnu og þjónustu bæjarfélaga eða borgarhverfa og minnka þarfir á fólksflutningum vegna atvinnu.

III. KAFLI. FRÆÐSLA.

Fræðsla um atvinnulíf og stofnun smáfyrirtækja þarf að vera tvenns konar. Í fyrsta lagi þarf hún að vekja áhuga á atvinnulífi og fyrirtækjarekstri og veita almenna undirstöðu. Í öðru lagi þarf sérhæfða fræðslu um ákveðin atriði, t. d. um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Sú fræðsla þarf að vera af ýmsu tagi. M. a. má nefna eftirtalin atriði:

a) **Lögfræðileg atriði.** Þar þarf að gera fólki almenna grein fyrir ábyrgð og skyldum þeirra sem standa að stofnun og rekstri fyrirtækja. Það þarf að gera grein fyrir löggjöf um ýmis félagaform, skattamál, bókhaldsskyldu og fleira.

b) **Fjármál.** Nauðsynlegt er að gefa almennar upplýsingar um lánasjóði, bankastarfsemi, gerð fjárhagsáætlana, rekstraráætlana og lánaumsókna svo dæmi séu nefnd.

c) **Markaðsmál og sölumennska.** Það er nauðsynlegt að væntanlegir atvinnurekendur geri sér grein fyrir mikilvægi þessa málaflokks. Þetta er raunar sá liðurinn í fyrirtækjarekstri á Íslandi sem mest hefur orðið útundan. Á þessu sviði þarf að gefa grundvallarhugmyndir um markaði, einkenni þeirra, markaðskannanir og aðferðir við sölu á varningi eða þjónustu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að almennt er brýn þörf á skólahaldi og menntun fyrir fólk sem gæti stundað sölustörf á erlendum mörkuðum. Til að ná árangri á því sviði þarf umfangsmikla vöruþekkingu, góða kunnáttu í tungumáli viðkomandi markaðar, skilning á einkennum og lífsmynstri viðkomandi þjóða, dugnað og ósérhlífni.

d) **Vöruþróun, stjórnun og fleira.** Markmið með fræðslu af þessu tagi ættu í fyrsta lagi að vera þau að gefa fólki hugmynd um þá ábyrgð, áhættu og möguleika sem svona rekstri fylgir. Einnig þyrfti öllum að vera ljós þörfin á aðhaldi og arðsemi.

Í öðru lagi ættu markmið að vera þau að gefa þeim sem frekar vilja kynna sér málin og spreyta sig á viðfangsefninu nánari innsýn inn í ýmsa efnisflokka eins og þeir voru raktir hér á undan.

Þessa fræðslu má inna af hendi með ýmsum hætti:

a) **Fræðsluefni fyrir fjölmiðla.** Hugsanlegt er að gera þætti til flutnings í fjölmiðlum. Í þessu sambandi má geta þess að breska sjónvarpið BBC hefur útbúið þætti til sýningar í sjónvarpi sem fjalla um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Hugsanlegt væri að gera þætti fyrir útvarp, sjónvarp eða til birtingar í dagblöðum og tímaritum.

b) **Útgáfa handbóka.**

c) **Námskeiðahald.** Námskeið, sem fjalla mundu um þessi efni, mætti skipuleggja og halda á ýmsan hátt, til dæmis sem **valnámskeið** í mennta- og fjölbrautaskólum, verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans, iðnskólum, tækniskólum og fleiri sérgreinaskólum. Auk þess mætti halda námskeið í starfsmannafélögum og verkalýðsfélögum. Einnig er hægt að stofna námsstöður í fyrirtækjum sem væru í tengslum við viðskiptanám í skólum. Þangað gætu nemendur farið í lengri eða skemmri tíma og kynnst þessum málum af eigin raun.

Sumar þeirra hugmynda, sem hér eru settar fram, hafa þegar verið reyndar hérlendis. Á

vegum iðnaðarráðuneytisins, félagasamtaka og iðnráðgjafa landshlutanna hafa verið haldin námskeið um skylda hluti.

Í fréttabréfi Iðntæknistofnunar Íslands í mars 1984 er skýrt frá fjölsóttum námskeiðum á Suðurnesjum um atvinnurekstur. Þar segir:

„Í vetur hafa verið haldin á Suðurnesjum þrjú námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja, eitt fyrri hluta vetrar í Grindavík og tvö standa nú yfir í Keflavík og eru á þeim yfir 20 manns. Námskeiðin eru haldin á vegum iðnráðgjafa Suðurnesja og standa yfir fjögurra mánaða tímabil. Haldnir eru átta vinnufundir, fjóra tíma í senn, og veitt aðstoð tvisvar í mánuði, fyrir hvern fund. Veitt er ráðgjöf um vöruþróun, lánasjóði og fleira og aðstoðað við gagnasöfnun, markaðsleit, áætlanagerð og þess háttar. Að sögn Jóns Unndórssonar iðnráðgjafa hafa komið fram margar athyglisverðar hugmyndir á námskeiðunum og sum fyrirtækjanna eru þegar farin af stað. Fyrirhuguð eru fleiri slík námskeið víðar á Suðurnesjum."

IV. KAFLI. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA.

Það er augljóst að ýmiss konar sérfræðiþjónusta er nauðsynleg fyrir allan rekstur fyrirtækja. Í stórum fyrirtækjum er þessari þörf mætt með því að hafa ýmiss konar sérfræðinga í vinnu hjá fyrirtækinu, svo sem lögfræðinga, verkfræðinga, tölvufræðinga o. s. frv. Smáfyrirtæki þurfa ekki að njóta óskiptra starfskrafta svona sérmenntaðs fólks, en þurfa hins vegar að eiga greiðan aðgang að þekkingu þeirra þegar þörf er á. Útseld þjónusta af þessu tagi er nokkuð dýr og getur verið þungur baggi fyrir rekstur fyrirtækis sem er að hefja starfsemi, en þá er þörfin fyrir slíka þjónustu e. t. v. brýnust og fjármagnsstaðan erfiðust.

Það er skynsamlegt að örva stofnun atvinnufyrirtækja með því að aðstoða þau við að fá ódýra, tímabundna sérfræðiþjónustu af þessu tagi á meðan þau eru að komast á legg. Það er hægt að gera á ýmsan hátt, t. d. með því að setja á stofn sérstaka þjónustuaðila í þessu skyni eða með því að veita nýjum fyrirtækjum fjárhagslega styrki til að kaupa þessa þjónustu af öðrum. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um þjónustu sem nauðsynlegt er að veita:

a) **Tæknismiðja.** Það er nauðsynlegt að koma á fót tæknismiðju þar sem hugvitsmenn geta unnið að útfærslum á hugmyndum sínum með aðstoð tæknimanna. Þannig er hægt að kanna hvort og hvernig ástæða sé til að eyða fé og fyrirhöfn til frekari kynningar og markaðsathugana fyrir viðkomandi framleiðslu.

b) **Tengsl við skóla og rannsóknastofur.** Það færist nú mjög í vöxt erlendis að háskólar eða rannsóknastofnanir og fyrirtæki hafi með sér samvinnu um þróun nýrrar framleiðslu, vöru eða þjónustu. Að hluta er þetta svar háskólanna við minnkandi framlögum frá ríkinu til rannsókna á tímum kreppu í efnahagsmálum. Að hluta er þetta einnig til komið vegna þess að á þennan hátt er leidd saman þekking frá ólíkum sviðum. Rannsóknarmennirnir úr háskólunum hafa fræðilega þekkingu á viðkomandi sviði, en fólkið úr fyrirtækjunum þekkir þarfir og möguleika markaðanna. Þar er skynsamlegt að hafa milligöngu um að koma á þessum samskiptum.

Í þessum tilfellum geta báðir aðilar grætt þar sem nemendur og kennarar hagnast á að fá tækifæri til að útfæra bæði í vísindaskyni og í þjálfunarskyni ýmsar hugmyndir. Fyrirtækin græða að sínu leyti á því að láta kanna fyrir sig hugmyndir sem gætu síðan reynst verðugar til frekari útfærslu. Með þátttöku nemenda í rannsóknastörfum af þessu tagi eru aukin tengsl þeirra við atvinnulífið.

c) **Ýmiss konar þjónusta.** Eins og vikið hefur verið að hér að framan er skynsamlegt að veita smáfyrirtækjum tímabundna aðstoð í ýmsu sem varðar rekstur þeirra svo sem bókhald, rekstrarráðgjöf, tölvuþjónustu, auglýsingagerð og umbúðahönnun svo nokkur dæmi séu nefnd.

V. KAFLI. AÐGERÐIR Í FJÁRMÁLUM.

Grundvallarforsenda fyrir aukningu fyrirtækjarekstrar undir forsjá einstaklinga eða samtaka þeirra er tilvist áhættufjármagns. Á fjármagnsmarkaði, þar sem vextir eru frjálsir, geta smáfyrirtæki átt erfitt uppdráttar vegna þess að lán eru dýrari til þeirra. Einnig eru þeim settar strangari kröfur um ábyrgðir en stórfyrirtækjum. Við þessar aðstæður geta smáfyrirtækin átt mjög erfitt með að fá fjármagn. Smáfyrirtæki í framleiðslugreinum geta lent í því að það sé nauðsynlegt framleiðslu þeirra að þau auki við sig til að sinna eftirspurn og valda ekki vonbrigðum á markaði. Reynslan erlendis hefur sýnt að á því stigi verði mörg slík fyrirtæki gjaldþrota. Þeim tekst ekki að útvega nægilegt fjármagn eða fjármagn á nægilega góðum kjörum til að auka reksturinn.

Það eru fleiri orsakir til þess að stórfyrirtæki eiga að ýmsu leyti auðveldara uppdráttar í viðskiptalífinu. Þau geta fengið afslætti frá fyrirtækjum sem leggja þeim til rekstrarvörur vegna þess að þau gera stóra samninga. Þau geta síðan á líkan hátt veitt sínum eigin viðskiptavinum afslátt af eigin vörum. Opinber fyrirtæki hafa venjulega tilhneigingu til að kaupa af stórum fyrirtækjum og ýta þannig undir stóru fyrirtækin á kostnað þeirra litlu. Þess vegna gæti það verið hugmynd að ríkisfyrirtæki sneru viðskiptum sínum sérstaklega til smáfyrirtækja til að ýta undir eflingu þeirra og hlutdeil í atvinnulífinu, þó þannig að eðlilegrar samkeppni í verðlagi sé gætt. Á krepputímum eiga smáfyrirtæki líka í erfiðleikum vegna lánskjara til viðskiptavina sinna. Þau þola illa að veita greiðslufresti á seldri vöru eða þjónustu.

Það skiptir miklu máli við örvun atvinnulífs að bankarnir starfi á jákvæðan hátt. Í Þýskalandi og Japan standa bankar nálægt atvinnurekstri. Þeir eru jafnvel með fulltrúa í stjórnum fyrirtækjanna sem taka virkan þátt í stefnumótun í sambandi við framleiðslu og markaðsáætlanir. Í sumum borgum í Bandaríkjunum hafa bankar verið skyldaðir til að leggja ákveðið hlutfall útlána sinna í áhættu til uppbyggingar atvinnurekstrar í borgarhverfum sem verið er að endurreisa.

Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna hafa yfir gífurlegu fjármagni að ráða. Það er ávaxtað á ýmsan hátt, t.d. með kaupum á skuldabréfum ríkissjóðs, húsnæðissjóðanna svo og þátttöku í byggingu skrifstofuhúsnæðis, samanber hús verslunarinnar. Það er fyllsta ástæða til að athuga hvort ekki beri að hvetja eða jafnvel skylda lífeyrissjóði til að leggja ákveðið hlutfall af tekjum sínum í lánastarfsemi til stuðnings stofnunar smáfyrirtækja.

Árið 1981 setti breska ríkisstjórnin af stað lánsábyrgðarkerfi fyrir smáfyrirtæki þar sem hið opinbera ábyrgist ákveðinn hluta lána sem bankar veita smáfyrirtækjum. Þingmenn Bandalags jafnaðarmanna munu gera grein fyrir hliðstæðum hugmyndum á sérstöku þingskjali.

Eins og þegar hefur verið vikið að er nauðsynlegt að hvetja bankakerfið og lífeyrissjóði landsmanna til að taka virkari þátt í fjármögnun atvinnurekstrar. Í því sambandi er mikilvægt að ríkisvaldið takmarki umsvif sín á fjármálamarkaði til að valda þar ekki óeðlilegri þenslu og vaxtahækkunum.

Tímabundin niðurfelling eða frestun á greiðslu opinberra gjalda er möguleg leið til að styðja við stofnun fyrirtækja. Slíkar aðgerðir mundu sérstaklega snúa að sveitarfélögum. Athugandi er að veita þeim aðstoð frá ríkissjóði til að létta undir á þennan hátt.

Auk þessara atriða eru fjölmargar leiðir til að styðja við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Þar má nefna byggingu iðngarða sem væru leigðir smáfyrirtækjum í ákveðinn tíma en þau síðan skylduð til að skipta um húsnæði. Þetta mundi hjálpa fyrirtækjum til að komast yfir erfiðasta hjallann í byrjun. Nauðsynlegt væri að tryggja að þau settust ekki að í slíku leiguhúsnæði til frambúðar til að vera ekki í vegi fyrir þeim sem hugsanlega vildu koma á eftir.

Nefna má ýmsar aðgerðir í skattamálum. Þegar hafa verið gerðar breytingar hérlendis á

skattalögum sem munu hugsanlega í framtíðinni hvetja sparifjáreigendur til að leggja fé sitt í atvinnurekstur. Annað dæmi um skattalegar aðgerðir væri að verðlauna fyrirtæki sem framleiddu til útflutnings. Til greina kæmi að veita þeim skattalega umbun ef til dæmis 35% af framleiðslu þeirra færi á erlendan markað. Þessi ívilnun gæti síðan aukist með vaxandi útflutningi þeirra. Þetta er dæmi um aðgerðir, sem gætu hugsanlega hvatt til aukins útflutnings.

VI. KAFLI. STJÓRN AÐGERÐA

Í tengslum við þær aðgerðir, sem hér hefur verið lýst á fræðslu-, þjónustu- og fjármálasviðinu, er nauðsynlegt að tryggja eðlilega, óvilhalla og faglega stjórnun. Aðgerðir af þessu tagi þurfa að verða með samhentu átaki ríkisvalds, sveitarstjórna, aðildarsamtaka vinnumarkaðarins, skóla, fjölmiðla og allra þeirra sem þarna gætu komið við sögu.

Að svo miklu leyti sem þessi uppbygging atvinnulífsins varðar byggðastefnu má benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um þróunarstofur landshlutanna. Hún hljóðar þannig:

Þar er lagt til að skipuð sé nefnd til að semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegunar.
4. Þróunarstofur starfi í nánum tengslum við Byggða- og áætlanadeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
5. Þróunarstofur skuli m. a.
   a) sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir;
   b) vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
   c) varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
   d) starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Lögð er áhersla á það tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofunum.

Þá er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa,

enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um almennar kosningar fylkisstjórnvalda sem myndu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Mikil áhersla er lögð á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum, er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Þróunarstofur eiga að starfa í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Einnig er í þessari þingsályktun lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Rétt sé að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, s.s. Vegagerðar, Pósts og síma og RARIK, svo dæmi séu nefnd.

Það skal ítrekað að sú nýsköpun í atvinnulífi, sem hér er lýst, má aldrei verða flokkspólitískri greiðastarfsemi að bráð. Því þarf að tryggja fulla ábyrgð og fagleg vinnubrögð allra aðila.

Nauðsynlegt væri að fylgjast stöðugt með framvindu þessa átaks og áhrifum þess á atvinnulíf. Síðan ætti að meta gagnsemi þess vandlega að liðnum ákveðnum árafjölda, t.d. 3—5 árum, og ákveða þá um framtíð aðgerðanna.

Fjármagn til þessara verkefna þarf að nást að mestu með endurskoðun þeirra fjárframlaga sem nú fara til byggðamála, landbúnaðar, sjávarútvegs og orkuframkvæmda. Til greina kæmi að taka erlend lán til þessa verkefnis að einhverju leyti, því að aðgerðir á þessu sviði eru óumdeilanlega með arðbærustu fjárfestingum sem íslenska þjóðin getur ráðist í.

Viðauki.

Í september 1984 komu út á vegum iðnaðarráðuneytisins þrjár skýrslur sem fjalla um atvinnumál:

1. *Iðnráðgjöf í landshlutum.* Skýrsla samstarfsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutum.
2. *Smáfyrirtækjaverkefnið.* — Taktu þér tak —.
3. *Þróunarverkefni.* Leið til að efla atvinnu- og byggðaþróun.

Í þessum skýrslum er lýst þeim verkefnum sem unnið hefur verið að af hálfu iðnaðarráðuneytisins síðan 1981. Þar er að finna mikilvægan fróðleik og ágæta undirstöðu að stórtækri stefnumörkun til langs tíma, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Ed. 270. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. l. nr. 38 26. maí 1981.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðasti málsl. 1. málsgr. falli niður.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og gilda til ársloka 1985.

Sþ. 271. Fyrirspurn [223. mál]

til félagsmálaráðherra um reglugerð um endursöluíbúðir.

Frá Svavari Gestssyni og Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Hve margar endursöluíbúðir í verkamannabústöðum bíða nú mats á íbúðaverði?
2. Hvenær verður gefin út reglugerð um verðlagningu endursöluíbúða?

Ed. 272. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umbeðnar upplýsingar um fjárhagsleg áhrif frumvarpsins. Þá hefur nefndin fengið þær upplýsingar að ákvæði 3. gr. frumvarpsins um millifærslu á ónýttum hluta neðsta skattþreps eigi við alla sem eru skattlagðir sem hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 11. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason.	Jón Kristjánsson.
Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.
	Egill Jónsson.	

Ed. 273. Breytingartillaga [187. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 9. tl. A-liðs, 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1986.

Ed. 274. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.
Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 11. des. 1984.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Egill Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 275. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. l. nr. 38 26. maí 1981.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á sex fundum og einnig haldið tvo fundi sameiginlega með sjávarútvegsnefnd neðri deildar.

Kallaðir voru til viðtals við nefndina forstjóri og deildarstjóri Hafrannsóknastofnunar, fulltrúar sjávarútvegsráðuneytis, fulltrúar Fiskifélags Íslands, formaður Sjómannasambands Íslands, forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, formenn stjórna LÍÚ og FÍB og fulltrúar sölusamtaka SÍF, SH og sjávarafurðadeildar SÍS. Einnig komu á fund nefndarinnar fulltrúi smábátaeigenda (atvinnumanna) á Vesturlandi. Viðræður við alla þessa aðila voru hinar gagnlegustu.

Nefndin hefur orðið sammála um að flytja breytingartillögur við frv. og eru þær fluttar á sérstöku þskj. Nefndin gat ekki fallist á að lög þessi skyldu gilda í meira en eitt ár og kom sú skoðun einnig fram hjá flestum viðmælendum nefndarinnar. Að breyttum gildistíma laganna var talið að heimild til handa ráðherra „að úthluta aflamarki skips, sem hverfur úr rekstri af hagkvæmnisástæðum eða vegna sjóskaða“ hefði takmarkað gildi.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti samhljóða því frv. er lagt var fram á Alþingi s.l. haust og varð að lögum fyrir ári, lög nr. 82 28. des. 1983, og fjallaði um stjórn fiskveiða árið 1984. Það frumvarp fékk mjög ítarlega umræðu.

Nú liggur fyrir að stofnstærð helstu nytjafiska okkar er ekki meiri en fyrir ári að mati fiskifræðinga. Því liggur fyrir að næsta ár verður að grípa til álíka strangra veiðitakmarkana á þessum fiskstofnum og hafa verið í gildi á þessu ári.

Þau lög, sem samþykkt voru fyrir tæpu ári, fólu í sér víðtækari heimildir til sjávarútvegsráðherra til stjórnar á veiðunum en verið hafði og fólst það einkum í því að setja hverju skipi, sem var yfir 10 rúmlestir, afla- eða sóknarmark í helstu botnfisktegundir. Engum var það ljúft að þurfa að setja á stofn slíkt skömmtunarkerfi og var það duglegum sjómönnum síst að skapi. En við ríkjandi aðstæður gátu menn almennt helst sætt sig við þá stjórnaraðferð sem farin var.

Viðmælendur nefndarinnar nú voru ekki allir á einu máli um það hvort rétt væri að grípa til þessarar stjórnar á veiðunum aftur árið 1985. En öllum bar saman um að framkvæmd laganna um kvótaskiptinguna hefði tekist framar öllum vonum þótt nokkrir hnökrar hefðu verið þar á sem eðlilegt má teljast í svo viðamiklu máli.

Það er ljóst að svo mikil takmörkun á fiskveiðum eins og nú verður að viðhafa á Íslandsmiðum verður aldrei óumdeild og sitt mun hverjum sýnast um stjórnaraðferðir. Meiri hl. nefndarinnar telur þó að í ljósi aðstæðna sé rétt að mæla með samþykkt frv.

Allir nefndarmenn voru sammála um að beina því til sjávarútvegsráðherra og ráðgjafarnefndar um fiskveiðistjórn að línuveiðar skyldu að hálfu verða utan kvóta mánuðina janúar—febrúar og nóvember—desember. Almennt er viðurkennt að línuafli sé sérstaklega gott hráefni og því ástæða til að hvetja til aukinna línuveiða með þessum hætti.

Vandi smábáta undir 10 rúmlestum, sem sæta sameiginlegu aflahámarki, var mikið ræddur í nefndinni. Hugmyndir komu fram um að heimila þessum bátum að afla sér aukakvóta á síðasta veiðitímabili. Ef þurfa þætti mætti einskorða slíkt aflaframsal við sjómenn sem hefðu smábátaútgerð að aðalatvinnu.

Þá var það einnig til umræðu að stærðarmörkin, 10 rúmlestir, þyrfti að endurskoða og hækka þau upp í t.d. 15—18 lestir með tilliti til þess m.a. að skráðar bátastærðir miðist ekki um of við þessa ákveðnu stærð. Nefndin leggur á það áherslu að ráðherra og ráðgjafarnefnd taki þessi atriði til gaumgæfilegrar athugunar við setningu reglugerðar.

Að lokum væntir nefndin þess að reglugerðir, sem settar verða skv. þessum lögum, verði kynntar sjávarútvegsnefndum Alþingis.

Alþingi, 11. des. 1984.

Valdimar Indriðason, form., frsm. Árni Johnsen. Björn Dagbjartsson.

Jón Kristjánsson.

Ed. 276. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka til viðræðu um efni þess. Frumvarpið er mjög hliðstætt því frumvarpi sem samþykkt var á síðasta þingi. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á því sem undirritaðir telja til bóta í ljósi reynslunnar. Aðrar breytingar teljum við hreina fjarstæðu, t. d. þá að lögin gildi næstu þrjú árin. Í nefndinni náðist fullt samkomulag um að stytta gildistímann í eitt ár.

Fram kom í nefndinni sú skoðun að ástæðulaust væri að hafa allar fisktegundir háðar aflamarki. Tilgangur frumvarpsins væri að takmarka þorskveiðar og því ástæðulaust að hafa allar fisktegundir háðar aflamarki og eðlilegt að binda aflamark við þá fisktegund.

Einnig komu vandamál smábátaeigenda mjög til umræðu. Voru nefndarmenn sammála um nauðsyn sveigjanleika hvað varðar veiðiheimildir þeirra.

Þrátt fyrir ákvörðun minni hl. nefndarinnar að standa að breytingartillögum, sem gera frumvarpið skárra, eru undirritaðir andvígir frumvarpinu í heild og leggja til að það verði fellt. Sú afstaða byggist í fyrsta lagi á þeirri miðstýringu sem felst í frumvarpinu þar sem dugnaður og framtak einstaklinga er heft meira en góðu hófi gegnir. Það vakti sérstaka athygli undirritaðra hve fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru ákveðnir í að viðhalda þeirri óheftu miðstýringu sem átt hefur sér stað allt þetta ár. Í öðru lagi teljum við það rangt að fela ráðherra að marka aðalatriði fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Í þriðja lagi er reynslan af þessu fyrirkomulagi slík að ekki er hægt að mæla með framlengingu þess.

Undirritaðir nefndarmenn munu flytja breytingartillögur á sérstöku fylgiskjali sem miða að því að bæta úr ágöllum frumvarpsins.

Alþingi, 11. des. 1984.

Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm. Skúli Alexandersson. Stefán Benediktsson.

Sþ. 277. Fyrirspurn [224. mál]

til félagsmálaráðherra um framlagningu frumvarps um umhverfismál.

Frá Gunnari G. Schram.

Hvenær er þess að vænta að lagt verði fram frumvarp það um umhverfismál sem félagsmálaráðherra boðaði á síðasta þingi?

Sþ. 278. Fyrirspurn [225. mál]

til utanríkisráðherra um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Gunnari G. Schram og Birni Dagbjartssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 15. mars 1984 um staðfestingu á aðild Íslands að Flórens-sáttmála?

Ed. 279. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá Skúla Alexanderssyni, Karli Steinari Guðnasyni og Stefáni Benediktssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:
   1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
   Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.
2. 1. gr. orðist svo:
   10. gr. laganna orðist svo:
   Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð.
   Ráðherra getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.
   Um önnur meginatriði varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar. Í þingsályktunartillögunni skulu m. a. tilgreind eftirtalin atriði:
   1. Hvort skipta skuli hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða gerða fiskiskipa og hvaða meginreglur skuli gilda um þá skiptingu.
   2. Hvort úthluta skuli aflamagni á einstök skip og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um þá úthlutun, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Þá skal gerð tillaga um hvort heimila skuli flutning eða framsal á aflamarki milli skipa og með hvaða skilyrðum eða eftir hvaða meginreglum.

   Þegar samþykkt hefur verið þingsályktunartillaga um fiskveiðistefnu skal ráðherra kveða nánar á um framkvæmd einstakra atriða hennar.
   Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

Sþ. 280. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf 18. okt. s. l. við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur síðan haldið 40 formlega fundi auk undirnefndarfunda og meirihlutafunda. Yfir 200 aðilar hafa komið á fund nefndarinnar síðan hún hóf störf eftir þingbyrjun, auk fjölda aðila sem haft hafa samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta. Fyrstu viku októbermánaðar átti nefndin einnig fundi með fulltrúum frá 60-70 sveitarstjórnum í landinu, þannig að alls hafa komið á formlega fundi til nefndarinnar nálega 300 aðilar.

Fyrir 2. umræðu leggur nefndin fram tillögur um skiptingu á fjárveitingum til allra framkvæmdaflokka, auk breytingartillagna við ýmsa liði frv. og birtast þær á þskj. 268. Þessar breytingartillögur flytur nefndin sameiginlega, en fulltrúar minni hlutans áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila séráliti.

Allar breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á forsendum frumvarpsins. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin ákveðið nýjar verðlags- og launaforsendur fyrir frumvarpið, sem taka mið af nýgerðum kjarasamningum og efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Í samræmi við þessar ákvarðanir verða lagðar fram breytingartillögur við frumvarpið fyrir 3. umræðu þar sem hinar nýju verðlags- og launaforsendur koma fram. Munu þær eftir því sem við á taka til þeirra breytinga sem samþykktar kunna að verða við 2. umræðu. Til 3. umræðu bíður einnig tekjuhlið frumvarpsins, B-hluta stofnanir og heimildir samkvæmt 6. gr., auk ýmissa viðfangsefna, svo sem ríkisspítala, stöðuheimilda á heilbrigðisstofnunum, Vegagerðar ríkisins o. fl.

Samkvæmt þeim breytingartillögum, sem fjárveitinganefnd flytur við þessa umræðu, hækka útgjöld um liðlega 231 millj. króna, sem er um 1% af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarpsins. Mikils aðhalds hefur verið gætt í meðförum nefndarinnar á frumvarpinu. Þó bera tillögur nefndarinnar það með sér að hún telur óhjákvæmilegt að gera breytingar á ýmsum liðum frumvarpsins og er þar í sumum tilvikum um hreinar leiðréttingar að ræða. Allt styður það þá heildarstefnu að fjárlög geti gefið sem raunhæfasta mynd af umfangi ríkisbúskaparins og um leið útgjöldum einstakra stofnana og ráðuneyta. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt sé að beita fjárlögunum sem virku stjórntæki til sparnaðar og aðhalds, eins og nú er óhjákvæmilegt í ríkisrekstrinum, jafnvel fremur en nokkru sinni fyrr.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins eru þessar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

101 Embætti forseta Íslands: Önnur gjöld hækki um 3 200 þús. kr. og verði 7 326 þús. kr. Þessi hækkun skiptist þannig að liðurinn Opinberar heimsóknir hækkar um 1 200 þús. kr. og viðhald hækkar um 2 000 þús. kr.

201 Alþingi: Liðurinn hækki alls um 10 000 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: 1.02 Skrifstofu- og alþingiskostnaður hækki um 4 000 þús. kr., 1.04 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda hækki um 2 820 þús. kr. 1.05 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka hækki um 180 þús. kr. og 1.32 Norðurlandaráð hækki um 3 000 þús. kr.

301 Ríkisstjórn: Laun hækki um 450 þús. kr. vegna nýs aðstoðarráðherra í heilbrigðisráðuneyti og verði alls 14 830 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti.

102 Þjóðhagsstofnun: Gjöld hækki alls um 886 þús. kr., sem skiptist þannig: Laun hækki um 576 þús. kr. og önnur gjöld hækki um 1 196 þús. kr. en sértekjur hækki á móti um 886 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti.

201 Háskóli Íslands: 1.02 Sameiginleg útgjöld hækki um 5 700 þús. kr., sem skiptist þannig: Laun vegna stundakennslu hækki um 3 500 þús. kr. og önnur gjöld hækki um 2 200 þús. kr. Nýr liður: 5.50 Viðhald fasteigna 10 000 þús. kr. verði tekinn upp. Viðhald fasteigna háskólans yrði þá greitt af þeim lið en ekki af lið 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.

202 Tilraunastöð háskólans á Keldum: Liðurinn hækki alls um 500 þús. kr. sem skiptist þannig að laun hækka um 350 þús. kr. vegna nýrrar stöðu fisksjúkdómafræðings og önnur gjöld vegna hennar um 250 þús. kr. Á móti hækka sértekjur stofnunarinnar um 100 þús. kr.

203 Raunvísindastofnun háskólans: Liðurinn 1.20 Eðlisfræðistofa hækkar úr 4 364 þús. kr. í 4 642 þús. kr. til að mæta auknum launakostnaði vegna starfrækslu massagreinis.

206 Orðabók háskólans: Önnur gjöld hækki um 300 þús. kr. vegna reksturs tölvukerfis stofnunarinnar.

305 Menntaskólinn við Sund: Stofnkostnaður lækkar um 11 200 þús. kr.

307 Menntaskólinn á Egilsstöðum: Stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr.

308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Stofnkostnaður hækkar um 4 000 þús. kr.

319 Framhaldsskólar, almennt: Liðurinn hækkar úr 16 180 þús. kr. í 16 210 þús. kr. eða um 30 þús. kr. til þess að hægt verði að ljúka könnun á því hvort hagkvæmt sé að reisa fiskvinnsluskóla á Siglufirði.

321 Kennaraháskóli Íslands: Liðurinn hækkar alls um 4 300 þús. kr. sem skiptist þannig: Laun hækki um 600 þús. kr., viðhald um 400 þús. kr. vegna Æfinga- og tilraunaskólans. Stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. og rekstrargjöld um 1 300 þús. kr.

322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans: Önnur gjöld hækki um 300 þús. kr.

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækki um 400 þús. kr.

355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr.

357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Stofnkostnaður hækki um 6 500 þús. kr.

422 Námsgagnastofnun: Önnur gjöld hækki samtals um 900 þús. kr. sem skiptist þannig að 1.30 Fræðslumyndasafn hækki um 650 þús. kr. og 1.40 Kennslumiðstöð hækkar um 250 þús. kr.

501 Tækniskóli Íslands: Laun hækki um 500 þús. kr. og verði 21 698 þús. kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður: Viðhald verði 1 800 þús. kr.

516 Iðnskólar, almennt: Stofnkostnaður hækkar um 800 þús. kr.

553 Hússtjórnarskólar: Viðhald hækki um 1 000 þús. kr. og verði 3 000 þús. kr.

610 Héraðsskólar, almennt: Gjöld hækki alls um 2 100 þús. kr. og skiptast með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Viðhald hækkar um 600 þús. kr. og stofnkostnaður um 1 500 þús. kr.

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaðurinn hækkar um 16 368 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögu nefndarinnar.

799 Heyrnleysingjaskólinn: Viðhald hækki um 270 þús. kr.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Stofnkostnaður hækki um 4 901 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Gjöld hækki alls um 2 000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: 1.15 Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 1 000 þús. kr. og 1.22 Stúdentagarðar, viðhald, hækkar um 1 000 þús. kr.

901 Landsbókasafn: Laun hækka um 100 þús. kr.

907 Listasafn Íslands: Gjöld hækki um 1 265 þús. kr. sem skýrist af því að önnur gjöld hækka um 1 000 þús. kr. auk þess sem sértekjur lækka um 265 þús. kr.

909 Blindrabókasafn Íslands: Gjöld hækka alls um 1 244 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldaliði að laun hækka um 380 þús. kr. og önnur gjöld um 700 þús. Sértekjur lækka um 164 þús. kr.

980 Listskreytingasjóður ríkisins: Stofnkostnaður hækkar um 2 700 þús. kr.

982 Listir, framlög: Liður hækki alls um 6 210 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er þó að geta þess að gert er ráð fyrir að teknir verði upp 4 nýir liðir: Félag íslenskra myndlistarmanna, verði 500 þús. kr., Myndlistarskólinn í Reykjavík, verði 1 000 þús. kr., Myndlistarskólinn á Akureyri, verði 1 600 þús. kr., og Alþýðuleikhúsið, verði 1 500 þús. kr. Brott fellur hins vegar liðurinn Myndlistarskólar, styrkir, sem var 1 800 þús. kr.

983 Vísindaleg starfsemi, styrkir: Liðurinn hækkar alls um 600 þús. kr. Nýr liður: Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur, 500 þús. kr. er tekinn upp.

986 Íþróttasjóður, 6.20 Bygging íþróttamannvirkja, hækkar um 1 360 þús. kr. og skiptist liðurinn eins og fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar.

988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækkar um 1 930 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna um skiptingu hækkunarinnar á einstaka liði.

989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn hækkar um 515 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna um skiptingu hækkunarinnar. Vert er þó að geta þess að tekinn er upp nýr liður: Þrekprófun ungmenna 1985, 200 þús. kr.

991 Húsfriðun: Liðurinn hækkar alls um 2 257 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að liðurinn 6.40 Byggða- og minjasöfn hækkar um 1 587 þús. kr. Nýr liður, Torfusamtökin, verði 700 þús. kr.

999 Ýmislegt: Liðurinn hækkar alls um 1 300 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu hækkunarinnar á einstaka liði. Vert er þó að geta þess að teknir eru upp tveir nýir liðir: Hlíðardalsskóli, viðhald, verði 300 þús. kr., og Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, sædýrasafn, 100 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Gjöld hækki um 7 500 þús. kr. og verði 20 500 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

171 Jarðeignir ríkisins: Gjöld hækki um 1 200 þús. kr. og verði 6 105 þús. kr.

172 Jarðasjóður: Gjöld hækki um 470 þús. kr. og verði 900 þús. kr.

201 Búnaðarfélag Íslands: Gjöld hækki um 370 þús. kr. Hækkunin stafar af því að tekinn er upp nýr liður, Landþurrkun, sem verður 370 þús. kr.

207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum: Laun hækki um 2 240 þús. kr.

231 Skógrækt ríkisins: Liðurinn hækki um 800 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr., Tilraunir með rótarskóga um 50 þús. kr. og Nytjaskógar hækkar um 250 þús. kr.

246 Veiðimálaskrifstofan: Liðurinn hækkar um 1 350 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður: Laxeldisstöðin í Kollafirði, endurgreiðsla lána og stofnkostnaðar.
270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Liðurinn hækkar alls um 19 694 þús. kr. og verður 37 694 þús. kr. Um skiptingu hækkunarinnar vísast til breytingartillagna nefndarinnar.
501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Liðurinn hækki alls um 1 550 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að viðhald hækkar um 650 þús. kr. og stofnkostnaður um 900 þús. kr.
502 Bændaskólinn á Hólum: Liðurinn hækkar alls um 2 000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að laun hækka um 500 þús. kr. og stofnkostnaður um 1 500 þús. kr. vegna starfsmannaíbúða.
503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðhald gróðurhúsa hækkar um 400 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

216 Ríkismat sjávarafurða: Liðurinn hækkar alls um 4 283 þús. kr. Laun hækka um 4 592 þús. kr. og önnur gjöld um 6 209 þús. kr. Sértekjur hækka hins vegar á móti um 6 518 þús. kr.
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Gjöld hækki um 2 500 þús. kr. vegna liðarins 1.21 Sjóvinnukennsla sem hækkar úr 500 þús. kr. í 3 000 þús. kr.

06 Dómsmálaráðuneyti.

234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi: Laun hækki um 350 þús. kr. og verði alls 20 377 þús. kr.
281 Dómsmál, ýmis starfsemi: Gjöld hækki um 25 þús. kr. vegna liðarins 1.80 Orator, almenn lögfræðiaðstoð, sem hækkar í 80 þús. kr.
301 Biskup Íslands: Gjöld hækki alls um 300 þús. kr. vegna viðfangsefnisins 1.10 Æskulýðsstarf sem hækkar í 2 156 þús. kr. Gert er ráð fyrir stöðu æskulýðsfulltrúa á Austurlandi.
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar: Önnur gjöld hækki um 150 þús. kr.
303 Prestaköll og prófastsdæmi: Liðurinn 6.20 Byggingar á prestssetrum hækki um 1 500 þús. kr. og verði 5 500 þús. kr.
304 Ýmis kirkjuleg málefni: Liðurinn hækkar um 699 þús. kr. Um skiptingu á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar. Tveir nýir liðir koma inn, Hólar í Hjaltadal, verði 225 þús. kr., og Kirkjuhús við Suðurgötu, verði 500 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti.

399 Vatnsveitur: Liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. og verði 8 000 þús. kr.
700 Málefni fatlaðra: Gjöld hækki um 400 þús. kr. vegna þess að nýr liður, Starfsþjálfun, er tekinn upp.
701 Málefni fatlaðra í Reykjavík: Gjöld hækki um 747 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Verndaður vinnustaður.
703 Málefni fatlaðra á Vesturlandi: Gjöld hækki um 789 þús. kr. Hækkunin skýrist af því að tekinn er upp nýr liður, Verndaður vinnustaður, 537 þús. kr., og liðurinn 1.20 Sambýli á Akranesi hækkar um 252 þús. kr.
706 Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra: Gjöld hækka um 4 068 þús. kr. Hækkunin stafar af því að tekinn er upp nýr liður, Sumarbúðir í Botni, 900 þús. kr. liðurinn 1.01 Svæðisstjórn hækkar um 380 þús. og sértekjur á 1.30 Verndaður vinnustaður Hrísalundi lækka um 2 788 þús. kr. vegna þess að þau eru oftáætluð í frv.
707 Málefni fatlaðra á Austurlandi: Gjöld hækki um 700 þús. kr. vegna liðarins 1.20 Sambýli Egilsstöðum og er þetta hækkun á launalið.

708 Málefni fatlaðra á Suðurlandi: Liðurinn 1.01 Svæðisstjórn hækki um 283 þús. kr.
999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Gjöld hækki um 2 900 þús. kr. Um skiptingu hækkunarinnar á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar. Athygli er þó vakin á því að tekinn er upp nýr liður, Kvennaathvarf á Akureyri, 400 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

301 Landlæknir: Laun hækka um 500 þús. kr.
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Önnur gjöld hækki um 150 þús. kr. vegna hækkunar á húsaleigu.
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Stofnkostnaður hækkar alls um 22 100 þús. kr. Hækkun skiptist þannig að liðurinn 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 17 100 þús. kr. Einnig er tekinn upp nýr liður, Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur, 5 000 þús. kr.
386 St. Jósefsspítali, Landakoti: Launakostnaður hækki um 920 þús. kr.
387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Stofnkostnaður hækkar um 15 500 þús. kr.
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Gjöld hækka um 5 000 þús. kr. Um skiptingu hækkunarinnar vísast til breytingartillagna nefndarinnar. Hér skal þó áréttað að teknir eru upp þrír nýir liðir: Kvartananefnd, 100 þús. kr., Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, 250 þús. kr., og Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál, 500 þús. kr.
481 Bindindisstarfsemi: Gjöld hækki um 75 þús. kr. vegna liðarins 1.20 Stórstúka Íslands sem hækkar í 400 þús. kr.
501 Skólar heilbrigðisstétta: Gjöld hækka um 713 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Ljósmæðraskóli Íslands. Hér er um að ræða tilfærslu frá ríkisspítölunum, þjónustudeildum, þannig að breyting þessi leiðir ekki til hækkunar á frv.

10 Samgönguráðuneyti.

332 Vitastofnun Íslands: Önnur gjöld hækki um 4 200 þús. kr.
333 Hafnarmál: Gjöld hækki alls um 28 525 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: Liðurinn 6.20 Ferjubryggjur hækkar um 300 þús. kr., liðurinn 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækkar um 14 000 þús. kr., liðurinn 6.50 Endurgreiðslur lána hækkar um 10 000 þús. kr., liðurinn 6.51 Landshöfn Rifi hækkar um 1 500 þús. kr. og liðurinn 6.40 Sjóvarnargarðar hækkar um 2 725 þús. kr.
342 Sjóslysanefnd: Gjöld hækki um 130 þús. kr. vegna þess að teknir eru upp tveir nýir liðir, Sigmund Jóhannsson, hönnun björgunarbúnaðar, 80 þús. kr. og Björgunarnetið Markús, fræðslukvikmynd, 50 þús. kr.
471 Flugmálastjórn: Gjöld hækki um 6 000 þús. kr. vegna hækkunar á liðnum 6.80 Flugvellir, framkvæmdir, í 61 000 þús. kr.
485 Ýmis framlög: Gjöld hækki alls um 200 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að liðurinn 1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna hækkar í 400 þús. kr. og liðurinn 1.10 Flugbjörgunarsveitir hækkar í 700 þús. kr.
652 Veðurstofa Íslands: Gjöld hækki um 5 842 þús. kr. Um skiptingu á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar.

11 Iðnaðarráðuneyti.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög: Gjöld hækki um 4 500 þús. kr. vegna þess að tekinn er upp nýr liður, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Gjöld hækki um 2 000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að liðurinn 1.40 Iðnsaga Íslands hækkar í 2 000 þús. kr. Einnig er tekinn upp nýr liður, Kynning á íslenskum iðnaðarvörum, 500 þús. kr.

Alþingi, 11. des. 1984.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Árni Johnsen.
Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 281. Frumvarp til laga [226. mál]

um vélstjórnarnám.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Grundvallaratriði.

1. gr.

Vélstjórnarnám skal vera í fjórum stigum er verði grundvöllur að mismunandi atvinnuréttindum. Hverju námsári er skipt í tvær námsannir, haustönn og vorönn:

1. stig vélstjórnarnáms, námstími ein námsönn.
2. stig vélstjórnarnáms, námstími fjórar námsannir.
3. stig vélstjórnarnáms, námstími sjö námsannir.
4. stig vélstjórnarnáms, námstími tíu námsannir.

2. gr.

Sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjórnarnáms, á rétt á atvinnuheiti í samræmi við nám sitt og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri lögum hafa lokið prófi frá Vélskóla Íslands eða mótorfræðinámskeiði Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI

Vélstjórnarnám.

3. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjórnarnáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem gerir þá hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

Vélskóli Íslands skal veita menntun á öllum stigum vélstjórnarnáms, en auk þess er öðrum framhaldsskólum heimilt að annast vélstjórnarmenntun eftir því sem henta þykir og menntamálaráðuneytið heimilar.

4. gr.

Inntökuskilyrði í vélstjórnarnám eru:

1. Að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með tilskildum árangri eða hlotið hliðstæða menntun.
2. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
3. Að umsækjandi hafi lokið 9. stigi í sundi.
4. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstaka undirbúningsmenntun til inngöngu í vélstjórnarnám.

Heimilt er að meta nám umsækjenda sem lokið hafa námsáföngum úr öðrum skólum inn í vélstjórnarnám innan marka námsáfanga vélstjórnarnámsins.

III. KAFLI

Vélskóli Íslands.

5. gr.

Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans. Það ræður skólameistara svo og fasta kennara. Stundakennara ræður skólameistari í samráði við menntamálaráðuneytið. Skólameistari og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Kennarafélags Vélskóla Íslands og einn eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Hún skal vera skólameistara til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun vélstjórnarmenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólameistara- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur. Skólameistari situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólameistara og kennurum erindisbréf.

6. gr.

Vilji nemandi, sem lokið hefur einhverju stigi vélstjórnarnáms taka sveinspróf í málmiðnagreinum, skal hann eiga rétt á styttingu verklegs námstíma til sveinsprófs vegna verknáms í Vélskóla Íslands. Einnig skal hann eiga rétt á undanþágu að meira eða minna leyti frá námi og prófum í iðnskóla vegna vélstjórnarnámsins. Iðnfræðsluráð skal gera í samráði við Vélskóla Íslands tillögur um þessi atriði til menntamálaráðuneytisins sem staðfestir þær.

7. gr.

Vélskóla Íslands er heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum til undirbúnings framhaldsnáms eða sérhæfingar í starfi. Jafnframt skal hann halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra eftir því sem fjármagni er veitt til og aðstæður leyfa. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd endurmenntunar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Kostnaður við vélstjórnarkennslu sem fram fer í Vélskóla Íslands samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, en kostnaður af vélstjórnarkennslu sem fer fram í fjölbrautaskólum greiðist með sama hætti og annar kennslukostnaður þar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um vélstjórnarnám, þar sem kveðið skal á um kennsluskipan, skólahald, námsefni, prófnefndir, prófreglur, einkunnastiga og endurmenntun.

10. gr.

Sá, sem staðist hefur próf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjórnarnáms, á rétt á prófskírteini, er gefið skal út bæði á íslensku og ensku, eftir fyrirmynd, sem menntamálaráðuneytið setur. Á skírteininu skal getið þeirra námsgreina, sem nemandinn hefur verið prófaður í og einkunna, sem hann hefur hlotið.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 67/1966, um vélstjóranám, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Þeir, sem hefja vélstjórnarnám haustið 1985 skulu lúta ákvæðum laga þessara, en þeir, sem áður hófu vélstjórnarnám skulu ljúka því samkvæmt eldri lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim vélstjórnarmönnum er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórnarnámskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984–1985 og 1985–1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veita réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélastærð allt að 750 kw. (VS. III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélskóla Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. júní 1984 skipaði menntamálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að endurskoða lög um vélstjórnarnám nr. 67/1966 með tilliti til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 77/1984. Í nefndinni áttu sæti: Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri, menntamálaráðuneyti, formaður, Andrés Guðjónsson, skólastjóri Vélskóla Íslands, og Helgi Laxdal vélfræðingur, formaður Vélstjórafélags Íslands.

Nefndin tók strax til starfa og hefur samið frumvarp til laga um vélstjórnarnám og er því ætlað, ef að lögum verður, að leysa af hólmi lög um vélstjóranám nr. 67/1966.

Á meðan nefndin starfaði fór fram endurskoðun laga nr. 77/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða og áttu allir nefndarmenn jafnframt sæti í 8 manna nefndinni, sem endurskoðaði þau lög. Af þeim sökum var unnt að ræða menntunarkröfur, sem gera skal til vélstjórnarmanna, samfara atvinnuréttindum þeirra. Þetta leiddi til þess að umræðan um námsskipulag og námskröfur varð markvissari en ella hefði orðið.

Nefndin kynnti sér eftir föngum skipulag vélstjóramenntunar grannlandanna og kom þá í ljós að vélstjóramenntun hefur þar verið aukin til að mæta tækniþróun síðustu ára, en hún hefur gert vaxandi kröfur til þeirra manna sem taka að sér stjórn stærri og fullkomnari véla, en vélbúnaður skipa verður sífellt fjölbreyttari og flóknari sem kunnugt er. Af þeim sökum leggur nefndin til lengingu á námi vélstjóra til mestu réttinda. Hins vegar leggur nefndin til að dregið verði jafnframt úr kröfum til 1. stigsins, þ. e. í námi vélavarða. Náminu er sem áður skipt í 4 stig, en námstími er nú mismunandi langur til hvers stigs. Nefndin taldi að með því að stytta námstíma til minnstu réttinda væri líklegt að tækist að mennta nægan mannafla fyrir smæstu bátana í fiskiskipaflotanum. Þá telur nefndin að til þess að fullnægja þörfum atvinnulífsins þurfi ekki nema lítill hluti þeirra sem stunda vélstjóranám að ljúka efsta stigi námsins, sem nú verður 5 ára nám í stað 4 ára sem nú er, þar sem þeirrar menntunar er aðeins krafist fyrir störf við stærstu vélar. Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að ýmsir framhaldsskólar/fjölbrautaskólar geti annast um kennslu til lægri stiga vélstjóranáms þar sem tækjabúnaður til kennslunnar þarf ekki að vera mjög dýr og kennslan ekki eins sérhæfð og verður á efri stigum námsins. Hins vegar leggur nefndin til að Vélskóli Íslands verði eftir sem áður aðalskóli landsins á þessu sviði, hann sjái um kennslu á efri stigunum og annist jafnframt endurmenntun starfandi vélstjóra.

Nefndin leggur til að unnið verði að því að mennta vélstjóra sem starfað hafa á undanþágu frá ákvæðum laga um menntun. Í því skyni eru sett ákvæði í lagafrumvarpið sem kveða á um að þessum mönnum verði gefinn kostur á að sækja námskeið til að afla sér réttinda. Með þessum hætti telur nefndin að mætti á skömmum tíma komast hjá því að veita þurfi mönnum heimild til vélstjórastarfa á skipum sem ekki hafa hlotið menntun til starfsins. Það verður að teljast æskilegt bæði frá hagrænu sjónarmiði og af öryggisástæðum að allir vélstjórnarmenn hafi hlotið menntun til starfsins. Gert er ráð fyrir að unnt verði að ljúka námskeiðunum fyrir undanþágumennina á tveimur árum.

Til nýmæla má telja að í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að vélstjórnarnáminu verði skipt í annir til samræmingar við það skipulag sem tekið hefur verið upp í fjölbrautaskólum og ætti það að auðvelda nemendum, sem stunda nám í heimabyggð, að fá það metið inn í vélstjórnarnámið er þeir leita þangað. Hið sama gildir, ef þeir vilja fá vélstjórnarnámið metið inn í aðrar námsbrautir.

Hér að framan hafa verið nefndar helstu breytingarnar sem lagðar eru til frá lögunum 1966. Að öðru leyti vísast til frumvarpsins sjálfs og skýringar við einstakar greinar þess.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Grundvallaratriði.

Við 1. gr.

Í greininni er fylgt þeirri reglu, sem var í eldri lögunum, að vélstjóranámið skuli vera í fjórum mismunandi stigum, sem hvert fyrir sig er skýrt afmarkað. Hvert stig skal veita sérstök atvinnuréttindi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nám til 1. stigs styttist um eina önn, nám til 3. stigs lengist um eina önn og nám til 4. stigs lengist um tvær annir. Til þess að öðlast fyllstu vélstjórnarréttindi er gerð krafa um sveinspróf í málmiðnagrein sbr. lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða. Lenging námstímans er því m. a. vegna aukins verknáms iðnfræðslunnar, en Vélskólinn er einn af iðnfræðsluskólum landsins, samanber reglugerð um iðnfræðslu frá 25. ágúst 1981.

Við 2. gr.

Mælt er svo fyrir í greininni, að hver sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, eigi rétt á atvinnuheiti í samræmi við nám sitt og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri lögum hafa lokið prófi frá Vélskólanum eða mótorfræðinámskeiðum Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI

Vélstjórnarnám.

Við 3. gr.

Í eldri lögum var Vélskóli Íslands með aðsetur í Reykjavík skyldaður að halda námskeið úti á landi. Framkvæmdin varð þó með þeim hætti að iðnskólarnir á Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum tóku að sér að sjá um námskeiðin. Úr þeim urðu til deildir þar sem kennt var til 1. og 2. vélstjórastigs. Þeir nemendur sem vildu halda áfram fóru til Reykjavíkur og luku 3. og 4. stigi þar.

Síðar komu fjölbrautaskólar sem gáfu kost á vélstjórnarnámi. Því er nú unnt að taka hluta af vélstjórnarnámi við ýmsa framhaldsskóla á landinu. Þess vegna þykir nefndinni rétt að heimilað sé í lögum að halda uppi kennslu á vélstjórnarbrautum í ýmsum framhaldsskólum/fjölbrautaskólum samkvæmt sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins.

Við 4. gr.

Inntökuskilyrðin samkvæmt grein þessari eru ekki í verulegum atriðum breytt frá því, sem áður var. Þó er fallið frá því að umsækjandinn sé orðinn 18 ára að aldri til inngöngu í skólann. Í frumvarpinu eru inntökuskilyrðin þau að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með tilskildum árangri eða hlotið hliðstæða menntun. Skólinn starfar eftir áfangakerfinu. Heimilt er að meta nám sem umsækjendur hafa lokið í öðrum skólum inn í vélstjórnarnámið innan marka námsáfanga vélstjórnarnámsins. Umsækjandinn getur því tekið töluvert af vélstjórnarnáminu í framhaldsskóla í heimabyggð þó að ekki sé þar starfrækt vélstjórnarbraut t. d. íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, efnafræði, teikningu og verknám sé það í boði.

III. KAFLI

Vélskóli Íslands.

Við 5. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur farið með yfirstjórn Vélskóla Íslands og er það óbreytt samkvæmt greininni. Skipun skólanefndar er breytt þannig að tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands og er það óbreytt, nema að því leyti að í eldri lögum er gert ráð fyrir tveim stéttarfélögum sem nú er búið að sameina. Tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og er það fjölgun um einn frá eldri lögum. Áður tilnefndi Fiskifélag Íslands annan þennan fulltrúa. Þar sem skipafloti landsmanna skiptist í flutningsskip og fiskiskip er talið hagkvæmt að hvor þessara aðilja eigi sinn fulltrúa í nefndinni. Einn eftir tilnefningu Kennarafélags Vélskóla Íslands. Það er nýmæli og gert eftir eindreginni ósk Kennarafélagsins, og einn eftir tilnefningu skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, er það fækkun um einn frá eldri lögum. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Rétt þótti að taka inn orðið skólameistari í stað skólastjóri því þróunin hefur verið sú að stjórnendur framhaldsskólanna eru nú ýmist kallaðir rektorar eða skólameistarar og félag þeirra heitir Skólameistarafélag Íslands.

Þá er í greininni skilgreint betur en áður var hlutverk skólanefndar og ákvæði um að ráðherra setji skólanefnd, skólameistara og kennurum erindisbréf.

Við 6. gr.

Þessi grein kveður á um tengsl vélstjórnarnáms og iðnnáms og að settar skuli ákveðnar reglur um styttingu námstíma til sveinsprófs vegna verknáms og bóknáms í Vélskóla Íslands.

Vélskóli Íslands er viðurkenndur sem einn af iðnfræðsluskólum landsins og getur hann gefið út að loknu fjórða stigi burtfararprófskírteini iðnskóla. Þetta er mikilvægt fyrir þá sem ljúka 4. námsstigi og þurfa vegna laga um atvinnuréttindi að afla sér sveinsprófs í málmiðnagrein.

Við 7. gr.

Í greininni er skólanum veitt heimild til að gefa nemendum kost á valgreinum til sérhæfingar í starfi, t. d. í orkuverum, frystihúsum eða við skiparekstur (vélaeftirlit) og til að undirbúa sig undir framhaldsnám í skólum heima og erlendis.

Þá eru ákvæði í greininni um að skólinn skuli halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

Við 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Við 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðuneytið setji í reglugerð ákvæði um kennsluskipan, skólahaldið, námsefni, prófnefndir, prófreglur, einkunnastiga og endurmenntun.

Nefndin taldi að hyggilegra væri að ákveða þessi atriði með reglugerð fremur en að festa þau í lögum, þar sem breytingar í þessum efnum geta reynst nauðsynlegar án þess að breyta þurfi lögum um vélstjórnarnámið.

Við 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Við 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þessi ákvæði eru samhljóða ákvæðum í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

Nefndinni þótti sjálfsagt að taka þessi ákvæði einnig inn í lög um vélstjórnarnám.

Ástæður sem liggja til grundvallar þessu ákvæði eru þær að reynt skuli að leysa á raunhæfan hátt þann vanda sem undanþágur til vélstjórastarfa hafa skapað á liðnum árum. Árin 1983 og 1984 störfuðu milli 670 og 680 vélstjórar á undanþágu hvort ár. Um 75% þessara undanþága eru til manna án nokkurra réttinda og starfa við vélstjórn véla minni en 750 kw. og er námskeiðunum ætlað að bæta úr þessu og ætlunin er að þeir sem ljúka náminu öðlist rétt til vélstjórnar á vélar allt að 750 kw. stærð.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmdina í samvinnu við Vélskóla Íslands.

Ed. 282. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til átta borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

2. gr.

2. málsgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu skulu auk þess dómara starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

4. málsgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu, svo og við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvert þessara embætta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um breytingu á lögum um skipan dómsvalds í héraði o. fl. (nr. 74/1972), sem geri mögulegt að, í stað embættis löglærðs fulltrúa við embætti sýslumanns í Árnessýslu og bæjarfógeta á Selfossi og við borgarfógetaembættið í Reykjavík verði unnt að setja á stofn embætti héraðsdómara við embættið á Selfossi og eins borgarfógeta við borgarfógetaembættið.

Í Árnessýslu og á Selfossi eru nú hátt á 11. þúsund íbúar og hefur dómsmálum fjölgað þar jafnt og þétt, og þykir það til styrktar meðferð dómsmála í umdæminu, að þar verði starfandi sérstakur héraðsdómari, svo sem orðið er í öllum fjölmennari umdæmum. Ekki er þó ætlunin að þessu fylgi nú fjölgun lögfræðinga við embættið. Frá árinu 1979 hefur einn borgarfógeti, auk fulltrúa, fjallað um skiptaréttarmálefni við borgarfógetaembættið í Reykjavík, en þeir höfðu áður um árabil verið tveir. Komið hefur í ljós að betur hentar, vegna mögulegrar verkaskiptingar og af fleiri ástæðum, að borgarfógetarnir, sem um þau málefni fjalla séu tveir, svo sem áður var. Þess má geta, að málum, sem fjallað er um í skiptarétti, hefur fjölgað mjög verulega hin síðustu ár við borgarfógetaembættið. Ekki er þó gert ráð fyrir, í þessu samhengi, að lögfræðingum verði nú fjölgað við borgarfógeta-embættið.

Rétt þykir, að jafnframt ofangreindum efnisbreytingum, verði lagfærð þau atriði sem breyst hafa frá 1972 er lög um skipan dómsvalds o. fl. voru sett, að því er varðar sveitarfélög í Reykjanesumdæmi, þ. e. að Gullbringusýsla hefur verið lögð til umdæmis bæjarfógetans í Keflavík og Grindavík og Njarðvík hafa orðið kaupstaðir. Enn fremur hafa Garðahreppur og Seltjarnarnesshreppur orðið kaupstaðir.

Sþ. 283. Nefndarálit [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í umræðum við afgreiðslu núgildandi fjárlaga í des. s. l. lögðu talsmenn meiri hl. fjárveitinganefndar, svo og fjármálaráðherra, sérstaka áherslu á að það væri eitt af grundvallaratriðum við gerð fjárlaganna að þau væru raunhæf með eindæmum.

Það kom þó fljótlega í ljós eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfðu haldið fram að útgjöld ríkissjóðs voru stórlega vanáætluð við afgreiðslu fjárlaga. Eftir margra vikna ráðleysi stjórnarflokkanna var þessi niðurstaða um markleysi fjárlagaafgreiðslunnar staðfest með flutningi frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1984. Þar kom fram að útgjöld ríkissjóðs voru í fjárlögum vantalin um hvorki meira né minna en ríflega 2000 millj. kr. Við blasti 1900 millj. kr. rekstrarhalli enda þótt efnahagshorfur fyrir árið 1984 væru í athugasemdum með frumvarpinu taldar „heldur bjartari en þær þóttu um síðast liðin

áramót". Heildarfjárvöntun í sambandi við fjárlög og lánsfjáráætlun reyndist nema 2755 millj. kr. og vandinn var fyrst og fremst leystur með nýjum erlendum lántökum að upphæð 2052 millj. kr., þar af 1222 millj. kr. til ríkissjóðs.

Þannig fór um þann fjárlagafrumburð ríkisstjórnarinnar sem mest var hampað um jólaleytið í fyrra og því ekki undrunarefni að flokksmálgagn fjármálaráðherra vitnar til fyrstu fjárlagaafgreiðslu núverandi ríkisstjórnar sem sérstaks vítis til að varast.

Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr erlendum lántökum eru það erlend lán ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild sem halda ríkisbúskapnum á floti. Ríkissjóður nýtur í því efni góðs af því að innflutningur vöru og þjónustu á árinu 1984 mun nema um 5000 millj. kr. hærri upphæð, eða um 15% meira að magni, en gert var ráð fyrir við afgreiðslu núgildandi fjárlaga.

Þessi stóraukni innflutningur vöru og þjónustu er að mestu borinn uppi af erlendum lánum þar sem viðskiptahalli er nú áætlaður 3500 millj. kr. í ár í stað 100 millj. kr. sem spáð var í þjóðhagsáætlun fyrir ári.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er boðað að fjallað verði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á Alþingi samhliða fjárlagafrumvarpinu og réttilega lögð á það áhersla að það sé „forsenda þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peninga- og fjármálum hins opinbera".

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um fjárlagafrumvarpið í tvo mánuði og er að ljúka því án þess að lánsfjáráætlun hafi verið lögð fram eða rædd. Er það í samræmi við þá mynd sem við blasir: heildarstefna í peninga- og fjármálum hins opinbera í ráðleysi.

Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og nú er aðhaldi og niðurskurði fyrst og fremst beitt gagnvart framlögum til félagslegra framkvæmda. Það bitnar ekki síst á landsbyggðinni og er hluti af þeirri ógnun sem markaðs- og frjálshyggjustefna ríkisstjórnarflokkanna er gegn jafnvægi í byggð landsins.

Framlög til dagvistarheimila voru um fimmtungi hærri að raungildi árið 1983 en nú er stefnt að við afgreiðslu fjárlaga. Framlög til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru um þriðjungi hærri að raungildi 1983 og framlag til hafnarframkvæmda ríflega 120% hærra að raungildi.

Á annan veg er farið með fjármunina þegar rekstrarútgjöld eru ákvörðuð. Við síðustu fjárlagaafgreiðslu voru m. a. útgjöld til aðalskrifstofu ráðuneytanna færð til samræmis við niðurstöður ríkisreikninga undangenginna ára. Átti það að veita betra færi til aðhalds. Reynslan gagnvart þessum rekstrarútgjöldum er þó sú að framlög til aðalskrifstofa ráðuneyta, Hagstofu Íslands, Ríkisendurskoðunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hækka um allt að 35,5% og að meðaltali um 10,1% að raungildi. Heildarútgjöld til þessara rekstrarliða hækka úr 256,9 millj. kr. í 321,1 millj. kr. eða um 35,0 millj. kr. að raungildi. Raungildishækkun nemur ámóta hárri upphæð og ríkissjóður veitir til allra dagvistarheimila í landinu á næsta ári.

Samtímis því að markvisst hefur verið dregið úr framlögum til framkvæmdaverkefna eins og segir í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu hefur sparnaður á rekstrarliðum ekki verið framkvæmdur eins og af er látið né heldur hafa heildarútgjöld ríkissjóðs dregist saman að raungildi.

Ef hugað er að tilraunum til samdráttar um 2 ½% á launaliðum og 5% á rekstrarliðum er augljóst af því, sem áður er rakið, hvernig farið hefur í þeim efnum um aðalskrifstofu ráðuneytanna. Og upplýsingar sem lagðar hafa verið fram í fjárveitinganefnd benda til þess að launaútgjöld ríkisspítalanna verði á þessu ári ekki 2½% lægri en orðið hefði án sparnaðarmarkmiðanna heldur 3—4% hærri og rekstrarútgjöld verði ekki 5% lægri heldur um 8% hærri. Hér gæti samtals munað um 65 millj. kr.

Í samræmi við það, sem sagt hefur verið um einstaka rekstrarliði, sýna reikningar fyrri ára og áætlanir fyrir næsta ár að almenn rekstrarútgjöld eru í heild samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1985 11% hærri að raungildi en á árinu 1983. Þessi útgjöld hækka úr 1572

millj. kr. árið 1983 í 1743 millj. kr. árið 1985, hvort tveggja reiknað á sama verðlagi, þ. e. meðalverðlagi ársins 1983.

Þrátt fyrir samdrátt í þjóðarframleiðslu, niðurskurð framlaga til verklegra framkvæmda og fjórðungsniðurskurð á verðgildi launa ríkisstarfsmanna hafa heildarútgjöld ríkissjóðs ekki dregist saman að raungildi og verða á næsta ári meiri en á nokkru öðru ári að undanskildu árinu 1983. Það ár fellur þó að mestu undir stjórnartímabil núverandi ríkisstjórnar og er ekki sambærilegt við önnur þar sem á því ári var yfirtaka á byggðalínum bókfærð á ríkissjóð og bókfært skuldauppgjör við Vestmannaeyjakaupstað vegna eldgossins í Eyjum, samtals 1066 millj. kr.

Ríkisútgjöld á föstu verðlagi (ársins 1983) hafa verið sem hér segir frá árinu 1972 (útgjöld ársins 1985 eru miðuð við áætlaða upphæð eftir 2. umræðu):

Ár	Millj. kr.
1972	10864
1973	11815
1974	13004
1975	13563
1976	12767
1977	13333
1978	14045
1979	14592
1980	14510
1981	15778
1982	15721
1983	17717
1984	15686
1985	16300

Áætlað er að heildarútgjöld ríkissjóðs nemi samkvæmt nýjum verðlagsforsendum fyrir árið 1985 og framlögðum breytingartillögum fjárveitinganefndar fyrir 2. umræðu 25500 millj. kr. og aukist um 30% frá raunútgjöldum á árinu 1984 á sama tíma og launaútgjöld og almennur rekstrarkostnaður er talinn hækka um 24%.

Hækkun heildarútgjalda ríkissjóðs á næsta ári umfram almenna verðhækkun jafngildir ríflega 1200 millj. kr. sem er meira en þrefalt hærri upphæð en áætlað er að verja til byggingar grunnskóla, til hafnarframkvæmda, dagvistar, heimila, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á árinu 1985.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga var það sérstaklega tekið fram af málsvörum ríkisstjórnarinnar að meginstefna ríkisstjórnarinnar væri:

1. að láta minnkandi þjóðartekjur nægja fyrir útgjöldum,
2. að hætta eyðsluskuldasöfnun erlendis,
3. að ná jöfnuði í viðskiptum og þjónustu við útlönd.

Ekkert af þessum markmiðum hefur náðst:

1. Stefnt er að því að afgreiða fjárlög með verulegum halla. Almenn rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafa hækkað umfram verðlagsbreytingar.

   Heildarútgjöld ríkissjóðs hafa aldrei verið hærri að raungildi en þau eru áætluð á næsta ári.
2. Á sama tíma og þjóðarframleiðsla hefur dregist saman um 1% á árinu 1984, en það jafngildir um 670 millj. kr., hafa erlend lán aukist um 3055 millj. kr. eða 4,5 sinnum meira en nemur samdrætti í þjóðarframleiðslu.

   Erlendar lántökur ríkissjóðs voru í fjárlögum 1984 áætlaðar 1653 millj. kr. Vanáætlun útgjalda á fjárlögum var mætt s. l. vor með stórfelldum nýjum erlendum lántökum og erlendar lántökur ríkissjóðs á næsta ári eru í fjárlagafrumvarpinu áætlaðar 2600 millj. kr. Samkvæmt framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á lántökum ríkis-

sjóðs 1984 og 1985, á sama grundvelli bæði árin, hækka erlendar lántökur ríkissjóðs nettó um 75,9% á næsta ári.

Það er því ekki að ófyrirsynju að formaður Sjálfstæðisflokksins sagði á fundi í Ólafsfirði s. l. sumar, samkvæmt heimild blaðsins Íslendings, að í fyrsta skipti hafi nú verið tekin erlend lán í beinan rekstur ríkissjóðs. Það hafi valdið mismun milli atvinnugreina, uppsveiflu í þjónustu, verslun og byggingariðnaði en komið niður á sjávarútvegi. Gera verði því gangskör að því við undirbúning fjárlaga að útgjöld ríkissjóðs verði ekki meiri en tekjurnar.

Nú stefna stjórnarflokkarnir að því að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár með 600—700 millj. kr. rekstrarhalla á ríkissjóði og auknum erlendum lántökum.

3. Viðskiptahalli verður um 3500 millj. kr. á þessu ári í stað 100 millj. kr. í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984.

Það er því ljóst að afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1985 er enn ein staðfesting á því skipbroti stjórnarstefnunnar sem blasir hvarvetna við í þjóðfélaginu.

Alþingi, 11. des. 1984.

Geir Gunnarsson, fundaskr., frsm. | Karvel Pálmason. | Kolbrún Jónsdóttir.

Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 284. Fyrirspurn [228. mál]

til viðskiptaráðherra um ríkisstyrki Norðmanna til sjávarútvegs.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er engin vörn í fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna gegn stórfelldum ríkisstyrkjum Norðmanna til sjávarútvegs?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að koma í veg fyrir þessa aðför að íslenskum sjávarútvegi?
3. Kemur norrænt samstarf Íslendingum að engu gagni í þessum efnum?

Sþ. 285. Fyrirspurn [229. mál]

til sjávarútvegsráðherra um uppboð á fiskiskipum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur sjávarútvegsráðherra í hyggju að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir nauðungaruppboð á þeim fiskiskipum sem skulda umfram veð?
2. Mun sjávarútvegsráðherra, ef til uppboða kemur, beita sér fyrir því að skip hverfi ekki úr þeim byggðarlögum þar sem þau eru burðarásar atvinnulífs?
3. Hyggst sjávarútvegsráðherra grípa til aðgerða til lausnar á vanda þess fólks sem kann að missa atvinnu sína af völdum rekstrarstöðvunar fyrirtækja í sjávarútvegi eða uppboða á fiskiskipum á næstunni?

Nd. 286. Frumvarp til laga [179. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. des.)

Samhljóða þskj. 191 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 5. gr., eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma með tilvísun til samsvarandi stafliða í 5. gr.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi, sem er í förum og veitir viðkomandi undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórnun manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a. m. k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skipi er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en ⅕ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra, stýrimanns eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildir siglingatíma í 3 mánuði. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Nám í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingartíma. Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin meira en 6 mánuðir í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis. Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi, skal staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I. Fiskiskip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa öðlast réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki verið minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip.

a) 1. **400 rúmlesta réttindi** — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa öðlast réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki verið minnst 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

2. **Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi** — 27 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa öðlast réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki verið minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa öðlast réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Önnur skip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.

b) **400 rúmlesta réttindi og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi.**
27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

c) **Ótakmörkuð réttindi** — 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

8. gr. hljóðar svo:

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 30 rúmlestir að stærð hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi 1. stýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a. m. k. eftirfarandi skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma:

I. Fiskiskip.

a.) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
12 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir að stærð, eða 6 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á fiskiskipi yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Flutningaskip og farþegaskip.

a) **400 rúmlesta réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir að stærð og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.

b) **Ótakmörkuð réttindi** — 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir að stærð og þar af minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.

c) Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum, samkvæmt stafliðum a) og b) án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Önnur skip.

a) **200 rúmlesta réttindi í innanlandssiglingum.**
12 mánuðir stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð, eða 6 mánuðir stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð og skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b) **400 rúmlesta réttindi** — 18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

c) **Ótakmörkuð réttindi** — 24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð þar af minnst 12 mánuði skipstjóri eða 1. stýrimaður.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

18. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

A. Þeim skipstjórnarmönnum er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á tvenns konar námskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1985—1986 og 1986—1987 til öflunar takmarkaðra skipstjórnarréttinda. Námskeið þessi gefa annars vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 80 rúmlestir að stærð og hins vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum allt að 200 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum.

   Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

   Við útgáfu atvinnuskírteina til þeirra er ljúka þessum námskeiðum skal taka tillit til ákvæða 6. og 10. gr. laganna um siglingartíma. Um siglingartíma fyrir skip allt að 80 rúmlestir að stærð gildir sama og fyrir skip allt að 200 rúmlestir að stærð.

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur sbr. 21. gr. laganna er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 og fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Nd. 287. Frumvarp til laga [178. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. des.)

Samhljóða þskj. 190 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV.)	Réttindi: Vélavörður.
Vélstjóri III (VS. III)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 750 kw. og minni + VV.
Vélstjóri II (VS. II)	Réttindi: 1. vélstjóri, 1500 kw. og minni + VS. III.
Vélstjóri I (VS. I)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. og minni + 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. II.
Vélfræðingur IV (VF, IV)	Réttindi: 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. II.
Vélfræðingur III (VF. III)	Réttindi: 1. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. I.
Vélfræðingur II (VF. II)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 3000 kw. og minni + VF. III.
Vélfræðingur I (VF. I)	Réttindi: Yfirvélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

Ed. 288. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. málsl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 31 250 kr. og 62 500 kr.
2. Í stað „20 000 kr.“ og „40 000 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 25 000 kr. og 50 000 kr.
3. Í stað „140 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 180 kr.
4. Í stað „25 500 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 31 880 kr.
5. Í stað „15 600 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 19 500 kr.
6. Í stað „3 370 kr.“ í 2. málsl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 4 210 kr.
7. Í stað „127 500 kr.“ og „255 000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 159 380 kr. og 318 760 kr.
8. Í stað „500 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 630 kr.
9. Í stað „28 000 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 35 000 kr.
10. Í stað „4 000 000 kr.“ og „8 000 000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: 5 000 000 kr. og 10 000 000 kr.

2. gr.

Í stað „36 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 45 000 kr.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem ekki er yfir 200 000 kr. skal reikna 20%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr. skal reikna 31%.
3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem er umfram 400 000 kr. skal reikna 44%.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 35 000 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna:

1. Í stað „6 000 kr.“ og „9 000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 7 500 kr. og 11 250 kr.
2. Í stað „12 000 kr.“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: 15 000 kr.
3. Í stað „6 000 kr.“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 7 500 kr.

6. gr.

Í stað „250 000 kr.“ og „500 000 kr.“ í 2. málsl. 78. gr. laganna komi: 312 500 kr. og 625 000 kr.

7. gr.

Í stað „780 000 kr.“ í 83. gr. laganna komi: 975 000 kr.

8. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 9. tl. A-liðs, 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1986.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þessa árs.

Nd. 289. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Niður falli síðasta mgr. 3. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í II. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, 3. gr., er fjallað um fasteignaskatt og upphæð hans miðuð við fasteignamat, ýmist 0,5% eða 1%. Þar að auki er sérstakt ákvæði að finna í lokamálsgrein 3. gr. sem hljóðar svo:

„Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.“

Með frumvarpi þessu er lagt til að þetta ákvæði verði fellt úr lögum. Ástæður þess eru fyrst og fremst eftirfarandi:

Skattur þessi mismunar þegnum eftir búsetu og brýtur á þann hátt í bága við viðurkenndar grundvallarreglur skattaréttar. Má jafnvel telja að hann sé andstæður eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar svo sem fram hefur nýlega komið í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar ríkisins.

Í úrskurði nefndarinnar þann 26. júlí 1982 vegna deilu um réttmæti slíkrar skattlagningar segir m. a.:

„Nefndin fellst á það með kærendum að umræddur 4% hlunnindaskattur sé óeðlilegur og hæpinn frá sjónarmiði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hann byggist hins vegar á lagareglu sem

eigi hefur verið hnekkt af dómstólum og verður því ekki komist hjá því að leggja hana til grundvallar í úrskurði þessum.“

Í ljósi þessa álits yfirfasteignamatsnefndar sýnist því bæði rétt og óhjákvæmilegt að Alþingi láti málið til sín taka og felli þennan sérstaka skatt úr lögum. Það skal undirstrikað að eftir sem áður munu eigendur fasteigna, sem utan sveitar búa, að sjálfsögðu greiða öll önnur fasteignagjöld svo sem boðið er í 3. gr. laganna.

Fyrir utan hina grófu mismunun, sem í skattlagningu þessari felst og vafa um lögmæti hennar, skal á það bent hve hér er um gífurlega þunga skattbyrði að ræða fyrir hlunnindaeigendur. Svo sem kunnugt er þá er fasteignaskattsstofninn af hlunnindum metinn sem tífaldar árstekjur af þeim. Þess vegna verður 4% skatturinn í raun 40% skattur af hlunnindatekjum árlega. Síðan ber að greiða tekjuskatt og útsvar af hlunnindatekjunum í heimabyggð. Lokaskattgreiðslan fer þá eftir því hvort heimilað er að draga hlunnindaskattinn frá. Sé svo mun heildarskattgreiðslan verða 75—80%, en ef ekki fæst að draga hlunnindaskattinn frá tekjuskattsstofni getur heildargreiðslan farið yfir 100%. Af þessu sést glögglega hve ranglát þessi sérstæða skattheimta er.

Að lokum skal hér jafnframt tekið dæmi um það hve neikvæð og óæskileg áhrif skattur þessi getur haft í framkvæmd. Á síðari árum hefur áhugi manna á fiskeldi og ylrækt farið mjög vaxandi. Gildir það jafnt um innansveitarmenn sem utansveitarmenn. Ekki síst hefur miklum fjármunum verið varið til seiðasleppingar, laxastiga og fiskiræktar í ám landsins og þá í mörgum þeirra sem hafa verið nær fisklausar áður. Hlunnindaskatturinn leggst á veiðiár séu þær ekki í eigu innansveitarmanna og á jarðvarma á sama hátt. Liggur í augum uppi hve þessi skattur hlýtur því að draga úr fjárhagslegu bolmagni eigenda til þess að standa í slíkri ræktun og uppbyggingu sem öllu byggðarlaginu hlýtur þó að koma til góða. Hann er í raun refsiskattur á þá framtakssemi sem hér hefur verið lýst, letur þá sem verja vilja fjármunum til uppbyggingar og nýtingar hlunninda landsins í stað þess að vera þeim hvatning og uppörvun.

Að því er varðar tekjumöguleika hreppa af jörðum og hlunnindum í eigu utansveitarmanna er ljóst að frumvarp þetta haggar á engan hátt rétti hreppa til álagningar hins almenna fasteignaskatts. Sé sá skattur talinn óeðlilega lágur í einstöku tilvikum er sú leið ætíð fyrir hendi að fá fram hækkun hans með endurmati hlutaðeigandi fasteignar. Á þann hátt er unnt að tryggja að allir fasteignaeigendur, hvort sem það eru utansveitarmenn eða innansveitarmenn, greiði réttlát og réttmæt gjöld til hlutaðeigandi hreppsfélags.

Af þeim ástæðum, sem hér að framan hafa verið taldar, leggja flm. þessa frumvarps til að 4% hlunnindaskatturinn verði felldur úr lögum.

Sþ. 290. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um athugun á vaxtafrádrætti til jöfnunar á húsnæðiskostnaði.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig skattafrádráttur vegna vaxtagjalda nýtist húsbyggjendum og íbúðakaupendum til jöfnunar á húsnæðiskostnaði með tilliti til mismunandi tekna og fasteignaveðskulda.

Jafnframt skal á grundvelli könnunarinnar lagt á það mat hvort þennan frádrátt megi nýta betur eftir öðrum leiðum með það að markmiði að ná meiri jöfnun í húsnæðiskostnaði húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er eru vextir af fasteignaveðlánum til tveggja ára eða lengur teknum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða til endurbóta á því, frádráttarbærir til skatts. Sú spurning hlýtur að vakna hvort þessi aðstoð við íbúðaöflun sé hin hagkvæmasta og réttlátasta, eða hvort völ sé á betri leiðum. Þessi tillaga er flutt vegna þessara sjónarmiða og spurninga. Hér er í raun um að ræða opinberan stuðning í formi skattalækkunar við þá sem eru að afla sér íbúðarhúsnæðis.

Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eru frádráttarbær á næstu þremur árum frá og með kaupári en næstu 6 árum frá og með byggingarári húsnæðis. Frádráttur þessi takmarkast við þá upphæð sem vaxtagjöld eru hærri en vaxtatekjur. Frádráttur má þó eigi vera hærri en 127 500 kr. hjá einstaklingi og 255 þús. hjá hjónum.

Flestir eru sammála um að rétt og eðlilegt sé að veita skattaívilnanir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Sannanlega er vaxtabyrði gífurleg hjá húsbyggjendum og íbúðakaupendum, ekki síst fyrstu árin þegar oft þarf að brúa stóran hluta af kostnaðinum með skammtímalánum úr bankakerfinu. Þótt ekki sé um það deilt að þessi leið sé eðlileg til að auðvelda fólki að eignast eigið húsnæði hefur minna verið hugsað um hversu áhrifarík eða réttlát þessi leið sé til jöfnunar á húsnæðiskostnaði.

Að beiðni 1. flm. þessarar þingsályktunartillögu var þess farið á leit við Húsnæðisstofnun ríkisins að fá lýsingu á fyrirkomulagi fjármögnunar og valkostum í húsnæðismálum á Norðurlöndum. Sérstaklega var þess óskað að fá samanburð milli landa um áætlaða styrki til húsnæðismála úr opinberum sjóðum.

Húsnæðisstofnun fól Inga Val Jóhannssyni að svara beiðninni en við upplýsingavinnslu hans vegna þessa máls kemur margt athyglisvert í ljós að því er þennan þátt varðar, og reyndar fleiri þætti sem snerta fyrirkomulag húsnæðisfjármögnunar á Norðurlöndum.

Skv. upplýsingum Inga Vals Jóhannssonar er varið umtalsverðu fjármagni á Norðurlöndum til niðurgreiðslu á húsnæðiskostnaði. Miðað við þjóðarframleiðslu er hlutfallið lægst í Finnlandi og hæst í Danmörku. Danir veita jafnframt hlutfallslega mest af sinni aðstoð í formi skattalækkunar vegna vaxta af húsnæðislánum, eða full 78% af heildarstyrkjum ársins 1978. Tilsvarandi hlutfall fyrir Noreg var 60%, 41% í Svíþjóð og 26% í Finnlandi. Til glöggvunar fylgir tafla um óafturkræf framlög vegna jöfnunar húsnæðiskostnaðar 1979.

Óafturkræf framlög ríkisins til jöfnunar húsnæðiskostnaðar 1979.

Tegund niðurgreiðslu:	Danmörk Dkr.	Finnland Fmk.	Noregur Nkr.	Svíþjóð Skr.
Niðurgreiddir vextir	1 840	987	1 132	3 688
Styrkir:				
framleiðslustyrkir	71	123	928	608
húsaleigustyrkir	1 276	648	376	5 007
Niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar með skattalækkun	11 600	607	3 598	6 400
Samtals	14 787	2 365	6 030	15 703
Heildarniðurgreiðslur sem:				
hlutfall af þjóðarframleiðslu	4,2	1,5	2,6	3,4
hlutfall af húsnæðisneyslu, skv. þjóðhagsreikn.	29,4	14,6	32,6	26,9
hlutfall af opinberum aðgerðum til kjarajöfnunar	27,6	15,5	16,3	18,3

Rannsóknir á skattalækkunum annars staðar á Norðurlöndum vegna vaxta af húsnæðislánum sýna að þessi óbeina aðstoð fer að mestu leyti til hátekjufólks. Vegna aukinnar verðbólgu víðast hvar hefur vaxtaprósentan hækkað og leitt til meiri skattalækkunar.

Niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði með skattaafslætti er í raun orðin umfangsmesti liður aðstoðar við húsnæðisneysluna á Norðurlöndum. Í yfirliti yfir tekju- og frádráttarliði á skattframtölum frá ríkisskattstjóra vegna álagningar 1984 kemur fram að vaxtagjöld til frádráttar vegna álagningar 1984 nemur samtals 1 241 498 þús. kr. og nær til 16 480 framteljenda. Vaxtagjöld til frádráttar eru vextir af fasteignaveðskuldum teknum til tveggja ára eða lengur vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða til endurbóta á því eins og áður er rakið.

Hér er um gífurlega mikla fjárhæð að ræða. Þeirri könnun, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, er ætlað að leiða í ljós hvort þessi niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði í formi skattafrádráttar vegna vaxtagjalda fari að miklu leyti til hátekjufólks eins og rannsóknir hafa sýnt að á sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Komi það í ljós hlýtur að vera eðlilegt að leitað sé annarra leiða til að nýta þetta fjármagn í því skyni að ná fram meiri jöfnuði í niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur. Þessi tillaga er flutt til þess annars vegar að leiddur verði í ljós sannleikurinn um hvernig vaxtafrádráttur nýtist í raun einstökum tekjuhópum og hins vegar til þess að hugað verði að því hvort þessi leið, eða aðrar leiðir, sé líkleg til þess að skila okkur nær því markmiði sem ætla verður að flestir vilji stefna að, þ. e. að opinber aðstoð við öflun íbúðarhúsnæðis nýtist sem best til jöfnunar á húsnæðiskostnaði og skapi þannig farsæld sem flestra.

Sþ. 291. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Karvel Pálmasyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 426. Ýmsir skattar af seldri vöru og þjónustu. Nýr liður:	
42601 Tekjur af hækkun raforkuverðs til stóriðju	356 000
2. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun. Liðurinn orðist svo:	
1.15 Lækkun húshitunarkostnaðar	556 000

Sþ. 292. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Nýr liður:	
6.92 Fyrirhleðslur vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi, til viðbótar framlagi allt að 50% frá Viðlagatryggingu Íslands	10 000

Nd. 293. Lög [153. mál]

um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 158.

Ed. 294. Lög [167. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.)

Samhljóða þskj. 267.

Sþ. 295. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi Einarssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Nýr liður: 1.70 Fíkniefnadeild	1 500
2. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt. Nýr liður: 1.91 Aðgerðir gegn eiturlyfjum	1 500

Sþ. 296. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Seljan, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi Einarssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Fyrir „40 000“ kemur	75 000
2. Við 4. gr. 07-971 Erfðafjársjóður, framlag. Fyrir „19 400“ kemur	25 000

Sþ. 297. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

	Þús. kr.
I. Frá *Guðrúnu Helgadóttur, Svavari Gestssyni* og *Steingrími J. Sigfússyni.*	
Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður:	
6.61 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður, K-bygging	30 000
II. Frá *Steingrími J. Sigfússyni.*	
Við 4. gr. 02–201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
1.23 Nám á háskólastigi á Akureyri	5 000
III. Frá *Helga Seljan* og *Hjörleifi Guttormssyni.*	
Við 4. gr. 08–391 1.01 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar (vegna H2-stöðvar á Eskifirði).	
Fyrir „91 221“ kemur	92 221

Sþ. 298. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

	Þús. kr.
I. Frá *Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur* og *Kristínu Halldórsdóttur*	
Við 4. gr. 02–201 Háskóli Íslands 1.02 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „23 005“ kemur	30 505
II. Frá *Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur* og *Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.*	
Við 4. gr. 02–422 Námsgagnastofnun:	
a. Við 1.30 Fræðslumyndasafn.	
Fyrir „3 350“ kemur	6 000
b. Við 1.40 Kennslumiðstöð.	
Fyrir „754“ kemur	1 500
c. Við 1.60 Námsgagnagerð.	
Fyrir „4 207“ kemur	5 000
III. Frá *Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur* og *Kristínu Halldórsdóttur.*	
Við 4. gr. 02-803 Dagheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „30 000“ kemur	70 588

Sþ. 299. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Kristófer Má Kristinssyni og Stefáni Benediktssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. Nýr liður:	
02–230 Símenntun	
1.01 Vegna breytinga á atvinnuháttum	32 000
2. Við 4. gr. 02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „30 000“ kemur	50 000

	Þús. kr.
3. Við 4. gr. 04–201 Búnaðarfélag Íslands 4 Sértekjur.	
Fyrir „1 697“ kemur	16 970
4. Við 4. gr. 04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „380 000“ kemur	304 000
5. Við 4. gr. 05–216 Ríkismat sjávarafurða 4 Sértekjur.	
Fyrir „1 995“ kemur	19 950
6. Við 4. gr. 05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
1.40 Fiskeldismál	44 000
7. Við 4. gr. 07–700 Málefni fatlaðra 1 04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta.	
Fyrir „10 000“ kemur	20 000
8. Við 6. gr. Nýr liður:	
1.4 Að greiða iðnþróunarsjóðum í landshlutum upphæð sem svarar framlagi sveitarfélaga til hvers sjóðs. Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs skerðist sem þessu nemur.	
9. Við 6. gr. Nýr liður:	
7.4 Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs áhættulán til nýrra fyrirtækja í iðnaði. Ábyrgðir þessar nemi allt að 80% af lánsupphæðum. Iðnaðarráðuneyti setji nánari reglur um ábyrgðir þessar.	

Sþ. 300. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Karvel Pálmasyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Eiði Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 41 Eignarskattar. Nýr liður:	
4112 Eignarskattsauki	1 000 000
2. Við 3. gr. 4114 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.	
Fyrir „85 000“ kemur	170 000
3. Við 3. gr. 4123 Skattar á innlánsstofnanir.	
Fyrir „75 000“ kemur	150 000
4. Við 3. gr. 412 Tekjuskattar. Nýr liður:	
4124 Af hagnaði Seðlabankans	90 000
5. Við 3. gr. 423 Sölugjald.	
Fyrir „8 420 000“ kemur	9 170 000
6. Við 4. gr. 01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýr liður:	
1.60 Til kjararannsókna, úttektar á tekjuskiptingu og launakjörum	5 000
7. Við 4. gr. Nýr liður:	
01–110 Til nýsköpunar í atvinnulífi	
1.01 Til sérhæfingar í rafeindaiðnaði í sjávarútvegi, fiskvinnslu og líftækni	400 000
8. Við 4. gr. 02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „30 000“ kemur	50 000
9. Við 4. gr. 02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „481 241“ kemur	601 276

	Þús. kr.
10. Við 4. gr. 04–205 Veiðistjóri 1.01 Almennur rekstur.	
Fyrir „2 854“ kemur	854
11. Við 4. gr. 04–288 6.20 Jarðræktarframlög o. fl.	
Fyrir „130 000“ kemur	30 000
12. Við 4. gr. 04–291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973.	
Liðurinn falli niður.	
13. Við 4. gr. 07–271 Byggingarsjóður ríkisins.	
Fyrir „550 000“ kemur	1 625 000
14. Við 4. gr. 07–272 Byggingarsjóður verkamanna.	
Fyrir „250 000“ kemur	650 000
15. Við 4. gr. 09–201 Ríkisskattstjóri. Nýr liður:	
1.02 Til aðgerða gegn skattsvikum skv. ályktun Alþingis 3. maí 1984	10 000

Sþ. 301. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02–991 Húsfriðun 6.20 Viðeyjarstofa og Nesstofa.	
Fyrir „750“ kemur	5 750

Ed. 302. Frumvarp til laga [150. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má af einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Við úthlutun á aflamarki til skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á ákveðnum tegundum sjávarafla, er heimilt að taka tillit til heildaraflaverðmætis.

Ráðherra getur og sett reglur um leyfilegan fjölda sóknardaga tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna. Við ákvörðun fjölda sóknardaga er ráðherra heimilt að taka mið af fyrri sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa.

Ráðherra getur heimilað framsal úthlutaðs aflamarks og sóknardaga og sett reglur um skilyrði framsals og riftun þess telji hann ástæðu til.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að veiðar á ákveðnum tegundum fiskstofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri, þ. á m. botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum reglum, sbr. 17. gr., settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, 2 000—14 000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr. ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. l. 81/1976, með áorðnum breytingum, skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og gilda til ársloka 1985.

Ed. 303. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. l. nr. 52/1981 og l. nr. 92/1982.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og rætt við Hallgrím Snorrason, Guðjón Hansen og Pétur Blöndal. Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1984.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Björn Dagbjartsson.	Karl Steinar Guðnason.	Árni Johnsen.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Sþ. 304. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Eiði Guðnasyni, Gunnari G. Schram og Haraldi Ólafssyni.

Við 4. gr. 03–399 Ýmis utanríkismál. Nýr liður:	Þús. kr.
1.70 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	65

Sþ. 305. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

um átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðmundur J. Guðmundsson, Karvel Pálmason, Pétur Sigurðsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins um að hrinda af stað átaki til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. að leggja grundvöll að endurnýjuðum hagvexti og þar með stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum;
2. að skapa forsendur fyrir þjóðarsamstöðu um að auka það sem til skipta er í þjóðfélaginu og deila þeim ávinningi af réttsýni;
3. að efna til þríhliða samvinnu ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda um að bæta efnahag þjóðarinnar og innleiða ný vinnubrögð í samskiptum aðila á vinnumarkaðnum;
4. að kynna þjóðinni grundvallaratriði framleiðnihugsunar og skapa skilning á nauðsyn aðlögunar að síbreytilegum samkeppnisaðstæðum fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ríkisstjórnin skipi níu manna stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd þessa átaks. Verði hún skipuð þremur fulltrúum samtaka vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu VSÍ, þremur fulltrúum launþega samkvæmt tilnefningu ASÍ og þremur fulltrúum ríkisvaldsins sem forsætisráðherra skipar að höfðu samráði í ríkisstjórn. Sömu aðilar tilnefni jafnmarga varamenn. Forsætisráðherra skipi formann stjórnarnefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Enn fremur ályktar Alþingi að framleiðniátak þetta verði unnið í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og jafnframt tengt öðrum tilraunastofnunum atvinnuveganna. Þá verði leitað aðstoðar annarra opinberra stofnana (rannsóknastofnana, skóla og fjölmiðla) eftir því sem verkefnin bjóða hverju sinni. Þjóðhagsstofnun verði falið að fylgjast með þróun framleiðni í atvinnuvegunum samhliða átakinu.

Loks ályktar Alþingi að átak þetta verði hafið á árinu 1985 og að eitt fyrsta verk stjórnarnefndar verði að skila ítarlegri tillögu til ríkisstjórnar um nánari tilhögun og framkvæmd málsins. Verði sú tillaga, ásamt greinargerð um ákvörðun ríkisstjórnar um framkvæmd málsins, lögð fyrir Alþingi við upphaf þings haustið 1985.

Greinargerð.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi, er brýn nauðsyn á að koma að nýju á hagvexti. Verður að leita ýmissa leiða í því efni, m. a. með áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og stuðningi við nýjar atvinnugreinar sem nú eru á tilraunastigi. Sá kostur, sem ef til vill er þó nærtækastur og gæti fyrst skilað árangri, er að auka framleiðni í starfandi fyrirtækjum og stuðla þannig að bættri samkeppnisstöðu og arðbærari rekstri fyrirtækjanna.

Þetta er, ef grannt er skoðað, eitt brýnasta verkefnið í íslensku atvinnulífi nú og undirstaða þess að hægt sé að bæta lífskjör í landinu, ef á heildina litið, og bæta úr þeim samdrætti sem orðið hefur á síðustu árum. Hér er lagt til að stjórnvöld hrindi af stað átaki í þessu efni í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins.

Auk hins efnahagslega ávinnings, sem fengist af aukinni framleiðni, gæti átak í þessu efni orðið grundvöllur að bættum samskiptum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Um nokkurt skeið hefur verið lýst eftir breyttum vinnubrögðum í þeim efnum og gætu nú verið aðstæður til að hefja samvinnu um það mál rétt eftir að nýlokið er í aðalatriðum samningum milli aðila vinnumarkaðarins til næsta árs.

Á það hefur margsinnis verið bent að framleiðni í íslensku atvinnulífi er fremur lág í samanburði við það sem annars staðar gerist og skal gerð nokkur grein fyrir því.

Framleiðni er skilgreind sem magn eða verðmæti framleiðslu að tiltölu við magn eða verðmæti þeirra framleiðsluþátta eða aðfanga sem notuð eru við framleiðsluna.

Framleiðnistig er mælikvarði á nýtingu allra framleiðsluþáttanna og er skilgreint sem framleiðslumagn deilt með aðföngum, en með aðföngum er átt við einn eða fleiri af framleiðsluþáttunum, vinnuafl, fjármagn, hráefni, orku o. s. frv. Þannig má t. d. auka framleiðni með því að bæta hráefnisnýtingu eða með því að nýta fjármagn á arðbærari hátt en áður var gert. Framleiðni vinnuaflsins er framleiðslumagn deilt með fjölda starfsmanna. Það er sá mælikvarði á framleiðni sem algengastur er.


Framleiðnistig iðnaðarþjóða heimsins er mjög mismunandi. Á mynd 1 er sýnt hver framleiðni ellefu þjóða var árið 1976 og er miðað við að framleiðni á Íslandi hafi verið 100 það ár. Þar sést að framleiðni var svipuð á Íslandi og í Bretlandi, en framleiðni í þessum löndum er helmingi minni en framleiðni í Bandaríkjunum. Það er þó ekki nóg með að framleiðni sé lítil hér á landi heldur hefur framleiðniþróunin verið hæg á undanförnum árum. Á mynd 2 er sýnt hver framleiðniþróunin var í níu ríkjum auk Íslands á árunum 1960—1975. Þar kemur í ljós að framleiðniþróun var langörust í Japan. Sviþjóð, Ítalía, Danmörk, V-Þýskaland og Frakkland juku framleiðni sína mun örar en Ísland, en hér á landi var þróunin svipuð og í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi. Það er eðlilegt að framleiðni aukist hægar þar sem hún er mest því að mun auðveldara er að auka framleiðnina á meðan framleiðnistigið er lágt. Framleiðniþróun í Bandaríkjunum og Kanada kemur því ekki á óvart, en hátt framleiðnistig er hvorki afsökun hægrar framleiðniþróunar á Bretlandi né hér á landi.

Á mynd 3 er sýnd framleiðniþróun vinnuafls í iðnaði hér á landi á tímabilinu frá 1974 til 1982. Á myndinni kemur í ljós að framleiðni hefur aukist að meðaltali úr 89,2 á árinu 1974 í 104,6 á árinu 1982. Þetta samsvarar u. þ. b. 2% framleiðniaukningu á ári og er það svipað og árleg framleiðniaukning í Bretlandi á sama tíma. Talið er að framleiðniaukning vinnuafls í Japan, Frakklandi, V-Þýskalandi og Belgíu hafi verið um 4% að meðaltali á ári á þessu tímabili, en um 1% í Bandaríkjunum og Kanada. Þetta bendir til að framleiðnistig á Íslandi hafi síður en svo hækkað í samanburði við aðrar þjóðir frá því sem var á árinu 1976 og kemur fram á mynd 1.


Á undanförnum árum hefur öðru hvoru verið efnt til sérstakra hagræðingar- og markaðsátaka í einstökum greinum iðnaðar á vegum samtaka og stofnana iðnaðarins. Hefur oft tekist vel í þeim verkefnum og verulegur árangur náðst og má af því ráða hvers árangurs er að vænta af samstilltu átaki í þessu efni. Þá er sérlega rannsóknarvert hve framleiðni er misjöfn milli einstakra starfsgreina í íslensku atvinnulífi.

Á síðari árum hafa augu manna beinst að þeim mikla árangri sem nokkur lönd í SA-Asíu hafa náð í framleiðniþróun og hagvexti og hafa mörg ríki á Vesturlöndum reynt að kynna sér aðferðir þeirra.

Mynd 1. Framleiðnistig 12 þjóða árið 1976



Mynd 2. Framleiðniþróun 10 þjóða 1960—1975



Mynd 3. Framleiðni vinnuafls í iðnaði á Íslandi.
1980 = 100

Atvinnu-greinanúmer	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982
31	103,2	103,1	106,8	113,2	108,9	104,0	100,0	92,2	93,5
32	75,8	88,4	98,8	95,5	91,5	94,3	100,0	95,6	102,3
33	73,9	60,6	65,5	77,5	92,9	94,7	100,0	114,8	132,6
34	78,2	78,7	89,3	100,4	95,2	96,1	100,0	105,8	115,6
35	113,6	104,5	96,2	103,9	101,7	93,1	100,0	94,3	95,4
36	106,8	93,0	91,3	93,2	82,8	84,1	100,0	86,2	85,5
37	117,9	95,0	92,5	109,4	113,1	100,9	100,0	98,8	103,0
38	69,9	70,3	89,6	92,0	96,2	94,6	100,0	99,4	102,5
39	72,7	80,2	129,6	145,9	139,6	128,5	100,0	96,0	99,4
31-39	89,2	85,1	93,3	98,3	98,1	97,8	100,0	99,2	104,6

Í janúar á þessu ári (1984) fór hópur Íslendinga í kynnisferð til Singapore, Hong Kong og Japans á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Markmið ferðarinnar var að kynnast aðferðum sem þessar þjóðir hafa beitt til að viðhalda stöðugum og örum hagvexti og þjóðfélagsumbótum. Í skýrslu, sem hópurinn tók saman að ferðinni lokinni og Iðntæknistofnun Íslands birti, er sagt frá helstu atriðum sem hópurinn taldi athyglisverð og hafa mætti til hliðsjónar þegar rætt er um leiðir til eflingar íslensks atvinnulífs. Eru niðurstöður hópsins birtar sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Í hugleiðingum dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins um ferð þessa ræðir hann um það hvort Íslendingar gætu dregið lærdóm af vinnubrögðum Singapore-manna og Japana í efnahagsþróun. Telur hann það vera háð því hvort Íslendingar gætu breytt viðhorfum sínum í veigamiklum atriðum og tileinkað sér ný. Þær viðhorfsbreytingar felist í aukinni samstöðu milli samtaka vinnumarkaðarins og stjórnvalda, aukinni áherslu á framleiðni og framleiðslu og aukinni áherslu á mannlega þætti stjórnunar. Í þessu skyni stingur Vilhjálmur m. a. upp á því að stofnuð verði framleiðnimiðstöð atvinnuveganna með aðild launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds til að stýra áróðri og aðgerðum til að auka framleiðni íslenskra fyrirtækja í öllum helstu atvinnuvegum. Framleiðnimiðstöð þessi starfi í nánum tengslum við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, sérstaklega Iðntæknistofnun Íslands, sem hefur yfir að ráða nokkurri sérþekkingu á þessu sviði. Stuðst verði við innlenda og erlenda ráðgjafa og stofnanir er veitt geti nauðsynlega aðstoð í þessu efni.

Í starfs- og fjárhagsáætlun Iðntæknistofnunar Íslands fyrir árið 1985 er gerð tillaga um að stofnunin gangist fyrir átaki til að auka framleiðni í iðnaði og höfð verði um það náin samvinna við samtök atvinnurekenda og launþega í iðnaði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985, sem nú liggur fyrir þingi, er gert ráð fyrir 5 m. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega, þar sem höfð verði hliðsjón af reynslu áðurgreindra þjóða, gæti reynst árangursrík leið til að skapa þjóðarsamstöðu um að koma að nýju á hagvexti hér á landi og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Jafnframt gæti slíkt sameiginlegt átak skapað nýjar forsendur fyrir samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Þó að nefndir hafi verið hér

Japanir og Singapore-menn er engan veginn ætlunin að taka eingöngu mið af reynslu þessara þjóða.

Eins og fram kemur í áðurgreindum frásögnum er hin þríhliða samvinna ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins undirstöðuatriði þess að árangur náist og í upphafi þarf að setja mjög vandaðar leikreglur um það hvernig skipta eigi ávinningi af aukinni framleiðni og bregðast við afleiðingum, t. d. röskun á störfum og högum fólks sem óhjákvæmilega verða vegna breytinga á tækni og vinnuaðferðum sem eru forsenda framleiðniaukningar.

Það er skoðun flutningsmanna að framleiðniátak þetta þurfi að ná til allra höfuðatvinnuvega landsmanna en ekki einskorðast við einstakar atvinnugreinar. Því er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin í heild, eða forsætisráðherra fyrir hennar hönd, hafi frumkvæðið um að skipa stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd átaksins. Lagt er til að sú nefnd verði skipuð þrem fulltrúum samtaka vinnuveitenda og þrem fulltrúum samtaka launþega, ásamt þrem fulltrúum ríkisvaldsins. Annað form á skipun stjórnarnefndar kæmi til álita ef henta þætti, enda væri þá tryggt jafnræði milli aðila í þeim anda að hér væri um þjóðarátak að ræða sem byggðist á samstöðu þessara aðila.

Fylgiskjal.

Helstu niðurstöður SA-Asíuferðar á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Í janúar 1984.

Á síðustu 20—30 árum hafa Singapore-menn og íbúðar Hong Kong þróast af stigi almennrar örbirgðar upp á stig tiltölulega mikillar velmegunar, en Japanar úr rústum styrjaldar í hóp efnuðustu og tæknivæddustu þjóða heims. Sérstaklega er athyglisvert að þessum þjóðum, sem er það öllum sameiginlegt að eiga nánast engar náttúruauðlindir að byggja á, hefur tekist að halda nokkurn veginn stöðugum hagvexti og atvinnu þrátt fyrir sviptingar og samdrátt í alþjóðaviðskiptum á undanförnum árum. Vöxtur þjóðarframleiðslu í Singapore var að meðaltali 9,3% á föstu verðlagi allt tímabilið, 1969—1982, en í Japan var vöxtur þjóðartekna að meðaltali 4,8% yfir tímabilið 1971—1981. Atvinnuleysi hefur verið innan við 3% í öllum þessum ríkjum síðari árin og verðbólga mjög lítil.

Athyglisvert er að þjóðir, sem í lok síðari heimsstyrjaldar stóðu á fremur lágu almennu þekkingar- og menntunarstigi á vestrænan mælikvarða, skuli hafa náð svo góðum tökum á tækniþekkingu og vísindum samtímans sem raun ber vitni. Geta þær nú hagnýtt sér þá þekkingu til aukinnar verðmætasköpunar. Þótt þessar þjóðir eigi margt sameiginlegt eru þær jafnframt mjög ólíkar. Í Japan er fólki þjóðhollusta í blóð borin og tryggð fólks við atvinnurekanda sinn og þjóðarheildina er með eindæmum. Í Singapore hafa stjórnvöld gert tilraun til að sameina fólk af mismunandi þjóðerni undir einu merki og fer þjóðhollusta vaxandi þar. Í Hong Kong er einstaklingshyggjan hins vegar allsráðandi og þjóðernisvitund íbúanna hverfandi.

Samkeppni er sterkur þáttur efnahagsstefnunnar í þessum löndum, bæði milli fyrirtækja innanlands og ekki síður á alþjóðavettvangi. Samkeppnisandinn hefur náð að laða fram aukið frumkvæði, aukna sköpunargáfu og aukið áræði. Samkeppnin hefur þó ekki komið í veg fyrir hópvinnu og samstarf atvinnurekenda og launþega í þessum löndum. Á tímum hátækniiðnaðar skipta samskipti manna mjög miklu máli. Í fyrirtækjum er náið samráð milli starfsmanna og stjórnenda, á landsvísu þríhliða samráð ríkisvalds, verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda. Í þessum löndum hefur blómlegt atvinnulíf verið byggt upp með samvinnu ýmissa þjóðfélagshópa. Andi samvinnu hefur ríkt bæði í fyrirtækjum og í almennum samskiptum ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda. Segja má að þrjú hugtök, samkeppni, samráð og samvinna, hafi mjög tengst efnahagsþróuninni í þessum löndum, en þó sérstaklega í Singapore og Japan. Þau hafa í raun verið grunnurinn að blómlegu atvinnulífi og hraðri aukningu lífsgæða, bæði í Japan og Singapore.

Niðurstaða hópsins er að þau lönd, sem heimsótt voru og bestum árangri hafa náð, bæði Singapore og Japan, hafi gert það með stjórnunaraðferðum sem í stuttu máli má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Viðfangsefni þjóðfélagsins eru vel skilgreind á hverjum tíma og sett fram í formi skýrra þjóðfélagsmarkmiða eða þjóðfélagssýnar sem endurspeglast í aðgerðum stjórnvalda.
2. Kappkostað er að ná samstöðu meðal þjóðarinnar um þessi markmið, og endurspegla markmið fyrirtækja jafnvel þjóðfélagsmarkmiðin.
3. Mikil áhersla er lögð á samráð og samvinnu stjórnenda og starfsmanna um aðgerðir að settum markmiðum og hvers kyns endurbótum í fyrirtækjum. Jafnframt hefur mikil áhersla verið lögð á vöruþróun í samræmi við markaðsþarfir.
4. Frjáls samkeppni og verðmyndun á grundvelli einkarekstrar í atvinnulífi er talið grundvallaratriði fyrir heilbrigt atvinnulíf.
5. Framleiðnihreyfingin er í senn drifkraftur og stýritæki efnahagsframfara. Efnahagsstefna stjórnvalda og stefna í kjaramálum ráðast af þróun framleiðninnar í þjóðfélaginu. Náið samráð er með stjórnvöldum, launþegum og atvinnurekendum í þessu efni.
6. Í flestum fyrirtækjum eru starfandi verkalýðsfélög sem ná til allra starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. Kjör starfsmanna eru að einhverju leyti tengd afkomu fyrirtækisins og leiðir það til þess að bæði stjórnendur og starfsmenn leggja höfuðáherslu á að auka afrakstur fyrirtækisins á grundvelli sameiginlegra hagsmuna og sanngjarnrar skiptingar hans.
7. Japanskar stjórnunaraðferðir, sem í raun eru byggðar á vestrænum hugmyndum, eru snar þáttur efnahagsárangurs þessara þjóða. Kjarni þessara aðferða er áhersla á samráð og samvinnu stjórnenda og starfsmanna. Gæðahringar, eða starf smáhópa, hafa verið öflug tæki til að stuðla að framförum innan fyrirtækjanna.
8. Mikilvægur þáttur efnahagsþróunar í þessum löndum er innflutningur á tækni frá öðrum löndum. Hún er síðan aðhæfð og nýtt til frekari þróunar eftir því sem reynsla fæst.
9. Menntakerfið er lagað að þörfum atvinnulífsins og býr fólk undir líf og starf í þjóðfélagi þar sem breytingar eru örar. Mikil áhersla er lögð á þetta atriði bæði í Singapore og Japan, þótt staðið sé að því með mismunandi hætti í þessum löndum.

Þátttakendur í ferð Iðntæknistofnunar hafa hugleitt hvaða ályktanir megi draga af þessu með íslenskar aðstæður í huga. Þjóðfélagsaðstæður eru á margan hátt öðruvísi hér á landi en í þessum löndum en samt ætti að vera unnt að flytja reynslu þessara þjóða hingað með nokkrum breytingum. Að mati hópsins eru ýmis atriði sem ekki virðist fjarlægt að nýta við íslenskar aðstæður og ættu að geta leitt til eflingar íslensks atvinnulífs.

Ljóst er að athugun eins hóps kann að gefa takmarkaða sýn og niðurstöðum hans að vera tekið með fyrirvara ef fleiri fá ekki hliðstæða reynslu. Hópurinn telur því æskilegt að fleiri Íslendingar úr hópi launþega, atvinnurekenda og skólamanna úr fjölmiðlun, stjórnmálum og opinberri stjórnsýslu fari í ferð til þessara landa og kynnist af eigin raun þeim hugsunarhætti og vinnubrögðum sem hér hefur verið sagt frá.

Sþ. 306. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

I. Frá *Svavari Gestssyni.* Þús. kr.
Við 4. gr. 02–909 Blindrabókasafn Íslands 1.01 Almennur rekstur.
Fyrir „3 951“ kemur 5 951

II. Frá *Svavari Geirssyni* og *Steingrími J. Sigfússyni.* Þús. kr.
Við 4. gr. 02–988 Æskulýðsmál 1.20 Alþjóðaár æskunnar.
Fyrir „650“ kemur 2 000

Ed. 307. Frumvarp til laga [233. mál]

um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald í ríkissjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að Rafveitu Siglufjarðar skuli endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu, sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkunotkunar á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta, skv. 1. mgr. 1. gr., og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

5. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

6. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sbr. ákvæði 1. greinar.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins h.f. og til húshitunar.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

11. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla úr gildi 31. desember 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu á frumvarpi til laga um verðjöfnunargjald af raforku á Alþingi 14. desember 1983 gaf iðnaðarráðherra þá yfirlýsingu að hann myndi beita sér fyrir lækkun gjaldsins í áföngum eða niðurfellingu þess, enda yrði séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða með öðrum hætti.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði iðnaðarráðherra með bréfi dagsettu 27. janúar 1984 nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforku. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, formaður.

Kjartan Jóhannsson, alþingismaður.

Stefán Guðmundsson, alþingismaður.

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins og

Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri og formaður Sambands íslenskra rafveitna.

Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 23. nóvember 1984, er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í nefndarálitinu leggur nefndin til að gjaldið lækki í áföngum og falli niður 31. desember 1988 og að samhliða því verði lögfestar aðgerðir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ekki náðist samstaða nú um

þær leiðir sem nefndin lagði til og settar eru fram í frumvarpi því til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu sem nefndin hefur samið og er fylgiskjal nr. 4 með nefndarálitinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu árið 1985. Upphæð gjaldsins sem verið hefur 19% verði lækkuð í 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi aðeins eitt ár og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1985. Frumvarp þetta ber því að skoða sem fyrsta áfanga þess að verðjöfnunargjald af raforkusölu verði fellt niður.

Frumvarpið felur í sér það nýmæli, auk lækkunar úr 19% í 16%, að verðjöfnunargjaldið skal nú greiða beint til Rafmagnsveitna ríkisins (80%) og Orkubús Vestfjarða (20%) í stað þess að gjaldið fór áður í gegnum Orkusjóð. Þá eru felld úr lögum um verðjöfnunargjald af raforkusölu ýmis ákvæði er varða málefni Rafmagnsveitna ríkisins og ekki þykja lengur eiga við.

Skv. framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að tekjur af verðjöfnunargjaldi verði 420 millj. króna á árinu 1985. Lækkun verðjöfnunargjaldsins á árinu 1985 úr 19% í 16% þýðir um 53,0 millj. kr. tekjumissi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og um 13,3 millj. kr. tekjumissi fyrir Orkubú Vestfjarða, og er þá miðað við heildartekjur af gjaldinu eins og þær eru áætlaðar í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að þessum tekjumissi verði mætt með skuldbreytingu áhvílandi lána hjá fyrirtækjunum. Samkvæmt tillögum sem nú eru til athugunar næst að mæta þeim tekjumissi alfarið með slíkri skuldbreytingu.

Þar sem ekki náðist samstaða nú um frumvarp til laga um lækkun gjaldsins í áföngum og niðurfellingu þess, samhliða aðgerðum til að bæta fjárhag fyrirtækjanna sem fela í sér lausn til frambúðar, er óhjákvæmilegt með tilliti til bágrar fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða að framlengja gjald þetta um eitt ár, þó þannig að gjaldið lækki úr 19% í 16%.

Um forsögu verðjöfnunargjaldsins vísast að öðru leyti til fylgiskjals nr. 1 með meðfylgjandi nefndaráliti um sögu verðjöfnunargjalds af raforku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 1. grein laga nr. 83/1974 með áorðnum breytingum, að öðru leyti en því að hundraðstala gjaldsins er ekki tilgreind í þessari grein og greiðslum er ætlað að ganga beint til fyrirtækjanna fyrir milligöngu ríkissjóðs í stað Orkusjóðs.

Um 2. gr

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt 2. gr. laga nr. 83/1974.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt 3. gr. laga nr. 83/1974.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt 4. gr. laga nr. 83/1974.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt 5. gr. laga nr. 83/1974 með áorðnum breytingum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt 6. gr. laga nr. 83/1974 að öðru leyti en því, að ríkisféhirði ber að skila gjaldinu beint til fyrirtækjanna í stað Orkusjóðs. Breyting þessi, sbr. einnig breytingu á 1. gr., er til komin vegna þess, að Orkusjóður er talinn óþarfur milliliður við meðferð þessa fjár. Innheimtugjald Orkusjóðs hefur að jafnaði verið 0,5% af innheimtri fjárhæð verðjöfnunargjaldsins.

Um 8. gr.

Greinin er að nokkru breytt 7. gr. laga nr. 83/1974, en í henni eru taldir þeir notendur, sem undanþegnir eru verðjöfnunargjaldi. Við þá upptalningu er bætt Íslenska járnblendifélaginu hf., enda er í samningi um raforkusölu til þess fyrirtækis kveðið á um undanþágu frá verðjöfnunargjaldi.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt 8. gr. laga nr. 83/1974.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt 9. gr. laga nr. 83/1974.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt 10. gr. laga nr. 83/1974.

Um 13. gr.

Lög nr. 83/1974 með áorðnum breytingum falla sjálfkrafa úr gildi 31. des. 1984. Lagt er til að frumvarp þetta gildi aðeins árið 1985 og falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1985, enda er að því stefnt að frumvarp til laga er kveði á um framtíðarskipan þessara mála verði afgreitt sem lög frá Alþingi á árinu 1985 og taki gildi frá 1. janúar 1986 að telja.

Fylgiskjal.

Nefndarálit (nefndar til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku) dags. 23.11. 1984, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:

1. Saga verðjöfnunargjalds af raforku.
2. Rekstraráætlanir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
2a. Rafmagnsveitur ríkisins: rekstraráætlun 1984—93.
2b. Orkubú Vestfjarða: rekstraráætlun 1984—93.
2c. Greinargerð fyrir kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna rafhitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins.
2d. Félagslegur þáttur framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins.
3. Samanburður á raforkuverði (Töflur Sambands íslenskra rafveitna).
3a. Áætlað meðalverð árið 1984: helstu taxtar.
3b. Áætlað meðalverð árið 1984: raforkusala önnur en til húshitunar.
3c. Áætlað meðalverð nóvember 1984: raforkusala önnur en til húshitunar (15 veitur og aðrar veitur).
3d. Sama og 3c, en lækkun verðjöfnunargjalds úr 19% í 10% sýnd.
4. Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Fylgiskjal.

Nefnd til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku.

Nefndarálit

Skipun

Með bréfi, dags. 27.01. 1984, skipaði iðnaðarráðherra nefnd til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku. Í skipunarbréfi segir m. a.: „Skal nefndin taka til athugunar gildandi lög þar um með það fyrir augum að lækka gjaldið eða afnema með öllu, enda verði með öðrum hætti séð fyrir fjárhag þeirra orkufyrirtækja, sem notið hafa gjaldsins".

Störf

Nefndin hefur haldið 16 bókaða fundi, en auk þess hefur mikil vinna verið innt af hendi milli funda.

Rekstraráætlanir þeirra tveggja fyrirtækja er í hlut eiga, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, reyndust nægilega líkar til þess, að í upphafi var látið nægja að beina athyglinni að Rafmagnsveitum ríkisins. Þær önnuðust því gagnasöfnun að verulegu leyti, einkum með því að gera rekstraráætlanir fyrir árin 1984—93 miðað við ýmsar forsendur. Auk þess gerði Orkubú Vestfjarða bæði í upphafi nefndarstarfsins, og undir lok þess, hliðstæðar áætlanir (fylgiskjöl 2). Þá gerði Samband íslenskra rafveitna margs konar samanburð á raforkuverði fyrir nefndina (fylgiskjöl 3).

Niðurstaða

Niðurstaða nefndarinnar er sú, að verðjöfnunargjaldið skuli afnumið. Nefndin telur þó ekki unnt að gera það að fullu um næstu áramót, en tillaga hennar er sú að gjaldið verði afnumið í áföngum. Er því lagt til, að gjaldið, sem nú er 19%, verði 10% árin 1985 og 1986, 5% árin 1987 og 1988 en falli síðan niður.

Auk þessarar megintillögu er lagt til, að sala raforku til allrar rafhitunar (ekki einungis húshitunar, eins og nú er) verði undanþegin verðjöfnunargjaldi að fullu frá og með 1. janúar 1985. Sama tillaga er gerð um sölu raforku til dælingar hitaveitna á heitu vatni, til skipa í höfnum og til varmadælna. Ætla má að greitt verðjöfnunargjald af þessari sölu sé nú um 20 millj. kr.

Þótt vitað sé, að prósentuálagning verðjöfnunargjalds sé að því leyti óskynsamleg, að hún leggst þyngst á það verð, sem hæst er, þykir ekki ástæða til að breyta álagningaraðferðinni nú (t. d. í kr/kWh) þar eð verðjöfnunargjaldið fellur niður að tiltölulega skömmum tíma liðnum, ef farið verður að tillögum nefndarinnar, enda fylgja slíkri breytingu ýmis tæknileg vandkvæði.

Til að mæta þeim tekjumissi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sem í niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins felst, eru eftirtaldar tillögur gerðar:

1. Þar eð tekjur af raforkusölu til hitunar standa ekki undir kostnaði, verði veitunum bættur mismunurinn með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs (sjá fylgiskjal 2c).
2. Ríkissjóður aðstoði fyrirtækin að öðru leyti með tvennum hætti:
   a) Félagslegur þáttur framkvæmda, sbr. skilgreiningu í fylgiskjali 2d, verði árlega að fullu greiddur úr ríkissjóði.

b) Ríkissjóður yfirtaki 1. janúar 1985 20,0% áhvílandi lána Rafmagnsveitna ríkisins og 7,5%* áhvílandi lána Orkubús Vestfjarða. Þeim hluta lána, sem eftir standa hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán til 10 ára með raunvöxtum eigi hærri en 8% árin 1985—87 og 6% árin 1988—93.

Enn fremur er gert ráð fyrir nokkurri taxtahækkun hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða til samræmis við verðlag á raforku hjá öðrum rafveitum eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Sérstaklega ber þó að geta þess, að þótt tillögur séu gerðar um nokkra taxtabreytingu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, verður ekki um hækkun orkuverðs til notenda að ræða á árinu 1985, raunar um nokkra lækkun hjá Orkubúi Vestfjarða, þegar tekið er tillit til lækkunar verðjöfnunargjalds í 10% (skv. fylgiskjali 3d).

Með þessum aðgerðum, sem nefndin telur framkvæmanlegar, er þó ekki gengið lengra en svo á þessu stigi, að meðalverð Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, á annarri raforku en til húshitunar, verður því sem næst vegið meðaltal 15 rafveitna sveitarfélaga (sjá fylgiskjal 3d).

Skýringar

Skýringar á því, að hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, og afkoma þessara fyrirtækja, gerir kröfu til sérstakra aðgerða að hálfu ríkisins eru raktar hér á eftir. Ítarlegir útreikningar hafa verið gerðir til að leiða líkum að því, að afkoma fyrirtækjanna verði viðunandi, ef farið verður að tillögum nefndarinnar.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að verðjöfnunargjaldið hefur farið til þess að mæta þeim vandkvæðum, sem eru á rekstrarafkomu þessara fyrirtækja.

1. Stefna ríkisvaldsins í húshitunarmálum hefur leitt til þess, að verulegt tap er á orkusölu til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.
2. Meðalverði á annarri raforkusölu en til húshitunar hefur verið haldið tiltölulega lágu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Hefur m. a. sætt gagnrýni, að orkuverð þessara veitna til notenda er lægra en hjá flestum sveitarfélagarafveitum. Þennan mun verður að jafna. Í afkomuáætlunum nefndarinnar er þó gengið tiltölulega skammt í þeim efnum.
3. Tekjur af framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar, sem Alþingi hefur samþykkt, hafa ekki staðið undir kostnaði. Því er talin ástæða til að ríkissjóður standi straum af óarðbærum hluta þessara framkvæmda.
4. Stefna ríkisvaldsins hefur verið sú, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförnum árum ekki fengið að leita hagkvæmustu lána til framkvæmda og eigin fjármögnun hefur verið lítil sem engin.

Varðandi forsendur áætlana, sem gerðar hafa verið, er rétt að taka sérstaklega fram:

a) Nefndin leggur til grundvallar áætlanir fyrirtækjanna (fylgiskjal 2a og 2b) um rekstur og framkvæmdir á tímabilinu 1984—1993. Nefndin hefur ekki lagt sérstakt mat á áætlanir þessar, en allar forsendur eru þar tilgreindar.
b) Ef hlutfallsleg lækkun verður á gjaldskrá Landsvirkjunar eftir 1985, mundi það koma veitunum og/eða notendum þeirra til góða.

Miðað við framangreindar forsendur og tillögur er útlit fyrir, að rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækjanna verði viðunandi á næstu 10 árum. Jafnframt er haft til viðmiðunar, að fé úr rekstri til framkvæmda verði því sem næst 30%.

---

* Eftir að nefndin gekk frá áliti sínu kom í ljós, að talan 7,5% reyndist röng. Rétta talan er 12,5%.

Tillögur nefndarinnar koma fram í meðfylgjandi frumvarpi til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu (fylgiskjal 4).

Varðandi raforkusölu til húshitunar

Hér liggur til grundvallar sú forsenda, að það sé ákvörðun stjórnvalda að halda húshitunarverði til notenda í lágmarki. Útreikningar Rafmagnsveitna ríkisins sýna, að um 68,5 millj. kr. skorti til þess að sala til húshitunar standi undir kostnaði. Hliðstæð tala fyrir Orkubú Vestfjarða er 18,1 millj. kr. Báðar tölur eru miðaðar við árið 1985.

Orkuverði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, einkum til hitunar, hefur verið haldið of lágu um langan tíma. Þetta er tilfinnanleg tekjuskerðing, þar eð sala samkvæmt hitunartöxtum (hitunarþáttur marktaxta meðtalinn) er um 60% hjá Rafmagnsveitum ríkisins og rösklega 40% hjá Orkubúi Vestfjarða. Hér er því gerð tillaga um beint framlag ríkissjóðs, er brúi þetta bil, en gangi beint til veitnanna sjálfra.

Varðandi aðra raforkusölu

Þótt hitunarþátturinn sé tekinn út úr myndinni (fylgiskjal 3b), sést að verð á raforku annarri en til hitunar hjá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins er lægra en hjá ýmsum öðrum veitum.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að bera saman verð fyrirtækjanna tveggja annars vegar og verð 15 rafveitna sveitarfélaga hins vegar, þannig að rafveitur höfuðborgarsvæðisins, svo og Rafveita Akureyrar, Rafveita Akraness og Rafveita Siglufjarðar, séu undanskildar.

Þessi samanburður er sýndur í fylgiskjali 3c. Með hliðsjón af þeim samanburði telur nefndin eðlilegt, að öflun eigin tekna af orkusölu hinna tveggja fyrirtækja verði á þessu stigi að minnsta kosti aukin sem svarar hækkun meðalverðs (án sölu til rafhitunar) í því sem næst vegið meðaltal orkuverðs hinna 15 veitna. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins jafngildir þetta tekjuaukningu um 35,4 millj. kr. og hjá Orkubúi Vestfjarða um 2,8 millj. kr.

Þess er rétt að geta, að vegna lækkunar á verðjöfnunargjaldi, skv. tillögum nefndarinnar, verður hér ekki um raunverulega hækkun á orkuverði til notenda að ræða. Tölur um nýtt og lægra orkuverð hinna ýmsu rafveitna eftir lækkun verðjöfnunargjaldsins eru sýndar í fylgiskjali 3d.

Félagslegar framkvæmdir

Félagslegur þáttur í framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins var fyrst tekinn inn í áætlanir fyrirtækisins árið 1978, en ítarlega er gerð grein fyrir honum í skýrslu samstarfsnefndar Rafmagnsveitna ríkisins, iðnaðarráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, dags. 22.4. 1981. Þar er m. a. lýst núvirðisreikningi á kostnaði við þann hluta stofnlína og aðveitustöðva, sem telst óarðbær.

Framlög vegna félagslegra framkvæmda hafa verið þessi:

Ár	Umbeðið	Fengið
1979	6 000 þús. kr.	6 000 þús. kr.
1980	10 000 þús. kr.	10 000 þús. kr.
1981	15 000 þús. kr.	15 250 þús. kr.
1982	17 250 þús. kr.	7 750 þús. kr.
1983	25 875 þús. kr.	12 170 þús. kr.
1984	51 397 þús. kr.	0 þús. kr.

Orkubú Vestfjarða hefur ekki reiknað félagslegan þátt framkvæmda en gerir það frá og með árinu 1985.

Í rekstraráætlunum fyrirtækjanna fyrir árin 1984—1993 er félagslegur þáttur sýndur sérstaklega og gert ráð fyrir að hann sé greiddur af ríkinu til beggja fyrirtækjanna. Á árinu 1985 er hér um 36,4 millj. kr. fjárhæð til Rafmagnsveitna ríkisins að ræða og 5,0 millj. kr. fjárhæð til Orkubús Vestfjarða.

Yfirtaka lána

Að framangreindum skilyrðum fullnægðum skortir nokkuð á, að rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á 10 ára tímabilinu 1984—1993 sé í jafnvægi og hæfilegt fjármagn til framkvæmda náist úr rekstri, en með þeirri yfirtöku lána, sem áður er getið, telst rekstrarafkoma viðunandi. Þetta má m. a. styðja þeim rökum að félagslegur þáttur fyrri ára hefur ekki verið greiddur af ríkinu nema að litlum hluta.

Lokaorð

Raforkuverð til notenda hér á landi er orðið tiltölulega hátt, m. a. í samanburði við verð í grannlöndum. Heildsöluverð er sömuleiðis orðið hátt. Hlutfall gjalda vegna orkukaupa og tekna af raforkusölu er hjá flestum rafveitum á bilinu 60—70%. En verulegur þáttur í hinu háa orkuverði er skattlagning, sem er hærri hér en víðast annars staðar. Afnám verðjöfnunargjalds er því liður í þeirri viðleitni að lækka raforkuverð í landinu.

Verðjöfnunargjald af raforku hefur jafnan verið umdeilt, allt frá því að það var fyrst lagt á með lögum nr. 96/1965. Saga gjaldsins er rakin í fylgiskjali 1.

Þróun raforkuverðs hefur orðið sú á síðustu árum, að mjög margar af rafveitum sveitarfélaga hafa orðið að selja raforku við hærra verði en þær veitur er verðjöfnunargjaldsins njóta, þ. e. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Ljóst er því, að gjaldið er orðið mjög óréttlátt. Því hefur nú þótt tímabært að endurskoða gildandi lög um gjald þetta.

Orkusala samkvæmt sömu gjaldskrá frá öllum afhendingarstöðum í stofnlínukerfi Landsvirkjunar felur að sjálfsögðu í sér mikla verðjöfnun raforku um landið.

Fjárhagsaðgerðir ríkisins nú til að auðvelda niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins eru m. a. studdar eftirtöldum rökum:

Stjórnvöld hafa ekki heimilað fyrirtækjunum raunhæfa verðlagningu á orku. Þau hafa ákveðið hröðun ýmissa framkvæmda umfram áætlanir fyrirtækjanna. Þau hafa aðeins að hluta greitt sannanlega óarðbærar aðveituframkvæmdir (félagslegan þátt). Þau hafa ekki heimilað Rafmagnsveitum ríkisins að leita hagkvæmustu lána á erlendum lánamarkaði. Verðjöfnunargjaldið hefur verið mikilvægur tekjustofn fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Það stuðlaði því í upphafi að minni verðmun en ella. Á síðari árum hefur það hins vegar ekki leitt til þeirrar verðjöfnunar, sem að var stefnt. Hið nýja misræmi í raforkuverði hinna ýmsu rafveitna í landinu telur nefndin nauðsynlegt að leiðrétta svo sem kostur er.

Nefndin telur því, að ríkinu beri skylda til að greiða fyrir afnámi gjaldsins með aðgerðum þeim, sem lýst er í greinargerð þessari og meðfylgjandi frumvarpi til laga.

Reykjavík, 23. 11. 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, alþm. formaður
Kjartan Jóhannsson, alþm.
Stefán Guðmundsson, alþm.

Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri

Aðalsteinn Guðjohnsen
rafmagnsstjóri

Fylgiskjöl:

1. Saga verðjöfnunargjalds af raforku.
2. Rekstraráætlanir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða 1984—1993 (fylgiskjöl 2a—2d).

3. Samanburður á raforkuverði (töflur Sambands íslenskra rafveitna, fylgiskjöl 3a—3d).
4. Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Fylgiskjal 1.

Saga verðjöfnunargjalds af raforku.

Verðjöfnunargjald var fyrst lagt á raforkusölu með lögum nr. 96/1965. Gjaldið var þá lagt á heildsölu raforku. Lagasetning þessi var umdeild á sínum tíma, en áður hafði hallarekstri Rafmagnsveitna ríkisins verið mætt með beinum framlögum úr ríkissjóði. Svo var þó komið árið 1965, að lán skv. sérstakri heimild í fjárlögum, lán af eigin fé Raforkusjóðs og skuld Rafmagnsveitnanna við Ríkisábyrgðarsjóð og sívaxandi rekstrarhalli fyrirtækisins kölluðu á sérstakar aðgerðir. Í heild var rekstrarhallinn orðinn rösklega 50 millj. kr.

Gagnrýni á lagafrumvarp þetta beindist m. a. að því, að hér væri um nýja skattlagningu að ræða, þar sem ríkið væri að víkja sér undan ábyrgð, svo og því, að aðferðin við álagningu þessa skatts leiddi ekki til verðjöfnunar.

Í nefndaráliti meiri hluta fjárhagsnefndar segir hins vegar, að gert sé ráð fyrir árlegri endurskoðun gjaldsins og með því sé komið í veg fyrir, að gjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, enda við það miðað að heildarfjárhæð verði föst upphæð (þá 35,0 millj. kr.).

Frumvarpið hlaut mjög mikla umræðu á Alþingi og fjöldi breytingartillagna var fluttur. Meðal breytinga, sem gerðar voru á frumvarpinu, var að leita skuli tillagna Sambands íslenskra rafveitna við setningu reglugerðar.

Með lögum nr. 17/1970 var lögum um verðjöfnunargjald breytt. Helstu breytingar voru þær, að gjaldið var hækkað í 70 millj. kr. Það skyldi greitt í Orkusjóð og Rafmagnsveitum ríkisins var sett stjórn, þar sem einn stjórnarmaður skyldi tilnefndur af Sambandi íslenskra rafveitna.

Í upphafi jafngilti verðjöfnunargjaldið um 7,5% af sölu, en lækkaði að raungildi niður í 4,3% árið 1969 — þar til það var tvöfaldað, og nam þá 8,6% af sölu. Enn lækkaði gjaldið að raungildi, var t. d. 4,6% árið 1973 og áætlað 3,1% árið 1974.

Ástæða þess, að gjaldið var ákveðið föst upphæð, var annars vegar sú, að ekki var gert ráð fyrir umtalsverðri verðbólgu — en einnig sú von, að Rafmagnsveitur ríkisins mundu eflast „með auknu rekstrarumfangi til að standa meir á eigin fótum“, eins og segir í nefndaráliti er fylgdi frumvarpi um ný lög árið 1974.

Með nýjum lögum nr. 83/1974 var verðjöfnunargjald af raforku verulega fest í sessi. Í stað álagningar á heildsöluverð, sem aðeins mætti nema fastri upphæð, var ákveðið að leggja gjaldið á smásölu í hundraðshlutum af sölutekjum. 13% verðjöfnunargjald var að sjálfsögðu veruleg hækkun en auk þess var gjaldið „verðtryggt“ í tengslum við verðhækkanir á raforku.

Með lögum þessum var í raun mörkuð stefna aukinnar skattlagningar á raforku í landinu, en jafnframt ákveðið það frávik, að raforkusala til húshitunar skyldi undanþegin verðjöfnunargjaldi, svo sem þegar hafði verið ákveðið að því er söluskatt varðaði. Það er hins vegar athyglisvert, að í meðferð Alþingis var ákveðið, að lögin skyldu aðeins gilda í eitt ár. Í öllum lögum um verðjöfnunargjald af raforku höfðu, auk álagningar verðjöfnunargjalds, verið ákvæði um eftirgjöf og skuldbreytingar lána.

Frá upphafi hafa lög um verðjöfnunargjald af raforku mætt andstöðu raforkufyrirtækja í landinu og samtaka þeirra, Sambands íslenskra rafveitna (SÍR). SÍR hefur varað við skattlagningu raforku, m. a. vegna uppsöfnunaráhrifa hjá fyrirtækjum og stofnunum, samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar, óréttlátrar álagningar — þar sem skattlagning í hundraðshlutum á söluverð leggst þyngst á það verð sem hæst er fyrir — og þeirrar grundvallarreglu, að öll brenglun á verðskrám orkufyrirtækja sé hættuleg, þar eð hún geti

leitt til rangrar ákvarðanatöku við val á hagkvæmustu kostum, ef orkuverð er þar verulegur þáttur.

Stefna stjórnvalda til útrýmingar innfluttra orkugjafa til hitunar olli mjög miklum hraða í rafhitunarframkvæmdum víðs vegar um landið. Fjárfesting Rafmagnsveitna ríkisins af þessum sökum varð mjög mikil. Verðjöfnunargjaldið dugði því varla til að standa undir halla Rafmagnsveitnanna. En jafnframt virtist sem löggjafanum hafi verið orðið ljóst, að verðjöfnunargjald þetta væri að ýmsu leyti gallað — enda hafa lögin frá 1974 aldrei verið framlengd nema til eins árs í senn.

Árið 1977, eftir stofnun Orkubús Vestfjarða, var lögunum breytt þannig, að 80% gjaldsins skyldu renna til Rafmagnsveitna ríkisins en 20% til Orkubús Vestfjarða.

Með lögum nr. 99/1979 var verðjöfnunargjaldið hækkað í 19%. Enn voru lögin aðeins sett til eins árs — og rík áhersla lögð á það, bæði í áliti meiri hluta og minni hluta iðnaðarnefndar, að ríkissjóður standi undir svonefndum félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins. Svo var gert næstu þrjú ár, 1979—81, en næstu þrjú ár þar á eftir minnkaði þessi þátttaka ríkissjóðs og hvarf að fullu á árinu 1984.

Með lögum nr. 105/1980 var sett í lögin ákvæði þess efnis að ráðherra væri heimilt að lækka gjaldið úr 19% í 16%, enda þá taldar líkur á að hagur Rafmagnsveitna ríkisins færi batnandi. Ákvæði þessu var ekki beitt.

Með lögum nr. 89/1981 var bætt við ákvæði um heimild til ráðherra að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar innheimt verðjöfnunargjald veitunnar. Sú heimild hefur verið notuð að fullu.

Árið 1982 hóf ríkið niðurgreiðslur á raforku til húshitunar. Niðurgreiðslur þessar voru stórauknar árin 1983 og 1984. Fé þetta er fyrst og fremst notað til að halda orkuverði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til rafhitunar niðri. Raunar gengu greiðslur þessar einnig til þriggja rafveitna sveitarfélaga. Við niðurgreiðsluaðferðinni var þegar varað, m. a. af Orkustofnun og Sambandi íslenskra rafveitna. Ýmis rök voru færð fyrir því, að milliliðalausir styrkir, skattaívilnanir og aðstoð við orkusparandi aðgerðir voru vænlegri kostir, enda geti röskun á verðskrám orkufyrirtækja leitt til rangrar ákvarðanatöku í orkukaupum — jafnvel til beinnar orkusóunar.

Verðjöfnunargjaldið var nú farið að valda rafveitum sveitarfélaga verulegum erfiðleikum. Í kjölfar árlegra mótmæla Sambands íslenskra rafveitna fylgdi nú smanburður á raforkuverði hinna ýmsu rafveitna í landinu, sem sýndi að verð mjög margra rafveitna sveitarfélaga var orðið verulega hærra en verð þeirra veitna, sem nutu verðjöfnunargjaldsins, þ. e. Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þetta varð verulega áberandi við hinar miklu hækkanir á raforku árin 1982 og 1983.

Með bréfi SÍR til iðnaðarráðherra, dags. 07. 12. 1983, er bent á hið mikla misræmi, sem orðið er í verðskrám rafveitna. Þar er einnig vikið að hinni stórfelldu niðurgreiðslu á raforkusölu til húshitunar, sem fyrst og fremst gengur til notenda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða — og bætist að fullu við verðjöfnunargjaldið, en hefur engin áhrif til lækkunar þess.

Á árinu 1984 er því orðið ljóst, að verðjöfnunargjaldið er óæskilegur skattur, sem flestir eru sammála um að afnema beri. Jafnframt er ljóst, að gera þarf aðrar ráðstafanir til að tryggja, að Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða — sem og öðrum raforkufyrirtækjum í landinu — verði búin viðunandi skilyrði til rekstrar og framkvæmda.

Ein aðalforsenda þess er, svo sem SÍR hefur lagt áherslu á, að verðlagning orku verði í höndum fyrirtækjanna sjálfra og eigenda þeirra. Vilji ríkisvaldið hafa þar einhver afskipti ættu þau að takmarkast við það að setja viðmiðunarreglur um arðgjöf og afskriftir sem tryggi viðunandi eiginfjárstöðu og sjóðsstreymi raforkufyrirtækjanna.

Við þessa sögu verðjöfnunargjaldsins er rétt að bæta því, að söluskattur var fyrst lagður á árið 1960 og nam þá 3,0%. Árið 1980 var hann orðinn 22,0%. Á því ári var bætt við hann svonefndu orkujöfnunargjaldi, 1,5%, þótt það hafi í óverulegum mæli verið notað í þeim

tilgangi, sem nafnið bendir til. Söluskattur og verðjöfnunargjald af raforku nema því samtals 42,5%.

Á árinu 1973 hafði fjármálaráðherra nýtt heimild í 20. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960 til að ákveða, að sala raforku til húshitunar skyldi undanþegin söluskatti (bréf, dags. 10. 03. 1973), svo sem áður er getið. Sala raforku til varmadælna er nú einnig undanþegin bæði verðjöfnunargjaldi og söluskatti.

Sala til stórfyrirtækja hefur alla tíð verið undanþegin söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Fylgiskjal 2a.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
Hagdeild 19. 11. 1984

REKSTRARÁÆTLUN ÁRANNA 1984—1993 Á VERÐLAGI 1. OKT. 1984 Í MILLJ. KR.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	
TEKJUR:											
Smásala á orku	833.9	986.1	1,035.4	1,083,0	1,127.4	1,170.3	1,212.4	1,253.6	1,296.3	1,340.3	
Heildsala orku	436.1	466.3	489.6	512.1	533.1	553.4	573.3	592.8	613.0	633.8	
Verðjöfnunargjald	283.5	178.4	187.8	98.4	102.6	0	0	0	0	0	
Aðrar tekjur	20.8	20.8	20.8	20.8	20.8	20.8	20.8	20.8	20.8	20.8	
Tekjur alls	1,574.3	1,651.6	1,733.6	1,714.3	1,783.9	1,744.5	1,806.5	1,867.2	1,930.1	1,994.9	17,801.0[1]
GJÖLD:											
Laun	103.3	107.2	107.2	107.2	107.2	107.2	107.2	107.2	107.2	107.2	
Önnur rekstrargjöld	154.4	158.3	158.3	158.3	158.3	158.3	158.3	158.3	158.3	158.3	
Hráefni og vörur til endursölu	904.2	974.9	1,028.4	1,082.5	1,132.8	1,181.4	1,229.2	1,275.9	1,324.3	1,374.3	
Gjöld alls	1,161.9	1,240.4	1,293.9	1,348.0	1,398.3	1,446.9	1,494.7	1,541.4	1,589.8	1,639.8	
Tekjur af reglulegri starfsemi	412.4	411.2	439.7	366.3	385.6	297.6	311.8	325.8	340.3	355.1	
Vextir	214.5	154.0	144.4	134.0	92.0	81.1	69.4	57.1	44.1	30.2	
Af nýjum lánum	0	0	0.1	1.7	7.9	13.3	21.0	28.8	34.9	46.3	
Vextir alls	214.5	154.0	144.5	135.7	99.9	94.4	90.4	85.9	79.0	76.5	
Tekjur fyrir afskriftir	197.9	257.2	295.2	230.6	285.7	203.2	221.4	239.9	261.3	278.6	
Afskriftir	205.5	187.7	187.7	187.7	187.7	187.7	187.7	187.7	187.7	187.7	
Af nýjum framkvæmdum	0	13.7	21.0	29.8	36.2	41.2	45.7	50.3	54.3	61.3	
Afskriftir alls	205.5	201.4	208.7	217.5	223.9	228.9	233.4	238.0	242.0	249.0	
Hagnaður/tap ársins	−7.6	55.8	86.5	13.1	61.8	−25.7	−12.0	1.9	19.3	29.6	
Hagnaður/tap tímabilsins	−7.6	48.2	134.7	147.8	209.6	183.9	171.9	173.8	193.1	222.7	1.25%[2]
Afborganir	117.6	120.7	130.4	140.8	182.7	193.7	205.3	217.6	230.7	244.5	
Af nýjum lánum	0	0	0	0	0	0	0.2	4.3	26.3	44.5	
Afborganir alls	117.6	120.7	130.4	140.8	182.7	193.7	205.5	221.9	257.0	289.0	
Til fjárfestingar	80.3	136.5	164.8	88.8	103.0	9.5	15.9	18.0	4.3	−10.4	26.5%[3]
Fjárfesting		174.0	247.0	275.0	267.0	177.0	193.0	156.0	306.0	214.0	2,009.0[4]
Félagslegur þáttur		36.4	62.0	75.0	73.0	40.0	46.0	32.0	87.0	53.0	
Úr rekstri		136.5	164.8	88.8	103.0	9.5	15.9	18.0	4.3	−10.4	531.4[5]
Lántökuþörf		1.1	20.2	110.2	91.0	127.5	131.1	106.0	214.7	171.4	

1) Heildartekjur tímabilsins 1984—1993
2) Heildarhagnaður áranna 1984—1993 sem hlutfall af heildartekjum
3) Hluti fjárfestingar fjármagnaður af rekstrarafgangi að jafnaði yfir tímabilið 1985—1993
4) Heildarfjárfesting 1985—1993
5) Heildarfjárhæð áranna 1985—1993 til fjárfestingar úr rekstri

FJÁRMÁLASVIÐ
Hagdeild
22.11.1984.

FORSENDUR:

Verðlag:	Á verðlagi 01.10 1984.
1984:	Endurskoðuð rekstraráætlun fyrir 1984 er lögð til grundvallar. Í áætluninni er gert ráð fyrir 2% aukningu orkusölu bæði í smásölu og heildsölu með tilliti til reynslu fyrstu 9 mánaða ársins.
1985:	Sama áætlun er notuð og við fjárlagagerð. Gert er ráð fyrir 7% magnaukningu bæði í smásölu og heildsölu vegna reynslunnar af að á eftir ári með litla magnaukningu kemur ár með mikla magnaukningu.
Orkukaup og orkusala:	Gert er ráð fyrir 1% minni aukningu á ári en í raforkuspá 1981—2000 útg. af orkuspárnefnd í apríl 1981, nema árin 1984—85, sjá ofar.
Tekjur í smásölu:	Reiknað er með meðalverði 174 aur/kWh 1984. Gert er ráð fyrir 68,5 Mkr tekjuauka í hitasölu og 7% hækkun annarra taxta.
Tekjur af heildsölu:	Reiknað er með óbreyttu meðalverði bæði á raforku og heitu vatni til fjarvarmaveitna og sömu aukningu hjá endursöluaðilum og hjá RARIK.
Verðjöfnunargjald:	Metið sem 36% af smásölutekjum. Gert er ráð fyrir 10-10-5-5 hjöðnun gjaldsins á árunum 1985—1988. Einnig er gert ráð fyrir niðurfellingu gjaldsins á sölu til skipa í höfnum og dælingar á heitu vatni hjá hitaveitum.
Aðrar rekstrartekjur:	Þar af þjónustusamningur við Landsvirkjun 12 800 þús. kr.
Laun:	Ekki er gert ráð fyrir, að launakostnaður aukist við magnaukningu í orkusölu.
Önnur rekstrargjöld:	Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður aukist við magnaukningu sölu.
Hráefni og vörur til endursölu:	Eigin framleiðsla áætluð 100 GWh, orkukaup frá Rafveitu Siglufjarðar áætluð 4 GWh og orkuvinnsla í dísilstöðvum áætluð 2GWh, allt á ári. Gert er ráð fyrir, að allrar nýrrar orku verði aflað með orkukaupum af Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir óbreyttu meðalverði frá Landsvirkjun.
Vextir og afborganir:	Gert er ráð fyrir jafngreiðsluláni kr. 1 925 600, með 8% vöxtum 1985—1987 en 6% vöxtum eftir það. Á verðlagi 01.10. 1984 jafngildir það 20% yfirtöku lána eins og þau áætlast í árslok 1984.
Afskriftir:	Tekið er tillit til breytinga á afskriftagrunni á tímabilinu.
Framkvæmdir:	Framkvæmdir eru áætlaðar af tæknilegri áætlanadeild RARIK, með tilliti til fyrirliggjandi gagna og spár um þróun orkusölu.

Fylgiskjal 2b.

ORKUBÚ VESTFJARÐA
20. 11. 1984

REKSTRARÁÆTLUN ÁRANNA 1984—1993 Á VERÐLAGI 1. OKT. 1984 Í MILLJ. KR.

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	
TEKJUR:											
Orkusala	233.7	259.3	264.5	269.8	275.2	280.7	286.3	292.0	297.9	303.8	
Verðjöfnunargjald	72.0	37.4	38.9	20.2	21.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	
Aðrar tekjur	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0	
Tekjur alls	306.7	297.7	304.4	291.0	297.2	281.7	287.3	293.0	298.9	304.8	2,963
GJÖLD:											
Laun	30.0	30.0	30.0	30.0	30.0	30.0	30.0	30.0	30.0	30.0	
Olía	13.0	9.0	9.0	9.0	9.0	9.0	9.0	9.0	9.0	9.0	
Orkukaup	89.0	94.7	96.4	98.1	99.8	101.5	103.2	104.9	106.6	108.3	
Önnur rekstrargjöld	46.0	46.0	46.0	46.0	46.0	46.0	46.0	46.0	46.0	46.0	
Gjöld alls	178.0	179.7	181.4	183.1	184.8	186.5	188.2	189.9	191.6	193.3	
Tekjur af reglulegri starfsemi	128.7	118.0	123.0	107.9	112.4	95.2	99.1	103.1	107.3	111.5	
VEXTIR: 8% 85-87, síðan 6%.											
Af eldri lánum	75.0	45.1	42.3	39.3	27.0	23.8	20.3	16.7	12.9	8.9	
Af nýjum lánum	0.0	2.5	4.1	3.8	3.6	4.0	5.6	6.9	8.1	9.1	
Vextir alls	75.0	47.6	46.4	43.1	30.6	27.8	25.9	23.6	21.0	18.0	
AFSKRIFTIR:											
Af eldri eignum	50.0	50.0	50.0	50.0	50.0	50.0	50.0	50.0	50.0	50.0	
Af nýjum eignum	0.0	2.5	4.9	6.5	8.1	9.7	11.3	12.9	14.5	16.1	
Afskriftir alls	50.0	52.5	54.9	56.5	58.1	59.7	61.3	62.9	64.5	66.1	
HAGNAÐUR/TAP ÁRSINS	3.7	18.0	21.7	8.3	23.7	7.6	12.0	16.6	21.8	27.4	
HAGNAÐUR/TAP TÍMABILSINS	3.7	21.7	43.4	51.7	75.4	83.1	95.0	111.6	133.4	160.9	5.4%
AFBORGANIR:											
Af eldri lánum	22.6	35.4	38.2	41.3	53.5	56.8	60.2	63.4	67.8	71.7	
Af nýjum lánum	0.0	3.1	5.4	5.7	7.4	8.9	12.3	15.8	19.3	23.0	
Afborganir alls	22.6	38.5	43.6	47.0	60.9	65.7	72.5	79.2	87.1	94.7	
TIL FJÁRFESTINGAR	31.1	31.9	33.0	17.8	20.9	1.6	0.7	0.3	−0.8	−1.2	30.6%
FJÁRFESTING:											
Kostnaður	62.0	60.0	40.0	40.0	40.0	40.0	40.0	40.0	40.0	40.0	442.0
Félagslegur þáttur	0.0	5.0	4.4	4.4	4.4	4.4	4.4	4.4	4.4		
Úr rekstri	31.1	31.9	33.0	17.8	20.9	1.6	0.7	0.3	−0.8	−1.2	135.2
Lántökuþörf	30.9	23.1	2.6	17.8	14.7	34.0	34.9	35.3	36.4	36.8	

Helstu forsendur rekstraráætlunar Orkubús Vestfjarða 1985—1993 á verðlagi 1. október 1984.

A. Tekjur

A.1. **Orkusala:** Gert er ráð fyrir 2% magnaukningu í sölu milli ára, auk þess er gert ráð fyrir að sölutekjur af annarri orkusölu en hitaorku hækki um 2,8 Mkr frá árinu 1985.

Enn fremur er gert ráð fyrir að orkusala til hitunar hækki um 18,1 Mkr frá árinu 1985. Þá tölu má rökstyðja á tvennan hátt:

1. Á árinu 1983 var orkusala til rafhitunar um 42% af heildarorkusölu. Miðað við núverandi gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar selur Orkubú Vestfjarða raforku til húshitunar með um eins eyris lægra verði en það kaupir hana á frá Landsvirkjun. Ef hitataxtar hefðu verið látnir bera 42% af kostnaði við stjórnun og skrifstofuhald, — 20% af kostnaði dísilvélar og 10% af fjármagnskostnaði, — þá hefði það þýtt um 37% hækkun á rafhitunartaxtanum. Það er hækkun um 0,50 kr/kWh miðað við núverandi taxta.
2. Með því að áætla þann kostnað orkuveitunnar sem beinlínis tengist hitasölu. Til dæmis á þann hátt sem RARIK hefur gert.
   Orkubúið getur að svo stöddu fellt sig við niðurstöðu Rafmagnsveitnanna um 0,30 kr/kWh kostnaðarauka á rafhitunartaxta v/reksturs stofnlína og innanbæjarkerfa. Með því móti er reiknað:

Sala 1983	57.967 MWh	
Áætl. aukn. 4%	2.319 MWh	
Alls	60.286 MWh × 0,30 kr/kWh = 18,1 Mkr.	

A.2. **Verðjöfnunargjald:** Hjöðnun 10%-10%-5%-5%. Einnig er gert ráð fyrir niðurfellingu til dælustöðva hitaveitna.

B. Gjöld

B.1. **Laun og önnur rekstrargjöld:** Haldast óbreytt út tímabilið. Ef til vill væri varkárara að þessi gjöld ykjust eitthvað árlega, t. d. 0,5—1%.

B.2. **Vextir:** Reiknað er með 7,5% yfirtöku lána og eftirstöðvar greiðist með jafngreiðsluláni með 8% vöxtum 1985—1987 og 6% vöxtum eftir það.

C. Fjármagnshreyfingar

C.1. **Fjárfestingarkostnaður:** Samkvæmt áætlun tæknideildar Orkubús Vestfjarða.

C.2. **Félagslegur þáttur:** Er sá þáttur í rekstri Orkubús Vestfjarða sem skapast af óarðbærum fjárfestingum. RARIK hefur skoðað þessi mál náið og er hér beitt sömu aðferð, þ. e. að taka sem næst 30% af framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar.

Það er í þessu sambandi rétt að taka fram að á árinu 1983 var framkvæmdakostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar 35 Mkr á verðlagi þess árs og í ár stefnir í 32 Mkr kostnað við nefndar framkvæmdir. Þá má enn fremur benda á að á árunum fram til 1983 var gert gífurlegt átak í uppbyggingu varaafls á veitusvæði Orkubús Vestfjarða, sem á sinn þátt í skuldastöðu þess, og hlýtur eðlis síns vegna að teljast félagsleg framkvæmd.

Fylgiskjal 2c.

Rafmagnsveitur ríkisins
21.11.1984

Greinargerð fyrir kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna rafhitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Í hjálögðu súluriti eru sýndar tekjur Rafmagnsveitnanna af seldri kWh til íbúðahitunar skv. taxta C1 en þær eru 1,26 kr/kWh. Orkukaupakostnaður nemur 1,37 kr/kWh. Taxtinn leggur ekkert til að standa undir rekstrar- og fjármagnskostnaði stofnlína og dreifikerfa í þéttbýli (innanbæjarkerfa).

Rekstrar- og fjármagnskostnaður stofnlína er talinn nema 0,24 kr/kWh að jafnaði og rekstrar- og fjármagnskostnaður dreifikerfa í þéttbýli er talinn nema 0,06 kr/kWh eða alls 0,30 kr/kWh. Í dreifikerfum í dreifbýli standa Rafmagnsveiturnar undir rekstrarkostnaði enda eru þær fjárfestingar fjármagnaðar með framlögum Orkusjóðs. Rekstrarkostnaðarhlutdeild rafhitunar í markmælingartaxtanum A5 er talinn nema 0,06 kr/kWh og 0,24 kr/kWh vegna rekstrar- og fjármagnskostnaðar stofnlína eða alls 0,30 kr/kWh. Miðað er við meðalnýtingu orkukaupa af Landsvirkjun og 5% vexti af fjárfestingum.


Taxti C2 vegur hverfandi lítið af sölu og er litið fram hjá honum hér.

Í taxta A5 er áætlað, að 70% orkumagnsins sé vegna húshitunar, en 30% vegna almennra nota og súgþurrkunar. Hluti húshitunar í taxtanum sé verðlagður samkvæmt taxta C1.

Miðað við selt orkumagn 1983 er því áætlað tap RARIK af orkusölu til húshitunar um 0,30 kr/kWh eða í heild sem hér segir:

Taxti C1 109 GWh × 0,30	=	32,7 Mkr.
Taxti A5 170 GWh × 0,7 × 0,30	=	35,8 Mkr.
Alls		68,5 Mkr.

Rafmagnsveitur ríkisins



Fylgiskjal 2d.

Rafmagnsveitur ríkisins

Félagslegur þáttur framkvæmda.

Skilgreining

Hluti af framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins er þess eðlis að tekjur af þeim nægja ekki til að standa undir kostnaði og því er nauðsynlegt að fjármagna þær að hluta með óafturkræfum framlögum. Enda þótt tekjur af þessum framkvæmdum standi ekki undir kostnaði eru þær engu að síður hagkvæmasta leiðin til að sjá viðkomandi notendum fyrir raforku. Það sem á vantar að þessar framkvæmdir standi undir kostnaði er nefnt félagslegur þáttur framkvæmda.

Til að sjá hvaða framkvæmdir það eru sem fjármagna þarf með óafturkræfum framlögum er rétt að kanna á hvern hátt starfsemi RARIK skiptist og hvernig hún tengist starfsemi annarra orkufyrirtækja. Þessi skipting er sýnd á meðfylgjandi skipuriti. Af því má sjá að starfsemin skiptist í þrjá höfuðþætti, þ. e. Orkuöflun, flutning um 33 og 66 kV stofnlínukerfi og smásöludreifingu í bæjum og sveitum. Kanna verður rekstrargrundvöll hvers þáttar sérstaklega.

Orkuöflun

Orku er aflað með vinnslu í eigin vatnsafls- og dísilstöðvum og með kaupum frá öðrum orkuöflunarfyrirtækjum. Við mat á félagslegum þætti er orka frá eigin vatnsaflsstöðvum seld inn á stofnlínukerfið á heildsöluverði Landsvirkjunar. Á þennan hátt eru þær settar í sömu stöðu og stöðvar annarra orkuöflunarfyrirtækja og þeim ætlað að standa undir sér án óafturkræfra framlaga. Orkuvinnslu með dísilvélum er nú að mestu lokið, nema í bilanatilvikum.

Stofnlínur og aðveitustöðvar

Annar þáttur í starfseminni er flutningur um 33 og 66 kV stofnlínukerfi. Þessi þáttur, sem tengir saman orkuöflun og smásöludreifingu, er mjög einkennandi fyrir RARIK.


Eins og rakið hefur verið, er verð inn á stofnlínukerfið bundið af vinnslukostnaði og er það miðað við heildsöluverð Landsvirkjunar. Út af stofnlínukerfinu er orkan svo seld til héraðsrafveitna og til eigin dreifiveitna á heildsöluverði RARIK sem er um 18% hærra en heildsöluverð Landsvirkjunar. Með því að gera ráð fyrir óbreyttu hlutfalli milli heildsölugjaldskrár Landsvirkjunar og RARIK er stillt upp röð yfir árlegt fjármagnsstreymi vegna ákveðinna framkvæmda í stofnlínukerfinu. Það sem á vantar að tekjur af ákveðinni framkvæmd standi undir kostnaði er skilgreint sem hinn félagslegi þáttur. Þennan félagslega þátt verður að fjármagna með óafturkræfum framlögum þar sem engar tekjur eru til að standa undir honum.

Smásöludreifing

Þriðji þátturinn er smásöludreifing í þéttbýli og sveitum. Við mat á félagslegum þætti er orka inn á þessi dreifikerfi reiknuð á heildsöluverði RARIK eins og um héraðsrafveitur væri að ræða. Í þessu sambandi er rétt að benda á að það er algjört réttlætismál að dreifiveitur RARIK og þar með þeirra viðskiptavinir greiði ekki hærra verð fyrir raforku frá stofnlínukerfinu en héraðsrafveitur. Með þessu móti getur smásöluverð RARIK orðið áþekkt og hjá héraðsrafveitum enda þótt smásöludreifing í þéttbýli njóti ekki óafturkræfra

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Starfsemi RARIK og tenging hennar við önnur orkufyrirtæki.



framlaga. Þó er þess að geta, að notendur RARIK liggja yfirleitt fjarri virkjunum og aðalstofnlínukerfum og leiðir það því til þess, að byggja verður upp meira varaafl þar en á stöðum þar sem notendur njóta meira afhendingaröryggis frá stofnlínukerfum. Þar sem smásöludreifingunni er ætlað að bera þennan kostnað við varaaflið er viðbúið að erfitt sé að ná fullum jöfnuði. Til greina kæmi að fjármagna varaafl með óafturkræfum framlögum á sama hátt og félagslegan þátt af stofnlínum og aðveitustöðvum. Dreifikerfi í sveitum verður sem áður að fjármagna úr Orkusjóði.

Niðurstaða

Í tillögum RARIK er eingöngu reiknaður félagslegur þáttur í framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar, enda gert ráð fyrir að í öðrum þáttum standi tekjur undir kostnaði.

FÉLAGSLEGUR ÞÁTTUR:

ALMENNAR FORSENDUR (FYRIR STOFNLÍNUR OG AÐVEITUSTÖÐVAR)

1. Orku- og aflþörf

Orkuspá orkuspárnefndar er lögð til grundvallar hvað orkuþörfina varðar. Nýtingartími álags er áætlaður 5000 klst/ár.

2. Flutningstöp

Afltöpin eru reiknuð skv. viðurkenndum reikningsaðferðum. Nýtingartími tapa er áætlaður 3000 klst/ár.

3. Verðgrundvöllur

Allar kostnaðartölur eru reiknaðar á áætluðu verðlagi viðkomandi framkvæmdaárs.

4. Kaupverð

Kaupverð orkunnar er skv. gildandi gjaldskrá Landsvirkjunar miðað við afhendingarspennu lægri en 132 kV.

5. Söluverð

Söluverð orkunnar er skv. gildandi heildsölugjaldskrá RARIK miðað við 11 eða 6,3 kV afhendingarspennu.

6. Söluhagnaður

Hver seld kWst skilar ákveðnum söluhagnaði, þ. e. mismuninum á söluverði og kaupverði. Hlutur hinnar nýju fjárfestingar í söluhagnaðinum fer eftir því um hve stóran áfanga er að ræða af leiðinni frá afhendingarstað á aðalorkuflutningskerfinu til sölustaðar.

7. Rekstrarkostnaður

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 1,5% af stofnkostnaði. Kostnaðurinn er þó ekki látinn falla jafnt á öll árin, heldur er heildarkostnaði á athugunartímabilinu jafnað niður á árin í hlutfalli við orkuflutninginn.

8. Núvirðisreikningar

Nettóhagnaður hvers árs er færður til núvirðis með tilteknum ársvöxtum, sem voru valdir 4% á árunum 1979—1983.

9. Endingartími

Endingartími er áætlaður 30 ár, nema annað sé tekið fram.

10. Hrakvirði

Reiknað er með línulegum afskriftum og hrakvirðið síðan fært til núvirðis með tilteknum ársvöxtum, sem voru valdir 4% á árunum 1979—1983.

11. Niðurstöður

Samanlagt núvirði hrakvirðis og nettóhagnaðar sýnir hve miklum stofnkostnaði reksturinn getur staðið undir. Mismunurinn á þeirri fjárhæð og raunverulegum stofnkostnaði skilgreinir hinn félagslega þátt, þ. e. hversu mikið þarf að greiða stofnkostnaðinn niður í byrjun til að reksturinn standi undir kostnaði.

Fylgiskjal 3a.

SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ ÁRIÐ 1984 kr/kWh

(Skv. núgildandi gjaldskrá en sölumagni árið 1983)

	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Mark-taxti
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3,54	2,28	1,20	
Rafveita Akraness[1]	4,30	2,10	0,95	
Rafveita Borgarness[1]	4,62	2,57	1,28	
Orkubú Vestfjarða[1]	4,60	2,93	1,34/0,96[3]	1,70/1,43[3]
Rafveita Sauðárkróks[1]	4,17	3,08	1,29	
Rafveita Siglufjarðar[1]	3,72	2,84	1,20/1,08[3]	
Rafveita Akureyrar	3,54	1,64	1,05	
Rafveita Húsavíkur[1]	4,84	2,96	1,21	
Rafveita Reyðarfjarðar[1,2]	4,51	2,95	1,27/1,00[3]	
Rafveita Vestmannaeyja	4,16	3,00	1,17/0,92[3]	
Rafveita Selfoss[1,2]	4,37	2,79	1,20/0,55[4]	
Rafveita Hveragerðis	4,87	2,73	2,00	
Rafveita Eyrarbakka	4,48	3,64	1,08	
Rafveita Stokkseyrar[1]	4,83	3,89	1,19	
Rafveita Grindavíkur	4,39	3,42	1,43	
Rafveita Miðneshrepps	4,61	3,32	1,21	
Rafveita Gerðahrepps	4,63	3,29	1,19	
Rafveita Keflavíkur	4,57	3,10	0,84	
Rafveita Njarðvíkur	4,62	3,02	1,14	
Rafveita Vatnsleysustrandarhr.	4,47	3,35	1,08	
Rafveita Hafnarfjarðar[1]	4,04	2,09	1,17	
Rafmagnsveitur ríkisins[1]	4,29	2,86	1,37/0,90[3]	1,67/1,35[3]
Heildin (vegið meðaltal)	3,79	2,54	1,25/0,98[3]	1,67/1,35[3]

Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstölum.

Tilhögun reikningsútskriftar getur valdið minni háttar frávikum á samanburði milli veitna.

1) Götulýsingarsala er innifalin í almennum töxtum hjá þessum rafveitum. Hjá öðrum rafveitum er götulýsing í afltöxtum. Greiðsla fyrir viðhald er talin innifalin í uppgefnum tekjum af götulýsingarsölu.
2) Áætlað.
3) Óniðurgreitt/niðurgreitt.
4) Niðurgreitt af Selfossbæ.

Tilhögun rofs á daghitun er mismunandi hjá hinum ýmsu veitum.

Fylgiskjal 3b.

SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

RAFORKUSALA ÖNNUR EN TIL HÚSHITUNAR
ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ ÁRIÐ 1984
(Rafveitum raðað eftir því.)

Nr.		kr/kWh
1.	Rafveita Stokkseyrar	4,38
2.	Rafveita Keflavíkur	4,26
3.	Rafveita Eyrarbakka	4,17
4.	Rafveita Húsavíkur	4,13
5.	Rafveita Selfoss	3,98
6.	Rafveita Vatnsleysustrandarhr.	3,93
7.	Rafveita Hverageröis	3,93
8.	Rafveita Grindavíkur	3,85
9.	Rafveita Miðneshrepps	3,83
10.	Rafveita Njarðvíkur	3,73
11.	Rafveita Reyðarfjarðar	3,70
12.	Rafveita Gerðahrepps	3,67
13.	Rafveita Hafnarfjarðar	3,60
14.	Rafveita Borgarness	3,59
15.	Orkubú Vestfjarða	3,56[1]
16.	Rafveita Sauðárkróks	3,55
17.	Rafmagnsveitur ríkisins	3,48[1]
18.	Rafveita Vestmannaeyja	3,37
19.	Rafveita Siglufjarðar	3,28
20.	Rafmagnsveita Reykjavíkur	3,14
21.	Rafveita Akraness	2,85
22.	Rafveita Akureyrar	2,53
	Heildin (vegið meðaltal)	3,29

Taflan er unnin upp úr söluskýrslum rafveitna fyrir árið 1983 og gjaldskrám þeirra í gildi 03.11.84.

1) Sala á marktaxta til búrekstrar er meðhöndluð skv. aðferðum Orkustofnunar (R.H.) Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstölum.

Fylgiskjal 3c.

SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

RAFORKUSALA ÖNNUR EN TIL HÚSHITUNAR ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ Á GJALDSKRÁ NÓVEMBER 1984

Nr.		GWh	Mkr	kr/kWh
1.	Rafveita Stokkseyrar	1,5	6,5	4,38
2.	Rafveita Keflavíkur	15,0	63,9	4,26
3.	Rafveita Eyrarbakka	1,7	7,0	4,17
4.	Rafveita Húsavíkur	7,9	32,5	4,13
5.	Rafveita Selfoss[2]	12,5	46,7	3,98
6.	Rafveita Vatnsleysustrandarhr.	2,1	8,4	3,93
7.	Rafveita Hveragerðis	4,1	16,2	3,93
8.	Rafveita Grindavíkur	7,0	26,7	3,85
9.	Rafveita Miðneshrepps	4,4	17,0	3,83
10.	Rafveita Njarðvíkur	8,4	31,5	3,73
11.	Rafveita Reyðarfjarðar[2]	2,3	8,2	3,67
12.	Rafveita Gerðahrepps	3,2	11,5	3,67
13.	Rafveita Borgarness	7,6	27,4	3,60
14.	Rafveita Sauðárkróks	8,3	29,4	3,54
15.	Rafveita Vestmannaeyja	25,3	85,2	3,37
	Rafmagnsveitur ríkisins[1]	158,5	551,6	3,48
	Orkubú Vestfjarða[1]	38,9	138,3	3,56
16.	Rafveita Hafnarfjarðar	33,4	120,4	3,60
17.	Rafveita Siglufjarðar	8,2	26,7	3,26
18.	Rafmagnsveita Reykjavíkur	388,5	1.218,7	3,14
19.	Rafveita Akraness	31,6	90,3	2,85
20.	Rafveita Akureyrar	59,7	151,0	2,53
	Heildin	830,1	2.715,1	3,27

Taflan er unnin upp úr söluskýrslum rafveitna fyrir árið 1983 og gjaldskrám þeirra í gildi í nóvember 1984.

Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstölum.

1) Sala á marktaxta til búrekstrar er meðhöndluð samkvæmt aðferðum Orkustofnunar (RH).
2) Áætlun.

Fylgiskjal 3d.

SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

RAFORKUSALA ÖNNUR EN TIL HÚSHITUNAR
ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ Á GJALDSKRÁ NÓVEMBER 1984

Nr.		Fyrir lækkun verðjöfnunargj. kr/kWh	Eftir lækkun verðjöfnunargj. úr 19 í 10% kr/kwh	Breyting %
1.	Rafveita Stokkseyrar	4,38	4,12	−6,3
2.	Rafveita Keflavíkur	4,26	4,01	−6,3
3.	Rafveita Eyrarbakka	4,17	3,92	−6,3
4.	Rafveita Húsavíkur	4,13	3,89	−6,3
5.	Rafveita Selfoss[2]	3,98	3,74	−6,3
6.	Rafveita Vatnsleysustrandarhr.	3,93	3,70	−6,3
7.	Rafveita Hveragerðis	3,93	3,70	−6,3
8.	Rafveita Grindavíkur	3,85	3,62	−6,3
9.	Rafveita Miðneshrepps	3,83	3,60	−6,3
10.	Rafveita Njarðvíkur	3,73	3,51	−6,3
11.	Rafveita Reyðarfjarðar[2]	3,67	3,45	−6,3
12.	Rafveita Gerðahrepps	3,67	3,45	−6,3
13.	Rafveita Borgarness	3,60	3,39	−6,3
14.	Rafveita Sauðárkróks	3,54	3,33	−6,3
15.	Rafveita Vestmannaeyja	3,37	3,17	−6,3
	Rafmagnsveitur ríkisins[1]	3,48	3,48	0,0
	Orkubú Vestfjarða[1]	3,48	3,48	−3,9
16.	Rafveita Hafnarfjarðar	3,60	3,39	−6,3
17.	Rafveita Siglufjarðar	3,26	3,07	−6,3
18.	Rafmagnsveita Reykjavíkur	3,14	2,95	−6,3
19.	Rafveita Akraness	2,85	2,68	−6,3
20.	Rafveita Akureyrar	2,53	2,38	−6,3

Taflan er unnin upp úr söluskýrslum rafveitna fyrir árið 1983 og gjaldskrám þeirra í gildi 03. 11. 1984.

Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstölum.

1) Sala á marktaxta til búrekstrar er meðhöndluð samkvæmt aðferðum Orkustofnunar (RH).
2) Áætlun.

Fylgiskjal 4.

Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

1. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald í ríkissjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að Rafveitu Siglufjarðar skuli endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu, sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Verðjöfnunargjald skal nema 10% á árunum 1985 og 1986 og 5% á árunum 1987 og 1988. Frá lokum þess árs skal það niður falla.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkunotkunar á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta, skv. 1. mgr. 1. gr., og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

5. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

6. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sbr. ákvæði 1. greinar.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins. Íslenska álfélagsins hf. né Íslenska járnblendifélagsins hf.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til rafhitunar, dælingar hitaveitna, til skipa í höfnum né til varmadælna.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn skal bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

12. gr.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

14. gr.

Hinn 1. janúar 1985 tekur ríkissjóður að sér greiðslu á hluta áhvílandi lána Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 481,0 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 46,0 millj. kr. miðað við verðlag 1. október 1984. Þeim hluta lána, sem eftir standa hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán með raunvöxtum eigi hærri en 8% árin 1985—87 og 6% árin 1988—93.

15. gr.

Frá og með árinu 1985, og svo lengi sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða selja orku til rafhitunar á lægra verði en kostnaðarverði, skal ríkissjóður greiða veitunum mismuninn. Þörf fyrir greiðslu þessa kostnaðarþáttar skal rökstudd við gerð fjárlaga ár hvert. Á árinu 1985 nema greiðslur þessar 68,5 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 18,1 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

16. gr.

Áætlaður kostnaður við félagslegan þátt framkvæmda, sem Alþingi hefur í fjárlögum, lánsfjárlögum eða með öðrum hætti samþykkt, að Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða skuli ráðast í, skal ár hvert greiddur af ríkissjóði, enda um að ræða þann hluta kostnaðarverðs virkja, sem tekjur af þeim standa ekki undir. Á árinu 1985 skulu greiðslur þessar nema 36,4 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 5,0 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 1988.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt, 1. grein laga nr. 83/1974, með áorðnum breytingum, að öðru leyti en því, að hundraðstala gjaldsins er ekki tilgreind í þessari grein og greiðslum er ætlað að ganga beint til fyrirtækjanna í stað Orkusjóðs.

Um 2. gr.

Ekki er talið kleift að afnema gjaldið að fullu á einu ári, þar eð talið er, að aðgerðir, er koma í stað verðjöfnunargjaldsins, verði að dreifast á nokkurn tíma. Samræmi er milli ráðstafana þeirra, sem fjallað er um í 13., 14. og 15. gr., ásamt nokkurri leiðréttingu á gjaldskrá fyrirtækjanna, og þeirrar áfangalækkunar verðjöfnunargjaldsins, sem lýst er í þessari grein.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt 2. gr. laga nr. 83/1974.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt 3. gr. laga nr. 83/1974.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt 4. gr. laga nr. 83/1974.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt 5. gr. laga nr. 83/1974 með áorðnum breytingum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt 6. gr. laga nr. 83/1974 að öðru leyti en því, að ríkisféhirði ber að skila gjaldinu beint til fyrirtækjanna í stað Orkusjóðs. Breyting þessi, sbr. einnig breytingu á 1. gr., er til komin vegna þess, að Orkusjóður er talinn óþarfur milliliður við meðferð þessa fjár. Innheimtugjald Orkusjóðs er að jafnaði 0,5% af innheimtri fjárhæð verðjöfnunargjaldsins.

Um 8. gr.

Greinin er að nokkru breytt 7. gr. laga nr. 83/1974, en í henni eru taldir þeir notendur, sem undanþegnir eru verðjöfnunargjaldi. Við þá notendur er bætt Íslenska járnblendifélaginu hf., enda hefur samningur um raforkusölu til þess fyrirtækis fullt lagagildi, en þar er kveðið á um undanþágu frá verðjöfnunargjaldi. Enn fremur hefur iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 21.09. 1983 úrskurðað, að sala raforku til varmadælna skuli undanþegin verðjöfnunargjaldi.

Þessu til viðbótar er í grein þessari kveðið á um undanþágur fyrir þrenns konar notkun til viðbótar. Hér er átt við:

a) Raforkunotkun til skipa í höfnum, þar sem rafhitun er yfirgnæfandi þáttur.
b) Rafhitun, aðra en húshitun, svo sem í iðnaði.
c) Raforku til dælingar á heitu vatni hjá hitaveitum. Hér er um að ræða samkeppni við innflutta orkugjafa og að því leyti hliðstæða orkunotkun og til húshitunar.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt 8. gr. laga nr. 83/1974.

Um 10. gr.

Greinin er óbreytt 9. gr. laga nr. 83/1974.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður taki 1. janúar 1985 að sér greiðslu á hluta af áhvílandi lánum Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 481,0 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 46,0 millj. kr. Fjárhæðir eru miðaðar við verðlag 1. október 1984. Þeim hluta lána, sem eftir stendur hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán til 10 ára með raunvöxtum eigi hærri en 8% árin 1985-87 og 6% árin 1988-93.

Um 14. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa sýnt fram á, að tekjur fyrirtækisins af sölu til rafhitunar standa engan veginn undir kostnaði. Í grein þessari er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann mismun, sem er á tekjum og kostnaði af þessari orkusölu. Mismunur þessi er metinn á 68,5 millj. kr. á árinu 1985. Hliðstæð tala fyrir Orkubú Vestfjarða er 18,1 millj. kr.

Um 15. gr.

Árið 1979 voru hafnar greiðslur úr ríkissjóði fyrir þær framkvæmdir við stofnlínu- og aðveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins, sem Alþingi ákvað, að ráðizt skyldi í, en voru sannanlega óarðbærar (félagslegur þáttur framkvæmda). Á síðustu árum hefur ríkissjóður aðeins staðið við hluta þessara greiðslna og árið 1984 féllu þær að fullu niður. Með þessari grein er skylda ríkissjóðs í þessu efni bundin í lög og skulu greiðslur þessar á árinu 1985 nema 36,4 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 5,0 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

Um 16. gr.

Lagt er til, að lög nr. 83/1974 með áorðnum breytingum verði úr gildi felld, enda hafa þau ákvæði laganna, sem enn skipta máli, verið tekin í frumvarp þetta.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 308. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Ragnari Arnalds, Helga Seljan, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur, Skúla Alexanderssyni og Margréti Frímannsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 4114 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fyrir „85 000“ kemur	170 000
2. Við 3. gr. 4121 Tekjuskattur félaga. Fyrir „385 000“ kemur	540 000
3. Við 3. gr. 4123 Skattar á innlánsstofnanir. Fyrir „75 000“ kemur	155 000
4. Við 4. gr. 02–730 6.90 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög. Fyrir „100 000“ kemur	130 000
5. Við 4. gr. 02–803 6.90 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Fyrir „30 000“ kemur	75 000
6. Við 4. gr. 02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Fyrir „481 241“ kemur	606 000
7. Við 4. gr. 10–333 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Fyrir „55 000“ kemur	100 000
8. Við 4. gr. 10–471 6.80 Flugvellir, framkvæmdir. Fyrir „55 000“ kemur	80 000

Sþ. 309. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Salome Þorkelsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður: 1.32 „85-nefndin“, samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar S.þ.	1 000

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristófer Már Kristinsson.

Alþingi ályktar að fela Brunamálastofnun ríkisins að rannsaka brunavarnir í fyrirtækjum í fiskvinnslu og gera tillögur til úrbóta sé þeirra þörf. Þessari athugun skulu fylgja upplýsingar um fjölda starfsmanna einstakra fyrirtækja og annað sem sýnir mikilvægi þeirra í atvinnulífi viðkomandi byggða. Niðurstöðum athugana skal skila í skýrslu innan eins árs til félagsmálaráðherra. Kostnaður greiðist með aukafjárveitingu úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa orðið stórbrunar í fiskvinnslufyrirtækjum og oft verið um gífurlegt tjón að ræða á húseignum, vélum og öðrum búnaði, hráefni og framleiðsluvörum. Þessi fyrirtæki eru mörg hver burðarásar í atvinnulífi á viðkomandi stöðum og því verður að auki tilfinnanlegt tjón vegna ýmiss konar röskunar. Afkomu heimila og jafnvel heilla byggðarlaga er ógnað og verðmætasköpun samfélagsins minnkar.

Húsakostur fiskvinnslunnar er víða í slæmu ástandi. Um er að ræða gömul hús, viðbyggingar og skúra, sem byggð hafa verið á löngu tímabili og sum hver af litlum efnum. Umbúðageymslum, rafmagns- og vélaverkstæðum og ýmsum öðrum þáttum starfseminnar mun oft vera illa fyrir komið og við slíkar aðstæður er erfitt að koma við nauðsynlegum eldvarnarhólfum og viðvörunarbúnaði vegna brunavarna.

Í ljósi undangenginna atburða er nauðsynlegt að mati flutningsmanna að láta fara fram gagngera athugun á brunavörnum í einstökum fyrirtækjum í fiskvinnslugreinum. Einnig væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um stöðu þessara fyrirtækja og mikilvægi þeirra í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga. Með slíkri athugun má tryggja betur öryggi á vinnustöðum, afkomu verkafólks og heimila þess, atvinnuástand byggða og verðmætasköpun samfélagsins.

Brunamálastofnun ríkisins hefur ekki starfsfólk á sínum snærum til að sinna verkefnum af þessu tagi. Því verður að ráða til þess utanaðkomandi vinnuafl. Samkvæmt lauslegu mati gæti hér verið um 350—400 dagsverk að ræða. Þá er reiknað með að tveir menn gætu á einu ári sinnt eftirtöldum verkefnum:

a) úttektum á aðstæðum og brunavörnum í einstökum fyrirtækjum (fiskimjölsverksmiðjum, niðursuðuverksmiðjum, frystihúsum, söltunarhúsum og öðrum stórum vinnustöðum í fiskvinnslu),
b) tillögum um úrbætur á einstökum stöðum,
c) söfnun upplýsinga frá sveitarstjórnum um stöðu einstakra fyrirtækja í atvinnulífi byggða,
d) skýrslugerð til félagsmálaráðuneytis í lok verkefnisins.

Ætla má að kostnaður við verkefni af þessu tagi geti verið á bilinu 2,5—3 millj. kr. og er þá meðtalinn launakostnaður fyrir tvo starfsmenn í fullu starfi, ferða- og gistikostnaður og reiknivinna. Þessi upphæð er ekki nema brot af samanlögðu vátryggingartjóni í stærstu brunum síðustu ára, sbr. yfirlit hér á eftir. Ótalinn er þó stærsti kostnaðurinn sem er vegna þeirrar röskunar á högum fólks og atvinnu sem lýst var hér að framan.

Hér á eftir fer stutt upptalning á nokkrum stærstu brunum í fiskvinnslufyrirtækjum árin 1981, 1982 og 1983. Byggt er á samantekt sem Brunamálastofnun ríkisins gerði fyrir Guðmund Einarsson alþingismann og er samkvæmt bréfi brunamálastjóra, dags. 22. október sl. Tekin eru saman vátryggingatjón sem námu eftirtöldum upphæðum eða hærri:

1983 — 1 000 000 kr.
1982 — 570 000 kr.
1981 — 380 000 kr.

Hér er miðað við hlutfall meðalbyggingarvísitölu á tímabilinu. Mjög mismunandi er hvernig tryggingafélög gefa upp tjón. Sum þeirra miða við húseign, önnur við eiganda, enn önnur við sveitarfélög o. s. frv. Meðfylgjandi tölur eru því ekki óyggjandi vegna þessara erfiðleika við að tengja tjón saman.

Í stuttri umfjöllun um einstaka eldsvoða er stuðst við blaðafregnir.

Árið 1981.

Þann 14. febrúar 1981 varð mikið tjón í eldi í fiskverkunarhúsi Þorbjarnar hf. í Grindavík. Þak hússins brann að miklu leyti og í brunanum skemmdust 2—3 tonn af saltfiski, 1600 plasttunnur undir súrsíld, 2—3 bílhlöss af skreið í þurrkklefa ásamt ýmsu öðru sem tilheyrir fiskverkun. Vátryggingarupphæð vegna tjóna á fasteignum nam 290 350 kr. Lausafjártjón var metið á 250 000 kr. Samtals er hér um að ræða 540 350 kr.

Þann 19. ágúst 1981 kom upp eldur í mjölskemmu Síldarverksmiðja ríkisins á Raufarhöfn. Mikill eldur var í einangrunarplasti sem var á gólfi skemmunnar og átti að nota til einangrunar og einnig virtist loga mikið í þekju skemmunnar. Miklar skemmdir urðu á mjölbirgðum og þaki hússins. Bætur vegna tjóns á fasteignum námu 539 321 kr. og lausafé 206 131 kr. Samtals námu vátryggingagreiðslur 745 452 kr.

Árið 1982.

2. mars 1982 varð brunatjón í skreiðargeymslu á Bíldudal. Vátryggingatjón vegna fasteignar var 285 965 kr. og heildargreiðslur vegna brunans námu 1 499 385 kr.

6. ágúst 1982 varð eldsvoði í Þorlákshöfn. Þá eyðilögðust rafmagns- og vélaverkstæði Meitilsins en bæði verkstæðin voru í fiskimjölsverksmiðju fyrirtækisins. Allt brann, sem brunnið gat, á verkstæðunum en fiskimjölsverksmiðjan slapp óskemmd. Greiðslur vegna tjóna á fasteignum námu 642 692 kr. og heildargreiðslur námu 1 493 478 kr.

Árið 1983.

17. maí 1983 varð laus eldur á umbúðalofti Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. í Keflavík. 60 slökkviliðsmenn með 9 bifreiðar börðust við eldinn í rúmar 4 klst. áður en tókst að ráða niðurlögum hans. Í fyrstunni leit út fyrir að eldurinn mundi ná til frystigeymslunnar þar sem voru geymdir um 15 000 kassar af frystum fiski, en slökkviliðinu tókst að hefta útbreiðslu eldsins. Samkvæmt blaðafregnum voru 115 manns á launaskrá fyrirtækisins. Einnig áttu 50—60 unglingar að hefja þar vinnu um næstu mánaðamót við humarvinnslu og var ljóst að ekki gæti orðið af því. Vátryggingagreiðslur vegna tjóna á fasteignum námu 8 589 440 kr. og vegna lausafjár 11 994 000 kr. samtals 20 583 440 kr.

2. júní 1983 kom upp eldur í Hraðfrystihúsinu Norðurtanga á Ísafirði. Auk tjóns sem varð á húsinu sjálfu var áætlað að um 2000 fiskkassar hefðu eyðilagst í brunanum. Greiðslur vegna tjóna á fasteignum námu 489 321 kr. og heildargreiðslur námu 1 168 391 kr.

Þann 17. ágúst 1983 varð laus eldur í Hraðfrystihúsi Hellissands. Þann 18. ágúst er haft eftir Ólafi Rögnvaldssyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, í Morgunblaðinu:

„Það er ljóst að hér hefur orðið tugmilljóna tjón. Frystihúsið virðist brunnið og ónýtt eins og það leggur sig, ísklefi, tækjasalur, flökunarsalur, frystiklefar, pökkunarsalur og báðar fiskmóttökurnar. Það verður því ekki einu sinni hægt að taka á móti fiski til verkunar í salt þótt söltunarhúsið hafi sloppið. Þá voru nokkur þúsund kassar af freðfiski, 35 lestir af frystri síld og 20 lestir af smokkfiski í frystiklefanum. Vátryggingarupphæð er ekki nema smámunir hjá því sem kostar að byggja húsið upp að nýju."

Í sama blaði er haft eftir Gunnari Má Kristóferssyni, oddvita hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis:

„Þetta er mikið áfall þar sem allt að 60% vinnandi manna í byggðarlaginu hafa haft atvinnu við þetta fyrirtæki. Ég horfi því með ugg til framtíðarinnar og þess skarðs sem fyrirsjáanlegt er að þessi atburður hefur höggvið í atvinnulíf hér. Hreppsnefndin kom saman í dag til að ræða þennan vanda og á þeim fundi var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis lýsir yfir áhyggjum sínum vegna hins alvarlega ástands er skapast mun í atvinnumálum í hreppnum vegna bruna Hraðfrystihúss Hellissands í dag. Ljóst er að nú, þegar stærsta atvinnufyrirtækið í hreppnum er ekki lengur starfhæft, mun skapast mjög alvarlegt ástand í atvinnumálum í hreppnum sem hreppsnefnd hlýtur að hafa mjög miklar áhyggjur af. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis telur því mjög brýna þörf á að hraða verði uppbyggingu Hraðfrystihúss Hellissands þannig að eðlilegt ástand verði á ný í atvinnumálum í byggðarlaginu."

Í sama tölublaði Morgunblaðsins er eftirfarandi haft eftir Ómari Lúðvíkssyni slökkviliðsstjóra:

„Frá mínum bæjardyrum séð hefur ekki verið spurning um það hvort húsið brynni heldur hvenær. Þetta er gamalt hús sem allt of oft hefur verið stækkað og í því eru engir eldvarnarveggir og mikið er um gömul umbúðaloft. Það var þó lán í óláni að þetta gerðist við núverandi aðstæður. Nóg var af vatni í læknum sem rennur hér hjá, en ef þetta hefði gerst um vetur hefði ábyggilega orðið vatnsskortur. Eldurinn hefur að öllum líkindum komið upp í námunda við gamalt umbúðaloft og svo snögglega gaus hann upp að fólkið komst með naumindum niður af kaffistofunni. Þetta var rétt eins og hendi væri veifað."

Árið 1984.

Ekki hafa verið teknar saman sambærilegar upplýsingar fyrir árið 1984. Langstærsti bruninn af þessu tagi varð á Raufarhöfn 10. desember 1984. Þá varð eldur laus í frystihúsi Jökuls, að því er talið er út frá rafmagnsofni. Eldurinn komst upp í gegnum timburloft og í umbúðalager frystihússins. Þaðan barst hann síðan eftir þaki hússins.

Í Morgunblaðinu 12. des. 1984 er haft eftir Gunnari Hilmarssyni sveitarstjóra að annaðhvort verði frystihúsið endurbyggt eða byggð á staðnum leggist niður. Einnig kom fram að kvenfólk, sem hefur unnið hjá Jökli, verði nú annað tveggja að fara á atvinnuleysisbætur eða sækja vinnu til Þórshafnar, en þangað er um klukkustundar ferð. Talið er að um þriðjungur verkafólks á Raufarhöfn horfi fram á atvinnuleysi uns bráðabirgðavinnsla getur hafist að nýju eftir u.þ.b. mánuð.

Í NT. 12. des. 1984 er skýrt frá því að brunamálastjóri hafi skoðað frystihús Jökuls fyrir ári og gert athugasemdir við þann hluta byggingarinnar sem eldurinn kom upp í. Einnig kemur fram að athugasemdum hafi ekki verið sinnt.

Ed. 311. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísindadeild.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

2. málsgr. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor, meðan hann gegnir rekstorsembættinu. Rekstor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum, þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár, skal háskóladeild taka afstöðu til þess, hvernig með stöðuna skuli fara, og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein er hljóði svo:

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að sameignarfélögum, hlutafélögum og sjálfseignarstofnunum sem stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú sem kveðið er á um í 1. gr. skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breyting á gildandi lögum um Háskóla Íslands er flutt að fengnum tillögum háskólaráðs. Meginbreytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir eru þessar:

1. Verkfræði- og raunvísindadeild er skipt í tvær sjálfstæðar háskóladeildir.
2. Heimild í gildandi lögum til að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er víkkuð þannig, að hún taki einnig til flutnings forstöðumanns háskólastofnunar í prófessorsembætti.
6. Hve mikið húsrými er í Húsmæðraskóla Reykjavíkur og hvaða starfsemi fer þar fram?

Sþ. 342. Fyrirspurn [242. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hver var að meðaltali elli-, örorku- og makalífeyrir sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiddi sjóðsfélögum á árinu 1984, sundurliðaður eftir aldri og kyni?

Jafnframt er óskað að fram komi fjöldi lífeyrisþega og starfsaldur í hverjum aldurshópi fyrir sig, einnig sundurgreindur eftir kyni.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 343. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum. Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Halldór Blöndal.	Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.	Svavar Gestsson.
	Þorsteinn Pálsson.	

Ed. 344. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

1. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísindadeild.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

2. málsgr. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor meðan hann gegnir rekstorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki

háskóladeildar í þeim tilvikum þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár skal háskóladeild taka afstöðu til þess hvernig með stöðuna skuli fara og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er hljóði svo:

Háskólanum er heimilt að stofna þróunarmiðstöð. Þróunarmiðstöðin heyri undir háskólaráð og verði allar meiri háttar ákvarðanir hennar háðar samþykki þess.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að sameignarfélögum, hlutafélögum og sjálfseignarstofnunum sem stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú, sem kveðið er á um í 1. gr., skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.

Nd. 345. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til viðtals Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóra, Árna Kolbeinsson í fjármálaráðuneyti og Solveigu Ólafsdóttur frá Kvenréttindafélagi Íslands.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 17. des. 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Friðrik Sophusson.
Svavar Gestsson.	Þorsteinn Pálsson.	Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.

Halldór Blöndal.

Ed. 346. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt á sinn fund Andrés Guðjónsson skólastjóra Vélskóla Íslands, Helga Laxdal formann Vélstjórafélags Íslands og Finn Loftsson varaformann nemendafélags Vélskólans.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum sem fram koma á sérstöku þskj.

Alþingi, 17. des. 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Jón Kristjánsson.	Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Ed. 347. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

A. Á skipi með 75—220 kw. vél (u. þ. b. 101—300 hö.) einn vélavörður.
B. Á skipi með 221—750 kw. vél (u. þ. b. 301—1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
C. Á skipi með 751—1500 kw. vél (u. þ. b. 1021—2040 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (u. þ. b. 2040 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar.

Á farþega- og flutningaskipum með 1300 kw. vél (u. þ. b. 1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

2. 3. gr. orðist svo:

1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á skipi með 400—750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 400—750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
   Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 400 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).
   Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 3 mánuði við 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma, sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
   Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).
   Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af í 12 mánuði að fengnu atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).
   Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).
5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

3. 9. gr. orðist svo:

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV).	Réttindi: Vélavörður.
Vélstjóri III (VS. III).	Réttindi: Yfirvélstjóri, 750 kw. vél og minni og VV.
Vélstjóri II (VS II).	Réttindi: 1. vélstjóri, 1500 kw. vél og minni og VS III.
Vélstjóri I (VS I).	Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.
Vélfræðingur IV (VF IV).	Réttindi: 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.
Vélfræðingur III (VF III).	Réttindi: 1. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS I.
Vélfræðingur II (VF II).	Réttindi: Yfirvélstjóri, 3000 kw. vél og minni og VF III.
Vélfræðingur I (VF I).	Réttindi: Yfirvélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

4. 1. málsgr. 8. gr. orðist svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Ed. 348. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kvatt á sinn fund Guðjón Ármann Eyjólfsson skólastjóra Stýrimannaskólans, Guðjón A. Kristjánsson forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðlaug Gíslason frá Stýrimannafélagi Íslands og Árna Pálsson formann nemendafélags Stýrimannaskólans.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með orðalagsbreytingum sem koma fram á sérstöku þskj.

Alþingi, 17. des. 1984.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Jón Kristjánsson.	Árni Johnsen.	Valdimar Indriðason.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Ed. 349. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. 4. gr. orðist svo:

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
a. á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega.

II. Á flutningaskipum:
a. á skipum 31—400 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum 401—1600 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum stærri en 1600 rúmlestir þrír stýrimenn.

III. Á farþegaskipum og varðskipum:
a. á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
b. á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.

IV. Á öðrum skipum:
a. á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími skipstjóra er að jafnaði lengri en 15 klst.

2. 5. gr. orðist svo:

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
a. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
b. 2. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
a. 2. stig: 1. 400 rúmlesta skip og minni, farsvið ótakmarkað.
2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð, farsvið ótakmarkað.
b. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og ótakmarkað farsvið.

III. Á öðrum skipum:
a. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
b. 2. stig: 400 rúmlesta skip og minni og farsvið ótakmarkað.
c. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

3. 6. gr. orðist svo:

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 5. gr., eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma með tilvísun til samsvarandi stafliða í 5. gr.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a. m. k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skipi er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en ⅕ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildir siglingatíma í 3 mánuði. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Nám í verklegri sjómennsku, nýrri verktækni og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingartíma þó aldrei meira en einn mánuð. Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin til lengri siglingartíma en 6 mánaða í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis. Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi, skal staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I. Á fiskiskipum:
a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu sem er undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.
b. Ótakmörkuð réttindi:
27. mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki a. m. k. 6 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
a. 1. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a. m. k. 9 mánuðir háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
2. Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
27 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a. m. k. 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
b. Ótakmörkuð réttindi:
36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð, eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Á öðrum skipum:
a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.
b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi.
27 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
c. Ótakmörkuð réttindi.
36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

4. 8. gr. orðist svo:
Rétt til að vera skipstjóri á skipum, sem eru yfir 30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi 1. stýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a. m. k. eftirfarandi skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma:

I. Á fiskiskipum:
a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
12 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð eða 6 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á fiskiskipi sem er yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.
b. Ótakmörkuð réttindi:
18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir, þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum og farþegaskipum:
a. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.
b. Ótakmörkuð réttindi:
24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk

þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og þar af minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.

c. Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum, samkvæmt stafliðum a og b án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Á öðrum skipum:

a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
12 mánuðir stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð eða 6 mánuðir stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð og skipstjóri á skip sem er yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir, þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir að stærð.

c. Ótakmörkuð réttindi
24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð, þar af minnst 12 mánuði skipstjóri eða 1. stýrimaður.

5. 17. gr. orðist svo:

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69/1973 á skipum, sem eru allt að 120 rúmlestir að stærð, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi á skipum, sem eru allt að 120 rúmlestir fyrir gildistöku fyrrgreindra laga, skulu öðlast sams konar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 60 mánuði.

6. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

A. Þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á tvenns konar námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1985—1986 og 1986—1987 til öflunar takmarkaðra skipstjórnarréttinda. Námskeið þessi gefi annars vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð og hins vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Við útgáfu atvinnuskírteina til þeirra, er ljúka þessum námskeiðum, skal taka tillit til ákvæða 6. og 10. gr. laganna um siglingatíma. Um siglingatíma fyrir skip sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð, gildir sama og fyrir skip sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð.

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 21. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 og fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Nd. 350. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 143.

Nd. 351. Lög [186. mál]

um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 205.

Nd. 352. Lög [189. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 208.

Nd. 353. Lög [188. mál]

um sérstakan barnabótaauka.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 207.

Nd. 354. Lög [190. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 209.

Nd. 355. Lög [191. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 211.

Nd. 356. Lög [201. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 228.

Sþ. 357. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Kristófer Má Kristinssyni og Stefáni Benediktssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „34 901“ kemur	50 000
2. Við 4. gr. 07–700 Málefni fatlaðra 1 04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta.	
Fyrir „10 900“ kemur	20 000

3. Við 6. gr. Nýr liður:
   1.4 Að greiða iðnþróunarsjóðum í landshlutum upphæð sem svarar framlagi sveitarfélaga til hvers sjóðs. Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs skerðist sem þessu nemur.
4. Við 6. gr. Nýr liður:
   7.4 Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs áhættulán til nýrra fyrirtækja í iðnaði. Ábyrgðir þessar nemi allt að 80% af lánsupphæðum. Iðnaðarráðuneyti setji nánari reglur um ábyrgðir þessar.

Ed. 358. Frumvarp til laga [243. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Veðurstofa Íslands starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal vera í höndum veðurstofustjóra, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.

Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum veðurstofustjóra. Ákvæði um menntun starfsmanna skulu sett í reglugerð.

3. gr.

Verkefni Veðurstofunnar er:

1. Að setja upp og starfrækja veðurstöðvar, sjálfvirkar eða mannaðar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra.
2. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðurupplýsingum frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og sjá um dreifingu þeirra og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug.
3. Að safna upplýsingum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða þykir til.
4. Að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarðskjálfta, eldgos eða öskufall þegar ástæða þykir til.
5. Að safna gögnum til rannsókna á veðurfari landsins, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarsskýrslur.

6. Að gera athuganir á loft- og úrkomumengun.
7. Að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu, gefa út aðvaranir um snjóflóðahættu og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um takmörkun mannvirkjagerðar á hættusvæðum snjóflóða.
8. Að fylgjast með framförum og þróun veðurfræðinnar og annarra greina jarðeðlisfræði á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum.
9. Að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings Veðurstofunnar.
10. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

4. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 17 27. mars 1958 um Veðurstofu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma veðurstofustjóra, skal skipun núverandi veðurstofustjóra halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til nýrra laga um Veðurstofu Íslands er samið af starfsmönnum samgönguráðuneytisins og veðurstofustjóra. Frumvarpið er byggt á gildandi lögum um stofnunina nr. 17 frá 27. mars 1958, en þó eru gerðar á þeim allverulegar breytingar, aðallega til að færa ákvæði nýrra laga til samræmis við nútímaaðstæður.

Talið var rétt að taka út úr núgildandi lögum ákvæði, sem samkvæmt eðli máls þótti óþarfi að setja í lög um stofnunina svo sjálfsögð sem þau eru talin eða eru þegar í öðrum lögum.

Í þessu sambandi má nefna ákvæði 4. og 5. greina núgildandi laga, þar sem tilgreint er hvaða markmiðum skuli ná með gerð veðurspáa og hvernig haga skuli vinnslu veðurfarsskýrslna.

Ákvæði um þessi atriði má setja í reglugerð.

Í 6. gr. núgildandi laga er fjallað um samráð og samband Veðurstofunnar við aðrar opinberar stofnanir og fyrirsvarsstofnanir atvinnuvega og samgöngumála svo og um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Að mati þeirra, sem að samningu frumvarpsins stóðu er óþarfi að lögbinda slíkt samstarf svo sjálfsagt sem það er talið vera, en rétt þótti að taka inn í frumvarpið heimild fyrir stofnunina til að taka gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

Í 7. gr. núgildandi laga er ákvæði um að haga skuli veðurþjónustu og veðurathugunum með hliðsjón af reglum þeim, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin setur og í gildi eru á hverjum

tíma, nema veðurþjónustu fyrir millilandaflug en um hana skulu auk þess gilda reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Ekki er talin þörf á að lögfesta þetta atriði heldur geta þess í reglugerð.

Í 8. gr. núgildandi laga er fjallað um ráðningu starfsmanna, menntun þeirra og kjör. Ákvæði um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar er tekið inn í 2. gr. þessa frumvarps. Ekki er talin ástæða til að binda í lög kröfu um menntun einstakra starfsmanna en um það skulu sett nánari ákvæði í reglugerð. Um launakjör starfsmanna ríkisins gilda sérstök lög.

Veðurstofa Íslands tók til starfa 1. janúar 1920 og gaf út fyrstu veðurspána hálfum mánuði síðar, en reglubundnar veðurathuganir hófust nokkru fyrr eða árið 1845.

Við upphaf starfsemi Veðurstofunnar giltu veðurhorfur einungis í hálfan sólarhring og þá fyrir allt landið í einu.

Veðurfregnum var framan af útvarpað frá Loftskeytastöðinni og dreift til símstöðva í helstu verstöðvum. Þegar Ríkisútvarpið tók til starfa 1930 urðu tímamót í dreifingu veðurfregna.

Veðurstofan flutti í nýtt húsnæði í nóvember 1973 og batnaði aðstaða stofnunarinnar þá til muna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um stjórnskipunarlega stöðu stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Í samræmi við almenn viðhorf um endurnýjun í æðstu stöður hjá framkvæmdavaldinu er hér lagt til að veðurstofustjóri verði skipaður til 5 ára í senn.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að skipun núverandi veðurstofustjóra haldi gildi sínu engu að síður.

Um 3. gr.

1. liður:

Hér er gert ráð fyrir sjálfvirkum veðurstöðvum og er það í samræmi við tækniþróun síðustu ára.

2. liður:

Hér er gert ráð fyrir að upplýsingum um veður sé m. a. safnað frá gervihnöttum og sjálfvirkum veðurstöðvum, enda eru slíkar upplýsingar þegar orðnar mikilvægur þáttur í upplýsingaöflun Veðurstofunnar.

3. liður:

Í stað orðanna „nákvæmum fregnum um hafís“ í núgildandi lögum komi: upplýsingum um hafís. Hafísathuganir eru oft gerðar við erfið skilyrði og eru því einatt ekki sérstaklega nákvæmar, en koma þó að góðu gagni.

4. liður:

Efnislega hliðstæður 6. tl. 2. gr. núgildandi laga, en sú breyting er þó gerð að út eru teknar eftirfarandi setningar: „Ríkisstjórninni er heimilt að fela Veðurstofunni önnur tiltekin verkefni á sviði jarðeðlisfræði. Störf þau, sem greind eru í þessum lið, getur ríkisstjórnin þó falið öðrum stofnunum, ef henni þykir það hagkvæmara.“

5. liður:

Hliðstæður 4. lið 2. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu að út er tekið „er sýni skilyrði þau og takmörk, sem verðráttan setur atvinnuvegum landsmanna“. (5. liður núgildandi laga er felldur niður).

6. liður:

Hér er um að ræða nýtt verkefni. Á síðustu árum hefur mikið verið leitað til Veðurstofunnar, varðandi mengun í andrúmslofti og úrkomu, magn hennar og dreifingu. Þessi starfsemi hefur farið vaxandi með tilkomu nýrra iðjuvera og ýmissa áforma um fjölgun þeirra. Veðurstofan hefur starfrækt eina stöð, þar sem gerðar eru mengunarathuganir, svo og tekið þátt í mengunarrannsóknum að beiðni ríkisstofnana og nefnda á vegum ríkisins. Þá fer Alþjóðaveðurfræðistofnunin með athuganir á mengun lofthjúpsins á alþjóðavettvangi og tengist Veðurstofan því þeirri starfsemi samkvæmt 9. lið þessarar greinar.

7. liður:

Með bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 11. maí 1978, fól ráðuneytið Veðurstofunni að annast af þess hálfu starfsemi, sem lýtur að málum er varða snjóflóðavarnir. Veðurstofan hefur síðan gert þetta eftir því, sem aðstæður hafa leyft hverju sinni. Ástæða þykir því til, að þessi starfsemi Veðurstofunnar verði skilgreind í lögum.

8. liður:

Hliðstæð ákvæði og í 7. lið 2. gr. núgildandi laga.

9. liður:

Efnislega hliðstæður 8. lið 2. gr. núgildandi laga.

10. liður:

Nýr liður, þar sem talið er rétt að ráðherra geti ákveðið að færa undir verksvið Veðurstofunnar önnur verkefni en hér eru talin, ef ástæða þykir til.

Um 4. gr.

Að undanförnu hefur það víða erlendis færst í vöxt, að veðurstofur hafa tekið gjald fyrir sérstaka þjónustu sem þær veita. Í Evrópu má til dæmis nefna greiðslur vegna flugveðurþjónustu á vegum svonefnds „Eurocontrol“ og að sænska veðurstofan fær greiðslur frá vegamálastjórn (Vägverket) og ríkisútvarpi (Sveriges Radio) fyrir sérstakar veðurspár.

Hér á landi greiða nokkur aðildarríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) fyrir veðurþjónustu við alþjóðaflug. Árið 1979 var dregið verulega úr þessum greiðslum á þeim forsendum að ýmis atriði þessarar þjónustu voru orðin að mestu leyti fyrir íslenskt millilandaflug. Síðan hefur þessi þjónusta verið greidd að mestu sem almenn þjónusta með framlagi úr ríkissjóði.

Meðal annars af þessum sökum þykir rétt að hafa rýmri heimildir um gjaldtöku en eru í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Sþ. 359. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun

fyrir árið 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 18. desember 1984.)

I.
Inngangur.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 svipar í megindráttum til áætlana síðustu ára að því er tekur til efnistöku og framsetningar. Áætlunin er nú lögð fram síðar á þingtímanum en í fyrra og skýrist sá dráttur af breyttum efnahagsaðstæðum nú á haustmánuðum.

Lánsfjáráætlun ársins 1985 fellur að yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Í áætluninni koma fram stefnumarkandi tillögur um eflingu atvinnulífs og framkvæmd hennar. Áætlunin er reist á þeim forsendum um þróun launa og verðlags sem talið er að gilda muni á árinu 1985. Forsendur þessar hafa um margt gjörbreyst í kjölfar nýafstaðinna kjarasamninga og gengisaðlögunar frá því sem lýst er í frumvarpi til fjárlaga og þjóðhagsáætlun ársins 1985.

Í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá því í byrjun september s. l. er m. a. fjallað um framkvæmdir og erlendar lántökur. Brýnt er talið að hamla gegn auknum erlendum lántökum til óarðbærrar fjárfestingar. Á hinn bóginn eru því takmörk sett hve langt er þolanlegt að ganga í samdrætti fjárfestingar atvinnuvega og opinberra aðila með tilliti til atvinnuhorfa.

Heildarlánsfjáröflun til opinberra aðila, Framkvæmdasjóðs og annarra lánastofnana auk atvinnuvega nemur alls 9 868 m. kr. og skiptist hún þannig (í millj. kr.):

1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	3 149
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800
3. Sveitarfélög	153
4. Íbúðarlánasjóðir	1 558
5. Lánastofnanir	1 372
6. Atvinnufyrirtæki	1 836

Lánsfjárþörfinni er ráðgert að mæta bæði með fjáröflun innanlands sem og erlendis. Innlendi lánsfjármarkaðurinn hefur á árinu 1984 reynst mjög frábrugðinn því sem var 1983 og árin þar á undan. Því er innlenda fjáröflunin einkar ótrygg á næsta ári en alls er stefnt að öflun 2 568 m. kr. á þeim markaði. Veigamesti þáttur innlendu lánsfjáröflunarinnar eru kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs og húsbyggingarsjóða. Í áætlun þessari er gengið út frá að sem næst 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði varið til þessara kaupa. Áætlað er að til ríkissjóðs aflist 400 m. kr. með sölu spariskírteina ríkissjóðs, auk 200 m. kr. með öðrum hætti. Skuldabréfa- og spariskírteinamarkaðurinn hefur reynst einkar óviss á þessu ári og ráða þar fjölbreytileg ávöxtunarkjör mestu. Markviss stefna og framkvæmd er því skilyrði þess að innanlands aflist tilætlað lánsfé.

Erlend lán 1985 eru alls áformuð 7 300 m. kr. og er það nánast sú fjárhæð er stjórnvöld settu að markmiði sem hámark erlendrar lántöku 1985. Það er ávallt nokkrum vandkvæðum bundið að áætla lántökur til atvinnuvega. Líta verður í samhengi á lántöku til Framkvæmdasjóðs, og þar af leiðandi ráðstöfunarfé atvinnuvegasjóðanna, til nýs þróunarfélags og beinar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Alls eru þetta um 3 300 m. kr. Á liðnum árum hefur komið í ljós að erfitt er að áætla beinar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Ræðst niðurstaða þeirrar lántöku mjög oft af því hvenær dýr atvinnutæki eins og flugvélar og skip koma til landsins og eru skráð í lána- og gjaldeyrisyfirlit. Um þetta er óvissa á árinu 1985.

Lánsfjáráætlun fyrir 1985 er eins og undanfarin ár unnin í samvinnu Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar.

II.
Heildarfjárfesting.

Í endurskoðaðri fjárfestingaráætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að fjárfesting muni aukast um 2,8% frá fyrra ári eftir 13,6% samdrátt á árinu 1983. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 10,7%. Í byggingum og mannvirkjum hins opinbera er áætlaður 5,9% samdráttur, en íbúðarhúsabyggingar 1984 eru taldar aukast um 2%. Fjármunamyndun 1984 er áætluð 16 304 m. kr. og hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu er áætlað 24,2%. Að undanskildum stórframkvæmdum og inn- og útflutningi skipa og flugvéla er fjármunamyndunin nú talin aukast um 9% á árinu 1984 eftir 12% samdrátt á árinu 1983.

Fjármunamyndun 1984—1985

	Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985
1. Atvinnuvegir	7 469	10 412	10,7	10,0
2. Íbúðarhús	3 353	4 225	2,0	0,0
3. Opinberar framkvæmdir	5 482	6 383	−5,9	−7,6
þ. a. orkuframkvæmdir	(1 880)	(2 303)	−18,5	−2,8
4. Samtals	16 304	21 020	2,8	2,0
5. Fjárfesting sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	24,2%	24,3%		

Byggingarvísitala er áætluð hækka um 26% milli áranna 1984 og 1985, en erlendur kostnaður er talinn hækka um 27%. Fjármunamyndunin 1985 er talin aukast um 2% og nema 24,3% af þjóðarframleiðslu. Á árinu 1985 er fjárfesting atvinnuveganna talin aukast um 10%. Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsabyggingar verði jafn miklar og árið áður. Samdráttur er talinn verða í byggingum og mannvirkjum hins opinbera sem nemur 7,6%. Áætlað er að heildarfjárfestingin árið 1985 án stórframkvæmda og inn- og útflutnings skipa og flugvéla muni dragast saman um rúmlega 3%.

Atvinnuvegirnir

Eins og að framan greinir er fjárfesting atvinnuveganna 1985 talin aukast um 10%. Fjármunamyndun í landbúnaði er talin verða um 3% minni 1985 en 1984. Víða um land er

verið að stofnsetja fiskeldisstöðvar. Framkvæmdir við þær teljast til fjárfestingar í landbúnaði. Áætlað er að fjárfesting í fiskveiðum dragist saman um 42%. Ekki er gert ráð fyrir neinum innflutningi fiskiskipa né heldur endurbótum fiskiskipa erlendis. Árið 1984 voru verkefni innlendra skipasmíðastöðva við endurbætur fiskiskipa með mesta móti. Fjármunamyndun fiskvinnslufyrirtækja er talin hafa aukist að mun á árinu 1984, einkum vegna mikils innflutnings ýmissa véla og tækja til fiskvinnslufyrirtækja, meðal annars rækjuvinnslu. Í spá fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir 10% aukningu í fjárfestingu fiskvinnslufyrirtækja. Ekki hefur enn þá verið tekin ákvörðun um framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og því er hér ekki reiknað með útgjöldum til þeirra á árinu 1985. Í öðrum iðnaði er gert ráð fyrir 10% aukningu framkvæmda. Þar er meðal annars um að ræða, að haldið verður áfram byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og byggingu mjólkurstöðvar í Reykjavík. Áætlað er að fjármunamyndun í flutningatækjum verði tvöfalt meiri á árinu 1985 en árið 1984. Þessi mikla aukning stafar af því að þrjú flutningaskip, sem von var á í ár, koma ekki fyrr en á næsta ári. Jafnframt er reiknað með að Flugleiðir h/f kaupi hljóðdeyfa á tvær af DC-8 vélum sínum, en ekki er gert ráð fyrir meiri háttar flugvélakaupum. Landhelgisgæslan fær nýja þyrlu. Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús o. fl. eru taldar verða svipaðar og í ár. Áætlað er að fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum aukist um 35% árið 1984 og um 5% 1985, en hér er um að ræða vinnuvélar hvers konar og tölvubúnað. Í sambandi við fjármunamyndun atvinnuveganna á árinu 1985 er meðal annars gert ráð fyrir að nokkurra áhrifa gæti af því fé (550 m. kr.) sem veita á til nýsköpunar í atvinnulífinu.

Íbúðabyggingar

Horfur um smíði íbúðarhúsa á árinu 1985 eru næsta óráðnar. Á höfuðborgarsvæðinu hefur verið byggt mikið af íbúðum undangengin tvö ár eftir verulega lægð árin 1977—1981. Á móti voru íbúðabyggingar annars staðar á landinu yfirleitt með mesta móti árin 1973—1980 en úr þeim hefur dregið síðan. Talið er að fyrirliggjandi verkefni við íbúðir í smíðum í árslok 1984 séu allmikil á höfuðborgarsvæðinu en tiltölulega lítil víða úti um land og kann það að halda aftur af umsvifum í heild á næsta ári, jafnvel þótt íbúðalán verði aukin. Þegar á heildina er litið þykir rétt að reikna með því að framkvæmdir við íbúðabyggingar verði álíka miklar árin 1984 og 1985.

Opinberar framkvæmdir

Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 7½% á árinu 1985 eftir um fjórðungssamdrátt næstliðin þrjú ár. Raforkuframkvæmdir í heild eru taldar dragast saman um 2%, en framkvæmdir Landsvirkjunar aukast um 6%. Stærstu verkefni Landsvirkjunar á næsta ári verða Blönduvirkjun og áframhald framkvæmda við Kvíslaveitur. Áætlað er að hitaveituframkvæmdir dragist saman um 4% 1985 en vatnsveituframkvæmdir eru taldar verða svipaðar og í ár. Um þrír fjórðu hlutar af áætluðum hitaveituframkvæmdum á næsta ári verða á vegum Hitaveitu Reykjavíkur eins og í ár. Áætlað er að samgönguframkvæmdir dragist saman um 12%. Áfram verður haldið smíði flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Nokkur samdráttur er áætlaður í framkvæmdum við byggingar hins opinbera eða tæplega 8%.

Fjárfesting og atvinnuhorfur

Samkvæmt þeirri fjárfestingarspá, sem hér hefur verið rakin, verður samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1985 er nemur 2—3%, en árið 1984 er talin verða 2% aukning. Eftir þessu að dæma gæti heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð orðið nokkru minni á árinu 1985 en 1984, en þá var víða mikil þensla á vinnumarkaði í þessum greinum. Atvinnu við byggingar og framkvæmdir hvers konar virðist því naumast hætta búin þótt heldur dragi úr umsvifum frá því sem verið hefur á árinu 1984.

III.
Innlend lánsfjáröflun.

Skilyrði til innlendrar lánsfjáröflunar hafa reynst sérstaklega örðug að undanförnu. Eru þar einkum að verki samtvinnuð áhrif hinnar gífurlegu verðbólgu, sem geisaði fram í september síðasta árs, og þess samdráttar í rauntekjum þjóðarbúsins sem nú hefur staðið í þrjú ár samfleytt. Auk þess sem áhrifin koma beint fram á markaði spariskírteina og í eftirspurn félaga lífeyrissjóða eftir lánum úr sjóðum sínum hafa þau magnast verulega við þrengingar bankakerfisins, sem keppt hefur ákaft um innlánsfé með háum raunvöxtum og á hinn bóginn bægt frá sér lánsfjáreftirspurn. Hið opinbera hefir brugðist við þessum aðstæðum með fýsilegum vaxtakjörum, sem gilda óhögguð til langs tíma. Á lífeyrissjóðina hefur verið lögð skylda til að kaupa skuldabréf fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs. Þrátt fyrir þetta hefur innlend lánsfjáröflun opinberra aðila brugðist stórlega 1984.

Allar horfur eru á framhaldi tregrar innlendrar fjármögnunar næsta ár, þrátt fyrir ýmsar aðgerðir. Taka mun bankakerfið a. m. k. allt næsta ár að jafna þann lausafjárvanda, sem nú á haustmánuðunum hefur numið um 3 000 m.kr. Samkeppni um sparifé verður því áfram hörð og raunvextir háir og mjög háðir vöxtum á erlendum lánamarkaði, sem mikið þarf að sækja til. Áfram verður unnið að því að bjóða fjölbreytileg og hagstæð kjör opinberra verðbréfa og að kynna þau sem best. Í ljósi fenginnar reynslu verður eigi að síður að fara mjög varlega í spásagnir um árangur.

Meðfylgjandi yfirlitstafla um innlenda lánsfjáröflun gefur glögga sýn yfir þessa óhagstæðu reynslu. Talsverður samdráttur varð árið 1983, bæði frá lánsfjárlögum ársins og að raunverulegu verðgildi frá árinu áður. Fyrst keyrir þó um þverbak 1984. Beinlínis neikvæð útkoma spariskírteinafjár og skyldusparnaðar, ásamt nánast brottfalli framlags Atvinnuleysistryggingasjóðs frá árinu áður, skipta þarna sköpum. Heildarniðurstaðan í krónum talin er aðeins rúmur þriðjungur þess sem upphaflega var áætlað, og jafnframt aðeins þriðjungur að raunverulegu verðmæti miðað við innlenda lánsfjáröflun 1982.

Um viðtöku nýrrar spariskírteinaútgáfu er mjög blint í sjóinn rennt. Ástæða er þó til að ætla að sparendur muni meta hagstæða og örugga langtímaávöxtun spariskírteina. Er því áætluð aukning nýrrar útgáfu upp í 400 m.kr. 1985. Enn viðameira vandamál er þó það, að á næsta ári falla tveir árgangar spariskírteina, frá 1980 og 1982, til fyrstu innlausnar, að innlausnarvirði um 800 m.kr., auk eftirstöðva eldri útgáfuflokka með ófullnægjandi ávöxtun í samanburði við ríkjandi vaxtakjör. Verður því lagt kapp á að fá innleysendur til þess að taka ný skírteini í stað þeirra sem innleyst verða. Er þó ekki talið fært að áætla meiri árangur en svo, að innheimta af fyrri spariskírteinalánum gangi öll til nettóinnlausnar.

Útboð ríkisvíxla hófst í marsmánuði og hafa þau farið fram mánaðarlega síðan. Hverju sinni hafa verið boðnar fram 30 m.kr. í 3ja mánaða víxlum, en aðeins tvisvar hefur verið tekið tilboðum í alla fjárhæðina. Hæst námu útistandandi víxlar 86 m.kr. í júlímánuði, en gætu numið 90 m.kr., væri öllum boðum að jafnaði tekið. Útboð ríkisvíxla voru öðrum þræði tilraun til þess að komast að niðurstöðu um jafnvægisvexti á lánamarkaði og hins vegar fjáröflun fyrir ríkisjóð.

Bankakerfið er að svo stöddu ekki vel í stakk búið til nýrra verðbréfakaupa. Að verulegum hluta koma nú verðbréfakaup þó á móti afborgunum fyrirliggjandi lánastofns, og er byrði hreinnar lánaaukningar að sama skapi minni. Nauðsynlegt er að halda þessari fjármögnunarleið í svipuðu horfi og fyrr og verður reynt að semja við banka og sparisjóði um ný verðbréfakaup er nemi um 5% af áætlaðri innlánaaukningu eða um 200 m.kr.

Lífeyrissjóðirnir eru stærsti og staðbesti stofn innlendrar fjármögnunar til langs tíma. Þar sem flestir sjóðirnir eru komnir til nokkurs þroska fara lífeyrisskuldbindingar þeirra ört vaxandi, og kemur það niður á ráðstöfunarfé þeirra til lánveitinga. Ennfremur fer vaxandi hluti þess til að mæta lánaeftirspurn sjóðfélaga, og ýmsir sjóðanna ýmist hliðra sér hjá að

uppfylla kaupskyldu sína á skuldabréfum eða láta féð renna til annarra lánasjóða en ráð er fyrir gert í lánsfjáráætlun. Á yfirstandandi ári virðast öll þessi afföll ætla að koma niður á húsnæðislánakerfinu.

Innlend lánsfjáröflun
(millj. kr.)

	Lánsfjár-lög 1983	Útkoma 1983	Lánsfjár-lög 1984	Áætluð útkoma 1984[2])	Lánsfjár-áætlun 1985
Spariskírteini ríkissjóðs:					
Ný útgáfa	200	101	200	260	400
Innheimta spariskírteinalána	381	381	637	680	650
Innlausn	−21	−21	−170	−1 180	−650
Innheimt umfram innlausn	360	360	467	−500	0
Alls	560	461	667	−240	400
Ný verðbréfaútgáfa eða sparnaðarform:					
v. ríkissjóðs	—	—	158	70	200
v. húsnæðislána	—	—	322[1])	—	188
Alls	—	—	480	70	388
Verðbréfakaup bankakerfis:					
af ríkissjóði	103	19	—		—
af Framkvæmdasjóði	100	140	250	230	200
Alls	203	159	250	230	30
Verðbréfakaup lífeyrissjóða:					
af ríkissjóði	85	87	120	120	—
af Framkvæmdasjóði	230	146	110	110	150
af húsnæðislánakerfi	479	384	690	430	1 220
af öðrum sjóðum	66	256	80	205	30
Alls	860	873	1 000	865	1 400
Önnur fjáröflun ríkissjóðs	73	106	—	—	—
Atvinnuleysistryggingasjóður til Byggingarsjóðs ríkisins	76	0	115	16	0
Skyldusparnaður, nettó til Byggingarsjóðs ríkisins	42	−7	45	−110	0
Samtals	1 814	1 592	2 557	831	2 388

1) Skipt á 122 m. kr. á ábyrgð ríkissjóðs og 200 m. kr. án hennar.
2) Áætlun Seðlabanka í nóvember.

Þrátt fyrir 40% kaupskyldu lífeyrissjóðanna virðast skuldabréfakaup þeirra af öllum fjárfestingarlánasjóðum og ríkissjóði munu nema aðeins 31% af ráðstöfunarfé þeirra 1984 borið saman við 35,5% 1983 og 33% 1982. Örðugt árferði leyfir varla hærri spá en 33% á komandi ári, miðað við óbreytt lög og óbreytta framkvæmd. Ekki minna en 200 m. kr. kunna því að renna til hinna ýmsu sérsjóða að óbreyttu. Enda þyrfti að öðrum kosti að sjá fyrir miklu af þeim þörfum, er þeir sinna, eftir öðrum leiðum. Þó að gert sé ráð fyrir að ríkissjóður sleppi öllu tilkalli til lífeyrissjóðafjár og Framkvæmdasjóður taki ekki nema 150 m. kr. innan marka afborgana sinna til sjóðanna 1985, þá þarf stórátak til, eigi húsbyggingasjóðirnir að afla þess fjár hjá lífeyrissjóðum sem að er stefnt.

Ekki eru horfur á því að Atvinnuleysistryggingasjóður verði aflögufær á næsta ári. Athuganir fara nú fram á leiðum til þess að efla skyldusparnað ungmenna að nýju eða hliðstæðan sparnað á vegum húsnæðislánakerfisins. Varla er þó unnt að vænta meiri árangurs á næsta ári en að loka fyrir það útstreymi á skyldusparnaðarfé sem átt hefur sér stað að undanförnu.

IV.
Erlend lán og greiðslujöfnuður.

Á árinu 1984 er áætlað að innkomin erlend lán til lengri tíma en eins árs muni nema 7 570 m. kr. á áætluðu meðalgengi ársins. Afborganir af löngum lánum á árinu 1984 eru áætlaðar 4 295 m. kr. og verður því nettóaukning þeirra 3 275 m. kr. Svarar það til um 9,5% af útflutningstekjum en 4,9% af þjóðarframleiðslu, og eru bæði þessi hlutföll nokkru lægri en árið áður.

Á árinu 1984 er áætlað að viðskiptajöfnuður verði óhagstæður um 3 900 m. kr., sem svarar til 5,8% af áætlaðri þjóðarframleiðslu samanborið við 2,4% árið áður, 10% árið 1982 og 5% árið 1981. Nettóaukning langra erlendra lána er eins og áður segir áætluð 3 275 m. kr. á árinu 1984, en að frádregnum nettóhreyfingum á öðrum fjármagnsliðum er fjármagnsjöfnuður í heild áætlaður hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 3 400 m. kr., sem ásamt 500 m. kr. rýrnun gjaldeyrisstöðunnar ganga til þess að jafna viðskiptahallann.

Í árslok 1984 námu skuldir þjóðarbúsins í formi langra erlendra lána 32 126 m. kr. miðað við meðalgengi þess árs. Hlutfallsleg skipting skuldarinnar eftir gjaldmiðlum var sem hér segir:

	%
Í Bandaríkjadollurum	56,3
Í sterlingspundum	5,6
Í dönskum krónum	0,9
Í norskum krónum	2,2
Í sænskum krónum	0,2
Í v-þýskum mörkum	10,5
Í svissneskum frönkum	6,2
Í frönskum frönkum	0,2
Í hollenskum gyllinum	2,3
Í belgískum/lux. frönkum	0,4
Í japönskum yenum	11,7
Í evrópskum reikningseiningum	2,3
Í SDR	1,0
Í öðrum gjaldmiðlum	0,2
Alls	100,0

Vegna þess hve stór hluti af erlendum skuldum landsmanna er bundinn í dollurum hafa gengissveiflur hans mun meiri áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins út á við heldur en gengissveiflur annarra gjaldmiðla.

Áætlað er að löng erlend lán muni í árslok 1984 nema 42 660 m. kr. á meðalgengi ársins. Að meðtalinni aukningu á árinu 1985 er áætlað að hlutfallið verði ívið hærra í árslok 1985. Í árslok 1983 nam skuldastöðuhlutfallið 60,6%, 1982 47,8%, 1981 36,7% og á fimm ára tímabili þar á undan var hlutfallið á bilinu 32% til 35%. Þessi mikla hækkun á skuldastöðunni síðustu árin er að nokkru leyti afleiðing af lækkandi raungengi krónunnar ásamt stöðnun og rýrnun þjóðarframleiðslu.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur sl. fimm ár verið í hlutfalli af útflutningstekjum sem hér segir: 1979 12,9%, 1980 14,1%, 1981 16,4%, 1982 21,2%, 1983 20,6%. Á árunum 1984 og 1985 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki í um 23%.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir út frá horfum um greiðslujöfnuð og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir, sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði.

Auk endurgreiðslu af löngum erlendum lánum að fjárhæð 4 700 m. kr. er áætluð lántökuþörf vegna viðskiptahalla 1985 4 800 m. kr. Nýjar erlendar lántökur eru alls áætlaðar 8 500 m. kr., þ. e. 7 300 m. kr. til langs tíma og 1 200 m. kr. í formi skammtímalána. Þrátt fyrir þetta eru horfur á að greiðslujöfnuður verði óhagstæður um allt að 1 000 m. kr. sem jafnframt rýrir gjaldeyrisstöðuna.

Heildarupphæð innkominna langra lána er áætluð 7 300 m. kr., en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1985 umfram það fé, sem aflað verði innanlands. Er þetta í samræmi við stefnu stjórnvalda um erlendar lántökur 1985. Auk lántöku til þess að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til lengingar lána án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda.

Eins og að framan segir eru afborganir af löngum lánum áætlaðar 4 700 m. kr. en innkomin löng lán áætluð 7 300 m. kr. þannig að hrein aukning þeirra er því áætluð 2 600 m. kr., en það eru tæp 6% af áætluðum útflutningstekjum og um 3% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Er það nokkru lægra hlutfall en 1983 og 1984.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur (innkomin lán) 1985:

	millj kr.
Opinberir aðilar	4 322
Íbúðalánasjóðir	992
Atvinnuvegir	1 836
Samtals	7 300

V.
Bankakerfið.

Áætlunin um peningamál árið 1985 byggir á þeim forsendum að þjóðarframleiðsla aukist um 0,6% að raungildi, verðbólga verði ekki yfir 22 af hundraði frá upphafi til loka ársins 1985. Þar sem nú eru horfur á miklum halla á viðskiptum við útlönd á næsta ári er líklegt að heildargreiðslujöfnuður verði neikvæður á árinu 1985.

Vegna vaxandi verðbólgu er gert ráð fyrir að raunvextir lækki eitthvað á næsta ári. Á árinu í heild er áætlað að þeir verði hærri en hafa verið á undanförum árum og valdi því að innlán aukist meira en svarar verðlags- og tekjubreytingum, eða um 25% yfir árið 1985. Meðaltal innlána 1983 svaraði til 28,8% af þjóðarframleiðslu þess árs og eru þá meðtaldir áfallnir vextir innlána innan ársins. Nú er áætlað að hlutfallið hækki í um 33% í ár og haldist svipað á árinu 1985. Á sjöunda áratugnum var hlutfallið um 40%.

Gefnar forsendur um þróun innlána og greiðslujafnaðar við útlönd veita svigrúm fyrir aukningu útlána bankakerfisins um 20% yfir árið 1985 án þess að ástæða sé til að ætla að slík aukning valdi eftirspurnarþenslu og stefni þannig markmiðum um viðskiptajöfnuð og verðþróun í hættu. Í þessu felst jafnframt að innlánsstofnanir gæti ýtrasta aðhalds í útlánum og skapi þar með grundvöll fyrir viðunandi lausafjárstöðu.

Reiknað er með því að samið verði við viðskiptabanka um að þeir kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir sem svarar 5% af aukningu innlána árið 1985, en að undanförnu hefur verið miðað við svipað hlutfall. Áætlað er að ný lán viðskiptabanka í þessu sambandi gætu numið 200 m. kr. á næsta ári.

Peningamálaáætlun 1984 og 1985

	Staða 31.12.83	—Hreyfingar í m. kr.— Áætlun 1984	Lánsfjár áætlun 1985
1. Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	2 548	34	−370
2. Innlendir liðir, nettó	17 375	6 466	6 870
þ. a. lán bankakerfis	21 437	9 431	6 150
3. Peningamagn og sparifé	19 923	6 500	6 500
		—Hreyfing í %—	
Heildarinnlán innlánsstofnana		32,9	25,1
Peningamagn og sparifé (M3)		32,6	24,6
Lán bankakerfisins		44,0	19,9

Á þessu ári hafa víðtækar aðgerðir í peninga- og lánamálum komist í framkvæmd sem munu setja mark á framvinduna á næstunni. Þessar aðgerðir mótuðust annars vegar af þeim vanda sem steðjaði að lausafjárstöðu innlánsstofnana og hins vegar af þeirri nýskipan í peninga- og lánamálum að auka frjálsræði á lánamarkaði. Hér á eftir er greint frá helstu aðgerðum í peninga- og lánamálum.

Vaxtamál

Innlánsstofnanir hafa fengið heimild til að ákveða sjálfar alla vexti aðra en vexti almennra sparisjóðsbóka, vexti endurseljanlegra afurðalána og vanskilavexti. Ákvarðanir innlánsstofnana þurfa þó samþykki Seðlabankans til að öðlast gildi. Með þessari breytingu eiga vextir að ráðast meira af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir af stjórnvöldum.

Verðbólgan hjaðnaði snögglega upp úr miðju ári 1983 úr rúmum 100% í um 14%, þegar hún náði lágmarki, og þrátt fyrir lækkun nafnvaxta á óverðtryggðum skuldbindingum á tímabilinu september 1983 til janúar 1984 hækkuðu raunvextir verulega. Verðbólgan er á uppleið aftur þegar þetta er ritað og raunvextir lækkandi, en engu að síður verða þeir hærri á árinu 1984 í heild en þeir voru í fyrra. Frá því að vera neikvæðir um 14 af hundraði á almennum skuldabréfum á árinu 1983 er líklegt að þeir verði jákvæðir um 4 af hundraði á árinu 1984. Hér á eftir fylgir yfirlit um vexti skuldabréfa og almennra sparisjóðsbóka frá árinu 1975. Við mat á raunvöxtum hefur verið miðað við hækkun lánskjaravísitölu frá ársbyrjun til ársloka.

	Almenn skuldabréf		Almennar sparisjóðsbækur	
	Ávöxtun	Raunvextir	Ávöxtun	Raunvextir
1975	18,8%	−15,6%	13,0%	−19,8%
1976	19,5%	− 7,6%	13,0%	−12,6%
1977	20,7%	− 9,5%	13,3%	−15,1%
1978	27,2%	−13,3%	18,6%	−19,2%
1979	30,9%	−15,4%	22,8%	−20,6%
1980	39,9%	− 8,3%	33,3%	−12,6%
1981	45,1%	− 1,7%	34,4%	− 8,9%
1982	45,4%	− 9,4%	35,3%	−15,7%
1983	48,8%	−14,2%	38,8%	−20,0%
1984 áætlun	24,1%	4,3%	16,1%	− 2,4%

Endurkaup, innlánsbinding

Stefnt er að því að flytja afurðalán frá Seðlabanka til innlánsstofnana. Endurkaupahlutföll Seðlabankans voru lækkuð í sumar í þessu skyni og unnið er að frekari breytingum. Þá hefur kjörum vegna útflutningsframleiðslu verið breytt þannig að nú eru öll afurðalán, þ. m. t. viðbótarlán, bundin gengi SDR og fylgja kjörin m. a. vöxtum erlendis og eru endurskoðuð mánaðarlega.

Í vor samþykkti Alþingi lög um að Seðlabanka væri heimilt að beita sérstakri aukainnlánsbindingu og hefur ríkisstjórnin heimilað að bankinn bindi þannig allt að 5% af heildarinnlánum. Enn sem komið er hefur heimildinni þó ekki verið beitt.

Gjaldeyrisviðskipti, gengisbinding

Möguleikar innlánsstofnana til gjaldeyrisréttinda hafa verið rýmkaðir. Jafnframt hefur þeim verið heimilað að ráðstafa óbundnu fé á innlendum gjaldeyrisreikningum til gengistryggðra útlána.

Í samræmi við reglugerð nr. 383/1984, sem áréttar að yfirdráttur banka erlendis sé háður vissum takmörkunum, setti Seðlabankinn nýverið almennar reglur um gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana. Þar er m. a. kveðið á um að innlánsstofnanir gæti þess að gengistryggðar eignir séu að jafnaði ekki minni en gengistryggðar skuldir til að girða fyrir gengisáhættu í rekstri.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans við innlánsstofnanir

Til að hamla gegn útlánaaukningu innlánsstofnana og koma lausafjárstöðu þeirra í viðunandi horf greip Seðlabankinn til ýmissa aðgerða. Setti bankinn nýjar reglur hinn 2. ágúst síðastliðinn um lausaskuldir innlánsstofnana við Seðlabankann. Í þeim er lögð minni áhersla en áður á refsivexti en þeim mun meiri á það að fyrirbyggja yfirdrátt. Ljóst er að þetta svið verður eitt meginviðfangsefni í stjórn peningamála á næsta ári.

VI.
Opinberar framkvæmdir — opinber lánsfjárþörf.

Horfur eru á að framkvæmdir á vegum opinberra aðila dragist saman um 7,6% að magni til á árinu 1985 og nemi samtals 6 383 m. kr. Þessi áætlun felur í sér samdrátt opinberra framkvæmda fjórða árið í röð og hafa þær þá dregist saman um 31,8% frá árinu 1981. Þannig nam samdrátturinn 7,1% árið 1982, 15,7% 1983 og útlit er fyrir enn frekari samdrátt á árinu 1984 eða um 5,9%. Í töflum 1 og 2 í töfluviðaukanum kemur fram að á árinu 1985 muni opinberar framkvæmdir nema um 30,4% af heildarfjármunamyndum ársins

og er það mun lægra hlutfall en verið hefur um langt árabil. Jafnframt kemur þar fram að á öllum sviðum opinberra framkvæmda á sér stað nokkur minnkun á árinu 1985. Töflur 1–3 og 13–16 í töfluviðaukanum sýna sundurliðun á framkvæmdaáformum hins opinbera eftir eðli framkvæmda.

Eftirfarandi yfirlit sýnir uppruna og ráðstöfun fjármagns hjá opinberum aðilum annars vegar samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1984 og hins vegar lánsfjáráætlun 1985 (í millj. kr.):

	Endurskoðuð áætlun 1984	Lánsfjáráætlun 1985
I Fjárþörf:		
1. Ríkissjóður, A-hluti	1 410	1 861
2. Ríkissjóður, B-hluti	1 315	1 438
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064	1 800
4. Sveitarfélög	343	153
Samtals	4 132	5 252
II Fjármögnun:		
1. Innlend fjáröflun	**230**	**780**
a) Útgáfa spariskírteina	260	400
b) Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	−220	—
c) Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	120	—
d) Önnur lánsfjáröflun, ríkisvíxlar o. fl.	70	200
e) Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	—	180
2. Erlendar lántökur	**3 902**	**4 472**
a) Ríkissjóður, A-hluti	1 180	1 261
b) Ríkissjóður, B-hluti	1 315	1 258
c) Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064	1 800
d) Sveitarfélög	343	153
Samtals	4 132	5 252

Samkvæmt yfirlitinu nemur heildarlánsfjárþörf opinberra aðila 5 252 m. kr. á árinu 1985, en í töflu 5 í töfluviðaukanum er sýnd frekari sundurliðun þessara lántökuáforma eftir notendum. Rétt er að minna á að erlend lántaka Byggingarsjóðs ríkisins vegna orkusparnaðarátaks er hér meðtalin undir B-hluta ríkissjóðs, en í heildaryfirlitinu um innlendar og erlendar lántökur (tafla 4) er þessi lántaka að sjálfsögðu færð með lántökum húsbyggingarsjóðanna.

Hér á eftir er farið nokkrum orðum um ráðstöfun lánsfjár hjá opinberum aðilum á árinu 1985, en að því búnu mun fjallað um fyrirhugaða lánsfjáröflun sömu aðila.

Lánsfjárráðstöfun

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gerð grein fyrir lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs. Þar kemur fram að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemur 1 852 m. kr., en í aðalatriðum orsakast hún af eftirtöldum þáttum: 1) Rekstrarhalli 532 m. kr. 2) Afborganir lána, nettóútstreymi 1 046 m. kr. 3) Hlutafjárframlög 135 m. kr. 4) Viðskiptareikningar, nettóútstreymi 120 m. kr. og 5) Sjóðsaukning 19 m. kr. Í fjárlagafrumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs og því ekki ástæða til að fjölyrða um þau atriði hér.

Frá þeim tíma er fjárlagafrumvarpið var lagt fram á Alþingi hafa orðið miklar sviptingar í efnahagslífinu vegna kjaradeilna og niðurstöður þeirra röskuðu mjög þeim forsendum sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu um breytingar á innlendu verðlagi og gengi. Endurskoðun á

tekjum og gjöldum ríkissjóðs í kjölfar breyttra forsendna hefur í grófum dráttum verið kynnt á Alþingi og verður lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs samkvæmt því 1 861 m. kr.

Í yfirlitinu hér að framan er lánsfjárþörf B-hluta ríkissjóðs áætluð alls 1438 m. kr., en í frumvarpi til fjárlaga er hún sýnd 1 298 m. kr. Mismunurinn skýrist af nauðsynlegri hækkun lántökuheimilda í kjölfar breyttra forsendna um verðlag og gengi á árinu 1985 frá því sem áætlað var við gerð fjárlagafrumvarpsins. Þannig var óhjákvæmilegt að hækka lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 40 m. kr. og Kröfluvirkjunar vegna fjármagnsútgjalda um 100 m. kr., en ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum lántökuheimilda af þessum orsökum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gerð grein fyrir áætlunum um ráðstöfun lánsfjár í einstökum tilvikum sem ekki þarf að endurtaka hér.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eru áformaðar alls 1 800 m. kr. á árinu 1985 og er það veruleg aukning miðað við lántökuheimildir yfirstandandi árs. Þeir þættir sem vega hér þyngst eru lántökur Landsvirkjunar alls 1 200 m. kr. og iðnþróunarfélags 500 m. kr. Veigamestu verkefni Landsvirkjunar eru framkvæmdir við Blönduvirkjun og Kvíslaveitur. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna í september s. l. mun stofnað félag til eflingar iðnþróunar, tækninýjunga og rannsókna í atvinnulífinu. Á þessu stigi er ekki fullmótað hvernig þessari starfsemi verður háttað. Auk þess er í fjárlagafrumvarpinu ráðgert að leggja félaginu til hlutafé að fjárhæð um 50 m. kr. Að lokum eru lántökur Orkubús Vestfjarða áætlaðar 40 m. kr. og steinullarverksmiðju á Sauðárkróki 60 m. kr.

Fyrirhugaðar erlendar lántökur sveitarfélaga nema alls 153 m. kr. á árinu 1985. Eins og kemur fram í töflu 14 í töfluviðaukanum er hér einkum um að ræða lántökur vegna skuldbreytingar hitaveitna. Veigamest er 82 m. kr. lántaka fjarhitunar í Vestmannaeyjum vegna skuldbreytingar skammtímalána sem fengist hafa hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Auk þess er 65 m. kr. lántaka Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, og 6 m. kr. lántaka Hitaveitu Rangæinga vegna áframhaldandi framkvæmda við veituna á árinu 1985.

Lánsfjáröflun

Í yfirlitinu hér að framan kom fram að afla þarf opinberum aðilum alls 5 252 m. kr. með lántökum, þar af 780 m. kr. innanlands og 4 472 m. kr. erlendis. Hér á eftir er fjallað um með hvaða hætti er fyrirhugað að afla þessa fjármagns á árinu 1985. Jafnframt er vísað í kafla III, innlend lánsfjáröflun, til frekari skýringa.

1. Innlend lánsfjáröflun: Innlendur lánsfjármarkaður hefur einkennst af óstöðugleika á þessu ári og staða ríkissjóðs þar verið afar erfið. Í kjölfar rýmri heimildar innlánsstofnana til eigin vaxtaákvörðunar hefur samkeppni um sparifé almennings verið mikil. Eigendum sparifjár standa til boða háir raunvextir og ávöxtunarkostir eru mun fjölbreyttari en verið hafa til þessa. Sú þróun sem hér er lýst hefur leitt til mikillar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs. Ríkissjóður reyndi að sporna gegn þessari þróun með því að bjóða eigendum innleysanlegra skírteina svonefnd skiptibréf sem bera hærri raunvexti en hin hefðbundnu spariskírteini bjóða upp á. Í byrjun desember nam heildarinnlausn rúmum 1 400 m. kr., en sala nýrra spariskírteina og skiptibréfa á sama tíma nam aðeins um 520 m. kr. Á árinu 1985 er ráðgert að afla ríkissjóði alls 600 m. kr. á innlenda lánsfjármarkaðinum, þar af 400 m. kr. með sölu nýrra spariskírteina og 200 m. kr. með annarri fjáröflun, svo sem ríkisvíxlum o. fl. Mikil óvissa ríkir um innlausn eldri spariskírteina á næsta ári. Heildarinnlausnarverðmæti útgefinna spariskírteina nemur alls um 4 400 m. kr. miðað við verðlag í septemberlok 1984. Binditími nýrra skírteina nemur minnst þremur árum, en að þeim tíma liðnum er eiganda frjálst að leysa inn nafnverð þess að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum. Að teknu tilliti til binditíma eru aðeins um 600 m. kr. af útgefnum spariskírteinum ekki innlausnarhæf á tímabilinu október 1984 til ársloka 1985. Innlausnarkrafa á ríkissjóð gæti að hámarki

numið um 3 800 m. kr. á þessu tímabili. Í fjárlagafrumvarpinu og þessari áætlun er gert ráð fyrir að innlausn eldri spariskírteina nemi 650 m. kr. á árinu 1985 og er það sama fjárhæð og áætluð innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé. Að lokum hafa Endurlán ríkissjóðs nýlega skuldbreytt erlendu láni frá árinu 1979 og frestar það afborgunum um 5 ár. Þessi ráðstöfun felur í sér minna útstreymi úr sjóðnum sem nemur afborgun næsta árs og lækkar því erlenda lántökuþörf um 180 m. kr. á árinu 1985.

2. Erlendar lántökur: Erlendar lántökur opinberra aðila nema alls 4 472 m. kr. á árinu 1985 samanborið við 3 902 m. kr. á yfirstandandi ári. Áætlunin felur í sér nokkra aukningu á erlendum lántökum hins opinbera og hlutdeild þeirra í erlendum lántökum þjóðarbúsins.

Hækkun á erlendum lántökum hins opinbera skýrist af auknum lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs eða úr 1 064 m. kr. í 1 800 m. kr. Hins vegar er áætlað að lántökur sveitarfélaga lækki úr 343 m. kr. í 153 m. kr. Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs nema 1 261 m. kr. og B-hluta ríkissjóðs 1 258 m. kr. Hafa ber í huga að stór hluti lánsfjárþarfar opinberra aðila orsakast af greiðslu vaxta og afborgana erlendra lána. Þessar greiðslur eru áætlaðar alls um 1 560 m. kr. hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1985, þar af 870 m. kr. í vexti og 690 m. kr. í afborganir. Lántökur B-hluta ríkissjóðs til lánagreiðslna nema 500 m. kr. vegna fjármagnsútgjalda Kröflu, en að auki er virkjuninni gert að skila 98,5 m. kr. úr rekstri upp í vexti og afborganir.

VII.
Fjárfestingarlánasjóðir.

Fjárfestingarlánasjóðir, sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun, eru alls 15 að tölu, en þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlun fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til og tveggja annarra atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar frá Framkvæmdasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð alls 4 566 m. kr. árið 1985, þar af íbúðalánasjóðir 2 473 m. kr. eða 54% og atvinnuvegasjóðir 2 093 m. kr. eða 46%. Er þetta 51% hærri fjárhæð en áætluð útlán 1984, sem áætluð voru 3 031 m. kr. ef miðað er við sömu sjóði bæði árin. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 57% frá lánsfjárlögum 1984 en hækkun atvinnuvegasjóða nemur 42%.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög kveða á um og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða er eins og á undanförnum árum stærsti þátturinn í framangreindri fjármögnun. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 70,1% á árinu 1985. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggist í höfuðdráttum á aðfengnu lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli hinna einstöku sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðasjóður sig algerlega úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1985 um 575 m. kr. Önnur fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar engu til nýrrar ráðstöfunar þegar á heildina er litið.

Eins og að framan greinir eru heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna 1985 áætluð 4 566 m. kr. Til að standa undir þeim útlánum þurfa sjóðirnir að taka að láni 3 200 m. kr., þeir fá

framlög og skatttekjur er nema 1 485 m. kr., en eigið ráðstöfunarfé þeirra verður neikvætt um 118 m. kr. þegar á heildina er litið.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er nú komin í viðunandi horf eins og stefnt hefir verið að á undanförnum árum.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1984 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 818 m. kr. Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni til fjárfestingarlánasjóða 1 400 m. kr. sem skiptist þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 150 m. kr., íbúðarlánasjóðir 1 220 m. kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 30 m. kr.

Fjárþörf íbúðarlánasjóðanna er mjög mikil á árinu 1985 vegna fyrri ákvarðana um hækkun lána til íbúðabyggjenda. Framlag úr ríkissjóði er áætlað 904 m. kr. Lánsfjáröflun til sjóðanna er fyrirhuguð þannig að 1 220 m. kr. verði aflað hjá lífeyrissjóðum, tekið verði 150 m. kr. erlent lán vegna orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði og 188 m. kr. verði aflað með sérstakri fjáröflun. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1 558 m. kr.

Útlán íbúðarlánasjóðanna 1985 eru áætluð 2 473 m. kr., eins og fyrr greinir, sem skiptist þannig að Byggingarsjóður ríkisins lánar 1 790 m. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 683 m. kr.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1985 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 18 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 1 582 m. kr. á árinu 1985, þar af 1 510 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóðs sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 942 m. kr.

Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að Byggðasjóður fái erlent lán að fjárhæð 120 m. kr. og er það hluti af lánsfjáröflun ríkissjóðs. Ráðstöfunarfé sjóðsins verður þá alls um 129 m. kr. á því ári.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanförnu. Þá ber að geta þess að innlendar skipasmíðar, þar með taldar meiri háttar breytingar, endurbætur og viðgerðir skipa, eru nú fjármagnaðar með erlendum lánum sem tekin eru af viðkomandi gjaldeyrisbanka, jafnháum hinum endanlegu lánum Fiskveiðasjóðs. Sjóðurinn tekur við framangreindum erlendum lánum að verkum loknum og endurlánar með lengdum lánstíma, allt að 18 árum, eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Lán þau er Fiskveiðasjóður yfirtekur með þessum hætti eru nú talin til útlána þegar smíði lýkur og yfirtakan fer fram, en áður voru til útlána taldar hjá Fiskveiðasjóði afborganir sjóðsins af hinum erlendu lánum að frádregnum afborgunum frá lántakendum. Greiðslustaða sjóðsins verður þess utan mun erfiðari á yfirstandandi ári og árinu 1985 vegna mjög mikilla vanskila við sjóðinn, einkum vegna skipalána, auk þess sem fallist hefir verið á eftirgjöf um 60% af vaxtagreiðslum á lánum sjóðsins til útgerðarfyrirtækja. Enn fremur versnar greiðslustaðan vegna yfirtöku sjóðsins á erlendum kaupalánum vegna þrettán áður innfluttra fiskiskipa og fjögurra erlendra lána til endurbóta á fiskiskipum, sem stjórn sjóðsins samþykkti á árinu 1984.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs er afar erfið. Samkvæmt áætlun ársins 1984 er hún neikvæð um 540 m. kr. og 1985 um 575 m. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða, 150 m. kr., og láni Framkvæmdasjóðs, 715 m. kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1985 465 m. kr. til vinnslustöðva og tækja, viðgerða og breytinga skipa. Tekið skal fram, að ekki er í áætlun Fiskveiðasjóðs gert ráð fyrir neinum lánveitingum vegna raðsmíðaverkefna, þótt vitað sé að fjögur skip eru í smíðum. Ef hins vegar eitthvert þessara skipa verður afhent á árinu 1985 og lánveiting samþykkt af stjórn sjóðsins, hækkar fjárþörfin um 60% af kostnaðarverði hvers skips. Þessum lánveitingum yrði væntanlega mætt með erlendum lánum, er skipunum fylgja.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað um 558 m. kr. samanborið við 299 m. kr. árið 1984. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs, 225 m. kr., og lán og styrkir vöruþróunar- og markaðskönnunardeildar Iðnlánasjóðs, um 75 m. kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 858 m. kr. á árinu 1985. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðasjóðs til iðnaðar, en þau munu nema um 30 m. kr. 1984 og gera má ráð fyrir álíka fjárhæð á árinu 1985.

VIII.
Töfluviðauki.

I Fjárfesting

Tafla 1 Fjármunamyndun 1983—1985
Tafla 2 Yfirlit um fjármunamyndun 1982—1985
Tafla 3 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1983—1985

II Fjármögnun

Tafla 4 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt endurskoðun ríkisfjármála 1984 og lánsfjáráætlun 1985

III Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 6 Greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 7 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1981—1985
Tafla 8 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1984—1985
Tafla 9 Byggingarsjóður ríkisins 1984 og 1985
Tafla 10 Byggingarsjóður verkamanna 1984 og 1985
Tafla 11 Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985
Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1985

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1985
Tafla 14 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1985
Tafla 15 Samgönguframkvæmdir 1985
Tafla 16 Opinberar byggingar 1985
Tafla 17 RARIK, almennar framkvæmdir 1984 og 1985

I Fjárfesting

Tafla 1 Fjármunamyndun 1983—1985
(millj. kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári %		
	Bráðab.-tölur 1983	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985	Bráðab.-tölur 1983	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985
Fjármunamyndun alls	**13 000**	**16 304**	**21 020**	**−13,6**	**2,8**	**2,0**
Þar af:						
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 148	952	1 250	−23,9	−32,1	4,2
Innflutt skip og flugvélar	587	635	1 400	−22,5	−11,4	73,5
Útflutt skip og flugvélar	−117	−430	−150			
Önnur fjármunamyndun	11 382	15 147	18 520	−12,0	9,1	−3,2
I Atvinnuvegirnir	**5 531**	**7 469**	**10 412**	**−14,4**	**10,7**	**10,0**
1. Landbúnaður	650	820	1 000	−14,0	3,4	−3,2
2. Fiskveiðar	731	1 000	730	−19,0	12,2	−42,1
3. Vinnsla sjávarafurða	512	740	1 030	−15,8	18,6	10,0
4. Álverksmiðja	22	40	—	−68,7	50,0	—
5. Járnblendiverksmiðja	9	12	50	−33,3	11,1	233,3
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	1 150	1 650	2 300	−9,1	17,6	10,2
7. Flutningatæki	832	885	2 280	−24,8	−12,7	102,8
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	831	1 014	1 278	−9,6	0,0	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	794	1 308	1 744	−5,2	35,0	5,0
II Íbúðarhús	**2 694**	**3 353**	**4 225**	**−8,0**	**2,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**4 775**	**5 482**	**6 383**	**−15,7**	**−5,9**	**−7,6**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 560	1 350	1 663	−23,6	−29,0	−2,2
2. Hita- og vatnsveitur	440	670	816	−21,6	24,8	−3,3
þar af hitaveitur	(330)	(530)	(640)	−25,5	31,5	−4,2
3. Samgöngumannvirki	1 825	2 302	2 554	−5,2	3,4	−11,9
4. Byggingar hins opinbera	950	1 160	1 350	−15,5	0,1	−7,7

Aths.: Magnbreytingar 1983 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1984 og 1985 eru miðaðar við verðlag áranna 1983 og 1984.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2 Yfirlit um fjármunamyndun 1982—1985

	1982	Bráðab.-tölur 1983	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985
Verg þjóðarframleiðsla (millj. kr.)	**31 197**	**53 004**	**67 300**	**86 420**
Heildarfjármunamyndun (millj. kr.)	**8 576**	**13 000**	**16 304**	**21 020**
a) Atvinnuvegir	3 659	5 531	7 469	10 412
b) Íbúðarhús	1 714	2 694	3 353	4 225
c) Opinberar framkvæmdir	3 203	−4 775	5 482	6 383
Heildarfjármunamyndun í % af VÞF	**27,5**	**24,5**	**24,2**	**24,3**
a) Atvinnuvegir	11,7	10,4	11,1	12,0
b) Íbúðarhús	5,5	5,1	5,0	4,9
c) Opinberar framkvæmdir	10,3	10,3	8,1	7,4
Heildarfjármunamyndun, hlutfallsleg samsetning	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
a) Atvinnuvegir	42,7	42,5	45,8	49,5
b) Íbúðarhús	20,0	20,7	20,6	20,1
c) Opinberar framkvæmdir	37,3	−36,8	33,6	30,4
Verg þjóðarframleiðsla, magnbreyting milli ára (%)	**–1,5**	**–5,5**	**–0,4**	**+0,6**
Heildarfjármunamyndun, magnbreyting milli ára (%)	**–1,5**	**–13,6**	**+2,8**	**+2,0**
a) Atvinnuvegir	–0,6	–14,4	+10,7	+10,0
b) Íbúðarhús	+8,9	–8,0	+2,0	0,0
c) Opinberar framkvæmdir	–7,1	–15,7	–5,9	–7,6
Hlutfallstölur (% af VÞF):				
Heildarfjármunamyndun	27,5	24,5	24,2	24,3
+ Birgðabreytingar	2,8	–2,0	0,7	0,0
– Heildarsparnaður	20,4	20,1	19,1	18,7
Mismunur = Viðskiptahalli	9,9	2,4	5,8	5,6

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

I Fjárfesting

Tafla 3 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1983—1985
(millj. kr.)

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1983		
	Bráðab.-tölur 1983	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985	Bráðab.-tölur 1983	Áætluð útkoma 1984	Áætlun 1985
Rafvirkjanir og rafveitur	1 560	1 350	1 663	1 560	1 107	1 082
Þar af: Landsvirkjun	(1 052)	(900)	(1 200)	(1 052)	(738)	(781)
Kröfluvirkjun	(66)	—	—	(66)	—	—
Hitaveitur	330	530	640	330	434	416
Vatnsveitur	110	140	176	110	115	115
Vegir og brýr	500	680	820	500	557	534
Götur og holræsi	720	740	890	720	607	579
Hafnir og vitar	185	191	134	185	157	87
Flugvellir	60	291	326	60	239	212
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	360	400	384	360	328	250
Skólar og íþróttamannvirki	400	520	645	400	426	420
Sjúkrahús	370	430	480	370	352	312
Félagsheimili og kirkjur	60	60	65	60	49	42
Aðrar byggingar hins opinbera	120	150	160	120	123	104
Samtals	4 775	5 482	6 383	4 775	4 494	4 153

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4 Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
(millj. kr.)

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Lífeyris-sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**400**	**—**	**—**	**380**	**4 322**	**5 102**
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	1 261	1 861
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 108	1 288
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	1 800	1 800
Sveitarfélög	—	—	—	—	153	153
II Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**1 220**	**188**	**150**	**1 558**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	875	188	150	1 213
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	**—**	**200**	**180**	**—**	**992**	**1 372**
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	942	1 292
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
IV Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**1 836**	**1 836**
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 836	1 836
Heildarfjárþörf (I—IV)	**400**	**200**	**1 400**	**568**	**7 300**	**9 868**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

II Fjármögnun

Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt endurskoðun ríkisfjármála 1984 og lánsfjáráætlun 1985

(millj. kr.)

	Endurskoðuð áætlun 1984	Lánsfjáráætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	**2 725**	**3 299**
1.1 A-hluti	**1 410**	**1 861**
1.2 B-hluti	**1 315**	**1 438**
Byggðasjóður	120	120
Bjargráðasjóður	60	0
Byggingarsjóður ríkisins	190	0
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	0	150
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1	0
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	14	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	258	340
RARIK, almennar framkvæmdir	168	175
Krófluvirkjun, fjármagnsútgjöld	358	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10
Orkusjóður, sveitarafvæðing	7	0
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	30	30
Umferðarmiðstöð	0	3
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	89	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 064**	**1 800**
Landsvirkjun	900	1 200
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	30	40
Steinullarverksmiðja	80	60
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	45	0
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	9	0
Iðnþróunarfélag	—	500
3. Sveitarfélög	**343**	**153**
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	22	65
Fjarhitun Vestmannaeyja	0	82
Hitaveita Akureyrar	89	0
Hitaveita Rangæinga	11	6
Hitaveita Kjalarness	25	0
Hitaveita Selfoss og Eyra	46	0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	150	0
4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6)	**4 132**	**5 252**
5. Innlend fjáröflun	**230**	**780**
Útgáfa spariskírteina	260	400
Innheimta umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	-220	0
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	120	0
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	0	180
Önnur fjáröflun	70	200
6. Erlend lán	**3 902**	**4 472**
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 495	2 519
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064	1 800
Sveitarfélög	343	153

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6 Greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985
(Meðalgengi hvers árs, millj. kr.)

	1983	Áætlun 1984	Lánsfjár-áætlun 1985
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	−18 156	−23 800	−30 850
Skip og flugvélar	−587	−635	−1 400
Til stóriðjuvera	−1 555	−2 030	−2 580
Annar innflutningur	−16 014	−21 135	−26 870
(Þar af olía)	(−3 012)	(−3 500)	(−4 450)
(Þar af annað)	(−13 002)	(−17 635)	(−22 420)
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	18 623	23 300	30 450
Vöruskiptajöfnuður	**467**	**−500**	**−400**
Þjónustujöfnuður	**−1 730**	**−3 400**	**−4 400**
Innflutt þjónusta	−10 563	−14 700	−19 950
Útflutt þjónusta	8 833	11 300	15 550
Viðskiptajöfnuður	**−1 263**	**−3 900**	**−4 800**
Viðskiptajöfnuður í % af VÞF	−2,4	−5,8	−5,6
Framlög án endurgjalds	**−42**	...	...
Fjármagnsjöfnuður	**1 162**	**3 400**	**3 800**
Erlent einkafjármagn	−610	600	...
Langar lántökur, nettó	2 899	3 275	2 600
Innkomin löng lán, alls	5 577	7 570	7 300
Afborganir	−2 678	−4 295	−4 700
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−1 127	−475	1 200[1])
Heildargreiðslujöfnuður	**−143**	**−500**	**−1 000**

1) Nettó-innstreymi gæti hæglega orðið minna en það mundi jafnframt rýra gjaldeyrisstöðuna enn frekar.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 7 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1981—1985
(millj .kr.)

	1981	Bráðab.-tölur 1982	Áætlun 1983	Endurskoðuð áætlun 1984	Spá 1985
Uppruni fjár:					
1 Eigið framlag, nettó	479	702	1 240	1 490	2 150
11 Afborganir	109	204	379	1 600	2 300
12 Vextir	393	545	946		
13 Kostnaður o. fl., nettó	−23	−47	−84	−110	−150
2 Iðgjöld, nettó	487	721	1 189	1 310	1 500
21 Innkomin iðgjöld	808	1 229	2 066	2 500	3 200
22 Lífeyrisgreiðslur	−320	−507	−874	−1 190	−1 700
23 Endurgreidd iðgjöld	−1	−2	−3	—	—
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5)	**966**	**1 423**	**2 429**	**2 800**	**3 650**
Ráðstöfun fjár:					
4 Útlán	887	1 299	2 087	—	—
(þ. a. til sjóða)	(342)	(469)	(863)	—	—
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	79	124	342	—	—

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 8 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1984—1985
(millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Lánsfjáráætlun 1985
Byggingarsjóður ríkisins	525	875
Byggingarsjóður verkamanna	165	345
Framkvæmdasjóður Íslands	110	150
Stofnlánadeild landbúnaðarins	18	30
Ríkissjóður	120	—
	938	1 400
Utan lánsfjáráætlunar	62	—
Samtals	1 000	1 400

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 9 Byggingarsjóður ríkisins 1984 og 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Endurskoðuð ríkisfjármál 1984	Lánsfjár-áætlun 1985
Innstreymi	**1 544**	**1 544**	**2 497**
Ríkissjóður	200	200	622
Skyldusparnaður, nettó	45	-30	0
Atvinnuleysistryggingasjóður	115	0	0
Lífeyrissjóðir	525	525	875
Sérstök fjáröflun	200	200	188
Afborganir, vextir, verðbætur	442	442	625
Tekjur tæknideildar	17	17	28
Erlend lán	0	190	150
Annað	0	0	9
Útstreymi	**1 544**	**1 544**	**2 497**
Rekstrarkostnaður	40	40	42
Afborganir, vextir, verðbætur	337	337	665
Lánveitingar	1 167	1 167	1 790
Lánveitingar	**1 167**	**1 167**	**1 790**
Nýbyggingar	620	620	705
Eldri íbúðir	388	388	760
Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir	59	59	58
Viðbyggingar og endurbætur	68	68	90
Heilsuspillandi húsnæði	0	0	15
Einstaklingar með sérþarfir	0	0	12
Orkusparandi breytingar á húsnæði	0	0	150
Annað	32	32	0

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 10 Byggingarsjóður verkamanna 1984 og 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Áætlun 1985
Innstreymi	**442**	**790**
Ríkissjóður	200	282
Sveitarfélög	38	90
Kaupendur eldri íbúða	21	0
Afborganir, vextir, verðbætur	18	73
Lífeyrissjóðir	165	345
Útstreymi	**442**	**790**
Rekstrarkostnaður	15	12
Afborganir, vextir, verðbætur	21	95
Lánveitingar	406	683
Lánveitingar	**406**	**683**
Þegar gerðir samningar, nýbyggingar, nýir samningar	406	570
Endursöluíbúðir		113

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 11 Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Endurskoðuð áætlun 1984	Lánsfjáráætlun 1985
Fjáröflun	**1 112**	**2 142**	**1 582**
Eigið ráðstöfunarfé F. Í.	100	100	290
Lán frá innlendum bönkum	250	250	200
Lán frá lífeyrissjóðum	110	110	150
Erlend lán	652	1 682	942
Lánveitingar	**1 112**	**2 142**	**1 582**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	136	161	187
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	400	400	440
Fiskveiðasjóður v/útlána	250	400	275
Iðnlánasjóður	205	300	440
Lánasjóður sveitarfélaga	14	14	5
Ferðamálasjóður	29	29	94
Verslunarlánasjóður	17	17	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	17	17	20
Landflutningasjóður	5	5	8
Útflutningslánasjóður	6	6	7
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14	14
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	10	10	—
Bein útlán Framkvæmdasjóðs og fiskeldi	9	29	72
Veðdeild Búnaðarbankans v/skuldbreytinga	—	80	—
Lánastofnanir v/skuldbreytinga	—	500	—
Byggðasjóður v/skipasmíða	—	150	—
Fiskimálasjóður	—	10	—

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1985
(millj. kr.)

		Eigin fjármögnun			Lántökur						
		Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðu-breytingar	Framlög og skatt-tekjur	Fram-kvæmda-sjóður	Líf-eyris-sjóðir	Banka-kerfið	Erlend lán	Önnur lán	Samtals	Útlán og styrkir
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**−260,0**	**141,5**	**1 484,8**		**1 400,0**	**200,0**	**1 262,0**	**338,0**	**3 200,0**	**4 566,3**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**−79,0**		**994,0**		**1 220,0**		**150,0**	**188,0**	**1 558,0**	**2 473,0**
21	Byggingarsj. ríkisins og Veðd. L.Í.	−45,0		622,0		875,0		150,0	188,0[1]	1 213,0	1 790,0
22	Byggingarsjóður verkamanna	−34,0		372,0		345,0				345,0	683,0
3	**Atvinnuvegasjóðir alls**	**−181,0**	**141,5**	**490,8**		**180,0**	**200,0**	**1 112,0**	**150,0**	**1 642,0**	**2 093,3**
31	Framkv.sjóðskerfið og Byggðasjóður	−362,5	130,0	433,8	(1 582,0)	180,0	200,0	1 062,0	150,0	1 592,0	1 793,3
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−112,8		130,4	187,0	30,0				217,0	234,6
3102	Fiskveiðasjóður, v/greiðsluhalla	−705,0	130,0	175,0	440,0				150,0[3]	865,0	465,0
	,, v/útlána				275,0						
3103	Iðnlánasjóður	107,5		10,0	440,0					440,0	557,5
3104	Verslunarlánasjóður	8,5			20,0					20,0	28,5
3105	Stofnlánadeild samvinnufélaga	2,0			20,0					20,0	22,0
3106	Ferðamálasjóður	−4,3			94,0					94,0	89,7
3107	Lánasjóður sveitarfélaga	35,2		40,0	5,0					5,0	80,2
3108	Landflutningasjóður				8,0					8,0	8,0
3109	Útflutningslánasjóður	100,0			7,0					7,0	107,0
3110	Byggðasjóður	−83,6		78,4	14,0[2]			120,0		134,0	128,8
3110	Framkvæmdasjóður, bein lán				72,0[4]					72,0	72,0
	” lán alls	290,0				150,0	200,0	942,0		(1 292,0)	(1 582,0)
32	Aðrir sjóðir	181,5	11,5	57,0				50,0		50,0	300,0
321	Iðnþróunarsjóður	163,5	11,5					50,0		50,0	225,0
322	Vöruþróun og markaðskönnunardeild (Iðnlánasjóður)	18,0		57,0							75,0

1) Sérstök fjáröflun.
2) Lán úr Framkvæmdasjóði vegna bætts aðbúnaðar á vinnustöðum.
3) Yfirtekin erlend lán vegna tækja og breytinga o. fl. á fiskiskipum.
4) Fiskirækt 55,0 m. kr., annað 17,0 m. kr.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Tafla 13 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1985
(millj. kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1985	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lánsfjár-áætlun 1985
1. Landsvirkjun	1 200	—	—	1 200
2. Almennar framkvæmdir RARIK	185	—	10	175
3. Dreifikerfi í sveitum	20	20	—	—
4. Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	8	8	—	—
5. Orkubú Vestfjarða	50	—	10	40
6. Framkvæmdir sveitarfélaga	200	—	200	—
Samtals	1 663	28	220	1 415

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1985
(millj. kr.)

	Fram-kvæmdir 1985	Til fram-lengingar lána 1985	Fjármögnun		
			Úr rekstri eða sjóðum	Orkusjóður	Erlent lánsfé
I Hitaveitur	**625,0**	**124,3**	**586,3**	**10,0**	**153,0**
Hitaveita Reykjavíkur	500,0	—	500,0	—	—
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	3,1	42,3	−19,6	—	65,0
Fjarhitun Vestmannaeyja	—	82,0	—	—	82,0
Hitaveita Rangæinga	6,0	—	—	—	6,0
Aðrar hitaveitur	115,9	—	105,9	10,0	—
II Til annarra verkefna	**15,0**	—	**5,0**	—	**10,0**
Jarðhitaleit	15,0	—	5,0[1])	—	10,0
Samtals I—II	640,0	124,3	591,3	10,0	163,0
III Vatnsveitur	**176,0**	—	**176,0**	—	—
Vatnsveita Reykjavíkur	76,0	—	76,0	—	—
Aðrar vatnsveitur	100,0	—	100,0[2])	—	—
Samtals I—III	816,0	124,3	767,3	10,0	163,0

1) Fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 5,0 m. kr.
2) Þar af fjárveiting A-hluta ríkissjóðs 5,0 m. kr.

Heimild: Fjárlaga og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 15 Samgönguframkvæmdir 1985
(millj. kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1985	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Lánsfjár-áætlun 1985
1. Vegir og brýr	820,0	820,0	—	—
2. Götur og holræsi	890,0	124,0	766,0	—
3. Hafnir og vitar	134,0	74,5	59,5	—
4. Flugvellir	55,0	55,0	—	—
5. Póstur og sími, útvarp	384,0	—	354,0	30,0
6. Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	271,0	—	171,0[1])	100,0
Samtals	2 554,0	1 073,5	1 350,5	130,0

1) Framlag Bandaríkjamanna.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

V Opinberar framkvæmdir

Tafla 16 Opinberar byggingar 1985
(millj. kr.)

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld 1985	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Lánsfjár-áætlun 1985
1. Skólar og íþróttamannvirki	645,0	344,0	301,0	—
2. Sjúkrahús	480,0	298,1	181,9	—
3. Félagsheimili og kirkjur	65,0	19,5	45,5	—
4. Aðrar opinberar byggingar	160,0	85,0	75,0	—
Samtals	1 350,0	746,6	603,4	—

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 17 RARIK, almennar framkvæmdir 1984 og 1985
(þús. kr.)

	Fjárlög 1984	Lánsfjár-áætlun 1985
Stofnlínur	**60 750**	**82 430**
Prestbakki — Kirkjubæjarklaustur	—	2 540
Vogaskeið — Grundarfjörður	6 300	20 030
Sauðárkrókur — Hofsós	340	—
Akureyri — Dalvík	26 240	33 030
Laxá — Kópasker	19 010	—
Stuðlar — Eskifjörður	3 170	—
Eskifjörður — Neskaupstaður	500	23 230
Eyvindará — Egilsstaðir	—	1 100
Aðveitustöð Stöðvarfjörður — Kirkjuból	—	1 500
Hólar — Höfn II	340	—
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 500	1 000
Lúkning verka fyrra árs	3 350	—
Aðveitustöðvar	**45 030**	**27 950**
Prestbakki	—	13 750
Flúðir	3 430	—
Hella	6 640	—
Njarðvík	—	2 600
Ólafsvík	560	—
Skagaströnd	5 530	—
Eskifjörður	12 000	2 000
Lagarfoss	—	5 140
Stuðlar	4 000	—
Fáskrúðsfjörður	360	460
Teigarhorn	500	—
Hólar	1 510	—
Lúkning verka fyrra árs	3 350	—
Raflínusími og fjargæsla alls	7 150	4 000
Geymsluhús o. fl.	**5 000**	**23 420**
Innanbæjarkerfi	**47 240**	**40 000**
Vélar og tæki	**10 000**	**5 000**
Dísilstöðvar	**6 980**	**6 200**
Almennar framkvæmdir samtals	**175 000**	**185 000**
Fjármögnun framkvæmda	**175 000**	**185 000**
Heimtaugargjöld	7 000	10 000
Lántökur	168 000	175 000

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nd. 360. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 76 28. desember 1983, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1984“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Með lögum nr. 98/1982 var heimild til gjaldtöku þessarar framlengd til ársloka 1983 og með lögum nr. 76/1983 var heimildin enn framlengd til ársloka 1984. Forsendur fyrir gjaldtökunni hafa ekki breyst og þykir nú eigi fært að fella gjaldið niður um n. k. áramót.

Heildarendurskoðun tollskrárlaga stendur enn yfir, en þar mun m. a. verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendrar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari. Því er lagt til með frumvarpi þessu að gjaldtakan verði framlengd til ársloka 1985.

Sþ. 361. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02–991 Húsfriðun 6.20 Viðeyjarstofa og Nesstofa.	
Fyrir „750“ kemur	5 750

Sþ. 362. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Karvel Pálmasyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Eiði Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 411 Eignarskattar. Nýr liður:	
4112 Eignarskattsauki	1 000 000

	Þús. kr.
2. Við 3. gr. 4114 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fyrir „85 000“ kemur	170 000
3. Við 3. gr. 4123 Skattar á innlánsstofnanir. Fyrir „75 000“ kemur	150 000
4. Við 3. gr. 412 Tekjuskattar. Nýr liður: 4124 Af hagnaði Seðlabankans	90 000
5. Við 3. gr. 423 Sölugjald. Fyrir „8 420 000“ kemur	10 500 000
6. Við 4. gr. 02–803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Fyrir „34 901“ kemur	50 000

Sþ. 363. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Fyrir „34 901“ kemur	70 588

Sþ. 364. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 06-205 Sakadómur Reykjavíkur 1.01 Almennur rekstur. Fyrir „13 044“ kemur (aukinn mannafli vegna skattsvika).	14 044
2. Við 4. gr. 06-208 Rannsóknarlögregla ríkisins 1.01 Almennur rekstur. Fyrir „37 130“ kemur (aukinn mannafli vegna skattsvika).	39 130

Sþ. 365. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Karvel Pálmasyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 426. Ýmsir skattar af framleiðslu, seldum vörum og þjónustu. Nýr liður: 42601 Tekjur af hækkun raforkuverðs til stóriðju	200 000
2. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun. Liðurinn orðist svo: 1.15 Lækkun húshitunarkostnaðar	400 000

Sþ. 366. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi Einarssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Nýr liður:	
1.70 Fíkniefnadeild	1 500
2. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt. Nýr liður:	
1.91 Aðgerðir gegn eiturlyfjum	1 500

Sþ. 367. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Seljan, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi Einarssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
Fyrir „40 000“ kemur	75 000
2. Við 4. gr. 07-971 Erfðafjársjóður, framlag.	
Fyrir „19 400“ kemur	25 000

Nd. 368. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson og Guðrún Agnarsdóttir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 18. des. 1984.

Páll Pétursson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm.
Ingvar Gíslason.	Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.
	Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.	

Nd. 369. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Karvel Pálmasyni.

1. Við 1. gr. 2. málsl. fyrri málsgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985 og skal því varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og til að draga úr verðmun á rafmagni til heimilisnota. Á árinu 1985 skal þess gætt að verðmunur á rafmagni vaxi ekki frá 1. desember 1984 á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í samanburði við gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:
   Til að bæta Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða þann tekjumissi, sem hlýst af lækkun verðjöfnunargjaldsins úr 19% í 16%, skal ríkissjóður yfirtaka áhvílandi lán, sem þessu nemur, hjá fyrirtækjunum frá ársbyrjun 1985 að telja.

Sþ. 370. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabóta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum, svo sem Faxaflóa, Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi er borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem um rekstur snjóbifreiða eða mikinn snjómokstur þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðalög að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Nefndinni bárust umsóknir að þessu sinni frá 63 aðilum. Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum nefndarinnar, endurskoðuðu reikninga allra flóabátanna og veittu nefndinni margvíslegar upplýsingar sem komu henni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. a. s. flutninga á sjó. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og svo hitt að um allt það, sem lýtur að sjóflutningum, hefur nefndin fyllri upplýsingar þótt ýmsir aðrir aðilar, er styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar, og er það mikil breyting til bóta.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram hvað aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar og er nefndinni fullkomlega ljóst að full ástæða væri til að hafa þessa styrki verulega hærri. En á hitt er einnig að líta að margir munu þeir vera sem ekki eru mikið betur settir en hafa enga umsókn sent.

Akraborg.

Í ár er styrkur til Akraborgar 6 millj. kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann. Á árinu 1983 var halli á rekstri fyrirtækisins annað árið í röð og nam hann 9 millj. kr. samkv. efnahagsreikningi í árslok. Í árslok er eigið fé orðið neikvætt um rúmar 30 millj. kr., og á árinu versnaði veltufjárstaða fyrirtækisins um 11,7 millj. kr., eða helmingi meira í krónum talið en árið áður. Skammtímaskuldir námu 31,5 millj. kr. um áramótin 1983—84 og höfðu þær aukist um 10,7 millj. á árinu.

Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir tímabilið janúar—júní 1984 er rekstrarhallinn orðinn 4,6 millj. kr. Skammtímaskuldir halda áfram að aukast og voru á miðju þessu ári orðnar 38,6 millj. kr., en veltufjármunir aðeins 5 millj. kr. Á sama tíma námu tekjur fyrirtækisins 21,5 millj. kr.

Í bréfi til samvinnunefndar samgöngumála, dagsettu 19. okt. sl., eru nefndar nokkrar ástæður fyrir versnandi afkomu fyrirtækisins. Meðal annars er þar nefnt að nauðsynlegt þótti að setja í skipið nýja hliðarskrúfu vegna erfiðra hafnaraðstæðna. Kostnaður við þessa framkvæmd varð 4,5 millj. kr. og stöðvaðist skipið við þessa framkvæmd í um 6 vikna tíma.

Slæm veðrátta til ferðalaga hafði óhagstæð áhrif á rekstur fyrirtækisins þar sem flutninganýting varð léleg.

Í júlí s. l. var gamla Akraborg seld fyrir 10 millj. kr. en andvirði sölunnar rann beint til greiðslu upp í 20 millj. kr. skuld við Ríkisábyrgðasjóð.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisábyrgðasjóði eru skuldir fyrirtækisins við hann sem hér segir:

a. Áætluð heildarskuld um næstu áramót	101,3 millj. kr.
b. Vanskil nú	19,0 millj. kr.
c. Áætlaðar afborganir og vextir á næsta ári	18,8 millj. kr.

Baldur.

Í greinargerð rekstraraðila bátsins, sem fylgdi bréfi hans til samvinnunefndar samgöngumála, dagsettu 7. nóvember 1984, segir m. a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey hefðu orðið samtals 129 fyrstu 9 mánuði þessa árs. Báturinn flutti í þessum ferðum 4572 farþega og 1016 bifreiðar. Til samanburðar má geta þess að fyrstu 10 mánuði fyrra árs flutti báturinn 5360 farþega í 131 ferð og 1160 bifreiðar. Auk viðkomu í Flatey var sem áður komið við í Skáleyjum og Hvallátrum. Í sumaráætlun bátsins fór hann allt að 6 ferðir í viku yfir Breiðafjörð en á tímabilinu 1. október — 30. apríl eru farnar að jafnaði tvær ferðir í viku. Engar fastar áætlunarferðir voru farnar milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna á þessu ári. Hins vegar voru farnar leiguferðir, t. d. með áburð, og aðrar ferðir sem aðbærar þóttu.

Framkvæmdastjóri bátsins getur þess í greinargerð sinni að undanfarin tvö ár hafi orðið samdráttur í áburðarflutningum, fyrst og fremst vegna vangetu bátsins til þeirra flutninga. Búið er að bæta að nokkru leyti úr þessum galla með því að laga skrokklag skipsins í lest með því að koma fyrir þar til gerðum hillum og hefur Siglingamálastofnun samþykkt slíkan búnað.

Nú flytur skipið áburð á brettum og við það vinnst að hægt er að veita þeim aðilum þjónustu sem kjósa að fá áburðinn fluttan á brettum, jafnframt sem uppskipun og losun verður kostnaðarminni og tekur skemmri tíma.

Samkvæmt áætlun um rekstur bátsins út þetta ár er gert ráð fyrir 450 þús. kr. halla sem er nokkru verri útkoma en á síðasta ári en þá var hallinn 248 þús. kr. Hlutfall ríkisstyrks af heildargjöldum verður þá 54%.

Nefnd sú, sem samgönguráðherra skipaði 28. júlí 1983 til þess að annast framkvæmd og umsjón með smíði nýs flóabáts fyrir Breiðafjarðarsvæðið, skilaði áfangaskýrslu 3. febrúar 1984. Niðurstaða nefndarinnar er að leggja til að smíðað verði 200 smálesta skip sem getur flutt 15—17 bifreiðar af venjulegri stærð á þilfari en einnig verði hægt að flytja vöruflutningabifreiðar og stórar fólksflutningabifreiðar. Í aðalfarþega- og veitingasal, sem yrði niðri í skipinu, er gert ráð fyrir sætum fyrir 130 farþega. Samkvæmt áætlun nefndarinnar frá því í febrúar sl. er smíðakostnaður ferjunnar 60 millj. kr.

Niðurlagsorð nefndarinnar eru þau að með tilvísun til framanritaðs telur nefndin að ekki sé rétt að svo stöddu að halda áfram frekari undirbúningsframkvæmdum með tilliti til útboðs fyrr en fyrir liggi endanlegar ákvarðanir stjórnvalda um smíði ferjunnar samkvæmt þeim teikningum sem fyrir liggja.

Í rekstraráætlun bátsins fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tekjur hækki um 18% að meðaltali og að ríkisstyrkurinn hækki úr 5,2 í 6,6 millj. kr. Áætlað er að gjöld skipsins hækki um 17% að meðaltali og launakostnaður hækki um 23% milli ára. Þessi áætlun er miðuð við óbreytta þjónustu bátsins en reiknað er með auknum vöruflutningum er leiðir af þeim endurbótum sem gerðar voru á bátnum í vor sem leið.

Fagranes.

Eins og fyrr fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár.

Í bréfi framkvæmdastjóra bátsins, dags. 25. nóv. 1984, er frá því greint að þegar rekstraráætlun var gerð fyrir yfirstandandi ár var tekið mið af spá stjórnvalda um verðlagsþróun þessa árs en hún gerði ráð fyrir um 22% meðaltalshækkun rekstrar- og tekjuliða. Þó voru útgjöld aðeins hækkuð um 14,7% í áætluninni.

Tekjur fyrirtækisins út þetta ár eru áætlaðar 7,9 millj. kr. eða um 11% umfram það sem gert var ráð fyrir í rekstraráætlun sem lögð var fyrir samvinnunefnd samgöngumála fyrir ári. Framlag ríkissjóðs til rekstrarins nemur á þessu ári 4,9 millj., eða sem svarar um 62% heildartekna. Auk þess fékk báturinn 400 þús. kr. í stofnstyrk til kaupa á húsnæði fyrir skrifstofu fyrirtækisins. Sambærilegar tölur fyrir árið 1983 eru 5,8 millj. kr. heildartekjur, 3,7 millj. kr. ríkisframlag og hlutfall þess af tekjum 64%. Gjöldin á þessu ári eru áætluð 7,4 millj. kr. þannig að reksturinn ætti að skila afgangi í árslok.

Hér er um nokkuð betri rekstrarniðurstöðu að ræða en var á síðasta ári og telur framkvæmdastjóri bátsins að rekja megi ástæður þess til aukinna tekna af aukaferðum á síðasta sumri.

Áætlun fyrirtækisins er í hefðbundnum stíl. Framkvæmdastjóri hafði við gerð hennar hliðsjón af upplýsingum Þjóðhagsstofnunar en hún gerir ráð fyrir 26% meðaltalshækkun rekstrar- og tekjuliða á næsta ári. Samkvæmt því verða útgjöld fyrirtækisins 9,3 millj. kr. og tekjur 3,2 millj. Nauðsynlegt ríkisframlag er því 6,1 millj., sem er um 66% af heildarútgjöldum. Hér er um 24% hækkun ríkisframlags að ræða til reksturs frá yfirstandandi ári.

Drangur.

Til loka október s. l. hafði Drangur flutt 64 farþega og 12 300 tonn af vörum. Allt árið í fyrra flutti skipið 97 farþega og 11 500 tonn af vörum.

Ástæðu fyrir auknum flutningum má rekja til tveggja þátta. Í fyrsta lagi til samnings við Kaupfélag Eyfirðinga um alla flutninga til Hríseyjar, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar og Grímseyjar, en samningur þessi gildir frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1986. Vegna þessa samnings

þótti nauðsynlegt að kaupa flutningabifreið til þess að annast þessar ferðir yfir sumarmánuðina og þegar fært er á veturna, nema þegar Drangur siglir til Grímseyjar hálfsmánaðarlega. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins greinir nánar frá þessu í greinargerð. Í öðru lagi hefur aukaferðum skipsins fjölgað verulega á árinu sem nú er að líða, einkum vegna þungaflutninga. Sem dæmi má nefna flutning á 2500 tonnum af möl til Grímseyjar í haust til vegagerðar og sundlaugarbyggingar ásamt tækjum.

Í lok október s. l. var hagnaður af eiginlegum rekstri fyrirtækisins, þ. e. a. s. fyrir fjármagnsgjöld, um 1,9 millj. kr. en eftir að tekið hefur verið tillit til fjármagnsgjalda var hallinn orðinn 1,9 millj. Sambærilegar tölur fyrir árið 1983 eru 2,2 millj. kr. halli og 4,2 millj. kr. eftir fjármagnsgjöld.

Gert er ráð fyrir að báturinn veiti áfram sömu þjónustu á áætlunarsvæði sínu. Farið er í aukaferðir þegar þær bjóðast og hagkvæmt þykir.

Í janúar næst komandi verða teknar upp viðræður við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um framhaldsferðir með flutninga fyrir útgerðina einu sinni í viku frá Akureyri til Siglufjarðar og Kópaskers. Fyrst um sinn verða þessar ferðir farnar í tilraunaskyni í 3—4 mánuði og ráðgert er að þær hefjist í lok janúar 1985.

Samkvæmt áætlun Útvegsbanka Íslands um greiðslur á lánum vegna kaupa á Drangi þarf stofnframlag að verða 11,9 millj. kr. á næsta ári. Þar sem síðasta greiðsla ársins að upphæð 2,6 millj. kr. fellur í lok ársins er hægt að komast af með 9,3 millj. kr. í stofnstyrk.

Hríseyjarferja.

Í ár er styrkur ríkissjóðs til rekstrar Hríseyjarferjunnar 1 050 000 kr. En nú er sótt um 1 500 000 kr. Farið er fram á fjármagn til breytinga á lúgu, brú og farþegaaðstöðu. Breyting á lúgu er gerð til þess að auka flutningsgetu ferjunnar, einkum afköst við fisk- og vöruflutninga. Um þennan þátt segir í bréfi oddvita til samvinnunefndar samgöngumála:

„Minnka á lestarlúgu um nálega þrjá fjórðu til að auka dekkpláss. Eins og lestarlúgan er nú tekur hún yfir mjög stóran hluta dekksins og er gerð þannig í upphafi til þess að gera notkun lestarinnar sem aðgengilegasta. Reynslan hefur hins vegar sýnt að lestin er alls ekki notuð við vöruflutninga og þaðan af síður til fiskflutninga, helst viðkvæman varning í smáum stíl. Kostnaðaráætlun hefur verið gerð og er hún upp á 192 þús. kr. og er sótt um stofnstyrk til framkvæmdarinnar sem þessari upphæð nemur."

Samkvæmt upplýsingum Framkvæmdasjóðs Íslands verða greiðslur vegna Hríseyjarferju 445 þús. kr. á næsta ári. Til viðbótar komu vanskil nú um áramótin, 37 500 kr. Alls gerir þetta um 482 þús. kr.

Ef heimila á fjárveitingu til breytinga á lúgu þarf stofnstyrkurinn að nema 675 þús. kr. á næsta ári.

Mjóafjarðarbátur.

Nýr bátur var keyptur árið 1978 og kostaði þá 40 millj. kr. og er mikill hluti kaupverðs enn ógreiddur.

Samkvæmt rekstraráætlun fyrir árið 1985 er sótt um ríkisstyrk að upphæð 1 188 000 kr.

Aðstæður við Mjóafjörð eru þannig að þessi bátur er eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestan hluta ársins og búseta í firðinum útilokuð án ferða hans.

Herjólfur.

Heildarútgjöld ársins urðu 54,3 millj. kr. og rekstrartekjur 35,4 millj. kr. Halli varð því á starfsemi fyrirtækisins sem nam 18,9 millj. kr. og var það um 85% verri útkoma en árið 1982. Upp í þennan halla fékk fyrirtækið ríkisstyrk að fjárhæð 7,9 millj. kr., þannig að tap fyrir fjármagnsliði nam 10,9 millj. kr.

Að teknu tilliti til fjármagnshreyfinga skilaði reksturinn um 375 þús. kr. afgangi.

Hreint veltufé í árslok var neikvætt um 1,2 millj. kr. og er það um helmingi betri staða en um áramótin 1982—1983.

Í 6. gr. fjárlaga þessa árs er heimild til þess að semja við Herjólf hf. um uppgjör vanskilaskulda fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Sams konar heimild var í fjárlögum ársins 1982 og þá samþykkti fjármálaráðherra niðurfellingu vaxta að fjárhæð 59,2 millj. kr.

Um síðustu mánaðamót var gengið frá skuldabréfi þar sem Herjólfur hf. skuldbindur sig til þess að greiða vanskilaskuld við sjóðinn að fjárhæð 25,7 millj. kr. á árunum 1985—1993, tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvember. Skuldin ber 4% vexti og vaxta- og afborgunargreiðslur lánsins eru verðtryggðar.

Eftirtalin ákvæði eru sett inn í skuldabréfið til tryggingar endurgeiðslu láns þessa: Skuldareiganda er framseldur fjórðungur þeirra stofn- og rekstrarstyrkja sem félagið kann að fá á fjárlögum vegna útgerðar skips þess er það rekur. Mun félagið hlutast til um að sú greiðsla komi til útborgunar í febrúar ár hvert.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu hjá stjórnarformanni Herjólfs, voru vextir, m. a. dráttarvextir, af skuldinni við Ríkisábyrgðasjóð sem voru felldir niður um 100 millj. kr.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér enda smáar upphæðir sem til þeirra fara, en þeir eru Dýrafjarðarbátur, Langeyjarnesbátur og Mýrabátur.

Ekki verða heldur tilgreindar einstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar leggur samvinnunefnd samgöngumála til að á fjárlögum 1985 verði veittar samtals 56 364 000 kr. til flóabáta og vöruflutninga sem skiptist eins og lagt er til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1984.

Stefán Valgeirsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Egill Jónsson, form. Ed.-nefndar.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. Nd.-nefndar.	Steingrímur J. Sigfússon.	Eggert Haukdal.
Jón Kristjánsson.	Skúli Alexandersson.	Friðjón Þórðarson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Valdimar Indriðason.	Karvel Pálmason.
Stefán Guðmundsson.		Árni Johnsen.

Sþ. 371. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Við 4. gr. 10-321 1.20 Flóabátar og vöruflutningar.		
a. Fyrir „44 252“ kemur		56 364
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar og vöruflutningar (10 321 1.20).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	55	
2. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi	55	
3. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	110	
4. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu	30	
5. Til mjólkurflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu	120	
6. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	55	
7. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi	42	
8. Til vetrarflutninga í Bíldudal	42	
9. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu	50	
10. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	85	
11. Snjóbifreið í Önundarfirði	90	
12. Snjóbifreið um Botnsheiði	65	
Stofnstyrkur	85	
13. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	285	
14. Til vetrarflutninga í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu	50	
15. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	30	
16. Til vetrarsamgangna í Reykjafjarðarhreppi	30	
17. Til vetrarsamgangna í Nauteyrarhreppi	30	
18. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	30	
19. Til vöruflutninga í Árneshreppi	200	
20. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	100	
Stofnstyrkur	450	
21. Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi	30	
22. Snjóbifreið á Hólmavík	35	
23. Snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu	30	
24. Skefilsstaðahreppur	50	
25. Snjóbifreið í Skagafirði	33	
26. Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppum	50	
27. Til vetrarsamgangna, Siglufjörður-Sauðárkrókur	200	
28. Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs	300	
29. Til vetrarflutninga í Ólafsfirði	50	
Stofnstyrkur	40	
30. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	20	
31. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	55	
32. Snjóbifreiðar á Akureyri	40	

	Þús. kr.	Þús. kr.
33. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	30	
34. Snjóbifreið í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu	33	
35. Norðausturleið, Vopnafjörður-Húsavík	450	
36. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	85	
37. Snjóbifreið Öxarfjörður-Kópasker	50	
38. Snjóbifreið á Þórshöfn	42	
Stofnstyrkur	90	
39. Til vetrarflutninga á Bakkafirði	85	
40. Til vetrarflutninga á Vopnafirði	85	
41. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	95	
42. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	32	
43. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	30	
44. Til vetrarsamgangna á Jökuldal	50	
Stofnstyrkur	130	
45. Til vetrarflutninga í Möðrudal	60	
Stofnstyrkur	90	
46. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	32	
47. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	340	
48. Snjóbifreið á Oddsskarði og Fagradal	400	
Stofnstyrkur	350	
49. Snjóbifreið Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugvöllur	60	
50. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	85	
51. Til vetrarflutninga Djúpivogur-Hornafjörður	120	
Stofnstyrkur	150	
52. Svínafell í Nesjum	33	
53. Til vöruflutninga á Suðurlandi	310	
		6 339
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	7 500	
2. Baldur	6 550	
Stofnstyrkur	1 200	
3. Langeyjarnesbátur	42	
4. Mýrabátur	6	
5. Fagranes	6 500	
6. Dýrafjarðarbátur	50	
Stofnstyrkur	42	
7. Hríseyjarferja	1 500	
Stofnstyrkur	675	
8. Drangur	3 000	
Stofnstyrkur	9 300	
9. Mjóafjarðarbátur	1 160	
10. Herjólfur	12 500	
		50 025
		56 364

Nd. 372. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og átt sameiginlega fundi með sjávarútvegsnefnd efri deildar.

Forsendur þess að þetta frv. er flutt eru fyrst og fremst spár fiskifræðinga um ástand helstu nytjafiska hér við land. Þau aflamörk, sem sett eru, leiða óhjákvæmilega til stjórnar á veiðum á árinu 1985.

Við umfjöllun sjávarútvegsnefndar varð ekki ágreiningur milli nefndarmanna um nauðsyn stjórnar á veiðum, frekar um leiðir að því marki sem sett er um hámarksafla 1985.

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins var gerð könnun á viðhorfum útgerðar- og skipstjórnarmanna á kvótakerfinu 1984. Alls voru útgerðum 660 skipa sendir spurningalistar. Svör bárust frá útgerðum 299 skipa og 269 skipstjórnarmönnum. Í 111 tilvikum (um 20%) var svarandi bæði útgerðarmaður og skipstjóri. Sé reiknað með að sama hlutfall gildi fyrir allt úrtakið eru um 1000 aðilar í því. Svör bárust frá 457 einstaklingum sem í sumum tilvikum svöruðu fyrir fleiri en eitt skip. Hlutfall svara úr könnuninni er því um 50%.

Þó að hlutfallið sé ekki hærra gefur könnunin mjög góða vísbendingu um skoðanir útgerðar- og skipstjórnarmanna á kvótakerfinu. 88,7% svara því játandi að þörf sé á heildarstjórn fiskveiða við Ísland. 46,3% svara því játandi að stjórna eigi fiskveiðum með aflakvóta á fiskiskip.

Ekki fer það milli mála að með þeirri stjórn, sem upp er tekin, hefur tekist að auka gæði hráefnisins og spara í rekstri. Það er þó ljóst að enn má þar betur gera.

Sjávarútvegsnefnd gerir sér grein fyrir því að fiskikvótar hafa ýmsa ókosti í för með sér sem aðferð til að stjórna fiskveiðum, en aðrar betri leiðir eru þó ekki í sjónmáli.

Það er vandasöm og kröpp sigling að ná því marki að fá sem mest verðmæti fyrir það sjávarfang, sem úr hafinu er dregið, með sem minnstum tilkostnaði.

Með þessu frumvarpi er reynt að komast sem næst því að njóta þeirra ávaxta sem hafið gefur án þess að ganga um of á þann stofn er þar vex.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 302.

Alþingi, 18. des. 1984.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Ingvar Gíslason. Gunnar G. Schram.

Halldór Blöndal. Friðrik Sophusson.

Sþ. 373. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Ragnari Arnalds, Helga Seljan, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur, Skúla Alexanderssyni og Margréti Frímannsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 4114 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.	
Fyrir „85 000“ kemur	170 000
2. Við 3. gr. 4121 Tekjuskattur félaga.	
Fyrir „385 000“ kemur	590 000
3. Við 3. gr. 4123 Skattar á innlánsstofnanir.	
Fyrir „75 000“ kemur	155 000
4. Við 4. gr. 02–803 6.90 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „34 901“ kemur	73 000
5. Við 5. gr. 22–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
a. Við 4810 Framlög úr ríkissjóði.	
Fyrir „481 241“ kemur	668 061
b. Við 16 Veitt lán.	
Fyrir „679 381“ kemur	966 201
c. Við 26 Tekin lán.	
Fyrir „300 000“ kemur	400 000

Sþ. 374. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Ragnari Arnalds og Guðrúnu Helgadóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02–981 Kvikmyndasjóður	
Fyrir „8 000“ kemur	30 000

Nd. 375. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. l. nr. 52 1981 og l. nr. 92/1982.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1984.

Pétur Sigurðsson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Guðrún Helgadóttir.	Friðrik Sophusson.	Guðmundur Bjarnason.

Nd. 376. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 28. des. 1983, um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson.	Svavar Gestsson.	Halldór Blöndal.
	Þorsteinn Pálsson.	

Sþ. 377. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Halldóri Blöndal, Haraldi Ólafssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Árna Johnsen, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Eiði Guðnasyni, Hjörleifi Guttormssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Kristófer Má Kristinssyni, Ragnari Arnalds, Ólafi G. Einarssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Við 4. gr. 02 982 1.42. Heiðurslaun listamanna. Þús. kr.

Liðurinn orðist svo:

a. Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis 3 200

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 1.42):	Þús. kr.
1. Finnur Jónsson	200
2. Guðmundur Daníelsson	200
3. Guðmundur G. Hagalín	200
4. Halldór Laxness	200
5. Hannes Pétursson	200
6. Indriði G. Þorsteinsson	200
7. Jóhann Briem	200
8. Jón Helgason	200
9. Jón Nordal	200
10. María Markan	200
11. Matthías Johannessen	200
12. Ólafur Jóhann Sigurðsson	200
13. Snorri Hjartarson	200
14. Stefán Íslandi	200
15. Svavar Guðnason	200
16. Valur Gíslason	200
	3 200

Nd. 378. Breytingartillaga [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. l. nr. 38 26. maí 1981.

Frá Karvel Pálmasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Einarssyni.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. komi tvær nýjar málsgr. er orðist svo:

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til veiða með línu og handfærum.

Við úthlutun á aflamarki til einstakra skipa ber ráðherra að taka sérstakt tillit til þess ef skip er gert út í byggðarlagi þar sem a. m. k. 35% vinnuafls starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu og skal aflamark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um 15—20% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu.

Nd. 379. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1984.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðmundur Einarsson.

Pálmi Jónsson.

Sþ. 380. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa 1.01 Yfirstjórn. Fyrir „11 226“ kemur	12 026
2. Við 4. gr. 02-321 Kennaraháskóli Íslands 51 Laun. Fyrir „34 118“ kemur	35 418
3. Við 4. gr. 02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands. Nýr liður: 5.01 Viðhald	250
4. Við 4. gr. 02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri. Nýr liður: 6.10 Tækjakaup	500

	Þús. kr.
5. Við 4. gr. 02. Nýr liður:	
02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
Tegundarsundurliðun:	
51 Laun	8 300
52-58 Önnur gjöld	730
6. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands.	
6.01 Tækjabúnaður.	
Fyrir „1 800“ kemur	2 300
7. Við 02-621 Skálholtsskóli 52-58 Önnur gjöld.	
Fyrir „500“ kemur	800
8. Við 4. gr. 02-705 1.01 Grunnskólar, Norðurlandi eystra.	
Fyrir „133 157“ kemur	132 857
9. Við 4. gr. 02-720 1.10 Framhaldsdeildir í grunnskólum.	
Fyrir „22 043“ kemur	14 293
10. Við 4. gr. 02-750 Skólar fyrir þroskaheft börn.	
a. Við 1.20 Kjarvalshús, greiningarstöð.	
Fyrir „5 332“ kemur	6 032
b. Við 1.30 Þjálfunarskólar.	
Fyrir „31 283“ kemur	31 383
c. Nýr liður:	
6.20 Hjálpartæki	200
d. 6.30 Búnaður í þjálfunarskóla á Akureyri	150
11. Við 4. gr. 02-885 Fullorðinsfræðsla	
a. Nýr liður:	
1.40 Félagsmálanámskeið	100
b. Við 1.60 Heimilisiðnaðarskólinn.	
Fyrir „120“ kemur	150
12. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög	
a. Við 1.15 Þýðingarsjóður.	
Fyrir „950“ kemur	1 150
b. Við 1.30 Íslenska óperan.	
Fyrir „2 500“ kemur	3 000
c. Nýr liður:	
1.31 Íslenski dansflokkurinn	600
13. Við 4. gr. 02-989 1.13 Íþróttamál fatlaðra.	
Fyrir „850“ kemur	1 050
14. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.	
a. Við 1.91 Félög, styrkir.	
Fyrir „800“ kemur	200
b. Við 1.92 Ýmis framlög.	
Fyrir „1 700“ kemur	2 000
c. Nýr liður:	
1.93 Kvenfélagasamband Íslands	600
15. Við 4. gr. 03-399 Ýmis utanríkismál. Nýr liður:	
1.70 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, vegna 40 ára afmælis samtakanna	50
16. Við 4. gr. 04-101 Landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa 52-58 Önnur gjöld.	
Fyrir „3 892“ kemur	4 092

	Þús. kr.
17. Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands 1.20 Ráðunautar.	
Fyrir „10 383“ kemur	11 383
18. Við 4. gr. 04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	
a. Nýr liður:	
1.90 Tilraunabú, óskipt	2 500
b. Nýr liður:	
5.86 Viðhald, hús Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri	350
c. Við 6.82 Fasteign, fjósbygging.	
Fyrir „500“ kemur	1 200
d. Við 6.85 Fasteign, fjósbygging.	
Fyrir „500“ kemur	1 400
19. Við 4. gr. 04-246 1.01 Veiðimálaskrifstofan	
Fyrir „8 160“ kemur	8 360
20. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 1.15 Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands.	
Fyrir „200“ kemur	250
b. Nýr liður:	
1.16 Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu	150
c. Við 1.22 Ýmis verkefni.	
Fyrir „950“ kemur	1 050
21. Við 4. gr. 05-101 Sjávarútvegsráðuneyti 51 Laun.	
Fyrir „7 790“ kemur	8 090
22. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun.	
a. Nýr liður:	
1.24 Útibú í Vestmannaeyjum	240
b. Nýr liður:	
1.33 R/S Otto Wathne	6 800
c. Nýr liður:	
5.33 Viðhald	1 300
d. Nýr liður:	
6.33 Tækjabúnaður	1 500
23. Við 4. gr. 06-203 Borgardómarinn í Reykjavík 51 Laun.	
Fyrir „11 131“ kemur	11 202
24. Við 4. gr. 06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík. Nýr liður:	
5.01 Tölvubúnaður	1 300
25. Við 4. gr. 06-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri 6.50 Fasteign, Akureyri.	
Fyrir „3 100“ kemur	3 850
26. Við 4. gr. 06-232 Sýslumaður Hvolsvelli 6.50 Fasteign.	
Fyrir „300“ kemur	1 050
27. Við 4. gr. 06-251 Landhelgisgæsla Íslands.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „12 418“ kemur	13 186
b. Við 1.30 Fluggæsla.	
Fyrir „38 498“ kemur	43 477
28. Við 4. gr. 06-253 Almannavarnir ríkisins 6.01 Tækjakaup. Liðurinn orðist svo:	
6.01 Fjarskiptabúnaður og tækjakaup	1 672
29. Við 4. gr. 06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
1.82 Aðgerðir gegn fíkniefnum	1 000

	Þús. kr.
30. Við 4. gr. 06-282 Ýmis löggæslukostnaður.	
Nýr liður:	
1.30 Starfsmenn hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, skiptist skv. ákvörðun fjárveitinganefndar	2 500
31. Við 4. gr. 06-303 1.10 Prestar og prófastar.	
Fyrir „62 507“ kemur	63 207
32. Við 4. gr. 06-304 Ýmis kirkjuleg málefni 1.90 Ýmislegt.	
Fyrir „3 154“ kemur	3 854
33. Við 4. gr. 07-954 Vinnueftirlit ríkisins.	
a. Við 1.01 almennur rekstur.	
Fyrir „18 477“ kemur	22 272
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „18 877“ kemur	22 672
34. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál.	
a. Nýr liður:	
1.60 Orlofsheimili launþegasamtakanna	4 790
b. Nýr liður:	
1.61 Iðnnemasamband Íslands	50
c. Við 1.90 Ýmislegt.	
Fyrir „9 712“ kemur	10 022
35. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
6.81 Varnaraðgerðir við Skeiðará	3 000
36. Við 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 51 Laun.	
Fyrir „9 028“ kemur	9 278
37. Við 4. gr. 08-325 Hollustuvernd ríkisins. Nýr liður:	
6.10 Tækjakaup vegna geislavarna	250
38. Við 4. gr. 08. Nýr liður:	
08-350 Málefni fatlaðra.	
Viðfangsefni:	
Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Háaleitisbraut, Reykjavík	3 625
1.20 Sjálfsbjörg, Akureyri	1 384
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	3 251
39. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
a. Við 1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild.	
Fyrir „574 659“ kemur	587 059
b. Við 1.20 Geðdeild.	
Fyrir „244 291“ kemur	246 441
c. Við 1.30 Stofnanir öryrkja og þroskaheftra.	
Fyrir „67 225“ kemur	67 925
d. Við 1.40 Stoðdeildir, rannsóknastofur.	
Fyrir „241 428” kemur	246 078
e. Við 1.50 Þjónustudeildir.	
Fyrir „324 685“ kemur	327 785
f. Við 6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.	
Fyrir „35 000“ kemur	51 000

g. Sundurliðun stofnkostnaðar kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið: Þús. kr.

Landspítalinn, fjárfestingar (08 371 6.60 og 6.70).

a. Yfirstjórn.

1. Stjórnun og undirbúningur	1 500	
2. Tækjakaup	4 000	
3. Bygging W	8 300	
		13 800

b. Stjórnarnefnd.

1. Almennar framkvæmdir	1 500	
2. Tækjakaup	45 500	
		51 000
		64 800

40. Við 4. gr. 08-381 1.20 Heilsuverndarstöðvar, styrkur.
Fyrir „4 500“ kemur 4 000

41. Við 4. gr. 08-387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 51 Laun.
Fyrir „164 360“ kemur 166 060

42. Við 4. gr. 08-391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar 51 Laun.
Fyrir „86 187“ kemur 96 987

43. Við 4. gr. 08-481 Bindindisstarfsemi 1.10 Áfengisvarnir.
Fyrir „1 843“ kemur 2 093

44. Við 4. gr. 09-381 Uppbætur á lífeyri 51 Laun.
Fyrir „368 094“ kemur 368 791

45. Við 4. gr. 09-402 Fasteignamat ríkisins 51 Laun.
Fyrir „12 356“ kemur 13 156

46. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. Liðurinn orðist svo:

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	81 000
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Þjóðvegir	661 400
Stofnkostnaður:	
6.10 Þjóðvegir og brýr, nýframkvæmdir	735 000
6.30 Fjallvegir	18 900
6.40 Tilraunir	5 000
6.50 Sýslu- og þéttbýlisvegafé	140 900
6.60 Vélakaup, áhaldahús	8 200

47. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins.
a. 1.01 Almennur rekstur.
Fyrir „20 004“ kemur 20 904
b. Við 6.01. Liðurinn orðist svo:
6.01 Tölvubúnaður og innréttingar 1 605

48. Við 4. gr. 10-342 Sjóslysanefnd. Nýr liður:
1.04 Öryggismál, sjómannanámskeið og þjálfunarskóli 3 000

49. Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn 1.40 Flugvalladeild.
Fyrir „45 500“ kemur 45 650

50. Við 4. gr. 11-399 1.11 Orkusparnaður.
Fyrir „10 000“ kemur 13 000

Sþ. 381. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 1. gr. Lánahreyfingar út.
   a. Hlutafjárframlög. Þús. kr.
   Fyrir „135 000“ kemur 144 000
   b. Aðrir.
   Fyrir „1 076 000“ kemur 1 192 000
2. Við 1. gr. Afborganir af veittum lánum í A-hluta.
   Fyrir „190 000“ kemur 209 000
3. Við 1. gr. Erlend lán.
   Fyrir „2 600 000“ kemur 2 900 000
4. Við 1. gr. Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa.
   Fyrir „350 000“ kemur 400 000
5. 3. gr. orðist svo:
   Árið 1985 er ætlast til að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
4	**Tekjur**		
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**665 000**
4110	Eignarskattur einstaklinga	335 000	
4111	Eignarskattur félaga	215 000	
4114	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	90 000	
4190	Erfðafjárskattur	25 000	
412	**Tekjuskattar**		**2 450 000**
4120	Tekjuskattur einstaklinga	3 320 000	
41201	Barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars	1 600 000	
	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	1 720 000	
4121	Tekjuskattur félaga	425 000	
4123	Skattar á innlánsstofnanir	85 000	
4191	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra	55 000	
4193	Sjúkratryggingagjald	165 000	
42	**Óbeinir skattar**		
422	**Gjöld af innflutningi**		**4 473 800**
4220	Gjöld af innflutningi, ýmis:		
422011	Tollafgreiðslugjald	100 000	
42202	Kjarnfóðurgjald	100 000	
4221	Aðflutningsgjöld að frádregnu 160 000 þús. kr. framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	3 115 000	
4222	Gjald af gas- og brennsluolíu	5 300	
4223	Jöfnunargjald	175 000	
4224	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	5 500	
4226	Innflutningsgjald af bensíni	835 000	
4228	Innflutningsgjald af bifreiðum	125 000	
4229	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	13 000	

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
423	**Sölugjald**		**9 835 000**
4230	Söluskattur að frádregnu 635 000 þús. kr. framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	9 835 000	
424	**Skattar af launagreiðslum**		**1 870 000**
4240	Launaskattur	1 085 000	
4241	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	595 000	
4242	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjald af trillubátum og búvélum	110 000	
4244	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	80 000	
425	**Rekstrarhagnaður ÁTVR**		**1 530 600**
4250	Hagnaður ÁTVR	1 530 000	
4251	Gjald af einkasöluvörum	600	
426	**Ýmsir skattar af framleiðslu, seldum vörum og þjónustu**		**1 923 622**
4260	Álgjald	39 000	
4261	Vörugjald	87 000	
4262	Skemmtanaskattar:		
42621	Miðagjald til Menningarsjóðs	3 800	
42622	Skemmtanaskattur	30 000	
4263	Sérstakt vörugjald:		
42631	Af innlendri framleiðslu	230 000	
42632	Af innfluttum vörum	1 350 000	
4264	ICAO tekjur	140 000	
4265	Sérleyfisgjald og gjöld af skeytum:		
42651	Sérleyfisgjald	1 000	
42652	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
42653	Samúðarskeyti Landssímans	800	
4266	Flugvallaskattur	36 000	
4267	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	6 000	
42691	Hvalveiðigjald	2	
427	**Skattar af bifreiðum og öðrum farartækjum**		**478 000**
4270	Þungaskattur	340 000	
4271	Bifreiðaskattur	80 000	
4272	Skoðunargjald bifreiða	22 000	
4273	Skráningargjald bifreiða	36 000	

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
429	**Ýmsir óbeinir skattar**		**1 324 920**
4290	Stimpilgjald	560 000	
4291	Aukatekjur, almennar	66 000	
42911	Skráningargjöld hlutafélaga	560	
4292	Þinglýsingar	11 000	
4293	Ýmsir skattar af skipum:		
42931	Lestagjald	170	
42932	Vitagjald	9 000	
42933	Skipaskoðunargjald	4 000	
4294	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
42941	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	115 000	
42942	Leyfisgjald	55 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
4295	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	27 500	
4296	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands	13 630	
4297	Prófgjöld	2 660	
4298	Skattar af raforku:		
42981	Verðjöfnunargjald af raforku	420 000	
42982	Rafmagnseftirlitsgjald	25 000	
4299	Aðrir óbeinir skattar:		
42991	Skipulagsgjald	15 000	
42992	Sérlyfjagjald	400	
47	**Fjármagnstekjur**		
471	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**610 000**
472	**Arðgreiðslur**		**137 900**
4720	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
47202	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	17 000	
47203	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	110 000	
47204	Afgjöld ríkisjarða	900	
4721	Sameignir ríkisins	9 000	
4722	Arður af hlutabréfum	1 000	
49	**Aðrar tekjur**		
491	**Ýmsar tekjur**		**37 100**
4911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	35 000	
49191	Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	100	
49199	Ýmsar óvissar tekjur	2 000	
	Tekjur samtals		25 335 942

6. Við 4. gr. Launaliðir á almennum rekstri stofnana, annarra en Vegagerðar ríkisins og sendiráða Íslands erlendis hækka um 11,9% vegna nýrra almennra kjarasamninga.
7. Við 4. gr. Önnur gjöld (52-58) á almennum rekstri hækka um 12% hjá stofnunum öðrum en sendiráðum Íslands erlendis og eftirtöldum:
   a. 08-381 1.20 Heilsuverndarstöðvar, styrkur.
   b. 08-399 1.27 Áfengis- og fíkniefnanefnd.
   c. 08-399 1.71 Evrópska lyfjaskráin.
   d. 08-399 1.72 Norræn samvinna í lyfsölumálum.
   e. 09-481 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.
   f. 09-999 1.11 Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna.
   g. 09-999 1.14 Tryggingabætur skv. kjarasamningum.
   h. 09-999 1.15 Kjararannsóknir.
   i. 09-999 1.16 Bókhaldskerfi ríkisins.
   j. 09-999 1.18 Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.
   k. 09-999 1.40 Milliþinganefndir.
   l. 09-999 1.60 Dómkröfur og málskostnaður.
   m. 10-211 Vegagerð ríkisins.
   n. 10-651 Ferðamálaráð.
   o. 11-299 1.40 Iðnsaga Íslands.
   p. 15-101 1.10 Hagræðingar- og hagsýsluverkefni.

	Þús. kr.
8. Við 4. gr. Tilfærslur (59) eftirtalinna stofnana hækka sem hér segir:	
a. 00-201 Alþingi.	
Fyrir „3 629“ kemur	4 344
b. 00-101 1.31 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.	
Fyrir „7 467“ kemur	8 563
c. 02-319 Framhaldsskólar, almennt.	
Fyrir „722“ kemur	821
d. 02-431 Iðnfræðsluráð.	
Fyrir „46“ kemur	52
e. 02-720 Grunnskólar, almennt.	
i. Fyrir „10 900“ kemur	12 700
ii. Fyrir „131“ kemur	149
f. 02-750 Skólar fyrir þroskaheft börn.	
i. Fyrir „10 305“ kemur	11 748
ii. Fyrir „4 725“ kemur	5 349
g. 02-802 Vernd barna og ungmenna.	
Fyrir „1 155“ kemur	1 314
h. 02-871 Unglingaheimili ríkisins.	
Fyrir „5 770“ kemur	5 979
i. 02-973 Þjóðleikhús.	
Fyrir „45 443“ kemur	50 088
j. 02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.	
Fyrir „17 267“ kemur	19 464
k. 02-982 Listir, framlög (1.12, 1.13, 1.14, 1.71).	
Fyrir „48 337“ kemur	49 802
l. 04-205 Veiðistjóri.	
Fyrir „1 853“ kemur	2 108
m. 06-253 Almannavarnir ríkisins.	
Fyrir „251“ kemur	285
n. 06-283 Fangahjálp.	
Fyrir „981“ kemur	1 116
o. 07-301 Skipulagsstjóri ríkisins.	
Fyrir „3 401“ kemur	3 869
p. 07-700 Málefni fatlaðra.	
Fyrir „14 090“ kemur	16 485
q. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.	
Fyrir „4 078“ kemur	4 639
r. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi.	
Fyrir „109“ kemur	124
s. 08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.	
Fyrir „6 540“ kemur	7 440
t. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands.	
Fyrir „1 913“ kemur	2 176
u. 11-205 Stjórnunarnámskeið.	
Fyrir „654“ kemur	744
v. 11-299 Iðntæknistofnun Íslands.	
Fyrir „4 142“ kemur	4 712

		Þús. kr.
9.	Við 4. gr. Almennur rekstur sendiráða Íslands erlendis hækkar sem hér segir:	
	a. 03-301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu.	
	Fyrir „6 014“ kemur	6 977
	b. 03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.	
	Fyrir „6 534“ kemur	7 591
	c. 03-303 Sendiráð Íslands í London.	
	Fyrir „7 924“ kemur	9 119
	d. 03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu.	
	Fyrir „6 641“ kemur	7 243
	e. 03-305 Sendiráð Íslands í Osló.	
	Fyrir „6 936“ kemur	7 955
	f. 03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO.	
	Fyrir „8 367“ kemur	9 629
	g. 03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi.	
	Fyrir „5 948“ kemur	6 840
	h. 03-308 Sendiráð Íslands í Washington.	
	Fyrir „12 875 kemur	15 241
	i. 03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New-York.	
	Fyrir „16 261“ kemur	19 250
	j. 03-311 Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO.	
	Fyrir „8 302“ kemur	9 702
	k. 03-312 Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf.	
	Fyrir „8 089“ kemur	9 267
	l. 03-313 Sendiráð almennt.	
	Nýr liður:	
	1.90 Gengisbreytingar	5 000
10.	Við 4. gr. 02-563 1.20 Aðrir tónlistarskólar.	
	Fyrir „46 236“ kemur	50 236
11.	Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt. Nýr liður:	
	1.90 Grunnskólar, óskipt	31 000
12.	Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
	Fyrir „481 241“ kemur	668 061
13.	Við 4. gr. 02-976 Menningarsjóður, framlag.	
	Fyrir „3 400“ kemur	3 800
14.	Við 4. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir.	
	Liðurinn orðist svo:	
	Viðfangsefni:	
	Almennur rekstur:	53 052
	1 10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	8 000
	1 11 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	2 822
	1 12 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	1 529
	1 13 Menningarmálastofnun S.þ., UNESCO	1 351
	1 14 Matvæla- og landbúnaðarstofnun S.þ., FAO	3 156
	1 15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	1 497
	1 16 GATT	1 039

		Þús. kr.	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	618	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	289	
1 19	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	4 788	
1 20	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn, UNICEF	332	
1 21	Aðstoð við Palestínu-flóttamenn, UNRWA	380	
1 22	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	1 208	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	399	
1 24	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	552	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	34	
1 26	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	418	
1 27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	15	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	369	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	199	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	962	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir, ICES, ICNAF, NEAFC	1 911	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	25	
1 33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	9	
1 34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	13	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	341	
1 36	Bernarsambandið	186	
1 37	Alþjóðaráð Rauða krossins	558	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	464	
1 39	Evrópuráðið	1 889	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	2 772	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	7 923	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	2 695	
1 43	Norræn nefnd um neytendamál	10	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	97	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	440	
1 46	Alþjóðasamband um byggingaskipulag	13	
1 47	Oslóarsamningur um varnir gegn mengun	162	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	35	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	2 120	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	85	
1 51	Neyðarhjálparstofnun S.þ., UNDRO	236	
1 52	Kvennaáratugarsjóður S.þ.	240	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	162	
1 54	Mannfjöldasjóður S.þ., UNFPA	104	
1 55	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	258	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	80	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	277	
			53 052

	Þús. kr.
15. Við 4. gr. 04-299 6.19 Lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982.	
Fyrir „81 449“ kemur	92 049
16. Við 4. gr. 05-280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla.	
Fyrir „380 000“ kemur	430 000
17. Við 4. gr. 06-251 6.30 Þyrlukaup.	
Fyrir „98 150“ kemur	112 950
18. Við 4. gr. 07-271 Byggingarsjóður ríkisins.	
Fyrir „550 000“ kemur	622 000
19. Við 4. gr. 07-272 Byggingarsjóður verkamanna.	
Fyrir „250 000“ kemur	282 000
20. Við 4. gr. 07-971 Erfðafjársjóður.	
Fyrir „19 400“ kemur	25 000
21. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins.	
Fyrir „6 040 100“ kemur	7 232 949
22. Við 4. gr. 08-273 Atvinnuleysistryggingasjóður.	
Fyrir „235 218“ kemur	240 000
23. Við 4. gr. 08 Nýr liður:	
08-326 Sjónstöð Íslands.	
Viðfangsefni:	
Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	2 700
Stofnkostnaður:	
6.01 Tækjabúnaður	2 100
24. Við 4. gr. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra.	
Fyrir „61 000“ kemur	55 000
25. Við 4. gr. 09 Nýr liður:	
09-989 Launa- og verðlagsmál.	
Viðfangsefni:	
Almennur rekstur:	
1.01 Launabreytingar vegna sérkjarasamninga	196 400
26. Við 4. gr. 10-102 Póst og símamálastofnunin.	
Fyrir „40 000“ kemur	50 000
27. Við 4. gr. 10-321 1.10 Skipaútgerð ríkisins.	
Fyrir „37 000“ kemur	77 000
28. Við 4. gr. Við 11-371 Orkusjóður 6.14 Lánagreiðslur, framlög.	
Fyrir „128 000“ kemur	156 800
29. Við 4. gr. 12-201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
Fyrir „630 000“ kemur	700 000
30. Við 4. gr. 15-991 1.01 Ýmis lán ríkissjóðs.	
Fyrir „1 349 368“ kemur	1 471 668

Nd. 382. Breytingartillaga [192. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur og Svavari Gestssyni.

Aftan við 3. gr. bætist:

Til hjúkrunarheimila aldraðra skal verja á árinu 1985 30 milljónum króna á fjárlögum þess árs og síðan á fjárlögum hvers árs, skv. ákvörðun Alþingis hverju sinni, enda verði upphæðin aldrei lægri en sem svarar 30 millj. króna miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1985.

Varatillaga:

Við 1. gr. frv. komi nýr töluliður sem verði 4. töluliður og orðist svo:

Framlög úr ríkissjóði þannig að heildarframkvæmdir sem sjóðurinn fjármagnar verði aldrei minni en á árinu 1984. Heimilt er að verja fjármunum samkvæmt þessum tölulið til styrktar hjúkrunarrýmis aldraðra á vegum sveitarfélaga til viðbótar við framlag síðasta málslið 12. greinar.

Nd. 383. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Kjartani Jóhannssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

   1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

   Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.

2. 1. gr. orðist svo:

   10. gr. laganna orðist svo:

   Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð.

   Ráðherra getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

   Um önnur meginatriði varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar. Í þingsályktunartillögunni skulu m. a. tilgreind eftirtalin atriði:

   1. Hvort skipta skuli hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða gerða fiskiskipa og hvaða meginreglur skuli gilda um þá skiptingu.

2. Hvort úthluta skuli aflamagni á einstök skip og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um þá úthlutun, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Þá skal gerð tillaga um hvort heimila skuli flutning eða framsal á aflamarki milli skipa og með hvaða skilyrðum eða eftir hvaða meginreglum.

Þegar samþykkt hefur verið þingsályktunartillaga um fiskveiðistefnu skal ráðherra kveða nánar á um framkvæmd einstakra atriða hennar.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

Nd. 384. Breytingartillaga [187. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Við 1. gr. Í stað „31 880 kr.“ í 4. tl. komi: 58 000 kr.

Nd. 385. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1984.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson.
Þorsteinn Pálsson.	Friðrik Sophusson.	Svavar Gestsson.

Nd. 386. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. hljóði svo:

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.— 6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum

sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 800 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar samkv. 1. málsgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt samkv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

Nd. 387. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka og ráðuneytis til viðræðu um efni þess. Frumvarpið er með þeim breytingum sem samþykktar voru í efri deild og að flestu leyti samhljóða því frumvarpi sem samþykkt var á síðasta þingi.

Það sjónarmið kom fram við umfjöllun nefndarinnar að ástæðulaust væri að hafa allar þær fisktegundir háðar aflamarki sem frv. gerir ráð fyrir. Þessu viðhorfi eru undirritaðir nefndarmenn samþykkir og telja einnig að gefa eigi allar veiðar á handfæri og línu frjálsar utan kvóta. Það er einnig skoðun minni hl. nefndarinnar að humarveiðar skuli takmarkast af heildarkvóta en ekki kvóta á hvern bát. Minni hl. telur að ekkert hafi komið fram í máli viðmælenda nefndarinnar sem mæli á móti því að þessar breytingar verði gerðar.

Undirritaðir nefndarmenn eru sammála um það að ákveðin stjórn á fiskveiðum hér við land sé nauðsynleg. Þrátt fyrir það eru þeir andvígir frumvarpinu sem hér er til afgreiðslu. Ástæðan er m. a. sú miðstýring sem frumvarpið felur í sér. Við teljum rangt að fela ráðherra einum að marka fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Það vakti athygli okkar hve fulltrúar stjórnarflokkanna voru ákveðnir í að viðhalda þeirri miðstýringu sem frv. gerir ráð fyrir.

Hér eru stigin fyrstu sporin í fiskveiðistjórn sem vafalítið mun standa í meginatriðum í fjölda ára, líklega um ófyrirsjáanlega framtíð. Í ljósi þess er hlutdeild Alþingis í málinu enn þá mikilvægari.

Síðast en ekki síst áteljum við harðlega að deildinni skuli ekki ætlaður lengri tími en raun ber vitni til umfjöllunar um þetta þýðingarmikla málefni undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar.

Alþingi, 19. des. 1984.

Margrét Frímannsdóttir, frsm.

Guðmundur Einarsson.

Ed. 388. Frumvarp til lánsfjárlaga [245. mál]

fyrir árið 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 2 489 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 1 200 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi sem stofnsett verður er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til eflingar nýjungum í atvinnulífinu.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1985 að fjárhæð 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1985 að fjárhæð 942 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 78 500 þús. kr. á árinu 1985. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

11. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 8 000 m. kr. á árinu 1985.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 30 800 þús. kr. á árinu 1985 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1985.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1985.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 19 800 þús. kr. á árinu 1985.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

17. gr.

(6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
(7) leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,
(8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
(9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
(10) reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök, sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum, og félög sem njóta verulega styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila. Engin skilyrði mega fylgja slíkri afhendingu sem ekki samrýmist almennum reglum safnsins.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stytt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal Landsbókasafns og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir, ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavarðar. Önnur útlán eru að jafnaði óheimil. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

9. gr.

Um aðgang að skjölum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni og notkun þeirra, skal ákveðið í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.

10. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning, sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

12. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði, sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni viðvörun ekki sinnt, skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila, sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

13. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulega styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.

14. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

15. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 7 frá 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn, og lög nr. 13 frá 17. mars 1969, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. október árið 1980 fól þáverandi menntamálaráðherra dr. Aðalgeiri Kristjánssyni, skjalaverði í Þjóðskjalasafni, dr. Gunnari Karlssyni prófessor og Jóni E. Böðvarssyni borgarskjalaverði að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna, sem Þjóðskjalasafn á að veita viðtöku. Jafnframt var þeim falið að fjalla um þátt héraðsskjalasafna í gagnavörslu. Í september árið 1981 skiluðu þeir áliti ásamt frumvarpi til laga og tillögu að reglugerð um Þjóðskjalasafn.

3. apríl árið 1982 var skipuð önnur nefnd til að fjalla um þróun Þjóðskjalasafns og fyrirkomulag opinberrar skjalavörslu næstu 20 árin hér á landi. Í þeirri nefnd áttu sæti Birgir Thorlacius, þáverandi ráðuneytisstjóri, Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri. 19. mars árið 1984 skilaði nefndin tillögum sínum í formi lagafrumvarps ásamt greinargerð.

Í menntamálaráðuneytinu hefur verið unnið að málinu, og það frumvarp til laga, sem hér liggur fyrir ásamt greinargerð, byggir á áliti og tillögum áðurgreindra nefnda.

Á undanförnum árum og áratugum hefur aukist mjög framleiðsla skjala og gagna á vegum embætta og opinberra stofnana. Ástæðan er aukin umsvif hins opinbera, sem hefur tekið að sér æ fleiri verkefni og aukna þjónustu á margvíslegum sviðum, svo og framfarir í skrifstofutækni, sem gera alla fjölföldun ódýra og fljótvirka. Ný tækni hefur verið að ryðja sér til rúms við geymslu upplýsinga og nýir gagnamiðlar munu eflaust í vaxandi mæli leysa af hólmi skjöl í því hefðbundna formi, sem mönnum er best kunnugt, þ. e. pappírsplögg, laus eða bundin í bækur.

Ekki liggja fyrir neinar áreiðanlegar tölur um það, hversu mikið fellur til af skjölum hjá embættum og opinberum stofnunum árlega, enda er erfitt að meta það. Nefnd sú, sem menntamálaráðuneytið fól að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna árið 1981, giskaði á, að árleg skjalaframleiðsla hins opinbera gæti verið 1600 hillumetrar á ári. Ljóst er, að hér er um að ræða geysimikið magn skjala, sem koma þarf í viðunandi geymsluhúsnæði.

Skjalasöfn hins opinbera hafa að geyma vitnisburð um umsvif og menningarstig samfélagsins á hverjum tíma. Þess vegna er starfrækt samkvæmt lögum sérstök stofnun, Þjóðskjalasafn Íslands, sem hefur það hlutverk að varðveita og gera aðgengileg skjöl embætta og opinberra aðila. Skjalasöfn gegna aðallega tvenns konar hlutverki í þjóðfélaginu. Að minnsta kosti annað þeirra hefur beinlínis hagnýtt gildi. Það er að halda til haga þeim embættisgögnum, sem um langan aldur varða stjórnsýslu hlutaðeigandi lands eða geta haft gildi fyrir dómstóla landsins í hvers kyns ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma. Annað gildi skjalasafna felst í því,að skjöl eru hinar ákjósanlegustu sagnfræðilegar heimildir, þó að leyndardómar felist hvergi nærri allir í skjallegum heimildum. En þegar frá líður, eru þær oft einu heimildirnar sem tiltækar eru.

Það er þó ljóst, að ekki er unnt að halda til haga öllum skjölum, sem falla til í stjórnkerfi hins opinbera, enda er upplýsingagildi skjalanna mismikið og mörgu má að

skaðlausu eyða. Í nálægum löndum er víða að því stefnt, að 60% og jafnvel meira sé eytt af skjölum, sem myndast í skjalasöfnum opinberra stofnana og embætta. En eigi er sama, hvernig að grisjun skjalasafna er staðið. Leitast verður við að meta skjölin með hliðsjón af heimildargildi þeirra og velja úr þau, sem bitastæð eru, og varðveita þau til frambúðar.

Jafnframt þarf að huga að skjalavörslu og skjalavistun opinberra stofnana og embætta. Í þeim efnum er víða pottur brotinn og þarf að vinna að því að bæta skipulag og vinnubrögð en skipuleg skjalavistun er forsenda þess að afgreiðsla mála gangi greiðlega fyrir sig og að unnt sé að ónýta skjöl embætta með ábyrgum hætti.

Einnig verður að gefa gaum að húsnæðismálum Þjóðskjalasafns. Á undanförnum áratugum hefur Þjóðskjalasafni ekki borist nema lítill hluti þeirra skjala, sem það á að varðveita og það hefur ekki húsrúm til að taka við því, sem því ber. Brýnt er, að safninu verði tryggt aukið húsnæði, svo að safnið geti gegnt því hlutverki sem því er ætlað.

Núgildandi lög um Þjóðskjalasafn Íslands voru sett árið 1969. Þau eru stutt og í þau vantar ákvæði um ýmis atriði, sem nauðsynlegt þykir, að sett séu í lög. Einnig eru í gildi lög um héraðsskjalasöfn frá árinu 1947.

Í þessu lagafrumvarpi hefur verið valinn sá kostur að steypa saman í ein lög lögum um Þjóðskjalasafn og lögum um héraðsskjalasöfn og að auka þar við nauðsynlegum ákvæðum um skjalavörslu þeirra stofnana, sem eiga að afhenda skjöl sín til varðveislu, um grisjun skjala og fleiri atriði.

Helstu nýmæli frumvarpsins felast í því, að Þjóðskjalasafni er falið að líta eftir skjalavörslu skilaskyldra aðila, láta í té leiðbeiningar um skjalavörslu og ákveða um ónýtingu skjala. Einnig er gert ráð fyrir því, að Þjóðskjalasafn hafi virkt eftirlit með héraðsskjalasöfnum og stefnt er að því, að ekki verði veitt leyfi til þess að setja héraðsskjalasafn á fót nema tryggt sé, að það verði annað og meira en nafnið tómt. Með hliðsjón af auknum verkefnum, sem Þjóðskjalasafni eru falin og þeim vanda, sem það er að ákveða um grisjun skjalasafna, er gert ráð fyrir því, að sett verði á fót stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns, sem verði þjóðskjalaverði til ráðuneytis um stefnumörkun í málefnum safnsins og við ákvarðanir um ónýtingu skjala.

Áætlaður kostnaðarauki er 350—400 þús. kr. og er þá miðað við eitt stöðugildi til viðbótar við safnið og lítils háttar kostnað við eftirlit (ferðakostnaður) og laun stjórnarnefndar.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Að mestu í samræmi við gildandi lög um Þjóðskjalasafn, nema rétt þykir að stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hafi umsagnarrétt um ráðningu starfsmanna safnsins.

Auk þess er viðbót þar sem tekið er fram að stefnt skuli að því að við safnið starfi sagnfræðingur með skjalfræðimenntun (skjalfræðingur) en skjalfræði er hliðargrein innan sagnfræði. Enn þá hafa fáir aflað sér skjalfræðimenntunar.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af þeim nýju og auknu verkefnum, sem Þjóðskjalasafni eru falin samkvæmt þessu frumvarpi, þykir það eðlilegt að ábyrgðinni og vandanum verði að einhverju leyti dreift með því að setja yfir safnið stjórn sem verði þjóðskjalaverði til trausts og halds, t. d. við töku ákvarðana um ónýtingu skjala. Efla þarf tengsl safnsins við

afhendingarskylda aðila. Rétt þykir að skjalaverðir eigi fulltrúa í stjórn safnsins með tilliti til hugmynda um atvinnulýðræði og breiðari ákvarðanatöku.

Um 3. gr.

Í þessari grein kemur fram hvers vegna Þjóðskjalasafni ber að varðveita skjöl og halda þeim til haga til frambúðar.

Einnig er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins skjal, en það orð er notað í víðtækri merkingu í frumvarpi þessu um hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem falla til hjá stofnunum og einstaklingum vegna starfsemi þeirra og hafa að geyma upplýsingar. Sú þróun, sem orðið hefur á seinustu árum á sviði skrifstofutækni, veldur því að merking orðsins hlýtur að víkka og taka ekki einungis til hefðbundinna ritaðra gagna, heldur einnig til gagna í öðru formi, t. a. m. til segulspóla og snælda. Rétt er að taka það fram að prentað efni og fjölfaldað telst ekki til skjala, nema hvað stofnun, sem gefur slíkt efni út, skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu, auk þess sem ætlast er til að Þjóðskjalasafn veiti viðtöku og varðveiti gögn er einnig nauðsynlegt að Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp, varðveiti hin mikilsverðustu gögn sem til verða á þess vegum og ætti að verða aðstaða til þess í hinni nýju útvarpsbyggingu, sem í smíðum er.

Um 4. gr.

Að hluta til er hér um sama verkefni að ræða og greinir í gildandi lögum um safnið, þó eru fáeinar viðbætur.

Eitt helsta nýmælið í þessu lagafrumvarpi felst óefað í 2. lið greinarinnar. Þar er gert ráð fyrir því að Þjóðskjalasafn líti eftir skjalavörslu aðila og láti í té ráðgjöf og upplýsingar um þessi efni. Slíkt eftirlit og ráðgjöf í sambandi við hana þykja sjálfsagður og ómissandi þáttur í starfsemi hliðstæðra stofnana á Norðurlöndum og víðar. Til þessa hafa tengsl Þjóðskjalasafns við afhendingarskylda aðila verið mjög óveruleg og safnið hefur ekki fylgst með aðferðum við skjalavörslu, meðferð skjala eða afdrifum þeirra eftir að þau hafa verið lögð til hliðar. Æskilegt er að bréfalyklar (málaskrár) og skjalavistunaraðferðir verði samræmd eftir því sem kostur er, t. a. m. í hliðstæðum embættum, og að skjalavistun stofnana verði sem skipulegust. Skipuleg vinnubrögð við skjalavörslu eru til hagræðis fyrir stofnanirnar sjálfar og jafnframt forsenda þess að grisjun geti átt sér stað í stofnununum sjálfum með ábyrgum hætti. Þá er einnig kveðið svo á að Þjóðskjalasafn skuli ákveða um ónýtingu skjala sem þykir ekki ástæða til að varðveita til frambúðar. Rétt virðist að Þjóðskjalasafn hafi ákvörðunarvald um grisjun skjalasafna og ónýtingu skjala. Ef aukin tengsl komast á milli safnsins og afhendingarskyldra aðila eins og stefnt er að með frumvarpi þessu mun safnið hafa yfirsýn yfir ástand skjalavörslu og getur það þá samræmt aðgerðir varðandi grisjun og varðveislu embættisskjala.

Þegar skjöl eru ónýtt fara óhjákvæmilega forgörðum upplýsingar, sem gætu hugsanlega haft gildi í einhverjum tilvikum. Nauðsynlegt er að í lögum séu skýr ákvæði um það hvar ákvörðunarvald í þessum efnum skuli vera, og verður ekki séð að annar aðili sé fyrir hendi sem sé betur til þess fallinn að segja til um þetta efni en Þjóðskjalasafn. Jafnframt er lagt til að sett verði á laggirnar stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns sem hafi með höndum yfirumsjón með starfsemi safnsins. Yrði það þá fyrst og fremst hlutverk þeirrar nefndar að móta og setja fastar reglur um grisjun skjalasafna. Stjórnarnefnd þessi þarf að hafa myndugleika til þess að setja almennar reglur um þessi mál eftir því sem reynslan leiðir í ljós að heppilegt sé. En aðalreglan þarf að vera sú að stofnunum og embættum ríkisins sé óheimilt að farga skjölum sínum, hverju nafni sem nefnast, nema með leyfi Þjóðskjalasafns. Að því ber að stefna að í reynd verði þetta þannig að stofnanir sæki um heimild til Þjóðskjalasafns til þess að ónýta þau gögn sem þær telja sig ekki þurfa á að halda og sem þær telja að hafi ekki varðveislugildi, þannig að ekki þurfi að sækja um heimild í hvert skipti sem skjalasafn er grisjað.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það, hverjir skuli skyldir til þess að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu, en þeir aðilar eru þá jafnframt háðir ákvæðinu um eftirlit með skjalavörslu af hálfu Þjóðskjalasafns. Leitast er við að láta afhendingarskylduna ná til allra aðila sem starfa á vegum ríkisins, jafnt framkvæmdavalds sem dómsvalds og löggjafans. Enn fremur nær afhendingarskyldan til sveitarfélaga sbr. þó 5. gr. og áfram. Þessi víðtæka afhendingarskylda þarf þó ekki að leiða til þess að geymd verði skjöl allra aðila á vegum ríkisins. Ákvæði um ákvörðunarvald Þjóðskjalasafns um grisjun og ónýtingu felur það m. a. í sér að Þjóðskjalasafni ber, eftir því sem aðstæður krefjast, að velja úr stofnanir sem skjöl verða varðveitt frá. Leggja verður í hendur safnsins mat á stöðu stofnana og heimildargildi þeirra skjala sem safnast fyrir hjá þeim, því að ljóst er að ekki verður unnt að geyma öll skjöl allra aðila sem starfa á vegum ríkisins. Auk þess er hér ákvæði um að safninu sé heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila. Er hér t. a. m. átt við einkaskjalasöfn merkra stjórnmálamanna eða listamanna, svo og skjöl atvinnufyrirtækja og félaga. Stefna þarf að því, að ákveðin verkaskipting komist á milli Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og handritadeildar Landsbókasafns um söfnun einkaskjala.

Um 6. gr.

Afhendingarfrestur lengdur um 10 ár frá því sem er í núgildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn. Er þetta m. a. gert í því skyni að létta á Þjóðskjalasafni á næstu árum, meðan það er að innheimta skjöl sem vanrækt hefur verið að skila þangað á undanförnum áratugum. En einnig hefur reynslan leitt það í ljós að í vissum tilvikum getur verið óheppilegt að stofnanir séu skyldaðar til þess að senda frá sér skjöl sín að svo skömmum tíma liðnum. Í öðrum tilvikum hafa þó stofnanir óskað eftir því að afhenda skjöl sín áður en þau eru orðin 20 ára. Rétt virðist því að afhendingarfrestur verði almennt miðaður við 30 ár, jafnframt verði nokkur sveigjanleiki að þessu leyti.

Nauðsynlegt er að í hverri stofnun hafi ákveðinn starfsmaður yfirsýn yfir skjalaframleiðslu og skjalavörslu stofnunarinnar. Rétt þykir því að í lögum sé ákvæði um ábyrgð forstöðumanna í þessu efni, ef það mætti verða til þess að betri skipan komist á skjalavörslu stofnana.

Eins og þegar hefur verið nefnt (í um 4. gr.) er nauðsynlegt að auka tengsl afhendingarskyldra aðila og Þjóðskjalasafns og stefna að því að samræma bréfalykla og skjalavistunaraðferðir embættanna.

Um 7. gr.

Þessari grein er ætlað að girða fyrir það að stofnanir og embætti ónýti skjöl sín sjálf eftirlitslaust. Raunar má segja að af skyldu stofnana til að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu þegar tiltekinn tími er liðinn frá tilurð þeirra leiði það sjálfkrafa að óheimilt er stofnunum að takast á hendur ónýtingu skjala, en tryggara virðist eigi að síður að þetta sé tekið fram berum orðum.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Hvað varðar aðgang manna að skjölum í skjalasöfnum opinberra aðila hefur gætt tveggja gagnstæðra sjónarmiða undanfarin ár. Annars vegar hafa komið fram kröfur um að tryggja almenningi aukinn rétt til aðgangs að skjölum, en einnig hefur verið rætt um rétt manna til persónuverndar og leyndar um einkahagi.

Almennt ætti sú regla að gilda að frjáls aðgangur sé að skjalasöfnum, varðveittum í Þjóðskjalasafni. Eigi að síður getur þó í vissum tilvikum þurft að takmarka aðgang að skjölum með tilliti til persónuverndar, t. d. ef um er að ræða tölvugögn með persónuupplýsingum, eða hagsmuna samfélagsins. Í nálægum löndum, t. d. í Danmörku, gilda mun strangari reglur um aðgang manna að ýmsum skjölum heldur en tíðkast hafa hérlendis, en e. t. v. má segja að hér á landi hafi engri fastmótaðri stefnu verið fylgt í þessum efnum.

Um 10. gr.

Víða í nálægum löndum mun það tíðkast að teknar séu örfilmur (míkrófilmur) af skjölum sem varðveitt eru í ríkisskjalasöfnum í öryggisskyni. Skjöl þau, sem söfnin varðveita, eru einstæð og óbætanleg ef eitthvað ber út af um varðveislu þeirra. Þar sem húsnæði Þjóðskjalasafns getur tæplega talist uppfylla ströngustu kröfur um öryggi, t. d. ef til styrjaldaraðgerða kæmi, er það enn brýnna en ella að hugað sé að því að taka örmyndir af mikilvægustu skjölum sem safnið varðveitir.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort þau afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu eða varðveita þau sjálf í héraðsskjalasafni sem sveitarfélögin kosta. Með ákvæði um að skjöl sveitarfélaga skuli annaðhvort afhent Þjóðskjalasafni eða varðveitt í héraðsskjalasafni, sem sérstök lög og reglugerð gilda um, er varðveisla þessara markverðu heimilda tryggð. Rétt þykir að sveitarfélögin haldi þessum rétti sínum. Þó er ákvæðið um héraðsskjalasöfn þrengt nokkuð í þessu frumvarpi frá því sem nú er.

Samkvæmt gildandi lögum hafa sveitarfélög og sýslunefndir rétt til þess að stofna héraðsskjalasafn, ef þeim sýnist svo. Í þessu frumvarpi er heimild til handa stjórn Þjóðskjalasafns til þess að leyfa stofnun héraðsskjalasafns, séu fyrir hendi fullnægjandi aðstæður að mati safnstjórnar. Mörg þeirra héraðsskjalasafna, sem stofnuð hafa verið, eru vanburðug og munu í sumum tilvikum ekki vera annað en nafnið tómt. Því er æskilegt að sveitarfélög sameinist tvö eða fleiri um stofnun héraðsskjalasafns. Samkvæmt 11. gr. þessa frumvarps getur safnstjórn Þjóðskjalasafns stuðlað að slíkri samvinnu þar eð hún getur neitað um leyfi til stofnunar héraðsskjalasafns ef henni sýnist svo. Að öðru leyti eru í frumvarpi þessu litlar breytingar á gildandi ákvæðum um héraðsskjalasöfn.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein verða sömu aðilar afhendingarskyldir til héraðsskjalasafna og nú. Felldar eru brott úr upptalningunni sáttanefndir, sem voru afnumdar með lögum nr. 28 26. maí 1981 um breytingu á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, enn fremur undirskattanefndir og yfirskattanefndir, sem voru lagðar niður með lögum nr. 70 28. apríl 1962 um tekjuskatt og eignarskatt, 55. gr.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

Um 16. og 17. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Álit skjalavörslunefndar, september 1981.

I.
Aðaltillögur.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að skjalavörsluaðferðir okkar Íslendinga standi langt að baki því sem tíðkast í öllum nálægum löndum og stefni raunar í fullkomið öngþveiti ef ekki verður hið fyrsta gert verulegt átak til að skipuleggja vörslu skjala. Á undanförnum áratugum hefur Þjóðskjasafni ekki borist nema brot af þeim skjölum sem það á að varðveita, og það hefur ekki húsrúm til að taka við því sem því ber. Engin skipulagning er á grisjun skjala sem nágrannaþjóðir okkar hafa allar tekið upp. Því hefur hlaðist upp afar mikið lítt skipulagt og misjafnlega gagnlegt skjalamagn í opinberum stofnunum, ýmist í skrifstofuhúsnæði stofnananna eða í misgóðum geymsluplássum víðs vegar um Reykjavík og aðrar byggðir. Augljóst er að þessi varðveisluaðferð er óhentug. Víða eru skjölin óaðgengileg þeim sem kunna að vilja nota þau, hvort sem er í hagnýtum tilgangi eða til fræðilegra rannsókna. Víða eru þau í hættu að skemmast eða glatast, enda engin leið að halda uppi tryggum vörnum gegn eldi, vatni, ofþornun og fúa í öllum þeim fjölmörgu geymslum sem nú eru í notkun. Oft vill skipulag og röðun skjala fara úrskeiðis þegar þau eru flutt í geymsluhúsnæði þar sem engin föst skjalavarsla er. Jafnan er hætta á að starfsfólk stofnana taki þann kost að farga skjölum holt og bolt án tillits til mikilvægis, þegar geymslur fyllast og enginn aðili sýnir áhuga á eða er tilbúinn til að taka við skjölum til varðveislu. Loks þykjumst við vita að það kosti ríkið stórfé að eiga eða jafnvel leigja húsnæði fyrir skjalageymslur einstakra stofnana og varðveita þar jafnt fróðleg skjöl sem einskis vert rusl, oft í fjölda eintaka.

Hér þarf sýnilega að gera myndarlegt átak sem fyrst; úrbótin verður óhjákvæmilega dýrari eftir því sem hún kemur síðar, og dýrast af öllu er að láta reka á reiðanum í þessum efnum áfram. Til þess að ráða bót á þessu vandræðaástandi gerum við eftirfarandi tillögur:

1) **Sett verði ný lög um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.** Núgildandi lög um Þjóðskjalasafn Íslands voru sett árið 1969, en þau eru stutt og ófullkomin. Þá eru til lög um héraðsskjalasöfn frá 1947. Nefndin tók þann kost að semja frumvarp að lögum um þessi söfn hvortveggja og auka þar við nauðsynlegum ákvæðum um skjalavörslu þeirra stofnana sem eiga að afhenda gögn sín þangað (II. kafli nefndarálitsins). Helstu nýmæli lagafrumvarpsins stefna að því að veita Þjóðskjalasafni aukið vald og leggja á það aukna skyldu til að líta eftir skjalavörslu opinberra stofnana og ákveða um ónýtingu skjala. Þá er stefnt að nánari tengslum en áður milli Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna og lögð á Þjóðskjalasafn skylda til að tryggja að héraðsskjalasöfn verði starfandi söfn og ekki aðeins geymslustaðir. Loks er stefnt að því að skapa tengsl milli Þjóðskjalasafns og þeirra aðila sem það á einkum skipti við, m. a. með ákvæðum um stjórnarnefnd safnsins.
2) **Sett verði reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.** Aldrei hefur verið sett nein reglugerð um Þjóðskjalasafn samkvæmt lögunum frá 1969, þótt gert sé ráð fyrir henni í lögunum. Núgildandi reglugerð um safnið er frá 1916, sett samkvæmt afnumdum lögum frá 1915, og er hún eðlilega mjög úrelt. Hins vegar er til reglugerð um héraðsskjalasöfn, sett árið 1951 samkvæmt lögunum frá 1947. Nefndin hefur samið tillögu að samfelldri reglugerð samkvæmt lagafrumvarpi sínu (III. kafli).
3) **Bætt verði úr húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns.** Venjulega mun hafa verið gert ráð fyrir því að Þjóðskjalasafn fengi núverandi húsnæði Landsbókasafns í Safnahúsinu við Hverfis-

götu, þegar það flytur í væntanlega Þjóðarbókhlöðu. Sé málið athugað kemur í ljós að sú lausn kæmi bæði of seint og yrði alls kostar ófullnægjandi þegar hún kæmi. Okkur virðist nauðsynlegt að safninu verði innan fimm ára útvegað ekki minna en 5000 fermetra húsnæði á einum stað í nágrenni við núverandi húsnæði þess í Safnahúsinu. Slík lausn er þó aðeins til bráðabirgða, og virðist fyllilega tími til kominn að fara strax að huga að nýrri byggingu til að hýsa safnið til frambúðar. Þetta er rökstutt í Áætlun um húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns í nefndarálitinu (V. kafli).

4) **Sett verði reglugerð um grisjun skjala.** Brýn nauðsyn er að fara sem allra fyrst að vinna að því að skipuleggja skynsamlega grisjun skjala. Að öðrum kosti verður aldrei komist út úr því öngþveiti sem ríkir í skjalavörslumálum okkar. Því hefur nefndin samið tillögu að reglugerð um grisjun skjala (VI. kafli) og rökstutt hana með sérstakri greinargerð (VII. kafli). Slík heildarreglugerð verður auðvitað mjög rúm og ónákvæm um margt, og verður að treysta á Þjóðskjalasafn að vinna með einstökum stofnunum að nánari vinnureglum um þetta efni.
5) **Stefnt verði að því að bæta skjalavörslu opinberra stofnana,** samræma hana eftir því sem kostur er á og tryggja að skjöl séu sem skipulegust þegar þau eru send í skjalavistunarsafn. Um þetta efni hefur nefndin samið sérstaka álitsgerð (VIII. kafla) sem hún ætlast til að geti orðið stefnumarkandi fyrir viðkomandi stofnanir. Jafnframt hefur nefndin íhugað hvort tölvunotkun geti komið að gagni við skjalaskráningu og komist að þeirri niðurstöðu að hún leysi ein sér ekki mikinn vanda eins og er. Önnur verkefni við endurbætur á skjalavörslu virðast brýnni eins og nú stendur.

Hér eru að sjálfsögðu ekki gerðar tillögur um allt sem gera þarf til að koma skjalavörslu okkar í viðunandi horf. Þannig liggur í augum uppi að Þjóðskjalasafn mun þarfnast talsvert mikils mannafla til viðbótar ef það vex úr 6000 hillumetra safni í 30.000 hillumetra á næstu árum. Í tillögum nefndarinnar eru aðeins lögð á ráð um eitt nýtt starf við Þjóðskjalasafn, starf skjalavörslustjóra (sjá III. Till. að reglugerð, 13. gr.). En það starf er aðeins nefnt í reglugerð vegna þess að það felur í sér skipulagsbreytingu á starfi safnsins, ekki af því að nefndarmenn telji það næga viðbót við núverandi mannafla. Reynslan verður að skera úr um það hve marga starfsmenn safnið þarf að fá til að geta gegnt hlutverki sínu.

Loks viljum við leggja áherslu á að vöxtur Þjóðskjalasafns er óhjákvæmileg nauðsyn sem ræðst af skjalaframleiðslu í þjóðfélaginu. Varla kemur til greina að þjóðin vilji láta opinberar heimildir um sögu sína glatast stjórnlaust og skipulagslaust. Okkur er ekki kunnugt um nokkra skrifandi þjóð sem gerir það; auk þess má benda á að sérstök siðferðileg skylda hvílir á okkur Íslendingum í þessum efnum þar sem við höfum orð á okkur fyrir að hafa varðveitt einstæðar ritheimildir um sögu miðalda og höfum nýlega endurheimt hluta þeirra úr höndum Dana. En vilji þjóðin rækja þessa sjálfsögðu skyldu verður hún auðvitað að horfast í augu við að það kosti nokkuð. Nefndarmönnum er ljós þörfin á að takmarka þennan kostnað sem mest, og því leggjum við til að farnar verði þær leiðir sem ódýrastar virðast, af þeim sem geta talist nokkurn veginn skammlausar, að skipuleggja skjalavörslu ríkisins sem mest í einni stofnun, Þjóðskjalasafni, og að grisja skjöl eins fljótt og mikið og nokkur leið er, án þess að eyðileggja söguheimildir í stórum stíl.

II.

Frumvarp til laga um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Hugtakið skjal merkir í lögum þessum öll gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem hafa að geyma upplýsingar og verða til við starfsemi á vegum opinberrar stofnunar.

2. gr.

Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalavörslu stofnunar sem þeir veita forstöðu.

3. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Safnið hefur aðsetur í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi á fjárlögum.

4. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld og stofnanir við embættis- og stjórnsýslustörf, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda og opinberra stofnana, einstaklinga og annarra lögaðila og enn fremur til notkunar við fræðilegar rannsóknir.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna með því að:

1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. þessara laga,
2) líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala,
3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast hana í opinberum stofnunum,
4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
7) leiðbeina almenningi um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins og efla eftir megni þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum hennar,
8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og heimildir safnsins,
9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þar með ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimildir fást ekki, og stuðla að varðveislu þeirra,
10) starfrækja viðgerða- og bókbandsstofu.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: ráðuneytin og þær ríkisstofnanir, embætti, stjórnir, ráð og nefndir er undir þau heyra, svo og aðrar hliðstæðar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá verulegan hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félögum sem njóta styrks af opinberu fé. Þá skulu sveitarfélög og stofnanir þeirra afhenda safninu skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl þangað.

6. gr.

Afhenda skal skjöl ekki síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stytt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal nema að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns eða samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur. Leiki vafi á hvað beri að telja skjal skal þjóðskjalavörður úrskurða um það.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Einnig er heimilt að lána skjöl til notkunar á lestrarsal Landsbókasafns og í skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir sem hafa aðstöðu til að geyma skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavarðar. Önnur útlán eru óheimil. Stofnanir, sem fá lánuð skjöl, bera ábyrgð á varðveislu þeirra meðan þær hafa þau að láni.

9. gr.

Þjóðskjalasafn ákveður um aðgang að skjölum sem eru varðveitt í safninu og notkun þeirra, ef ákvæði um það efni er ekki að finna í öðrum lögum eða reglugerðum. Afhendingarskyldur aðili getur áskilið sér einkarétt til þess að heimila aðgang að skjölum, sem hann hefur afhent Þjóðskjalasafni, í allt að 20 ár frá afhendingu.

10. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á örfilmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Þjóðskjalasafns sem hér segir: Einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn úr hópi skjalavarða safnsins samkvæmt tilnefningu þeirra. Þá á þjóðskjalavörður sæti í stjórninni samkvæmt stöðu sinni. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Falli atkvæði jöfn í stjórn ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun til þeirra.

12. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur með höndum stjórn stofnunarinnar og markar henni stefnu. Hún hefur yfirumsjón með árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar, er þjóðskjalaverði til ráðuneytis og tekur með honum ákvarðanir í vandasömum málum. Stjórnarmenn eiga rétt á því að fá bókað í gerðabók stjórnarinnar stutt sérálit um ágreiningsmál.

13. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Menntamálaráðherra skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Um tölu skjalavarða og annarra starfsmanna fer eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

14. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélags, sýslufélags og

hreppsfélaga innan sýslu, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila, og skulu þeir koma sér saman um stjórn þess og rekstur.

15. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður áminna stjórn safnsins. Fáist ekki bætt úr þessu þrátt fyrir endurteknar áskoranir skal þjóðskjalavörður, með samþykki stjórnar Þjóðskjalasafns, láta flytja safnið í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að því stóðu.

16. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda og bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra.

Þangað skulu einnig renna skjöl allra stofnana og starfsmanna sem starfa á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins. Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafna gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

17. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasöfnum og notkun þeirra þar gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

18. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla samtímis úr gildi lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn, og lög nr. 13 17. mars 1969, um Þjóðskjalasafn Íslands.

III.

Tillaga að reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Skjöl teljast vera hvers konar gögn sem geyma upplýsingar sem hafa orðið til við starfsemi opinberrar stofnunar, hvort sem þau eru skrifuð gögn, uppdrættir, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn. Prentað efni og fjölfaldað telst ekki til skjala, nema hvað stofnun, sem gefur slíkt efni út, skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu.

2. gr.

Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalavörslu stofnunar sem þeir veita forstöðu.

3. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Safnið hefur aðsetur í Reykjavík. Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi á fjárlögum.

4. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld og stofnanir við embættis- og stjórnsýslustörf, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda og opinberra stofnana, einstaklinga og annarra lögaðila og enn fremur til notkunar við fræðilegar rannsóknir.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna með því að:

1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. laga um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn. Innheimta skal einkum skjöl sem stjórn safnsins telur hafa gildi fyrir fræðilegar rannsóknir eða sem ekki þykir fært að ónýta vegna réttar- eða hagsmunagæslu eða af öðrum ástæðum;
2) líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala. Stefnt skal að því að afhendingarskyldir aðilar noti samræmt skjalavistunar- og skráningarkerfi eftir því sem við verður komið og ónýti þau skjöl sem safnið telur ekki hafa nægilegt gildi til að verða varðveitt. Safnið skal leiðbeina stofnunum um gerð skráningarkerfa og samþykkja ný skráningarkerfi áður en þau eru tekin í notkun;
3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast hana í opinberum stofnunum, halda námskeið, vinna að útgáfu leiðbeiningarrita, stuðla að því að skjalavarsla verði kennd í skólum og gera hvað annað sem fært þykir til þess að jafnan verði nóg af fólki sem kann til verka við skjalavörslu;
4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra. Skrám skal haldið við eftir því sem kostur er á, um leið og nýtt efni bætist í safnið;
5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni. Á lestrarsal Þjóðskjalasafns skal leitast við að hafa helstu rit sem varða íslenska sögu, svo að safngestir geti flett upp í þeim við vinnu sína;
6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl;
7) leiðbeina almenningi um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa gestum á heimildir eftir því sem kostur er, og efla eftir megni þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum hennar;
8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og heimildir safnsins. Lestrarsalur skal opinn almenningi eigi skemur en sjö tíma á dag fimm daga vikunnar;
9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þar með ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimildir fást ekki, og stuðla að varðveislu þeirra;
10) starfrækja bókbands-, viðgerða- og ljósmyndunarstofu;
11) ljósrita fyrir safngesti úr skjölum safnsins. Tekin skal hæfileg þóknun fyrir. Ekki er þó skylt að ljósrita úr bókum eða öðrum skjölum ef hætta er á að þau skemmist við það.

5. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalaafni skjöl sín til varðveislu: ráðuneytin og þær ríkisstofnanir, embætti, stjórnir, ráð og nefndir, er undir þau heyra, svo og aðrar hliðstæðar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá verulegan hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta styrks af opinberu fé. Þá skulu sveitarfélög og stofnanir þeirra afhenda safninu skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl þangað.

6. gr.

1) Afhenda skal skjöl ekki síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stytt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.
2) Stofnun er heimilt að varðveita um ótakmarkaðan tíma skjöl sem hún hefur aflað sér vegna eigin fræðilegra rannsókna eða hafa orðið til við slíkar rannsóknir innan stofnunar. Slík skjöl er skylt að varðveita tryggilega og fara um það eftir fyrirmælum Þjóðskjalasafns.
3) Sé afhendingarskyld stofnun lögð niður skal þegar í stað afhenda Þjóðskjalasafni skjalasafn hennar. Ef önnur stofnun tekur við starfsemi hinni er henni þó heimilt að taka við safninu og varðveita það uns skylt er að afhenda það samkvæmt lögum.
4) Þegar skjöl eru afhent Þjóðskjalasafni skal fylgja þeim nákvæm skrá í tvíriti um innihald sendingarinnar. Annað eintakið skal geymt í safninu, en á hitt ritar þjóðskjalavörður eða starfsmaður hans viðurkenningu um móttöku og skilar því til baka til þess aðila sem afhendir skjölin.
5) Afhendingarskyldir aðilar sjá um flutning skjala til Þjóðskjalasafns og bera kostnað af honum. Þeir bera ábyrgð á varðveislu skjalanna uns þjóðskjalavörður, skjalavörslustjóri eða starfsmaður safnsins í umboði þeirra hefur kvittað fyrir móttöku skjalanna.
6) Ef afhendingarskyldur aðili vanrækir stórlega að ganga frá skjölum sínum í samræmi við reglur og fyrirmæli Þjóðskjalasafns getur þjóðskjalavörður látið fara yfir skjölin, flokka þau, ónýta úr þeim og búa um þau á ný eftir að þau eru komin í Þjóðskjalasafn. Skal þá viðkomandi stofnun bera kostnað af því verki. Þetta á þó aðeins við um skjöl sem orðið hafa til ekki minna en 5 árum eftir að þessi reglugerð kemur út.

7. gr.

1) Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal nema að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns eða samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur. Leiki vafi á hvað ber að telja skjal skal þjóðskjalavörður úrskurða um það.
2) Við eyðingu skjala skal hafa tvö sjónarmið í huga: a) Stefnt skal að því að eyða skjölum ef þau geyma einungis upplýsingar sem eru varðveittar í öðrum skjölum, í sömu stofnun eða annarri. Þjóðskjalasafn sker úr um hvaða skjöl af þeim sem geyma sömu upplýsingar skuli varðveita. b) Af skjölum sem geyma svo einstaklingsbundnar og lítilvægar upplýsingar að ekki virðist líklegt að þær verði notaðar við fræðilegar rannsóknir skal einungis varðveita sýnishorn, valin eftir reglum sem Þjóðskjalasafn setur í samráði við viðkomandi stofnanir.
3) Heimilt er þjóðskjalaverði, í samráði við stjórn Þjóðskjalasafns, að láta ónýta skjöl sem afhent hafa verið Þjóðskjalasafni, samkvæmt þeim reglum sem settar eru afhendingarskyldum aðilum um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Einnig er heimilt að lána skjöl til

notkunar á lestrarsal Landsbókasafns og í skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir sem hafa aðstöðu til þess að geyma skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavarðar. Önnur útlán eru óheimil. Stofnanir, sem fá lánuð út skjöl, bera ábyrgð á varðveislu þeirra meðan þær hafa þau að láni.

9. gr.

1) Þjóðskjalasafn ákveður um aðgang að skjölum sem eru varðveitt í safninu og notkun þeirra, ef ákvæði um það efni er ekki að finna í öðrum lögum eða reglugerðum. Afhendingarskyldur aðili getur áskilið sér einkarétt til þess að heimila aðgang að skjölum, sem hann hefur afhent Þjóðskjalasafni, í allt að 20 ár frá afhendingu.
2) Þeir sem nota skjöl Þjóðskjalasafns skulu gæta þess að fara vel með þau. Bannað er að skrifa nokkuð eða strika á skjölin eða gera nokkuð sem veldur því að þau slitni, óhreinkist eða velkist meira en minnst verður komist af með. Einnig er bannað að rugla röð lausra blaða og mappa innbyrðis. Sinni einhver ekki þessum fyrirmælum þrátt fyrir ítrekaðar áminningar má synja honum um að nota skjöl safnsins. Ef einhver vinnur verulegt tjón á skjölum af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal hann sæta ábyrgð fyrir.
3) Þeir sem óska eftir að nota skjöl Þjóðskjalasafns skulu gera grein fyrir því í hvaða skyni þeir hyggjast nota skjölin og gefa aðrar upplýsingar sem safnið kann að krefjast. Skylt er notendum að hlíta fyrirmælum safnsins um notkun og meðferð upplýsinga sem varða einkahagi manna og önnur vandmeðfarin mál.
4) Notendur skulu senda Þjóðskjalasafni eintak ritgerða og bóka sem eru unnar upp úr skjölum þess að verulegu leyti.

10. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á örfilmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Þjóðskjalasafns sem hér segir: Einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn úr hópi skjalavarða safnsins samkvæmt tilnefningu þeirra. Þá á þjóðskjalavörður sæti í stjórninni samkvæmt stöðu sinni. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Falli atkvæði jöfn í stjórn ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun til þeirra.

12. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur með höndum stjórn stofnunarinnar og markar henni stefnu. Hún hefur yfirumsjón með árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar, er þjóðskjalaverði til ráðuneytis og tekur með honum ákvarðanir í vandasömum málum. Stjórnarmenn eiga rétt á því að fá bókað í gerðabók stjórnarinnar stutt sérálit um ágreiningsmál.

13. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Við Þjóðskjalasafn skal vera skjalavörslustjóri sem lítur eftir skjalavörslu stofnana og heimtir inn skjöl frá þeim til safnsins. Annast hann þau störf undir umsjá og á ábyrgð þjóðskjalavarðar. Menntamálaráðherra skipar skjalavörslustjóra og skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Um tölu skjalavarða og annarra starfsmanna fer eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

14. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélags, sýslufélags og hreppsfélaga innan sýslu, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila, og skulu þeir koma sér saman um stjórn þess og rekstur.

15. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður áminna stjórn safnsins. Fáist ekki bætt úr þessu þrátt fyrir endurteknar áskoranir skal þjóðskjalavörður, með samþykki stjórnar Þjóðskjalasafns, láta flytja safnið í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að því stóðu.

16. gr.

1) Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda og bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra. Þangað skulu einnig renna skjöl allra stofnana og starfsmanna sem starfa á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins. Heimilt er skattstjórum að láta skjöl skattstofu renna til héraðsskjalasafns sem starfar innan skattumdæmisins, ef samkomulag verður um það. Ekki er heimilt að láta skjöl skattstofu renna til fleiri héraðsskjalasafna en eins.
2) Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafna gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.
3) Héraðsskjalasöfn hafa, ásamt Þjóðskjalasafni, eftirlit með skjalavörslu stofnana sem eru afhendingarskyldar til þeirra. Þjóðskjalasafn skal leiðbeina um skjalaskráningu og ónýtingu skjala og samþykkja flokkunar- og skjalavistunarkerfi, en viðkomandi héraðsskjalasafn skal líta eftir að fyrirmælum sé hlýtt og innheimta þau skjöl sem því ber.
4) Héraðsskjalasöfn skulu hlíta fyrirmælum þjóðskjalavarðar um skráningu og flokkun skjalasafna sem þau varðveita. Forstöðumenn héraðsskjalasafna skulu senda Þjóðskjalasafni árlega skýrslu um starfsemi safnsins og gera þar m. a. grein fyrir aukningu skjalaforða. Senda skal Þjóðskjalasafni eintak af skrám sem gefnar verða út, prentaðar eða fjölfaldaðar með öðrum hætti, um skjöl héraðsskjalasafna.

17. gr.

1) Skylt er héraðsskjalasöfnum að lána Þjóðskjalasafni skjöl eftir þörfum. Að öðru leyti fer um lán úr héraðsskjalasöfnum eins og mælt er fyrir í lögum um lán úr Þjóðskjalasafni.
2) Héraðsskjalasöfn skulu vera opin almenningi til afnota ekki skemur en átta klukkustundir á viku. Þar skal vera aðstaða til að lesa skjöl og ljósrita úr þeim.
3) Um notkun skjala í héraðsskjalasöfnum gilda að öðru leyti sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

18. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. um skjalavörslu opinberra aðila, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn. Með henni falla úr gildi reglugerð nr. 5 13. janúar 1916 um

Þjóðskjalasafnið í Reykjavík og reglugerð nr. 61 5. maí 1951 um héraðsskjalasöfn. Reglugerðin öðlast þegar gildi eftir því sem við verður komið, og innan fimm ára skal skjalavarsla að fullu vera komin í það horf sem reglugerðin mælir fyrir um.

IV.

Greinargerð með frumvarpi til laga og tillögu að reglugerð um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Hér er leitast við að skilgreina merkingu hugtaksins skjal, en það orð er notað í víðtækri merkingu í frumvarpi þessu um hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem falla til hjá stofnunum vegna starfsemi þeirra og hafa að geyma upplýsingar. Sú þróun sem orðið hefur á seinustu árum á sviði skrifstofutækni veldur því að merking orðsins hlýtur að víkka og taka ekki einungis til hefðbundinna ritaðra gagna, heldur einnig til gagna í öðru formi t. a. m. til segulspóla og snælda. Í reglugerð er nánari skilgreining þessa hugtaks.

2. gr.

Nauðsynlegt er að í hverri stofnun hafi ákveðinn starfsmaður yfirsýn yfir skjalaframleiðslu og skjalavörslu stofnunarinnar. Rétt þykir því að í lögum sé ákvæði um ábyrgð forstöðumanna í þessu efni, ef það mætti verða til þess að betri skipan komist á skjalavörslu stofnana.

3. gr.

Er nær óbreytt 1. gr. núgildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

4. gr.

Í þessari grein er leitast við að láta það koma fram hvers vegna verið er að varðveita skjöl og halda þeim til haga til frambúðar. Í upptalningarliðunum felst nánari skilgreining þess hvernig náð skuli þeim markmiðum sem fram koma í fyrstu málsgrein greinarinnar. Eitt helsta nýmælið í þessu lagafrumvarpi felst óefað í 2. lið greinarinnar. Þar er gert ráð fyrir að Þjóðskjalasafn líti eftir skjalavörslu aðila og láti í té ráðgjöf og upplýsingar um þessi efni. Slíkt eftirlit og ráðgjöf í sambandi við hana þykja sjálfsagður og ómissandi þáttur í starfsemi hliðstæðra stofnana á Norðurlöndum og víðar. Til þessa hafa tengsl Þjóðskjalasafns við afhendingarskylda aðila verið mjög óveruleg og safnið hefur ekki fylgst með aðferðum við skjalavörslu, meðferð skjala eða afdrifum þeirra eftir að þau hafa verið lögð til hliðar. Æskilegt er að bréfalyklar (málaskrár) og skjalavistunaraðferðir verði samræmd eftir því sem kostur er, t. a. m. í hliðstæðum embættum og að skjalavistun stofnana verði sem skipulegust. Skipuleg vinnubrögð við skjalavörslu eru til hagræðis fyrir stofnanirnar sjálfar og jafnframt forsenda þess að grisjun geti átt sér stað í stofnununum sjálfum með ábyrgum hætti. Þá er einnig kveðið svo á að Þjóðskjalasafn skuli ákveða um ónýtingu skjala sem þykir ekki ástæða til að varðveita til frambúðar. Rétt virðist að Þjóðskjalasafn hafi ákvörðunarvald um grisjun skjalasafna og ónýtingu skjala. Ef aukin tengsl komast á milli safnsins og afhendingarskyldra aðila eins og stefnt er að með frumvarpi þessu mun safnið hafa yfirsýn yfir ástand skjalavörslu og getur það þá samræmt aðgerðir varðandi grisjun og varðveislu embættisskjala. Þegar skjöl eru ónýtt fara óhjákvæmilega forgörðum upplýsingar, sem gætu hugsanlega haft gildi í einhverjum tilvikum. Nauðsynlegt er að í lögum séu skýr ákvæði um það hvar ákvörðunarvald í þessum efnum skuli vera, og verður ekki séð að annar aðili sé fyrir hendi sem sé betur til þess fallinn að segja til um þetta efni en Þjóðskjalasafn. Jafnframt er lagt til að sett verði á laggirnar stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns sem hafi með höndum yfirumsjón með starfsemi safnsins (11.—12. gr.). Yrði það þá fyrst og fremst hlutverk

þeirrar nefndar að móta og setja fastar reglur um grisjun skjalasafna. Stjórnarnefnd þessi þarf að hafa myndugleika til þess að setja almennar reglur um þessi mál eftir því sem reynslan leiðir í ljós að heppilegt sé. En aðalreglan þarf að vera sú að stofnunum og embættum ríkisins sé óheimilt að farga skjölum sínum, hverju nafni sem nefnast, nema með leyfi Þjóðskjalasafns. Að því ber að stefna að í reynd verði þetta þannig að stofnanir sæki um heimild til Þjóðskjalasafns til þess að ónýta þau gögn sem þær telja sig ekki þurfa á að halda og sem þær telja að hafi ekki varðveislugildi, þannig að ekki þurfi að sækja um heimild í hvert skipti sem skjalasafn er grisjað.

5. gr.

Hér er kveðið á um það, hverjir skuli skyldir til þess að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu, en þeir aðilar eru þá jafnframt háðir ákvæðinu um eftirlit með skjalavörslu af hálfu Þjóðskjalasafns. Leitast er við að láta afhendingarskylduna ná til allra aðila sem starfa á vegum ríkisins, jafnt framkvæmdavalds sem dómsvalds og löggjafans. Enn fremur nær afhendingarskyldan til sveitarfélaga sbr. þó 14. grein og áfram. Þessi víðtæka afhendingarskylda þarf þó ekki að leiða til þess að geymd verði skjöl allra aðila á vegum ríkisins. Ákvæðið um ákvörðunarvald Þjóðskjalasafns um grisjun og ónýtingu felur það m. a. í sér að Þjóðskjalasafni ber, eftir því sem aðstæður krefjast, að velja úr stofnanir sem skjöl verða varðveitt frá. Leggja verður í hendur safnsins mat á stöðu stofnana og heimildargildi þeirra skjala sem safnast fyrir hjá þeim, því að ljóst virðist að ekki verður unnt að geyma öll skjöl allra aðila sem starfa á vegum ríkisins. Rétt er að benda á það að samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps verða t. a. m. hljóðupptökusafn og kvikmyndasafn Ríkisútvarpsins háð kvöð um afhendingarskyldu til Þjóðskjalasafns, en varðveisla slíkra gagna krefst sérstaks búnaðar og aðstöðu og mætti hugsa sér að þessi gögn verði undanþegin afhendingarskyldu.

6. gr.

Hér er afhendingarfrestur lengdur um 10 ár frá því sem er í núgildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn. Er þetta m. a. gert í því skyni að létta á Þjóðskjalasafni á næstu árum, meðan það er að innheimta skjöl sem vanrækt hefur verið að skila þangað á undanförnum áratugum. En einnig hefur reynslan leitt það í ljós að í vissum tilvikum getur verið óheppilegt að stofnanir séu skyldaðar til þess að senda frá sér skjöl sín að svo skömmum tíma liðnum. Í öðrum tilvikum hafa þó stofnanir óskað eftir því að afhenda skjöl sín áður en þau eru orðin 20 ára. Rétt virðist því að afhendingarfrestur verði almennt miðaður við 30 ár, jafnframt verði nokkur sveigjanleiki að þessu leyti.

Í öðrum lið 6. greinar reglugerðar er gert ráð fyrir því að stofnunum, sem stunda fræðilegar rannsóknir, sé heimilt að varðveita um ótiltekinn tíma skjöl sem safnast fyrir hjá þeim vegna þeirra. Hér getur t. d. verið um að ræða stofnun eins og Veðurstofuna.

7. gr.

Þessari grein er ætlað að girða fyrir það að stofnanir og embætti ónýti skjöl sín sjálf eftirlitslaust. Raunar má segja að af skyldu stofnana til að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu þegar tiltekinn tími er liðinn frá tilurð þeirra leiði það sjálfkrafa að óheimilt er stofnunum að takast á hendur ónýtingu skjala, en tryggara virðist eigi að síður að þetta sé tekið fram berum orðum.

8. gr.

Þarfnast varla skýringar eða rökstuðnings.

9. gr.

Hvað varðar aðgang manna að skjölum í skjalasöfnum opinberra aðila hefur gætt tveggja gagnstæðra sjónarmiða undanfarin ár. Annars vegar hafa komið fram kröfur um að tryggja almenningi aukinn rétt til aðgangs að skjölum, en einnig hefur verið rætt um rétt manna til persónuverndar og leyndar um einkahagi.

Almennt ætti sú regla að gilda að frjáls aðgangur sé að skjalasöfnum, varðveittum í Þjóðskjalasafni. Eigi að síður getur þó í vissum tilvikum þurft að takmarka aðgang að skjölum með tilliti til persónuverndar eða hagsmuna samfélagsins. Samkvæmt niðurlagi greinarinnar ættu stofnanir að geta takmarkað eða bannað aðgang að skjölum sínum í allt að 50 ár frá tilurð þeirra, miðað við seinustu dagsetningu bréfs í afgreiddu máli. Svo löng tálmun á aðgangi ætti þó einungis að eiga sér stað í undantekningartilvikum. Í nálægum löndum, t. d. í Danmörku, gilda mun strangari reglur um aðgang manna að ýmsum skjölum heldur en tíðkast hafa hérlendis, en e. t. v. má segja að hér á landi hafi engri fastmótaðri stefnu verið fylgt í þessum efnum.

10. gr.

Víða í nálægum löndum mun það tíðkast að teknar séu örfilmur (míkrófilmur) af skjölum sem varðveitt eru í ríkisskjalasöfnum í öryggisskyni. Skjöl þau, sem söfnin varðveita, eru einstæð og óbætanleg ef eitthvað ber út af um varðveislu þeirra. Þar sem húsnæði Þjóðskjalasafns getur tæplega talist uppfylla ströngustu kröfur um öryggi, t. d. ef til styrjaldaraðgerða kæmi, er það enn brýnna en ella að hugað sé að því að taka örmyndir af mikilvægustu skjölum sem safnið varðveitir.

11.—12. gr.

Með hliðsjón af þeim nýju og auknu verkefnum sem Þjóðskjalasafni eru falin samkvæmt þessu frumvarpi þykir það eðlilegt að ábyrgðinni og vandanum verði að einhverju leyti dreift með því að setja yfir safnið stjórn sem verði þjóðskjalaverði til trausts og halds, t. d. við töku ákvarðana um ónýtingu skjala. Efla þarf tengslin við afhendingarskylda aðila og við fulltrúa fræðilegra starfsmanna. Rétt þykir að skjalaverðir eigi fulltrúa í stjórn safnsins með tilliti til hugmynda um atvinnulýðræði og breiðari ákvarðanatöku.

13. gr.

Sjálfsagt þótti að stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefði umsagnarrétt um ráðningu starfsmanna safnsins. Þá er í þessari grein reglugerðarinnar gert ráð fyrir að sérstakur starfsmaður safnsins hafi það hlutverk að líta eftir skjalavörslu stofnana og innheimta skjöl. Er það bæði í samræmi við hið nýja eftirlitshlutverk sem safninu er hér fengið og þá reynslu sem fengist hefur að safnið gæti þess tæpast nógu vel að kalla eftir skjölum þegar enginn sérstakur starfsmaður hefur það að aðalstarfi.

14. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort þau afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu eða varðveita þau sjálf í héraðsskjalasafni sem sveitarfélögin kosta. Með ákvæði um að skjöl sveitarfélaga skuli annaðhvort afhent Þjóðskjalasafni eða varðveitt í héraðsskjalasafni, sem sérstök lög og reglugerð gilda um, er varðveisla þessara markverðu heimilda tryggð. Rétt þykir að sveitarfélögin haldi þessum rétti sínum. Þó er ákvæðið um héraðsskjalasöfn þrengt nokkuð í þessu frumvarpi frá því sem nú er.

Samkvæmt gildandi lögum hafa sveitarfélög og sýslunefndir rétt til þess að stofna héraðsskjalasafn, ef þeim sýnist svo. Í þessu frumvarpi er heimild til handa stjórn Þjóðskjalasafns til þess að leyfa stofnun héraðsskjalasafns, séu fyrir hendi fullnægjandi

aðstæður að mati safnstjórnar. Mörg þeirra héraðsskjalasafna, sem stofnuð hafa verið, eru vanburðug og í sumum tilvikum ekki annað en nafnið tómt. Því er æskilegt að sveitarfélög sameinist tvö eða fleiri um stofnun héraðsskjalasafns. Samkvæmt 14. gr. þessa frumvarps getur safnstjórn Þjóðskjalasafns stuðlað að slíkri samvinnu þar eð hún getur neitað um leyfi til stofnunar héraðsskjalasafns ef henni sýnist svo. Að öðru leyti eru í frumvarpi þessu litlar breytingar á gildandi ákvæðum um héraðsskjalasöfn.

15. gr.

Er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

16. gr.

Samkvæmt þessari grein verða sömu aðilar afhendingarskyldir til héraðsskjalasafna og nú. Felldar eru burt úr upptalningunni sáttanefndir, sem voru afnumdar með lögum nr. 28 26. maí 1981 um breytingu á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, enn fremur undirskattanefndir og yfirskattanefndir, sem voru lagðar niður með lögum nr. 70 28. apríl 1962 um tekjuskatt og eignarskatt, 55. gr.

17. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

18. gr.

Er samhljóða 4. gr. núgildandi laga um héraðsskjalasöfn.

19. gr.

Í reglugerð er hér lagt til að stofnanir fái 5 ára frest til að koma skjalavörslu sinni í það horf sem reglugerðin mælir fyrir um. Óhjákvæmilegt er að stofnanir fái nokkurn tíma til að koma á samræmdu skjalavistunarkerfi og skipulegri grisjun og virðist okkur rétt að tiltaka þann frest svo að síður dragist úr hömlu að farið verði að ákvæðum reglugerðarinnar.

V.

Áætlun um húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns.

1. Sögulegt yfirlit.

Segja má að Þjóðskjalasafn Íslands hafi verið stofnað með auglýsingu í upphafi árs 1882, en fram undir aldamót var tæpast um neina þá starfsemi að ræða sem verður að vera á slíkri stofnun. Nokkur helstu embætti þjóðarinnar geymdu skjöl sín á Dómkirkjuloftinu í Reykjavík og þangað lögðu embættismenn leið sína þegar til þeirra þurfti að taka. Engin skráning eða röðun átti sér þar stað og á því varð ekki breyting þó að söfnin væru flutt í Alþingishúsið.

Árið 1899 er í rauninni upphafsárið. Þá var dr. Jón Þorkelsson yngri gerður að landsskjalaverði, eins og embætti þjóðskjalavarðar hét þá. Hann hófst þegar handa um innheimtu opinberra skjala og annarra gagna sem safninu bar að safna og varðveita samkvæmt lögum þess og reglugerð. Þessu starfi hélt hann áfram meðan ævin entist og jafnframt gaf hann út skrár yfir þau skjalasöfn. Fyrsta heftið kom út 1903 og var um skjöl stiftamtmanns og amtmanna fram til 1873, næsta bindi kom út 1905—1906. Í því voru skrár yfir skjalasöfn klerkdóms, biskupa, prófasta og kirkna. Þriðja bindið kom út 1910. Í því voru skjalasöfn Alþingis við Öxará, Landsyfirdóms, sýslna, bæja, hreppa, sáttanefnda og umboða, sem safnið hafði fengið frá embættunum. Árið 1917 kom svo út skrá yfir þær embættisbækur sem safnið hafði fengið frá því fyrri skrár voru prentaðar.

Jón Þorkelsson var þjóðskjalavörður í aldarfjórðung. Hann mótaði stofnunina og um daga hans var öll innheimta í föstum skorðum og samkvæmt lögum og reglugerð safnsins.

Þjóðskjalasafnið hafði nóg húsrými, þegar það gat flutt inn í Safnahúsið við Hverfisgötu sem var fullbyggt á fyrsta áratug þessarar aldar, en fyrr en varði urðu skjalageymslurnar fullar, enda þótt skipuleg innheimta skjala væri ekki hin sama og meðan Jóns naut við, því að mörg embætti léttu á sér með því að koma eldri og ómerkari gögnum í geymslu á Þjóðskjalasafni án þess að eftir væri gengið. Hér skal þó nefnd sú undantekning að sumarið 1928 voru afhent skjöl og bækur úr söfnum í Danmörku og hafði Hannes Þorsteinsson — þáverandi þjóðskjalavörður — unnið að því að þetta náði fram að ganga. Hér var um að ræða gögn um Ísland úr stjórnarstofnunum einveldisins svo sem rentukammeri og kansellíi og spanna þau tímabilið frá 1548—1848, einnig komu skjöl frá Hæstarétti Danmerkur. Það voru íslensk dómsmál frá 1800 og til þess að Hæstiréttur var stofnaður á Íslandi við sambandsslitin 1918.

Geymslurými Þjóðskjalasafns er fyrir löngu orðið allt of lítið. Þess gætti þegar fyrir miðja þessa öld, en þá lét Barði Guðmundsson — þáverandi þjóðskjalavörður — taka verulegt magn af verslunarbókum sem safnið hafði fengið og flytja suður á kirkjuloft á Bessastöðum, þar sem það er enn í dag að miklu leyti. Í Safnahúsinu bættist við aukið geymslurými sem Þjóðskjalasafnið naut góðs af þegar Þjóðminjasafnið fluttist í húsakynni sín við Hringbraut, hins vegar hirti Landsbókasafnið húsakynni Náttúrugripasafnsins þegar það fór. Einnig var freistað að nýta betur geymslurnar í Safnahúsinu með því að setja stálskápa á rennibrautum í geymslurnar á tveim neðstu hæðum Safnahússins Þjóðskjalasafnsmegin, en það dugði ekki deginum lengur.

Þá var gripið til þess fangaráðs að taka á leigu húsnæði fyrir safnið. Magnús Torfi Ólafsson — þáverandi menntamálaráðherra — sýndi að hann hafði fullan skilning á þessu og fékk safnið hluta af hæð á Laugavegi 178, þar sem geyma mátti um 1000 hillumetra af skjölum og er sú geymsla nú nær full. Nýverið hefur Þjóðskjalasafnið fengið leigt geymslurými við Tryggvagötu ásamt fleiri ríkisstofnunum, en innréttingu vantar og geymslan því ekki nýtt svo að heitið geti.

2. Skjalaforði Þjóðskjalasafns.

Rétt er að gera grein fyrir hvaða embætti og stofnanir eiga skjöl sín geymd í Þjóðskjalasafninu og er þá fyrst að telja hin lokuðu söfn sem svo eru kölluð, en það eru skjöl embætta sem ekki eru lengur við lýði, svo sem Alþingi hið forna, Landsyfirrétturinn, embætti stiftamtmanns og amtmanna, landshöfðingja, landfógeta, stiftsyfirvalda, biskupsstólanna á Hólum og í Skálholti að ógleymdum stjórnarstofnunum í Danmörku t. a. m. íslensku stjórnardeildinni 1849—1904, sem fjölluðu um málefni Íslands og áður er getið. Þessi söfn eru kölluð lokuð af því að við þau bætist ekki frekara skjalamagn, nema þá í ljósritum og á filmum sem gerðar kunna að vera til að hlífa frumgögnunum.

Þá er að nefna þau skjalasöfn sem eru opin eða með öðrum orðum að við þau bætist eftir því sem tímar líða af því að embættið, sem framleiðir skjölin, er við lýði og starfandi og skulu nú talin hin helstu og tilgreint, hvað safnið hefir fengið frá þeim til varðveislu frá upphafi og til þess árs eða árabils sem skjölin eða bækurnar þrjóta.

1. **Alþingi,** skjöl frá því eru frá upphafi og fram um aldamótin síðustu, en mikið af skjölum frá eldri tíma er þó enn í fórum Alþingis.
2. **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,** skjöl frá því eru frá upphafi 1. skrifstofu og fram yfir 1940, einnig skjöl afhent af séra Gísla Brynjólfssyni, sem hafa lent saman við gögn úr landbúnaðarráðuneytinu um kirkjujarðir.
3. **Atvinnumálaráðuneytið,** skjöl frá því eru frá upphafi 2. skrifstofu og fram á 5. tuginn.
4. **Fjármálaráðuneytið,** skjöl frá því ná aftur til 1930 frá upphafi 3. skrifstofu 1904.
5. **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið** hefir afhent ákveðinn málaflokk varðandi sjúkratryggingar.
6. **Utanríkismálaráðuneytið** hefir afhent verulegt magn skjala en ekki er hægt að tala um nein tímamörk í þessu safni.

7. **Eftirtalin sendiráð** hafa afhent nokkuð af skjölum sínum: sendiráðið í Kaupmannahöfn — skjöl og dagbækur frá 1904—1945, sendiráðin í Lundúnum, Moskvu og New York.
8. **Varnarmáladeild,** þar sem skjölin voru óflokkuð og engin afhendingarskrá fylgdi er erfitt að gera frekari grein fyrir þessu skjalasafni.
9. **Forsætis- og menntamálaráðuneytið** fengu að geyma nokkurn hluta skjalasafna sinna í geymslum Þjóðskjalasafns við Hverfisgötu. Um formlega afhendingu er ekki að ræða og Þjóðskjalasafnið ber því tæpast ábyrgð á þeim, enda eru skjölin geymd í læstum skápum sem ráðuneytin ein hafa aðgang að.

Þess má hér við geta að ráðuneytin hafa mörg hver haldið eftir lyklunum að skjalasöfnum þeim sem komin eru í Þjóðskjalasafnið. Fyrir þá sök er nær ógjörlegt að nota þessi skjalasöfn til rannsókna, nema leita fyrst til viðkomandi ráðuneytis um upplýsingar undir hvaða númeri og frá hvaða ári tiltekið mál sé að finna. Afhendingarskrárnar sem skjölunum fylgdu koma að takmörkuðu gagni við að ráða bót á þessum annmarka.

Aðrar ríkisstofnanir með aðsetri í Reykjavík sem hafa afhent skjöl sín til Þjóðskjalasafns eru t. a. m. þessar:

1. **Hagstofa Íslands,** en frá henni hefur komið verulegt magn af skýrslum og öðrum gögnum sem til verða við starfsemi hennar.
2. **Ríkisendurskoðunin** hefir afhent skjöl sín fram yfir miðja þessa öld og er það sennilega stærsta safnið í Þjóðskjalasafninu frá einstakri stjórnarstofnun.
3. **Vegamálaskrifstofan** hefir einnig afhent mikið safn, aðallega vegareikninga, en geymir samt enn sjálf bæði elsta og yngsta hluta skjala sinna.
5. **Fiskmat ríkisins** afhenti gögn sín fram til 1960 og eru þau geymd inni á Laugavegi 178.
6. **Tollstjóraskrifstofan** hefir einnig afhent nokkurt magn skjala og er það að hluta til geymt í geymslunni á Tryggvagötu.

Andlega stéttin á Íslandi hefir skilið eftir sig myndarleg skjalasöfn og er fyrst að nefna biskupana. Áður var vikið að skjalasöfnum biskupsstólanna á Hólum og í Skálholti, en fyrirferðarmest er samt skjalasafn biskupsins yfir Íslandi:

1. **Biskupsskjalasafn** biskupsins yfir Íslandi nær aftur til um 1800 og málaflokkar eins og innkomin bréf til biskups enda 1938, en aðrir málaflokkar sem til safnsins hafa borist ná skemmra.
2. **Skjalasöfn prófasta** eru miklu minni að vöxtum og er lítið komið til safnsins frá þessari öld.
3. **Skjalasöfn presta,** um þau gildir það sama og prófastanna, nema prestþjónustubækur og sóknarmannatöl berast safninu alltaf annað kastið og verður það einkum þegar prestar láta af starfi að þeir skili gömlum bókum, en samt ræður tilviljunin hér nokkru um.

Heilbrigðisþjónustan mun afkastamikil í framleiðslu skjala, en þau eru ekki komin í garð hjá Þjóðskjalasafninu með þeim undantekningum sem hér skal greint:

1. **Skrifstofa landlæknis** hefir afhent skjöl sín reglulega og áður en lög og reglur mæla fyrir.
2. Nokkurt skjalamagn hefir Þjóðskjalasafni borist **frá borgarlækni** frá fyrri hluta þessarar aldar, en þau munu fremur lítill hluti af því sem til hefir fallið.
3. **Úr einstaka læknishéraði** hafa borist bækur og önnur gögn frá því um eða eftir síðustu aldamót og einnig gögn frá Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi, Franska spítalanum o. fl.
4. **Ljósmæðrabækur** frá Reykjavík og landsbyggðinni hafa borist og er stærsti hlutinn frá Fæðingardeild Landspítalans og ná þær fram yfir 1960.

Frá skólum og fræðslustofnunum hefir tiltölulega lítið borist af skjölum. Frá fyrri tímum eru bækur og skjöl eftirtalinna menntastofnana:

1. **Bessastaðaskóli,** prófbækur og skjöl ná yfir þann tíma sem skólinn starfaði 1805—1846.
2. **Lærði skólinn** — síðar Menntaskólinn í Reykjavík — hefir afhent prófbækur og prófúrlausnir, bréfabækur og önnur gögn sem orðið hafa til við starfsemi skólans.

3. **Skjalasafn fræðslumálaskrifstofunnar** var einnig afhent fyrir nokkrum árum og eru þar einkum bréf og skýrslur um starfsemi allra þeirra skóla sem ríkið hefur einhver afskipti af.
4. Skjöl frá tveim fræðslustjórum sem látið hafa af störfum.

Skjalasöfn sýslumanna, bæjarfógeta og sveitarstjórna eru sem heild langfyrirferðarmest í Þjóðskjalasafninu, enda þótt mikið vanti á að safninu hafi borist það magn sem vera ætti ef afhendingar hefðu farið fram lögum samkvæmt. Hér á eftir að verða sýslurnar og bæjarfélögin talin upp og þess getið hve langt safn hverrar sýslu nær:

1. **Norður-Múlasýsla,** nær lengst til 1930.
2. **Suður-Múlasýsla,** þar ná málaflokkar fram á 2. tug þessarar aldar, en til viðbótar kom skjalasending, sem enn er í kössunum sem hún kom í og því fátt um hana að segja.
3. **Skaftafellssýsla,** þar ná málaflokkar fram um aldamót og lengst til um 1915.
4. **Rangárvallasýsla,** þar ná málaflokkar lengst til áratugarins 1925—1935, en aðrir ná skemmra.
5. **Vestmannaeyjar,** þar ná málaflokkar fram til 1945, en að auki var komið með verulegt skjalamagn þegar Vestmannaeyjagosið hófst og er sá hluti geymdur inni á Laugavegi 178 í geymslum Þjóðskjalasafnins.
6. **Árnessýsla,** þaðan eru komin skjöl sem ná fram um 1920, en aðrir málaflokkar ná skemmra.
7. **Gullbringu- og Kjósarsýsla,** skjöl þaðan ná fram um 1930, að auki einstakir málaflokkar eins og afsals- og veðmálabækur fram um 1960.
8. **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli** hefir afhent skjöl frá embætti sínu frá upphafi og fram til 1960.
9. **Reykjavík,** þaðan eru komin skjöl frá bæjarfógetaembættinu gamla, en að auki skjöl frá borgarfógeta, borgardómara, en frá öðrum þáttum hins gamla bæjarfógetaembættis er enn ekkert komið.
10. **Borgarfjarðarsýsla,** bækur og skjöl þaðan ná lengst fram til áranna 1910—1915, en aðrir málaflokkar skemmra.
11. **Mýrasýsla,** skjalasafn hennar er eingöngu frá 19. öld, enda er hún nú orðin sama lögsagnarumdæmi og Borgarfjarðarsýsla.
12. **Snæfellsnessýsla,** skjalasafn hennar nær lengst fram til 1910, en yfirleitt skemmra.
13. **Dalasýsla,** skjalasafn hennar nær yfirleitt fram til áranna 1915—1920. Til eru innkomin bréf sem ná til ársins 1951, en mikið vantar þar í.
14. **Barðastrandarsýsla,** þar ná einstöku málaflokkar fram undir 1930, en aðrir mun skemmra þar eð þeir enda bæði fyrir og eftir aldamót.
15. **Ísafjarðarsýsla,** þar ná einstöku málaflokkar fram yfir 1940, en flestir skemmra.
16. **Strandasýsla,** þar ná einstaka málaflokkar fram yfir 1940, en flestir skemmra.
17. **Húnavatnssýsla,** þaðan hefir borist meira og reglulegar en úr öðrum sýslum og ná sumir málaflokkar fram um 1960 en aðrir skemmra.
18. **Skagafjarðarsýsla,** þar ná flokkar bóka og skjala einungis fram til 1910, sumir skemmra, eða til síðustu áratuganna fyrir aldamót.
19. **Siglufjörður,** skjöl frá bæjarfógeta ná frá upphafi embættisins og fram til 1940.
20. **Ólafsfjörður,** þaðan eru einungis hreppsreikningar 1918—1919.
21. **Eyjafjarðarsýsla,** þar ná margir málaflokkar fram til 1950, og að auki skjalasending sem enn er niðri í kössum.
22. **Þingeyjarsýsla,** málaflokkarnir þaðan ná tæpast til síðustu aldamóta að innkomnum bréfum undanskildum sem ná til 1908.

Þá er enn ótalið að í Þjóðskjalasafninu er mikill fjöldi bréfa á skinni sem voru afhent úr Árnasafni 1928 og svo skinnbréf frá biskupsstólunum fornu og víðar að. Einnig eru bréf og önnur gögn einstaklinga og félaga og er þar frægast bréfasafn Jóns Sigurðssonar.

Af því sem greint hefur verið frá hér að framan má ljóst vera að mikið vantar á að skjöl opinberra embætta og stofnana hafi verið innheimt eins og lög og reglur segja til um og engin könnun hefir verið gerð á því hvernig skjölunum í embættunum hefir reitt af á meðan beðið hefur verið eftir að þau yrðu flutt á áfangastað, og enginn veit hve mikið magn hér er um að ræða. Hins vegar hefir verið áætlað að Þjóðskjalasafnið hefði innan sinna vébanda um það bil **6000 hillumetra,** en sú mæling er ekki nákvæm og mismikið skjalamagn getur verið á hverjum hillumetra eftir því hvernig frá gögnunum er gengið. Því má bæta hér við að í bókageymslum Landsbókasafnsins munu vera um **7000 hillumetrar** eða rúmlega það, svo að í öllu Safnahúsinu gætu verið um **15000 hillumetrar** með því að nýta geymslurýmið sem best.

3. Skjalamagn utan Þjóðskjalasafns.

Þegar við undirritaðir vorum skipaðir í þessa nefnd þótti okkur einsýnt að kanna hug manna til þess verks sem okkur var á hendur falið og reyna að gera okkur einhverja grein fyrir því skjalamagni sem væri í vörslum einstakra embætta og stjórnarstofnana. Við urðum margs vísari um magn skjalanna og frá hvaða tíma þau væru og til glöggvunar verða hér birtar niðurstöðurnar um hillumetrafjöldann í stofnunum sem okkur vannst tími til að heimsækja:

1.	Forsætisráðuneytið	58 hillumetrar
2.	Menntamálaráðuneytið	300
3.	Utanríkisráðuneytið	200
4.	Landbúnaðarráðuneytið	75
5.	Sjávarútvegsráðuneytið	100
6.	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	300
7.	Félagsmálaráðuneytið	63
8.	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	65
9.	Fjármálaráðuneytið	139
10.	Samgöngumálaráðuneytið	79
11.	Iðnaðarráðuneytið	98
12.	Viðskiptaráðuneytið	118
13.	Hagstofa Íslands	100
14.	Ríkisbókhaldið	139
15.	Ríkisendurskoðun	639
16.	Ríkisendurskoðun	823
17.	Póstur og sími	693
18.	Borgarfógetinn í Reykjavík	127
19.	Bæjarfógetinn í Hafnarfirði	175
20.	Vegamálaskrifstofan	500
21.	Tryggingastofnun ríkisins	500
	Alls er þetta	5291 hillumetri

Þessar tölur segja þó engan veginn allan sannleikann því að til viðbótar vantar skjöl þau sem geymd eru hjá námsstjórunum í menntamálaráðuneytinu og hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vantar einnig nokkuð á, og í utanríkisráðuneytinu var eftir að fara í geymslu þar sem nokkuð var af eldri skjölum. Sömu sögu er að segja hjá borgarfógetanum í Reykjavík og bæjarfógetanum í Hafnarfirði og sá síðarnefndi taldi að í þessari aukageymslu væri þriðjung skjalasafnsins að finna.

Hér er enn eftir ótalinn fjöldi embætta sem ekki hafa afhent neitt af skjölum sínum og vitneskja er ekki fyrir hendi um hve magn þeirra er mikið og hvernig þau eru varðveitt og verður nú farið fljótt yfir sögu:

I. Forseti Íslands.
II. Utanríkisþjónustan, sendiráð og ræðismenn í Bonn, Ósló, París og Stokkhólmi.
III. Skólakerfið svo sem Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, menntaskólarnir, nema MR, allir gagnfræðaskólar, héraðsskólar, unglinga- og barnaskólar, leiklistarskólar, tónlistarskólar, húsmæðraskólar, sjómannaskólar, búnaðarskólar, iðnskólar, tækniskólar, Ljósmæðraskólinn, Hjúkrunarskólinn og Íþróttakennaraskólinn.
IV. Menningarstofnanir svo sem Menntamálaráð, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveitin, Þjóðleikhúsið, Landsbókasafn, Þjóðminjasafn, Listasafn ríkisins.
V. Heilbrigðisstofnanir svo sem ríkisspítalarnir, heilsuhælin og Lyfjaverslun ríkisins.
VI. Dómskerfið svo sem saksóknari ríkisins, ríkisskattstjóri, ríkisskattanefnd, skattstjórar, bæjarfógetar.
VII. Stofnanir sem fjalla um samgöngumál svo sem Ferðaskrifstofa ríkisins, Flugmálastjórn, Flugráð, flugvellir, Loftferðaeftirlitið, Skipaskoðun ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Vita- og hafnarmálaskrifstofan, Póst- og símamálastofnunin.
VIII. Iðnaðar- og raforkumál svo sem Áburðarverksmiðjan, Iðnaðarmálastofnun Íslands, Landssmiðjan, Sementsverksmiðjan, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkustofnun o. fl.
IX. Búnaðar- og ræktunarmál svo sem búnaðarþing, dýralæknar, yfirdýralæknar, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landnám ríkisins, Sandgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, tilraunastöðvar, veiðimálastjóri, Rannsóknaráð ríkisins, Atvinnudeild háskólans, Veðurstofan o. fl.
X. Aðrar ríkisstofnanir má nefna svo sem Brunabótafélag Íslands, Húsnæðismálastofnun ríkisins, húsameistara ríkisins, Landmælingar Íslands, Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, Áfengis- og tóbaksverslunina, Viðtækjaverslun ríkisins, Innkaupastofnun ríkisins, verðlagsstjóra o. fl.
XI. Bankakerfið og er fyrst að nefna Íslandsbanka, Seðlabankann, Búnaðarbankann, Framkvæmdabankann, Landsbankann, Útvegsbankann.

Ekki er ástæða til að hafa þessa upptalningu lengri þó að einhverju mætti bæta við. Hún gefur hins vegar nokkra hugmynd um í hve mörg horn er að líta og hvílíkt átak þarf til að koma því heim í garð sem þangað á að koma. Hér má geta þess að í Ríkisendurskoðuninni eru gögn frá þessum stofnunum flestöllum, en þau snerta að sjálfsögðu einungis bókhald þeirra.

Það má öllum vera ljóst af framangreindu að erfitt er að gera sér grein fyrir hve mikið það skjalamagn er í embættum og ríkisstofnunum víðs vegar um land sem ætti lögum samkvæmt að vera komið í vörslu Þjóðskjalasafns eða á að koma þangað fyrr eða síðar. Óvissuþættirnir eru svo margir að þegar stórt er spurt verður hér sem oftar lítið um svör.

Skjalasöfn sýslumanna eru t. a. m. gott dæmi um hve erfitt er að fá fulla vitneskju um rúmtak þeirra í safni nema með því móti að kanna skjalamagnið á hverjum stað, en ætla má að ekki sé kominn helmingurinn af því sem í Þjóðskjalasafni ætti að vera lögum samkvæmt af því sem til hefir fallið á þessari öld. Hitt er svo annað mál hvort þar komi öll kurl til grafar þegar hafist verður handa að innheimta embættisbækur og skjöl úr þessum embættum, og hætt er við að skjalasöfnin verði eitthvað skörðótt og eiga þar ýmsir sök ef rétt reynist.

Við athugun á skjalasafninu við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu reyndust 175 hillumetrar hafa fallið til á 10 síðustu árunum eða tæpir 20 metrar á ári til jafnaðar. Í lögsagnarumdæminu búa milli 24 og 25 þúsund manns eða um það bil einn níundi hluti landsmanna allra. Ef reiknað er með að skjalaframleiðslan sé svipuð á nef hvert um allt land þá væri framleiðslan í sýslumanna- og bæjarfógetaembættum landið um kring nálægt 1600 hillumetrum síðustu 10 árin eða 160 metrar á ári. Hins vegar virtist sem skjalaframleiðsla í Dómsmálaráðuneytinu væri 8 hillumetrar á ári, þannig að þau embætti sem því lúta mundu framleiða 20 sinnum meira skjalamagn en það gerir, því að fleiri embætti en sýslumanna- og fógetaembætti lúta því.

Ársframleiðsla ráðuneytanna allra er, að því er virðist, 80 hillumetrar á ári, og ef sama margföldunaraðferð er notuð væri skjalaframleiðslan í þeim embættum sem þau eru sett yfir að vera tvítugföld eða nálægt 1600 hillumetrar á ári. Þetta getum við hvorki sannað né afsannað og til að ganga úr skugga um þetta þarf bæði mikinn tíma og afl þeirra hluta sem gera skal.

Ef litið er til annarra landa má finna traustari niðurstöður í könnun á skjalaframleiðslu á ári hverju. Nýverið gerðu Finnar mikið átak í endurskipulagningu á skjalamálum sínum. Það kom á daginn að í stjórnkerfi þeirra falla til 40 hillukílómetrar ár hvert. Hér verður ósagt látið hvort stjórnkerfi Finna framleiðir tiltölulega meira magn skjala á ári hverju miðað við höfðatölu en hér á landi, en stjórnkerfið er samt sem áður í megindráttum svipað. Ef höfðatölureikningur er notaður og menn gefa sér að framleiðslan á einstakling sé svipuð í báðum löndunum verður niðurstaðan sú að hér á landi falli til nálægt 2 hillukílómetrum á ári af skjölum.

Svo að haldið sé áfram að draga lærdóma af Finnum má geta þess að samkvæmt lögum þeirra og reglum um grisjun og eyðingu skjala er gert ráð fyrir að 60% þess sem til fellur sé eyðilagt og þykir þó ekki nóg gert. Ef við lítum í okkar eigin barm er ljóst að hér er mikill óleystur vandi sem bíður bráðrar en erfiðrar úrlausnar.

4. Niðurstaða.

Af framansögðu er ljóst að mikið er af skjölum hjá ríkisstofnunum sem eru orðin meira en 20 ára gömul og ættu að vera komin í Þjóðskjalasafn skv. núgildandi reglugerð (frá 1916). Mikið af þessum skjölum er í óhentugum geymslum og sumt í kostnaðarsömu leiguhúsnæði. Því er brýn þörf á að gera sem fyrst átak að innheimta skjöl í Þjóðskjalasafn, en eins og stendur ræður safnið ekki yfir neinu húsnæði til að taka við þeim. Engin leið er að áætla með nokkurri vissu hve mikið af skjölum Þjóðskjalasafn á úti í ríkisstofnunum, en mjög lauslega má áætla að það sé um 20 árum á eftir tímanum að innheimta, að það eigi úti í stofnunum skjöl sem svara til allrar skjalamyndunar áranna 1940—60. Sé gert ráð fyrir að skjalaframleiðslan hafi verið um 1000 hillumetrar á ári á þessu skeiði á safnið óinnheimta 20 000 hillumetra. Afar tímafrekt mun vera að grisja þessi skjöl vegna þess að sjaldnast mun hafa verið gert ráð fyrir skipulegri grisjun þegar þau voru lögð upp. Samt sem áður verður að stefna að því að minnka þetta skjalamagn verulega, auk þess sem gera má ráð fyrir að það hafi þegar orðið fyrir nokkrum afföllum vegna þess að skjölum hafi verið fargað í heimildarleysi. Við áætlum því að safnið þurfi ekki að taka við nema helmingi þess skjalaforða sem varð til á árabilinu 1940—60 eða 10 000 hillumetrum.

Nefndin leggur til að skilafrestur skjala verði lengdur úr 20 árum í 30, og mun það létta nokkuð af safninu á næstu árum. Þó er óhjákvæmilegt að mikið berist til safnsins á næstunni af skjölum frá árabilinu 1960—80, enda er vafalaust oft hagkvæmara fyrir ríkið í heild að skjöl séu afhent þangað fremur fyrr en seinna. Gera má ráð fyrir að skjalaframleiðslan á þessu skeiði hafi veri nálægt 1500 hillumetrar á ári eða 30 000 hillumetrar á öllu tímabilinu. Séu þau skjöl enn grisjuð um helming á Þjóðskjalasafn von á 15 000 hillumetrum frá tímabilinu 1960—80, og mun varla taka öðru en gera þegar í stað ráðstafanir til að það geti tekið við því magni öllu.

Af þessu leiðir að búa þarf Þjóðskjalasafn undir að taka við 25 000 hillumetrum af skjölum sem orðin eru til fyrir 1980. Talið er að hver fermetri húsnæðis rúmi um 5—6 hillumetra skjala. Við teljum því nauðsynlegt **að Þjóðskjalasafni verði útvegað innan fimm ára um 5000 fermetra húsnæði,** til viðbótar við það húsrúm sem það hefur nú. Þetta húsnæði þarf að vera á einum stað í næsta nágrenni við núverandi húsnæði Þjóðskjalasafnsins, því að óþolandi vinnufrekt og fyrirhafnarsamt er að láta safnið dreifast í geymsluhúsnæði víðs vegar um borgina.

Þetta yrði þó einungis bráðabirgðalausn. Á áratugunum 1980—2000 verða til um 40 000

hillumetrar skjala. Þennan skjalaforða verður unnt að grisja markvisst og skipulega ef tillögur nefndarinnar um það efni verða teknar til greina. En þótt takast kunni að eyða um 60% þessara skjala með grisjun verða enn eftir um 16 000 hillumetrar sem safnið þarf að taka við snemma á næstu öld og krefjast um 3000 fermetra húsrýmis. **Því er nú þegar kominn tími til að huga að byggingu nýs húss fyrir safnið til frambúðar.** Í Noregi er risin ný bygging fyrir Þjóðskjalasafn, þar eru skjalageymslur sprengdar inn í kletta, en ofanjarðar eru lestrarsalir og vinnustofur fyrir alla starfsemi safnsins. Þessi bygging hefur fengið einróma lof allra sem bera skynbragð á skilyrði fyrir varðveislu skjala. Ísland er gagnauðugt af klettum og hömrum þar sem slík bygging gæti sómt sér hið besta, og svo miklir eru þeir að víðáttu að ekki ætti að vera skortur á rými fyrir viðbótargeymslur. Við viljum leyfa okkur að benda á vesturhlíð Öskjuhlíðarinnar sem tilvalinn stað í nágrenni við Háskóla Íslands, en þaðan ættu að liggja gagnvegir í þá stofnun sem geymir gögnin um sögu vora á liðinni tíð og í nútíð.

VI.

Tillaga að reglugerð um takmörkun skjalaviðkomu og grisjun í skjalasöfnum sem skylt er að afhenda Þjóðskjalasafni.

1. Almenn ákvæði.

1. Skjölum, sem ákveðið verður að ónýta samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal eytt með öruggum hætti, þannig að tryggt sé að óviðkomandi fái ekki aðgang að skjölunum. Þó er heimilt að geymd verði í héraðsskjalasafni skjöl úr umdæmi þess sem ætti að afhenda Þjóðskjalasafni en heimilt er að ónýta.
2. Alltaf skal varðveita ríflegt sýnishorn af skjalaflokkum sem að öðru leyti eru ónýttir.
3. Afhendingarskyldir aðilar skulu halda skrá yfir skjöl sem ónýtt verða samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Takmörkun skjalaviðkomu.

1. Prentað efni og fjölfaldað, upplag fjölfaldaðra bréfa, þar með talið upplag umburðarbréfa og eyðublaða, skal ekki geyma með skjölum. Undantekning er fjölfaldað plagg sem fylgir bréfi eða er nauðsynlegt innlegg með máli. Stofnun, sem lætur fjölfalda eða prenta til dreifingar gögn, s. s. umburðarbréf, skýrslur, greinargerðir, línurit, tölfræðilegar skýrslur, kynningarbæklinga o. s. frv., geymir eitt eintak í skjalasafni sínu.
2. Handrit er heimilt að ónýta þegar prentað eða fjölfaldað hefur verið eftir því, ef á handrit eru ekki ritaðar athugasemdir sem geta haft gildi fyrir skilning á máli og samhengi þess.
3. Aðsend umburðarbréf er heimilt að ónýta þegar ekki er lengur þörf fyrir þau, ef þau eru ekki innlegg með máli.
4. Fundarboð, boðsbréf, auglýsingar, almennar tilkynningar og fyrirspurnir, sem hafa óverulegt upplýsingagildi, eru tilfallandi eða háttbundnar, svo og ljósrit sem send eru til kynningar, skal ekki geyma í skjalasafni, ef þeirra er ekki þörf við afgreiðslu mála, og er heimilt að ónýta slík gögn þegar ekki er lengur þörf fyrir þau.
5. Uppköst (konsept) er heimilt að ónýta þegar samrit útsends bréfs hefur verið vistað í skjalasafni, ef ekki eru ritaðar á uppkastið athugasemdir sem geta haft gildi fyrir skilning á máli eða samhengi þess.
   Orðsendingar og minnisblöð sem fara milli aðila innan sömu stofnunar eða embættis er heimilt að ónýta, ef gögnin hafa ekki að geyma upplýsingar sem hafa gildi fyrir skilningi á máli eða samhengi þess.
7. Vinnuplögg sem hafa einungis að geyma upplýsingar sem eru teknar upp í útsendu bréfi eða skýrslu er heimilt að ónýta þegar ekki er lengur þörf fyrir þau.

3. Grisjun skjalasafna í fyrstu yfirferð.

1. Skjalamöppur skulu að jafnaði eigi spanna yfir lengra tímabil en 5 ár.
2. Afhendingarskyldir aðilar skulu fara yfir skjöl sín í seinasta lagi 5 árum eftir að málin hafa verið lögð til hliðar. Undanskilin þessu ákvæði eru samkynja skjöl, sbr. grein 4.1 í þessari reglugerð. Í þessari yfirferð skal gera skrá yfir þau málsskjöl sem hlutaðeigandi aðili telur ekki hafa hagnýtt gildi fyrir starfsemi sína, og skulu skjölin ónýtt að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns.
3. Forstöðumaður afhendingarskyldrar stofnunar eða embættis ber ábyrgð á grisjun skjalasafnsins.
4. Þjóðskjalasafn hefur yfirumsjón með grisjun skjalasafna afhendingarskyldra aðila. Starfsmenn Þjóðskjalasafns skulu, eftir því sem kostur er, aðstoða við undirbúning grisjunar skjalasafna og gefa ráð um það hvers konar skjöl skuli vinsuð úr.

4. Grisjun skjalasafna í annarri yfirferð.

1. Skjöl sem verða eftir að lokinni fyrstu yfirferð skal meta aftur áður en þau eru afhent Þjóðskjalasafni. Að jafnaði skal önnur yfirferð eiga sér stað 30 árum eftir að skjölin urðu til (þ. e. a. s. miðað við dagsetningu yngsta bréfs eða plaggs í möppu). Þjóðskjalasafn og hlutaðeigandi stofnun geta samið um annan frest. Í annarri yfirferð skal ónýta málsskjöl, ef hagnýtt eða fræðilegt gildi þeirra réttlætir ekki varðveislu þeirra til frambúðar.
2. Meta skal í hverju tilviki hvort það muni svara kostnaði að gögn sem hafa lítið fræðilegt gildi verði vinsuð úr möppum sem verða ekki ónýttar.
3. Í þessari yfirferð tekur hlutaðeigandi stofnun og Þjóðskjalasafn í sameiningu ákvörðun um grisjun. Menntamálaráðuneytið sker úr um ágreiningsmál.

5. Grisjun samkynjaskjala.

1. Með hugtakinu samkynjaskjöl er átt við flokka skjala sem hafa að geyma samstæð mál, þ. e. a. s. sams konar upplýsingar um mismunandi tilvik. Sem dæmi slíkra skjalaflokka má nefna umsóknir um einkaleyfi, manntalsskýrslur, kirkjubækur, skattframtöl, dagbækur, fylgiskjöl reikninga.
2. Afhendingarskyldir aðilar skulu gera skrá yfir samkynjaskjöl sín.
3. Þjóðskjalasafn og hlutaðeigandi stofnun eða embætti taka í sameiningu ákvörðun um ónýtingu og varðveislu samkynjaskjala.

6. Sameiginlegar reglur um grisjun samkynjaskjala.

1. Skrár, listar og afrit.
   a) Bréfadagbækur, dagbækur, registur yfir dagbækur, málaskrár og aðrar skrár, sem eru gerðar til þess að auðvelda leit skjala, er óheimilt að ónýta.
   b) Skrár (innbundnar eða á lausum spjöldum eða blöðum) sem eru einungis gerðar í því skyni að greiða fyrir daglegum störfum og hafa tímabundið gildi skulu ónýttar.
   c) Bréfabækur (eða afrit útsendra bréfa, raðað í tímaröð, en óinnbundin) er heimilt að ónýta ef afrit útsendra bréfa eru geymd í efnisröðuðu málasafni.
2. Starfsmannahald.
   a) Ekki er heimilt að ónýta möppur með skjölum varðandi ráðningu, réttindi og kjör starfsmanna.
   b) Óheimilt er að ónýta umsóknir um forstöðumannsstöður og æðri stöður. Umsóknir um aðrar stöður er heimilt að ónýta, séu þær ekki endursendar, að undanteknum umsóknum þeirra sem ráðnir eru.
   c) Heimilt er að ónýta háttbundin bréfaskipti sem hafa ekki gildi fyrir réttindi starfsmanna eða ráðningarskilyrði.

d) Veikindatilkynningar og læknisvottorð er heimilt að ónýta þegar fjarvist vegna veikinda hefur verið skráð í starfsmannaskrá eða verið bókuð með öðrum hætti.
e) Háttbundin gögn sem varða eftirlit með mætingum og vinnutíma er heimilt að ónýta þegar ekki er lengur þörf fyrir gögnin að mati stofnunarinnar.

3. Fjárhagsáætlun.
a) Háttbundin bréfaskipti í tengslum við samningu fjárhagsáætlunar er heimilt að ónýta þegar ekki er talin þörf fyrir gögnin að mati stofnunar.
b) Tillögur um fjárhagsáætlun og bréfaskipti um þær varðveitir stofnun eða embætti sem gert hefur tillögurnar, að svo miklu leyti sem skjölin hafa að geyma upplýsingar sem geta talist hafa varanlegt gildi.

4. Bókhald og reikningsskil.
a) Ef með fylgiskjölum reikninga eru ekki lagðir samningar, skuldabréf eða önnur skjöl sem varða réttindi eða skuldakröfur stofnana og embætta á hendur öðrum er heimilt að ónýta fylgiskjöl reikninga þegar 10 ár eru liðin frá lokum reikningsárs. Sama gildir um aðalbækur og bókhaldsdagbækur.
b) Ríkisendurskoðun, hjá sveitarfélögum kjörnum endurskoðendum, er heimilt að ákveða ónýtingarfrest annarra bókhaldsgagna sem eru ekki talin hafa varanlegt heimildargildi.
c) Þjóðskjalasafni er heimilt að ákveða að einstakir flokkar bókhaldsskjala eða sýni þeirra skuli varðveitt og afhent Þjóðskjalasafni eða héraðsskjalasafni til varðveislu síðar.

5. Innkaup og umsjón efnis og búnaðar.
Að fengnu samþykki Ríkisendurskoðunar eða kjörinna endurskoðenda sveitarfélaga er heimilt að ónýta eftirtalin skjöl: Tilboð um vöru eða þjónustu, pantanir og staðfestingar þeirra, kvittanir fyrir móttöku vöru og þjónustu, skýrslur um slit og skemmdir á búnaði og tækjum, birgðaskrár og skýrslur um vöruupptalningu, skrár yfir lausafé og innanstokksmuni svo og háttbundin bréfaskipti varðandi innkaup, áhalda- og birgðavörslu.

6. Önnur skjöl sem varða almenna stjórnun.
Skjöl sem falla ekki undir þau skjöl sem talin hafa verið upp hér að framan er einungis heimilt að ónýta að fengnu samþykki Þjóðskjalasafns.

VII.
Greinargerð með tillögu að reglugerð um takmörkun skjalaviðkomu og grisjun í skjalasöfnum.

I. Almennar athugasemdir um grisjun.

a) Inngangur.

Jafnframt því sem unnið er að því að varðveita hin ómetanlegu verðmæti sem skjalasöfn embætta og stofnana ríkis og sveitarfélaga hafa að geyma er óhjákvæmilegt að leggja vinnu í það að vinsa úr og ónýta skjöl og gögn sem hafa svo lítið heimildargildi að ekki er ástæða til þess að varðveita þau til frambúðar.

Vegna þess að viðkoma skjala er miklu meiri nú á dögum en á fyrri tímum er ónýting skjala brýnt úrlausnarefni. Eftirtaldar ástæður hafa valdið því að í flestum löndum hafa menn tekið varðveislu og ónýtingu skjala til gaumgæfilegrar athugunar.

Umsvif ríkisvaldsins hafa aukist og margfaldast vegna þess að ríkið hefur tekið að sér fleiri verkefni en tíðkaðist á fyrri tímum. Má þar nefna til dæmis heilsugæslu, skólamál og félagslega þjónustu ýmiss konar, viðleitni til þess að hafa áhrif á og stjórna þróun samfélagsins, t. d. með byggðastefnu, stjórn efnahagsmála o. s. frv. En öll þessi umsvif leiða óhjákvæmilega til mikillar framleiðslu ýmiss konar skjala og gagna sem eru mikils verður vitnisburður um samfélagið og menningu þess.

Í öðru lagi hefur þróun skrifstofutækni örvað vöxt skjalasafna. Ritvélar og margs konar fjölföldunarvélar auðvelda mjög framleiðslu ritaðra gagna og afrita þeirra, og standa menn ólíkt betur að vígi í þessum efnum nú á tímum en þegar penninn og bréfapressan voru einu framleiðslutækin við skjalaframleiðslu.

Í þriðja lagi er skrifstofuhúsnæði mjög dýrt og veldur því bæði byggingarkostnaður og hátt lóðaverð. Leitast er við að nýta húsrými sem best í skrifstofuhúsnæði, og er því oftast lítið geymslurými utan skrifstofuherbergjanna sjálfra.

Krafan um grisjun skjalasafna á fyrst og fremst rót að rekja til þess að geymslurými er kostnaðarsamt, jafnt bygging þess sem rekstur og viðhald. Hins vegar getur það einnig verið mjög seinlegt og þar af leiðandi kostnaðarsamt að vinsa úr skjöl til ónýtingar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að reyna að leita hagkvæmra leiða til þess að vinsa úr þau skjöl sem ónýta skal.

b) Gildi skjala.

Embætti og stofnanir, sem skjöl verða til hjá, þurfa á þeim að halda við dagleg störf. Nýleg skjöl eru oft mikilvæg fyrir stjórnsýslukerfi. En í flestum tilvikum missa þau hagnýtt gildi sitt smátt og smátt þegar tímar líða fram. Það er tiltölulega auðvelt fyrir hvert stjórnvald að skera úr um það hvort skjal hafi hagnýtt gildi eða ekki.

Í opinberum skjalasöfnum er oft að finna skjöl sem geta haft hagnýtt gildi fyrir einstaklinga og stofnanir. Slík skjöl geta bæði verið nýleg og gömul. Þeir skjalaflokkar sem hafa hagnýtt gildi fyrir almenning, t. d. kirkjubækur, eru oftast nær auðþekktir.

Í opinberum skjalasöfnum er einnig að finna mikilvægustu heimildir sem við er stuðst við sagnfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir. Þegar meta þarf hvort gildi skjals sé nægilega mikið til þess að réttlæta varðveislu þess til frambúðar er aðalvandinn fólginn í því að meta hið sögulega eða sagnfræðilega gildi. Sagnfræðirannsóknir geta verið margvíslegar og sagnfræðingar framtíðarinnar munu eflaust sinna öðrum rannsóknarverkefnum og vandamálum en sagnfræðingar nú á dögum. Ekki er hægt að telja nein skjalagögn algerlega einskis virði. Þegar valið er milli þess sem varðveita skal og hins sem ónýta verður er því ekki unnt að stefna að því að varðveita öll skjöl sem hafa eitthvert gildi. Þess í stað verður að reyna að meta hvort sagnfræðilegt gildi skjalaflokks sé í réttu hlutfalli við kostnaðinn sem varðveisla skjalanna hefur í för með sér, og síðan verður að velja úr eftir bestu getu til varðveislu þau skjöl sem virðast skipta mestu máli og hafa mest gildi.

Gildi skjala ræðst einnig af því í hve ríkum mæli unnt er að afla upplýsinga í öðrum heimildum. Gömul skjalasöfn eru langtum mikilvægari en þau skjalasöfn sem verða til nú til dags vegna þess að nú á dögum eru heimildir langtum fleiri en áður tíðkaðist.

Jafnvel þó að líkur séu á því að í umfangsmiklum skjalaflokki megi finna upplýsingar sem einhver kynni hugsanlega í einhverjum tilvikum að telja áhugaverðar getur það ekki talist nægileg ástæða til að réttlæta varðveislu allra gagnanna. Við ónýtingu skjala hljóta alltaf að fara forgörðum upplýsingar sem einhverjir kunna að telja eftirsjá að. Menn verða að gera það upp við sig hvort varðveita beri umfangsmikla skjalaflokka einungis vegna þess að við sérstakar aðstæður kynni að verða spurt um einstakt skjal eða skjalamöppu. Ef menn telja að svo sé er það sjálfgefið að öll grisjun skjalasafna er óframkvæmanleg.

Ef lítilsverð gögn eru ekki vinsuð úr getur hið mikla umfang skjalasafna orðið sagnfræðilegum og félagsfræðilegum rannsóknum fjötur um fót. Það er auðveldara að finna mikilvægu, bitastæðu skjölin, þegar hin minna verðu hafa verið vinsuð úr.

c) Kostnaður við grisjun skjalasafna og ónýtingu skjala.

Grisjun skjalasafna er ýmsum vandkvæðum háð. Suma skjalaflokka er unnt að grisja án umtalsverðs kostnaðar. Í öðrum tilvikum getur verið svo tímafrekt að vinsa úr ónýtingarhæf gögn að það borgar sig ekki. Almennt má segja að ekki beri að takast á hendur grisjun

skjalasafna ef það er dýrara að grisja með ábyrgum hætti en að byggja yfir skjölin. Í sumum tilvikum er unnt að binda varðveislu skjala við tiltekin tímamörk. Ónýting getur þá átt sér stað sjálfkrafa þegar skjölin hafa náð þeim aldri sem tilskilinn er. Einnig er unnt að setja reglur um ónýtingu heilla skjalaflokka í stofnunum sem eru hliðstæðar þ. e. starfa á sama stjórnsýslusviði, t. d. fyrir skjalasöfn sýslumanna, skattstjóra og fleiri. Þegar unnt er að ónýta heila flokka skjala að liðnum vissum fresti, sem hefur verið tiltekinn fyrirfram af þar til bærum aðilum, krefst ónýtingin minni vinnu og kostnaður verður þar af leiðandi minni.

Í öðrum tilvikum kunna ónýtingarhæf gögn að vera innan um skjöl sem varðveita verður. Þá er afar mikil vinna að vinsa ónýtingarhæf gögn frá þeim sem varðveita verður. Yfirleitt er það óráðlegt að fara nákvæmlega yfir hverja einstaka möppu í því skyni að tína úr ónýtingarhæf gögn. Slíkt getur því aðeins svarað kostnaði að ónýtingarhlutfallið sé tiltölulega hátt.

Vinnulaun eru verulegur hluti kostnaðar við grisjun skjalasafna. Vegna þess að ekkert hefur verið unnið skipulega að ónýtingu skjala hérlendis, er ekki hægt að nefna neinar ákveðnar tölur í þessu sambandi. Í Danmörku hefur verið gefið upp að það taki að meðaltali þrjá tíma að ónýta einn hillumetra skjalaflokks sem 99% eru ónýtt af. Grisjun annarra skjalagagna, þar sem ónýtt voru 63,5% gagnanna, krafðist ónýting hvers hillumetra um það bil 5—6 tíma vinnu. Hér var einungis átt við sjálfa úrvinsunina en ekki aðra vinnu í tengslum við ónýtinguna (t. d. útstrikun úr dagbókum og innfærslubókum). Sú takmarkaða reynsla sem nefndarmenn hafa af slíkri úrvinsun bendir ótvírætt til þess að hún sé enn þá seinlegri en hér var tilgreint, ekki síst ef hún tengist annarri flokkunar- og röðunarvinnu. Það liggur því í augum uppi að kostnaður við ónýtingu skjala er mjög misjafn, allt eftir því hvernig skjölum er til að dreifa og hvernig þau hafa verið lögð upp í stofnuninni sem þau urðu til hjá.

d) Örglærur (míkrófilmur)

Þegar teknar eru myndir á örglærur eru skjöl ljósmynduð og smækkuð um leið afar mikið (algengast 24 sinnum). Það er því hægt að spara mikið húsrými með því að mynda skjöl á glærur og geyma glæruna í stað frumgagna. Myndatökuvélar til þess að taka örglærur eru af margvíslegum gerðum, en hér verður ekki lýst hinni tæknilegu hlið míkrómyndatöku. Þess skal þó getið að hinn tæknilegi búnaður er ekki óskaplega dýr.

Sum skjöl eru svo mikils virði að það kemur ekki til greina að þau verði ónýtt, enda þótt örglærur yrðu teknar af þeim. Í ýmsum tilvikum væri þó mjög æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að taka örglærur (eða ljósrit) af mikið notuðum frumgögnum til þess að hlífa þeim við sliti og jafnvel eyðileggingu. Má í þessu sambandi nefna kirkjubækur sem munu margar vera að detta í sundur vegna mikillar notkunar og óvægilegrar meðhöndlunar safngesta. Einnig er það æskilegt að ýmsar óbætanlegar frumheimildir verði myndaðar á míkrófilmu og geymdar í öðrum landshluta en Reykjavík í öryggisskyni með tilliti til eyðileggingarhættu af ófyrirsjáanlegum ástæðum, t. d. af völdum ófriðar, náttúruhamfara eða bruna.

Það liggur í augum uppi að ekki er unnt að ráðast í míkrómyndatöku í því skyni að spara húsrými áður en tekin hefur verið afstaða til grisjunarvandans.

Athugun sem gerð var á vegum Hagsýsluskrifstofu Reykjavíkurborgar haustið 1979 á hagkvæmni þess að geyma skjöl á míkrófilmum í stað þess að geyma þau með hefðbundnum hætti, benti til þess að það gæti verið allt að þrisvar sinnum dýrara að taka örglærur af skjölum í stað þess að geyma skjölin sjálf og byggja yfir þau. Var þá miðað við að skjöl yrðu alfarið mynduð á örglærur og skjölunum síðan fargað. Þessi mikli munur kemur nokkuð á óvart þegar tekið er tillit til þess hversu tæki til örglærutöku eru tiltölulega ódýr. En skýringin á þessu er sú að örglærutaka útheimtir mikinn vinnukraft. Það verður því að telja að míkrófilmur geti ekki leyst húsnæðisvandræði Þjóðskjalasafns og annarra vörslustofnana í næstu framtíð.

Í ýmsum tilvikum kunna stofnanir að telja það hagkvæmt fjárhagslega og með tilliti til aðstæðna og hagræðis að taka míkrófilmur af einstökum skjalaflokki eða flokkum, t. d. ef hægt væri að nota dauða tíma hjá starfsfólki til slíkra starfa, og ætti þá að vera óhætt að ónýta frumgögnin, svo framarlega sem örmyndatakan er nákvæm og endingargóðar filmutegundir eru notaðar og þær geymdar við rétt skilyrði. Í lögum nr. 47/1978 er ráðherra heimilað að leyfa að bókhaldsskjöl verði geymd á filmu eða annarri jafngóðri eftirmynd viðkomandi bókar eða skjals í stað þess að geyma sjálf frumgögnin.

Upp á síðkastið hefur það færst í vöxt að tölvur séu látnar prenta út lista og skrár á örglærur í stað pappírs og er þannig sparað óhemjumikið húsrými á skrifstofum. Af gögnum sem eru skrifuð út á örglærur má nefna t. d. þjóðskrána, launalista, útskriftir úr aðaldagbókum.

e) Niðurstaða.

Með því að taka mið af mati á gildi skjala, kostnaði við varðveislu og þeim vanda sem er því samfara að ónýta skjöl með ábyrgum hætti er unnt að setja almennar reglur um upplagningu og meðferð skjala með tilliti til úrvinsunar og ónýtingar.

Þegar skjöl eru lögð upp og þeim raðað ber að taka tillit til langtímahagsmuna að þessu leyti. Það ber að leitast við að komast hjá því að blanda skjölum sem hafa varanlegt gildi saman við skjöl og gögn sem unnt er að ónýta. Grisjun skjalasafna þarf í sem ríkustum mæli að geta farið þannig fram að heilum möppum eða heilum skjalaflokkum sé fleygt í stað þess að einstök plögg séu tínd úr.

Að svo miklu leyti sem unnt er ber að ákveða fyrirfram geymslutíma hinna ýmsu skjalategunda. Ef skjölum er raðað eftir efni í málasafni er mun auðveldara að tiltaka ákveðinn geymslufrest fyrir einstaka flokka mála. Ef skjölum er raðað í tímaröð eftir dagsetningum eða eftir dagbókarnúmerum er erfiðara að setja reglur um ónýtingu skjalanna. Þá verður annaðhvort að fleygja öllu eða engu eða þá að tína úr eitt og eitt plagg.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að örglærur geti skipt verulegu máli þegar taka þarf afstöðu til varðveislu og ónýtingar skjala. Á þessu kunna að verða breytingar í framtíðinni og þarf að fylgjast vel með þróuninni á sviði örglærutöku.

Vegna þess hversu mikilvæg skjalasöfn ríkis og sveitarfélaga eru fyrir sagnfræði- og félagsfræðirannsóknir er ekki hægt að gefa stofnunum ríkis og sveitarfélaga frjálsar hendur um ónýtingu skjala. Í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar hafa verið settar reglur um það hversu standa skuli að ónýtingu skjala, og er þar óheimilt að ónýta skjöl nema að fengnu samþykki hlutaðeigandi ríkisskjalasafns eða samkvæmt reglum sem settar hafa verið um þessi efni.

2. Grisjun skjalasafna á Íslandi.

Í reglugerð um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík nr. 5/1916 segir í 7. grein: „Skjalavörður skal rannsaka, hvað sé það af skjölum í safninu nú sem stendur, er gagnslaust megi þykja að geyma, og ónýta skuli. Skal hann, þegar því starfi er lokið, skýra landsstjórninni frá rannsókn sinni, og segir hún til, hversu með skuli fara, og setur reglur um ónýtingu skjala framvegis, er skjalavörður fer síðan eftir.“ Nú er í 1. grein sömu reglugerðar mælt svo fyrir að skjalasöfn allra opinberra sýslana eða stofnana, sem eldri séu en 20 ára, skuli afhent til varðveislu í Þjóðskjalasafni. Hugtakið skjal er ekki skilgreint nánar í þessari reglugerð og ekki er skilgreiningu þess að finna í öðrum reglugerðum eða lögum. Beinast liggur við að telja að þetta hugtak merki öll gögn sem falla til hjá stofnunum í tengslum við rekstur hennar. Af þessu leiðir þá að öll gögn og pappírar sem falla til hjá opinberum stofnunum og embættum eru afhendingar- og varðveisluskyld.

Þegar reglugerðin um Þjóðskjalasafnið var sett árið 1916 voru aðeins 7 ár liðin frá því að

safnið hafði flust í Safnahúsið við Hverfisgötu og mun þá hafa verið rúmt um safnið. Dr. Jón Þorkelsson mun hafa ónýtt lítið eitt af gögnum sem safninu bárust og hann taldi lítils virði. Hins vegar hafa aldrei verið settar neinar reglur um grisjun skjalasafna og aldrei hefur verið mörkuð nein stefna um það efni af hálfu Þjóðskjalasafns eða hlutaðeigandi ráðuneytis hversu standa skuli að því að grisja skjalasöfn og velja úr skjöl til varðveislu.

Vegna þess að menn hafa veigrað sér við að horfast í augu við þá staðreynd að óhjákvæmilegt er að grisja skjalasöfn verulega og að slík grisjun er forsenda þess að unnt sé að geyma þau skjöl sem meira virði eru talin, hefur geymsla skjala orðið vandamál víða í stjórnkerfinu. Ríkisendurskoðun hefur ekki talið sig hafa heimild til þess að ónýta sjálf eða heimila stofnunum sem hún endurskoðar að ónýta bókhaldsgögn. Embættismenn sem hafa leitað eftir fyrirmælum frá ráðuneytum sínum um varðveislu eða grisjun skjalasafna munu aldrei hafa fengið nein ákveðin svör. Svo virðist sem enginn telji sig hafa heimild til þess að taka af skarið og leyfa ónýtingu embættisgagna og hvarvetna er landlægur ótti við að aðhafast nokkuð í þessu efni. Þess í stað hafa ýmsar ríkisstofnanir og embætti fyllt allar smugur og skúmaskot sem þær eiga innangengt í með gögnum sem í ýmsum tilvikum virðast ekki hafa mikið heimildargildi. Oft og tíðum er lítil sem engin regla á þessum gögnum, þannig að vonlaust virðist að finna þar nokkurn hlut þó á því þyrfti að halda, svo að geymsla gagnanna virðist ekki þjóna miklum tilgangi. Jafnframt virðist það ljóst að Þjóðskjalasafni verður aldrei sköpuð aðstaða til þess að taka við öllum þessum kynstrum af pappírum. Einfaldar reglur um grisjun bókhaldsgagna myndu leysa mikinn vanda, draga úr húsnæðisþörf og spara fjármuni. Með einföldum reglum mætti létta mikið á stofnunum og draga úr þörf fyrir geymsluhúsnæði. Þá myndu einnig skapast skilyrði til þess að geyma betur skjöl sem úr yrðu valin til varanlegrar varðveislu og gera þau aðgengileg.

Þess finnast raunar dæmi að stofnun hafi byrjað að vinna að grisjun skjalasafns síns með skipulegum hætti. Póstur og sími mun einungis geyma fylgiskjöl í 7 ár. Aðalbókari stofnunarinnar kvaðst hafa neyðst til þess að ákveða þetta upp á sitt einsdæmi, því að enginn hefði viljað eiga síðasta orðið. Í gömlu símstöðinni í Hafnarfirði er til húsa nýlega stofnað minjasafn Pósts og síma. Þar er einnig skjalasafn þar sem varðveitt eru m. a. elstu gögn frá embætti póstmeistarans í Reykjavík og landssímastjóra. Einnig eru þar ýmiss konar önnur gögn. Er sérstakur starfsmaður við það að grisja skjalasafnið og hefur hann samráð við aðalendurskoðanda stofnunarinnar. Haldin er skrá yfir það sem ónýtt er, og er tiltekinn ákveðinn ónýtingarfrestur fyrir hinar ýmsu tegundir gagna. Jafnframt eru geymd sýnishorn þeirra gagna sem eru ónýtt, t. d. mánaðarreikningar stöðvanna. Þessi gögn hafa lítið upplýsingagildi og þau hafa verið færð á sína liði svo að upplýsingar þeirra koma fram annars staðar. Störf af þessu tagi er einungis unnt að vinna í stofnununum sjálfum, þar sem enginn aðili utan þeirra þekkir nægilega vel til til þess að geta leyst þau af hendi, svo að vel sé. En jafnframt er nauðsynlegt að Þjóðskjalasafn hafi rétt og skyldu til þess að fylgjast með því hversu stofnanir fara með gögn sín og að það geti gripið í taumana ef eitthvað virðist fara úrskeiðis.

3. Tillögur um grisjun skjalasafna.

a) Takmörkun safnvaxtar.

Unnt er að draga úr vexti skjalaforðans eða hægja á honum með því að hamla á móti viðkomu skjala. Það má gera á tvennan hátt, með því að sneiða hjá því að framleiða skjöl og með því að koma í veg fyrir að óviðkomandi gögn berist inn í skjalasafnið og séu lögð þar upp. Hér er ekki vettvangur til þess að gera því efni skil, en bent skal á að eftir mætti ber að sneiða hjá óþörfum bréfaskiptum, t. d. milli deilda sömu stofnunar um minni háttar innri mál sem hægt er að leysa með samtölum. Þess mun gæta hjá sumum einkafyrirtækjum stórum að skriflegar orðsendingar og minnisblöð séu notuð stöðugt meira í daglegum

tjáskiptum innan fyrirtækis. Ekki er óeðlilegt að svipaðrar þróunar muni gæta hjá opinberum aðilum, en ef svo er verður að gæta þess að slík gögn verði grisjuð rækilega.

Víða í ráðuneytum eru uppköst bréfa (konsept) skrifuð á tvöfalda örk í folíóstærð, og þar eftir er bréfið skrifað og tekið af því samrit. Hægt er að farga uppkastinu í flestum tilvikum. Hugsanlegar athugasemdir og minnisgreinar mætti þá rita á afrit bréfsins eða á sérstakt blað.

Bréfabókin (kópíubók) var mikilvægt hjálpartæki í eldri skjalasöfnum, en hún er að mestu óþörf í velröðuðu (efnisflokkuðu) skjalasafni. Sum ráðuneytin hafa hætt að binda bréfabækur en geyma afrit útsendra bréfa í tímaröð einungis skamman tíma og ónýta þau síðan. Mun það ekki hafa valdið neinum óþægindum, enda er afrit útsendra bréfa jafnan lagt í málið í málasafni.

Víða safnast fyrir á skrifstofum mikið af pappírum sem eru ekki safntækir og sem á ekki að leggja upp með skjölum. Almennt má segja að hvorki prentaðar bækur, upplag af prentuðum eða fjölfölduðum gögnum eða upplag eyðublaða sé skjalasafnstækt. Sama gildir um vinnupappíra, rissblöð, minnisblöð, aukasamrit og ljósrit. Slíkum gögnum á ekki að blanda saman við eiginleg skjöl. T. d. á ekki að leggja upplag fjölritaðra bréfa eða gagna í málsmöppur. Oft er litið á skjalasafnið sem geymslupláss, enda þótt erfitt sé að losna aftur við það sem einu sinni er komið þangað. Ekki á að geyma í skjalasafninu plögg almenns eðlis sem hafa verið send til tilkynningar og hafa ekkert gildi fyrir afgreiðslu mála. T. d. ætti að vera óþarfi að halda til haga öllu því ógrynni gagna varðandi alþjóðlegar stofnanir sem berast að.

Ef húsrými er fyrir hendi eru skjöl geymd í daglegu skjalasafni mun lengur en þörf er á. Þetta leiðir til þess að sums staðar eru óþarflega margir skjalaskápar og að skjalamöppur spanna yfir langt tímabil. Þegar á heildina er litið mun óhætt að slá því föstu að óvíða tíðkast reglubundin rýming daglegra skjalasafna, og í ýmsum stofnunum virðist lítið sem ekkert hafa verið skeytt um afdrif eldri skjalagagna og tilviljun ein ræður oft hvað geymist og hvað verður glötun að bráð.

Með skipulegum flutningi skjala í nærsafn er unnt að nýta betur skrifstofuhúsnæði og skrifstofubúnað. Í nærsafni er hægt að pakka skjölum þéttar saman og nota ódýrari búnað og húsnæði. Auk þess verða vinnuaðstæður betri í daglega safninu, ef þar eru ekki miklar dyngjur ónotaðra skjala sem sjaldan eða aldrei þarf að grípa til. Skipulegur, reglubundinn flutningur skjala úr daglegu skjalasafni í nærsafn er einnig óhjákvæmileg forsenda þeirra tillagna sem nefndin hefur gert um grisjun skjalasafna.

Þess vegna er lagt til að skjalamöppum verði lokað í seinasta lagi 5 árum eftir að þær voru teknar í notkun, undanskilin þessari reglu eru samkynjaskjöl.

Þegar möppu er lokað þarf að rita athugasemd um það á hana. Hún er síðan flutt í nærsafnið ef hún er ekki af einhverjum ástæðum sérlega mikilvæg svo að hana verður að geyma með öðrum hætti.

Að lokum skal á það bent að skynsamlegt val pappírsstærðar og möppustærða getur sparað bæði rými og fé. Oft eru plögg höfð í folíóstærð eða óstöðluðum stærðum enda þótt blöð í stærðinni A4 dygðu fyllilega.

b) Reglur um grisjun skjalasafna.

Hér að framan hefur verið vikið að þeim atriðum sem hafa ber í huga þegar settar eru reglur um grisjun skjalasafna. Annars vegar verður að tryggja mikilvæg skjöl gegn eyðileggingu, hins vegar þarf að finna reglur sem eru fjárhagslega hagkvæmar og auðveldar í framkvæmd.

Árið 1954 voru teknar upp í Englandi reglur þar sem farið var inn á nýjar brautir í þessum efnum. Áþekkar reglur voru teknar upp í Noregi í byrjun 7. áratugarins og voru þær síðar endurskoðaðar en breytingar voru óverulegar. Þessar reglur miða að því í megin-

atriðum að grisjun fari fram í hinum skjalamyndandi stofnunum sjálfum að nokkru leyti. Með vissum undantekningum hefur stofnunum verið heimilað að ónýta sjálfar viss gögn í bréfasöfnum 5 árum eftir að máli lýkur, ef þær telja sig ekki hafa þörf fyrir gögnin vegna starfa sinna. Þetta er rökstutt með því að skjöl sem hafa einungis tímabundið gildi fyrir stofnun geti ekki haft varanlegt gildi fyrir fræðilegar rannsóknir. Þau gögn sem fyrst og fremst er hugsað til að hreinsa út með þessum hætti munu vera háttbundin skrif af margvíslegu tagi, t. d. mætti hugsa sér fylgibréf með reikningum, innheimtubréf, almennar fyrirspurnir o. fl. sem skiptir ekki máli fyrir afgreiðslu mála. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að hún treystir sér ekki til þess að leggja til að svona langt verði að svo komnu máli gengið í því að gefa stofnunum frjálsar hendur um ónýtingu skjala í málasöfnum sínum (bréfasöfnum). Nefndarmönnum virðist sýnt að, a. m. k. vegna þess hversu skjalavörslumálum hefur víða verið lítið sinnt hérlendis, svo rúm heimild gæti leitt til skaða sem yrðu ekki bættir. Því leggjum við til að stofnunum verði gert að fara yfir skjöl sín 5 árum eftir að mál hafa verið afgreidd og gera skrá yfir þau gögn sem stofnunin telur að ónýta beri og verði síðan leitað samþykkis Þjóðskjalasafns á ónýtingunni. Þessi aðferð er að vísu töluvert seinlegri en sá háttur sem Bretar og Norðmenn hafa á, en ætti þó að geta skilað árangri ef reglunum verður fylgt eftir.

Skjöl sem geyma þarf lengur en í 5 ár vegna starfa stofnunarinnar skulu síðan skoðuð aftur þegar þau eru u. þ. b. 30 ára gömul. Ákvörðun um ónýtingu eða varðveislu er á þessu stigi einnig í höndum hlutaðeigandi stofnunar og fulltrúa Þjóðskjalasafns í sameiningu. Bæði við enska og norska ríkisskjalasafnið voru settar á stofn deildir, þar sem starfa eftirlitsmenn skjalasafna. Þeir starfa úti í stjórnsýslustofnununum, líta eftir skjalavörslu og gefa ráð um hana og fylgjast með og leggja á ráðin um grisjun skjalasafnanna.

Nefndin leggur til að svipað verði tekið upp hérlendis en með talsvert þrengri heimild til þess að ónýta í fyrstu yfirferð. Grisjun skjalasafnanna færi þá fram í þremur áföngum.

a) Takmörkun skjalaviðkomu með því að grisja skjöl áður en þau eru vistuð í skjalasafni. Hreinsað verði úr möppum upplag af fjölfölduðu efni og prentuðu, rissmiðar, minnisblöð og þess háttar vinnupappírar og aukaplögg sem skipta ekki máli. Hlutaðeigandi stofnun sér um grisjunina á þessu stigi.

b) Grisjun á vegum stofnananna sjálfra fer fram innan tiltölulega stutts tíma eftir að skjölin hafa verið tekin úr daglegri notkun, eru orðin óvirk. Hlutaðeigandi stofnun ber ábyrgð á þessu stigi grisjunar í samráði við Þjóðskjalasafn. Hæfilegur frestur getur verið 5 ár. Aldur skjalanna er miðaður við dagsetningu síðasta bréfs í möppu. Það er forsenda þess, að skjalamöppur spanni ekki lengri tíma en 5 ár. Að undanskildum sérstökum skjölum, t. d. möppum með skjöl varðandi starfsmenn, lán til langs tíma eða skjöl varðandi fasteignir, skal loka skjalamöppum (málum) í síðasta lagi 5 árum eftir að mappan var tekin í notkun. Við mat á skjölum með tilliti til grisjunar skal miðað við heilar möppur og ekki skal tína úr eitt og eitt plagg.

Í þessari yfirferð leitast stofnanir og embætti við að meta hvort þörf muni verða fyrir skjöl vegna starfa stofnunarinnar í framtíðinni. Þau skjöl sem ekki er talið að hafi lengur hagnýtt gildi og sem sérstakar reglur gilda ekki um skulu ónýtt.

c) Grisjun með aðstoð sérfróðra manna frá Þjóðskjalasafni fer fram áður en skjöl eru afhent Þjóðskjalasafni (skjölin eru þá u. þ. b. 30 ára gömul). Í þessari yfirferð gerir stofnun tillögur um grisjun sem eru síðan metnar af fulltrúum Þjóðskjalasafns.

Skjalaflokkar sem í eru miklar dyngjur af sams konar málum, þ. e. skjöl, sem hafa að geyma sams konar upplýsingar um einstök tilvik, verða hér kölluð samkynjaskjöl og þurfa þau sérstakrar athugunar við. Ákvæðin um fyrstu og aðra yfirferð til grisjunar taka því ekki til þessara skjala. Um grisjun og ónýtingu samkynjaskjala þarf að taka ákvörðun í hverju tilviki og skal safnstjórn Þjóðskjalasafns ákveða varðveislutíma þeirra.

Forsenda þess að unnt sé að hafa þennan hátt á er að starfsfólk við skjalavörslu hljóti

uppfræðslu og leiðbeiningar og að skjalavarsla verði sameinuð sem mest í hverri stofnun. Ef ekki eru aðstæður til þess að ráða sérstakan skjalavörð sem sinni skjalavörslu fyrst og fremst eða eingöngu þarf að minnsta kosti að fela ákveðnum starfsmanni að hafa yfirumsjón með skjalaframleiðslu stofnunarinnar. Sérstakir starfsmenn Þjóðskjalasafns þurfa að líta eftir skjalavörslu og veita stofnunum ráð og leiðbeiningar.

VIII.

Álitsgerð um skjalavörslu stjórnvalda.

1. Skjalavarsla.

a) Húsnæði og umbúnaður.

Skjöl eru geymd með ýmsum hætti sem ræðst af notkun þeirra. Trúnaðarmál og sérlega verðmæt eða mikilvæg skjöl eru í sérflokki, og þarf að geyma þau með sérstökum hætti. Umfang slíkra skjala er svo lítið hlutfallslega miðað við heildarmagn skjala í stjórnkerfinu að ekki verður hér hugað nánar að þeim. Venjuleg skjöl og gögn eru yfirleitt geymd fyrst í stað í skrifstofuherbergjum eða í námunda við þau. Venjulegasti umbúnaður er skjalaskápar með skúffum sem í eru hengipokar eða hlistæður búnaður. Á seinustu árum hafa komið á markaðinn skúffulausir skápar. Í þeim eru sex raðir lóðréttra hengipoka og er skjalamöppum stungið í pokana ofan frá. Þessir skápar nýta gólfrými mun betur en skúffuskápar.

Þessi umbúnaður er fremur dýr og rúmfrekur, og í vel skipulögðu skjalasafni eru skjölin flutt í nærsafn (þ. e. geymslusafn, sums staðar kallað lokasafn), þegar ekki er lengur þörf fyrir skjölin í daglegu safni. Í Stjórnarráði Íslands eru dagleg skjalasöfn rýmd þannig að skjalamöppur eru teknar úr skjalaskáp jafnóðum og möppurnar fyllast. Skjalamöppur spanna því yfir mjög mislangt tímaskeið og er af þeim sökum nær ógerlegt að átta sig á því hversu mikil viðkoma skjala er frá ári til árs, og þá jafnframt hversu mikið hver árgangur vex. Aðeins í einu ráðuneyti, iðnaðarráðuneytinu, mun safnið daglega rýmt með reglubundnu millibili. Þar eru skjölin tekin úr skjalaskápunum á tveggja ára fresti og möppurnar settar í réttri röð í öskjur. Þetta eru vinnubrögð sem allar stofnanir þyrftu að temja sér. Skjalasafnið verður þá afmarkað í árganga sem geta verið misstórir, t. d. tvö ár, fjögur ár eða fleiri eftir atvikum. Með þessu móti er unnt að sjá hver stærð hvers árgangs er og hversu þeir vaxa. Einnig yrði auðveldara að breyta bréfalykli. Endurnýjaður bréfalykill yrði þá tekinn upp um áramót og notaður við röðun nýrra skjala. En eldri lykla yrði að geyma og gengju þeir þá að eldri árgöngum.

Í nærsöfnum er umbúnaður einfaldari en í daglegum söfnum, yfirleitt skjalaöskjur í hillum. Sums staðar hafa verið settir upp stálskápar á rennibrautum. Þeir spara mikið rými, þar sem einungis þarf að gera ráð fyrir sem svarar einum gangi milli þeirra, og má gera ráð fyrir að þeir rúmi u. þ. b. 60% meira en fastar hillur. Ekki eru skápar og hillur nýttar sem skyldi alltaf. Sums staðar eru möppur lagðar lausar í hillurnar í stað þess að setja þær í öskjur og nýtist þá rýmið mun verr við það. Rétt er að leggja á það áherslu að það verður langódýrast fyrir ríkið, þegar til lengdar lætur, að vel sé búið um skjölin í traustum og varanlegum öskjum um leið og þau eru sett í nærsafn. Flutningur þeirra í Þjóðskjalasafn síðar meir verður þá auðveldari og ódýrari og það sparar mikið fé, ef ekki þarf að umpakka skjölunum og setja þau í nýjar umbúðir þegar Þjóðskjalasafn tekur við þeim til varðveislu. Yfirleitt eru nærsöfnin höfð í ódýrara húsnæði en daglegu söfnin, t. d. í kjöllurum og geymslukompum. Sum ráðuneyti og stofnanir hafa neyðst til þess að koma sér upp sérstökum fjærsöfnum, þ. e. skjalageymslum úti í bæ fjarri skrifstofuhúsnæði, vegna þess að Þjóðskjalasafn hefur ekki haft aðstöðu til þess að taka við skjölum svo nokkru nemi. Það virðist vera sameiginlegt einkenni þessara fjærsafna að lítið er um þau hirt og lítil sem engin regla mun vera á röðun skjalanna.

b. Tilhögun skjalavörslu.

Þegar rætt er um skipulagningu og tilhögun skjalavörslu eru það einkum tvö atriði sem gefa þarf gaum að. Annað er sérhæfing við skjalavörslustarfið. Hitt atriðið fjallar um það hvort vera eigi eitt sameiginlegt skjalasafn hjá stofnun eða hvort skjölin eigi að geyma dreifð um stofnunina. Í öllum íslenskum ráðuneytum er sameiginlegt skjalasafn fyrir allt ráðuneytið og þar eru víðast hvar skjalaverðir sem sinna eingöngu eða fyrst og fremst skjalavörslu. Í hinum stærri ráðuneytum munu jafnframt vera deildir sem geyma sjálfar skjöl sín að meira eða minna leyti.

Skrifstofur íslenska stjórnkerfisins eru flestar smáar í sniðum. Skjalavarsla getur því sjaldnast verið heilsdagsstarf, og er hún gjarnan tengd öðrum störfum, t. d. vélritun eða bókavörslu og öðrum skrifstofustörfum. Forstöðumenn hafa sjaldnast tíma til eða áhuga á að láta skjalavörsluna til sín taka og þeir eru yfirleitt ekki sérfróðir um skrifstofutæknileg efni. Ráðuneytin munu ekki hafa haft nein afskipti af skjalavörslu stofnana og embætta sem undir þau heyra, og yfirleitt hafa embætti og stofnanir raðað skjölum sínum eftir sínu höfði. Almennt hefur sérhæfing á sviði skjalavörslu verið lítil sem engin, og víða er ekki farið eftir neinu skjalavistunarkerfi við röðun og geymslu skjala. Það virðist tíðkast víða að skjöl séu á víð og dreif í stofnunum, ekkert sameiginlegt skjalasafn eða skjalageymsla sé fyrir stofnunina og enginn hafi yfirsýn yfir þau gögn sem til falla hjá stofnuninni. Hending ein ræður því svo hvað um skjölin verður þegar þau missa hagnýtt gildi sitt.

Fyrir embætti og stofnanir er það mikilsvert að röð og regla ríki í skjalasafninu. Það tryggir að á hverjum tíma sé unnt að hafa uppi á bréfum og skjölum þegar til þeirra þarf að grípa. Gott skipulag og regla skjalasafns er því liður í markvissri stjórnun og getur greitt fyrir ákvarðanatöku. Ef skjalasafn stofnunar er í vanhirðu leiðir það til þess að skjalaleit tekur oft óhæfilega langan tíma og ber hugsanlega ekki alltaf árangur.

Nefndin bendir á það að skjalavörslustarfið þarf að sérhæfa eftir því sem kostur er. Í hverju ráðuneyti þarf að vera skjalavörður sem fylgist náið með allri skjalaframleiðslu ráðuneytisins og lítur eftir þeim skjölum sem geymd eru utan sameiginlega skjalasafnsins. Einnig á skjalavörðurinn að hafa umsjón með fjærsafni (þ. e. a. s. skjalageymslu fyrir eldri skjöl sem staðsett er utan skriftofuhúsnæðisins) ef því er til að dreifa. Einnig þyrftu ráðuneytin að láta til sín taka skjalavörslu þeirra embætta og stofnana sem undir þau heyra, stuðla að samræmingu bréfalykla og veita leiðbeiningar um tilhögun og skipulag skjalavörslu og um búnað. Í stærri ráðuneytum, embættum og stofnunum þarf einnig að fela sérstökum starfsmanni að líta eftir skjalaframleiðslu hlutaðeigandi stofnunar og hafa umsjón með varðveislu eldri, óvirkra skjalagagna. Sérhæfing við skjalavörslu er ekki framkvæmanleg nema í stórum einingum. Þess vegna þarf að sameina skjalavörsluna sem mest í hverri stofnun. Yfirleitt eru stofnanir það smáar í sniðum og vanbúnar starfsliði að ekki eru tök á því að ráða sérstakan skjalavörð. Í flestum tilvikum yrði því umsjónarmaður skjalavörslu að sinna öðrum verkefnum jafnframt. En mikilsvert er að skjalavarslan verði tekin föstum tökum, hún skipulögð, og að einhver starfsmaður hafi yfirlit yfir alla skjalaframleiðslu hverrar stofnunar og líti eftir henni. Jafnframt þarf að vera kostur á ráðgjöf og uppfræðslu á þessu sviði, t. d. um gerð og notkun nýrra og, eftir því sem við verður komið, samræmdra bréfalykla. Slík leiðbeiningarstarfsemi þarf að fara fram á vegum Þjóðskjalasafnsins í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Sérhæfing við skjalavörslu og sameiginleg yfirumsjón kemur ekki í veg fyrir að hluta af skjölum stofnunarinnar sé hægt að geyma á notkunarstað. Ákvörðun um það hvort skjöl eru geymd í sameiginlegu skjalasafni stofnunar eða á víð og dreif um stofnunina er komin undir ýmsum staðbundnum atriðum. Aðstæður verður að skoða og meta í hverju tilviki og síðan verður að velja þá lausn sem hæfir best aðstæðum á hverjum stað.

Skjalasafn hvers ráðuneytis og hverrar stofnunar þarf að sameina á einum stað í skjalasafni, sem er sameiginlegt fyrir allt ráðuneytið eða stofnunina. Ef stofnunin er til húsa

á fleiri en einum stað, ætti að vera eitt skjalasafn í hverri byggingu. Skjalavörðurinn á að geta heimilað að skjöl sem hafa sérstakt gildi fyrir tiltekinn starfsmann eða hóp starfsmanna verði geymd á notkunarstaðnum. Sem dæmi um slík skjöl má nefna teikningar og reikninga. Skjöl sem geymd eru utan hins sameiginlega skjalasafns eiga að vera undir eftirliti skjalavarðar.

2. Röðun og geymsla skjala.

a) Röðunarreglur í skjalasöfnum. Bréfalyklar.

Bréfum má raða með ýmsum hætti. Fyrr á tímum raðaði Stjórnarráðið bréfum sínum eftir dagbókarnúmerum. Hvert mál fékk þá dagbókarnúmer þegar það var tekið upp, og önnur bréf varðandi málið voru skráð undir sama dagbókarnúmer. Svarbréfið fékk þá sama númer og innkomið bréf, og var því konsept og innkomið bréf geymt saman. Bréfadagbókin var þá ómissandi hjálpartæki við leit að bréfum. Í henni voru tengd saman bréf sem vörðuðu sama mál. Þetta kerfi átti langa hefð að baki og má rekja rætur þess til íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn og fyrirrennara hennar, kansellís og rentukammers. Þessi háttur við skjalavistun hefur nú verið lagður niður víðast hvar hérlendis, ef ekki alls staðar.

Af öðrum einfaldari aðferðum við röðun bréfa má nefna tímaröð, stafrófsröð eftir nöfnum viðtakenda/sendanda bréfa og efnislega röðun. Efnisleg röðun getur verið með ýmsu móti. Hægt er að miða við mismunandi hliðar máls, eftir því í hvaða samhengi mál er skoðað. Enn fremur má raða málum innbyrðis með ýmsum hætti, t. d. í stafrófsröð eftir málsheitum, nafni hlutaðeigandi aðila eða landfræðilega eftir svæðum eða þá eftir stighækkandi (híerarkísku) efnisflokkunarkerfi.

Í umfangsmiklum flokkum samkynja skjala eru málin gjarnan auðkennd með hlaupandi númerum og þau geymd í númeraröð, sbr. fylgiskjöl reikninga. Einnig færist það í vöxt að bréfasöfnum sé raðað eftir efni, þannig að skyld mál séu höfð saman og þeim raðað eftir skipulegu, stighækkandi (híerarkísku) flokkunarkerfi. Málum eru þá gefin skjalanúmer samkvæmt tugstafakerfi eða dúplexnúmerakerfi.

Röðun samkvæmt hinu gamla kansellíkerfi, sem lýst var lítillega hér að framan, er óhagkvæm í nútímaskjalasöfnum með öllu því pappírsflóði sem þar er. Þess vegna hafa orðið breytingar á röðunarreglum í skjalasöfnum ráðuneyta og annarra opinberra stofnana. En engin ein aðferð hefur orðið ríkjandi í stað hinnar gömlu, hver hefur farið sína leið og árangurinn orðið ærið misjafn. Sums staðar er málum einungis raðað í stafrófsröð eftir málsheitum sem eru valin eftir því sem best virðist hverju sinni, án kerfisbindingar eða skipulags. Engin málaskrá er til og ekkert skipulegt yfirlit yfir málasafnið, þannig að ekki er hægt að gera sér grein fyrir því hvaða skjöl það hefur að geyma.

b) Tillögur um samræmdan bréfalykil (flokkunarkerfi)

Það skiptir meginmáli að bréfalykill (flokkunarkerfi, sem bréfum og skjölum er raðað eftir) geri kleift að finna skjöl fljótt og fyrirhafnarlítið þegar til þeirra þarf að grípa aftur. Ef þörf er á því að raða hluta skjalasafnsins í stafrófsröð eftir nöfnum samskiptaaðila, t. d. hjá félagsmálastofnunum, eða eftir götunúmerum og húsnúmerum hjá byggingafulltrúum, er engin ástæða til þess að þröngva þeim hluta skjalasafnsins undir reglur efnisröðunarkerfis.

Hins vegar hefur reynslan bæði hérlendis og erlendis leitt það í ljós að hagkvæmt er að raða stórum hluta skjalasafna hins opinbera kerfisbundið eftir málefnum. Nefndin telur að það sé ótvíræður kostur að viss samræming komist á við uppbyggingu slíkra skjalasafna í stjórnkerfinu. Í sumum löndum tíðkast sameiginlegur bréfalykill fyrir öll málasöfn í stjórnkerfi ríkisins. Í þessu sambandi má einkum nefna Holland. Þar er notað UDC (Universal Decimal Classification) kerfið sem hefur verið aðlagað þörfum skjalasafna.

Tvennt mælir gegn því að slík skipan verði innleidd hérlendis. Annað er það að slíkt allsherjarflokkunarkerfi yrði mjög flókið og gerði miklar kröfur um þjálfun og menntun

starfsmanna. Hitt er það að sum ráðuneytin hafa tekið upp efnisflokkaða, stighækkandi (híerarkíska) bréfalykla sem hafa reynst mjög vel, og er ekki ástæða til þess að breyta þeim. Yngstu ráðuneytin, sjávarútvegs-, iðnaðar- og samgönguráðuneytin, svo og landbúnaðarráðuneytið, hafa tekið upp bréfalykla eftir norskri fyrirmynd sem byggist á tugstafakerfinu.

Enda þótt ekki sé ástæða til þess að ganga svo langt að fyrirskipa flokkunarkerfi í smæstu smáatriðum áynnist margt ef viss samræming kæmist á við bréfaröðun. Hagræði væri að því fyrir embættin sjálf, og það myndi greiða fyrir notkun skjalasafnanna síðar, eftir að þau hafa verið afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu.

Þess vegna er lagt til að efnisröðuð málasöfn verði byggð upp á tugstafakerfi. Þessir bréfalyklar eru þannig úr garði gerðir að öllu verksviði stofnunarinnar er skipt í mest 10 meginflokka. Hverjum þessara meginflokka er skipt aftur í tíu aðalflokka, og þannig er hægt að sundurgreina áfram koll af kolli, svo lengi sem þurfa þykir. Þegar hentugt þykir er hægt að hætta að sundurgreina í tugstafaflokka og sundurgreina áfram með öðrum hætti sem heppilegt þykir fyrir þau skjöl sem í hlut eiga. Þannig má t. d. raða skjölum sem varða starfsmenn í stafrófsröð. Skjölum í hverri möppu er svo oftast raðað í tímaröð.

Hver stofnun þarf að hafa sameiginlegan bréfalykil. Samning flokkunarkerfis (bréfalykils) fyrir skjalasafn krefst mikillar og vandasamrar vinnu. Það væri óhagkvæmt að slík vinna yrði unnin sérstaklega fyrir hverja og eina stofnun þegar um er að ræða stofnanir sem starfa á sama stjórnsýslusviði. Auk þess væru miklir kostir samfara því ef slíkar hliðstæðar stofnanir hefðu sameiginlegan bréfalykil. Þá er t. d. hægt að rita tilvísanir (skjalanúmer) á öll bréf sem fara milli hliðstæðra stofnana og tilvísanir merktu þá hið sama hjá sendanda og viðtakanda bréfs. Einnig kæmi slík samræming sér vel þegar menn flytjast milli embætta eða leysa af í öðrum embættum. Þá þyrftu menn ekki að setja sig inn í nýtt skjalavistunarkerfi á hverjum stað. Enn fremur opnuðust möguleikar á því að gera sameiginlegan lista yfir skjöl sem stofnanir á ákveðnu stjórnsýslusviði mættu ónýta.

Lagt er til að á sviðum sem eru sameiginleg öllum stjórnsýslustofnunum og embættum verði notað sams konar flokkunarkerfi. Þetta má gera með þeim hætti að tugstafakerfi verði lagt til grundvallar við samningu bréfalykla og að fyrstu meginflokkarnir verði ætlaðir fyrir sameiginlegu (almennu) málin, aðra meginflokka hefðu þá stofnanir og embætti til umráða fyrir sérmál sín.

Fyrstu meginflokkarnir geta verið:

0 Almennt, stjórnkerfi og stjórnsýsla.

1 Fjármál.

2 Starfsmannahald.

Greinargerð þessari fylgir uppkast af bréfalykli sem norska ríkisskjalasafnið gaf út í samvinnu við Hagsýslustofnun og fjármálaráðuneyti þar. Þess má geta að bréfalyklar yngri ráðuneytanna hérlendis, sjávarútvegs-, iðnaðar- og samgönguráðuneyta, eru sniðnir eftir þessu kerfi, landbúnaðarráðuneytið tók síðan sameiginlegu málin í bréfalykli samgönguráðuneytisins til fyrirmyndar við bréfalykilsgerð sína, en þar sem sameiginlegu málunum sleppti var flokkunarkerfið sniðið eftir sérmálum ráðuneytisins. Bréfalykill iðnaðarráðuneytisins er fylgiskjal með álitsgerðinni.

c) Ferill skjalanna í embættum.

Ný skjöl bætast stöðugt við í skjalasafnið og eldri skjöl tapa smátt og smátt hagnýtu gildi við stjórnsýslustörfin. Þess vegna þarf einnig að flokka skjöl með tilliti til aldurs. Í stórum dráttum má skipta ferli skjala í virkt stig, hálfvirkt stig og að lokum er því stigi náð þegar skjöl hafa lítið eða ekkert hagnýtt gildi að því er tekur til stjórnsýslustarfa. Til þessa þróunarferils svarar skipting skjalasafnsins í virkt skjalasafn (daglegt safn), nærsafn og fjærsafn. Oftast er það skortur á húsrými en ekki þörfin fyrir skjölin sem ræður því hvenær þau eru flutt.

3. Skráning pósts.

a) Bréfadagbækur og gildi þeirra.

Skráning pósts getur verið með ýmsu móti. Í öllum ráðuneytunum eru færðar bréfadagbækur. Þar eru skráð í stafrófsröð eftir nöfnum sendenda og/eða viðtakenda öll bréf sem um hvert ráðuneyti fara. Í bréfadagbókina er færður útdráttur úr efni bréfs og skjalanúmer eða málsheiti sem bréfunum er raðað eftir. Í öðrum stofnunum og embættum munu óvíða vera haldnar bréfadagbækur. Í skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík eru bréf færð á laus spjöld sem er raðað eftir skjalanúmerum, en þar er UDC kerfið notað til að flokka bréfin og raða þeim. Eitt spjald er fyrir hvert mál eða málaflokk.

Bréfadagbókin getur verið handhægt hjálpartæki við leit að bréfum en notkunarmöguleikarnir eru undir því komnir hvernig hún er sett upp. Ef skráð er í hana í stafrófsröð eftir nöfnum sendenda/viðtakenda bréfa auðveldar hún leit þegar spurt er um bréf út frá nafni. Aðalgildi hennar felst oftast í því að hún gerir kleift að ganga úr skugga um hvort bréf hafi borist og enn fremur er hægt að nota hana til þess að fylgjast með því að bréfum sé svarað og mál dagi ekki uppi í stofnun. Í hana má t. d. skrá hver fær mál til meðferðar, svo að hægt sé að fylgjast með því hvar skjölin eru niðurkomin þegar unnið er að nýjum málum. Þegar leitað er að málum aftur í tímann getur bréfadagbókin flýtt fyrir.

Færsla bréfadagbókar er tímafrekt verk, og það verður að meta út frá aðstæðum á hverjum stað hvort ástæða sé til að leggja í þá vinnu sem hún útheimtir. Einnig getur bréfadagbók komið að góðum notum ef skjöl berast burtu af einhverjum ástæðum og finnast ekki. Í vel skipulögðu, efnisröðuðu skjalasafni er síður þörf á bréfadagbók en t. a. m. í málasafni sem raðað er með öðrum hætti.

Auk bréfadagbóka getur ýmis önnur skráning komið til greina, t. d. bréfaregistur, málaskrá í stafrófsröð o. s. frv. Um slík registur og skrár gildir sama og um bréfadagbók, það verður að meta á hverjum stað hver þörfin er fyrir slíka skráningu.

b) Tölvunotkun við skráningu bréfa.

Óhætt er að fullyrða að lélegt skjalavistunarkerfi er ekki hægt að bæta með því einu að nota tölvur við bréfaskráninguna. Gott tölvuskráningarkerfi útheimtir bréfalykil sem getur jafnframt gegnt hlutverki sínu þó skráningin sé með hefðbundnum hætti. Ef póstur er skráður í tölvu er hægt að gera allar færslur við hvert bréf einu sinni, og þarf þá ekki að færa bréfadagbók né aðrar skrár. Þar sem bréfadagbækur eða aðrar skrár yfir póst eru ekki færðar yrði að sjálfsögðu ekki um vinnusparnað að ræða. Aðalkostur tölvunotkunar við bréfaskráningu er sá að með því að velja rétt kerfi opnast betri möguleikar til að leita að flóknum, samtvinnuðum upplýsingum en áður. Rétt er að leggja á það áherslu að kostirnir koma einungis í ljós þegar leitað er að flóknum, samtvinnuðum upplýsingum. Ef leitað er t. d. að möppu með skjölum varðandi tiltekinn starfsmann og möppunum er raðað í stafrófsröð er engin ástæða til þess að nota tölvu við slíka leit. Ef aftur á móti leitað er að skjölum varðandi starfsmann sem uppfyllir viss skilyrði, hefur t. d. starfað á ákveðnum deildum og tekið þátt í vissum námskeiðum en er yngri en 35 ára, er með skjótum hætti hægt að finna hvaða starfsmenn uppfylla þessi skilyrði. En auðvitað verður þá tölvan að hafa verið mötuð á þeim upplýsingum sem leitað er að, um alla starfsmenn.

Málasöfn íslenskra embætta og stjórnsýslustofnana eru yfirleitt ekki svo umfangsmikil að það geti svarað kostnaði að taka upp tölvuskráningu bréfa. Tölvuvæðingu mundi fylgja verulegur kostnaður þar sem hanna þyrfti sérstök skráningarkerfi, kaupa búnað og þjálfa starfsfólk. Önnur verkefni virðast brýnni á sviði skjalavörslu fyrst um sinn a. m. k., enda er, eins og áður sagði, gott skjalavistunarkerfi forsenda árangursríkrar tölvuskráningar bréfa. Þróun á sviði tölvubúnaðar er mjög hröð og því er nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem gerist á þessu sviði með hliðsjón af skráningu bréfa.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga
um Þjóðskjalasafn Íslands, héraðsskjalasöfn og skjalavörslu opinberra stofnana.

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður stjórnar rekstri safnsins og kemur fram fyrir þess hönd. Menntamálaráðherra setur eða skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Stefnt skal að því að við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun. Um fjölda starfsmanna fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk safnsins er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld og stofnanir við embættis- og stjórnsýslustörf til þess að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda, opinberra stofnana, einstaklinga og annarra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við bréf, símskeyti, minnisblöð, frásagnir, fundargerðir og hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar sem orðið hafa til við stjórnsýslu eða aðra starfsemi á vegum opinberrar stofnunar hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.

Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð.

3. gr.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að:

1) heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila, sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 4. gr. þessara laga,
2) líta eftir skjalasöfnun afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og ónýtingu skjala, sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar. Afhendingarskyldir aðilar skulu hlíta fyrirmælum þeim um skráningu, flokkun og frágang skjala er felast í lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim,
3) gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,
4) skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
5) koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
6) líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
7) leiðbeina almenningi um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,

8) halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
9) safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum, ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
10) reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess,
11) gefa út árbók,
12) efna til sýninga á sögulegum heimildum.

4. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, ráðuneytin og þær stofnanir sem undir þau heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök, sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi í fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

Heimilt er öðrum en hér eru greindir að æskja þess að Þjóðskjalasafn taki við til eignar og vörslu skjalagögnum og metur þá þjóðskjalavörður og ráðgjafarnefnd hverju sinni hvort orðið skuli við slíkri beiðni. Engin skilyrði mega fylgja slíkri afhendingu sem ekki samrýmast almennum reglum safnsins.

5. gr.

Afhenda skal skjöl til Þjóðskjalasafns eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Skjalabækur skal afhenda safninu ekki síðar en fimmtíu árum eftir að ritun þeirra hófst. Þjóðskjalavörður getur í samráði við stofnun þá er hlut á að máli lengt þennan frest eða stytt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

6. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkur gögn í skjalasöfnun sínum umfram það sem segir í lögum þessum, nema heimild Þjóðskjalasafns komi til, sbr. 18. gr.

7. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal Landsbókasafns og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir, ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavarðar. Önnur útlán eru óheimil. Stofnanir sem fá skjöl að láni bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

Öll útlán Þjóðskjalasafns skulu skráð í sérstaka bók og skal lántakandi kvitta fyrir viðtöku þeirra.

8. gr.

Um aðgang að skjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni og notkun þeirra skal ákveðið í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.

9. gr.

Stefnt skal að því að öll mikilvægustu skjöl safnsins séu til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

10. gr.

Þjóðskjalaverði til aðstoðar skal vera fjögurra manna ráðgjafarnefnd, er menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn, þannig: sagnfræðing samkvæmt tillögu rektors Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna Þjóðskjalasafns, einn samkvæmt tillögum forstöðumanna héraðsskjalasafna, og hinn fjórða án tilnefningar og skal hann vera úr hópi hæstaréttarlögmanna, lagaprófessora eða fyrrverandi hæstaréttardómara. Er hann formaður nefndarinnar. Þjóðskjalavörður á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti en eigi atkvæðisrétti. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla, ásamt þjóðskjalaverði, um eyðingu gagna í skjalasöfnum sem lög þessi taka til, ef slíkra aðgerða telst þörf. Einnig getur þjóðskjalavörður leitað álits nefndarinnar um önnur mál er hann telur miklu varða í rekstri safnsins. Ráðgjafarnefnd getur kvatt sér til aðstoðar innlenda sérfræðinga eftir eðli máls sem til meðferðar er.

Nefndin heldur fundi þegar þurfa þykir. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Utanbæjarmenn skulu auk þess fá greiddan ferða- og dvalarkostnað eftir gildandi reglum á hverjum tíma. Halda skal gjörðabók um störf nefndarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni, en verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur samkvæmt tillögu þjóðskjalavarðar heimilað sýslunefndum og bæjarstjórnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl þeirra bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga sem hlut eiga að máli, ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað. Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórn þess og rekstur og gera um það samning, sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

12. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins, skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni aðvörun ekki sinnt, skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila, sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

13. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppsstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulegs styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.

14. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

15. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

16. gr.

Opinberar stofnanir skulu haga skráningu skjala sinna þannig að séð verði frá hverjum erindið er, hvaða dag og ár það barst, hvenær það er ár-/og dagsett, um hvað það fjallar, hvenær erindinu var svarað og á hvern veg og tilgreina skal tilvísun í skjalasafn. Erindi skulu skráð í þeirri röð sem þau berast. Skjöl skulu varðveitt í skjalabindum og skjalaskápum og þannig frá þeim gengið að öllu leyti að þau varðveitist á öruggan hátt og óskemmd. Auk þess sem samrit svarbréfa eða símskeyta stofnunar skulu lögð í skjalabindi, þá skulu eintök lögð í dagsetningaröð og í árslok bundin inn og varðveitt í stofnuninni uns þau afhendast Þjóðskjalasafni að liðnum afhendingarfresti.

17. gr.

Kveðið skal nánar á um í reglugerð hvers konar skráningarkerfi skuli notað í opinberum stofnunum, en það skal eftir því sem unnt er vera samræmt fyrir allar stofnanir sem afhendingarskyldar eru til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna og vera í samræmi við skráningarkerfi Þjóðskjalasafns, þannig að eigi þurfi að endurskrá gögn þegar þau koma í Þjóðskjalasafn.

18. gr.

Í skjalasöfnum embættis Forseta Íslands, Alþingis, Hæstaréttar, Háskóla Íslands, ríkissaksóknara og ráðuneyta má aldrei neinum skjölum eyða, nema um aukaeintök sé að ræða af frumriti. Í öðrum skjalasöfnum skal eyða, áður en þau afhendast Þjóðskjalasafni, aukaeintökum (þ. e. afritum eða ljósritum) af frumritum í söfnunum, og fylgiskjölum með ársreikningum sem hlotið hafa fullnaðarendurskoðun og afgreiðslu. Ef um er að ræða gögn er varða umdeild atriði, er endurskoðendur hafa gert athugasemdir við, þá skulu þau varðveitt.

Fylgiskjölum með þeim liðum endurskoðaðra reikninga opinberra stofnana sem ekki hafa sætt athugasemdum, má eyða þegar stofnun sú, sem í hlut á, telur það eðlilegt.

Að öðru leyti skulu forstjórar hverrar ríkisstofnunar í samráði við þjóðskjalavörð og ráðgjafarnefnd Þjóðskjalasafns ákveða hverju skuli eyða í skjalasöfnum hverrar stofnunar, en meginreglan skal vera að varðveita sem mest.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 7 12. febrúar 1947 um héraðsskjalasöfn og lög nr. 13 17. mars 1969 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Greinargerð.

I.

Hinn 3. apríl 1982 átti starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands aldarafmæli. Var þeirra tímamóta minnst m. a. með samkomu í lestrarsal safnsins í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þar skýrði þáverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, frá því að hann hefði þann dag skipað nefnd til þess að hyggja að málefnum safnsins. Bréfið um þetta er þannig:

„Hér með eruð þér, herra ráðuneytisstjóri, skipaður formaður í nefnd til þess að fjalla um þróun Þjóðskjalasafns og fyrirkomulag opinberrar skjalavörslu næstu 20 ár hér á landi. Skal nefndin í því sambandi huga að hlutverki héraðsskjalasafna og tengslum þeirra við Þjóðskjalasafn. Einnig skal nefndin kanna, hvort unnt sé að leggja ríkari skyldur en nú er á atvinnufyrirtæki og umsvifamiklar opinberar stofnanir um skjalageymd og safnþjónustu í tengslum við Þjóðskjalasafn. Þá skal nefndin rannsaka ýtarlega hugmyndir um grisjun

embættisskjala. Nefndinni ber að athuga sérstaklega hvern hlut tækni af ýmsu tagi getur átt í hagstæðri þróun Þjóðskjalasafns og almennri skjalavörslu.

Nefndinni ber að leggja mikla áherslu á að meta húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns. Skal nefndin gera tillögur um, hvernig hagfelldast verði að fullnægja húsnæðisþörfinni eins og hún verður metin, enda verði höfð hliðsjón af því að Þjóðskjalasafni er ætlað að fá til eigin nota allt Safnahúsið við Hverfisgötu, þegar Landsbókasafn flyst þaðan í Þjóðarbókhlöðu.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis þá sérfræðinga, sem hún telur nauðsyn bera til, enda hafi hún að jafnaði um það samráð við menntamálaráðherra.

Í nefnd þessa hafa verið skipaðir auk yðar, hr. ráðuneytisstjóri, Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Ingvar Gíslason.

Runólfur Þórarinsson.

Hr. Birgir Thorlacius
ráðuneytisstjóri,
Bólstaðarhlíð 16, 105 Reykjavík."

Nefndin hélt fyrsta fund sinn skipunardaginn og alls hefur hún haldið 10 fundi, þ. á m. einn með starfsfólki Þjóðskjalasafns. Auk þess hafa verkefni nefndarinnar verið rædd við ýmsa aðila án þess að um formlega fundi hafi verið að ræða. Með samþykki ráðherra fékk nefndin hingað til lands dr. Harald Jörgensen, fv. landsskjalavörð í Danmörku, en hann hefur mjög gaumgæft hvernig grisja megi hinn mikla skjalaskóg, en varðveita þó þau skjalagögn sem talið er að mestu máli skipti. Áttu nefndarmenn ýtarlegar viðræður við dr. Harald Jörgensen í Reykjavík í maímánuði 1982 og báðu hann að þeim viðræðum loknum um skriflega álitsgerð. Er hún fylgiskjal með greinargerð þessari.

Hinn 24. október 1980 hafði menntamálaráðherra falið þeim dr. Aðalgeiri Kristjánssyni skjalaverði í Þjóðskjalasafni, dr. Gunnari Karlssyni prófessor og Jóni E. Böðvarssyni borgarskjalaverði að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna sem Þjóðskjalasafn á að veita viðtöku. Jafnframt var þeim falið að fjalla um þátt héraðsskjalasafna í gagnavörslu. Þeir þremenningar skiluðu í september 1981 frumvarpi til laga svo og tillögu að reglugerð um Þjóðskjalasafn.

II.

Lög þau, sem nú gilda um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 13 frá 17. mars 1969, eru samhljóða frumvarpi sem þáverandi þjóðskjalavörður, Stefán Pétursson, og þáverandi ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, Birgir Thorlacius, sömdu að beiðni menntamálaráðherra dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, en í sama mund var einnig endurskoðuð löggjöf Landsbókasafns og Handritastofnunar (nú: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi).

Lengi hefur þröngur húsakostur háð söfnum hér á landi. Þjóðarbókhlaða er nú í smíðum og þegar Landsbókasafn flyst þangað mun Þjóðskjalasafn fá afnot af öllu Safnahúsinu við Hverfisgötu, sbr. bréf Menntamálaráðuneytisins til þjóðskjalavarðar, dags. 12. mars 1971, er þannig hljóðar:

„Í framhaldi af fundi menntamálaráðherra í dag með þjóðskjalaverði Bjarna Vilhjálmssyni, landsbókaverði dr. Finnboga Guðmundssyni og háskólarektor dr. Magnúsi Má Lárussyni tekur ráðuneytið fram, að fundarmenn voru sammála um, að Þjóðskjalasafn fengi til sinnar starfsemi allt Safnahúsið við Hverfisgötu þegar Landsbókasafnið flytur í hina fyrirhuguðu Þjóðarbókhlöðu og ákveður ráðuneytið hér með að svo skuli vera, enda hefur ríkisstjórnin þegar lýst sig samþykka því.

Bréf þetta er einnig sent háskólarektor og landsbókaverði og er beiðst staðfestingar framangreindra þriggja aðila á efni bréfsins.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Háskólarektor, landsbókavörður og þjóðskjalavörður svöruðu allir bréfi ráðuneytisins og lýstu sig samþykka þessari ákvörðun, en þjóðskjalavörður tók fram að þótt Þjóðskjalasafn fengi allt Safnahúsið myndi það einungis nægja þörfum safnsins um nokkurt ára bil, sakir hins mikla skjalaflóðs sem safninu bæri að veita viðtöku og myndi vandi þess stórlega vaxa á þeim tíma sem þjóðarbókhlaða yrði í smíðum, og minnist þjóðskjalavörður í þessu sambandi á leiguhúsnæði fyrir skjalagögn.

Eins og þjóðskjalavörður benti réttilega á í bréfi sínu, þá er Safnahúsið ekki fullnægjandi frambúðarlausn fyrir Þjóðskjalasafn að því er húsnæði varðar. Bæði er að það mun kosta of fjár að innrétta Safnahúsið með þarfir Þjóðskjalasafns fyrir augum og að húsrými þetta myndi ekki nægja nema skamma hríð. Því þarf að gera hvorttveggja: taka Safnahúsið allt í notkun fyrir Þjóðskjalasafn þegar Landsbókasafn flytur, án þess að leggja meira í kostnað en brýnustu nauðsyn ber til, en stefna nú þegar að byggingu fyrir Þjóðskjalasafn, er nægi til langs tíma og miðað við að þar verði umbúnaður svo sem nútímaþekking og tækni segir fyrir um, m. a. mátulegt hita- og rakastig í skjalageymslum. Þjóðskjalasafnsbygging ætti að rísa í námunda við þjóðarbókhlöðu og háskóla og þyrfti þegar í stað að tryggja slíkri byggingu lóð.

Það er ekki hlutverk þjóðskjalasafnsnefndar að gera tillögur um, hvernig skuli nýta Safnahúsið ef söfnin flytja þaðan, en vel færi á því að þessi fagra bygging yrði aðsetur einhverra ráðuneyta t. d. utanríkisráðuneytis, forsætisráðuneytis eða skrifstofu forseta Íslands.

III.

Til fróðleiks skulu hér rifjuð upp nokkur atriði úr sögu Þjóðskjalasafns.

Upphaf safnsins má rekja til auglýsingar landshöfðingja Hilmars Finsen, sem dagsett er 3. apríl 1882 og birt í Stjórnartíðindum. Hljóðar hún þannig:

„Auglýsing
um landsskjalasafn.

Með samþykki ráðgjafans hafa nú á lopti dómkirkjunnar hjer í bænum, þar sem landsbókasafnið og forngripasafnið voru geymd áður, verið gjörð geymsluherbergi fyrir embættisskjalasöfn; síðan hefir skápum þeim, er landsbókasafnið notaði áður, verið skipt milli þessara geymslu-herbergja, en fyrir hvert þeirra um sig er sett viðunanleg læsing. Nú skulu svo reglur þær, er hjer koma á eptir, settar fyrir afnotum þessara skjalaherbergja:

1.

Hvert af skjalasöfnum þeim, er nú skulu nefnd, fær geymsluherbergi fyrir sig:

1. Skjalasafn landshöfðingja;
2. Skjalasafn stiptsyfirvaldanna;
3. Skjalasafn amtmannsins yfir suður- og vestur umdæminu;
4. Skjalasafn biskupsins;
5. Skjalasafn landfógetans;
6. Skjalasafn hins umboðslega endurskoðanda; og þar að auki er
7. sjerstakt herbergi gjört til að geyma í eldri skjöl frá skjalasöfnum embættismanna út um land, og skal það safn lagt undir stjórn landshöfðingjaritarans.

2.

Þeim embættis- og sýslunarmönnum, sem nefndir eru undir stafl. 1.—6., hafa verið afhent tjeð herbergi til afnota ásamt nauðsynlegum lyklum, og ber þeim framvegis eins og hingað til, að hafa umsjón með skjalasöfnum þeim, er fylgja embætti þeirra og niðurröðun í tjeðum herbergjum án nokkurs kostnaðar fyrir landssjóð, og skulu þeir sjálfir bera kostnað þann, er leiðir af stækkun skjalasafnanna og útvegun skápa og annarra áhalda, er þar til heyra og framvegis kann við að þurfa.

3.

Fyrir hversdagslegum afnotum þessara skjalaherbergja skulu þessar reglur settar:

a, Loka skal viðunanlega og læsa dyrunum að dómkirkjunni og dómkirkjuloptinu hvert sinn, er um skjalaherbergin er gengið;

b, lausastigi er lagður til sameiginlegra nota þeim, er um herbergi þessi ganga, og skal í hvert sinn, sem hann er notaður, láta hann aptur á þann stað, er honum er ætlað að geymast á, þar sem allir hlutaðeigendur geta gengið að honum;

c, mestu varúðar skal gæta með eld og ljós, og sjer í lagi má eigi bera ljós um neitt af þessum herbergjum, nema um það sje búið í vel þjettu ljóskeri, og skal láta það aptur á þann geymslustað, sem því er ætlaður hvert sinn þá er búið er að nota það. Að reykja tóbak á dómkirkjuloptinu er með öllu bannað.

4.

Um geymslu-herbergi það, sem um getur í 7. tölul. 2. gr., fyrir eldri skjöl frá embættisskjalasöfnunum víðsvegar um land, og sem vera skal undir stjórn landshöfðingjaritarans, gilda einnig reglur þær, sem settar eru í 3. gr., og skal það þar að auki gjört öllum sýslumönnum landsins að skyldu að annast um, að öll embættisskjöl sín og bækur, sem eldri eru en 30 ára, verði send hingað, að svo miklu leyti sem þeir hafi ekki sjálfir full-tryggilega geymslustaði fyrir þau. Yfir þessi skjöl og bækur skulu þeir jafnframt senda skrá í tvennu lagi, og geymist önnur þeirra við skjalasafnið sjálft hjer, en á hina skal landshöfðingjaritarinn skrifa viðurkenningu fyrir viðtöku skjalanna, og skal hún svo geymd við embætti það, er í hlut á.

Nú þarf sýslumaður sá, er í hlut á, að fá ljeð eitthvert skjal úr safninu eða fá endurrit af því og skal þá landshöfðingjaritarinn skyldur að fullnægja beiðni hans um það; enda sje hún orðuð samkvæmt skrá þeirri, er nú var nefnd, og fái hann endurgoldinn kostnað þann, er af þessu leiðir.

Skjöl þau, er um er rætt í þessari grein, skal sæta að senda hingað með strandferðagufuskipunum, er kostur er; en kostnaðinn við sendinguna skal endurgjalda sýslumönnum þeim, er í hlut eiga, eptir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 3. apríl 1882.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson."

Ekki verður þess vart fyrr en á öðrum áratug 19. aldar, að nokkur Íslendingur teldi nauðsyn á opinberu skjalasafni á Íslandi. Fyrstur til að hreyfa þeirri hugmynd var Finnur Magnússon (1781—1847), leyndarskjalavörður í Kaupmannahöfn, þó að hún kæmist ekki í framkvæmd fyrr en 35 árum eftir dauða hans. Raunar vakti ekki eingöngu fyrir honum embættisskjalasafn, heldur einnig safn handrita af margvíslegum uppruna, sambærilegt við núverandi handritasafn Landsbókasafns Íslands.

Milli smíði Alþingishússins, sem lauk 1881, og stofnunar Landsskjalasafns, er augljóst orsakasamband. Söfnunum á Dómkirkjuloftinu, sem vissulega gegndu miklu menningarhlutverki á 19. öld, var ætlaður samastaður í Alþingishúsinu. Þarna losnaði sem sé húsrými, sem sjálfsagt hefur þótt að nýta.

Svo er að sjá sem Hilmar Finsen hafi haft persónulegan áhuga á stofnun safnsins, enda átti hann skammt ætt að rekja til kunnustu fræðimanna á Íslandi á 18. öld, sonarsonur Hannesar biskups Finnssonar. Frændur hans í Danmörku urðu einnig kunnir vísindamenn. Þó virðist hann ekki hafa verið frumkvöðull að stofnun safnsins, heldur höfðu aðrir hátt settir embættismenn landsins snúið sér til hans með beiðni um framgang þessa máls. Voru það þeir Bergur Thorberg, amtmaður sunnanlands og vestan, Pétur Pétursson biskup, Árni Thorsteinsson landfógeti og Indriði Einarsson endurskoðandi.

Það er því ljóst, að Landsskjalasafninu var í upphafi fyrst og fremst ætlað að vera sameiginleg skjalageymsla fyrir æðstu embætti landsins. Eftirtektarvert er, að skjalasafn stiftamtmanns (1684—1873) og skjalasafn amtmanns yfir öllu landi (1688—1770) eru ekki nefnd, en vafalaust eru þau innifalin í skjalasafni landshöfðingja, sem hefur haft þau í sinni vörslu, eftir að það embætti var stofnað (1873).

Af því sem síðar gerðist í málum Landsskjalasafnsins má ráða að í 7. grein auglýsingarinnar hafi einkum verið gert ráð fyrir skjalagögnum frá embættum sýslumanna. Skjalasöfn prófasta og einstakra kirkna máttu bíða betri tíma.

Það er mikið undrunarefni, þegar skyggnst er rúma öld aftur í tímann til stofnunar Landsskjalasafnsins, að ekki er gert ráð fyrir sérstökum skjalaverði til að annast um safnið. Starfslið þeirra embætta, sem áttu að sjá um safnið, var fámennt, svo að varla hefur gefist nokkur tími til að sinna viðgangi safnsins, þó að vinnudagur væri langur. Á því varð ekki ráðin bót fyrr en komið var fast að aldamótum.

Þó að Alþingi fengi fjárforræði með stjórnarskránni 1874, hafði það ekki mikið fé til umráða. Tekjur áranna 1882—1883 voru áætlaðar tæpar 857 000 krónur og tekjuafgangur þar af tæpar 68 000 krónur, sem leggja átti í viðlagasjóð. Árferðið á 9. áratug 19. aldar var afar erfitt. Árið 1882 er þó sérstaklega í minnum haft, sumarið eitt hið kaldasta, sem sögur fara af hér á landi, enda oft nefnt „sumarið sem aldrei kom“. Hafís lá lengi fyrir landi, allt vestan frá Aðalvík og austur um að Breiðamerkursandi. Fyrir Norðurlandi lá ísinn allt sumarið. Ofan á þessi feiknarlegu harðindi bættist mannskæðasti mislingafaraldur, sem yfir landið hefur gengið. Ýtti þetta árferði mjög undir flutninga til Vesturheims, sem voru þó orðnir ærnir fyrir. Þess var því ekki að vænta, að nýjungar í menningarmálum ættu um þessar mundir miklu fylgi að fagna. Ekki misstu þó allir kjarkinn. Menn fóru um þessar mundir að eygja nýjar leiðir í sjávarútvegi og verslun. Þegar hér var komið sögu, voru Læknaskólinn og tveir fyrstu gagnfræðaskólar landsins að stíga fyrstu sporin, og allir þraukuðu þeir af þessi harðindi. Sama máli gegnir um nokkra fyrstu kvennaskólana. Vísir að barnaskólum var að myndast á hinum þéttbýlli stöðum, en heildarskipulag fræðslumála var þó ekki enn í augsýn.

Með árinu 1900 varð gagnger breyting á starfsemi Landsskjalasafnsins, svo að frá þeim tíma, en varla fyrr, getur safnið talist til stofnana. Árið 1899 veitti Alþingi fé til þess að launa fastan skjalavörð við safnið og til þess að koma því fyrir í öðrum og betri húsakynnum á lofti Alþingishússins, þar sem Forngripasafnið hafði áður verið til húsa um skeið, en fluttist burt einmitt það ár í hið nýreista hús Landsbankans. Við þessari nýju stöðu landsskjalavarðar tók dr. Jón Þorkelsson 1. janúar 1900 samkvæmt skipunarbréfi landshöfðingja 8. desember 1899. Dr. Jón hafði um nokkurt árabil setið úti í Kaupmannahöfn og unnið að margháttuðum ritstörfum á sviði sagnfræði og bókmenntasögu, m. a. að útgáfu Íslenzks fornbréfasafns. Þekkti hann því vel til ríkisskjalasafnsins í Kaupmannahöfn.

Haustið 1900 var safnið opnað almenningi í hinum nýju húsakynnum, þótt ekki væri nema eina klukkustund á dag þrisvar í viku hinn fyrsta áratug aldarinnar.

Húsakynnin í Alþingishúsinu voru þó engin framtíðarlausn á húsnæðismálum safnsins. Hún fékkst ekki fyrr en Safnahúsið við Hverfisgötu var reist á árunum 1906—1908. Það var beinlínis ætlað Landsbókasafni og Landsskjalasafni, þótt Forngripasafnið og Náttúrugripasafnið fengju þar einnig inni til bráðabirgða. Var þetta glæsilega stórhýsi vígt og opnað almenningi 28. mars 1909, og hafði skjalasafnið þá verið flutt þangað úr Alþingishúsinu. Fékk það nú margfalt húsrými miðað við það sem áður var: 2500 metra hillulengd í skjalageymslum, lestrarsal með 12 sætum og skrifstofu handa skjalaverði. Nægðu þessi húsakynni vel nokkra áratugi, þó að nú hafi safnið fyrir langalöngu sprengt af sér haminn.

Hinn 10. ágúst 1900 setti landshöfðingi safninu allýtarlega reglugerð, þar sem öllum embættismönnum og opinberum stofnunum var gert að skyldu að afhenda Landsskjalasafninu öll skjöl og embættisbækur, sem eldri væru en 30 ára. Með nýrri reglugerð 27. maí 1911 var ákveðið, að afhendingarskylda skyldi taka til allra þeirra skjala og embættisbóka, sem eldri væru en 20 ára. Var það ákvæði endurtekið í reglugerð um Þjóðskjalasafn frá 13. janúar 1916, settri á grundvelli laga frá 3. nóvember 1915, sem gengu í gildi 1. janúar 1916. Í þeim var löghelgað nafnið Þjóðskjalasafn Íslands í stað hins eldra nafns Landsskjalasafn. Þótti sumum sú nafnbreyting djarfræði á sínum tíma. Ný lög voru sett um Þjóðskjalasafn 17. mars 1969, en engin reglugerð hefur verið sett á grundvelli þeirra laga, svo að reglugerðin frá 1916 verður að teljast enn í gildi, að svo miklu leyti sem hún stangast ekki á við lögin frá 1969 og lög og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Hætt er við, að framkvæmd nýrrar reglugerðar verði nokkrum örðugleikum bundin þar til húsnæðismál safnsins ráðast á betri veg. Einnig er þess að gæta, að sum embættisgögn eru þannig vaxin, t. d. veðmálabækur og landamerkjaskrár sýslumanna, að embættin geta ekki af þeim séð fyrr en seint og síðar meir. Nú á tímum mætti leysa óhagræði, sem af þessu leiðir, með ljósritun slíkra gagna.

Þó að aldrei hafi verið unnt að framfylgja hinni ströngu afhendingarskyldu út í ystu æsar, ók safnið mjög ört frá aldamótum. Til viðbótar þeim skjalasöfnum æðstu embætta hérlendis, sem geymd voru á Dómkirkjuloftinu, tóku nú, fyrir röggsamlega eftirgangsmuni hins nýja skjalavarðar, einnig að berast unnvörpum skjöl og embættisbækur úr skjalasöfnum embættismanna úti um land, einkum sýslumanna og sóknarpresta, sem margir höfðu undir höndum aldagamlar embættisbækur: dómabækur, manntalsbækur og skiptabækur sýslumanna, prestþjónustubækur, sóknarmannatöl og kirkjustóla, kirkjureikningabækur presta og vísitasíur prófasta, en einnig bréfaskipti þessara sömu aðila, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Reynt var að gera þessar ómetanlegu heimildir þjóðarsögunnar aðgengilegar sem fyrst fyrir fræðimenn og aðra gesti safnsins með bráðabirgðaröðun og bráðabirgðaskrám, sem voru gefnar út á árunum 1903—1910, allar eftir dr. Jón Þorkelsson, og nefndust einu nafni **Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík.** Sumar þessara bóka halda enn gildi sínu með innfærðum viðbótum, en aðrar hafa verið endurnýjaðar að nokkru eða öllu leyti með nýjum skrám, ýmist útgefnum eða vélrituðum.

Eins og málum var háttað um síðustu aldamót, hlutu öll skjöl um æðstu stjórn landsins að liggja úti í Kaupmannahöfn. En þegar Ísland fékk heimastjórn árið 1904 og stjórnarráð var stofnað í Reykjavík, létu dönsk stjórnvöld umyrðalaust af hendi og sendu hingað til lands skjalagögn hinnar íslensku stjórnardeildar og Íslandsráðgjafans í Kaupmannahöfn, sem farið höfðu með stjórn Íslandsmála síðan 1849. Voru gögnin geymd í stjórnarráðinu til ársins 1915, er þau voru afhent Landsskjalasafni. Alls var hér um 255 embættisbækur og skjalaböggla að ræða.

Vissulega var mikill fengur að þessari skjalaafhendingu. Hitt var þó miklu dýrmætara, sem þá varð eftir í Ríkisskjalasafni Dana af eldri skjölum og skjalagögnum um íslensk málefni, allt frá 16. öld — þó að tiltölulega fátt væri svo gamalt — og fram til ársins 1848. Þau gögn voru að vísu ekki í neinu sérstöku skjalasafni, hliðstæðu skjalasafni íslensku stjórnardeildarinnar og Íslandsráðgjafa 1849—1904, heldur á víð og dreif: í leyndarskjalasafni konungs og skjalasafni hinna gömlu stjórnardeilda (collegia) frá einveldisöld, einkum

kansellís og rentukammers (á íslensku stundum kölluð lögstjórnarráð og fjárstjórnarráð) og einnig nokkuð í kirkjustjórnarráði. En þegar hér var komið sögu, höfðu þessi skjalagögn lengi verið geymd í Ríkisskjalasafni. Var ekki auðhlaupið að því að skilja íslensk skjalagögn frá dönskum og þá ekki síst frá skjölum varðandi Norður-Noreg, Færeyjar og Grænland, enda var engum kröfum hreyft um þess konar skjalaheimt að sinni.

Hins vegar var vakið hressilega máls á því á árunum 1907—1908, að skilað yrði til Íslands úr Árnasafni þeim skjölum og handritum, sem Árni Magnússon hafði sannanlega haft að láni úr íslenskum embættisskjalasöfnum, svo sem fornbréfum Hóladómkirkju o. fl. Alþingi gerði samþykkt um málið, og dr. Jón Þorkelsson gekk rösklega fram í því að rökstyðja þær kröfur, eins og hans var von og vísa, þar sem saman fóru hjá honum staðgóð þekking á málinu og rík þjóðerniskennd. Viðræður við dönsk stjórnvöld báru engan árangur í það sinn, enda var loft lævi blandað milli Íslands og Dana um þær mundir, eins og afdrif uppkastsins 1908 sýna ljóslega.

Eftir að Ísland var viðurkennt fullvalda ríki 1. desember 1918 var aftur farið að hreyfa þessu máli og þeim kröfum þá bætt við, að Íslendingum yrðu afhent þau skjalagögn úr Ríkisskjalasafni Danmerkur, sem þar fyndust um málefni Íslands. Var málið rætt ýtarlega á fundum hinnar dansk-íslensku ráðgjafanefndar á árunum 1925—1927 með þátttöku Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar. Varð niðurstaðan af fundunum sú, að samkomulag var gert milli ríkisstjórna Íslands og Danmerkur 15. október um skjalaskipti eða gagnkvæma afhendingu úr söfnum á skjölum og skjalabókum. Komu skjölin frá Danmörku hingað til lands í janúar 1928. Mátti sá samningur í reynd vart skjalaskipti heita, því að fyrir 79 embættisbækur, sem Þjóðskjalasafn varð þá að skila aftur úr skjalasendingunni frá 1904, svo sem tillögubókum (forestillingsprotokåller) og bréfabókum frá tímabilinu 1849—1904, sem hvorartveggju hafa fyrir löngu verið filmaðar fyrir Þjóðskjalasafn, fékk það úr Ríkisskjalasafni 833 skjalabækur og skjalaböggla eða öskjur, þar á meðal slíka dýrgripi sem frumritin af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og manntalinu 1703, úr skjalasafni hæstaréttar málsskjöl úr íslenskum málum 1802—1921, úr Konungsbókhlöðu safn Alþingisbóka auk nokkurra annarra skjalabóka, en úr Árnasafni hin umdeildu fornbréf, sem nú urðu 700 talsins, flest skinnbréf frá Hólum, svo að ásamt 300 skinnbréfum frá Skálholti og ýmsum skinnbréfum, sem safnið átti fyrir eða hefur eignast á ýmsum tímum, á það nú um 1100 skinnbréf. Úr Árnasafni komu auk þess fjórar skinnbækur, þar á meðal elsta varðveitta biskupsskjalabókin, bréfabók Jóns Vilhjálmssonar á Hólum frá fyrri hluta 15. aldar. Er hún meðal elstu og helstu kjörgripa safnsins og að sumu leyti sambærileg við Sigurðarregistur, máldagabók, sem rituð var við þrenn biskupaskipti á Hólum á 16. öld, komin í Landsskjalasafn með biskupsskjalasafni eins og Reykjaholtsmáldagi, elsta frumskjal safnsins, sem ritaður var smám saman á tímabilinu frá því um 1185—1270.

„Danska sendingin“ frá 1928, eins og þessi afhending er oftast kölluð, er ekki aðeins sú stærsta, sem safninu hefur nokkru sinni borist, heldur og það heimildasafn um sögu þjóðarinnar á síðari öldum, sem seint verður fullnýtt.

Fjölmargt er þó eftir í dönskum skjalasöfnum, sem varðar íslensk málefni. Sumt varð, að mati íslenskra skjalavarða a. m. k., eftir af vangá 1927—8, og erfitt hefur reynst og mun áreiðanlega reynast að fá það mál tekið upp að nýju. Ekki mun heldur nokkrum Íslendingi fullkunnugt um, hvað geymt er í einkasafni konungsfjölskyldunnar. En flest þau skjöl um íslensk málefni, sem fengust ekki með samningnum, eru svo samofin skjölum hins gamla danska ríkis, að erfitt er að skilja þar á milli. Sem dæmi má nefna, að við fengum engin skjöl frá þeim félögum, sem fóru með verslun á Íslandi á einokunartímunum. En viðhorfin til mikilvægi frumgagna hafa breyst mikið síðan 1928, þegar undan eru skilin dýrgripir eins og hin fornu íslensku handrit, því að nú er auðvelt að útvega filmur eða ljósrit af slíkum gögnum. Það bagar því ekki eins mikið og fyrr að hafa ekki í landinu sjálfu öll þau frumgögn, sem við kynnum að æskja. Þannig hefur Þjóðskjalasafn nú ekki alls fyrir löngu fengið xerox-

myndir af 42 bréfabókum og tveimur bréfadagbókum varðandi málefni Íslands á tímabilinu 1683—1848, sem urðu eftir í Höfn 1928 vegna þess að þær hafa einnig að geyma bréf á víð og dreif sem varða Finnmörku, Færeyjar og Grænland. Hins vegar komu allar bréfadagbækur rentukammers um Íslandsmál í sendingunni 1928, enda eru þar eingöngu skráð bréf um málefni Íslands. Þær eru einnig ómissandi lykill að hinum fyrirferðarmiklu skjölum, sem komu úr rentukammerinu. Einnig hefur safnið nú á síðari árum fengið ljósrit af rentukammersskjölum um saltverkið á Reykjanesi við Djúp á 18. öld, ljósrit af Klaustrasögu Jóns Halldórssonar úr Konungsbókhlöðu og ljósrit af bréfasafni Brynjólfs Péturssonar í Landsskjalasafni Sjálands, svo að nokkuð sé nefnt.

Nokkur frumskjöl hefur Þjóðskjalasafnið fengið erlendis frá, önnur en dönsku sendingarnar. Fyrirferðarmest þeirra eru skjöl, sem fyrrverandi ríkisskjalavörður Norðmanna, dr. Dagfinn Mannsåker, afhenti Þjóðskjalasafni 1974. Þau eru frá 16., 17. og 18. öld. Höfðu þau raunar villst til Noregs skömmu eftir 1820, er Danir og Norðmenn sömdu um skjalamál sín upp úr skilnaðinum 1814.

Frá Bandaríkjunum fékk safnið úr einkaeign árið 1952 elsta dagsetta íslenska frumskjalið, sem þekkt er. Það er frá 23. júní 1311. Bréfið er vitnisburður tveggja manna um landamerki jarðarinnar Reykja í Tungusveit. Þetta bréf, sem þekkt var á eftirriti frá tíð Árna Magnússonar, á sér einkennilega sögu, sem of langt mál yrði að rekja hér.

Hinn 6. janúar 1978 afhenti Vilhjálmur Bjarnar í nafni bókasafns Cornell-háskóla í Bandaríkjunum allmörg og merk handrit Alþingisbóka úr Fiske-safni. Hafði Vilhjálmur þau ummæli eftir Willard Fiske, að hann hefði yfirleitt ekki sóst eftir handritum við söfnun sína því að hann hefði talið, að handrit kæmu yfirleitt að bestum notum í upprunalandi sínu.

Haustið 1981 fékk Þjóðskjalasafnið sent að gjöf íslensk frumbréf á skinni, dagsett 13. maí 1501 frá Wells-dómkirkju í Englandi. Enginn hafði þá grun um, að þetta bréf væri lengur til í frumriti, en gamalt eftirrit þess, en þó ekki alls kostar nákvæmt, er til í Þjóðskjalasafni. Bréfið er gott dæmi þess, að eftirrit eru í fæstum tilfellum jafngildi frumrita.

Þjóðskjalasafnið hefur einnig reynt að sýna öðrum þjóðum tillitssemi. Í september 1980 voru Færeyingum afhent nokkur frumbréf úr stiftamtmannssafni. Þessi skjöl varða eingöngu færeysk málefni. Ljósritun af þessum skjölum var haldið eftir hér. Auk þess voru Landsskjalasafni Færeyja síðar á sama ári send ljósrit skjala, sem hér eru geymd og varða næstum eingöngu færeysk málefni. Ísland er þó stundum tekið þar til samanburðar, og þótti því ekki verjandi að afhenda frumritin.

Starfslið Þjóðskjalasafnsins hefur lengst af verið mjög fámennt, þó að mikil breyting til batnaðar hafi orðið á síðustu áratugum. Fram til 1911 var skjalavörðurinn, sem skipaður var 1899 eini fasti starfsmaður safnsins. Frá 1911 til 1938 hafði landsskjalavörður (þjóðskjalavörður) aðeins einn starfsmann sér við hlið. Það var ekki fyrr en á 6. tug aldarinnar, sem starfsliði við safnið fer verulega að fjölga. Fram til 1962 lá sú ónæðissama kvöð á safninu að annast allar vottorðagjafir úr kirkjubókum. Smám saman tókst þó að koma á nokkurri verkaskiptingu í safninu, jafnframt því, sem opnunartími safnsins var lengdur, en hann er nú 8 klukkustundir á dag.

Starfslið safnsins er nú sem hér segir: þar vinna, að þjóðskjalaverði meðtöldum, sex háskólamenntaðir skjalaverðir, einn aðstoðarmaður, einn afgreiðslumaður, forstöðumaður viðgerðarstofu og þrír skjalaviðgerðarmenn í hálfsdagsstarfi.

Þjóðskjalaverðir frá upphafi hafa verið þessir: Dr. Jón Þorkelsson 1900—1924 (Landsskjalavörður til ársloka 1915), Hannes Þorsteinsson 1924—1935, Barði Guðmundsson 1935—1957, Stefán Pjetursson 1957—1968, Bjarni Vilhjálmsson frá 1. desember 1968.

Öðru hverju hefur Þjóðskjalasafnið haft lausráðið fólk í þjónustu sinni, en þegar húsrúm leyfir er nauðsynlegt, að safnið hafi yfir nokkrum aðstoðarskjalavörðum að ráða.

Fyrsti árangur aukinnar verkaskiptingar í safninu birtist m. a. í þremur nýjum skrám Þjóðskjalasafns 1952—1956, en þær eru: Skjalasafn landlæknis eftir dr. Björn K. Þórólfsson,

Prestþjónustubækur og sóknarmannatöl eftir séra Jón Guðnason og Biskupsskjalasafn eftir Björn K. Þórólfsson og Stefán Pjetursson.

Eru þær að ýmsu leyti frábrugðnar fyrri skrám, enda byggðar á ýtarlegri könnun og röðun hvers skjalasafns. Skrá séra Jóns Guðnasonar hefur þó þá sérstöðu, að hún nær ekki yfir heilt, afmarkað skjalasafn, heldur aðeins yfir hluta skjalasafns klerkdóms og er að mestu miðuð við að hafa til afnota við pöntun og afgreiðslu hinna mjög svo eftirsóttu kirkjubóka á lestrarsal. Árið 1973 var gefin út í fjórum fjölrituðum bindum skrá yfir söfn sýslumanna og sveitarstjórna. Var þar í rauninni aðeins endurnýjuð hin gamla skrá Jóns Þorkelssonar (sem náði þó yfir fleiri skjalaflokka) með þeim viðbótum, sem færðar höfðu verið í þá skrá, jafnframt því sem skráin var borin saman við merkingu skjalaeininganna (bóka og böggla).

Síðan þessar skrár komu út, hefur verið unnið markvisst og mikið undirbúningsstarf að nýjum og fullkomnari skrám um skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna, landshöfðingja, landsyfirréttar og landfógeta, dönsku sendingarnar báðar, söfn einkaskjala o. s. frv. Nýlega er einnig hafin nánari skráning sýslu- og sveitarstjórnarskjala og skráning margvíslegra korta og uppdrátta. Hefur þessum skjalasöfnum jafnharðan verið komið fyrir í haldbetri umbúðum, þar sem skjölin eru jafnframt betur varin en fyrr, bæði fyrir ryki og böndum, sem á eldri umbúðum hætti til að skerast inn í skjölin.

Safnið á nú orðið um það bil 1000 filmuspólur af kirkjubókum og fleiri skjalagögnum, flestar komnar frá Mormónum í Utah, sem tóku hér á filmur ýmis ættfræðileg heimildagögn á árunum 1952—1953. Eru þessar filmur talsvert notaðar, þegar hlutaðeigandi frumrit eru ekki nógu vel á sig komin.

Árið 1959 var byrjað að afrita á vél gömul aðalmanntöl safnsins til afnota fyrir gesti þess í stað frumrits, sem fyrir löngu voru farin að láta á sjá og lágu sum hver undir stórskemmdum vegna ofnotkunar. Liggja nú slík vélrit fyrir í tvíriti af manntölunum 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870 (þar sem bagalega vantar Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslur), 1880, 1890, 1901, 1920 og 1930. Vélritun allra þessara manntala hefur frú Áslaug Thorlacius, sem lét af störfum við safnið fyrir tveimur árum, annast ásamt öðrum ritarastörfum. Fyrir nokkru hóf hún einnig vélritun gamalla og slitinna kirkjubóka. Hefur allt þetta verk orðið mjög vinsælt af gestum safnsins og forðað dýrmætum frumgögnum frá yfirvofandi háska. Auk þessa hefur erfðafræðinefnd tekið manntalið 1910 upp á skýrsluvélakort og fært safninu tölvuútskrift af þessum vélakortum.

Í svipuðum tilgangi voru um hríð ljósmyndaðar þó nokkrar gamlar kirkjubækur safnsins í því sem næst fullri stærð, en fyrir nokkrum árum eignaðist safnið góða ljósritunarvél, sem ljósritar á venjulegan pappír báðum megin, og hafa þegar margar kirkjubækur verið ljósritaðar á hana og bundnar inn eins og venjulegar bækur. Allt er þetta gert til að hlífa frumritum þeirra bóka sem mest hætta er búin.

Með tilkomu viðgerðarstofu, sem innvirkjuð var í hluta af skjalageymslum Þjóðskjalasafns 1964—1965, hófst stórmerkur þáttur í starfsemi safnsins, en stofan vinnur einnig fyrir Landsbókasafn. Hefur slíkrar stofu óvíða verið meiri þörf en við Þjóðskjalasafn, svo illa sem tímans tönn, bæði rök húsakynni og óhentugar skjalageymslur, áður en skjölin bárust safninu, og oft síðan mikil notkun safngesta, hefur leikið sum skjalagögn safnsins. Starfsemi viðgerðarstofunnar, sem byggð er á nýjustu tækni, hefur unnið báðum söfnunum ómetanlegt gagn. Allt bókband í þágu Þjóðskjalasafns er unnið á bókbandsstofu Landsbókasafns.

Fyrir skömmu hófst nýr þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafns. Hann er nátengdur dánargjöf, sem Jórunn Jónsdóttir frá Nautabúi gaf til minningar um son sinn, Ingvar Stefánsson skjalavörð, sem féll frá í blóma aldurs síns. Með þessa gjöf að bakhjarli gaf Þjóðskjalasafnið út Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar um áramótin 1979—1980, og var það 1. bindi í Heimildaútgáfu Þjóðskjalasafns. Árið 1983 kom út II. bindi þessarar ritraðar. Það hefur að geyma tvær skjalabækur úr biskupstíð Gísla Þorlákssonar á Hólum,

prestastefnudóma og bréfabók, en báðar þessar skjalabækur eru varðveittar í frumritum í Þjóðskjalasafni. Þetta bindi er einnig kostað af dánargjöf Jórunnar, en útgáfan hlaut einnig allríflegan styrk úr ríkissjóði, enda er ritið jafnframt tengt aldarafmæli safnsins.

Húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins eru svo umfangsmikið mál, að erfitt er að gera grein fyrir því í stuttu máli. Komið hefur verið fyrir stálskápum á rennibrautum á tveimur geymsluhæðum safnsins, bæði til að drýgja húsrýmið og til aukinna þrifa, auk þess sem nokkurt leiguhúsrými hefur verið tekið í notkun og annað, sem enn bíður innvirkjunar.

Síðan 1947 hafa risið á fót nokkur héraðsskjalasöfn á grundvelli laga frá því ári, sbr. og reglugerð frá 1951. Þau taka við sveitarstjórnarskjölum og ýmsum skjölum sæðisbundinna félaga og stofnana, en auk þess einkagögnum af ýmsu tagi. Hin þróttmestu eru yfirleitt á hinum þéttbýlli stöðum. Héraðsskjalasöfnin hafa vissulega létt nokkuð á Þjóðskjalasafni, en ekki gefst hér rúm til að ræða frekar starfsemi þeirra. Rétt er þó að taka fram, að mörg þeirra eru rekin af miklum myndarbrag og hafa sannarlega sýnt fram á tilverurétt og gildi þessarar tegundar safna.

Bókakost hefur Þjóðskjalasafnið sæmilegan, að sumu leyti frá fyrri tíð, en reynt hefur verið eftir föngum að bæta við hann hin síðari ár, en rúmleysi er þar Þrándur í Götu eins og á öðrum sviðum. Nauðsynlegt verður, þegar Landsbókasafn hverfur úr húsinu, að auka bókakostinn að miklum mun.

Eins og fram hefur komið hér á undan, er Þjóðskjalasafnið safn skjalasafna, sem því hafa borist úr ýmsum áttum á liðnum tímum. Nauðsynlegt er talið í allri skjalavörslu, að hvert embættissafn haldi sér sem heild. Þar gildir svokölluð upprunaregla — próveníens-prinsíp — sem flest eða öll skjalasöfn hafa að leiðarljósi. Sé þeirrar reglu ekki gætt, er vísast, að allt fari á ringulreið í stóru skjalasafni. Röðunarreglur innan hvers safns eru þó sveigjanlegar eftir eðli hvers skjalasafns og þeim hjálpargögnum, bréfadagbókum eða öðrum skrám, sem því hafa fylgt frá hlutaðeigandi embætti í upphafi. En takmarkið er, eins og í góðri embættisfærslu, að hvert skjal verði finnanlegt með sem minnstri fyrirhöfn. Eftir tengslum og skyldleika embættanna skiptist Þjóðskjalasafnið í deildir. Hér er engin leið rúmsins vegna að gera grein fyrir deildaskiptingu safnsins, enda hefur hún að nokkru leyti komið óbeint fram fyrr í þessari lýsingu.

Skjalasöfn gegna aðallega tvenns konar hlutverki í þjóðfélaginu. Að minnsta kosti annað þeirra hefur beinlínis hagnýtt gildi, það er að halda til haga þeim embættisgögnum, sem um langan aldur varða stjórnsýslu hlutaðeigandi lands eða geta haft gildi fyrir dómstóla landsins í hvers kyns ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma. Nærtækt dæmi eru skipshafnaskrár, sem nú er mjög leitað til vegna réttar sjómanna til ellilífeyris. Svipað er að segja um veðmálabækur, sem nauðsynlegt er að varðveita sem sönnunargögn um eignarhald á landi og mannvirkjum. Sama máli gegnir um landamerkjaskrár, sem flestar eru að vísu enn í vörslu sýslumanna. Kirkjubækur eru ómissandi heimildir um aldur manna, sem oft þarf að færa sönnur á í nútímaþjóðfélagi, t. d. í sambandi við bílpróf, hjúskaparstofnun eða rétt til ellilífeyris. Einnig geta þær haft réttarlegt gildi í erfðamálum, og svo mætti lengi telja. Annað gildi skjalasafna felst í því, að skjöl eru hinar ákjósanlegustu sagnfræðilegar heimildir, þó að leyndardómar felist hvergi nærri allir í skjallegum heimildum. En þegar frá líður, eru þær oft einu heimildirnar, sem tiltækar eru. Stundum getur farið saman hagnýtt gildi og sagnfræðilegt. Margir leita til kirkjubóka til að forvitnast um ætterni sitt eða annarra sér til skemmtunar. Nú líta menn framar öllu á Reykjaholtsmáldaga sem sagnfræðilega og málssögulega heimild. En vel gæti hann einnig haft réttarlegt gildi, ef ágreiningur kynni að rísa um rétt Reykholtsstaðar. Ekkert nútímaþjóðfélag fær staðist án skjalasafns. Hvergi eru þau nauðsynlegri en í réttarríki. Við skjalasöfn þarf að leggja mikla alúð, og rekstur þeirra krefst mikillar vinnu, ef þau eiga að koma að tilætluðum notum. Sú vinna er einkum fólgin í skráningu skjalanna og röðun, en jafnframt þarf vel að gæta þess, að þau skjöl, sem oftast er leitað til, verði ekki eyðingu að bráð vegna ofnotkunar.

Heimildagögn Þjóðskjalasafns Íslands ná yfir margar aldir þjóðarsögunnar. Að vísu eru þau strjál framan af. Ef gert er ráð fyrir því, eins og allar líkur mæla með, að ritun Reykjaholtsmáldaga hafi hafist um 1185, er elsti hluti þess skjals senn 800 ára gamall. Þó að safnið eigi sem stendur erfitt um vik að taka á móti stórum skjalasendingum, veitir það öðru hverju viðtöku mjög nýlegum skjölum, eins og t. d. eiðstaf forsetanna, jafnóðum og þeir eru unnir. Þannig tengist fornt og nýtt í því forðabúri sögunnar, sem Þjóðskjalasafn Íslands er og verður, sívaxandi í tímans straumi.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Að mestu í samræmi við gildandi lög um Þjóðskjalasafn, nema hvað hér er tekið fram að stefnt skuli að því að við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun að auki. Enn þá munu mjög fáir hafa aflað sér skjalfræðimenntunar, en vafalaust fjölgar þeim.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir hvers konar gögnum er ætlast er til að Þjóðskjalasafn veiti viðtöku og varðveiti, en gögn, sem ástæða er til að geyma, eru nú í margs konar formi, ekki aðeins skráðar heimildir. Einnig er nauðsynlegt að Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp, varðveiti hin mikilsverðustu gögn sem til verða á þess vegum og ætti að verða aðstaða til þess í hinni nýju útvarpsbyggingu, sem í smíðum er.

Um 3. gr.

Að hluta til er hér um sama verkefni að ræða og greinir í gildandi lögum um safnið, en ýmsu er þó bætt við svo sem að safnið skuli láta í té ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og eyðingu skjala, sem ekki er talin ástæða til að varðveita til langframa. Safninu er ætlað að gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir skjalaverði í opinberum stofnunum m. a. með námskeiðum, leiðbeiningaritum og öðru sem að gagni má koma. Þá er gert ráð fyrir að safnið komi sér upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni. Eftirlit á að hafa með héraðsskjalasöfnum til þess að tryggja samstarf þeirra og Þjóðskjalasafns og samræmi í vinnubrögðum. Starfsmönnum safnsins ber að veita safngestum leiðbeiningar um notkun safnsins, vísa á heimildir og efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni. Þá ber að reka viðgerðar- og bókbandsstofu svo sem raunar hefur verið gert um árabil með ágætum árangri og mælt er fyrir um að taka skuli í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess. Gert er ráð fyrir að safnið gefi út árbók um starfsemi sína og birti upplýsingar um merk gögn í safninu og einnig að efnt verði til sýninga á sögulegum heimildum. Landsbókasafn hefur um langt skeið gefið út fróðlega árbók og ýmsar áhugaverðar sýningar hafa verið haldnar á þess vegum að undanförnu og einnig hefur Þjóðskjalasafn gengist fyrir merkum sýningum, þótt aðstaða þess til slíks sé slæm.

Um 4. gr.

Hér eru taldar þær stofnanir sem skila eiga gögnum til Þjóðskjalasafns. Ákvæði er um það að safnið veiti viðtöku frá öðrum, t. d. einstaklingum, skjalagögnum, sem menn kynnu að vilja afhenda því til eignar og vörslu.

Um 5. gr.

Miðað er við að skjöl sem orðin eru 30 ára og eldri afhendist safninu og að bækur þær, sem farið var að færa í fyrir 50 árum séu afhendingarskyldar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að afhendingarskyldir aðilar geti fengið lánuð skjöl sem þeir hafa afhent eða ljósrit af þeim, ef þeir þurfa á að halda, einnig að heimilt sé að lána skjöl í opinber söfn og stofnanir að mati þjóðskjalavarðar og að haldin sé skrá um slík útlán.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Af öryggisástæðum er sjálfsagt að hin þýðingarmestu skjöl safnsins séu til á filmum, t. d. örfilmum, og að slík eintök varðveitist á öðrum stað en í safninu sjálfu, þannig að um tvöfalt öryggi sé að ræða.

Um 10. gr.

Eitt meginvandamál í skjalavörslu nú er hið næstum óviðráðanlega flóð hvers konar skjalagagna sem aukin tækni svo sem ljósritun hefur í för með sér. Hefur því víða um lönd verið hugleitt hvernig skuli snúist við þessum vanda, þar sem óhugsandi virðist að varðveita í jafnríkum mæli og áður þau skjalagögn sem til falla. Varðveisla allra skjalagagna myndi kosta of fjár í mannafla og húsnæði. Hins vegar er ekki auðvelt að setja algilda reglu um hvað skuli varðveita og hverju eyða. Vafalítið mun framtíðin varpa þungum steini að þeim, sem ákveða eyðingu ýmissa gagna, sem fjarlæg framtíð kann að spyrja um, þótt engan óri fyrir því nú. En varðveisla allra skjalagagna er óhugsandi miðað við þá skjalaframleiðslu sem orðin er, og verða menn því að taka á sig þá ábyrgð að velja og hafna, hvað skuli geyma og hverju eyða. Því er í þessu frumvarpi lagt til að komið verði á fót ráðgjafarnefnd við Þjóðskjalasafn, sem fjalli hverju sinni um slík mál, en jafnframt er skýrt tekið fram (18. gr.) að æskilegt sé að varðveita eins mikið og unnt er. Og tekið er fram að gögn stofnana, þar sem ætla má að flestir þræðir þjóðarsögunnar komi saman, skuli varðveitt í heild og megi þar engu eyða. Þessar stofnanir eru embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, ráðuneytin, Háskóli Íslands og embætti ríkissaksóknara (18. gr.).

Ráðgjafarnefndinni getur orðið mikill vandi á höndum þegar taka skal ákvörðun um eyðingu skjala. Í nefndinni er gert ráð fyrir að sitji sagnfræðingur, tilnefndur af háskólarektor, einn fulltrúi starfsmanna Þjóðskjalasafns, einn úr hópi forstöðumanna héraðsskjalasafna og formaður, sem menntamálaráðherra skipar úr hópi hæstaréttarlögmanna, lagaprófessora eða fyrrverandi hæstaréttardómara. Þá getur nefndin leitað aðstoðar sérfræðinga.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að héraðsskjalasöfn létti verulega safnstörfum af Þjóðskjalasafni og verði jafnframt til þess að auðvelda mönnum víðs vegar um land aðgang að safngögnum og ýti þannig undir fræðistörf. Hafa héraðsskjalasöfn starfað um alllangt skeið og þyrfti að efla þau með auknum fjárframlögum.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér eru nefndir ýmsir aðilar sem eiga að skila gögnum til héraðsskjalasafna. Fyllri ákvæði á að setja í reglugerð.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Vera má að rétt væri að ákveða hvert vera skuli hlutfall ríkisframlags á móti framlagi heimaaðila til héraðsskjalasafna, en hér er þó farin sú leið að slík framlög skuli ákveðin í fjárlögum hverju sinni og geta þá verið misjöfn til safnanna eftir ástæðum.

Um 16. og 17. gr.

Stefna ber að því að opinber stofnanir samræmi skjalaskráningarkerfi sín. Hér er tekið fram, hvers þurfi nauðsynlega gæta þegar skjöl eru skráð í stofnunum, bæði til þess að hraða skráningu og til þess að notendur skjalasafnsins geti með skjótum hætti fengið yfirlit um hvað eina sem skjalasafn á að veita vitneskju um og nauðsynlegt er við stjórn stofnunar.

Um 18. gr.

Vísað er til umsagnar um 10. gr.

Um 19. og 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 427. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um rannsókn á innflutningsversluninni.

Flm.: Svavar Gestsson, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson, Margrét Frímannsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur J. Guðmundsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Þórður Skúlason.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu þingmanna hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þess að rannsaka málefni innflutningsverslunarinnar og til þess að gera tillögur til úrbóta. Nefndin skal beina rannsókn sinni að eftirfarandi atriðum:

1. Til hvaða ráðstafana er unnt að grípa í því skyni að tryggja að innflutningur til landsins verði hagkvæmari en nú er um að ræða?
2. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir misnotkun gjaldeyris í innflutningsverslun?
3. Hvað má ætla að stór hluti þjóðartekna tapist vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar?
4. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem brotið hafa reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál, fái verslunarleyfi á ný?
5. Hvernig er unnt að koma í veg fyrir að innflutningsverslun skipti við milliliði, heildsala, erlendis sem taka álagningu og umboðslaun af vörum sem seldar eru til Íslands?
6. Hvernig háttar innflutningsverði til annarra norrænna landa, þó einkum til Færeyja sem ætla má að séu á margan hátt sambærilegar við Ísland?

Nefndin skili skýrslu til Alþingis haustið 1985.

Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist af Alþingi, svo og sérfræðiaðstoð sem nauðsynleg kann að reynast.

Greinargerð.

Það hefur lengi legið fyrir að innflutningur til Íslands er miklum mun dýrari en til grannlanda okkar. Þetta kom meðal annars fram í könnun á innflutningsversluninni sem gerð var árin 1978 og 1979. Þessari könnun var ekki fylgt eftir á árunum 1980—1983 þegar viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins fór með þetta mál, og að sjálfsögðu hefur viðskiptaráðherra núverandi ríkisstjórnar ekki sinnt þessu máli. Rannsóknin á högum innflutningsverslunarinnar var fyrsta heildstæða úttektin á vinnubrögðum heildverslunarinnar og er enn í fullu gildi.

Af og til koma svo upp mál sem staðfesta það hvað innflutningsverslunin er dýr fyrir þjóðarbúið. Þessi kostnaður veldur lífskjaraskerðingu svo nemur hundruðum milljóna króna, jafnvel milljörðum, eins og auðvelt er að sýna fram á.

Nýjasta málið, sem hér hefur komið upp, er kaffibaunasvindlið sem sagt var frá í blöðum í þinghléinu. Þar kemur fram að mismunurinn á raunverulegu verði og gjaldeyrisúthlutun nemur um 220 milljónum króna. Það er svipuð upphæð og tekjur allra íbúa í Þorlákshöfn á árinu 1984. Allt það strit, sem íbúarnir þar lögðu á sig á síðasta ári, á sjó og til lands, skilaði álíka tekjum og skrifborðsákvörðun um fáeinar faktúrur! Það þurfti heilt byggðarlag til þess að vinna fyrir þessu — sem þó er auðvitað aðeins eins og toppurinn á ísjakanum sem enn marar í kafi frjálshyggjunnar.

Gróðamyndun og sjálfstaka innflutningsverslunarinnar á fjármunum almennings er í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar. Þess vegna er ekki við því að búast að hún taki á þessum hrikalegu vandamálum. Tillaga þessi er því flutt til þess að gefa Alþingi kost á því að taka málin í eigin hendur. Ef alþingismenn vilja ná í peningana sem þeir ríku hafa margfaldað á síðustu missirum samþykkir þingið þessa tillögu um rannsókn á innflutningsversluninni, gjaldeyrisnotkun hennar og skattframtölum.

Hér á eftir birtast sem fylgiskjöl eftirfarandi gögn:

1. Skýrsla um innflutningsverslunina.
2. Nýlegar blaðafregnir um kaffibaunamálið og tengsl þess við aðra kaffiinnflytjendur, og enn fremur um skattamál sem liggja lon og don óhreyfð í kerfinu vegna þess að dómstólarnir eru ekki starfi sínu vaxnir.
3. Ræða viðskiptaráðherra um frumvarp til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem lagt var fram á Alþingi og samþykkt vorið 1979. Þau lög skapa aðstöðu til þess að taka á málum, en þeim hefur ekki verið framfylgt.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA
verðlagsstjóra til viðskiptaráðherra um athugun á innflutningsverslun. Janúar 1979.

INNGANGUR

28. september 1978 barst mér frá viðskiptaráðuneytinu eftirfarandi bréf:

„Í samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka er gert ráð fyrir því, að fram fari rækileg rannsókn á innflutningsversluninni. Er hér um að ræða framhald af þeirri rannsókn, sem verðlagsstjóri beitti sér fyrir á innkaupsverði til Íslands annars vegar og annarra Norðurlanda hins vegar, en hún leiddi í ljós, að innkaupsverð þeirra vörutegunda, sem könnunin náði til, var hærra til Íslands en til annarra Norðurlanda.

Þessi niðurstaða gefur vísbendingu um alvarleg vandamál í verslunarháttum hér á landi. Þess vegna, og í samræmi við samstarfsyfirlýsinguna, telur viðskiptaráðuneytið nauðsynlegt, að fram fari athugun, sem beinist einkum að eftirfarandi atriðum:

1. Rannsakaðar verði allar hugsanlegar orsakir þess verðmunar, sem fram kom í könnun verðlagsstjóra.
2. Rannsakað verði sérstaklega, hver er þáttur umboðslauna í þessum verðmismun svo og umboðslaunaskil.
3. Gerð verði úttekt á áhrifum hins háa innkaupsverðs á verðlag, lífskjör, verðbólguþróun og gjaldeyrisstöðu landsmanna.
4. Gerðar verði tillögur um lagfæringu á verslunarháttum, eftir því sem nauðsynlegt kann að virðast.

Ráðuneytið felur yður, herra verðlagsstjóri, að annast þessa athugun og gera tillögur til ráðherra fyrir áramót um úrbætur í þessum efnum. Þar sem könnunin er umfangsmikil og spannar yfir mörg svið stjórnsýslu, hefur ráðuneytið óskað þess, að eftirfarandi menn vinni að athuguninni, ásamt yður:

Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri, Sigurmar Albertsson lögfræðingur, Tollstjóraskrifstofan, Sveinn Sveinsson lögfræðingur, Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, og Gylfi Knudsen deildarstjóri, viðskiptaráðuneytinu.

Jafnframt vill ráðuneytið leggja áherslu á, að samstarfi við verðlagsyfirvöld annarra Norðurlanda verði haldið áfram, þannig að slíkt samstarf um verslunarmál verði framvegis fastur þáttur í starfi verðlagsyfirvalda hér á landi."

Við skýrslugerðina hef ég m. a. stuðst við upplýsingar frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Sambandi íslenskra samvinnufélaga og allmörgum einstökum innflytjendum. Einnig hef ég stuðst við upplýsingar erlendis frá.

Sá starfshópur, sem vann að þessari athugun, hélt marga fundi og í skýrslunni koma fram upplýsingar og hugmyndir sem hver einstakur lagði fram án þess að það sé tilgreint sérstaklega.

Þá tók ráðgjafarfyrirtækið Rekstrarstofan að sér að vinna að ákveðnum þáttum athugunarinnar og vann Þórður Vigfússon hagverkfræðingur aðallega að verkefninu fyrir hennar hönd.

Loks naut ég aðstoðar ritara verðlagsnefndar, Kristjáns Andréssonar.

Við mat á niðurstöðum skýrslunnar ber að hafa í huga, að sá tími sem ætlaður var til þess að ljúka athuguninni var mjög skammur og þess vegna gafst ekki svigrúm til að gera hana eins ítarlega og æskilegt hefði verið.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1. Niðurstöður þessarar athugunar gefa til kynna, að sú vísbending um hærra innkaupsverð til Íslands en til hinna Norðurlandanna, sem fram kom í samnorrænu verðkönnuninni á s. l. ári, eigi við rök að styðjast.
2. Þær orsakir eða áhrifaþættir, sem virðast einkum valda þessum verðmun, má flokka í umboðslaun, milliliði, óhagkvæmni, fjármagnskostnað og sérstöðu landsins.
3. Verulega virðist vanta á, að erlend umboðslaun skili sér til íslenskra gjaldeyrisbanka, og þar sem mikil fylgni er almennt á milli þeirra umboðslauna, sem skilað er í banka og þeirra sem talin eru fram til skatts, má ætla að vanskil á umboðslaunum hafi í för með sér undanskot á tekjum til skatts.
4. Með markvissum skammtíma- og langtíma aðgerðum má bæta þá óheilbrigðu viðskiptahætti sem viðgengist hafa í innflutningsversluninni og lækka með því vöruverð og draga úr gjaldeyriseyðslu.

SAMNORRÆNA VERÐKÖNNUNIN

Eins og fram kemur í erindisbréfi viðskiptaráðuneytisins er hvatinn að þessari athugun á innflutningsversluninni niðurstöður samnorrænu verðkönnunarinnar, sem gerð var á s. l. sumri. Tel ég því rétt að fara nokkrum orðum um þá verðkönnun og aðdraganda hennar.

Eftirliti með verðlagi innfluttra vara hefur verið hagað á þann veg hérlendis um margra áratuga skeið, að innflytjendur hafa sent verðlagsskrifstofunni verðútreikninga yfir innfluttar vörur, ásamt fylgigögnum, m. a. erlendum innkaupareikningum. Verðlagsskrifstofan hefur yfirfarið þessa verðútreikninga og gengið úr skugga um, að þeir væru í samræmi við fylgiskjöl og heimilaðar álagningarreglur. Ýmsir höfðu bent á, að þetta kerfi sem unnið hefur verið eftir væri hvergi nærri fullnægjandi, þar sem eftirlitið byggðist fyrst og fremst á því að kanna, hvort álagning væri innan þeirra marka, sem verðlagsnefnd hefði ákveðið hverju sinni. Hins vegar væri ekki athugað, hvort innkaup væru í samræmi við eðlilegt markaðsverð erlendis.

Til þess að fá einhverja hugmynd um innkaupsverð erlendis fór ég þess á leit, haustið 1976, við þáverandi viðskiptaráðherra, að hann heimilaði verðlagsskrifstofunni að gera tilraun til að kanna innkaup til Íslands frá Englandi. Könnun þessi leiddi í ljós, að umtalsverður munur virtist vera á innkaupum íslenskra innflytjenda og enskra starfsbræðra þeirra. Þessi könnun var mjög einföld en gaf þó ákveðnar vísbendingar.

Á árinu 1975 hóf verðlagsskrifstofan þátttöku í samstarfi norrænna verðlagsyfirvalda. Fljótlega eftir Londonarkönnunina gerði ég norrænum verðlagsyfirvöldum grein fyrir þessari tilraun okkar og fór þess á leit við þau, að gerð yrði samnorræn verðkönnun á innkaupsverði í því skyni að fá upplýst hvort við hefðum einhverja sérstöðu í þeim málum. Nokkur dráttur varð þá á því, að samstaða yrði um gerð slíkrar könnunar, en eftir að ósk kom fram í norska stórþinginu um nauðsyn verðkönnunar milli landanna var loks ákveðið á fundi verðlagsyfirvalda, sem haldinn var á Íslandi í apríl s. l., að gerð yrði reynslukönnun á þessu sviði og skyldi henni lokið fyrir haustfund í september.

Könnun þessi náði aðeins til 30—40 vörutegunda, sem fluttar voru inn til allra Norðurlandanna, og voru þær af sömu gerð og stærð. Þarna var samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar eingöngu um neysluvörur að ræða en ekki fjárfestingarvörur, hrávörur eða rekstrarvörur né skip og flugvélar. En þrátt fyrir, að hér væri um fyrstu reynslukönnun að ræða og hún næði til mjög fárra vörutegunda, gaf hún ákveðna vísbendingu um hærra innkaupsverð til Íslands en hinna Norðurlandanna.

STAÐA INNFLUTNINGSVERSLUNAR

Áður en leitað verður orsaka þess verðmunar, sem hér er til athugunar, tel ég rétt að gera nokkra grein fyrir stöðu innflutningsverslunar um þessar mundir.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var vergur hagnaður heildverslunar (án olíuverslunar, byggingarvöruverslunar og bifreiðaverslunar) að meðaltali 4,2% árið 1971—1976. Fyrir árið 1977 er vergur hagnaður áætlaður 3,7% af tekjum, en á árinu 1978 áætlar Þjóðhagsstofnunin að vergur hagnaður af tekjum verði um 2%. Þjóðhagsstofnun hefur þann fyrirvara, að hér sé um lauslegar áætlanir að ræða, en telur þær þó gefa vísbendingu um afkomubreytingar.

Verslunarráð Íslands álítur afkomu heildverslunar lakari en tölur Þjóðhagsstofnunar gefa til kynna og telur að hún sé nú rekin með halla. Í útreikningum Verslunarráðsins kemur m. a. fram að meðalálagning í heildverslun (atkvgr. 616) hafi lækkað úr 18,8% 1974 í 15,5% á s. l. ári.

Hafa verður í huga, að niðurstöður Þjóðhagsstofnunar og Verslunarráðsins eru byggðar á meðaltölum og segja því lítið um afkomu einstakra greina innan heildverslunar, en hún er

afar misjöfn. Vitað er að nokkrar greinar heildverslunar eru reknar með hagnaði, en ýmsar aðrar virðast berjast í bökkum. Sem dæmi um greinar sem virðast komast vel af má nefna þær sem búa við rúm verðlagsákvæði eins og lyfjaheildverslun, véla-, varahluta- og veiðarfæraverslun fyrir sjávarútveginn, og greinar sem eru að mestu undanþegnar verðlagsákvæðum, svo sem optikvörur, úr, gull, silfur, leikföng og filmur. Flestar greinar, sem eru undir hámarksálagningu, þ. á m. matvörur, nýlenduvörur, hreinlætisvörur, snyrtivörur, hjúkrunarvörur, búsáhöld, járnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, byggingarvörur, hjólbarðar, varahlutir og fleiri, virðast hins vegar hafa átt í rekstrarerfiðleikum á s. l. ári og að sögn talsmanna verslunarinnar eru fyrirsjáanlegir enn frekari erfiðleikar í þessum greinum á árinu 1979.

Til þess að útskýra nánar þá erfiðleika, sem um er að ræða, fer hér á eftir rekstraryfirlit Birgðastöðvar Sambands ísl. samvinnufélaga fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 1978, en Birgðastöðin annast einkum innflutning á mat- og hreinlætisvörum:

Rekstraryfirlit 1/1 — 31/10 1978.

Gjöld		Tekjur	
Vextir	m.kr. 156,7	Álagning	m.kr. 261,6
Laun	m.kr. 132,0	Umboðslaun	m.kr. 124,2
Annar kostn.	m.kr. 137,5	Rekstrarhalli	m.kr. 40,4
Alls	m.kr. 426,2		m.kr. 426,2

Til þess að Birgðastöð S.Í.S. kæmi út með hallalausan rekstur á fyrstu 10 mánuðum ársins hefði meðalálagning samkvæmt ofangreindu yfirliti þurft að vera 426,2 m.kr. eða 15,9%. Meðalálagning var hins vegar 385,8 m.kr. eða 14,4%. Í 14,4% eru umboðslaun innifalin. Ef engin umboðslaun væru hefði álagningin verið um 9,8%. Athyglisvert er, að í rekstraryfirlitinu kemur fram að vextir eru stærsti kostnaðarliðurinn og eru orðnir hærri en laun.

Samband ísl. samvinnufélaga telur, að samkvæmt framangreindum tölum hefði meðalálagningin á tímabilinu þurft að vera 1,5% hærri en hún var, til þess að birgðastöðin kæmi út án rekstrarhalla. Sambandið tekur hins vegar fram, að 1,5% sé ekki nægileg hækkun, þar sem rekstrarskilyrði í dag séu mun lakari en þau voru að meðaltali á s. l. ári, fyrst og fremst vegna lægri álagningar, og þess vegna verði að koma til enn meiri hækkun.

Þær tölur, sem fram koma í þessum kafla, eru flestar bráðabirgðatölur, og því vefengjanlegar, en þær ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum um hag heildverslunar gefa þó að sögn talsmanna verslunarinnar ótvírætt til kynna að afkoma heildverslunar hefur sjaldan eða aldrei verið verri en einmitt nú.

Umfjöllun áhrifaþátta.

Í þessum kafla verður reynt að draga fram helstu þætti, sem valdið geta háu innflutningsverði til landsins.

1. Umboðslaun.

Þegar rætt er um hugtakið umboðslaun verður að gera sér grein fyrir því, að það er notað í miklu víðtækari skilningi hérlendis en meðal annarra þjóða. Erlendis er hugtakið umboðslaun eða „commission" yfirleitt notað yfir þóknun til einkaumboðsaðila fyrir að gæta hagsmuna seljenda í viðkomandi landi, og er þóknunin hlutfallslega lág. Hérlendis hefur hugtakið hins vegar ekki aðeins verið notað yfir einkaumboðslaun heldur einnig í þeim

tilvikum, sem erlenda innkaupsverðið er beinlínis hækkað upp að ósk innflytjenda og upphækkunin meðhöndluð á sama hátt og „commission". Hér í þessari skýrslu verður orðið umboðslaun einnig látið ná yfir upphækkanir erlendis, enda þótt það sé mistúlkun á hugtakinu.

Eftirfarandi töflur, sem byggðar eru á rauntölum og áætlunartölum, gefa hugmynd um umboðslaun og umboðslaunaskil á s. l. 4 árum:

Tafla I.
Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr.

Ár	Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr.	Áætluð myndud umboðslaun í milljörðum kr.	Áætluð myndud umboðslaun sem hlutfall af heildarinnflutningi í %	Umboðslaunaskil í milljörð um kr.	Umboðslaunaskil af heildarinnflutningi (fob) í %	Raunveruleg umboðslaunaskil sem hlutfall af áætluðum myndudum umboðslaunum í %	Óskiluð umboðslaun í milljörðum kr.
1975	68.0			2.1	3.0%		
1976	78.0			2.5	3.2%		
1977	111.0	5.0	4.5%	3.2	2.9%	64%	1.8
1978	171.0	7.5	4.4%	5.2	3.0%	69%	2.3

Tafla II.
Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr. (þó ekki reiknað með eldsneyti, áli, bifreiðum og skipum*)

Ár	Innflutningsverð (fob) í milljörðum kr.	Áætluð myndud umboðslaun í milljörðum kr.	Áætluð myndud umboðslaun sem hlutfall af heildarinnflutningi í %	Umboðslaunaskil í milljörð um kr.	Umboðslaunaskil af heildarinnflutningi (fob) í %	Raunveruleg umboðslaunaskil sem hlutfall af áætluðum myndudum umboðslaunum í %	Óskiluð umboðslaun í milljörðum kr.
1975	46.0			2.1	4.6%		
1976	53.0			2.5	4.7%		
1977	75.0	5.0	6.7%	3.2	4.3%	64%	1.8
1978	116.0	7.5	6.5%	5.2	4.5%	69%	2.3

* Umboðslaun af skipum nema þó oft allt að 2.5% af kaupverði skips.

Samkvæmt áætlun Rekstrarstofunnar námu mynduð erlend umboðslaun á árinu 1977 4,5–5,5 milljörðum kr. og á árinu 1978 7,0–8,0 milljörðum. Miðar Rekstrarstofan þá við, að umboðslaun nemi um 4–5% af heildarinnflutningi (fob) til landsins eins og fram kemur í töflu III. Gjaldeyrisskil umboðslauna samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans námu á árinu 1977 3,2 milljörðum kr. og 1978 5,2 milljörðum kr. samkvæmt áætlun miðað við stöðu í lok nóvember.

Í töflu I er reiknað með að umboðslaun nemi 4,5% af heildarinnflutningi og þannig fundin út áætluð mynduð umboðslaun. Í töflu II, þar sem frá heildarinnflutningi fob eru dregnir stórir þættir sem vitað er um að gefa af sér lítil eða engin umboðslaun, er prósentuhlutfall innflutnings og áætlaðra umboðslauna orðið 6,5–6,7%.

Við samanburð á umboðslaunaskilum 6 stórra innflytjenda og heildargjaldeyriskaupum þeirra var hlutfall skilanna 6,17%–15,77% af heildargjaldeyriskaupunum. Þar ber þess þó að gæta að heildargjaldeyriskaup á ársgrundvelli eru yfirleitt lægri en heildarinnflutningsverðmæti, m. a. vegna gjaldfrestsþátta, en á móti vega útistandandi umboðslaun.

Svo sem töflurnar sýna nema áætluð óskiluð umboðslaun 1,8 milljarði króna á árinu 1977 og 2,3 milljörðum króna á árinu 1978. Er það 31–36% af áætluðum mynduðum umboðslaunum. Þrátt fyrir þann fyrirvara, að ofangreindar tölur séu mjög gróflega áætlaðar og að hluti þeirra geti skilað sér til landsins síðar, eru þær af þeirri stærð að vert er að gera sér nánari grein fyrir þeim. Verður frekar vikið að því síðar.

Þetta sérislenska fyrirbrigði að innflytjendur láta hækka innkaupsverð erlendis og með hækkunina er síðan farið eins og umboðslaun er veigamikil skýring á hærra innkaupsverði til Íslands en annarra Norðurlanda og er því nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvenær og hvers vegna þessi viðskiptamáti er til kominn.

Samkvæmt yfirliti Seðlabankans um gjaldeyrisskil á erlendum umboðslaunum frá árinu 1960 hafa umboðslaun hækkað hlutfallslega ár frá ári miðað við heildarinnflutning til landsins á sama tíma. Síðustu fjögur árin virðist hlutfallið þó hafa haldist nær óbreytt.

Á þessari þróun er vafalaust fleiri en ein skýring, en ég mun hér rekja lauslega skýringu sem ég tel vera mikilvæga.

Fram til ársins 1960 var allur innflutningur til landsins takmarkaður með leyfum. Á þeim tíma var veruleg umframeftirspurn eftir innfluttum vörum og má því ætla, að dreifingarkostnaður innflutningsverslunarinnar og þar með álagningarþörf hennar hafi verið í lágmarki.

Upp úr 1960 eru teknir upp breyttir og frjálsari verslunarhættir í innflutningi sem haldist hafa til þessa dags. Þessum breytingum fylgdi aukið vöruframboð og vöruúrval, en eftir að mestu eftirspurninni hér innanlands hafði verið fullnægt hlaut að koma að því, að kostnaður við vörudreifingu mundi aukast m. a. vegna birgðahalds og fjármagnskostnaðar. Verslunin hefur bent á, að á sama tíma hafi orðið sáralítil sem engin breyting á álagningarreglum hér heima og henni því hvorki gert kleift að mæta auknum tilkostnaði á eðlilegan hátt né veitt svigrúm eða hvati til að gera hagkvæm innkaup eins og breyttar aðstæður gátu gefið tilefni til. Hún bendir jafnframt á að álagningarákvæði séu nú hvað lægst frá því, að þau voru fyrst tekin upp.

Viðbrögð innflytjenda við þessum breyttu aðstæðum virðast því hafa orðið þau að leita eftir hækkun á innkaupsverði erlendis og bæta sér þannig upp það, sem þeir töldu sig vanta á álagninguna hér heima.

Fullyrða má, að þessir viðskiptahættir hafi tíðkast almennt a. m. k. síðustu tíu árin. Mér er kunnugt um, að stór innflutningsverslun, sem dró í lengstu lög að fara út á þá braut að bæta rekstrarafkomu sína með því að hækka upp innkaupsverð erlendis, taldi sér ekki annað fært en að grípa til þess úrræðis á árinu 1967, eftir að hafa verið rekin með halla um tveggja til þriggja ára skeið.

Innflytjendur halda því fram, að þessi viðbrögð þeirra hafi verið óhjákvæmileg og

staðfesti, að þegar stjórnvaldsaðgerðir, á hvaða sviði sem er, ganga of langt leiði það til þess að reynt er að fara fram hjá kerfinu á einn eða annan hátt.

Loks taka innflytjendur fram, að stjórnvöldum hefði átt að vera kunnugt um að þessi viðskiptamáti hafi tíðkast um nokkurt árabil og því til stuðnings hafa þeir gjarnan minnst á viðskipti sín við opinbera innkaupastofnun. Þeir nefna sem dæmi að opinbera stofnunin hafi falið innflutningsfyrirtæki í Reykjavík að útvega ákveðna vöru, sem það gerði. Er innflytjandinn framvísaði reikningi fyrir vöruna hafði hann sett á reikninginn heimilaða heildsöluálagningu. Stofnunin neitaði hins vegar að greiða álagninguna og vísaði til þess að innflytjandinn hefði sín umboðslaun erlendis. Innflutningsfyrirtækið, sem í þessu tilviki hafði aðeins tekið óveruleg umboðslaun, vildi ekki standa í illdeilum við hið opinbera og sættist á að fella álagninguna burt. Nokkru síðar gerði stofnunin á nýjan leik pöntun frá sama aðila á sömu vöru. Innflytjandinn, sem þóttist nú þekkja á kerfið og vera viss um, að ekki þýddi að framvísa reikningi, sem sýndi álagningu, fór þess vegna fram á það við erlenda framleiðandann, að innkaupsverð vörunnar yrði hækkað um 25% og það fært sér til tekna. Þetta var gert og er innflytjandinn framvísaði reikningnum, sem sýndi enga álagningu, var hann greiddur athugasemdalaust. Innflytjendur telja að svona dæmi sýni, að opinberar stofnanir álíti eðlilegt að þeir taki þóknun erlendis, enda þótt hún kunni að vera hærri en heimiluð álagning hér heima og hafi auk þess margföldunaráhrif á vöruverð í för með sér.

Jafnvel þótt tekið sé tillit til þessara skýringa innflytjenda verður ekki gengið framhjá því, að upphækkun vöruverðs erlendis þekkist einnig á þeim vörum sem í reynd eru með frjálsri álagningu eða búa við mjög rúm verðlagsákvæði. Verður því að ætla að fleira en þröng verðlagsákvæði stuðli að upphækkun erlendis. En hvaða ástæður geta legið þar að baki?

Fyrst er til að nefna ásókn manna í erlendan gjaldeyri til ávöxtunar í erlendum bönkum og til einkaneyslu erlendis.

Í öðru lagi hefur reynslan sýnt, að það fé, sem er til ávöxtunar í erlendum bönkum án samþykkis gjaldeyrisyfirvalda, er almennt ekki talið fram til skatts og enn fremur eru þess dæmi, að umboðslaun erlendis frá eru ekki talin fram á réttum tíma eða alls ekki talin fram.

Ásókn í erlendan gjaldeyri og undanskot á eignum og tekjum undan skatti geta þannig, án tillits til verðlagsákvæða, verið hvati að upphækkun erlendra vörureikninga.

2. Milliliðir.

Íslenskir innflytjendur flytja í verulegum mæli inn vörur í gegnum milliliði sem staðsettir eru annaðhvort í upprunalandi eða í þriðja landi. Þetta virðast þeir gera bæði tilneyddir og ótilneyddir.

Rekstrarstofan álítur þær aðstæður, sem orsakað geta tilneydd milliliðakaup vera:

„a. Ísland er hluti af erlendu sölusvæði.

b. Framleiðandi er með eigin sölukerfi og milliliði í upprunalandi eða erlendis og ákveður við hvaða aðila á að versla."

Þegar um tilneydd milliliðakaup í gegnum þriðja land er að ræða er Danmörk langalgengasti milliliðurinn. Virðast Danir, að einhverju leyti vegna fyrri tengsla þjóðanna og stöðu sinnar innan Evrópu, hafa náð til sín umtalsverðum viðskiptum til Íslands og óhætt er að fullyrða að verulegar fjárhæðir renna á þennan hátt í vasa Dana, sem hækkar að sama skapi vöruverð til Íslands.

Á þeim skamma tíma, sem ætlaður var til athugunarinnar, var erfitt að meta stærð þessa vandamáls, en ljóst er að málið er það alvarlegt að rík ástæða er til þess að kanna það enn frekar. Til þess að gefa þó einhverja hugmynd um hvað stórar upphæðir getur verið um að ræða skulu hér tilfærð nokkur dæmi:

Íslenskur innflytjandi, sem m. a. flytur inn bandarísk læknistæki í gegnum Danmörku, gerði athugun á því, hvað slík milliliðakaup kostuðu. Hann komst að því að tiltekin tvö tæki,

sem kostuðu frá Danmörku annars vegar $ 1050 og hins vegar $ 1175, hefðu í fyrra tilvikinu kostað $ 585 og í síðara $ 655 ef hann hefði keypt þau beint frá framleiðanda í Bandaríkjunum. Með öðrum orðum: með því að kaupa í gegnum Danmörku þurfti að greiða um 80% hærra verð fyrir tækin. Þessi innflytjandi kvað umrædd dæmi síður en svo vera undantekningar.

Annar innflytjandi, sem flytur inn vélar og tæki frá Bandaríkjunum, skýrði frá því, að hann hafi flutt inn ákveðið tæki beint frá Bandaríkjunum á hagkvæmu verði. Síðan hafi það gerst, að Danir, með einhverjum hætti, náðu til sín einkaumboði á þessu tæki fyrir Ísland. Við þær breytingar hækkaði innkaupsverð vörunnar um 60%.

Fleiri slík dæmi mætti nefna, en samkvæmt upplýsingum innflytjenda virðist mega ályktа, að algengt sé að þessi milliliðaviðskipti í gegnum Danmörku hafi í för með sér 25% hærra innkaupsverð en ef keypt væri beint frá upprunalandi, en í mörgum tilvikum er þessi tala mun hærri eins og framangreind dæmi sýna.

Fleiri lönd en Danmörk koma við sögu sem þriðja land og má í því sambandi minna á dæmi sem fram kom í sjónvarpsþætti um kaup Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands á reiknivélum, en þar var upplýst, að ef stofnunin hefði keypt umrædd tæki í gegnum umboðsmann þessara véla hér heima, hefði verðið orðið nær 50% hærra en það verð var, sem stofnunin greiddi fyrir vélarnar með því að kaupa þær sjálf frá smásala í Bandaríkjunum. Ástæðuna fyrir þessum verðmun kvað íslenski umboðsmaðurinn vera, að honum væri meinað að kaupa vélarnar beint frá framleiðanda í Bandaríkjunum, en gert að kaupa þær í gegnum millilið í Evrópu.

Í viðtölum við ísl. innflytjendur kom fram, að þeir voru sammála um, að hér væri verulegt vandamál á ferðinni, er lyti bæði að verðlags- og gjaldeyrismálum. Innflytjendur töldu, að óraunhæf verðlagsákvæði gæfu reyndar ekki tilefni til, að þeir leituðu eftir hagkvæmustu innkaupaleiðum, en töldu lausn málsins þó erfiðari en svo, að breytt verðlagsákvæði gætu ein leyst vandann. Hinir erlendu milliliðir hafi ítrekað sýnt, að þeir halda mjög fast í þá hagsmuni sem þeir hafa af Íslandsviðskiptum og láta þau ekki ótilneyddir af hendi. Töldu innflytjendur að stjórnvöld þyrftu með einhverjum hætti að koma þeim til aðstoðar þannig að þeir gætu í sem flestum tilvikum verslað beint við framleiðslufyrirtæki í upprunalandi, nema annað væri hagkvæmara.

Milliliðakaup, sem menn gera ótilneyddir, eru af allt öðrum toga spunnin og um þau segir Rekstrarstofan m. a.:

„Ástæður fyrir ótilneyddum milliliðakaupum geta verið margs konar, en nefna má:

a. Þægindi og oft minni kostnaður innflytjenda af því að versla við fáa aðila með margar vörutegundir.
b. Innflytjandanum er sama um álagningu millilíða eða telur sér hana í hag.
c. Þekkingarskortur á markaði og innkaupamöguleikum.
d. Tíma- og fjárskortur við að leita nýrra innkaupamöguleika.
e. Viðskiptahefð, venjur og viðskiptaöryggi.

Með vaxandi milliliðakaupum er í raun verið að færa heildverslun út fyrir landsteinana, og er það óhagstæð þróun. Við þessari þróun verður ekki spornað meðan verðbólga, verðskyn og verðlagskerfi gera innflytjendum það hagstætt að kaupa dýrar og þægilegar frá milliliðum."

3. Óhagkvæmni.

Þeirri gagnrýni er m. a. beint gegn því álagningarkerfi, sem við búum við, að það hvetji innflytjendur ekki til hagkvæmra innkaupa, heldur jafnvel til hins gagnstæða þar sem innflytjendur fái meiri tekjur þeim mun dýrari sem varan er. Það er því ekki talið líklegt, að innflytjendur leggi á sig erfiði og kostnað við að ná innkaupsverði niður erlendis, ef það verður til þess að rýra afkomu þeirra.

Ég vil þó benda á, að mér hefur verið heimilt að veita hærri álagningu en verðlagsákvæðin segja til um, þegar sannanlega er um mjög hagkvæm innkaup að ræða en vera má, að þessi heimild hafi ekki dregið nægilega úr ofangreindum ágalla álagningarkerfisins.

Eftir því, sem mér er kunnugt, byggist sölustefna margra erlendra fyrirtækja fyrst og fremst á því að þau þreifa sig áfram á þeim mörkuðum sem þau selja til og taka hæstu verð sem þau treysta sér til á hverjum markaði fyrir sig. Það er enginn vafi á því, að á þeim mörkuðum sem samkeppnin er hörðust eru innkaupsverðin jafnan lægst og samkeppnisskortur og áhugaleysi innflytjenda hérlendis hefur vafalaust komið niður á innkaupsverðum til landsins. Sérstaklega hefur borið á því, að erlendir seljendur hafi lækkað verð sín verulega á þeim mörkuðum þar sem þeir hafa átt í höggi við háþróaða innlenda framleiðslu en verulega skortir á að við höfum upp á slíka innlenda framleiðslu að bjóða. Þessi stefna erlendra fyrirtækja, að fylgjast með verði og verðlagsþróun samkeppnisvara sinna á hverjum markaði fyrir sig og reyna að halda sínu markaðshlutfalli eða auka með því að aðlaga verð sín eftir aðstæðum á hverjum tíma, virðist miklu meira ráðandi en t. d. að taka mið af innkaupamagni.

Í viðræðum við innflytjendur kom í ljós, að þeir kváðust í mörgum tilvikum geta gert hagkvæmari innkaup ef þeir fengju rýmri starfsskilyrði hér heima. Þeir töldu þó, að ekki væri ávallt auðvelt að ná hagkvæmasta verði og nefndu eftirfarandi dæmi því til stuðnings:

Einn þeirra, sem flytur inn ljósmyndavörur, gat þess, að sér væri kunnugt um, að hann keypti vöru á 7–20% hærra verði en hún væri seld til hinna Norðurlandanna. Ástæðan, sem erlenda fyrirtækið tilfærði fyrir þessum verðmismun, var sú, að það væri meðeigandi í dreifingarfyrirtækjunum í viðkomandi löndum. Innflytjandinn taldi þessa skýringu ekki veigamikla, en fékk ekki aðrar.

Annar innflytjandi gerði grein fyrir því, að hann hefði af tilviljun komist að því, að bandarískt fyrirtæki, sem hann skipti við, seldi ákveðna vél á 30% hærra verði til Íslands en til Finnlands. Innflytjandinn bað fyrirtækið um skýringar á þessum verðmismun og voru þær mjög ófullnægjandi eða slæm efnahags- og gjaldeyrisstaða Finna. Með því að leggja mjög fast að bandaríska fyrirtækinu fékk innflytjandinn loks sama verð og Finnar.

Þriðji innflytjandinn, sem flytur inn hljómburðartæki, gat þess, að hann hefði vitneskju um, að hann keypti sömu vöru á 30–40% hærra verði en P.X. verslunin á Keflavíkurflugvelli keypti hana. Svo skammt er síðan að innflytjandinn fékk þessar upplýsingar, að honum hafði ekki enn unnist tími til að fá skýringar á verðmuninum.

Loks skal nefnt dæmi af heimilistækjainnflutningi, þar sem íslenskur umboðsmaður gerði fyrirspurn um það hjá erlendu framleiðslufyrirtæki, hverju það sætti, að verð til hans væri mun hærra en til umboðsmanns í Svíþjóð. Skýring erlenda framleiðandans var sú, að á sænska markaðnum ætti hann í harðri samkeppni við háþróað innlent fyrirtæki, Electrolux, og gæti því ekki haldið markaðshlutdeild sinni þar nema með því að bjóða mjög lág verð.

Framangreind dæmi staðfesta, að verðmismunur getur stafað af ýmsum öðrum ástæðum en umboðslaunum og milliliðaviðskiptum og sýna hversu þýðingarmikið er að lögð sé vinna og árvekni í innkaup erlendis.

Eðlilegt er í kafla þessum að benda á þann fjölda fyrirtækja og einstaklinga, sem stunda innflutningsverslun. Samkvæmt grg. um tollamál frá júní 1978 virðist mega ætla að tala þeirra, sem stunda innflutning í atvinnuskyni, sé á bilinu 1 530–2 100. Að vísu er um mikinn mismun að ræða milli innflytjenda, bæði að verðmæti til og vörumagni, en engu að síður má telja að slíkur fjöldi aðila í innflutningi leiði í eðli sínu til óhagkvæmni bæði með tilliti til rekstrarstöðu aðilanna sjálfra svo og hagkvæmni í innkaupum.

4. Fjármagnskostnaður.

Á undanförnum árum hefur þeirrar alvarlegu þróunar gætt hjá innflutningsfyrirtækjum, að eigið rekstrarfé þeirra hefur rýrnað mjög verulega. Á sama tíma hefur innlenda bankakerfið ekki haft bolmagn til að auka rekstrarlán til fyrirtækjanna.

Þar til fyrir nokkrum árum gátu mörg innflutningsfyrirtæki staðgreitt erlend innkaup sín og með því móti fengu þau um 2½% staðgreiðsluafslátt eða jafnvel meiri. En vegna þess hve eigið rekstrarfé þeirra hefur minnkað í verðbólgu síðustu ára hafa þau í vaxandi mæli orðið að fjármagna innkaup sín með erlendum gjaldfresti. Talið er að rúmlega 40% af innflutningi til landsins sé þannig fjármagnaður með erlendu lánsfé.

Erlend fjármögnun getur verið með ýmsum hætti bæði í formi beinna lána og einnig með því, að birgðir í tollvörugeymslu hérlendis séu í eigu erlendra aðila. Kostnaður við slíka erlenda fjármögnun er allhár og er sjaldnast tilgreindur sérstaklega á innkaupareikningum, en innifalinn í innkaupsverði.

Sú regla, sem erlend fyrirtæki virðast nota mest við ákvörðun fjármagnskostnaðar, er að miða við þann vaxtafót sem í gildi er í heimalandi þeirra, og hækka hann um 50%, þ. e. a. s. ef vextir eru 8% pr. ár eru þeir hækkaðir í 12%, eða fjármagnskostnaður 1% á mánuði. Ef tekið er dæmi um vöru með 6 mánaða gjaldfresti, hækkaði varan samkvæmt framansögðu um 6% vegna fjármagnskostnaðar. Þar með er ekki öll sagan sögð, þar sem vextirnir hækka til viðbótar í íslenskum krónum í samræmi við þær breytingar á gengi, sem kunna að verða á gjaldfreststímabilinu.

Til sanns vegar má færa, að þrátt fyrir verulega lækkun ísl. krónunnar hafi erlendar lántökur á s. l. ári verið eitthvað ódýrari en innlendar, en hins vegar hefur sá munur verið á, að erlendi fjármagnskostnaðurinn virðist í mörgum tilvikum hafa farið að fullu út í verðlagið hér heima. Það aðhald, sem beitt hefur verið með því að heimila að mjög takmörkuðu leyti að velta vöxtum út í verðlagið, hefur þess vegna fyrst og fremst náð til innlendra vaxta en ekki nema að mjög litlu leyti til erlendra. Erlend fjármögnun er því ekki aðeins gjaldeyrismál, heldur getur hún haft bein og óæskileg verðlagsáhrif.

Í þeim tilvikum sem innflytjendur þannig velta erlendum vöxtum út í verðlagið, með því að hafa þá innifalda í innkaupsverði, má líkja því við viðbrögð þeirra gegn lágri álagningu, sem fjallað var um í kaflanum um umboðslaun. Er þar e. t. v. komin að hluta skýring á, hvers vegna ekki hefur orðið hlutfallsleg hækkun á umboðslaununum s. l. 4 ár.

Þá er rétt að geta þess, að vegna fjármagnsskorts er ekki óalgengt, að verulegur dráttur verði á því, að innflytjendur leysi út vörur eftir að þær eru komnar til landsins. Þetta veldur oft á tíðum því, að þeir standa illa í skilum við erlenda aðila, sem getur að sjálfsögðu komið niður á innkaupsverði til landsins.

5. Sérstaða.

Ekki verður fram hjá því gengið, að lega landsins og smæð markaðarins geta orsakað ýmsan kostnað erlendis, sem íslenskir innflytjendur komast oft ekki hjá því að greiða. Má þar nefna pökkunar- og höndlunarkostnað vegna minni pantana og sendinga og enn fremur flutnings- og umhleðslukostnað.

MAT Á ÁHRIFAÞÁTTUM

Rekstrarstofan tók að sér að reyna að meta stærð áhrifaþátta til þess að gefa hugmynd um umfang þess vandamáls sem hér er til athugunar. Í niðurstöðum hennar kemur eftirfarandi fram:

	Innflutningur (fob)			Neysluvörur			Fjárfestingarvörur			Rekstrarvörur		
	%	1977 Milljarðar króna	1978	%	1977 Milljarðar króna	1978	%	1977 Milljarðar króna	1978	%	1977 Milljarðar króna	1978
Heildarinnflutningur	100	81	125	100	34,0	53,0	100	31,0	48,0	100	16,0	24,0
Umboðslaun	5-6	5,0	7,5	7-8	2,5	3,5	4-5	1,5	2,0	6-7	1,0	1,5
Óhagkvæmni	2-3	2,0	3,0	2-3	1,0	1,5	1-2	0,5	1,0	3-4	0,5	1,0
Milliliðir	3-4	3,0	5,0	3-4	1,5	2,5	3-4	1,0	1,5	2-3	0,5	0,5
Fjármagnskostnaður	2-3	2,0	3,0	2-3	1,0	1,5	1-2	0,5	0,5	2-3	0,5	0,5
Sérstaða	2-3	2,5	3,0	3-4	1,5	2,0	1-2	0,5	0,5	2-3	0,5	0,5
Samtals:	14-19	14,5	21,5	17-22	7,5	11,0	10-15	4,0	5,5	15-20	3,0	4,0
Umboðslaunaskil		3,2	5,2									

Innflutningur (fob): Heildarinnflutningur án álvöru, skipa og eldsneytis, annars en bensíns.
Neysluvörur: Varanlegar og óvaranlegar neysluvörur, neysluhrávörur og bensín.
Fjárfestingarvörur: Fólksbifreiðar, vélar, verkfæri, fjárfestingarvörur, efni og vörur til mannvirkjagerðar og til framleiðslu á fjárfestingarvörum.
Rekstrarvörur: Rekstrarvörur til landbúnaðar, fiskiðnaðar, útgerðar og ýmsar rekstrarvörur.

Í skýringum Rekstrarstofunnar með töflunni segir m. a.:

„Áhrifaþættir hafa þegar verið skýrðir. Upplýsingar um eðli þeirra og stærð fengust í viðtölum og greinargerðum frá innflytjendum, samtökum þeirra og starfsmönnum, svo og frá aðilum tengdum eða kunnugum innflutningsverslun. Fengust upplýsingar frá 40—50 aðilum. Um margt fengust greinargóðar upplýsingar, en um annað fengust litlar sem engar eða mjög ósamhljóða upplýsingar, og voru töluleg frávik veruleg. Því varð að samræma og meta upplýsingar, sem gerir útreikninga erfiða og eykur óvissu niðurstöður. Ekki var metið vægi áhrifaþátta á innflutningsverð álvöru, eldsneytis og skipa, þar sem talið er að það vægi sé lítið og mjög óvíst. Þó munu umboðslaun vegna skipa vera einhver. Reynt var þó að vinna þannig úr þessum efnivið að heildaryfirsýn fengist og veigamestu stærðir yrðu málsettar. Framangreindar niðurstöður gefa vísbendingu um, að verslunarhættir hafi þróast óæskilega og hefur þessi þróun neikvæð áhrif á gjaldeyrisstöðu og verðlag.

Niðurstöður benda til, að vægi áhrifaþátta sé samtals 14–19% af innflutningsverði (án álvöru, skipa og flugvéla) og 17–22% af innfluttum neysluvörum."

Rekstrarstofan telur vonlítið að ná fram verulegri lækkun innflutningsverðs miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu. Hún telur að eigi lækkun að nást þurfi breyttar forsendur, bætta hætti innflutningsverslunar og einnig hvatningu og aðhald.

Enda þótt Rekstrarstofan hafi ýmsa fyrirvara á niðurstöðum sínum virðast þær renna frekari stoðum undir þá vísbendingu, sem norræna verðkönnunin á s. l. sumri gaf til kynna. Að vísu er vitað, að einhverjir áhrifaþáttanna þekkjast einnig á hinum Norðurlöndunum, en í miklu minni mæli, og því hefur Ísland algjöra sérstöðu í þeim efnum.

Erfitt er að segja nákvæmlega til um, hve miklum árangri mætti ná í lækkun vöruverðs og gjaldeyrissparnaði með því að koma á heilbrigðari og skynsamlegri viðskiptaháttum í innflutningi. Það fer mjög eftir því, hversu faglega verður á málum tekið, en víst er, að hér getur verið um milljarða króna lækkun á endalegu vöruverði til neytenda að ræða.

Hugmyndir um úrbætur.

Af umfjöllun hér að framan um helstu áhrifaþætti, sem vegið geta til hækkunar á innflutningsverði, virðist mega draga þá ályktun, að álagningarkerfið og útfærsla þess eigi drjúgan hlut í því, hvernig málum er komið í innflutningsversluninni. Sérstaklega er þar um tvo þætti að ræða.

Í fyrsta lagi hefur hið lítt sveigjanlega hundraðstöluálagningarkerfi, sem notað hefur verið um áratugaskeið, ekki verið hvetjandi þar sem tekjur innflytjandans hafa hreinlega minnkað við að gera hagkvæm innkaup.

Í öðru lagi hefur kerfinu í mörgum tilvikum verið beitt á þann veg að álagningu hefur verið haldið mjög lágri með þeim afleiðingum að innflytjendur hafa farið inn á þá braut að hækka upp innkaupsverð erlendis. Á þann hátt hafa þeir bætt sér upp lága álagningu.

Innflytjendur halda því fram, að raunhæfasta lausnin á þessum málum sé að hverfa frá núgildandi verðlagskerfi. Það verði best gert með því að heimila frjálsa álagningu, sem byggðist á aðhaldi neytenda og opinberu eftirliti með markaðsráðandi fyritækjum og samningum á milli fyrirtækja.

Mín skoðun er sú, að við eðlilegar aðstæður í efnhagsmálum sé að öðru jöfnu rétt að færa verðmyndunarkerfið í frjálsara horf en nú er en ég tel að slíkar aðstæður séu ekki fyrir hendi í okkar þjóðfélagi í dag.

Ég álít, að á tímum mikilla verðhækkana og spennu eins og nú eru verði ekki hjá því komist, að ríkisvaldið hafi í ríkari mæli en ella hönd í bagga með þróun verðlagsmála. Ég hef ekki trú á því, að við slíkar aðstæður geti samkeppni ein tryggt sanngjarna eða eðlilega verðmyndun. Forsenda virkrar samkeppni er vakandi eftirlit og dómgreind hins almenna neytanda, en reynslan hefur sýnt að á óðaverðbólgutímum brenglast allt verðskyn hans og neytandinn hreinlega gefst upp á því að fylgjast með hinum öru verðbreytingum. Auk þess hafa neytendur lært, að á verðbólgutímum sé aðalatriðið að kaupa nógu fljótt, jafnvel með óhagstæðum kjörum, vitandi um, að innan skamms tíma verði varan orðin mun dýrari en hún var.

Með hliðsjón af framansögðu tel ég mikla erfiðleika á því að taka upp frjálsara verðmyndunarkerfi nú, en tek þó fram, að hugsanlegt sé að gera tilraun með slíkt innan einstakra afmarkaðra greina.

En hvernig má þá stuðla að hagkvæmari innkaupum innan þess verðmyndunarkerfis, sem við búum við í dag?

Við þessari spurningu er ekkert einhlítt svar, þar sem vandamálið er bæði margþætt og flókið. Sá skammi tími, sem ætlaður var til þess að skila skýrslu þessari gaf heldur ekki ráðrúm til þess að leggja mikla vinnu í tillögugerð, og er því valinn sá kostur hér að setja fram nokkrar hugmyndir, sem gætu orðið grundvöllur að endurbótum.

Miðað við framlagðar tölur innflytjenda, Verslunarráðs og Þjóðhagsstofnunar hér að framan, virðist afkoma þeirra greina innflutningsverslunar, sem bundnar eru verðlagsákvæðum almennt ekki vera góð þessar mundir. Athuganir Verðlagsskrifstofunnar, sem gerðar hafa verið að undanförnu, benda einnig til, að þessar greinar innflutningsverslunar eigi nú í erfiðleikum. Veigamesta ástæðan fyrir því er vafalaust sú lækkun álagningar í hundraðstölu, sem tvívegis var gerð á síðasta ári.

Samkvæmt þessu virðist útilokað að ætla sér að afnema umboðslaun erlendis nema á móti komi lagfæring á álagningu hér heima. Hækkun álagningar mundi að vísu draga úr þeim áhrifum til lækkunar á innkaupsverði, sem afnám umboðslaunanna hefðu í för með sér, en engu að síður mundi með þessum hætti nást fram allnokkur lækkun á endanlegu verði til neytenda.

Þar sem þessir viðskiptahættir hafa viðgengist alllengi má búast við ýmsum erfiðleikum á því að koma að fullu í veg fyrir þá. Sérstaklega ætti það við í þeim tilvikum, þegar upphækkanir erlendis eru gerðar í þeim tilgangi að komast yfir erlendan gjaldeyri eða skjóta tekjum undan skatti. Þess vegna kann að verða nauðsynlegt að setja strangari reglur um gjaldeyris- og skattalega meðferð á umboðslaunum.

Til þess að fylgja eftir framkvæmd slíkra reglna má benda á, að á undanförnum árum hefur samstarf milli gjaldeyrisyfirvalda og skattyfirvalda farið vaxandi, t. d. með samþykkt

laga nr. 63/1977, sem tryggja nauðsynleg upplýsingaskipti milli þessara stjórnvalda. Þá hefur verið efld samvinna þessara aðila við stjórnvöld í öðrum löndum og má meðal annars nefna aðstoðarsamning þann í skattamálum, sem í gildi er á milli Norðurlandanna. Það er því óhætt að fullyrða, að í dag eru stjórnvöld betur í stakk búin til þess að hafa eftirlit með óeðlilegri upphækkun erlendra vara og að þau hafa betri möguleika á því að afgreiða þau brot á gjaldeyris- og skattalögum, sem slíkri upphækkun kunna að fylgja.

Enda þótt hér sé minnst á, að settar verði strangari reglur um umboðslaun og umboðslaunaskil þýðir það ekki að engar reglur um slíkt séu fyrir hendi í dag. Má benda á vegna þeirrar viðbáru, sem heyrst hefur frá ábyrgum aðilum innan verslunarinnar, að stjórnvöld hafi með þögninni samþykkt þá viðskiptahætti, sem hér er fjallað um, eða láti þá átölulausa, að þegar uppvíst hefur orðið um þess konar brot hafa þau verið afgreidd af þar til bærum aðilum.

Hér hefur verið rætt um, hvað hugsanlegt sé að gera, til að koma í veg fyrir upphækkun innkaupsverðs, sem gerð hefur verið að beinni tilhlutan innflytjenda. En enda þótt þessi þáttur hafi mikil áhrif til hækkunar innkaupsverðs kemur fleira til.

Í því skyni að örva innflytjendur til þess að leggja sig alla fram við að gera sem hagkvæmust innkaup og forðast óþarfa milliliði er nauðsynlegt að breyta álagningarreglunum á þann veg, að þær feli í sér hvata. Ýmislegt kæmi til greina. Mætti t. d. hugsa sér að hverfa, í ákveðnum greinum, frá því að hafa eingöngu hundraðstöluálagningu yfir í blandaða álagningu, þ. e. hundraðstölu- og krónutöluálagningu eins og reyndar er lítillega gert í dag. Mér dylst ekki að á slíku kerfi eru vissir annmarkar eins og á öðrum kerfum, en það ætti þó að tryggja hlutfallslega hærri álagningu eftir því sem innkaup eru gerð hagkvæmari og hlyti því að koma til skoðunar við lausn á þeim vanda sem við er að glíma.

Samhliða endurskoðun á álagningarkerfinu væri æskilegt að gera nokkrar breytingar á starfsháttum Verðlagsskrifstofunnar og hef ég þá einkum í huga:

Beina þyrfti starfsemi skrifstofunnar í ríkari mæli að eftirliti með innkaupsverði til landsins og má gera það á ýmsan hátt, m. a. í áframhaldandi samstarfi við hin Norðurlöndin. Slíkt áframhaldandi samstarf er nú í fullum gangi og mun fljótlega verða hægt að gera grein fyrir í hvaða farveg því verður beint í framtíðinni.

Jafnframt kemur til athugunar, með tilliti til hve Verðlagsskrifstofan er fáliðuð, hvort ekki eigi að beina starfsemi hennar enn frekar inn á þá braut að fylgjast mjög vel með verðmyndun á almennum neysluvörum, en skipta sér minna af öðrum eins t. d. ýmsum munaðarvörum.

Þá virðist mjög æskilegt að Verðlagsskrifstofan geti reglulega framkvæmt verðkannanir í því skyni að örva verðskyn neytenda hér innanlands og þar með aðhald þeirra með vöruverði.

Loks er vert að huga að því, hvort ekki sé mögulegt að einfalda það verðútreikningakerfi, sem notað er í dag, til hagræðis og sparnaðar fyrir innflytjendur og stjórnvöld. Sú hugmynd hefur komið fram að vinna og afgreiða samtímis tollskýrslur og verðútreikninga, en það tryggði hraðari og betri skil á verðútreikningum og ætti að spara mjög verulega mannafla, fyrirhöfn og fjármuni. Ég tel hugmynd þessa mjög athyglisverða og brýnt að hún verði könnuð ítarlega hið fyrsta.

Hér hefur verið lögð höfuðáhersla á lagfæringar á verðlagskerfinu en ýmsar aðrar aðgerðir geta einnig stuðlað að lækkuðu innkaupsverði og heilbrigðari verslunarháttum. Nefna má breytingar, sem fela í sér heimild til handa innflytjendum að greiða erlend vörukaup fyrir fram, og einnig að innlend lán komi í stað erlendra.

Sérstaklega voru athuguð gildandi lög um verslunaratvinnu og fara hér á eftir nokkrar hugmyndir um hugsanlegar breytingar á þeim.

Innflutningsverslun sem önnur verslunarstarfsemi er leyfisbundin atvinna, sem háð er sérstakri löggjöf, sem um þessa atvinnugrein hefur verið sett. Hér er um að ræða lög nr. 41/

1968, um verslunaratvinnu, en meginefni þeirra laga eru skilyrði þau, sem fullnægja þarf til þess að fá verslunarleyfi, efni og takmörk verslunarleyfa, brottfall réttar til að stunda verslun o. fl. Þetta er sú löggjöf, sem verslunin hvílir atvinnuréttarlega á.

Þótt skammt sé liðið, síðan þessi lög voru endurskoðuð, er íhugunarefni, hvort hugsanlegt væri með breytingum á þeim og framkvæmd þeirra að lagfæra verslunarhættina í samræmi við tilgang laganna. Tilgangurinn er samkvæmt 1. gr. þeirra að tryggja borgurunum sem besta verslunarþjónustu, að þeir, sem við verslun fást, séu nægilegum hæfileikum búnir til að rækja skyldur sínar og að verslun geti þrifist í landinu sem atvinnugrein.

Hér verða nefnd nokkur atriði, sem e. t. v. væri ástæða til að breyta í lögum þessum í því skyni að bæta verslunarhætti. Er innflutningsverslunin fyrst og fremst höfð í huga hér.

1. Útgáfa verslunarleyfa.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi og í Reykjavík borgarfógeti, annast útgáfu verslunarleyfa. Þeir meta hvort leyfisbeiðandi uppfylli skilyrði laganna til að fá útgefið leyfi og hvort senda þarf erindi til ráðuneytis til undanþáguákvörðunar. Viðskiptaráðuneytið hefur gefið út almennar leiðbeiningar til lögreglustjóra um meðferð undanþáguerinda.

Allt að einu er ljóst, að misjafn háttur er á þessum málum eftir embættum og skilyrði misjafnlega túlkuð. Því má varpa því fram, hvort ekki væri ástæða til þess að færa útgáfu þessara leyfa og eftirlit með leyfishöfum á eina hendi í því skyni að koma meiri festu á framkvæmdina. Mætti athuga, hvort ekki væri mögulegt, að viðskiptaráðuneytið hefði þetta hlutverk með höndum eða þá sérstök skrifstofa, sem færi með fleiri málaflokka, svo sem skráningu vörumerkja, einkaleyfa, firma, félaga o. fl. fyrir landið allt, en hugmyndir um slíka stofnun hafa komið fram nýlega.

2. Skilyrði til þess að fá verslunarleyfi.

Fremur vægar kröfur eru settar í lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, um rétt til þess að öðlast verslunarleyfi. Ástæða væri til að herða þessi skilyrði þannig að færri leystu til sín leyfi en verið hefur, en yrðu á hinn bóginn betri hæfileikum búnir. Einnig er athugandi, hvort önnur og/eða strangari skilyrði eigi að setja fyrir heildsöluleyfi en smásöluleyfi.

3. Eftirlit með verslunarleyfishöfum.

Ef útgáfa verslunarleyfa og framkvæmd laga nr. 41/1968 yrði flutt á eina hendi fyrir landið allt, mætti vænta þess að betra skipulag kæmist á þessi mál. Vanda þarf útgáfu leyfanna, sjá um að verslunarstarfsemi sé ekki rekin leyfislaust eða á útrunnum leyfum (leyfi gilda í 5 ár) og sé að öðru leyti í samræmi við ákvæði laganna.

Nú er ekkert yfirlit eða skrá til um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verslunarrekstrar. Í lögunum er ætlast til þess, að Hagstofa Íslands haldi slíka skrá, en það er aðeins gert með þeim hætti, að verslunarfyrirtæki eru sem önnur fyrirtæki skráð í fyrirtækjaskrá.

Samvinnu þeirra stjórnvalda, sem tök hafa á að fylgjast með hvort verslunarleyfishafar fullnægi skilyrðum, þarf að koma á.

4. Gjöld fyrir verslunarleyfi.

Gjöld fyrir ný verslunarleyfi voru hækkuð fyrir nokkrum árum til samræmis við verðlagsþróun svo sem önnur gjöld skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs og hefur síðan verið séð um, að gjöldin fylgi sem næst verðlagsþróuninni. Gjöld fyrir endurnýjun leyfa eru hins vegar lág og mætti íhuga í því skyni að fella út leyfi, sem lítt eru notuð, að taka allhátt endurnýjunargjald og jafnframt, að endurnýjun fari fram á skemmri fresti en nú er.

5. Fyrirgerð verslunarleyfis.

Skv. lögum nr. 41/1968 fyrirgerir verslunarleyfishafi leyfi sínu, ef hann fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum, sem lögin setja fyrir verslunarleyfi, eða ef réttur til verslunar er af honum dæmdur. Fyrirgerð réttar hefur ekki skipt miklu máli í þessum efnum vegna þess hve lítt henni hefur verið beitt. Athuga þarf, hvort aukin hætta á missi verslunarréttinda gæti skerpt aðhald frá því sem nú er, þó vitaskuld þannig að leyfishafa sé tryggt fyllsta réttaröryggi.

LOKAORÐ

Það haggar ekki meginniðurstöðum skýrslu þessarar, þó að fyrirvarar finnist um nákvæmni talna og tími hafi verið skammur til skýrslugerðarinnar. Jafnframt eru í skýrslunni reifaðar nokkrar hugmyndir, sem geta orðið grundvöllur að úrbótum í þessum málum, en þær þurfa frekari útfærslu.

Reykjavík, janúar 1979.
Georg Ólafsson.
Verðlagsstjóri.

Fylgiskjal II.

Bréf viðskiptaráðherra til Seðlabankans 8. febrúar 1979.

Bankastjórn Seðlabankans,
Reykjavík.

Nú liggur fyrir ríkisstjórninni frumvarp til nýrra laga um innflutnings- og gjaldeyrismál. Mun viðskiptaráðherra leggja áherslu á að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög frá Alþingi áður en 100. löggjafarþinginu lýkur.

Hvað sem afgreiðslu frumvarps þessa líður er ljóst, að unnt á að vera að hefja þegar undirbúning umbóta í starfsháttum gjaldeyriseftirlitsins til þess að treysta gjaldeyrisskil. Er þá einkum höfð í huga sú skýrsla um innflutningsverslun sem send er með bréfi þessu sem fylgigagn. Virðist ljóst af þessari skýrslu, að umboðslaunaskil þarf að bæta verulega frá því sem nú er. Almennt markmið breyttra starfshátta væri að tryggja regluleg umboðslaunaskil, svo og önnur gjaldeyrisskil, allra þeirra aðila sem stunda milliríkjaverslun.

Með bréfi þessu er hér með formlega af hálfu viðskiptaráðherra óskað eftir því, að bankastjórn Seðlabankans geri sérstakt átak í þessum efnum, þannig að betri regla komist á þessi mál en verið hefur að undanförnu.

Fylgiskjal III.

Greinargerð verðlagsstjóra um samnorræna verðkönnun á innfluttum vörum.

(23. ágúst 1978.)

Eins og ég hef áður gert grein fyrir í fjölmiðlum og ykkur er vafalaust kunnugt um, hefur eftirlit með verðlagi innfluttra vara verið hagað á þann veg hérlendis, að innflytjendur hafa sent Verðlagsskrifstofunni verðútreikninga yfir innfluttar vörur, ásamt fylgigögnum, m. a. erlendum innkaupareikningum. Verðlagsskrifstofan hefur yfirfarið þessa verðútreikninga og gengið úr skugga um, að þeir væru í samræmi við fylgiskjöl og heimilaðar álagningarreglur. Þetta kerfi hefur verið notað um áratuga skeið.

Ýmsir höfðu bent á, að þetta kerfi, sem unnið hefur verið eftir, væri hvergi nærri fullnægjandi, þar sem eftirlitið byggðist nær eingöngu á því að kanna, hvort álagning væri innan þeirra marka, sem verðlagsnefnd hefði ákveðið hverju sinni. Hins vegar væri ekki athugað, hvort innkaup væru í samræmi við eðlilegt markaðsverð erlendis, að öðru leyti en því sem áður er getið, að krefjast erlendra innkaupareikninga. Haustið 1976 fór ég þess á leit við viðskiptaráðherra, að hann heimilaði mér að gera tilraun til að kanna innkaup íslenskra innflytjenda frá Englandi. Könnun sú leiddi í ljós, að umtalsverður verðmunur var á innkaupum íslenskra innflytjenda og enskra starfsbræðra þeirra. Ekki var óalgengt, að sá munur væri óhagstæður Íslendingum um 15—20% og í einstaka tilvikum meiri. Jafnvel voru þess dæmi, að íslenskir innflytjendur keyptu inn frá útflutningsfyrirtækjum í Englandi á hærra verði en þeir hefðu getað keypt sömu vöru út úr búð í London. Þessi könnun var mjög einföld, en gaf þó ákveðnar vísbendingar.

Innflytjendur hér heima báru fyrir sig skýringar, sem Verðlagsskrifstofunni fundust léttvægar, en vegna þess hve könnunin var takmörkuð, taldi ég ekki rétt að ræða þessi mál opinberlega frekar að sinni. Ýmsir innflytjendur hafa þó síðar komið fram með raunhæfari skýringar og mun ég víkja að þeim hér á eftir.

Að frumkvæði viðskiptaráðuneytisins var mér falið á árinu 1975 að annast fyrir þess hönd samskipti við verðlagsyfirvöld á hinum Norðurlöndunum. Ég tók upp formleg samskipti við þau á því sama ári. Þegar niðurstöður af könnuninni í Englandi lágu fyrir, fór ég fram á það við verðlagsyfirvöld á Norðurlöndum, að gerð yrði samnorræn verðkönnun á innkaupsverði í því skyni að fá upplýst, hvort við hefðum einhverja sérstöðu í þeim málum. Strax var vel tekið í þessa hugmynd, en framkvæmdin dróst nokkuð af ýmsum tæknilegum ástæðum. Á vorfundi verðlagsyfirvalda hér heima í apríl s. l. var loks ákveðið að gera fyrstu reynslukönnunina á þessu sviði, sem skyldi vera tilbúin fyrir haustfund í september.

Niðurstöður þessarar reynslukönnunar liggja nú fyrir og enda þótt nokkurn fyrirvara þurfi að hafa á þessari fyrstu könnun, er ljóst að hún gefur svipaðar niðurstöður og Londonarkönnunin gerði 1976, hvað okkur Íslendinga varðar.

Könnunin náði til 30—40 vörutegunda, sem innfluttar voru til allra Norðurlandanna, og voru þær af sömu gerð og stærð. Þessi könnun var takmörkuð við innflutningsverð varanna. Með henni var verið að reyna að leiða í ljós, hvort nákvæmlega sömu vörur væru keyptar inn á mismunandi verði til hinna fimm landa. Vegna könnunarinnar voru haldnir sameiginlegir fundir í Osló til að skipuleggja og ákveða framkvæmd hennar.

Sjálf verðupptakan fór fram á tímabilinu 20. júní til 7. júlí s. l., samtímis í öllum löndunum. Öll gögn voru síðan send til Osló, þar sem úrvinnsla þeirra fór fram og er úrvinnslunni nú lokið. Samkomulag varð á milli landanna um að birta ekki opinberlega niðurstöður könnunarinnar um einstaka vörutegundir, en gera þess í stað grein fyrir heildarniðurstöðum hennar.

Könnunin sýnir ótvírætt, að við skerum okkur alveg úr, miðað við hinar Norðurlandaþjóðirnar, þar sem okkar innkaupsverð eru áberandi hæst. Vegna samkomulagsins um birtingu, sem ég gat um að framan, mun ég ekki gera grein fyrir útkomu einstakra vörutegunda, en til þess að gefa hugmynd um heildarniðurstöður könnunarinnar er hér eftirfarandi tafla, sem sýnir meðaltalsútkomu á innkaupsverðum hverrar þjóðar, og er Svíþjóð, sem kemur út með lægst meðaltalsverð, sett sem 100.

Svíþjóð	Danmörk	Noregur	Finnland	Ísland
100	103,6	103,6	104,7	126,7

Sé eingöngu litið á þessar tölur bendir allt til þess, að innkaup Íslendinga séu að meðaltali 21—27% óhagstæðari en innkaup hinna Norðurlandaþjóðanna. Þetta eru að vísu

meðaltalstölur og ber að taka þær sem slíkar, en þær gefa þó, að mínu áliti, óyggjandi vísbendingu um, að hér er um mjög alvarlegt vandamál að ræða, sem krefst skjótrar úrlausnar.

Sú spurning vaknar hverjar séu orsakir þess, að íslenskir innflytjendur virðast gera svona miklu óhagstæðari innkaup en innflytjendur á hinum Norðurlöndunum.

Ugglaust má finna fleiri en eina skýringu á þessu máli, en sú skýring, sem þó virðist nærtækust, er, að hið stranga og lítt sveigjanlega verðlagskerfi, sem við búum við, hafi í ýmsum tilvikum haldið álagningu í innflutningi svo lágri, að innflytjendur hafi af ráðnum hug gert óhagkvæm innkaup, tekið óeðlilega há umboðslaun erlendis og/eða flutt inn í gegnum óþarfa milliliði. Ýmsir kostnaðarliðir, sem Íslendingar kunna að greiða vegna sérstöðu sinnar, geta á engan hátt vegið þungt í þessu dæmi. Ég er síst að mæla þessum vinnubrögðum innflytjenda bót, en hins vegar verður ekki gengið fram hjá því, að álagning á innfluttri vöru hérlendis er mjög lág og því er ekki óvarlegt að álíta, að innflytjendur hafi bætt sér hana upp eins og að framan greinir. Sé þetta rétt virðist sem lækkun á álagningu innfluttra vara hafi verið mætt af hálfu innflytjenda með því að hækka hið erlenda innkaupsverð og ná sínum hlut þannig, en það hefur hins vegar í reynd í för með sér þveröfug áhrif við það, sem stjórnvöld stefndu að, þ. e. vöruverð hefur ekki lækkað, heldur þvert á móti hækkað, þar sem ofan á hið hækkaða erlenda innkaupsverð bætast tollar, vörugjald o. fl., sem allt er reiknað í hundraðstölu.

Nú kann einhver að segja: Er ekki lausnin á þessu vandamáli sú ein að gefa innflutningsverðlagningu frjálsa? Ég hef verið þeirrar skoðunar, að við eðlilegar aðstæður geti frjáls verðmyndun átt fullan rétt á sér, a. m. k. í ákveðnum greinum, en ég er ekki viss um, að frjáls verðmyndun geti upprætt þá óheilbrigðu starfshætti sem þarna hafa verið viðhafðir. Ég hef ástæðu til að ætla, að þótt fullt álagningarfrelsi væri hér heima mundi gæta tregðu hjá innflytjendum á því að lækka hið of háa erlenda innkaupsverð. Við skulum einnig gera okkur grein fyrir því, að hér geta jafnframt gripið inn í gjaldeyrismál og skattamál, og er ég því þeirrar skoðunar, að þessi mál verði ekki að fullu lagfærð nema með atbeina stjórnvalda.

Fylgiskjal IV.

Áfangaálit um aðgerðir vegna halla á viðskiptajöfnuði og samkeppnisstöðu iðnaðar.

Reykjavík, 11. mars 1983.

Hr. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra,
Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar um innflutningsmál hafa undirritaðir fjallað um hugsanlegar aðgerðir til að draga úr viðskiptahalla og styrkja samkeppnisstöðu innlendra atvinnugreina með aðgerðum í innflutningsmálum, sem samrýmast alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga um utanríkisviðskipti. Meðfylgjandi er áfangaálit undirritaðra um þetta efni, sem felur í sér ýmsar ábendingar og tillögur.

Um nokkra þætti innflutningsmála eru gerðar ákveðnar tillögur, sem unnt er að hrinda í framkvæmd nú þegar, en í öðrum tilvikum þarf frekari vinnslu áður en til aðgerða er gripið.

Með þessu bréfi hefur nefndin því lokið fyrsta áfanga verkefnisins og sendir yður hér með niðurstöður sínar.

Virðingarfyllst,
Þórður Friðjónsson
Ragnar Árnason.

I. Inngangur.

Sú kreppa, sem verið hefur í alþjóðaefnahagsmálum á síðustu þremur árum, hefur haft alvarleg áhrif á afkomu íslenskra atvinnuvega og stöðu þjóðarbúsins út á við. Þessu til viðbótar kemur sá vandi, sem stafar af verulegum og skyndilegum samdrætti í afla og framleiðslu sjávarafurða hér á landi. Umskipti í efnahag þjóðarbúsins hafa sjaldan orðið meiri og óvæntari en á síðasta ári. Þessi atriði valda því, að við meiri erfiðleika er nú að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar en verið hefur á síðustu 15 árum. Því ber brýna nauðsyn til að beita þeim aðferðum, sem unnt er, til að koma hagkerfinu á vaxtarbraut á ný. Aðgerðir, sem beinast að innflutningsmálum og samkeppnisskilyrðum innlends iðnaðar, geta verið hluti af slíkum heildarráðstöfunum.

Hin alþjóðlega kreppa hefur haft í för með sér mun þrengri markaði fyrir íslenskar iðnaðarvörur, og ekki síst útflutningsvörur. Þetta kemur fram í verðfalli (á raunvirði) og sölutregðu umræddra afurða. Jafnframt hafa erlendir framleiðendur margs konar iðnaðarvarnings aukið framboð sitt og sölustarfsemi á íslenskum markaði til þess að koma framleiðslu sinni í verð og beitt í því skyni m. a. styrktaraðgerðum og/eða undirboðum í sumum tilvikum að því er virðist.

Ýmislegt hefur auðveldað erlendum aðilum samkeppnina við innlenda framleiðendur. M. a. má nefna eftirfarandi atriði:

a) Íslensk iðnaðarframleiðsla býr að ýmsu leyti við erfið og skert samkeppnisskilyrði, bæði að því er varðar starfsskilyrði innanlands og ekki síður miðað við margvíslegan erlendan iðnað.
b) Margar íslensku iðngreinarnar eru enn að slíta barnsskónum.
c) Iðngreinarnar hafa ekki enn fengið nægilegt ráðrúm til að aðlagast þeirri stórminnkuðu toll- og innflutningsvernd, sem fylgdi í kjölfar viðskiptasamnings þjóðarinnar við EFTA og EBE.

Hið síðastnefnda má m. a. rekja til hins sérkennilega og erfiða efnahagsástands í heiminum nánast allan 8. áratuginn.

Hin aukna sókn erlendrar iðnaðarvöru inn á íslenska markaði skv. því, sem að ofan er rakið, hefur m. a. haft eftirfarandi afleiðingar:

1. Aukinn halla á viðskiptajöfnuði.
2. Alvarlegar horfur í vissum iðngreinum, þ. á m. má nefna trésmíðaiðnað, fataiðnað, skipasmíðar og hluta byggingariðnaðar.
3. Atvinnuminnkun og hætta á atvinnuleysi í vissum iðngreinum.

Rétt er að ítreka að kreppan hefur valdið þungum búsifjum um allan heim og ekki aðeins hér á landi. Iðnaði fjölmargra annarra þjóða hefur verið ógnað með áþekkum hætti. Margar þessara þjóða hafa gripið til gagnráðstafana af því tagi, sem hér eru til umræðu. Í því sambandi má m. a. nefna Bandaríkin og EBE. Þessar þjóðir hafa á undanförnum árum og missirum gripið til ýmissa ráðstafana til að draga úr innflutningi. Þeirra á meðal má nefna:

(i) Samninga við innflutningsaðila um að þeir dragi sjálfir úr innflutningi, ella verði gripið til annarra ráða.
(ii) Álagningu undirboðs — ("anti-dumping") og jöfnunartolla.
(iii) Innborgunarskyldu.

Þau almennu markmið, sem liggja til grundvallar þessari álitsgerð, eru eftirfarandi:

1. Að draga úr halla á viðskiptajöfnuði umfram það sem þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í gengismálum og tekjumálum, hafa í för með sér.
2. Að treysta samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda og stuðla að aukinni framleiðni og framleiðslu.
3. Að styrkja atvinnuástandið innanlands.
4. Að aðgerðirnar séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga.

Rétt er að undirstrika, að litið er svo á, að almennar efnahagsráðstafanir, peningamála-, ríkisfjármála- og tekjuaðgerðir falli utan viðfangsefnis þessarar greinargerðar. Athugunarefnið er fyrst og fremst beinar ráðstafanir í innflutningsmálum til að draga úr þeim greiðslujafnaðarerfiðleikum, sem við er að etja.

Með ofangreind atriði í huga var gerð viðfangsefnaskrá, sem fylgir með í II. hluta álitsins ásamt ábendingum og tillögum um einstaka liði. Í III. hluta er gerð tillaga um ráðstöfun þeirra tekna, sem umræddar tillögur kunna að hafa í för með sér, ef þær verða framkvæmdar.

II. Tillögur.

Með ofangreind atriði í huga hefur verið gerð viðfangsefnaskrá, sem hér fylgir að neðan, ásamt ábendingum og tillögum um einstaka liði.

1. **Breytingar á ytri tollum,** þ. e. öðrum tollum en lagðir eru á innflutning frá EFTA og EBE.

   Samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga er ákveðið svigrúm fyrir hendi til að hækka ytri tolla. Í þessu efni hefur fatainnflutning frá Austurlöndum einkum borið á góma. Á það ber hins vegar að benda að þessi innflutningur er e. t. v. ekki mesta áhyggjuefnið. Innlendir fataframleiðendur eru í mun meiri samkeppni við innflutning frá EFTA og EBE. Þess ber einnig að geta, að tiltölulega auðvelt, og raunar algengt, er að komast hjá hindrunum af þessu tagi með forinnflutningi til EFTA og EBE-landa og síðan til Íslands.

   Aðrar vörutegundir koma vafalaust einnig til greina í þessu samhengi og e. t. v. í vaxandi mæli á næstu árum. Um það liggja þó ekki fyrir haldgóð gögn á þessu stigi.

   Tillaga:

   Lagt er til, að viðkomandi ráðuneytum verði falið að kanna þennan kost í einstökum atriðum og gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum og tillögum innan fjögurra vikna.

2. **Beiting jöfnunartolla** þegar ástæða þykir til að ætla að samkeppnisvörur séu fluttar inn á óeðlilega lágu verði vegna stuðningsaðgerða í útflutningslandinu.

   Lögð er áhersla á, að kerfisbundin notkun á jöfnunartollum verði tekin upp hér á landi. Slíkt er heimilt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum landsmanna. Vert er að benda á, að stuðnings- og styrktaraðgerðir í öðrum löndum geta haft sérstaklega skaðvænleg áhrif á þróun innlendrar framleiðslu vegna smæðar fyrirtækja og markaða hér á landi miðað við hina erlendu samkeppnisaðila og vegna þess að ýmsar innlendar iðngreinar, sem verða fyrir samkeppni af þessu tagi, hafa enn ekki náð þeim þroska og styrk, sem að er stefnt.

   Tillaga:

   Lagt er til, að hafin verði kerfisbundin vinna á þessu sviði. Eðlilegast virðist, að viðskiptaráðuneyti, í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og innlenda aðila, annist framkvæmdir. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að aðgerðir hefjist tafarlaust.

3. **Beiting undirboðstolla** á vörur og vörutegundir, sem eru fluttar inn á undirboðsverði.

   Um þetta atriði gildir að mörgu leyti það sama og í lið 2 hér á undan. Innlendir framleiðendur eru sérstaklega viðkvæmir fyrir undirboðum vegna þess hversu lítil fyrirtæki hér eru og oft á viðkvæmu þroskastigi. Enn fremur er markaðurinn lítill og því fylgir tiltölulega lítill kostnaður fyrir stór fyrirtæki erlendis að undirbjóða meðan þau eru að ná fótfestu á markaðnum.

Tillaga:

Lagt er til, að fjármálaráðuneytinu, í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og innlenda aðila, verði falið að annast virkt kerfisbundið eftirlit og tollaaðhald á þessu sviði. Í því sambandi virðist æskilegt að flytja sönnunarbyrðina í ríkari mæli yfir á innflytjendur og erlenda framleiðendur en verið hefur.

4. **Sérstakt tímabundið þróunargjald.**

Rökin fyrir slíku gjaldi eru fjölmörg. Hér verða aðeins nefnd hin helstu. Í fyrsta lagi er við verulegan greiðslujafnaðarerfiðleika að etja vegna mikils samdráttar í þjóðarframleiðslu. Í slíkum tilvikum er heimilt að beita mun harðari aðgerðum en álagningu tímabundins þróunargjalds samkvæmt 19. og 20. gr. viðskiptasamnings við Fríverslunarbandalagið og svipuðum ákvæðum, sem fullnægjandi virðast, í samningum við Efnahagsbandalagið. Í öðru lagi reyndist aðlögunartími íslensks iðnaðar að fríverslun vera á ófyrirséðum ólgutímum í alþjóðaefnahagsmálum sem olli margvíslegum erfiðleikum og því illa nýttur til uppbyggingar á íslenskum iðnaði. Í þriðja lagi eru í undirbúningi aðgerðir til að jafna starfsskilyrðum atvinnuveganna, sem hafa skekkt samkeppnisskilyrði íslensks iðnaðar.

Áherslu ber að leggja á, að þessi aðgerð, sérstakt tímabundið þróunargjald, er mun vægari en heimilt er að beita við þá efnahagserfiðleika, sem nú er við að etja á Íslandi, skv. samningum okkar við EFTA og EBE. Því er góð von til þess, að þessi samtök fallist á eða mótmæli a. m. k. ekki þessu gjaldi.

Það eru enn fremur góð rök fyrir því, að álagning þróunargjalds sé betri kostur með tilliti til þróunar hagkerfisins en sértækar ráðstafanir og muni því skila betri árangri fyrir þjóðarbúið.

Tillaga:

Lagt er til að sem fyrst verði lagt tímabundið þróunargjald á sömu vöruflokka innfluttra iðnaðarvara og aðlögunargjaldið var lagt á á sínum tíma. Sérstakri sendinefnd verði nú þegar falið að ræða um álagningu þróunargjaldsins við fulltrúa EFTA- og EBE-landa. Gjaldið verði 3—4% í upphafi en lækki að 6—12 mánuðum liðnum stig af stigi uns það falli úr gildi 18—24 mánuðum eftir að það var upphaflega lagt á.

T. d. má nefna að nánari útfærsla gæti verið sem hér segir:
1. maí 1983 4% þróunargjald.
1. jan. 1984 3% þróunargjald.
1. júlí 1984 2% þróunargjald.
1. jan. 1985 1% þróunargjald.
1. júlí 1985 þróunargjaldið fellt niður.

5. **Tímabundin og sveigjanleg innborgunarskylda.**

Talið er að innborgunarskylda hefði tiltölulega lítil áhrif, nema fyrst eftir að hún er lögð á. Einnig gerir hún upp á milli fjársterkra fyrirtækja í innflutningsverslun og fyrirtækjum með takmarkaðra lausafé og hefur að þessu leyti óæskileg áhrif, a. m. k. þegar til lengdar lætur. Þess má geta, að vafasamt er talið, að innborgunarskyldan samrýmist viðskiptasamningum Íslendinga þó henni hafi oft verið beitt, m. a. af ýmsum aðildarlöndum EFTA og EBE.

Tillaga:

Að því gefnu, að samkomulag náist um árangursríkari aðgerðir og þær komist skjótt til framkvæmda, er hér ekki gerð tillaga um upptöku innborgunarskyldu. Ef dráttur verður á aðgerðum skv. liðum 2, 3 og 4 hér að framan, eða þær ná ekki tilgangi sínum, er lagt til að alvarlega verði íhugað að beita sérstakri innborgunarskyldu sem bráðabirgðaráðstöfun þar til endanlegri lausn finnst.

6. **Takmarkanir svonefndra vörukaupalána.**

Vörukaupalán ná nú einkum til innfluttra hráefna og fjárfestingarvara. Annar innflutningur, s. s. einkabílar, heimilistæki, unnin vefnaðarvara og almennar neysluvörur, er ekki heimilaður með gjaldfresti. Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál setur reglur um vörukaupalán.

Tillaga:

Lagt er til, að samstarfsnefnd um gjaldeyrismál verði falið í samráði við viðkomandi ráðuneyti að kanna framkvæmd ákvæða um gjaldfresti og möguleika á að þrengja slíkar heimildir að því er varðar fullunnar vörur. Niðurstöður þeirrar athugunar skulu lagðar fyrir ríkisstjórn innan fjögurra vikna.

7. **Innflutningskvótar.**

Beinar magntakmarkanir á innflutningi geta með ýmsum hætti haft neikvæð áhrif á efnahagslífið. Við þær aðstæður, sem nú er við að etja í þjóðarbúskapnum, kunna þær þó að vera réttlætanlegar til bráðabirgða. Slíkar aðgerðir eru heimilar skv. ákvæðum 19. gr. viðskiptasamningsins við EFTA.

Tillaga:

Miðað við, að aðrar heppilegri aðgerðir, sem að framan hefur verið lýst, verði framkvæmdar, er ekki gerð tillaga um beitingu innflutningskvóta.

Ef þróunargjaldið (liður 4) verður hins vegar ekki samþykkt verður að endurskoða þessa afstöðu.

8. **Sérstakar aðgerðir** til að styrkja samkeppnisstöðu einstakra framleiðslugreina, sem eiga í erfiðleikum.

Í 20. gr. EFTA-samningsins eru heimildir fyrir slíkum aðgerðum. Almennt er þó varhugavert að beita sértækum aðgerðum, nema þegar við umtalsverða erfiðleika er að etja í tilteknum innlendum framleiðslugreinum.

Tillaga:

Lagt er til að gerð verði úttekt á þeim iðngreinum, sem verst eru settar með tilliti til samkeppnisstöðu, og í framhaldi af því tekin afstaða til, hvort beita beri þessum heimildum. Iðnaðarráðuneytið annist þessa athugun í samráði við önnur viðkomandi ráðuneyti og stofnanir. Niðurstöður verði lagðar fyrir ríkisstjórn innan 8 vikna.

Aðgerðir samkvæmt þessum lið verði ákveðnar með hliðsjón af því, hvernig þróunargjaldinu reiðir af.

9. **Auknar kröfur um gæði, vörumerkingar, upprunamerkingar, staðla o. þ. h.**

Í gildi eru margvísleg lög og reglugerðir um þessi efni, sem íslenskir eftirlitsaðilar hafa ekki framfylgt sem skyldi og er því flutt inn mikið magn af varningi, sem annaðhvort uppfyllir ekki núverandi skilyrði eða eðlilegt er að setja frekari reglur um. Jafnframt kemur til greina að setja nýjar reglur og auknar kröfur í þessu efni. Alþekkt er að ýmsar þjóðir beita reglum af þessu tagi til að vernda iðngreinar sínar með góðum árangri. Sjálfsagt virðist því fyrir Ísland að kanna þessar leiðir og beita eins og sanngjarnt virðist.

Hins vegar ber þess að geta, að kröfur af þessu tagi geta auðveldlega haft neikvæð áhrif á efnahagslífið í heild líkt og aðrar innflutningstakmarkanir. Kröfur af þessu tagi þurfa því að vera í sífelldri endurskoðun og þeim má ekki ofgera.

Tillaga:

Lagt er til, að viðkomandi ráðuneytum verði falið að hefjast þegar handa um ráðstafanir á þessu sviði. Jafnframt verði samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu falið að flýta úttekt sinni á þessum málum og leggja tillögur sínar fram innan fjögurra vikna.

10. **Óformlegt samkomulag um takmarkanir á innflutningi.**

Til greina kemur að reyna að fá innflytjendur, bæði hina erlendu framleiðendur og innflutningsfyrirtækin, til að takmarka innflutning á tilteknum vörum. Þessi aðgerð tíðkast nú mjög í viðskiptum þjóða, þar sem iðngreinar innflutningsþjóðarinnar standa verulega illa að vígi gagnvart innflutningi. En þess ber að geta, að slíkar aðgerðir hafa yfirleitt ekki átt sér stað í viðskiptum EFTA- og EBE-þjóða innbyrðis. Í meginatriðum er um það að ræða, að innflytjandanum er gert það ljóst, með hótunum um harðari aðgerðir, að hagsmunir hans felist í því að takmarka innflutninginn „sjálfviljugur". Ekki er þess að vænta að aðrar aðferðir dygðu hér á landi. Vegna smæðar markaðarins hér á landi og skuldbindingar okkar gagnvart EFTA og EBE er þó ólíklegt, að áhrifamáttur hótana af okkar hálfu reyndist mikill, nema í sérstökum tilfellum. Sennilega yrðu innlendu innflutningsfyrirtækin næmari að þessu leyti en erlendu framleiðslufyrirtækin.

Undir þennan lið má einnig fella — og e. t. v. ekki síður — sérstakar aðgerðir til að hvetja stofnanir og fyrirtæki, ekki síst opinber, ásamt neytendum til að kaupa íslenskar framleiðsluvörur öðrum fremur. Hér er í rauninni um að ræða afbrigði af auglýsingaherferð. Hvað óopinbera aðila snertir er ólíklegt, að árangur yrði teljandi, nema því aðeins að innlendar vörur hafi kosti, sem markaðurinn hefur ekki áttað sig fyllilega á.

Tillaga:

Lagt er til, að viðskiptaráðuneytinu verði falið að kanna möguleika að þessu leyti í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórn innan fjögurra vikna.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, má nefna hér tvö atriði til viðbótar, sem gætu haft talsverð áhrif á innflutning og samkeppnisstöðu innlendra iðngreina, þó að viðfang þeirra sé ekki beinlínis innflutningurinn.

11. **Auglýsingar.**

Með afnotum af erlendum auglýsingum, að stofni til, sem hannaðar eru fyrir miklu stærri markaði, hafa innflytjendur verulegt hagræði umfram innlenda samkeppnisaðila. Einkum á þetta við hvað snertir auglýsingar í sjónvarpi, þar sem kostnaðurinn við gerð auglýsingar er oft helmingi eða meira af heildarauglýsingakostnaðinum.

Til greina kemur því að jafna þennan mun að nokkru með því að lækka álögur á aðföng til innlendrar auglýsingagerðar eða með sérstöku gjaldi á notkun erlendra stofnauglýsinga í innlendum auglýsingum. Með því að auglýsingar yfir vissu marki eru varasamar frá hagfræðilegu sjónarmiði kemur einnig til greina að leggja á almennan auglýsingaskatt, þar sem gert væri upp á milli innlendra og erlendra auglýsinga.

Tillaga:

Lagt er til, að þetta mál, sem er margslungið, verði tekið til sérstakrar athugunar á vegum ríkisstjórnarinnar og m. a. með þátttöku fjármála- og menntamálaráðuneytis og hagsmunaaðila.

12. **Gjaldfrestir í smásölu.**

Til greina kemur að takmarka gjaldfresti þá og afborgunarskilmála, sem veittir eru í smásölu margs konar innfluttra vara, einkum varanlegra neysluvara. Margar þjóðir hafa sett reglur hér að lútandi, einkum til að vernda hagsmuni neytenda. Reglur af þessu tagi kunna þó greinilega að hafa áhrif á sölu og síðan innflutning, sérstaklega þegar til skamms tíma er litið.

Miðað við þau markmið, sem lýst er í inngangi, er æskilegt, að reglur af þessu tagi taki fullt tillit til þess, að innlendir framleiðendur bjóða í vissum tilvikum, t. d. húsbagnaiðnaði, betur að þessu leyti en hinir erlendu samkeppnisaðilar.

Flest bendir til þess, að áhrif aðgerða að þessu leyti yrðu skammæ, mest fyrst, og hyrfu fljótlega þegar viðkomandi aðilar fyndu söluleiðir sem næðu svipuðum tilgangi.

Takmarkanir á gjaldfresti gætu því haft svipuð áhrif og innborgunarskyldan, sem um var rætt hér að framan, og hefur hliðstæða kosti.

Tillaga:

Lagt er til, að á vegum viðskiptaráðuneytisins og með þátttöku annarra viðkomandi ráðuneyta og stofnana verði þetta atriði tekið til athugunar og niðurstöður lagðar fyrir ríkisstjórn innan átta vikna.

III. Ráðstöfun tekna.

Búast má við að ofangreindar aðgerðir, sem tillögur hafa verið gerðar um, muni skila umtalsverðum tekjum, einkum þróunargjaldið. Áætla má, að það skili nálægt 80—100 millj. kr. á einu ári. Gerð er tillaga um, að ráðstöfun þessara tekna verði í samræmi við markmiðin með aðgerðunum og raunar liður í þeim. Nánar tiltekið er lagt til að tekjunum verði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1) Til þróunar og tækniværðingar iðngreina. Þar á meðal má sérstaklega nefna framlög til:
   a) Iðnrekstrarsjóðs.
   b) Iðnlánasjóðs.
   c) Útflutningslánasjóðs.
   d) Sérstakra verkefna til að efla iðnað í samráði við samtök iðnrekenda og starfsfólks í iðnaði.
2) Til að lækka tolla og önnur aðflutningsgjöld á aðföngum íslenskra iðngreina eftir því sem við á og slíkt er fyrir hendi.
3) Til ráðstafana til að draga úr verðlagsáhrifum aðgerðanna.

IV. Lokaorð.

Ítreka ber að lokum, að innflutningstakmarkanir af því tagi, sem um hefur verið rætt, eru tvíeggjað vopn. Meðfylgjandi tillögur helgast fyrst og fremst af þeim erfiðu aðstæðum, sem þjóðarbúið og vissar iðngreinar búa nú við. Tillögur okkar eru því um bráðabirgðaráðstafanir. Með því er þó ekki sagt, að einhverjir þættir þeirra eigi ekki rétt á sér til lengri tíma. Þvert á móti kann svo vel að vera, einkum hvað snertir liði 2, 3 og 9 í kafla II. Áherslan hér er hins vegar á það, að langvarandi innflutningstakmarkanir, hverju nafni sem þær nefnast, hafa auðvitað áhrif á þróunarstefnu hagkerfisins og þeim mun meira sem þær eru langvinnari. Þessi áhrif geta verið bæði jákvæð og neikvæð, en fyrst og fremst er torvelt að sjá þau fyrir. Innflutningstakmarkanir til frambúðar þurfa því miklu meiri undirbúningstíma en hér hefur gefist kostur á. Þær þurfa enn fremur að vera í stöðugri endurskoðun í ljósi breytilegra aðstæðna.

Fylgiskjal V.

SÍS í klípu vegna skattrannsóknar:

Fimm milljóna dala mismunur

Skattrannsóknarstjóri virðist hafa sett Samband íslenskra samvinnufélaga í verulega klípu. Við umfangsmikla rannsókn hefur uppgötvast að fimm milljónir Bandaríkjadala hafa verið millifærðar frá Kaffibrennslu Akureyrar hf., sem er eign SÍS og KEA, til Sambandsins.

Háttsettur maður í fjármálalífi landsins hefur í samtali við blaðamann DV líkt máli þessu við Olíufélagshneykslið fyrir aldarfjórðungi.

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra hefur undanfarið ár kannað viðskipti Sambandsins og dótturfyrirtækja þess. Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka og verðlagsstjóri hafa aðstoðað.

Kaffibrennslan, en frá henni er Braga-kaffi, greiddi á þriggja ára tímabili, frá 1979 til 1982, alls 16 milljónir dollara fyrir kaffibaunir frá Brasilíu. Kaupin fóru í gegnum NAF, samvinnufyrirtæki í Danmörku, sem SÍS hefur umboð fyrir.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum blaðsins hefur við skattrannsóknina komið í ljós að í raun voru ekki nema 10,5 milljónir dollara greiddar fyrir kaffibaunirnar. Mismunurinn 5,5 milljónir dollara, rann til SÍS. Í íslenskum krónum nemur mismunurinn á núgildandi gengi yfir 220 milljónum.

Mismunurinn var bókfærður hjá Sambandinu sem afsláttur og umboðslaun en hefði að verulegu leyti átt að vera í sjóði Kaffibrennslunnar. Þáverandi framkvæmdastjóri Kaffibrennslunnar vissi ekki um þessa millifærslu ráðamanna SÍS.

Stjórn Sambandsins ákvað í sumar, þegar rannsóknin var komin vel á veg, að endurgreiða Kaffibrennslunni fjárhæð sem samsvarar 2,8 milljónum dollara á gengi ársins 1980 eða um 18 milljónir íslenskra króna. Áður hafði Sambandið endurgreitt Kaffibrennslunni 1,4 milljónir dollara.

Gunnar Karlsson, núverandi framkvæmdastjóri Kaffibrennslunnar, staðfesti í gær að Sambandið hefði endurgreitt 18 milljónir króna. Gunnar sagði jafnframt að vextir gætu numið annarri eins fjárhæð.

„Þetta spannst um leiðréttingu á umboðslaunum. Það er ekki litið á þetta sem skattsvik," sagði Gunnar.

„Ég hef ekkert um þetta að segja," sagði Valur Arnþórsson, stjórnarformaður bæði Sambandsins og Kaffibrennslunnar og kaupfélagsstjóri Eyfirðinga, þegar blaðið leitaði til hans.

„Ég get ekki sagt neitt um þetta mál ennþá," sagði Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri. Hann sagði þó rannsókninni að mestu lokið.

DV fékk sömuleiðis lítil svör frá forstöðumanni gjaldeyriseftirlitsins, Sigurði Jóhannessyni. Sigurður taldi líklegt að málið yrði sent ríkissaksóknara að rannsókn lokinni.

(DV, 3. jan. 1985.)

SÍS undir smásjá skattrannsóknarstjóra:

Hálf milljón dollara ekki skilað sér til landsins

— tvöfalt reikningakerfi á kaffikaupum frá Brazilíu

Umfangsmikil rannsókn á bókhaldi Sambands íslenskra samvinnufélaga og dótturfyrirtækisins Kaffibrennsla Akureyrar hf., sem framleiðir Bragakaffi, hefur leitt í ljós, að endurgreiðslur opinberra kaffisala í Brazilíu fyrir sölu á kaffi á árunum 1979, 1980 og 1981 höfnuðu í sjóðum Sambandsins en ekki kaffibrennslunnar. Rannsókn á vegum skattrannsóknarstjóra er nú lokið en gjaldeyriseftirlit Seðlabankans kannar enn hvað orðið hefur um hálfa milljón Bandaríkjadala (jafnvirði tæplega 20,3 millj. ísl. kr.), sem ekki hafa skilað sér til íslenskra gjaldeyrisyfirvalda.

Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins framvísaði Sambandið reikningum án þess afsláttar, sem sölufyrirtækið í Brazilíu veitti, er fengnar voru gjaldeyrisyfirfærslur til að borga fyrir kaffið. Munaði þar 45—50%, eins og sést best á því að yfirfært var fyrir samtals 16 milljónir dollara (jafnvirði tæpl. 650 milljóna króna á gengi dagsins) en í raun ekki greidd nema hálf ellefta milljón dala. Mismunurinn 5,5 miljónir dala (223 millj.), hafnaði í sjóðum SÍS en var endurgreiddur Kaffibrennslu Akureyrar hf. að langmestu leyti þegar rannsóknin stóð sem hæst á sl. ári. Enn hefur Sambandið ekki endurgreitt dótturfyrirtæki sínu á Akureyri allan vaxtakostnað, sem kaffibrennslan hafði af því að fá ekki afsláttinn sér til góða.

Viðskipti þessi annaðist skrifstofa SÍS í London, sem á umræddum tíma heyrði beint undir Erlend Einarsson, forstjóra Sambandsins. Kaffið var keypt í gegnum Nordisk Andelsforbund (NAF), innkaupasamband samvinnufélaga á Norðurlöndum, sem Sambandið hefur umboð fyrir og Erlendur Einarsson er stjórnarmaður í. Samkvæmt upplýsingum Mbl. munu þessi viðskipti hafa farið fram þannig, að brazilíska sölufyrirtækið veitir kaupendum afslátt. Þannig hafi til dæmis verið keypt kaffi fyrir 200 dollara og af því hafi helmingurinn verið reiknaður í afslátt eða bónus á næstu kaup. Þá hafi verið keypt fyrir 300 dollara en til góða var bónus upp á 100 og því hafi komið reikningur til skrifstofu SÍS í London fyrir 300 dali að frátöldum áðurnefndum 100. Nýr 300 dala reikningur hafi verið sendur heim til Íslands og yfirfærður gjaldeyrir eftir honum en mismunurinn verið færður sem afsláttur og umboðslaun í bækur Sambandsins. Sömuleiðis mun hafa komið í ljós, að reikningar hafi verið hækkaðir með umboðslaunum — þ. e. umboðslaunum hafi verið bætt ofan á reikninga.

Forstöðumaður skrifstofu SÍS í London, Siguður Á. Sigurðsson, vildi í gær ekki tjá sig um málið. Mbl. tókst ekki að ná í Erlend Einarsson, forstjóra, eða Val Arnþórsson, stjórnarformann SÍS og Kaffibrennslu Akureyrar hf. Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri verslunardeildar Sambandsins, sem annast öll innkaup, sagði í gærkvöld að ekki hefði verið ljóst á sínum tíma hversu mikill afsláttur fengist — það hefði getað tekið nokkra mánuði að sjá hversu mikils virði hann væri vegna þess hve innkaupin hefðu verið stopul. „Við vissum eiginlega ekki hvað var að gerast, við héldum að þessi bónus yrði miklu minni," sagði hann. „Það var raunar öllum ljóst, að þarna var að myndast fjármagn en við héldum að það myndi flæða undan og að það myndi gerast miklu fyrr en raun varð á. Þegar þetta kom í ljós fórum við að velta fyrir okkur hver væri réttur hvers — okkar sem umboðsmanns og Kaffibrennslu Akureyrar hf. sem kaupanda — og komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri kaffibrennslan, sem ætti þetta fé. Því hefur það verið greitt þangað. Það hefur enginn einstaklingur hagnast á þessu, þetta mál er alls ekki þannig vaxið."

Í DV í gær var haft eftir Sigurði Jóhannessyni, forstöðumanni gjaldeyriseftirlits Seðlabankans, að hann reiknaði með að þegar athugun eftirlitsins væri lokið yrði málið sent ríkissaksóknara til meðferðar.

(Mbl., 4. jan. 1985.)

Kaffibrennslan og Sambandið:

Rannsókninni lýkur eftir einn mánuð

Það er ekki langt í það að við ljúkum þeirri vinnu sem við þurfum að leggja í þetta, kannski um það bil mánuður," sagði Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður gjaldeyriseftirlits Seðlabankans, um rannsókn á kaffiinnkaupum Sambandsins og dótturfyrirtækis þess, Kaffibrennslu Akureyrar.

Sigurður vildi ekkert segja um hvort enn væri verið að kanna hvað orðið hefði um hálfa milljón Bandaríkjadala í þessum viðskiptum.

Að rannsókn lokinni mun skattrannsóknarstjóri taka ákvörðun um frekara framhald málsins — hvort það verður sent ríkissaksóknara.

(DV, 8. jan. 1985.)

Kaffibaunainnflutningurinn:

Rannsókn hafin á kaffiinnflutningi í Danmörku

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins telja þeir, sem rannsaka kaffibaunainnflutning Sambands íslenskra samvinnufélaga hugsanlegt að SÍS hafi lagt fram röng skjöl um

innflutninginn fyrir Kaffibrennslu Akureyrar hf. frá Brazilíu og þannig gerst brotlegt við lög um bókhald, gjaldeyris- og viðskiptamál og verðlagseftirlit. Við rannsókn þessa máls, sem frá var greint í Mbl. í gær, hefur einnig komið fram að við innflutning á skóm á vegum Sambandsins hafði innkaupsverðið hækkað um 25% frá raunverulegu kaupverði þegar það var skráð á innflutningsskýrslur fyrirtækisins. Þetta er samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum, sem Mbl. hefur aflað sér.

Eins og fram kom í blaðinu í gær voru fengnar gjaldeyrisyfirfærslur vegna kaffibaunasendinga frá Brazilíu með tvöföldu reikningakerfi — þ. e. fyrir gjaldeyris- og verðlagsyfirvöld voru lagðir aðrir reikningar en þeir, sem raunverulega var borgað eftir.

Rannsókn á kaffiinnflutningi í Danmörku

Garðar Valdimarsson, skattrannsóknarstjóri, staðfesti í samtali við blaðamann Mbl. í gær, að í Danmörku væri nú hafin rannsókn á kaffiinnflutningi en þar í landi eru höfuðstöðvar innkaupasambands samvinnusambanda, NAF, sem SÍS er aðili að og umboðsmaður fyrir. Samkvæmt norrænum samningum um skattamál og skattaeftirlit hefur embætti skattrannsóknarstjóra sent dönskum skattayfirvöldum upplýsingar og kynnt þá rannsókn, sem hér hefur farið fram á undanförnum misserum.

Í framhaldi af frétt blaðsins í gær um að enn hefði um hálf milljón Bandaríkjadala ekki skilað sér til gjaldeyrisyfirvalda hér, eins og áskilið væri með lögum, hafði Mbl. samband við Sigurð Jóhannesson, forstöðumann gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands. Hann kvaðst ekki vilja staðfesta tölur þar að lútandi en sagði að undanfarna áratugi hefðu engin ákveðin tímamörk verið sett um gjaldeyrisskil í alþjóðaviðskiptum. „Það er talað um að þetta gerist ekki án óeðlilegs dráttar en mat á hvað er óeðlilegur dráttur hefur vafist nokkuð fyrir mönnum. Þrátt fyrir nokkrar umræður hefur þessu ekki verið breytt," sagði hann.

Óeðlilegur dráttur á gjaldeyrisskilum

Sigurður sagði aðspurður það vera sitt mat, að þrjú ár væru óeðlilegur dráttur á gjaldeyrisskilum og jafnvel eitt ár; það gæti þó farið eftir hvernig málið væri vaxið. Samkvæmt lögum um gjaldeyris- og viðskiptamál eru þung viðurlög við brotum á skilaskyldu, þungar sektir og jafnvel varðhald auk hugsanlegrar sviptingar atvinnuréttinda og eignaupptöku. Mál af því tagi er farið með að hætti opinberra mála.

Rannsókn málsins hefur staðið síðan haustið 1983 og ætti að ljúka á næstu vikum, að sögn Sigurðar Jóhannessonar. „Þetta er nokkuð mikið mál — mikið talnaflóð og skjalafjöldi — en ég giska á að þessu ljúki hér á næstunni," sagði hann.

Eins og fram hefur komið hófst rannsóknin með því að af hálfu skattrannsóknarstjóra voru dregin af handahófi tíu fyrirtæki út úr 100 stærstu fyrirtækjum landsins, þar með talin Sambandið og Kaffibrennsla Akureyrar hf., og farið nákvæmlega í bókhaldsgögn fyrirtækjanna. Fljótlega beindist grunur að kaffiviðskiptunum enda kom snemma í ljós, að Kaffibrennsla Akureyrar hf. hafði borgað 16 milljónir dala fyrir sömu kaffibaunir og Sambandið hafði keypt á 10,5 milljónir.

Svipað innflutningsverð hjá Kaaber

Við ákvörðun kaffiverðs, sem til skamms tíma var háð verðlagsákvæðum, var um langt árabil stuðst við innflutningsskjöl frá Kaffibrennslu O. Johnson & Kaaber, sem lengi hafði verið leiðandi á þeim markaði hérlendis. Þau gögn, sem Kaffibrennsla Akureyrar hf. lagði fyrir verðlagsyfirvöld, höfðu ekki nema óbein áhrif á verðlagningu á kaffi, að því er Georg Ólafsson, verðlagsstjóri, sagði í samtali við blm. Morgunblaðsins í gær. Innkaupsverð fyrirtækjanna beggja var svipað á árunum 1979—1981, jafnvel heldur hærra hjá Kaaber.

En hefði þá ekki afsláttur kaffiútflutningsráðs Brazilíu til kaffikaupenda hérlendis átt að

skila sér í smásöluverði til neytenda bæði neytenda Bragakaffis frá Akureyri og Kaaberkaffis? Erlendur Einarsson, forstjóri Sambandsins, sagði í gær að kaffiverð hefði verið 30—40% lægra hér en t. d. á Norðurlöndum á þessum árum en vísaði að öðru leyti til fréttatilkynningar Sambandsins, sem birt er á bls. 12 í blaðinu í dag. Ólafur Ó. Johnson, forstjóri O. Johnson & Kaaber, sagðist í samtali við blaðamann Mbl. telja að afsláttur Brazilíumanna hefði lækkað kaffiverð hér. Hann kvaðst ekki vilja svara fyrir Sambandið, engar athugasemdir hefðu verið gerðar við útreikninga Kaaber, sem hefðu farið rétta boðleið til verðlagsyfirvalda.

Önnur rannsókn?

En var þá ekki afsláttur Brazilíumanna til Kaaber verulegur ekki síður en Sambandsins? „Ég get ekki svarað fyrir Sambandið. Ég veit ekki hvaða afslátt þeir hafa fengið í gegnum NAF, sem er með stærri kaffikaupendum í heiminum. Bónusar hafa verið í ýmsu formi, misháir eftir magni. Mér er ókunnugt um hvaða kjörum aðrir hafa verið á, en það er réttast að spyrja verðlagsstjóra um hvort afslátturinn hefur skilað sér í verði til neytenda," sagði Ólafur Ó. Johnson.

(Mbl., 5. jan. 1985.)

Viðbrögð Sambandsins við uppljóstrun DV á Kaffibrennslumálinu:

Valur ráðfærir sig við stjórnarmenn

Hvort áttu verulegir afslættir Brazilíumanna á kaffiverði að renna í sjóði Sambandsins eða Kaffibrennslu Akureyrar hf., dótturfyrirtækis SÍS? Kaffibrennslan keypti kaffibaunir fyrir 16 milljónir Bandaríkjadala á þremur árum í gegnum danskt samvinnufyrirtæki, sem Sambandið hefur umboð fyrir. Gífurlegar fjárhæðir, um fimm milljónir dollara, voru gefnar í afslátt og endurgreiddar. SÍS bókfærði þá peninga sem sína eign.

Fyrir vikið fengu fjármunirnir aðra skattameðferð en þeir hefðu annars fengið hjá Kaffibrennslunni, sem er hlutafélag.

Valur Arnþórsson, stjórnarformaður Sambandsins og Kaffibrennslunnar, hafði eftirfarandi að segja eftir að DV hafði birt forsíðufrétt um málið í gær:

„Eins og fram hefur komið áður, hefur staðið yfir skattrannsókn gagnvart Sambandinu og þá vegna þess að Sambandið lenti í útdrætti, sem skattayfirvöld framkvæma annað slagið. Sambandið var sem sagt dregið út fyrir nokkru og hefur síðan verið í rannsókn. Það er út af fyrir sig fullkomlega eðlilegt.

Þeirri rannsókn er ekki lokið. Ég hef hins vegar miðað við það, sem stjórnarformaður Sambandsins, að þegar rannsókninni væri lokið og niðurstöður hennar lægju fyrir þá myndi stjórn Sambandsins, eftir því sem efni kynnu að standa til, láta frá sér fara upplýsingar um niðurstöður rannsóknarinnar og jafnvel þó að niðurstöður lægju ekki fyrir þegar kemur að aðalfundi Sambandsins í vor að þá myndi ég þar gefa upplýsingar um það hvernig málið stendur.

Mér hefur ekki fundist tímabært að vera með opinberar upplýsingar um rannsóknina fyrr en niðurstöður liggja fyrir. Ég er reyndar enn þá þeirrar skoðunar þó að ég muni vissulega núna ráðfæra mig við aðra stjórnarmenn í Sambandinu, við skattrannsóknarstjóra, og kanna hvort við teljum tök á því að senda frá okkur fréttatilkynningu núna alveg á næstunni," sagði Valur Arnþórsson.

(DV, 4. jan. 1985.)

Fréttatilkynning SÍS um kaffiviðskiptin:

Sambandið lagt fram þau gögn og upplýsingar sem óskað var.

„Sambandið telur sig þegar hafa sýnt fram á það, við rétt yfirvöld, að öllum endurgreiðslum vegna kaffiverðbóta og afsláttar hafi verið skilað til íslenskra gjaldeyrisbanka og grein fyrir þeim gerð, svo fljótt sem efni stóðu til," segir m. a. í fréttatilkynningu, sem Mbl. hefur borist frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga í framhaldi af fréttum um skattrannsókn á SÍS og dótturfyrirtæki þess og KEA, Kaffibrennslu Akureyrar hf.

Fréttatilkynningin fer hér á eftir:

„Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum var Samband íslenskra samvinnufélaga dregið út til skattrannsóknar fyrir nokkru síðan. Í framhaldi af því hafa nýverið birst blaðaskrif þar sem fjallað er um viðskipti Sambandsins og samstarfsfyrirtækis þess, Kaffibrennslu Akureyrar hf., og afslátt þann og endurgreiðslur sem fengust af innfluttum kaffibaunum.

Þar sem viðskipti þessi eru allflókin og sérstæð þykir rétt að eftirfarandi komi fram:

1. Upphæðir þær sem rætt er um eru endurgreiðslur eða verðtryggingabætur, greiddar af kaffiútflutningsráði Brazilíu, sem heyrir undir iðnaðar- og verslunarráðuneytið þar í landi, og taka endurgreiðslurnar mið af verðlagsþróun kaffis á heimsmarkaði. Þar sem Ísland er ekki aðili að Alþjóðakaffistofnuninni, sem eru samtök ríkja kaffiseljenda og kaffikaupenda, hafa hérlendum kaffikaupendum oftlega boðist hærri verðtryggingabætur en gilda fyrir meðlimaþjóðirnar sem skuldbinda sig til þess að halda uppi ákveðnu lágmarkskaffiverði.

   Auk þess er Sambandið aðili að NAF, Samvinnusambandi Norðurlanda, sem m. a. annast innkaup á kaffi fyrir öll samvinnusamböndin á Norðurlöndum, auk ýmissa annarra samvinnusambanda í Evrópu.

   Þannig er NAF einn af stærstu kaffiinnflytjendum í Evrópu og hefur Sambandið notið hagstæðra viðskiptakjara vegna þessa samstarfs.
2. Endurgreiðslurnar eru á ýmsan hátt skilyrtar t. d. varðandi ráðstöfun og afhendingartíma einstakra sendinga. Þær er aldrei hægt að draga frá verði þeirrar sendingar sem þær reiknast af, heldur eingöngu frá framtíðarkaffikaupum. Hér er því í reynd um að ræða ávísanir á afslátt sem síðar kann að verða hægt að nota, enda sé gætt ákvæða svo sem um skilvísa greiðslu fyrri kaupa, tilskilið viðbótarmagn keypt innan ákveðins tíma, o. s. frv.
3. Umræddar endurgreiðslur byrja að koma til á árinu 1979, vegna þróunar kaffiverðs á heimsmarkaði á þeim tíma. Þær voru tiltölulega lágar á þessum tíma og runnu til Sambandsins sem hluti af innkaupaþóknun þess. Á árinu 1980 aukast endurgreiðslurnar mjög og í ljósi þess var ákveðið að frá og með innkaupum ársins 1981 skyldu endurgreiðslur brasilíska kaffiútflutningsráðsins renna beint til Kaffibrennslu Akureyrar að frádregnum ákveðnum hundraðshluta sem reiknaðist sem innkaupaþóknun Sambandsins. Á síðasta ári greiddi Sambandið svo til Kaffibrennslu Akureyrar þær tekjur er til féllu vegna þessa afsláttar á árunum 1979 og 1980.
4. Sambandið telur sig þegar hafa sýnt fram á það, við rétt yfirvöld, að öllum endurgreiðslum vegna kaffiverðbóta og afsláttar hafi verið skilað til íslenskra gjaldeyrisbanka og grein fyrir þeim gerð svo fljótt sem efni stóðu til. Enn fremur að allar tekjur vegna þessara viðskipta hafi verið bókfærðar og taldar fram með öðrum skattskyldum tekjum.
5. Sambandið flytur inn kaffibaunir og Kaffibrennsla Akureyrar selur kaffi til smásala í samkeppni við aðra innlenda aðila. Á umræddum tíma varð þess ekki vart að aðrir gætu boðið betri kjör í kaffiviðskiptum, þvert á móti jókst markaðshlutdeild kaffibrennslunnar, sem bendir til þess að hún hafi haft á boðstólum gott kaffi á samkeppnishæfu verði.

Athuganir skattrannsóknarstjóra og gjaldeyriseftirlits Seðlabankans standa ennþá yfir og leggur Sambandið áherslu á að þeim ljúki sem fyrst. Það hefur frá upphafi lagt sig fram um að aðstoða viðkomandi yfirvöld við störf þeirra og hefur lagt fram þau gögn og upplýsingar sem óskað hefur verið eftir."

(Mbl., 5. jan. 1985.)

Viðskipti SÍS og Kaffibrennslu Akureyrar fyrir dómstólana?

Fengu allir kaffiinnflytjendur bónus?

Verðlagsstofnun og Gjaldeyriseftirlitið hafa nú til umsagnar skýrslu sem unnin hefur verið á vegum skattrannsóknarstjóra um viðskipti SÍS og Kaffibrennslu Akureyrar hf. á árunum 1979—1981. SÍS og KEA á Akureyri eiga 98% hlutafjár í Kaffibrennslunni og skipta þeim með sér til helminga, en einstaklingar eiga 2%. SÍS flytur inn kaffið fyrir Kaffibrennsluna í gegnum norræn samvinnufyrirtæki, NAF. Af rannsóknninni má ráða að SÍS hafi ekki endurgreitt Kaffibrennslunni afslátt eða bónus, sem seljendur í Brasilíu veittu, heldur fært sem eign í eigin bókhald. Er talið að um sé að ræða samtals 500 þús. $. Hjá verðlagsstjóra fengust þær upplýsingar í gær að ekki væri af hálfu stofnunarinnar litið svo á að um verðlagsbrot hafi verið að ræða þar sem á þessum árum hafði ávallt verið farið eftir gögnum annars kaffiinnflytjanda O. Johnson & Kaaber, við verðákvarðanir.

Framkvæmdastjóri O. Johnson & Kaaber, Ólafur Jónsson, vildi ekki tjá sig um þetta mál í gær, en sagði að afslættir eða bónusar hefðu verið í boði á þessum árum í mismiklum mæli.

Samkvæmt heimildum NT hafa svokölluðum Non-member löndum verið boðnir þessir afslættir sem hafa verið mjög mismunandi háir undanfarin ár. Non-member löndin eru lönd sem ekki eru í samtökum kaffiinnflutningsríkja og má þar nefna Ísland og austantjaldslöndin. Aðildarlöndin hafa hins vegar forgang um kaffikaup. Munu þessar bónusgreiðslur hafa vakið urg meðal þeirra og er búist við að þær verði alveg felldar niður nú á næstunni.

Reiknað er með því að saksóknaraembættið fái gögn málsins í hendurnar seinna í þessum mánuði til ákvörðunar um hvort það verði sótt fyrir dómstólum.

(NT, 5. jan. 1985).

Rannsókn beinist að röngum skjölum

Öllum endurgreiðslum skilað, segir Sambandið

Rannsókn á kaffibaunainnflutningi Sambands íslenskra samvinnufélaga fyrir dótturfyrirtækið Kaffibrennslu Akureyrar hf. hefur meðal annars beinst að því hvort Sambandið hafi lagt fram röng skjöl til yfirvalda til að fá gjaldeyrisyfirfærslur, skv. þeim upplýsingum sem Mbl. hefur aflað sér. Telja rannsóknaraðilar hugsanlegt að Sambandið hafi á þann hátt gerst brotlegt við lög um bókhald, verðlagsmál og gjaldeyrismál en eins og kom fram í blaðinu í gær mun ekki allur gjaldeyrismismunurinn hafa skilað sér enn til réttra yfirvalda hér.

Í yfirlýsingu, sem Sambandið sendi frá sér í gær, er borið á móti þessu: „Sambandið telur sig þegar hafa sýnt fram á það við rétt yfirvöld að öllum endurgreiðslum vegna kaffiverðbóta og afsláttar hafi verið skilað til íslenskra gjaldeyrisbanka og grein fyrir þeim gerð svo fljótt sem efni stóðu til."

Mbl. hefur einnig aflað sér upplýsinga um að vegna upplýsinga frá íslenskum skattayfirvöldum er nú hafin rannsókn á kaffiinnflutningi til Danmerkur en þar hefur höfuðstöðvar sínar samsteypan NAF, innkaupasamband samvinnufyrirtækja á Norðurlöndum, sem annaðist milligöngu um kaffibaunakaup Sambandsins frá Brazilíu og SÍS er

umboðsaðili fyrir hérlendis. Sömuleiðis hefur komið í ljós að áður hefur það komið fyrir að varningur, sem SÍS hefur flutt til landsins, var keyptur á um 25% lægra verði ytra en gefið var upp á innflutningsskjölum.

(Mbl., 5. jan. 1985.)

Kaffihneykslið:

Grunur um fimmfalt lagabrot

Umboðslaun og afsláttur uppá hundrað milljónir ekki gefinn upp við gjaldeyriskaup. Hagræðing í skattamálum. Hörð viðurlög við brotum á samvinnulögunum.

Skattrannsóknarstjóri mun á næstu dögum senda ríkissaksóknara skýrslu um meint misferli Sambands íslenskra samvinnufélaga á umboðslaunum og vöruafslætti vegna kaupa dótturfyrirtækis SÍS, Kaffibrennslu Akureyrar h/f á kaffibaunum frá Brasilíu á árunum 1979—1981.

Að mati lögfróðra manna er Þjóðviljinn hafði tal af í gær er ekki ólíklegt að SÍS hafi í þessu máli gerst margbrotlegt við lög. Hér sé um skýlaust brot á gjaldeyrislögum að ræða, hugsanleg brot á bókhalds-, skatta- og verðlagslögum og jafnvel sjálfum samvinnulögunum en þar segir í VIII. kafla, 42. gr., m. a. að ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna eða í tilkynningum til skrásetningar skulu þeir sæta sektum eða fangelsi ...

Kaupin á kaffibaununum fóru fram í gegnum söluskrifstofu SÍS í Englandi og var framvísað reikningum án afsláttar við gjaldeyrisyfirfærslu. Námu yfirfærslur samtals um 16 milljón dölum en afsláttur var milli 40—50% og því kaupverðið aðeins ríflega 10 milljónir dala. Mismunurinn um 223 milljónir ísl. kr. rann beint í sjóði SÍS en var endurgreiddur að stórum hluta til Kaffibrennslu Akureyrar í sumar þegar skattayfirvöld voru farin að kanna málið.

Athugun skattrannsóknarstjóra hefur enn fremur leitt í ljós að enn vantar um ½ milljón Bandaríkjadala upp á að afslátturinn og umboðslaunin hafi skilað sér hingað. Hefur gjaldeyriseftirliti Seðlabankans verið falið að kanna það mál.

(Þjv., 5. jan. 1985.)

Kaffihneykslið:

220 milljónir í „umboðslaun"

Georg Ólafsson: Hámarksverðið var miðað við innflutningsskýrslur O. Johnson & Kaaber.

Í ljósi frétta um að Samband íslenskra samvinnufélaga hafi tekið sér „umboðslaun" vegna kaffiinnflutnings fyrir Kaffibrennslu Akureyrar á árunum 1979—1981, sem námu 5,5 milljónum dollara eða um 220 milljónum íslenskra króna, sneri Þjóðviljinn sér til Georgs Ólafssonar verðlagsstjóra og spurði hvernig það gæti staðist að fyrirtækið hefði getað boðið kaffi á íslenskum markaði undir leyfilegu hámarksverði með jafn ríflegum umboðslaunum. Georg sagði að Verðlagsstofnun hefði á þessum tíma reiknað út leyfilegt hámarksverð út frá innflutningsgögnum Kaffibrennslu O. Johnson & Kaaber, og væri það regla stofnunarinnar að taka mið af innflutningsgögnum leiðandi aðila í hverri grein þegar hámarksverð væri ákveðið, þótt hliðsjón væri höfð af öðrum aðilum.

Georg sagðist ekki vilja tjá sig um innflutning Sambandsins að svo stöddu, þar sem rannsókn málsins væri ekki lokið, en benti á að á árinu 1979 hefði Verðlagsstofnun gefið út

skýrslu um innflutningsverslunina að beiðni þáverandi viðskiptaráðherra, Svavars Gestssonar. Í skýrslu þessari kemur fram að samkvæmt könnun stofnunarinnar gefa íslenskir innflytjendur almennt upp hærra innkaupsverð hér á landi en á hinum Norðurlöndunum, og að umboðslaun skila sér ekki nema að hluta til íslenskra gjaldeyrisbanka eða í skattaframtölum innflytjenda.

Kaffimálið kom í ljós við rannsókn skattrannsóknarstjóra á bókhaldi Sambandsins, en sú rannsókn er nú á lokastigi. Samkvæmt því hefur Sambandið flutt inn kaffi frá Brasilíu fyrir 16 milljónir dollara að nafnverði en fengið 5,5 milljónir dollara endurgreiddar í formi afsláttar, sem í fyrstu var bókfærður hjá Sambandinu sem umboðslaun, en síðan endurgreiddur til Kaffibrennslu Akureyrar að mestu þegar rannsókn málsins hófst. Afslátturinn, sem er um 34,4% af uppgefnu innkaupsverði, hefur því verið tekinn með inn í útreikninga Verðlagsstofnunar á hámarksverði að því er virðist, þar sem viðmiðunaraðilinn, O. Johnson & Kaaber, keypti sitt kaffi á sama markaði og Sambandið og hefur trúlega notið þar hliðstæðra kjara. Það undarlega er, að á meðan Sambandið stundaði þessa ábatasömu kaffisölu gat það boðið Braga-kaffið á heldur lægra verði en samkeppnisaðilinn og stóraukið markaðshlutdeild sína hér á landi.

(Þjv., 5. jan. 1984.)

Kaffihneykslið:

Rannsaka þarf innflutninginn

Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna:
Ljóst er að neytendur hafa greitt óeðlilega hátt verð fyrir kaffið

Ég tel fulla ástæðu til þess að rannsaka allan kaffiinnflutning hér á landi á þessum tíma, en einskorða rannsóknina ekki við Sambandið, sagði Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna í samtali við Þjóðviljann í gær.

Það er ljóst að samkeppnisaðilar Sambandsins í þessum innflutningi fluttu einnig inn sitt kaffi frá Brasilíu og hafa væntanlega notið þar hliðstæðra kjara. Ef það er rétt að innflytjendur þessarar vöru hafa tekið sér stóra aukaálagningu, þá er ljóst að hér hafa neytendur þurft að greiða óeðlilega hátt verð fyrir þessa vöru, sagði Jóhannes.

Þrátt fyrir hin háu umboðslaun, sem námu 34,4% af uppgefnu innkaupsverði, gat Kaffibrennslan undirboðið samkeppnisaðila sína hér á landi og stóraukið markaðshlutdeild sína á tímabilinu.

(Þjv., 5. jan. 1985.)

Verða SÍS-forstjórar ákærðir fyrir lögbrot?

Það mun að öllum líkindum koma í hlut ríkissaksóknara að ákveða hvort opinbert mál verði höfðað á hendur ráðamönnum Sambands íslenskra samvinnufélaga vegna Kaffibrennslumálsins.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans er nú að vinna að lokaþætti þessarar umfangsmiklu rannsóknar sem staðið hefur yfir í heilt ár. Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður gjaldeyriseftirlitsins, gerir ráð fyrir að ljúka rannsókninni eftir um það bil mánuð.

Sigurður Jóhannesson hefur sagt í viðtali við DV að hann geri ráð fyrir að málið verði sent ríkissaksóknara. Skattrannsóknarstjóri mun meta það í samráði við gjaldeyriseftirlitið hvort málið fari áfram.

Verði svo mun ríkissaksóknari og síðan dómstólar þurfa að meta það hvort framið hafi verið lögbrot. Skoða þarf hvort það sé ólöglegt að láta gjaldeyris- og verðlagsyfirvöldum í té ranga reikninga um innkaupsverð á kaffibaunum og hvort of mikill gjaldeyrisskammtur og of há álagning hafi fengist út á þessa röngu reikninga. Eða hvort einhverjir reikningar hafi á annað borð verið rangir?

Þá þarf að meta það hvort sú ráðstöfun að bókfæra fimm milljóna dollara afslátt af kaffiverði sem eign Sambandsins en ekki Kaffibrennslu Akureyrar hf. hafi leitt til þess að opinberir aðilar fengu minni skatttekjur.

Ef niðurstaðan verður sú að um lögbrot hafi verið að ræða þarf að draga einhverja til ábyrgðar. Margir af háttsettum stjórnendum Sambandsins gætu lent í klípu.

(DV, 5. jan. 1985.)

Útvarpið sýknar SÍS

Fréttastofa Ríkisútvarpsins lýsti í gær yfir sakleysi Sambands íslenskra samvinnufélaga af lögbrotum vegna Kaffibrennslumálsins. Jafnframt sagði fréttastofan að málið væri innanhússmál Sambandsins.

Þessi sérkennilega yfirlýsing var lesin í hádegisfréttum í gær. Samkvæmt útvarpinu ætti það að vera óþarft að senda málið til ríkissaksóknara.

Niðurlag útvarpsfréttarinnar var svohljóðandi:

„Samkvæmt heimildum fréttastofunnar er ekki talið að þarna sé um lögbrot að ræða heldur fyrst og fremst innanhússmál hjá Sambandinu. Þessi mál tengjast enn fremur verðlagsyfirvöldum hér á þann hátt að útlit er fyrir að meðan Verðlagsráð ákvað hámarksverð á kaffi hafi raunverulegt innkaupsverð á kaffi verið lægra en fram kom í smásöluverði. Hámarksverð á kaffi var þá ákvarðað í samræmi við gögn frá O. Johnson og Kaaber en verð á Braga-kaffi ákvarðað í samræmi við það."

(DV, 5. jan. 1985.)

Kaaber vill engu svara um afslátt

Verðlagsyfirvöld ákváðu hámarksverð á kaffi í samræmi við gögn frá O. Johnson & Kaaber. Gögn frá Kaffibrennslu Akureyrar voru ekki höfð til viðmiðunar.

Af þessari ástæðu segist verðlagsstjóri ekki geta litið á rangar upplýsingar um raunverulegt innkaupsverð á kaffi til Kaffibrennslunnar sem verðlagsbrot.

Í framhaldi af þessu vaknar hins vegar sú spurning hvort O. Johnson & Kaaber hafi ekki einnig fengið afslátt eins og Kaffibrennsla Akureyrar á árunum 1979 til 1981.

„Ég vil ógjarna svara þessu," sagði Ólafur Ó. Johnson, forstjóri O. Johnson & Kaaber.

„Það eina sem ég vil segja er að það hafa engar athugasemdir verið gerðar á okkar kaffireikningum," sagði Ólafur.

(DV, 5. jan. 1985.)

Kaffibaunir og SÍS

Ekki er unnt á þessu stigi að segja neitt um það til hvers athugun skattrannsóknarstjóra á kaffibauna-viðskiptum Sambands íslenskra samvinnufélaga muni leiða. Fréttastofa hljóðvarpsins hefur lýst því að hér sé um „innanhússmál" SÍS að ræða. Annars staðar hafa menn ályktað sem svo að dómstólar hljóti að þurfa að segja síðasta orðið í málinu.

Hvort heldur sem þetta endar sem „innanhússmál" eða dómsmál er nauðsynlegt að allar hliðar þess séu skýrðar eins vel og verða má. „Innanhússmál" SÍS snertir marga. SÍS er fjöldahreyfing tugþúsunda manna. Með hliðsjón af því hvílir ekki síður rík upplýsingaskylda á forvígismönnum SÍS en þeim opinberu aðilum sem um þetta mál hafa fjallað.

(Leiðari Mbl., 6. jan. 1985.)

Endurgreiðslurnar ávísanir á afslátt

Þar sem Ísland er ekki aðili að Alþjóðakaffistofnuninni, sem er samtök ríkja kaffiseljenda og kaffikaupenda, hafa hérlendum kaffikaupendum oftlega boðist hærri verðtryggingarbætur en gilda fyrir meðlimaþjóðirnar sem skuldbinda sig til þess að halda

uppi ákveðnu lágmarkskaffiverði. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Sambandið sendi frá sér vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um skattrannsókn sem fara á fram vegna viðskipta Sambandsins og Kaffibrennslu Akureyrar.

Enn fremur segir í fréttatilkynningunni að endurgreiðslur þær og verðtryggingarbætur sem greiddar voru Sambandinu séu á ýmsan hátt skilyrtar t. d. varðandi ráðstöfun og afhendingartíma ákveðinna sendinga. Endurgreiðslurnar er aldrei hægt að draga frá verði þeirrar sendingar sem þær reiknast af, heldur eingöngu frá framtíðarkaffikaupum.

Hér er því í reynd um að ræða ávísanir á afslátt sem síðar er hægt að nota, sé gætt ákvæða um skilvísa greiðslu o. s. frv.

Ofanræddar endurgreiðslur byrja að koma á árinu 1979 vegna þróunar kaffiverðs á heimsmarkaðnum á þeim tíma. 1980 aukast þessar greiðslur síðan verulega og var ákveðið í ljósi þess að frá og með innkaupum ársins 1981 skyldu þessar greiðslur renna beint til Kaffibrennslu Akureyrar að frádregnum ákveðnum hundraðshluta sem reiknast sem innkaupaþóknun Sambandsins.

(DV, 7. jan. 1985.)

Kaffihneykslið:

Þið borgið brúsann

Erlendur Einarsson: Kaffiafslátturinn kom neytendum ekki til góða. Afslátturinn gekk einnig til annarra innflytjenda kaffis frá Brasilíu. Innflutningsskjöl O. Johnson og Kaaber vefengd.

Afslátturinn sem Kaffibrennsla Akureyrar og Samband íslenskra samvinnufélaga fékk á kaffiinnflutningnum frá Brasilíu kom neytendum ekki til góða nema síðustu 3 árin. Hann rann til sjóða Sambandsins en hefur síðan verið endurgreiddur Kaffibrennslunni. Þetta sagði Erlendur Einarsson forstjóri Sambandsins í samtali við Þjóðviljann í gær.

Sem kunnugt er af fréttum nam umræddur afsláttur rúmum 220 milljónum króna á árunum 1979—1981, og var það tæp 35% af uppgefnu innkaupsverði Kaffibrennslunnar.

Í fréttatilkynningu Sambandsins frá því fyrir helgi segir að „hérlendum kaffikaupendum hafi oftlega borist hærri verðtryggingabætur (þ. e. afsláttur) en gilda fyrir meðlimaþjóðir Alþjóða kaffistofnunarinnar".

Við bárum það undir Erlend Einarsson hvort hér væri átt við að aðrir íslenskir kaffiinnflytjendur hefðu notið sömu afsláttarkjara og Sambandið.

Ég get ekki svarað fyrir aðra innflytjendur, sagði Erlendur, en þar sem Ísland er ekki aðili að Alþjóða kaffistofnuninni hefur það oft fengið sérstök vildarkjör.

Ekki reyndist unnt að fá viðtal við Ólaf O. Johnson framkvæmdastjóra O. Johnson og Kaaber hf., sem einnig flutti inn kaffi frá Brasilíu á umræddum tíma. Leyfilegt hámarksverð á kaffi hér á landi var á sama tíma byggt á innflutningsgögnum frá O. Johnson og Kaaber.

(Þjv., 8. jan. 1985.)

Kaffihneykslið:

Innflutningsskjöl vefengd

Þar sem ýmislegt bendir til þess að Kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber hafi notið sama afsláttar af kaffibaunainnflutningi sínum frá Brasilíu og SÍS, beindi Þjóðviljinn þeirri spurningu til Guðmundar Sigurðssonar hjá Verðlagsstofnun, hvort stofnunin myndi gera frekari rannsóknir á innflutningsgögnum fyrirtækisins í ljósi þess að hún ákvað á sínum tíma hámarksverð á kaffi á forsendum þeirra gagna. Guðmundur sagðist ekki vita til þess að slíkt væri í deiglunni, enda hefði stofnunin vart bolmagn til þess.

Var það hámarksverð sem stofnunin ákvað á sínum tíma ekki óeðlilega hátt miðað við hinar háu umboðstekjur Sambandsins?

Það var ekki hátt miðað við heimsmarkaðsverð, en miðað við þessar upplýsingar má segja að það hafi verið of hátt.

Bendir þetta ekki til þess að þau innflutningsgögn sem þið miðuðuð við frá O. Johnson & Kaaber hafi gefið ranga mynd af verði vörunnar?

Ég veit ekki hvort við fengum rétt gögn, en það er kannske ekki óeðlilegt að álykta út frá þessum upplýsingum að svo hafi ekki verið.

Væri þá ekki ástæða til að kanna gögn þessi betur?

Það má ef til vill segja svo, en það kann hins vegar að vera erfiðleikum bundið, þar sem pappírar fyrir þessum viðskiptum liggja trúlega ekki fyrir.

Ekki reyndist unnt að ná sambandi við Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóra í gær, og aðrir starfsmenn embættisins vildu ekki svara fyrirspurnum Þjóðviljans um málið.

(Þjv., 8. jan. 1985.)

Spillingardíki innflutningsins

Spillingardíki er sannarlega sannnefni fyrir innflutningsverslunina hér á landi. Gegnum tíðina hafa falsanir og lögbrot tengst henni, og vonin um skjótfenginn gróða virðist enn í dag valda því að sumir íslenskir innflytjendur skirrast ekki við að falsa skjöl né margbrjóta lög þjóðarinnar. Gróðinn skiptir öllu, — ekki það hvort hann sé stolinn af alþýðu manna. Ránsfengurinn er svo notaður til að standa undir óhóflegri einkaneyslu meðlima lúxusklúbbsins, hinna flugríku, en er jafnframt að hluta falinn á erlendum gjaldeyrisreikningum. Þar er hann notaður til að standa straum af munaðarlífi ytra, þegar rigning suðvesturhornsins verður of stríð og dagarnir gerast of daprir fyrir mógúla innflutningsverslunarinnar og fjölskyldur þeirra. Þá er haldið á skíði í austurrísku Ölpunum, farið í siglingu í Miðjarðarhafinu eða reist kringum hnöttinn með Heimsreisuklúbbnum.

Skattheimtan kemst að sjálfsögðu aldrei í hinn rangfengna gróða. Og hver er það svo sem að lokum borgar reikninga meðlima lúxusklúbbsins? Auðvitað neytandinn — maðurinn á götunni sem sér ekki vídeó nema gegnum búðarglugga. Ég og þú erum þeir sem borgum að síðustu svindl innflutningsverslunarinnar.

Þetta sést einkar skýrt af hinu sorglega dæmi af kaffibaunainnflutningi Sambandsins, þess fyrirtækis sem margir litu þó til um langan aldur sem forystuafls einmitt í sókninni gegn innflutningssvindlinu.

Því máli er farið á eftirfarandi veg: Rannsóknir skattrannsóknarstjóra á bókhaldi Sambandsins og dótturfyrirtækis þess, Kaffibrennslu Akureyrar, leiddu í ljós að fyrir kaffibaunir sem Sambandið keypti á árunum 1979 til 1981 fyrir kaffibrennslu Akureyrar, greiddi Sambandið 10,5 milljónir Bandaríkjadala. En bókhald Kaffibrennslunnar sýndi hins vegar að verðið sem hún borgaði Sambandinu var 16 milljónir dala. Hvað varð um mismuninn? Könnun skattrannsóknarstjóra hefur nú sýnt að hann fór í sjóði Sambandsins, án vitundar forsvarsmanna Kaffibrennslunnar.

Hvort Sambandið gerðist með þessu óafsakanlega athæfi sekt um fjórfalt eða fimmfalt lagabrot skiptir ekki höfuðmáli. Það skiptir heldur ekki höfuðmáli hvort Sambandið sé búið að greiða Kaffibrennslu Akureyrar mismuninn. Það sem er þungamiðja málsins er einfaldlega sú staðreynd, að það eru neytendur sem borga brúsann.

Einungis munurinn á innkaupsverðinu eins og það er gefið upp í bókhaldi SÍS annars vegar og Kaffibrennslu Akureyrar hins vegar eru litlar 220 milljónir íslenskra króna. Þegar búið er að leggja allt ofan á þessa upphæð — þar með taldar álagningar SÍS — nemur stuldurinn hundruðum milljóna.

Það er staðreynd sem allir vita sem eitthvað hafa komið nálægt innflutningsversluninni, að SÍS rær hér ekki eitt á báti. Fölsuð innflutningsskjöl eru einfaldlega allt of útbreidd. Í samráði við erlenda viðskiptaaðila er verð á innfluttri vöru skráð of hátt, eða umboðs-

launum bætt ofan á það. Mismunurinn á skráðu verði og hinu raunverulega verði er svo settur á erlenda gjaldeyrisreikninga. Heima fyrir sitja svo langþreyttir neytendurnir, sem borga alla veisluna.

Dæmið af kaffibaunasvindli SÍS sýnir okkur að róttækra úrbóta er þörf. Það þarf að herða verðlagseftirlit. Það þarf að herða stórkostlega á eftirliti með innflutningsversluninni. Það gengur ekki til lengdar að neytendur séu látnir borga fyrir svindlið.

Síðast en ekki síst sýnir þetta dæmi, að innan Sambandsins þarf fólkið að gera byltingu til að taka völdin í sínar hendur á nýjan leik.

(Leiðari Þjv., 8. jan. 1985.)

SÍS svindlar á sjálfu sér og græðir!

SÍS stal kaffigróðanum. Falsaðar innflutningsskýrslur. Málið í rannsókn hjá gjaldeyriseftirlitinu. Innanhússmál og valdabarátta einstaklinga? Danir fara að fordæmi skattrannsóknarstjóra. „Bónus"-greiðslur Brasilíumanna byrjunin. Skrifstofa SÍS í London í lykilhlutverki. Hvað varð um „bónus"-greiðslur til annarra?

„Hugsunin á bak við Samband íslenskra samvinnufélaga er að losna við óþarfa milliliði í viðskiptum og gera þau þannig hagkvæmari. Staðreyndin er hins vegar allt önnur. Staðreyndin er sú, að Sambandið þrífst á því að vera milliliður sem mjólkar kaupfélögin og aðrar stofnanir sínar. Þetta nýjasta mál um rösklega 220 milljón króna svindl Sambandsins á einu af fyrirtækjum sínum er eitthvert ljósasta dæmið um þetta."

Þannig fórust heimildarmanni HP orð um peningatilfærslur Sambandsins frá Kaffibrennslu Akureyrar til móðurskipsins í Reykjavík. „Sambandið ákveður að hagnast aukalega á einu af fyrirtækjum sínum með því, og verða jafnvel valdandi að rekstrartapi hjá fyrirtækinu, til þess að fá úr að spila til annarra hluta rösklega 200 milljónir króna." Málið snýst um hækkun í hafi.

Hjá gjaldeyriseftirlitnu er nú verið að kanna hvar hálf milljón dollara, röskar 20 milljónir íslenskra króna, eru niðurkomnar, en svo virðist sem þær hafi ekki skilað sér til Íslands.

Til þess að þetta væri kleift þurfti Sambandið að taka þátt í skjalafalsi, brjóta gjaldeyrislöggjöf og verðlagslöggjöf, að sögn rannsóknaraðilja. Sumir hafa viljað halda því fram, að Sambandið hafi ekki brotið nein lög með þessum furðulegu viðskiptaháttum, en staðreyndin er þó talin önnur og má SÍS búast við málshöfðunum vegna málsins. Meðal annars af þessari ástæðu hefur stjórn Sambandsins tvívegis samþykkt að endurgreiða fé til Kaffibrennslu Akureyrar, sem þó er ekki nærri allt komið til föðurhúsanna. Hér er um að ræða 1,4 milljónir dollara plús 2,8 milljónir dollara. Stjórnin hefur ekki samþykkt að greiða alla upphæðina, enn sem komið er.

Í kerfinu er ekki haft hátt um þetta mál, en HP hefur fengið staðfest, að það hafi komið til kasta skattrannsóknadeildar, Verðlagsstofnunar og gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands.

„Fjármálafiff"

Um er að ræða „fjármálafiff" og til eru þeir, sem þora ekki að fullyrða að hér sé um að ræða lögbrot. Hins vegar sé hér hiklaust um siðlaust athæfi að ræða.

Í Danmörku er nú hafin rannsókn á kaffiinnkaupum NAF, Nordisk Andelsforbund, sem hefur meðal annars með höndum innkaup á ýmsum varningi fyrir norrænu samvinnusamböndin og aðra kaffiinnflytjendur. Þessi rannsókn fór af stað í kjölfar rannsóknar skattrannsóknarstjórans á Íslandi vegna óútskýrðs 220 milljóna króna mismunar á eiginlegu verði á kaffibaunum frá Brasilíu og uppgefnu verði.

Við rannsóknir hér heima kom í ljós, að Sambandið greiddi alls 10,5 milljónir dollara fyrir kaffibaunir sem það keypti fyrir Kaffibrennslu Akureyrar á árunum 1979—1981.

Kaffibrennsla Akureyrar, sem framleiðir Braga-kaffi, greiddi hins vegar um 16 milljónir fyrir kaffið. Mismunurinn, 5,5 milljónir króna, rann í rekstur Sambandsins án vitundar forsvarsmanna Braga-kaffis. Sambandið á helming í því fyrirtæki, Kaupfélag Eyfirðinga hinn helminginn.

Skattrannsóknadeildin hér heima hefur unnið í þessu máli í röskt eitt ár og er rannsóknin á lokastigi og verður send Ríkissaksóknara. Í framhaldi af því voru dönskum skattyfirvöldum sendar upplýsingar um málið og þar er nú nýhafin rannsókn og m. a. kannað hvort sama kunni að vera upp á teningnum annars staðar á Norðurlöndum.

Þótt þetta mál sem nú er komið upp snúist um kaffi, ber öllum sem þekkja til innflutnings til Íslands saman um að innflutningsskýrslur séu oft á tíðum, kannski oftar en ekki, falsaðar til þess að sýna hærra verð en þar á raunverulega að vera. Dæmi þessa eru alltíð hjá skattyfirvöldum. Þetta á vel að merkja ekki eingöngu við Sambandið, heldur ýmis innflutningsfyrirtæki.

Ekki bara kaffi — líka skór

Mismunurinn í kaffimálinu á raunverulegu verði og því verði sem Kaffibrennslunni var gert að greiða nam um 40%. HP hefur hliðstætt dæmi um sams konar hækkun í hafi á skóm sem Sambandið flytur inn. Í því tilviki skakkaði um 25% á raunverulegu verði og því verði sem upp var gefið á innflutningsskýrslum.

Kjarninn í þessu máli er sá, að kaffiframleiðslulönd í Suður- og Mið-Ameríku eiga í harðri samkeppni og því kemur oft fyrir að minni framleiðendur „dumpa“ verði, það er lækkað það verulega til þess að laða að kaupendur. Stærstu löndin, sérstaklega Brasilía, reyna að halda verðinu uppi og skrá þannig hátt verð. En vegna samkeppninnar hafa Brasilíumenn stundum þurft að fara út í það að greiða eftir á „bónus“, eins konar ábót til kaupenda eða til umboðsmanna út á næstu kaffikaup eða kaffikaup í framtíðinni. Stundum getur verið um að ræða mikla fjármuni, stundum litla.

Byrjaði með „bónus“

Á þeim árum sem um ræðir í kaffimálum Sambandsins, 1979, 1980 og 1981, varð verðfall, þótt ekki hafi verið „opinbert“. Samkeppnin var gífurleg og því var meira endurgreitt, meiri bónus greiddur til umboðsmannanna eftir á við næstu eða þarnæstu kaup sem þeir gerðu. Í sumum tilvikum var um að ræða ávísanir, svokallaðar „avisos“, sem ekki eru eiginlegir peningar heldur þurfti að selja.

Þetta er bakgrunnur kaffimálsins, samkvæmt upplýsingum þeirra sem til þekkja hjá Sambandinu.

Sömu menn benda jafnframt á, að þeir peningar sem þannig urðu til hjá Sambandinu hafi allir verið fluttir til landsins, þeir hafi verið bókfærðir og allir taldir fram til skatts.

Spurningin sé ef til vill sú hvar þeir áttu að enda sem tekjur og hvar átti að skattleggja þá, í Reykjavík eða á Akureyri, þar sem Braga-kaffi hefur aðsetur. Um það megi deila.

Í sinni einföldustu mynd lítur kaffimálið þá þannig út, að Sambandið í Reykjavík hafi verið að hafa fé af einu af dótturfyrirtækjum sínum.

En lítum á málið eins og það horfir við skattyfirvöldum og öðrum rannsóknaraðiljum málsins.

„Faktúran“ fölsuð, bankinn og Kaffibrennslan blekkt

Eins og áður er minnst á, þá tíðkuðu Brasilíumenn bónusgreiðslur til kaupenda, meðal annars Sambandsins.

Tökum einfalt dæmi:

Ef fyrsta sendingin til kaffikaupanda kostaði 200 þúsund krónur, þá átti kaupandi rétt á „bónus“, afslætti, upp á 100 þúsund krónur.

Síðan kemur að sendingu númer tvö. Hún kostar 300 þúsund krónur á pappírnum. En núna notar kaupandinn afsláttinn af fyrstu sendingu, þ. e. 100 þúsund krónur, og dregur þá upphæð frá verði annarrar sendingar. Eftir standa þá 200 þúsund krónur.

Fyrir þessa aðra sendingu kemur „faktúra“ upp á 300 þúsund krónur að frádregnum þessum 100 þúsund króna aflætti. Þetta er „faktúra“ númer eitt, hin rétta faktúra.

Ásökun rannsóknaraðilja er sú, að kaffikaupendur fyrir Braga-kaffi hafi beðið um faktúru sem hljóðaði upp á 300 þúsund krónur sléttar. Síðan sé þessi „faktúra“ send til skrifstofu Sambandsins í Lundúnum, en þar á að sjá um að fá lán út á nettófjárhæðina. Pappírarnir hljóði hins vegar allir upp á brúttófjárhæð að meðtöldum vöxtum. Skrifstofan í Lundúnum sendi síðan gögnin til útibús Landsbankans á Akureyri með ósk um gjaldeyri upp á 300 þúsund í stað 200 þúsundanna.

Þarna telja menn að um sé að ræða gjaldeyrisbrotið í málinu. Því má skjóta inn í, að gjaldeyriseftirlitið hefur þetta mál til meðferðar þessa dagana.

Síðan fær Sambandið þessa fjárhæð til Lundúna. Þannig er skrifstofan í Lundúnum komin með í hendurnar 300 þúsund krónur, en þarf ekki að borga nema 200 þúsund til kaffiseljendanna. Eftir eru 100 þúsund krónur sem tekjur hjá SÍS. Þannig eru bæði Kaffibrennslan og bankinn plötuð um 100 þúsund krónur í þessu dæmi.

Og síðan koll af kolli.

Samkvæmt þessu er gjaldeyrisbrotið fólgið í þessu og því, að fyrirtækið fyrir norðan, Kaffibrennsla Akureyrar, er þurrmjólkuð.

Verðlagsstofnun blekkt?

Í þessu dæmi eru notaðir falskir pappírar vegna þess að SÍS tekur umboðslaun upp á 50%, þegar eðlileg umboðslaun hjá því væru í kringum 8%.

Og í framhaldi af þessu er svo komið að því, sem sumir halda fram að sé verðlagsbrot. Verðlagsstjóri telur það raunar vafasamt.

Rökin fyrir því, að um verðlagsbrot sé að ræða, eru einfaldlega þau, að kostnaðarverð Kaffibrennslunnar sé meira á pappírnum en í verunni og endanlega séu það neytendur sem súpi seyðið af því að of hátt verð var gefið upp á „faktúrum“. Við ákvörðun verðs fer Verðlagsstofnun yfir öll fylgiskjöl, en samkvæmt þessu dæmi fær verðlagsstjóri rangar upplýsingar.

Í framangreindu er jafnframt fólgið skjalafals.

Þeir sem augljóslega hljóta að hafa vitað hvernig í pottinn var búið eru *Hjalti Pálsson*, framkvæmdastjóri innflutningsdeildar Sambandsins, *Gísli Theódórsson og Sigurður Á. Sigurðsson*, fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjóri SÍS í Lundúnum, en það starf heyrir undir forstjóra SÍS, *Erlend Einarsson*. Erfitt er að átta sig nákvæmlega á því hverjir aðrir hafa vitað um þetta mál. Þó benda heimildarmenn innan Sambandsins á það, að vafasamt sé að sjálf stjórn fyrirtækisins hafi vitað af þessu máli, jafnvel þótt hér sé ekki um neinar smáupphæðir að ræða.

Valur, Erlendur og Hjalti.

Hjá Sambandinu eru jafnframt komnar af stað vangaveltur um mál þetta og telja sumir að í því speglist ákveðin valdabarátta á milli toppa fyrirtækisins. Einkum er bent á formann stjórnar, *Val Arnþórsson*, og forstjórann Erlend Einarsson.

Þá hefur jafnframt komið fram, að ein ástæða þess að allir þessi fjármunir voru látnir sitja kyrrir í Reykjavík í stað þess að renna til Kaffibrennslu Akureyrar, sé sú að viðkomandi yfirmenn deilda hafi sýnt ofmetnað og viljað sýna góða fjárhagsstöðu og talið sig eða sína deild jafnframt eiga rétt til fjárins, þar sem það hafi verið þeir sem komust í jafnhagstæð innkaupasambönd og raun beri vitni. Þannig sé þetta fyrst og síðast innanhússmál og

metnaðarmál einstaklinga. Heiðurinn af innkaupunum væri samkvæmt þessu heiður Hjalta Pálssonar og innflutningsdeildarinnar.

Hvað sem því líður hefur yfirstjórn SÍS verið mjög samvinnuþýð vegna rannsóknarinnar á þessu tiltekna máli, eins og fram kemur í yfirlýsingu Vals Arnþórssonar. En það á eftir að reyna á enn frekari samvinnu, því eftir því sem HP kemst næst eru ýmis önnur mál tengd SÍS enn í athugun hjá skattyfirvöldum.

Rétt er að taka fram, að ekkert hefur komið fram um að einstaklingar hafi hagnast á þessum viðskiptum og bar öllum heimildarmönnum HP saman um það. Sú hlið málsins hefur verið sérstaklega könnuð.

En hvað varð svo um alla þessa peninga? Þeir voru notaðir í rekstur Sambandsins. Þó er á það bent, að hér sé um svo mikla fjárhæð að ræða að allverulegur hluti hennar hafi verið notaður sem fjárfestingarfé í nýjan rekstur sem SÍS hefur lagst í að undanförnu.

En hvað svo sem líður þessu tiltekna máli og þeim gífurlegu fjárhæðum sem um er að tefla, þá vakna ýmsar spurningar sem vert væri að fá svarað.

Fengu ekki aðrir „bónus"?

Staðreyndin er sú, að á þessum árum áttu sér stað alls kyns hrossakaup og hreint svindl í kaffiverslun í heiminum. Sambandið hefur lagt fram öll umbeðin gögn í málinu og sýna þau, að allar endurgreiðslur frá Brasilíu skiluðu sér heim, þótt ekki færu þær allar til Akureyrar.

En þótt Kaffibrennsla Akureyrar væri í raun snuðuð um 5,5 milljónir dollara eða því sem næst 220 milljónir íslenskra króna á núverandi gengi, þá gat Kaffibrennsla Akureyrar boðið kaupendum kaffi sem var jafndýrt og stundum ódýrara en annað kaffi framleitt hérlendis.

Hjá Verðlagsstofnun fékk HP þær upplýsingar, að á þessum árum hafi verð á kaffi ávallt verið miðað við gögn frá O. Johnson & Kaaber. Verðið á kaffipakkanum frá þeim var örlitlu hærra en hjá Braga-kaffi.

Innlendir framleiðendur kaupa kaffi frá aðiljum í sömu löndum og nutu sömu viðskiptakjara og NAF, innkaupandi Sambandsins. Samkvæmt því hafa þeir fengið greiddan svipaðan bónus og Sambandið.

Á þessum árum var Braga-kaffi ekki búið að ná þeirri markaðshlutdeild sem það hefur núna. Samt nam „bónus" þriggja ára rúmum 200 milljónum króna.

Hversu hár skyldi hann hafa verið hjá öðrum — og hvar eru þessir fjármunir? Vert rannsóknarefni, að manni sýnist.

„Höfum veitt allar upplýsingar og aðgang að skjölum"

— segir Valur Arnþórsson, stjórnarformaður Sambandsins.

HP bar fréttina hér á síðunni undir Val Arnþórsson kaupfélagsstjóra og stjórnarformann bæði Sambands íslenskra samvinnufélaga og Kaffibrennslu Akureyrar. Valur sagði:

„Eins og áður hefur komið fram var Samband íslenskra samvinnufélaga tekið til skattrannsóknar vegna útdráttar hjá skattrannsóknarstjóra og ekkert nema eðlilegt, að slík rannsókn færi fram samkvæmt slíkum útdrætti. Samband íslenskra samvinnufélaga hefur haft bestu samvinnu við skattayfirvöld um þá rannsókn og veitt þeim allar upplýsingar og aðgang að öllum sínum skjölum. Skattrannsóknin er hins vegar ekki lokið, niðurstöður liggja ekki fyrir og af þeim ástæðum hef ég ekki talið tímabært að vera með neinar efnislegar yfirlýsingar varðandi hana, en hef miðað við að ég sem stjórnarformaður Sambandsins eða stjórn Sambandsins láti frá sér fara upplýsingar um rannsóknina eftir því sem efni kynnu að standa til og ef ástæða þætti til þegar henni væri lokið.

Og reyndar hef ég miðað við það, þótt rannsókninni væri ekki lokið og niðurstöður lægju ekki fyrir, að láta aðalfund Sambandsins næsta vor fylgjast með því sem þarna kæmi fram eftir því sem efni stæðu til."

Valur Arnþórsson bætti því við, að þar sem um þetta mál væri fjallað opinberlega í fjölmiðlum kynni að vera, að hann léti frá sér fara yfirlýsingu um málið áður en langt um liði, að höfðu samráði við stjórn Sambandsins. Um það gæti hann þó ekki fullyrt á þessu stigi.

(HP, 4. jan. 1985.)

HP fer í saumana á skattsvikunum:

Kaaber í rannsókn

Og málin hrannast upp hjá óvirkum dómstólum

HP skýrði ítarlega í síðasta blaði frá því hvernig upp komst um Samband íslenskra samvinnufélaga vegna kaffikaupa frá Brasilíu vegna skattrannsóknar, en í því dæmi kom á daginn, að Sambandið hafði fært sér til tekna afslátt upp á 223 milljónir króna sem í raun hefði átt að renna til Kaffibrennslu Akureyrar, sem framleiðir Bragakaffi. Málið er að mestu upplýst. Þó kannar gjaldeyriseftirlit Seðlabankans enn gjaldeyrisskil og hugsanlegt skjalafals vegna yfirfærslna á gjaldeyri.

Engin fullvissa er um lagabrot í málinu, þótt rannsóknaraðilar telji að brotin hafi varðað verðlagslög, gjaldeyrislög, skattalög o. fl.

Hvernig svo sem er litið á málið, er morgunljóst, að um stórkostlegar misfellur er að ræða, sem hljóta að kalla fram enn frekari rannsókn á allri innflutningsversluninni. Hver sá sem þekkir til innflutnings til Íslands veit mæta vel, að þar eru brotin íslensk lög æ ofan í æ. Þetta hafa innflytjendur getað gert í skjóli vanmáttar íslenskra yfirvalda, bæði mannfæðar og viljaleysis ráðamanna. Í þessum punkti er rétt að minna á skýrslu, sem Georg Ólafsson, verðlagsstjóri, birti fyrir nokkrum árum, þar sem sýnt var fram á, að umboðslaun innflytjenda skiluðu sér illa og að innflytjendur virtust ekki hafa hag af því að kaupa ódýrt inn, heldur þvert á móti.

Það er þetta dulda hagkerfi, sem menn hafa viljað sigrast á. En þetta er bara hluti vandans. Peningar hverfa með ýmsum öðrum hætti í heimi hvítflibbanna. HP beinir í dag augunum að skattsvikum, erlendum bankareikningum og seinagangi í afgreiðslu slíkra mála í dómskerfinu.

Kaffikaup SÍS draga dilk á eftir sér:

„Kaaber verður rannsakað"

— segir Georg Ólafsson verðlagsstjóri

„Mér virðist það ljóst, að Verðlagsstofnun verði að kanna kaffiinnkaup O. Johnson og Kaaber í ljósi þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um þann afslátt, sem Sambandið fékk vegna kaffikaupa sinna fyrir Kaffibrennslu Akureyrar," sagði Georg Ólafsson verðlagsstjóri í samtali við Helgarpóstinn.

HP hefur reynt að afla upplýsinga um það hvort ekki væri í bígerð á vegum hins opinbera að fara ofan í saumana á innkaupum íslenskra aðila á kaffibaunum og hafa allir þeir, sem við höfum rætt við, vísað á Verðlagsstofnun.

Ástæðan er sú, að á þeim tíma sem um ræðir í kaffimáli Sambandsins var kaffi háð verðlagsákvæðum og byggði Verðlagsstofnun þá aðallega á gögnum frá O. Johnson & Kaaber. Tvisvar eða þrisvar sinnum var óskað gagna frá Kaffibrennslu Akureyrar. En þrátt fyrir að „bónusgreiðslurnar" til Sambandsins kæmu ekki fram á pappírum Kaffibrennslu Akureyrar og þeir sýndu þannig hærra verð en rétt var, reyndist Bragakaffi yfirleitt jafndýrt eða ódýrara en Kaaberkaffi.

Nú hefur jafnframt komið fram, að O. Johnson & Kaaber fengu einnig bónus og því

hefur sú spurning vaknað hvort Verðlagsstofnun hafi fengið í hendur gögn, sem ekki sögðu allan sannleikann.

Georg Ólafsson sagði, að hann hefði í bréfi til skattrannsóknarstjóra lýst þeirri skoðun sinni, að ef ástæða væri til að ætla, að hámarksverð á brenndu og möluðu kaffi hafi verið ákvarðað óeðlilega hátt á því tímabili sem rannsókn skattrannsóknarstjóra, náði til, á grundvelli rangra upplýsinga um innkaupsverð á hrákaffi, hlyti frekari athugun á því máli að beinast að kaffibrennslu O. Johnsons & Kaaber.

Georg tók skýrt fram, að með þessari athugasemd væri hann ekki með neinar ásakanir á hendur því fyrirtæki. Hins vegar væri ekki nema eðlilegt að leita skýringa hjá því. Georg tók jafnframt fram, að þær endurgreiðslur sem Kaaber hefur fengið gætu vel hafa komið fram í lægra kaffiverði síðar.

Verðlagsstjóri benti hins vegar á, að rannsókn af þessu tæi gæti orðið flókin og tímafrek, því langt væri um liðið. Georg Ólafsson ítrekaði, að það stæði upp á Verðlagsstofnun að kanna þessi mál og það yrði gert. „Við förum ofan í málið," sagði Georg Ólafsson.

„Ekki eyrnamerkt"

Ólafur O. Johnson, forstjóri O. Johnson & Kaaber, hefur skýrt frá því, að fyrirtækið hafi fengið afsláttargreiðslur vegna kaffikaupa á líkan hátt og Sambandið. HP spurði Sigurð Jóhannesson hjá gjaldeyriseftirlitinu hvort þessar greiðslur hefðu komið fram og kvaðst hann ekki geta sagt um það. Hins vegar hlyti að vera hægt að komast að því.

Sigurður sagði, að Kaaber hefði gert grein fyrir umboðslaunum sínum eins og aðrir. Hins vegar kom fram hjá Sigurði, að skil vegna umboðslauna væru ekki sundurgreind á pappírum þannig að ekki væri hægt að sjá strax hvort umboðslaun væru fengin vegna vélainnkaupa eða kaffikaupa. „Þetta er ekki eyrnamerkt," sagði Sigurður.

Þá kvaðst hann ekki mega gefa upp neinar tölur um umboðslaunamál Kaabers.

Hækkun í hafi mjög algeng

— dómstólarnir óvirkir

Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri: Höfum kvartað vegna seinagangsins

Þessa dagana eru skattsvik og vanskil á umboðslaunum mjög í brennidepli vegna kaffibaunainnflutnings Sambandsins. Í síðasta blaði skýrðum við frá því, að það væri ekki bara kaffið, sem hækkaði í hafi, heldur nefndum við dæmi um 25% hækkun á skóm. En það eru fleiri vörutegundir, sem hækka á sama hátt í hafi.

Þannig hafa skattrannsóknarstjóri og verðlagsyfirvöld oft fengið upplýsingar erlendis frá um hækkun í hafi á vörutegundum, sem koma einkum frá Danmörku og Noregi. Skýringin er sú, að mjög náið og gott samstarf er á milli Íslands og þessara landa á sviði skatta- og verðlagsmála.

Dæmi um slíkt eru ýmiss konar matvæli, þungavinnuvélar, varahlutir og sitthvað fleira. Hækkanir af þessu tagi geta numið um 20% að meðaltali. Þetta kom raunar fram í skýrslu verðlagsstjóra og samráðshóps, sem skilaði af sér skýrslu árið 1979.

Hækkun í hafi enn algeng

Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri sagði í samtali við HP, að hann fengi oft staðfestingu á niðurstöðu þessarar skýrslu í sínu starfi og ljóst væri, að enn væri það stundað af íslenskum innflytjendum að láta seljendur vöru erlendis skrá hærra verð en hið raunverulega. Þegar slíkt kæmist upp væri skattlagt í samræmi við það.

Garðar sagði, að í rauninni spannaði þessi „hækkunaraðferð" flesta vöruflokka.

Þessi mál fara sjaldan, ef nokkurn tíma, fyrir dómstóla.

Það er hins vegar algengara, að sölu- og tekjuskattssvik komi til kasta lögreglu og

dómstóla. Hins vegar er reyndin sú, að það sé tilgangslítið eða tilgangslaust að láta skattamál fara dómstólaleiðina. Samkvæmt því sem HP kemst næst hafa ekki verið afgreidd nema eitt eða tvö lítil skattsvikamál frá dómstóli síðastliðin átta ár. Viðbárurnar eru ýmsar: Mannfæð, skortur á sérmenntuðu starfsfólki hjá dómstólum, veikindi og tafir vegna ljósritunarumstangs (sem að vísu hefði aðeins tekið hálftíma).

Á sama tíma afgreiðir ríkisskattanefnd frá sér hvert málið á fætur öðru.

Níu óafgreidd mál

Hér fer á eftir skrá um 9 mál, sem skattrannsóknarstjóri hefur sent frá sér til dómstólameðferðar en hafa ekki hlotið afgreiðslu. Elsta málið er frá 1979.

1. **Nesco** — 9. maí til ríkissaksóknara (að lokinni lögreglurannsókn), ákæra gefin út 28. apríl 1981. Búið að vera ódæmt hjá sakadómi Reykjavíkur síðan.

2. **G. Guðmundsson** — sent Rannsóknarlögreglu ríkisins 16. sept. 1980, frá RLR í ársbyrjun 1981 til ríkissaksóknara, ákæra gefin út 18. nóv. 1983. Ódæmt.

3. **Kraftur hf.** — frá RLR til ríkissaksóknara 25. nóv. 1981, ákæra gefin út 2. maí 1983. Ódæmt.

4. **Storr-málið** — til RLR 15.7 1983, er þar enn.

5. **Landvélar hf.** — til RLR 21. mars 1984, er þar enn og hjá skattrannsóknastjóra.

6. **Næturgrillið hf.** — til RLR 28. mars 1984, er þar enn.

7. **Dögg hf.** — til RLR 22. ágúst 1984, er þar enn.

8. **Hof hf.** — til RLR 3. september 1984, er þar enn.

9. **Verslunin Á.Á., Selfossi** — til RLR 6. nóvember 1984.

Framangreind mál snúast ýmist um söluskattssvik eða tekjuskattsundandrátt.

Varðandi fyrsta málið, Nesco-málið, þá er HP kunnugt um að fyrirtækið hefur greitt upp allan þann söluskatt, sem það var talið hafa dregið undan. Málið er vegna áranna 1977 og 1978 og kom upp 1979. Ein skýringin á drætti þess máls kann að vera sú, að ágreiningur er um hvort vara er söluskattsskyld strax við sölu, þótt afborgun sé e. t. v. ekki nema 15% eða hvort söluskattsskylda eigi að miðast við eignarréttaraugnablikið, þ. e. þegar kaupandinn greiðir síðustu afborgun. Þetta breytir þó ekki efni ákærunnar.

Annað málið snýst um tekjuskattssvik, en í því máli var um að tefla 230 þúsund dollara vegna flutninga G. Guðmundssonar fyrir bandaríska varnarliðið. Á verðlagi dagsins í dag er um að ræða 9,2 milljónir króna.

3 ár hjá saksóknara — eitt ár í sakadómi og ...

Skattrannsóknarstjóri sagði við HP, að í þessu máli hefðu verið lögð fyrir sönnunargögn um skattsvikin upp á hvert einasta sent. Hann sagði það frekar niðurdrepandi að vinna að svona málum sem síðan hreyfðust ekkert í dómskerfinu, einkum í ljósi þess, að í þessu máli hefði verið leitað aðstoðar í Bandaríkjunum. Fjórir menn voru viðriðnir málið, þar af einn bandarískur foringi á Vellinum. Af þeim sökum þurfti að leita aðstoðar IRS, bandarískra skattsins, og þeir brugðust hart við og yfirheyrðu mann í Kaliforníu og aðstoðuðu á annan

hátt. Þá var aflað gagna úr bandarískum banka, en síðan koðnaði málið niður hér. Það hefði verið þrjú ár hjá saksóknara, væri búið að vera eitt ár í sakadómi en ekkert hefði heyrst þaðan enn.

Landvélamálið þekkja sennilega flestir. Það snerist um tvöfalt tölvubókhald fyrirtækisins. Hins vegar hefur komið í ljós við rannsókn málsins, að fleiri aðferðir voru notaðar við skattsvikin, t. a. m. var söluskattsskyldum vörum breytt á pappírum í skattfrjálsar vörur og fleira í þeim dúr. Vegna rannsóknarinnar þurfti að hafa samband við tugi fyrirtækja til þess að komast að hinu sanna í bókhaldi fyrirtækisins. Mál þetta snýst um tugi milljóna og nær frá september 1982 til aprílmánaðar 1984.

Landvélamálið í rannsókn hjá RLR og skattrannsóknarstjóra

Til þess er tekið, að eigandi Landvéla lifir í vellystingum praktuglega, á tvo bíla, hlut í flugvél, flugskýli, einbýlishús og skortir yfirleitt ekki nein veraldleg gæði.

Landvélamálið er í sameiginlegri rannsókn skattrannsóknarstjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Hér hafa verið nefnd dæmi um skattsvikamál og það hvernig þau virðast koðna niður í dómskerfinu. Hin hliðin snýr svo að þeim seku, sem sleppa ár eftir ár við að standa skil á þessum sviknu peningum. Með hverju árinu sem líður rýrnar sú upphæð sem þeim ber að greiða. Þeir græða á seinaganginum.

Garðar Valdimarsson:

„Sá lærdómur, sem maður dregur af þessu, er að minnsta kosti sá, að varnaðaráhrif dómstóla eru lítil. Við höfum skrifað fjármálaráðuneytinu bréf og kvartað yfir þessum seinagangi. Og fjármálaráðuneytið hefur skrifað dómsmálaráðuneytinu. En ekkert hefur gerst."

Það eru orð að sönnu, að lítið gerist í þessum málum, enda er það orðið árvisst að skrifaðar séu greinar eins og sú sem endar hér.

(HP, 10. jan. 1985.)

Fylgiskjal VI.

Ræða viðskiptaráðherra um frv. til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 27. apríl 1979.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er flutt til endurnýjunar á gildandi löggjöf um gjaldeyris- og innflutningsmál sem sett var árið 1960. Tilraun var gerð til þess árin 1970 og 1971 að endurskrifa þessi lög og frv. flutt á Alþingi þá, en það náði ekki fram að ganga. Eru liðin tæp 19 ár síðan núgildandi lög voru sett og þau orðin ófullnægjandi að ýmsu leyti. Er nú gert ráð fyrir endurnýjun þeirra og frv. flutt um gildissviðið í heild. Nái það fram að ganga er ætlun viðskrn. að endurskrifa og endurnýja reglugerðir og reglur um þessi efni þannig að nýtt og betra ástand skapist í gjaldeyris- og innflutningsmálum. Má segja að frv. þetta sé flutt í framhaldi könnunar á högum innflutningsverslunarinnar.

Flestallur vöruinnflutningur er nú óbundinn og ekki háður leyfum. Undantekningar eru mjög fáar og helstar brennsluolíur, bensín, landbúnaðarvörur, burstavörur og nokkrar fleiri vörur. Eins og nú háttar til geta allir, sem flytja inn vörur, fengið keyptan gjaldeyri í banka fari innflutningskjöl rétta boðleið um hendur banka og tollstjóra. Rétturinn til að kaupa gjaldeyri er þannig bundinn fáum skilyrðum, jafnvel svo að ekki er áskilið að gjaldeyriskaupandi, sem greinilega er að flytja inn vöru í verslunarskyni, sé á nokkurn hátt skyldur til að gefa upp viðskiptanúmer eða aðrar upplýsingar.

Þjóðfélagið leggur starfseminni til gjaldeyri til milliliðastarfsemi og aðgang til gróðamyndunar, en hætta er á því að viðskipti séu aldrei tíunduð nákvæmlega og hugsanlegt að kaupandi gjaldeyris standi að fjárflótta úr landi, t. d. með því að safna utanlands óeðlilegum hagnaði. Er í þessu sambandi nauðsynlegt að hyggja að breyttri stöðu gjaldeyriseftirlits, skatt- og verðlagsyfirvalda til þess að sporna við slíkri hættu. Í frv. þessu er reiknað með sömu höfuðaðilum í gjaldeyriskerfinu og verið hafa, en hlutur viðskrn. og gjaldeyriseftirlits verður þó aukinn nokkuð frá því sem verið hefur.

Reynslan sýnir að nauðsynlegt er að hafa sanngjarnar og tiltölulega rúmar yfirfærslureglur í sambandi við t. d. ferðalög og náms- og sjúkradvöl utanlands. Eins hefur verið reynt að rýmka nokkuð yfirfærslur á fjármagni vegna aðila sem flytjast úr landi.

Ekki er reiknað með því beinlínis í frv. að gjaldeyrisviðskiptabönkum verði fjölgað. Eru reglur um veitingu leyfa í því sambandi reyndar í öðrum löndum. Er ekkert sérstakt á döfinni í því efni og gjaldeyrisviðskiptabankarnir eftir sem áður tveir. Verður ekki annað séð en gjaldeyrisþjónustu sé sæmilega sinnt og að landsmenn hafi ekki yfir neinu sérstöku að kvarta í þeim efnum, enda er afgreiðslunet Landsbanka og Útvegsbanka orðið allvíðtækt.

Mörg mikilvæg nýmæli eru tekin upp í frv., t. d. eru ákvæði um nauðsynlegar heimildir yfirvalda og Seðlabanka sem og gjaldeyriseftirlits til gagnkvæmra skipta á upplýsingum. Er þar um nauðsynlega rýmkun á bankahelgi að ræða. Ákvæði um skilaskyldu gjaldeyris eru umorðuð að vissu marki og tilkoma innlendra gjaldeyrisreikninga lögfest. Þá eru nýmæli í 8. gr. um tilvist fasteigna og verðbréfa utanlands í eigu innlendra aðila sem hafa aflað þeirra t. d. á meðan á dvöl erlendis hefur staðið.

Það er ætlan viðskrn. að draga úr nefndakerfi því sem enn er í þessum málum. Verður stefnt að því að gefa gjaldeyrisbönkum hreinar og ótvíræðar reglur um hvað þeir megi afgreiða viðstöðulaust og án tafar. Mun það væntanlega liðka fyrir afgreiðslu allra venjulegra yfirfærslna. Ekki verður dregið úr eftirliti, en haganlegri vinnubrögðum beitt, m. a. með því að tölvufæra gjaldeyriskaup og sölu, og fylgst þannig miklu betur með færslum, erlendum gjaldfresti o. fl. Slík upplýsingaöflun gefur gjaldeyrisyfirvöldum mun betra og öruggara eftirlit með framvindu mála og á að gefa þeim betri möguleika til að grípa inn í ef nauðsyn krefur. Vegna sífelldrar óvissu í viðskipta- og gjaldeyrismálum er jafnframt óumflýjanlegt að halda í mörg fyrri ákvæði sem gefa stjórnvöldum víðtækar heimildir til afskipta af gjaldeyrismálum fyrirvaralaust. Þá er og óumflýjanlegt að tengja miklu betur saman starf skatta-, verðlags-, tolla- og gjaldeyrisyfirvalda.

Gjaldeyriskerfið hlýtur í þessu sambandi að byggjast á því að umræddar greiðslur, gjaldeyrismeðferð og inn- og útflutningur vara séu ekki bundin óþarfa kerfishnút, en stjórnvöld geti haft vökult auga með viðskiptum og færslum og spornað við því í reynd að reglur séu brotnar. Er frv. samið með hliðsjón af þessari stefnu, en full aðstaða yfirvalda til að fylgjast með viðskiptum er þó tryggð. — Vísa ég að öðru leyti í grg. með frv. og umsagnir um einstakar greinar þess.

Hér verða rakin nokkur atriði til lýsingar á því gjaldeyriskerfi sem nú starfar.

Þrír aðilar einir, Seðlabanki, Landsbanki og Útvegsbanki, mega kaupa, selja og eiga gjaldeyri, þó með þessum undanþágum: 1. Innlendir einkaaðilar mega eiga gjaldeyri á innlendum gjaldeyrisreikningum. 2. Innflytjendur mega eiga gjaldeyri, andvirði umboðslauna, á innlendum gjaldeyrisreikningum eða erlendis í hæfilegan tíma, enda sé andvirðinu varið til að kaupa vörur til innflutnings sem ekki eru bundnar leyfum. 3. Vátrygg-

inga-, flug- og skipafélög svo og vissir vöruútflytjendur mega halda í gjaldeyrisandvirði til að mæta erlendum tilkostnaði. Að öðru leyti er skilaskylda á gjaldeyri eins og verið hefur og að framan segir. Gjaldeyrir er ekki seldur vegna innflutnings nema vöruskjöl séu sýnd, sem eiga að sanna að varan sé komin til landsins, og er gjaldeyrir yfirleitt ekki látinn í té fyrir fram vegna vörukaupa.

Þó að gjaldeyrissala sé veigamesta forsenda innflutningsstarfsemi almennt séð hefur ekki talist mögulegt til þessa að ganga úr skugga um í banka, áður en salan fer fram, hvort kaupandi sé í reynd reglulegur innflytjandi með verslunarleyfi. Í tolli er þó áskilið að upp sé gefið fyrirtækjanúmer Hagstofu Íslands. Er nauðsynlegt að kanna hversu beita má verslunarleyfum sem stjórntæki í tengslum við innflutningsverslun ekki síður en almenna innanlandsverslun.

Strangar takmarkanir eru á erlendum lántökum bæði vegna vörukaupa og annars. Inn- og útflutningur seðla, verðbréfa og annarra skriflegra krafna er takmarkaður og háður reglum.

Helstu aðilar í gjaldeyriskerfinu eru sem hér segir:

1. Viðskrn. ber ábyrgð á stefnumótun og setur reglur á grundvelli laga. Það hefur fulla aðild að yfirstjórn leyfakerfis útflutningsleyfa annars vegar og hins vegar fulla aðild að daglegum störfum við gjaldeyrisdeild bankanna að helstu málum þar.

2. Seðlabankinn annast gengisskráningu, vörslu og ávöxtun gjaldeyrissvarasjóðs. Hann er gjaldeyrisheildsali, annast dagleg viðskipti við innlenda og erlenda banka, erlendar lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana, samskipti við alþjóðapeningamálastofnanir og hins vegar gjaldeyriseftirlit.

3. Gjaldeyrisbankarnir eru sem fyrr segir þrír, Seðlabanki, Landsbanki og Útvegsbanki, en gjaldeyrisskiptabankarnir eru tveir, Landsbanki og Útvegsbanki, og eru þessi hugtök notuð á þennan hátt í frv. Aðrir bankar mega veita gjaldeyri viðtöku frá erlendum ferðamönnum og föstum innlendum viðskiptamönnum er skipta aftur við erlenda ferðamenn. Þeir mega þó ekki kaupa andvirði útflutnings. Þeir verða að skila og selja allan gjaldeyri, sem þeir kaupa, Landsbanka eða Útvegsbanka. Gjaldeyrisviðskiptabankarnir annast almenn gjaldeyrisviðskipti við fyrirtæki, almenning og erlenda ferðamenn, enn fremur nokkur viðskipti við erlenda banka, þar með taldar nauðsynlegar lántökur til þess að gegna sínu hlutverki, en ekki aðrar lántökur nema með leyfi ríkisstj. Þeir eiga að sinna gjaldeyriseftirliti á sínu verksviði.

4. Þá er komið að gjaldeyrisdeild bankanna. Aðsetur hennar er að Laugavegi 77 í Reykjavík og hún er undir daglegri stjórn fulltrúa frá Landsbanka og Útvegsbanka. Kostir þessa kerfis eru þeir, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir verða meðábyrgir við gjaldeyrismál. Þeir eiga að hafa gott samband við atvinnulífið. Fyrirkomulag þetta hefur stuðlað að því að tekið hefur verið ýtrasta tillit til viðskiptabankasjónarmiða við afgreiðslu mála undanfarin ár. Við afbrigðilegar aðstæður skapast möguleikar fyrir gjaldeyrisyfirvöld til þess að ná tökum á gjaldeyrisafgreiðslukerfinu, sem er net út um allt land. Gjaldeyrisdeildin er á margan hátt heppilegur samstarfsvettvangur fulltrúa rn., Seðlabanka og gjaldeyrisviðskiptabanka. Hún hefur visst sjálfstæði og ber að sinna ráðgjöf í stefnumótun. Ókostir þessa kerfis eru hins vegar margir. Það tefur stundum afgreiðslu sem fært er að heimila gjaldeyrisdeildum að sinna án afskipta nefndar, enda séu settar reglur og ákveðin mörk um hvað hver megi afgreiða. Hætt er við að fulltrúar viðskiptabanka hafi tilhneigingu til að velta af sér útlánakvöð með því að beina viðskiptamönnum inn á erlend lán. Í frv. er gert ráð fyrir heimild, en ekki lagaskyldu til þess að starfrækja gjaldeyrisnefndina áfram, en hún er samstarfsnefnd gjaldeyrisbankanna og rn. Allur kostnaður af rekstri gjaldeyrisdeildar er greiddur af leyfisgjöldum. Þau nema alls í ár um 525 millj. kr. Þar af ganga 350 millj. kr. til ríkissjóðs.

Gjaldeyriseftirlitið fylgist nákvæmlega með öllum útflutningi, en skil eru miðuð við verð í útflutningsleyfum viðskrn. Vantar nokkuð á að unnt sé að fylgjast nægilega vel með, þannig að útflutningur einstakra aðila, þar með talinna sölusamtaka, liggi ljóst fyrir í heild yfir árið, að hugað sé að sölulaunum og tilkostnaði o. fl., enda má telja þetta verkefni rn. Mjög veik aðstaða er til að tryggja skil aðila sem selja þjónustu til útlendinga hérlendis. Tök á að fylgjast með notkun gjaldeyris fyrir innflutning eru einnig afar veik. Tilraunir til að knýja fram skil umboðslauna hafa ekki borið nægilegan árangur. Eftirlit með fjármagnsflutningi er oft ófullnægjandi og síðbúið, kaupum fjárfestingarvara utanlands frá og ádrætti erlendra lána, enda er raunar óhægt um vik því afskipti gjaldeyriseftirlits koma eftir á þegar afgreiðsla hefur farið fram.

Í frv. er gert ráð fyrir að dregið sé úr heildareftirliti og í þess stað séu einstök fyrirtæki rannsökuð til hlítar. Þá er við það miðað að öll gjaldeyrissala og kaup verði tölvuvædd, eins og ég sagði áðan. Viðskipti einstakra inn- og útflytjenda verði stemmd af í kaupum og sölu gjaldeyris, jafnvel mánaðarlega.

Nú eru starfsmenn gjaldeyriseftirlits 13 talsins. Mjög mikil vinna er þar við skýrslugerð og úrvinnslu. Þá eru 5—6 menn bundnir störfum við innflutningspappíra, en þau mætti flytja í afgreiðslu bankanna.

Í fyrirliggjandi frv. eru þessi meginatriði stefnumörkunar:

1. Aðild rn. er styrkt og á það að formi til að vera útgefandi leyfa að því leyti sem greiðslur eru háðar leyfum. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir að rn. geti falið gjaldeyrisviðskiptabönkunum framkvæmd þessa, og reiknað er áfram með heimild til að viðhalda samstarfsvettvangi á vegum gjaldeyrisdeildar bankanna, en sú skrifstofa yrði þó væntanlega nokkru smærri í sniðum en nú er. Verulega yrði dregið úr störfum gjaldeyrisnefndar og bönkunum falin frekari framkvæmd eftir ákveðnum reglum. Þá er og nauðsynlegt að tryggja eðlilega endurnýjun þeirra sem í gjaldeyrisnefnd sitja, en það er framkvæmdaratriði sem vitaskuld verður ekki kveðið á um í lögum.

2. Af öryggisástæðum er þó haldið í mörg fyrri ákvæði laga. Jafnframt er gjaldeyriskerfinu haldið við í aðalatriðum, enda brýnt ef afbrigðilegar aðstæður skapast.

3. Í frv. eru gefnar víðtækar nýjar heimildir til gjaldeyriseftirlitsins. Verður litið svo á að eftirlitið starfi þá ekki einasta beint á vegum Seðlabankans, heldur hafi það sjálfstætt hlutverk.

Vert er að víkja að því í þessu sambandi, að dómstólakerfið og saksóknaraembættið virðast ærið þunglamalegar stofnanir þegar kemur að brotum á gjaldeyrisreglum. Þannig hefur gjaldeyriseftirlitið hvað eftir annað undanfarin 20 ár kært fyrir, að því er virðist, augljós og

gróf brot á gjaldeyrisreglum. Mun þó ekki á gildistíma þeirra laga, sem hér er ætlunin að breyta, nokkru sinni hafa verið dómfellt fyrir brot á gjaldeyrisreglum á nærri 20 ára tímabili. Með slíkum brotum fylgir að vísu venjulega önnur tegund brota, og útkoman er sú að ekki verður lögsótt fyrir gjaldeyrisbrot þar sem refsirammi sé hvort eð er uppfylltur með öðrum yfirsjónum. Þess ber að geta að fyrirliggjandi frv. breytir ekki grundvallaratriðum í þessum efnum, enda eru þau ekki á vettvangi viðskrn.

Gjaldeyrismál okkar hafa verið í ákveðnum mótuðum skorðum um langt árabil. Hér er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á því kerfi. Tilgangurinn er annars vegar einföldun þess, en hins vegar traustara eftirlit en verið hefur, því þrátt fyrir ákveðnar skorður hefur margt farið úr böndunum eins og alkunna er. Seint verður algerlega komið í veg fyrir svindl af því tagi sem getur þrifist á þeim vettvangi sem hér um ræðir, en leiðirnar að því marki eru að mínu mati tvær og þær ber að fara samhliða: Annars vegar að reglur þær, sem í gildi eru, séu manneskjulegar og í samræmi við réttarvitund almennings. Hin sú að stjórnkerfið sé nýtt til raunverulegs eftirlits, en ekki einvörðungu skriffinnskuverka, misjafnlega gagnlegra. Í þessum efnum verður að skoða marga þætti mjög vandlega og mun það gert samhliða setningu þeirra reglugerða sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. Alþ. taki þessu frv. vel, og ég legg mjög mikla áherslu á að það verði afgr. sem lög áður en þessu þingi lýkur. Hér er um að ræða einfalt, en þarft mál sem auðvelt á að vera að taka afstöðu til. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nd. 428. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Guðmundur J. Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Karvel Pálmason.

1. gr.

Fyrri mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Nú verður fyrirtæki eða atvinnurekandi fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna náttúruhamfara, meiri háttar bruna eða skiptapa, eða hráefni skortir í fiskiðjuveri vegna aflaskorts, þannig að óhjákvæmilegt sé að fella niður atvinnu að hluta eða öllu leyti, og getur þá fyrirtæki eða atvinnurekandi ákveðið að starfsmenn fari í launalaust starfshlé. Slíkt launalaust starfshlé má þó aldrei standa lengur en samtals 160 stundir á hverju 12 mánaða tímabili miðað við fullt starf og að hámarki 80 stundir samfellt ef um hráefnisskort er að ræða, enda er óheimilt að segja starfsmönnum upp störfum meðan svo er ástatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur Alþingi markað þá meginstefnu að allir launamenn skuli njóta uppsagnarfrests frá störfum miðað við starfstíma. Þetta hefur að sjálfsögðu haft þann yfirlýsta tilgang að auka atvinnuöryggi og skapa festu á vinnumarkaði. Ein veigamikil undantekning hefur þó verið frá þessari meginreglu. Starfsmenn í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, fiskvinnslu, hafa orðið að sæta því að verða *sviptir tekjum sínum með viku fyrirvara og það oft langtímum saman.*

Þessi staðreynd á rætur sínar að rekja til laga nr. 16/1958, en í þeim var gert ráð fyrir að atvinnurekendur gætu firrt sig launagreiðslum, t. d. vegna hráefnisskorts, og ekki tókst að fá fullnægjandi breytingar á þessum ákvæðum með nýjum lögum nr. 19/1979.

Lögin frá 1979 eru að stofni til byggð á lögum nr. 16/1958, m. a. ákvæði fyrri mgr. 3. gr. laganna, en þar segir:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, *upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu* ...“

o. s. frv. Árið 1965 náði Verkamannafélagið Dagsbrún samkomulagi við skipaafgreiðslur í Reykjavík um að upp- og útskipunarvinna væri með venjulegum uppsagnarfresti og verkamenn fengju greitt kaup þó að vinna væri ekki fyrir hendi, af því að skip væru ekki í höfn o. s. frv. Sami háttur hefur verið tekinn upp hjá þeim félögum þar sem hafnarvinna er samfelld eða því sem næst. Það er því fiskvinnslufólk eitt sem býr við þennan skerta rétt.

Í framkvæmd hafa ýmsir atvinnurekendur beitt þessu lagaákvæði þannig að með öllu er óviðunandi fyrir launamenn og stríðir gegn meginstefnu löggjafans um atvinnuöryggi. Þannig eru dæmi um að atvinnurekendur hafa haldið starfsmönnum launalausum mánuðum saman og framkallað hráefnisskort með því að láta selja afla veiðiskipa sinna erlendis, eða í öðrum höfnum, en haldið starfsmönnum fiskvinnslunnar verkefnislausum og án launa.

Til viðbótar siglingum fiskiskipa hefur útflutningur í gámum á ísuðum fiski, bæði með flutningaskipum og flugvélum, enn aukið öryggisleysi fiskvinnslufólks. Þess má geta, að siglingar fiskiskipa með fisk á erlendan markað hafa verið um 35 þús. tonn á ári, rösk 35 þús. tonn árið 1983, en tæp 35 þús. tonn árið 1984. Gámaflutningar með ísfisk (flök ekki meðtalin) með flutningaskipum og flugvélum voru 9 þús. tonn 1983 en um 15 þús. tonn 1984.

Vegna þessarar reynslu þykir nauðsynlegt að skilgreina nánar undir hvaða kringumstæðum atvinnurekendum sé heimilt að setja starfsmenn sína í launalaust leyfi, svo og að takmarka þann tíma sem slíkt sé leyfilegt á hverju ári og í hvert sinn.

Með þeirri breytingu á fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979, sem lögð er til með þessu frumvarpi, er að því stefnt að setja frekari skorður við beitingu umræddrar heimildar, þó það rúmar að atvinnurekendur geti firrt sig launagreiðslum þegar um ófyrirséð atvik er að ræða og þá þann tíma sem ætti að vera nægilegur til þess að gera viðhlítandi ráðstafanir ef um fyrirsjáanlega varanlega rekstrarstöðvun er að ræða.

Um 70% af skráðu atvinnuleysi á s. l. ári var hjá fiskvinnslufólki eða í störfum tengdum fiskvinnslu. Það hlýtur að vera alvarlegt áhyggjuefni að starfsfólk í fiskvinnslu, sem er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, skuli búa við slíkt öryggisleysi umfram aðra þjóðfélagsþegna og veldur því að fólk sækir úr þessari atvinnugrein, jafnvel þótt það hafi margra ára starfsreynslu að baki. Slíkt hlýtur að bitna á atvinnugreininni og gæðum framleiðslunnar. Það hljóta því að vera hagsmunir þjóðarbúsins í heild að bæta úr þessu ófremdarástandi. Til þess er þetta frumvarp flutt.

Sþ. 429. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um fullvinnslu sjávarafla.

Flm.: Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum til að efla fullvinnsluiðnað sjávarafla, m. a. með því að beina til hans auknu lánsfé og auka rannsóknir og efla markaðsleit fyrir unnar sjávarafurðir.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur það verið einkenni á íslenskum þjóðarbúskap að mikill viðskiptahalli hefur verið við útlönd. Ýmsar skoðanir eru uppi um það hvað þessu valdi, t. d. að fjárfestingar hafi verið of miklar og óhagkvæmar. Aðrir benda á að Íslendingar taki erlend lán til neyslu o. s. frv.

Til þess að auka gjaldeyristekjur hafa margir talið að beisla þyrfti orku íslenskra fallvatna og nýta hana til stóriðju. Það er ekki tilgangurinn með greinargerð þessari að rökræða um kosti eða galla stóriðju, þar sem sitt sýnist hverjum. Þó skal ekki dregið í efa að orka íslenskra fallvatna og jarðhiti séu einar stærstu framtíðarauðlindir Íslendinga.

Það er einkenni á efnuðum þjóðum að þær leggja áherslu á fullvinnslu afurða sinna. Engin þjóð býr við góð lífskjör eða háar þjóðartekjur nema iðnaður sé á háu stigi og hráefni ekki seld lítt eða óunnin úr landi. Undantekningar frá þessu eru fáar, t. d. olíuríkin. Fátækar þjóðir selja yfirleitt hráefni óunnin úr landi.

Einkenni á íslensku atvinnulífi er að við veiðum mikið af fiski miðað við fjölda íbúa. Þessi mikli sjávarafli Íslendinga hefur verið undirstaða lífskjara og framfara í landinu. Íslenskar sjávarafurðir hafa yfirleitt verið eftirsóttar og það tryggt okkur öðru fremur þá markaði sem við höfum.

Nú hefur aflamagn flestra fisktegunda verið takmarkað og að áliti fiskifræðinga ekki von á aflaaukningu helstu nytjafiska næstu árin. Þetta þýðir, ef rétt er, að um auknar gjaldeyristekjur frá helstu útflutningsgreininni verður ekki að ræða, að öðru óbreyttu. Við þessar aðstæður hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki séu möguleikar á að stórauka útflutningsverðmæti íslensks sjávarafla með frekari vinnslu hans innanlands. Það er álit kunnugra að þarna liggi miklir ónýttir möguleikar, en þrjú frumskilyrði þurfi að uppfylla til þess að þeir verði nýttir: Aukið fjármagn til uppbyggingar vinnsluaðstöðu samfara hagstæðum afurðalánum, auknar rannsóknir og stórefld markaðsleit.

Nokkur dæmi skulu hér nefnd um aukna vinnslumöguleika, þótt engan veginn sé um tæmandi upptalingu að ræða.

Grásleppuhrogn. Framleiddar eru oftast 12—20 þús. saltaðar tunnur á ári. Til loka október á s. l. ári voru fluttar út röskar 16 þús. tunnur að verðmæti tæpar 130 millj. kr.

Stærsti hluti þessa magns fór til Danmerkur. Danskir kaupendur taka hrogin úr tunnunum, framleiða úr þeim kavíar, en það er einföld vinnsla, og pakka þeim síðan í litlar neytendaumbúðir.

Athyglisvert er að nær allur kavíarinn er seldur úr landi frá Danmörku og verksvið þeirra er nánast framhaldsvinnsla. Kavíar er seldur sem lúxusvara til ýmissa landa, en stærsta markaðslandið er Frakkland.

Talið er að um 60% heimsframleiðslunnar af grásleppuhrognum komi frá Íslandi.

Íslendingar hafa lítils háttar framleitt kavíar, yfirleitt úr 1—3 þús. tunnum á ári. Útflutningsverðmætið rösklega tvöfaldaðist við vinnsluna, en við virðumst ekki hafa komist inn á jafndýra markaði og Danir.

Lifur. Meiri hluti togaraflotans hendir allri lifur. Sú lifur, sem nýtt er í landinu, er einkum úr fiski sem landað er óslægðum og er hún brædd til lýsisframleiðslu. Lítils háttar er soðið niður.

Það vakti athygli á s. l. ári að Sovétríkin óskuðu eftir kaupum á meira af niðursoðinni lifur en við gátum afgreitt.

Við framleiðum árlega um 1,5 millj. dósa, en kunnugir telja að þetta magn megi auðveldlega tvöfalda. Mest er soðið niður í Vestmannaeyjum.

Gjaldeyristekjur af niðursoðinni lifur eru um það bil fimmfaldar miðað við bræðslu.

Rækja. Gífurleg aukning hefur orðið á rækjuveiðum að undanförnu og veldur þar mestu um veiði á úthafsrækju.

Rækja er einkum fryst, en nokkuð soðið niður. Kunnugir telja að markaðir yrðu fjölbreyttari og öruggari ef möguleikar væru á meiri niðursuðu. Verðmismunur getur verið á afurðum frá þessum verkunaraðferðum eftir árum.

Auka þyrfti framleiðslu á frystri rækju í neytendaumbúðir, en pökkun í neytendaumbúðir fer að mestu leyti fram erlendis. Áhugi er fyrir framleiðslu í slíkar pakkningar hérlendis.

Saltfiskur. Söltun hefur verið önnur stærsta vinnslugreinin í íslenskum sjávarútvegi. Útflutningur á saltfiski hefur numið 35—60 þús. tonnum árlega að undanförnu. Nær allur saltfiskur er nú fluttur úr landi blautverkaður, gagnstætt því er áður var. Fram yfir heimsstyrjöldina síðari var hins vegar nær allur saltfiskurinn fluttur út þurrkaður.

Athyglisvert er að aðrir helstu framleiðendur saltfisks, Norðmenn og Kanadamenn, þurrka (verka) megnið af framleiðslu sinni. T. d. nam útflutningur saltfisks frá Noregi um 69 þús. tonnum árið 1982. Þar af voru um 53 þús. tonn af þurrkuðum fiski og tæp 16 þús. tonn af blautfiski. Saltfiskur léttist um rúmlega þriðjung við þurrkunina og samsvarar magnið af útfluttum þurrfiski því um 71 þús. tonnum af blautverkuðum fiski eða rúmum 80%. Í Noregi er óheimilt að flytja blautverkaðan fisk úr landi nema fá til þess sérstakt leyfi (Þjóðbankans).

Á Íslandi nam útflutningur á blautverkuðum saltfiski rúmum 56 þús. tonnum árið 1982, en á þurrkuðum fiski tæpum 1500 tonnum (3—4%). Árið 1983 nam útflutningur blautverkaðs saltfisks frá Íslandi um 45 þús. tonnum en þurrfisks um 2800 tonnum (7—8%).

Hvernig stendur á þessum gífurlega mismun á verkunaraðferðum á Íslandi annars vegar og í Noregi og Kanada hins vegar? Norðmenn telja sig fá meiri gjaldeyrisverðmæti með því að flytja út þurrkaðan saltfisk. Þess vegna þarf sérstakt leyfi til þess að flytja fiskinn út blautverkaðan.

Hagstætt ætti að vera að þurrka fisk á Íslandi þar sem jarðhita er að finna við ýmis helstu framleiðslusvæðin. Aðrir kostnaðarliðir eru rafmagn og vinnuafl. Hluti af umbúðakostnaði er erlendur, en að öðru leyti er um innlendan kostnað að ræða. Meiri hluti þess blautverkaða saltfisks, sem við flytjum út, er þurrkaður í kaupendalöndunum. Sá fiskur, sem þurrkaður er á Íslandi, eru einkum ódýrari fisktegundir, svo sem ufsi, keila, langa, svo og smáfiskur og fiskur í lægstu gæðaflokkum (III. og IV. gæðaflokkur og jafnvel úrkast). Af þessum ástæðum er óraunhæft að bera saman meðalverð á útfluttum tonnum af þurrkuðum og blautverkuðum fiski.

Talið er að meginástæðan fyrir því, að íslenski saltfiskurinn er fluttur út blautverkaður, sé sú að hægt sé að afskipa honum þannig mun fyrr og spara með því kostnað við óhagstæð afurðalán. Gjaldeyrislega er þetta hins vegar óhagkvæmt að dómi Norðmanna og Kanadamanna.

Æskilegt væri að ítarleg rannsókn færi fram á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að þurrka stærri hluta saltfiskframleiðslunnar í landinu.

Ýmsir möguleikar virðast vera til fjölbreyttari framleiðslu á söltuðum afurðum, þó að það sé ef til vill ekki í stórum stíl. Það er t. d. vitað að í Bandaríkjunum er þó nokkur neysla á saltfiski. Innflytjendur frá Ítalíu, Spáni, Portúgal og eyríkjum í Karíbahafinu og niðjar þeirra neyta saltfisks. Saltfiskur þessi er yfirleitt seldur í kjörbúðum í litlum neytendaumbúðum. Ekki er vitað til að við höfum reynt af neinni alvöru að komast inn á þennan markað, en verð er þar áberandi hærra en í hefðbundnum markaðslöndum okkar. Fiskur þessi kemur að mestu leyti frá Kanada.

Freðfiskur. Stærsta vinnslugreinin í fiskiðnaði er frysting. Nokkur þróun hefur orðið í framleiðslu í gegnum árin og er nú vaxandi áhersla lögð á flaka- og neytandapakkningar.

Í Bretlandi og Bandaríkjunum er vaxandi markaður fyrir fisk í smáum umbúðum, t. d. „Cut dinners“. Slík pökkun fer nú fram erlendis, t. d. í S.H. í Grimsby. Mun hagkvæmara væri að skera fiskinn niður ferskan í frystihúsum á Íslandi og pakka honum hér í slíkar umbúðir. Slík vinnsla innanlands myndi auka gjaldeyristekjur.

Þá þyrfti að kanna ítarlega hvort mögulegt sé að framleiða innanlands ýmiss konar fiskrétti til útflutnings. Danir og Norðmenn framleiða slíka rétti fyrir Evrópumarkað, bæði í frystihúsum og í sérstökum verksmiðjum.

Hærri tollar á fullunnum afurðum eru þarna talsverð hindrun, en slíkur útflutningur mundi gefa stórauknar gjaldeyristekjur.

Lagmetisiðnaður. Í þessum iðnaði hefur okkur gegnið seint og illa að ná árangri. Nokkrar framfarir hafa orðið seinni árin og munar þar einna mest um aukna niðursuðu á rækju.

Danir eru okkur áberandi fremri í ýmiss konar vinnslu, umbúðum og markaðsöflun.

Í þessari grein er hörð samkeppni, en miklir möguleikar fyrir Íslendinga.

Lýsi. Lýsi er ekki í jafnháu verði nú og var fyrir nokkrum áratugum.

Nýlegar rannsóknir á vegum Lýsis hf. og Raunvísindastofnunar Háskólans gefa tilefni til bjartsýni um fjölþættari og verðmætari vinnslu úr lýsi. Framtak þetta er virðingarvert og dæmi um þá möguleika sem eru á vinnslu úr íslenskum sjávarafurðum.

Lokaorð.

Hér hefur verið drepið á nokkur atriði. Hægt væri að telja upp fjölmarga þætti, mismunandi stóra, sem efla mundu fullvinnslu sjávarafurða.

Það er álit kunnugustu manna að íslenskur sjávarútvegur bjóði upp á mjög fjölþætta, ónýtta möguleika, sem ekki mundu aðeins stórauka útflutningsverðmæti, heldur einnig skapa atvinnu sem næmi nokkrum þúsundum ársverka.

Það er álit flutningsmanns að ríkisstjórnin verði að beita áhrifavaldi sínu til þess að fjármagni verði varið til uppbyggingar iðnaðar úr sjávarafla, til markaðsleitar og til rannsóknarstarfa. Þetta væri ein áhrifamesta leiðin til þess að efla íslenskt atvinnulíf, auka gjaldeyristekjur og eyða viðskiptahalla.

Sþ. 430. Fyrirspurn [252. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsingakostnað vegna sölu spariskírteina ríkissjóðs.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu miklu fé hefur fjármálaráðuneytið ákveðið að verja alls í auglýsingaherferð þá sem nú stendur yfir vegna sölu á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs?
2. Hvað má ætla að auglýsingakostnaður þessi jafngildi launum margra manna í 15. launaflokki (1. þrepi) BSRB?

Sþ. 431. Fyrirspurn [253. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vistunarvanda öryrkja.

Frá Guðrúnu Helgadóttur og Helga Seljan.

Hvað líður aðgerðum til lausnar á vistunarvanda þeirra öryrkja sem við mesta fötlun búa?

Sþ. 432. Fyrirspurn [254. mál]

til viðskiptaráðherra um nöfn fyrirtækja.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Telur viðskiptaráðherra það samrýmast lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, sbr. l. nr. 57/1982, að erlend vörumerki séu höfð í nöfnum íslenskra fyrirtækja?

Sþ. 433. Fyrirspurn [255. mál]

til viðskiptaráðherra um verðbréfamarkaðinn og auglýsingakostnað banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mikill var auglýsingakostnaður einstakra banka og sparisjóða á árunum 1983 og 1984? Auglýsingakostnaður fyrir árið 1984 óskast sundurliðaður eftir ársfjórðungum.
2. Hve mikið var keypt af veðskuldabréfum og spariskírteinum á verðbréfamarkaðinum árin 1982, 1983 og 1984, og hvernig var sú velta í samanburði við spariskírteinasölu ríkissjóðs og heildarinnlán banka og sparisjóða á þessum árum?

Sþ. 434. Fyrirspurn [256. mál]

til viðskiptaráðherra um vaxtamismun inn- og útlána í bönkum og sparisjóðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hverju nam vaxtamismunur inn- og útlána í heild í einstökum bönkum og sparisjóðum ársfjórðungslega á árunum 1983 og 1984?

Sþ. 435. Fyrirspurn [257. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverju nema skuldbindingar viðskiptabankanna erlendis?
2. Hverjar eru heimildir viðskiptabankanna til lántöku erlendis?
3. Hvernig er ábyrgð ríkissjóðs háttað á erlendum skuldbindingum bankanna?
4. Hvernig er háttað ábyrgð viðskiptabanka og sparisjóða á innstæðum sparifjáreigenda og með hvaða hætti eru innstæður sparifjáreigenda tryggðar í bönkum og sparisjóðum?

Sþ. 436. Fyrirspurn [258. mál]

til viðskiptaráðherra um eiginfjárstöðu banka og sparisjóða o. fl.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var eiginfjárstaða einstakra banka og sparisjóða á árunum 1982, 1983 og 1984, og hvert er hlutfall fjármunamyndunar af eigin fé þeirra á þessum þrem árum?
2. Hversu mikið af eigin fé einstakra banka og sparisjóða er bundið í varanlegum rekstrarfjármunum?
3. Hverjar eru skuldbindingar viðskiptabanka og sparisjóða vegna lífeyrisréttinda starfsmanna og hvaða áhrif hafa þær skuldbindingar á eiginfjárstöðu stofnananna og reikningsskil í árslok?
4. Hversu hátt hlutfall af eigin fé bankastofnana telur viðskiptaráðherra eðlilegt að sé bundið í fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum?
5. Hversu margar umsóknir liggja fyrir um stofnun nýrra bankaútibúa og sparisjóða?
6. Hvaða stofnanir eru það sem lagt hafa inn slíkar beiðnir?

Sþ. 437. Fyrirspurn [259. mál]

til viðskiptaráðherra um vanskil í bönkum og sparisjóðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru heildarinnlán og útlán í einstökum bönkum og sparisjóðum á árunum 1983 og 1984, og hver var hlutur hverrar af helstu atvinnugreinum og þjónustustarfsemi í þeim?
2. Hver voru heildarvanskil vegna útlána og ábyrgða í einstökum bönkum og sparisjóðum í árslok 1982, 1983 og 1984?
3. Hversu miklir dráttarvextir voru greiddir hin sömu ár vegna vanskila og hversu hátt hlutfall var það af vaxtatekjum hvers banka og sparisjóðs?
4. Hversu miklar vanskilaskuldir voru sendar lögfræðingum til innheimtu á árunum 1982, 1983 og 1984 og hve mikill var innheimtukostnaður af þeim sökum? Hve oft leiddu innheimtuaðgerðir til uppboða hjá skuldara?

Sérstaklega er óskað að fram komi í svörum við ofangreindum spurningum hver hafi verið hlutur einstaklinga í heild, sé þess kostur.

Sþ. 438. Fyrirspurn [260. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarfyrirgreiðsla viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóðanna til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984?
2. Hvert var hlutfall heildarfyrirgreiðslu hvers lánþega um sig af eigin fé stofnunarinnar?
3. Er þar um að ræða lántakendur, einn eða fleiri, sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum lántakendum stofnunarinnar að skoða beri heildarfyrirgreiðslu til þeirra í einu lagi?
4. Hvernig var fyrirgreiðslan tryggð í hverju tilviki?

Sþ. 439. Fyrirspurn [261. mál]

til félagsmálaráðherra um afgreiðslu lána frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Helga Seljan.

1. Hvenær má vænta afreiðslu G-lána — lána til eldri íbúða — til þeirra sem keyptu íbúðir í apríl – júní á s. l. ári?
2. Hvenær verður þriðji hluti nýbyggingarlána afgreiddur til þeirra sem fengu fyrsta hluta í desember 1983?

Nd. 440. Frumvarp til laga [262. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að hækka greiðslur makabóta til þeirra sem bundnir eru heima við vegna örorku eða langvinns sjúkdóms maka og geta ekki af þeim sökum aflað sér tekna.

Í 13. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði þess efnis að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að **80% einstaklingslífeyris** ef sérstakar ástæður eru fyrir

hendi. Í framkvæmd hefur ákvæði þessarar greinar verið þannig að eingöngu hefur verið miðað við grunnlífeyri án tekjutryggingar og er upphæð makabóta nú 3 394 kr. 78 konur og 4 karlar fá nú makabætur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að makabætur geti numið allt að 80% af samanlögðum grunnlífeyri og tekjutryggingu, eða 8 154 kr. í stað 3 394 kr.

Í almannatryggingalögum, og þeirri breytingu sem hér er lögð til, er ákvæðið takmarkað við maka elli- og örorkulífeyrisþega. Það er þó vissulega íhugunarefni hvort ekki væri rétt að þetta ákvæði næði til fleiri hópa í sambærilegum tilfellum. Má þar nefna tímabundnar aðstæður, t. a. m. einstæðra foreldra, vegna veikinda barna um lengri tíma þar sem sú aðstaða getur oft leitt til þess að fólk missir launatekjur af þeim sökum.

Einnig má minna á þá stefnumörkun sem gerð var með lögum um málefni aldraðra, en þar segir að meginmarkmið þeirra laga sé að stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og eigi völ á þeirri heilbrigðisþjónustu og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa til að því markmiði verði náð. Hér þarf vart að lýsa því neyðarástandi sem ríkir, einkum á höfuðborgarsvæðinu, vegna vistunarmála aldraðra. Það gæti vissulega dregið úr þörf fyrir vistun aldraðra á stofnunum ef ákvæði það, sem frumvarp þetta fjallar um, yrði gert víðtækara og opnaðir möguleikar til að greiða betur þeim sem ekki geta aflað sér tekna á vinnumarkaðinum vegna umönnunar um aldraða og öryrkja í heimahúsum, — sem ella þyrftu á vistun á sjúkrastofnun eða vistheimili að halda. Slíkt fyrirkomulag mundi tvímælalaust hafa í för með sér sparnað.

Það ákvæði í 13. gr. almannatryggingalaganna, sem hér er lagt til að verði breytt, kom fyrst inn í lögin á árinu 1946. Þá var heimildin á þá leið að þessar bætur mætti greiða **eiginkonu** ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega enda þótt hún væri ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki. Var við það miðað að bótaupphæðirnar, þ. e. samanlagðar bætur til hjónanna, færu ekki fram úr hjónalífeyri, en þá var tekjutryggingin ekki komin til sögunnar. Verður því að líta svo á að löggjafinn hafi miðað makabæturnar við hæstu lífeyrisgreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega eins og þær voru á þeim tíma. Kemur þetta enda glögglega fram þegar þessum lögum er breytt á Alþingi 1955—56 og makabæturnar hækkaðar. Þá er tekið fram í ákvæði greinarinnar að miða skuli makabætur við allt að 60% **óskerts einstaklingslífeyris.** Á Alþingi 1959—1960 eru makabætur hækkaðar í 80% og enn er þar að finna ákvæði um að miðað sé við óskertan einstaklingslífeyri.

Á Alþingi 1962—1963 er þessu ákvæði almannatryggingalaganna breytt í það horf sem það er nú, þ. e. að greiða megi **maka** elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Breytingin fólst í því að makabætur, sem áður voru einungis greiddar eiginkonum, náðu nú einnig til eiginmanna þannig að maki elli- og örorkulífeyrisþega fékk greiddar makabætur í sérstökum tilfellum, og hins vegar féll brott orðið „óskertur" (einstaklingslífeyrir) — án þess þó að á því væri gefin sérstök skýring eða að af verði ráðið að makabæturnar hafi lækkað, — enda áfram miðað við 80% af hæstu greiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega.

Á árinu 1971 eru svo sett ný lög um almannatryggingar og voru helstu nýmæli þeirra hin svonefnda tekjutrygging. Tekjutryggingin leggst við elli- og örorkulífeyri ef sjálfsaflatekjur lífeyrisþegans eru undir ákveðnu marki sem nefnt hefur verið frítekjumark. Greiðist hún að fullu við það mark en skerðist um 55% af tekjum umfram frítekjumarkið. Þó að með þessu ákvæði hafi greiðslur hækkað verulega til elli- og örorkulífeyrisþega, sem ekki höfðu aðrar tekjur en einstaklingslífeyri almannatrygginga, þá hafa makabæturnar ekki fylgt þessari breytingu og eru nú miðaðar við grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega en ekki hæstu lífeyrisgreiðslur (þ. e. grunnlífeyri og tekjutryggingu án uppbótar) eins og áður var.

Sé litið á þessa forsögu málsins verður að telja að það hafi ekki verið vilji löggjafans að breyta viðmiðuninni við hæstu lífeyrisgreiðslur, enda ekki um að ræða breyttar aðstæður sem réttlættu það að leggja aðra viðmiðun til grundvallar.

Elli- og örorkulífeyrisþegar hafa oft ekki annað sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga. Þegar þar við bætist að maki elli- og örorkulífeyrisþegans getur ekki aflað heimilinu tekna vegna þess að hann er bundinn heima við vegna örorku hans eða langvarandi sjúkdóms, — og hefur því einungis makabætur almannatrygginga, eða rúmar 3 þús. kr., — þá verður framfærslan slíkri fjölskyldu ofviða.

Á það ber einnig að líta að þeir, sem bundnir eru heima við vegna umönnunar um maka sinn, spara þjóðfélaginu mikið fé því að gera má ráð fyrir að að öðrum kosti þyrfti öryrki eða ellilífeyrisþegi, sem þarf mikla umönnun, að dveljast á sjúkrastofnun eða vistheimili þar sem kostnaðurinn **á dag** getur orðið a. m. k. 25% hærri en heildargreiðslur sem maki öryrkja eða ellilífeyrisþega fær nú greiddar mánaðarlega.

Í desember s. l. var fjöldi þeirra, sem nutu makabóta, 82 skv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins, 78 konur og 4 karlar. Kostnaður á mánuði, miðaður við núgildandi makabætur, er um 280 þús. kr. eða 3,3 millj. kr. á ári. Ef frv. þetta yrði að lögum yrði kostnaðurinn 669 þús. á mánuði eða 8 millj. kr. á ári.

Útgjöld, sem frv. þetta hefði því í för með sér, væri á ári um 5 millj. kr. Það segir sig sjálft að sá kostnaður er ekki nema brot af því sem ríkissjóður þyrfti ella að greiða ef umönnunar makanna nyti ekki við því að ekki er önnur leið fær í slíkum tilfellum en vistun á stofnunum.

Sþ. 441. Fyrirspurn [263. mál]

til iðnaðarráðherra um afkomu og verðmætishlutdeild fyrirtækja í ullariðnaði.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hefur iðnaðarráðuneytið tekið til athugunar skýrslu Þjóðhagsstofnunar o. fl., er gerð var á s. l. hausti að tilhlutan landssamtaka prjóna- og saumastofa, um afkomu og verðmætishlutdeild einstakra greina ullariðnaðarins?
2. Telur ráðuneytið eðlilega þá breytingu sem orðið hefur á afkomu og verðmætahlutdeild fyrirtækjanna frá árinu 1981?
3. Má vænta þess að ráðuneytið láti þessi mál á einhvern hátt til sín taka til að koma í veg fyrir að þýðingarmikill framleiðsluatvinnuvegur á landsbyggðinni leggist niður?
4. Mun ráðuneytið taka þátt í hagræðingarátaki á prjóna- og saumastofum sem nú er verið að hrinda af stað á vegum landssamtaka prjóna- og saumastofa?

Sþ. 442. Fyrirspurn [264. mál]

til menntamálaráðherra um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í byggingu og rekstri framhaldsskóla og innheimtu námsvistargjalda.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Má vænta þess að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir samræmingu laga um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í byggingu og rekstri menntaskóla annars vegar og fjölbrautaskóla hins vegar?
2. Er breytinga að vænta á afstöðu ráðuneytisins til innheimtu svokallaðs námsvistargjalds?

Sþ. 443. Fyrirspurn [265. mál]

til viðskiptaráðherra um sölu á fiski erlendis.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hve mikið af ferskum fiski var flutt í gámum til sölu erlendis frá einstökum verstöðvum á s. l. ári? Tilgreint sé magn einstakra fisktegunda frá hverri verstöð ef unnt er.
2. Hve mikið verð fékkst fyrir þennan útflutning frá hverri verstöð?
3. Hvert var meðalsöluverð hverrar fisktegundar að frádregnum sölukostnaði?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 444. Fyrirspurn [266. mál]

til menntamálaráðherra um kennslukostnað.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hver er heildarkostnaður (þar með talinn stjórnkerfiskostnaður) ríkissjóðs árin 1983, 1984 og 1985 (skv. fjárlögum):

1. Af hverjum bóknámsnemanda í fullu námi
   a. á grunnskólastigi,
   b. á öðrum skólastigum?
2. Af hverjum verknámsnemanda í fullu námi?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 445. Frumvarp til laga [267. mál]

um breyting á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

A-liður 4. tl. 39. gr. laganna orðist svo:

Miðað sé við opinbera skráða vísitölu, svonefnda lánskjaravísitölu, eins og hún er skráð á hverjum tíma.

2. gr.

Við 4. tl. 39. gr. bætist nýr liður, merktur c, sem hljóðar svo:

Nú reynist á einhverjum gjalddaga samanlögð upphæð afborgunar, verðtryggingarþátta og vaxta, hér eftir nefnd gjalddagaupphæð, á verðtryggðu láni til einstaklings skv. lögum þessum hafa hækkað meira hlutfallslega en kaupgreiðsluvísitala skv. 4. mgr. á tímabilinu frá því að lánveiting átti sér stað, og skal þá einungis sá hluti ofangreindrar gjalddagaupphæðar, sem samsvarar hækkun kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr., teljast gjaldfallinn.

Sú lækkun gjaldfallinnar upphæðar, sem af ákvæði 1. mgr. leiðir, myndar sérstakan viðauka höfuðstóls, sem verðtryggist með sama hætti og hið upphaflega lán og lýtur sömu vaxtakjörum, en byrjar að gjaldfalla þá fyrst er upphaflegum lánstíma lýkur og þá með sömu gjalddögum og hið upphaflega lán.

Lánstími höfuðstólsviðauka skal við það miðaður að raungildi hverrar greiðslu verði eigi hærra en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er miðað skal við skv. ákvæði 1. mgr., skal leidd af taxta verkamanna í fiskvinnslu, efsta starfsaldursþrepi, og tekur sömu breytingum og viðmiðunartaxti atvinnuleysisbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 64/1981.

Endurskoða skal þennan viðmiðunargrunn reglulega.

3. gr.

2. málsgr. 39. gr. orðist svo:

Seðlabankinn skal birta lánskjaravísitölu, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum. Seðlabankinn skal einnig birta kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr. 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðtryggð lán til eins árs eða lengur, sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu háð sömu ákvæðum og um getur í 2. gr. þessara laga frá og með næsta gjalddaga eftir gildistökuna.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að fyrirbyggja að versnandi lífskjör auki greiðslubyrði verðtryggðra lána langt umfram eðlilega greiðslugetu fólks, m. ö. o. að tillit sé tekið til þess við útreikning verðtryggðra lána ef lífskjör fara versnandi og verðmæti vinnulauna fylgja ekki verðgildi annarra verðmæta í þjóðfélaginu.

Hugmyndin er sú að fresta greiðslu á þeim hluta verðtryggingar sem er umfram almennar launahækkanir í landinu. Þetta verði gert með lengingu lánstímans þannig að hækkun árlegrar greiðslubyrði sé ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa á sama tímabili.

Frumvarp þetta var flutt árið 1982 á 105. löggjafarþingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarpið er nú lagt fram óbreytt, en tölum í greinargerð breytt til samræmis við þróun kaupgjalds og lánskjaravísitölu, svo og greiðslubyrði lána fram til 1. janúar 1985.

Auk þess er sýnd spá um þróun lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu til ársloka 1985 og hvernig ætla má að greiðslubyrði lána þróist fram til næstu áramóta.

Verðtrygging lána.

Með lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, voru gerðar gagngerðar breytingar á lánsfjármarkaði hér á landi. Ástæða þessarar lagasetningar voru, eins og margir muna, verulegur lánsfjárskortur vegna neikvæðra vaxta, rýrnun sparifjár landsmanna, verðbólgubrask og óarðbærar fjárfestingar í steinsteypu og fleira með válegum fyrirboðum fyrir þjóðarbúið ef fram héldi sem horfði um lengri tíma.

Með tilkomu verðtryggingarákvæða þeirra laga voru fyrirsjáanlegir ýmsir aðlögunarerfiðleikar fyrir almenning á lánsfjármarkaði, þ. á m. gerbreyttur hugsunarháttur gagnvart skuldasöfnun. Þetta þýddi það að ekki var lengur hægt að treysta á hjálp verðbólgunnar til að eyða skuldunum.

Þrátt fyrir þetta dró lítið úr eftirspurn eftir lánsfé, nema þá helst fyrst í stað. Skýringin á þessu var m. a. sú að í kjölfar verðtryggingarákvæðanna jókst verulega framboð á lánsfé og lánastofnanir kynntu verðtryggðu lánin með lægri afborgunarkjörum og vaxtagreiðslu fyrstu árin heldur en gilti um gömlu lánin.

Samkvæmt lögunum átti samhliða verðtryggingu almennt að lengja lánstímann til að mæta greiðslubyrði sem leiddi af verðtryggingunni. Þetta ákvæði hafa stjórnvöld að verulegu leyti heykst á að framkvæma þótt einstakir lífeyrissjóðir hafi lengt lánstímann eitthvað.

Í því óðaverðbólguástandi, sem ríkt hefur hér um árabil, hefur það sýnt sig að ógerningur er að gera langtímaáætlanir um fjárskuldbindingar. Sá sem tekur verðtryggt lán til langs tíma veit í raun mjög lítið um hvaða skuldbindingar hann er að leggja á sínar herðar, nema honum séu tryggð jafnverðmæt laun á lánstímanum því að þá verður lánið ávallt sama hlutfall af árstekjum hans.

Á sama hátt og það er sjálfsagt réttlætismál að menn endurgreiði jafnmikil verðmæti og þeir fá að láni, ásamt sanngjarnri þóknun, þá er líka sanngirniskrafa að þjóðfélagið stuðli að því að slíkt sé mögulegt, þ. e. a. s. að lífskjörin haldist jafngóð eða betri út lánstímabilið eins og þegar lánið er tekið. Ef lífskjör fara versnandi í þjóðfélaginu um lengri eða skemmri tíma, þá er sanngjarnt að skuldabyrði almennings sé dreift á lengri tímabil fremur en hætta á greiðsluþrot fólks með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir margar fjölskyldur í landinu.

Almennt hafa launþegar ekki önnur úrræði til að standa undir fjárskuldbindingum sínum en verðmæti vinnu sinnar. Ef verðmæti vinnunnar minnkar í hlutfalli við önnur verðmæti, t. d. verðgildi peninga, fasteigna eða vöruverðs, þá minnkar kaupgeta og greiðslugeta almennra launþega með þeim afleiðingum að meiri vinnu þarf að leggja fram til að standa undir greiðslubyrði húsnæðislána, lífeyrissjóðslána og bankalána, samfara öðru brauðstriti.

Það er alveg ljóst að almennt hefur fólk ekki gert sér nægilega góða grein fyrir áhrifum verðtryggingarfjárskuldbindinga. Margir hafa því teflt á tæpasta vað með fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Þá er að koma í ljós í ýmsum atvinnurekstri að margir hafa reist sér hurðarás um öxl í fjárfestingu og lánum. Nægir þar að benda á útgerðina, en ekki er óalgengt að skuldabyrði sé létt af útgerðarfyrirtækjum með lengingu lána, — og þeim reyndar sumum á niðurgreiddum kjörum. Sama gildir um heimilin í landinu, þau standa ekki undir skuldabyrði sinni fremur en atvinnufyrirtækin við langvarandi kjararýrnun.

Misvægi lánskjara og launa.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 eru talin upp nokkur skilyrði verðtryggingar, en að öðru leyti er Seðlabankanum falið að ákveða lánskjör verðtryggðra lána, þar með talið að ákveða vísitölu eða vísitölur þær sem nota skal til viðmiðunar. Gerð var ný vísitala, lánskjaravísitala, sem samsett er úr tveim eldri vísitölum, vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓ hluta. En jafnframt heimilar Seðlabankinn notkun byggingarvísitölu sem grundvöll verðtryggingar. Fram til ársins 1982 virðast lánskjaravísitala og byggingarvísitala hafa verið notaðar jöfnum höndum af lánastofnunum. En eftir mitt ár 1982 er algengasta vísitöluviðmiðunin lánskjaravísitala.

Ljóst er að laun hafa á undanförnum árum hækkað verulega minna en lánskjara- og byggingarvísitölur. Ef sérstaklega er skoðað það tímabil, sem liðið er frá útreikningi lánskjaravísitölu, þ. e. a. s. frá 1. júní 1979 til 1. janúar 1985, kemur í ljós að byggingarvísitala hefur hækkað um 820%, lánskjaravísitala um 906%, en kauptaxtar verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunarmanna, landverkafólks og opinberra starfsmanna hafa hækkað um 606%.

Samanburður á lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Tímabilið 1. júní 1979 til 1. janúar 1985.

Byggingarvísitala	820%
Lánskjaravísitala	906%
Meðaltalsvísitala launa	606%

Mismunur byggingarvísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Byggingarvísitala	820%
Meðaltalsvísitala launa	606%
Mismunur	214%

Mismunur lánskjaravísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Lánskjaravísitala	906%
Meðaltalsvísitala launa	606%
Mismunur	300%

Greiðslubyrði tengd lánskjaravísitölu hefur því aukist um 42,5% miðað við meðallaun frá útreikningi lánskjaravísitölu 1. júní 1979 til 1. janúar 1985. Miðað við byggingarvísitölu hefur greiðslubyrðin aukist um 30,3%.

Þessi munur er geigvænlegur og má rökstyðja það með margvíslegum dæmum.

Dæmi um ung hjón.

Flestir einstaklingar ráðast í meiri háttar fjárskuldbindingar við öflun eigin húsnæðis. Því er fróðlegt að skoða dæmi um ung hjón sem keyptu sér tveggja herbergja íbúð 1. júní

1979. Íbúðarverðið var 180 þús. kr. og sjálf áttu þau þriðjung kaupverðs, þ. e. 60 þús. kr., sem jafngilti þá rúmlega 2½ árslaunum samkv. 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands, en mánaðarlaun voru þá 1955 kr. samkvæmt þessum launaflokki. Afganginn, 120 þús. kr., urðu þau að taka að láni. Gert er ráð fyrir að þessi lán séu verðtryggð með lánskjaravísitölu til 20 ára og beri breytilega vexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka. (Í fskj. I er sýnd þróun vaxta á þessu tímabili.)

Niðurstaðan í þessu dæmi er eftirfarandi:

1. júní 1979 er 120 þús. kr. lánið **jafngilt 61,38 mánaðarlaunum** samkv. 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands eða 3,06 mánaðarlaunum á ári. Með vöxtum er þetta 4,3 mánaðarlaun fyrsta árið. **Á gjalddaga 1984 skulda þau enn þá 796 500 kr. eftir greiðslu, sem eru uppfærðar eftirstöðvar lánsins með lánskjaravísitölu og er það ígildi 63,6 mánaðarlauna.** Af þessu má sjá að ungu hjónin skulda á 5. gjalddaga, eða 5 árum eftir töku lánsins, meira að raungildi en þegar lánið er tekið. Greiðslubyrði árið 1984 samsvarar **6,6 mánaðarlaunum** og ef gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á þessu ári **mun greiðslubyrði þeirra á árinu 1985 samsvara 8,6 mánaðarlaunum (sjá fskj. II).**

Áhrif þessa frumvarps.

En hvaða áhrif hafa ákvæði frumvarpsins?

Eins og sést í fskj. II með frumvarpinu er uppsafnað og uppfært viðaukalán komið í 71 832 kr. á gjalddaga 1984 og verður í 156 738 kr. eftir greiðslu 1985 ef að líkum lætur. Hér er um talsverða fjárhæð að ræða. Hún jafngildir 5,7 mánaðarlaunum árið 1984 eða ríflega gjalddagafjárhæðinni það árið (4,3 mánaðarlaun). Eftir gjalddaga 1985 jafngildir viðaukalánið 10,5 mánaðarlaunum eða ríflega tvöfaldri gjalddagafjárhæðinni.

Þegar reynt er að meta áhrif þessa frumvarps á helstu lánastofnanir og getu þeirra til að standa undir lengingu lána sem af því gæti leitt ber að hafa það sérstaklega í huga að á engan hátt er um tekjutap að ræða hjá lánastofnunum því að viðauki höfuðstóls er verðtryggður samkvæmt lánskjaravísitölu allan lánstímann. Almennt verður að gera ráð fyrir að lífskjör fari batnandi, a. m. k. þegar til lengri tíma er litið, og áhrifa þessa frumvarps gætir því ekki nema tímabundið. Hvað lífeyrissjóðina snertir þá eru innlánsskuldbindingar þeirra í raun verðtryggðar skv. kaupgreiðsluvísitölu og því ætti frumvarpið ekki að hafa nein áhrif á greiðslugetu þeirra við útborgun lífeyrisgreiðslna.

Fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna er með svo margvíslegum hætti að erfitt er að gera sér glögga grein fyrir áhrifum þessara breytinga á útlánagetu þeirra. Andstætt byggingarsjóðunum lána bankarnir einstaklingum aðallega skammtímalán. Greiðslutilfærslan er því miklu styttri hjá bönkunum og ætti því að skipta litlu máli þar sem ekki er um neitt tekjutap að ræða. Þá má benda á að innlánsskuldbindingar bankanna eru ekki nærri allar verðtryggðar, heldur ráða bankarnir yfir verulegu fé sem er ekki verðtryggt. Nægir þar að nefna ávísana- og hlaupareikningsviðskipti.

Að öllu samanlögðu verður því ekki séð að ákvæði þessa frumvarps muni kollvarpa útlánagetu lánastofnana eða skerða möguleika bankanna til fullverðtryggðra innlána.

Ólíklegt verður að telja að það misgengi, sem verið hefur á kaupgjaldsvísitölu annars vegar og lánskjaravísitölu og byggingarvísitölu hins vegar, haldist um langan tíma þó að vissulega séu frá því undantekningar eins og reynsla liðinna ára sýnir ótvírætt.

Það mikilvægasta við ákvæði þessa frumvarps er að þeir, sem tekið hafa á sig fjárhagslegar skuldbindingar, geta treyst því að hækkun árlegrar greiðslubyrði lána á hverjum tíma verði ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa. — Það veitir lántakendum það öryggi að geta gert fjárhagsáætlanir um skuldbindingar sínar fram í tímann sem hægt er að byggja á.

Sú breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er því mjög mikilvæg fyrir lántakendur

þegar kjaraskerðingar skella á fyrirvaralaust í stuttan tíma, — en þýðir þó að öllum líkindum í reynd óverulega lengingu lánstímans.

Ljóst er einnig að ákvæði frumvarpsins geta skipt sköpum að því er greiðslubyrði lántakenda varðar, og er sú þróun, sem varð eftir að verðbætur á laun voru afnumdar í maí 1983, þar órækast vitni, eins og sjá má af eftirfarandi dæmi:

1. mars 1983, en það er síðasti útreikningur verðbóta á laun, er greiðslubyrðis-vísitala miðað við fiskvinnutaxta (sjá fskj. III) 109,8 en 1. janúar 1985 er hún komin í 139. — **Af þessu má ráða að greiðslubyrði vegna afborgana lána hefur þyngst um 28% á tímabilinu frá mars 1983 til janúar 1985 — umfram almennar launahækkanir.** Að auki hafa vextir hækkað verulega sem enn hefur aukið á þessa óhagstæðu þróun.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir þróuninni frá upphafi til loka árs 1985 miðað við spá (sjá fskj. III) um þróun lánskjaravísitölu og þróun kauptaxtavísitölu (Vísitölu meðaltalstaxta launþega, þ. e. verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks, ASÍ-landverkafólks og opinberra starfsmanna) kemur eftirfarandi í ljós:

Lánskjaravísitalan hækkar frá upphafi til loka árs um 25%.

Kauptaxtar hækka frá upphafi til loka árs um 7,4%.

Þetta þýðir að greiðslubyrði miðuð við laun mun þyngjast um 17%.

Kaupgreiðsluvísitalan.

Kaupgreiðsluvísitala sú sem valin hefur verið til viðmiðunar í frumvarpinu er leidd af taxta verkamanna í fiskvinnu, efsta starfsaldursþrepi, sem nú er 8. launaflokkur Verkamannasambands Íslands. Ástæður fyrir þessu eru þrjár.

Í fyrsta lagi er þessi viðmiðun notuð við ákvörðun atvinnuleysistryggingabóta samkvæmt 23. gr. laga nr. 64/1981 og við ákvörðun fæðingarorlofsgreiðslna samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar. Verður því að ætla að þessi viðmiðunargrundvöllur hafi verið talinn nokkuð eðlilegur sem viðmiðun meðaltaxtakaups í landinu. Eini munurinn er sá að atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur fylgja hækkun 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands, en kaupgreiðsluvísitala frumvarpsins fylgir launahækkunum starfsheitisins „verkamenn í fiskvinnu". Þetta starfsheiti er nú í 8. launaflokki.

Í öðru lagi felur þessi viðmiðun í sér starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslu þar sem hún er bundin við starfsheiti en ekki launaflokk. Þetta er mjög mikilvægt því að alltaf er nokkur launahækkun bundin við starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslur sem grunnkaupshækkanir mæla ekki.

Í þriðja lagi er ein launaviðmiðunin miklu auðveldari í útreikningum en meðallaun þar sem tillit þarf að taka til fjölda í hverjum launaflokki og áætla vægi starfsaldurshækkana og launaflokkatilfærslna.

Á það verður þó að benda að því fylgir nokkur áhætta að miða eingöngu við eitt starfsheiti. Það er engan veginn víst að launahækkun verkamanna í fiskvinnu endurspegli almenna launaþróun í landinu. Á fskj. II má sjá að þessi taxti er rífleg meðallaun. Þess vegna er gert ráð fyrir að viðmiðunargrunnur þessi sé endurskoðaður reglulega með tilliti til þess hve vel þessi viðmiðun reynist.

Sú leið, sem lögð er til í þessu frumvarpi, þ. e. frestun á greiðslu þess hluta lánsins sem nemur mismun ákveðinnar kaupgreiðsluvísitölu og lánskjaravísitölu, er ekki óþekkt annars staðar á Norðurlöndum. Svipuð leið hefur verið farin t. d. í Danmörku og Noregi. Í Danmörku er um að ræða lengingu lánstímans sem svarar þeim mismun sem verður þegar laun eru skert í hlutfalli við lánskjörin. Í Noregi miðast húsnæðislánin við að greiðslan fari ekki fram úr 20% af dagvinnutekjum iðnverkamanna og mismunur, sem hugsanlega skapast milli þeirrar greiðslu og lánskjara, greiðist á framlengdum lánstíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í útlánakjörum er nú bæði notuð lánskjaravísitala og byggingarvísitala. Þessi lagagrein felur í sér að frá gildistöku laganna verði ný verðtryggð lán miðuð við lánskjaravísitölu í lánsfjárviðskiptum innanlands. Gildir þetta t. d. um húsnæðislán, sbr. 30. gr. l. nr. 60/1984, lífeyrissjóðslán og bankalán.

Um 2. gr.

Hugtakið verðtryggð útlán skv. þessari grein tekur til allra verðtryggðra lána einstaklinga á innlendum lánsfjármarkaði, þar með talin húsnæðislán, lífeyrissjóðslán og bankalán.

Með útlánum til einstaklinga er átt við öll þau lán sem ekki eru tekin í nafni atvinnurekstrar eða með veði í atvinnufyrirtækjum.

Við útreikning hverrar greiðslu skal aðeins taka tillit til hlutfallslegrar hækkunar viðmiðunarvísitalna frá því lánveiting átti sér stað þar til á gjalddaga hverju sinni. Þetta þýðir að ekki á að meta sveiflur í vægi hverrar viðmiðunarvísitölu milli gjalddaga.

Viðaukahöfuðstóll ber sömu vexti og verðtryggingu og upphaflegi höfuðstóllinn. Hann þarfnast ekki þinglýsingar og ber ekki heldur sérstakan lántökukostnað.

Þegar lánstími framlengist vegna viðaukahöfuðstóls þá skal ekki reikna viðaukahöfuðstól að nýju á framlengingartímabilinu, en greiðslur viðaukahöfuðstóls verða þó eigi hærri að raungildi en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins. Athuga skal að kaupgreiðsluvísitala miðast við starfsheiti en ekki launaflokk.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að eldri verðtryggð lán til eins árs eða lengur falli undir ákvæði þessara laga.

Verðtryggð lán, sem hafa eða eiga eftir styttri lánstíma en eitt ár og tekin hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, falla ekki undir þetta ákvæði til bráðabirgða.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ISLANDS
Hagfræðideild

29.janúar 1985

Vextir verðtryggðra útlana í % á ári.

Dagsetning gildistöku		180	270	360	540	900	1440	1800
		------ Lágmarkslánstími (í dögum) ------						
1 6 1979		0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	2.0	2.0
1 7 1980		0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	2.5	2.5
13 2 1981		0.0	0.0	0.0	0.0	2.5	2.5	2.5
21 4 1982		0.0	0.0	2.0	2.0	2.5	2.5	3.0
1 11 1982		0.0	2.0	2.0	2.0	2.5	2.5	3.0
15 4 1983		2.0	2.0	2.0	2.0	2.5	2.5	3.0
21 12 1983		2.0	2.0	2.0	2.0	3.5	3.5	4.0
21 1 1984		2.5	2.5	2.5	2.5	3.5	3.5	4.0
11 5 1984		4.0	4.0	4.0	5.0	5.0	5.0	5.0
20 8 1984	(*)	6.0	6.0	6.0	7.0	7.0	7.0	7.0
7 11 1984	(*)	7.0	7.0	7.0	8.0	8.0	8.0	8.0
1 1 1985		4.0	4.0	4.0	5.0	5.0	5.0	5.0

*) Gilti eingöngu um lán veitt fyrir 11. ágúst 1984. Um verðtryggð lán veitt á tímabilinu 11. águst - 31. des. 1984 giltu vextir sem innlánstofnanir auglýstu og geta því verið mismunandi milli innlánstofnana.

Fylgiskjal II.

29. janúar 1985
YGK/GJ

Dæmi um greiðsluhyrði og greiðslufrest.
(Hér er um sama dæmi að ræða og er í greinargerðinni með frv. á bls. 4, nema að hér er öll lánsfjárhæðin tengd lánskjaravísitölu).

	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
	Eftirstöðvar eftir greiðslu		Greiðsla m.v lánskjara-vísitölu *)	Greiðslubyrði í mánaðar launum m.v. fiskvinnutaxta efsta aldursbrep	Sá hluti greiðslu sem frest-að er **)	Mánaðarlaun skv. fisk-vinnutaxta efsta aldurs-brepi	(5) Upp-safnað og uppfært m. lánskj.v.t. ***)
	Án vísitölu	Með vístölu					
Lántaka 1.6.1979	120.000	120.000		43		1.955	
1.gjaldd. 1.6.1980	114.000	182.400	13.440	4.5	756	2.952	756
2.gjaldd. 1.6.1981	108.000	246.600	21.565	4.9	2.581	4.790	3.739
3. " " 1982	102.000	366.180	31.450	4.9	3.646	6,471	9.124
4. " " 1983	96.000	629.760	59.434	5.8	15.082	10.322	31.755
5. " " 1984	90,000	796.500	82.836	6.6	28.992	12,532	71.832
6. " " 1985****)	86.000	952.896	128.587	8.6	64.663	14.878	156.738

*) Greiðslan , þ.m.t. vextir afborgun og vísitala eins og væri ef ekki væri um viðmiðun við launavísitölu að ræða. Vextir fylgja hér auglýstum vöxtum Seðlabanka á hverjum tíma.

**) Greiðslan sem sýnd er í (3) myndi lækka um þessa fjárhæð ef um viðmiðun við launavísitölu væri að ræða.

***) Þær fjárhæðir sem eru í dálk (5) eru hér samsafnaðar og uppfærðar með lánskjaravísitölu, hér er í raun staðan á einhverju sem kalla mætti viðaukalán.

****) Byggt á spá um lánskjaravísitölu fyrir 1985 og að vextir standi óbreyttir frá 1.1.1985 (5%) og að ekki verði frekari launahækkanir en kveðið er á í nýgildandi kjarasamningum.

Fylgiskjal III.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Þróun lánskjaravísitölu 1.6.79 til 1.12.85 í samanburði við vístölu þróun fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep.

Lánskjaravísitala
---------- x 100=Greiðslubyrðarvísitala
Kauptaxtavísitala

	Kauptaxtar launþega	Visitala fisk-vinnutaxta, efsta aldursþrep	Lanskjara-visitala	Greiðslubyrðar-visitala m.v fiskvinnutaxta
Árið 1979				
Juni	100.0	100.0	100.0	-
Juli	101.7	102.0	103.0	101.0
Agust	101.7	102.0	107.0	104.9
September	111.0	112.0	113.0	100.9
Oktober	111.0	112.0	118.0	105.4
November	111.0	112.0	122.0	108.9
Desember	125.7	127.0	130.0	102.4
Árið 1980				
Januar	125.7	127.0	135.0	106.3
Februar	125.7	127.0	139.0	109.4
Mars	134.0	135.0	143.0	105.9
April	134.0	135.0	147.0	108.9
Mai	134.0	135.0	153.0	113.3
Juni	149.7	151.0	160.0	106.0
Juli	149.7	151.0	167.0	110.6
Agust	151.1	151.0	172.0	113.9
September	164.0	164.0	178.0	108.5
Oktober	166.0	166.0	183.0	110.2
November	176.5	180.0	191.0	106.1
Desember	193.6	197.0	197.0	-
Árið 1981				
Januar	194.6	197.0	206.0	104.6
Februar	194.6	197.0	215.0	109.1
Mars	206.2	209.0	226.0	108.1
April	206.3	209.0	232.0	111.0
Mai	206.3	209.0	239.0	114.4
Juni	223.1	226.0	245.0	108.4
Juli	223.1	226.0	251.0	111.1
Agust	223.1	226.0	259.0	114.6
September	243.0	246.0	266.0	108.1
Oktober	243.0	246.0	274.0	111.4
November	251.6	254.0	282.0	111.0
Desember	276.6	279.0	292.0	104.7
Árið 1982				
Januar	277.5	279.0	304.0	109.0
Februar	277.5	279.0	313.0	112.2
Mars	298.6	300.0	323.0	107.7
April	298.6	300.0	335.0	111.7
Mai	298.6	300.0	345.0	115.0

	Kauptaxtar launþega	Visitala fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep	Lanskjara-visitala	Greiðslubyrðar-visitala m.v fiskvinnutaxta
Juni	331.0	331.0	359.0	108.5
Juli	344.8	360.0	373.0	103.6
Agust	349.4	360.0	387.0	107.5
September	382.4	387.0	402.0	103.9
Oktober	382.4	387.0	423.0	109.3
November	382.4	387.0	444.8	114.7
Desember	411.9	417.0	471.0	112.9
Arið 1983				
Januar	420,0	426.0	488.0	114.6
Februar	420.0	426.0	512.0	120.2
Mars	485.7	489.0	537.0	109.8
April	485.7	489.0	569.0	116.4
Mai	485.7	489.0	606.0	123.9
Juni	525.1	528.0	656.0	124.2
Juli	525.1	528.0	690.0	130.7
Agust	525.1	528.0	727.0	137.7
September	546.1	528.0	786.0	148.9
Oktober	546.1	549.0	797.0	145.2
November	546.1	549.0	821.0	149.5
Desember	546.1	549.0	836.0	152.8
Arið 1984				
Januar	546.1	549.0	846.0	154.1
Februar	553.8	575.0	850.0	147.8
Mars	580.3	629.0	854.0	135.8
April	580.5	629.0	865.0	137.5
Mai	580.5	629.0	879.0	139.7
Juni	591.9	641.0	885.0	138.1
Juli	592.3	641.0	903.0	140.9
Agust	592.3	641.0	910.0	142.0
September	599.7	641.0	920.0	143.5
Oktober	599.7	641.0	929.0	144.9
November	668.8	699.0	938.0	134.2
Desember	685.8	699.0	959.0	137.2
Arið 1985				
Januar	705.9	724.0	1006.0	139.0
Februar	705.9	724.0	1050.0	145.0
Mars	716.6	742.0	1076.0	145.0
April	716.6	742.0	1101.0	148.4
Mai	736.7	761.0	1117.0	146.8
Juni	736.7	761.0	1134.0	149.0
Juli	736.7	761.0	1151.0	151.2
Agust	736.7	761.0	1164.0	153.0
September	736.7	761.0	1176.0	154.5
Oktober	736.7	761.0	1185.0	155.7
November	736.7	761.0	1194.0	156.9
Desember	736.7	761.0	1201.0	157.8

Með „kauptöxtum launþega“ er átt við meðaltalstaxta verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks, ASÍ-landverkafólks og opinberra starfsmanna.

Athygli skal vakin á því að tölur frá mars 1985 eru spá.

Sþ. 446. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera átak á árinu 1985 til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og útvega lánsfé til framkvæmda.

Jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra, svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á þremur þingum, 1978—1979, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Telja verður þó að sá tillöguflutningur og umræður, er honum tengdist, hafi ýtt á eftir stjórnvöldum að leita úrbóta varðandi mengun frá fiskimjölsverksmiðjum á árunum 1980—1983, eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir og í fylgiskjölum með þingsályktunartillögunni.

Samdráttur í loðnuveiðum og bann við þeim á árunum 1981—1982 leiddi til mikilla rekstrarerfiðleika hjá þeim verksmiðjum sem byggt höfðu afkomu sína á loðnuvinnslu og dró það úr viðleitni og getu til að fjárfesta í verksmiðjunum, þar á meðal til mengunarvarna.

Frá árinu 1983 að telja hafa loðnuveiðar til bræðslu farið vaxandi á ný og ástæðulaust annað en gera ráð fyrir að þar verði framhald á þótt sveiflur verði í aflamagni. Auk þeirra loðnuverksmiðja, sem nú eru starfræktar, eru um 20 verksmiðjur sem einungis vinna úr fiskúrgangi, og frá sumum þeirra stafar veruleg mengun.

Þótt úrbætur hafi verið gerðar á mengunarmálum ýmissa fiskimjölsverksmiðja að undanförnu, svo sem í Krossanesi við Eyjafjörð, er ástandið víða með öllu óviðunandi, ekki síst hjá loðnubræðslum á Austfjörðum. Því er enn brýnt að knýja á um aðgerðir þar sem stjórnvöld verða að hafa forustu í samvinnu við forráðamenn viðkomandi fyrirtækja og sveitarstjórnir. Hér er bæði um að ræða sjávarmengun og loftmengun frá verksmiðjunum auk bágborins innra starfsumhverfis hjá mörgum þeirra. Sjávarmengunin kemur einnig til við löndun úr veiðiskipum þar sem ekki er fyrir hendi viðhlítandi löndunarbúnaður eða brotið er gegn reglum, m. a. varðandi skolun lesta og dælingu í höfnum. Ófullkomin geymsla hráefnis og vinnsla úr skemmdu hráefni bætir oft ekki úr skák.

Ástandið vegna loftmengunar frá loðnubræðslum er með fádæmum slæmt þar sem aðstæður eru verstar, ekki síst í þröngum fjörðum, og tilfinnanlegast á góðviðrisdögum. Veldur engin mengun hérlendis jafnmiklum óþægindum fyrir marga og „peningalyktin“ og hún er tvímælalaust heilsuspillandi, ekki síst fyrir þá sem veilir eru fyrir í öndunarfærum.

Því má ekki dragast að á þessum vanda sé tekið með þeim hætti sem lagt er til í þingsályktunartillögunni.

Lögum samkvæmt eiga allar fiskimjölsverksmiðjur að hafa starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en einungis fáar þeirra hafa fullt starfsleyfi eins og fram kemur í fylgiskjali I með þessari tillögu, og sumar eru reknar án nokkurs leyfis heilbrigðisyfirvalda.

Á árinu 1980 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Svavar Gestsson, nefnd til að semja drög að reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Nefndin skilaði áliti í júní 1981 og hafa niðurstöður nefndarinnar, sem birtar eru í fylgiskjali II með tillögunni, síðan verið leiðbeinandi þegar lagt hefur verið mat á úrbætur og starfsleyfi til fiskimjölsverksmiðjanna.

Þá skipaði Hjörleifur Guttormsson sem iðnaðarráðherra þann 7. ágúst 1981 starfshóp með fulltrúum frá fjórum ráðuneytum til að fjalla um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum á grundvelli ríkisstjórnarsamþykktar frá 13. júlí 1981. Skilaði starfshópur þessi áliti 29. júní 1982 varðandi lánsfjármögnun og styrkveitingar úr ríkissjóði til að draga úr mengun frá fiskimjölsverksmiðjum, svo og ábendingum um hversu innlendur iðnaður geti orðið betur hlutgengur en áður í verkefnum á þessu sviði. Álit þessa starfshóps er birt á fylgiskjali III með tillögunni.

Eins og fram kemur á fylgiskjali I var veitt framlag á fjárlögum áranna 1981—1984 til að styrkja fiskimjölsverksmiðjur til að koma við úrbótum í mengunarvörnum og fengu níu verksmiðjur slíka styrki, sumar þrjú ár í röð. Á fjárlögum árins 1985 er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinu framlagi í þessu skyni og er það tilfinnanleg afturför. Þeim mun brýnna er að tryggt verði lánsfé til aðgerða í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja samkvæmt lánsfjáráætlun ársins 1985. Er eðlilegt að mati flutningsmanna að því fjármagni verði ráðstafað í gegnum Fiskveiðasjóð sem lánað hefur til fiskimjölsverksmiðja. Þess þarf hins vegar að gæta að slíkt fjármagn fari til brýnustu úrbóta í mengunarvörnum, en á næstu árum verði tryggt fjármagn skv. þeirri áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir.

Í eftirfarandi fylgiskjölum kemur fram yfirlit um ástand mengunarmála hjá fiskimjölsverksmiðjum, yfirlit um starfsleyfi til verksmiðja undanfarin 3½ ár og hvers eðlis er sú margþætta mengun sem hér er við að fást.

Hollustuvernd ríkisins og öðrum, sem lagt hafa fram upplýsingar vegna þessa tillöguflutnings, er þökkuð aðstoðin.

Fylgiskjal I.

STARFSLEYFI FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA OG STYRKIR TIL MENGUNARVARNA

Greinargerð frá Hollustuvernd ríkisins — mengunarvörnum, dags. 11. jan. 1985, um starfsleyfisveitingar til handa fiskimjölsverksmiðjum síðast liðin 3½ ár og um styrkveitingar til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum af fjárlagalið 08–399–0157.

Í september 1980 stofnaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til þess að vinna drög að reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Nefndin lauk störfum í júní 1981. Frá þeim tíma hafa starfsleyfi verið unnin með hliðsjón af þessum reglugerðardrögum.

Eftirtaldar níu fiskimjölsverksmiðjur hafa fengið starfsleyfi frá miðju ári 1981 til loka ársins 1984. Þessar verksmiðjur eru flestar nýjar eða endurbyggðar:

	Umsókn		Starfsleyfi	
Síldarverksmiðjan í Krossanesi, Akureyri	júní	'81	des.	'81
Fiski- og síldarmjölsverksmiðjan hf., Ólafsvík	ágúst	'81	jan.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar hf., Grundarfirði	okt.	'81	jan.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Fiskiðju Sauðárkróks hf.	nóv.	'81	jan.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Eyrbyggja hf., Stokkseyri	okt.	'81	febr.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals	apr.	'82	ágúst	'82
Fiskimjölsverksmiðja Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar hf.	okt.	'83	júní	'84
Lýsi og mjöl hf., Hafnarfirði	febr.	'84	júní	'84
Fiskimjölsverksmiðja Stranda hf., Hafnahreppi	des.	'83	sept.	'84

Eftirtaldar verksmiðjur hafa sótt um endurnýjun eldri starfsleyfa:

Síldarverksmiðjur ríkisins, Seyðisfirði	jan.	'84
Fiskimjölsverksmiðja Hraðfrystihúss Eskifjarðar	apríl	'84
Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf., Neskaupsstað	nóv.	'84
Síldarverksmiðjur ríkisins, Reyðarfirði	nóv.	'84
Fiskimjölsverksmiðja Ísbjarnarins hf., Seyðisfirði	des.	'84

Starfsleyfistillögur fyrir þessar verksmiðjur eru nú í vinnslu hjá mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

Eftirtaldar verksmiðjur hafa sótt um styrk af fjárlagalið 08–399–0157:

	Ár
Lýsi og mjöl, Hafnarfirði	1981, 1982, 1983, 1984
Fiski- og síldarmjölsverksmiðjan, Ólafsvík	1981, 1982, 1983
Fiskimjöl og lýsi, Grindavík	1981
Fiskiðja Sauðárkróks	1981
Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	1981, 1983
Fiskimjölsverksmiðja Eskifirði	1981
Fiskimjölsverksmiðja Þórshöfn	1982
Fiskimjölsverksmiðja Eyrbyggja, Stokkseyri	1982
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar	1982, 1983, 1984
Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals	1982, 1983
Fiskimjölsverksmiðja Svalbarði, Patreksfirði	1983
Fiskimjölsverksmiðja Búlandstinds, Djúpavogi	1983
Fiskimjölsverksmiðja Ólafsfirði	1982

Eftirtaldar verksmiðjur hafa fengið styrki af fjárlagalið 08–399–0157:

	Ár	Upphæð
Lýsi og mjöl, Hafnarfirði	1981	300 þús.
	1982	100 þús.
	1984	300 þús.
Fiski- og síldarmjölsverksmiðjan Ólafsvík	1981	300 þús.
	1983	200 þús.
Fiskiðja Sauðárkróks	1981	200 þús.
Síldarverksmiðjan Krossanes, Akureyri	1981	200 þús.
	1983	150 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar	1982	400 þús.
	1983	250 þús.
	1984	300 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals	1982	100 þús.
	1983	150 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Búlandstinds, Djúpavogi	1983	150 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Svalbarða, Patreksfirði	1982	200 þús.
	1983	300 þús.
	1984	300 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Ólafsfjarðar	1982	200 þús.

Ólafur Pétursson. Sigurbjörg Gísladóttir.

Fylgiskjal II.

Hollustueftirlit ríkisins:

STUTT YFIRLIT YFIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUR Á ÍSLANDI

Í Samtökum íslenskra fiskimjölsframleiðenda eru nú 39 aðilar sem reka samtals 45 fiskimjölsverksmiðjur. Í skýrslu loðnunefndar fyrir árið 1980 eru taldar upp 24 loðnuverksmiðjur. Þar af tóku 22, með afkastagetu frá 150 tonnum á sólarhring og upp í 1200 tonn á sólarhring, á móti loðnu til bræðslu. Stærstar eru síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Fiskimjölsverksmiðjan hf. í Vestmannaeyjum.

Hráefnisnýting í loðnuverksmiðjum á vetrarvertíð 1980 var frá 19,6% og upp í 26,2% og er hér um gífurlegan mismun að ræða sem hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir afkomu verksmiðjanna. Hugsanlegt er að skýra þetta með mismun á hráefni, en sá möguleiki er einnig fyrir hendi að mismikið fari til spillis við löndun, geymslu og vinnslu hráefnis, sem veldur mismikilli mengun.

Langflestar fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi notast við svokallaða beina eldþurrkun. Miklu erfiðara er að koma við góðri lykteyðingu við útblástur verksmiðjanna ef um beina eldþurrkun er að ræða heldur en t. d. gufuþurrkun eða óbeina eldþurrkun því að þá er brennsla lyktarefnanna, áður en útblæstrinum er sleppt í umhverfið, tiltölulega auðveld. Hvað viðvíkur öðrum þáttum mengunarvarna er hins vegar ekki um mismun að ræða eftir því hvaða þurrkaðferð er notuð, nema ef vera skyldi þar sem olía er ekki notuð til framköllunar varmans, en slíkum verksmiðjum er ekki til að dreifa á Íslandi.

Allar fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi eiga að hafa starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í dag hafa einungis fáar fiskimjölsverksmiðjur fullt starfsleyfi og skal ekki lagður dómur á það hér hverju um er að kenna. Með samræmdum grunnkröfum, eins og þeim sem fram koma í drögum þessum, og jafnframt að öllum verksmiðjum sé skylt að sækja um starfsleyfi innan tiltekins tíma frá útgáfu reglugerðarinnar er vonast til að hægt sé að bæta úr á tiltölulega skömmum tíma.

Mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Almenn atriði:

Umhverfismengun frá fiskimjölsverksmiðjum, — og er þá átt við alla þætti starfseminnar, frá því bræðslufiski er landað eða úrgangur fellur til, og þar til tilbúin vara fer úr verksmiðjunni — er mjög margvísleg. Um er að ræða loft-, láðs- og lagarmengun og geta margir þættir starfseminnar valdið hverri tegund mengunar fyrir sig.

Almennt er hægt að segja að allar aðgerðir til að draga úr umhverfismengun frá ákveðinni starfsemi geti verið með þrennum hætti:

1. Að koma í veg fyrir að hin mengandi efni myndist.
2. Að koma í veg fyrir að hin mengandi efni berist út í umhverfið, eða að flytja hin mengandi efni yfir í það form sem talið er að minni óþægindum eða skaða valdi.
3. Að dreifa hinum mengandi efnum svo í umhverfinu að þau valdi sem minnstum óþægindum eða skaða.

Nefndin álítur að í fiskimjölsverksmiðjum sé góð umgengni, aðgæsla, viðhald og þrif á öllu athafnasvæðinu mjög mikilvægar mengunarvarnir.

Til mengunarvarna af þessu tagi þarf lítinn tækjabúnað, kostnaður er lítill, en arðsemi er líkleg til að aukast vegna öruggari rekstrar og betri nýtingar hráefnis.

Um mengunarvarnir af þeirri tegund, sem að ofan greinir, fer að mestu leyti eftir stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækjanna án þess að verið sé að uppfylla ákveðnar kröfur sem gerðar eru. Óhjákvæmileg skörun er þó alltaf vegna aðgerða í anda ofangreindra mengunarvarna og aðgerða til að uppfylla ákveðnar kröfur um mengunarvarnir.

Loftmengun frá fiskimjölsverksmiðjum:

Sú tegund mengunar frá fiskimjölsverksmiðjum, sem oftast er kvartað yfir, er loftmengun, nánar tiltekið lyktarmengun. Lyktarmengun á sér aðallega stað á þrem stöðum í verksmiðjunni. Þar af er talið að 60—80% komi frá þurrkurum, 10—20% frá óyfirbyggðum hráefnisgeymslum og 10—20% frá sjóðurum, pressum og forsíum.

Um 5% af lykt þeirri sem frá fiskimjölsverksmiðjum berst eru talin koma frá öðrum þáttum en þeim sem að ofan greinir.

Lyktin stafar frá ýmsum efnum sem eru í útblæstri verksmiðjanna, svo sem ammoníaki, brennisteinsvetni, amínum, karbonýlsamböndum og mercaptonum, svo eitthvað sé nefnt. Styrkur lyktarefnanna í útblæstrinum er að mestu leyti háður því hve langt niðurbroti hráefnisins er komið þegar það er unnið, en niðurbrot hráefnisins er aftur háð fjölda atriða, svo sem aldri, hitastigi frá því hráefni sem fellur til, átumagni og virkni rotvarnar.

Besta mengunarvörnin er alltaf sú að koma í veg fyrir að hin mengandi efni myndist. Reglur um meðferð hráefnis hljóta því að vera stór liður í reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Ef koma á í veg fyrir að mengunarefni þau sem óhjákvæmilega myndast berist út í andrúmsloftið þarf meðhöndlun á hinu mengaða lofti til að ná úr því mengunarefnunum, áður en það fer af verksmiðjusvæðinu. Því meiri styrk sem mengunarefnin hafa og því minna loftmagn sem um er að ræða, því auðveldara verður að fjarlægja þau. Það er því mjög mikilvægt að safna hinu mengaða lofti á einn stað á þann hátt að sem allra minnst sé dregið með af ómenguðu lofti.

Þegar loftinu hefur verið safnað saman er það sent í gegnum hreinsibúnað sem getur verið með ýmsum hætti.

Ef á að dreifa loftmengunarefnunum svo að þau valdi sem minnstum óþægindum kemur hár skorsteinn helst til greina. Staðsetning verksmiðju er einnig stórt atriði í þessu tilliti. Staðsetning utan þéttbýlis, og þannig að tekið sé mið af ríkjandi vindáttum, miðar að því að dreifa útblæstrinum á þann hátt að óþægindin verði minni en ella. Enginn vafi er á að hér á landi hafa oft átt sér stað skipulagsleg mistök hvað þetta atriði varðar og eins í sambandi við skipulagningu íbúðabyggðar með tilliti til verksmiðjanna.

Sjávarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum:

Í fiskimjölsverksmiðjum er venjulega notað bæði ferskvatn og sjór. Að magni til er notkun sjávar miklu meiri — allt að 40—50 sinnum. Vatn þetta tekur í sig nokkuð af mengunarefnum á athafnasvæði verksmiðjunnar og skolar þeim til sjávar. Að langmestu leyti er hér um að ræða lífrænan úrgang sem eyðist fyrir tilstilli baktería í sjónum og að því leyti ekki hættulegt, svo fremi að hæfni svæðisins til móttöku slíks sé ekki ofboðið.

Mesta sjávarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum á sér sennilega stað þegar um töp á hráefni er að ræða. Slík töp eiga sér óhjákvæmilega stað ef löndun, flutningur og geymsla hráefnisins er ekki þétt og vantar mikið á að svo sé hjá mörgum verksmiðjum. Þessi hráefnistöp eru reyndar, auk þess að valda mengun, verksmiðjunum sjálfum óhagstæð þegar til lengdar lætur. Sjór er aðallega notaður til þéttingar og þvottar á gufu úr útblæstri verksmiðjanna, svo og til þéttingar á gufu frá soðtækjum. Vert er að gera sér grein fyrir að sjór mengast í þvotta og þéttiturni fyrir útblástur verksmiðjunnar vegna þess að loftmengun er þar að hluta breytt í frárennslismengun, en slíkt er talið að valdi íbúum í grennd við verksmiðjurnar mun minni óþægindum. Notkun á ferskvatni í fiskimjölsverksmiðjum er miklu dreifðari en notkun á sjó þótt um minna magn sé að ræða.

Ferskvatn er notað inni í verksmiðjunni og utan, bæði vegna framleiðslunnar og eins við þrif. Mengun ferskvatns, sem frá verksmiðjunum kemur, er venjulega á miklu hærra stigi en sjávar, svo að ástæða getur verið til að setja hreinsibúnað á þá frárennslisstrauma. Oft er hægt að nýta þau mengunarefni sem þannig fást í framleiðslu verksmiðjunnar. Mjög mikilvægt er í því tilfelli að eins lítið vatn sé notað og unnt er.

Alltaf er nokkur hætta á sjávarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum vegna slysa sem átt geta sér stað. Olía og lýsi getur t. d. með einhverjum hætti runnið niður. Að sjálfsögðu eru öll slík slys beint tap fyrir verksmiðjurnar og því gera þær ýmsar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt, en nefndinni þótti einnig rétt að setja inn ákveðin ákvæði í reglugerðina um þessi atriði, enda getur í slysatilfellum orðið um mjög alvarlega mengun að ræða.

Skolpmengun frá fiskimjölsverksmiðjum er sú sama og frá annarri starfsemi og er hægt að koma í veg fyrir hana með því að leiða skolpið í almennar frárennslislagnir ef þær uppfylla þá sett skilyrði sem er reyndar mjög oft ekki hér á landi og e. t. v. í fæstum tilfellum. Ef ekki er hægt að leiða skolpið í almennar frárennslislagnir þarf verksmiðjan sjálf að koma því frá sér með viðurkenndum hætti.

Landmengun frá fiskimjölsverksmiðjum:

Nefndin telur að landmengun frá fiskimjölsverksmiðjum sé lítið vandamál. Koma má í veg fyrir slíka mengun með aðgæslu og góðri umgengni. Gæta þarf að að ekki fari hráefni til spillis í flutningum og koma brotajárni og öðrum föstum úrgangi fyrir á viðeigandi hátt.

Greinargerð með drögum að reglugerð til varnar loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Þann 8. sept. 1980 setti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á stofn nefnd til að semja tillögur að reglugerð um varnir gegn loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Nefndin hélt sinn fyrsta fund 27. okt. 1980. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Pétursson fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, og var hann jafnframt formaður og ritari nefndarinnar, Geir Zoëga fyrir Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Kristján Kristinsson fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Magnús Magnússon fyrir Iðntæknistofnun Íslands.

Haldnir voru samanlagt 17 fundir, sá síðasti þann 27. apríl 1981.

Nefndin aflaði sér upplýsinga víða að, m. a. framkvæmdi Upplýsingaþjónusta Rannsóknaráðs tölvuleit á nýjustu greinum sem birst hafa í nokkrum tímaritum þeim sem upplýsingaþjónustan hefur aðgang að.

Á fundi nefndarinnar hafa komið Hrafn V. Friðriksson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Magnús Jóhannsson hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Páll Ólafsson efnaverkfræðingur. Auk þess var haft samband við loðnunefnd og aflað upplýsinga þaðan, svo og frá samtökum fiskimjölsverksmiðja, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Statens Naturvårdsværk, Svíþjóð, Statens Forurensningstilsyn, Noregi, og Miljöstyrelsen, Danmörku.

Nefndin, að undanskildum Geir Zoega sem var erlendis, fór til Austfjarða, nánar tiltekið Neskaupstaðar og Eskifjarðar, dagana 5.—6. febr. 1981 til að kynna drög þau að reglugerð sem unnin höfðu verið og hér fylgja. Hugmyndin var að kynna drögin einnig á Seyðisfirði, en vegna ófærðar komust nefndarmenn ekki þangað. Á Eskifirði og Neskaupstað voru drögin kynnt fyrir heilbrigðisnefndum staðanna og einnig ýmsum forráðamönnum verksmiðjanna. Gerðu þessir aðilar ýmsar athugasemdir og komu með nýjar hugmyndir sem vert væri að taka með í reglugerðina.

Kröfur þær, sem fram koma í drögunum, sem hér eru sett, að reglugerð til varnar loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, eru hugsaðar sem lágmarkskröfur sem allar verksmiðjur ættu að uppfylla og mynda því nokkurs konar grunn. Til sumra verksmiðja má búast við að gera þurfi meiri kröfur vegna staðsetningar þeirra og þá aðallega vegna nálægðar við þéttbýli.

Þessar auknu kröfur mundu að öllum líkindum miða að aukinni lykteyðingu, en sjóþvottaturn, eins og í drögunum er gerð krafa um, jafngildir alls ekki kröfu um fullkomna lykteyðingu. Helst kemur til greina sem viðbótarlykteyðingarbúnaður efnahreinsiturn sem er tiltölulega dýr í rekstri, eða að brenna afgösunum að loknum sjóþvotti.

Nánar verður gerð grein fyrir þessum möguleikum síðar í greinargerð.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að verksmiðja sé þannig staðsett að lágmaksbúnaður,

sá sem er í þessum drögum, sé ekki nauðsynlegur. Í því tilfelli er gert ráð fyrir að hægt sé að veita undanþágur frá ákveðnum atriðum.

Grundvallaratriði er — sem nefndin er sammála um — að hver verksmiðja fyrir sig afli sér starfsleyfis frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð nr. 164/1972. Hjá þessu verður ekki komist vegna þess hve aðstæður geta verið mismunandi í verksmiðjum og mengunarvarnir þarf alltaf að miða við aðstæður til þess að það mark náist sem að er stefnt, án þess að þær verði óhóflega dýrar.

DRÖG

Reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

1. KAFLI

Umhverfi og húsnæði.

1.1. Athafnasvæði fiskimjölsverksmiðja, þar sem akstur á hráefni eða framleiðslu fer fram, skal lagt bundnu slitlagi.

1.2. Byggingar fiskimjölsverksmiðja skulu varðar gegn ágangi hvers kyns meindýra eftir því sem kostur er.

1.3. Verksmiðja skal kappkosta að halda öllu athafnasvæði sínu, svo og útliti, sem snyrtilegustu.

1.4. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá byggingum og haga allri starfsemi svo að hætta á salmonella-sýkingu verði sem minnst. Skal m. a. hafa samráð við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

2. KAFLI

Löndun og flutningur hráefnis.

2.1. Við löndun á hráefni skal helst nota þurrdælingu, en að öðrum kosti sé löndunarvatn endurnýtt svo sem kostur er og öll fita og þurrefni tekið til vinnslu í verksmiðju.

2.2 Við löndun skal koma í veg fyrir að hráefni eða vökvi fari til spillis. Til flutnings á hráefni frá skipi eða vinnslustöð skulu einungis notuð flutningatæki sem eru þannig útbúin að hráefni fari ekki til spillis eða frá þeim renni vökvi er valdi óþrifum.

2.3. Skolvatn frá fyrstu skolun veiðiskipa eða flutningatækja skal tekið til vinnslu í verksmiðju. Við skolunina skal halda vatni í lágmarki með t. d. háþrýstidælu.

3. KAFLI

Hráefnisþrær og geymsla hráefnis.

3.1. Allt hráefni skal að jafnaði geymt í yfirbyggðum þróm eða tönkum.
Heimilt er enn fremur að hafa eina óyfirbyggða þró, þó aðeins ef yfirbyggt þróarrými samsvarar fjögurra sólarhringa afkastagetu verksmiðjunnar, óyfirbyggðu þróna má einungis nota á tímabilinu 1. október til 30. apríl þegar bræðslufiskvertíð stendur yfir og þegar annað þróarrými er af skornum skammti. Verja skal óyfirbyggðu þróna ágangi fugla.

3.2. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekið til vinnslu. Strax og hráefnisþró hefur verið tæmd skal skola hana með vatni sem haldið er í lágmarki með t. d. háþrýstidælu. Skolvatn frá fyrstu skolun skal taka til vinnslu í verksmiðju.

3.3. Fullnægjandi loftræsting skal vera í þeim hráefnisþróm þar sem menn eru að störfum, en að öðrum kosti skal ekki loftræsa hráefnisþrær. Aldrei má senda menn niður í óloftræstar þrær, tanka eða lestir skipa nema gengið hafi verið úr skugga um að nægt súrefni sé til staðar og engar eitraðar lofttegundir.

3.4. Órotvarinn bræðslufisk skal taka til vinnslu í verksmiðju svo fljótt sem kostur er. Rotvarinn bræðslufisk skal taka til vinnslu þegar styrkur rotvarnarefnis er kominn niður fyrir æskilegt lágmark, sbr. reglugerð um rotvörn bræðslufisks. Fiskúrgang skal ekki geyma lengur en 4 sólarhringa frá því hann fellur til, nema hitastig fari ekki yfir 4°C meðan á geymslu stendur. Nánar verður kveðið á um geymslutíma í starfsleyfi hverrar verksmiðju.

3.5. Við rotvörn hráefnis skal einungis nota viðurkenndan blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna vísast til reglugerðar um notkun rotvarnarefna til geymslu í bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni, svo og leiðbeiningar sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út.

3.6. Öll rotvarnarefni, svo og vítissóta og önnur eiturefni og hættuleg efni, skal geyma í læstum geymslum. Sjá skal fyrir nægri loftræstingu þegar þörf er á umferð starfsmanna þar um. Til staðar skulu vera fullnægjandi öndunargrímur.

3.7. Ef tæki er notað við lempun í þró skal þrífa það áður en það er tekið upp.

4. KAFLI.

Varnir gegn loftmengun.

4.1. Loftræsta skal frá sjóðurum, pressum, forsíum og öðrum verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðjum og ræstiloftið flutt til þvotta- og þéttiturns, sbr. 4.3. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt að sem minnst af ómenguðu lofti sé flutt með til hreinsunar.

4.2. Loft frá þurrkurum skal fyrst leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni. Koma skal fyrir sjálfvirkum búnaði sem gerir aðvart ef rykskiljur vinna ekki svo sem til er ætlast.

4.3. Loft frá þurrkurum skal að lokinni rykskilju leiða í gegnum þvotta- og þéttibúnað sem þvær og hreinsar útblástursloftið með sjó. Áætlanir um gerð búnaðarins skal senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins til umsagnar. Útblástursloftið skal kælt niður í minnsta kosti 20°C.

4.4. Við hönnun hreinsibúnaðarins skal taka fullt tillit til nýtingar útblástursvarmans til orkusparandi aðgerða.

4.5. Að loknum þvotta- og þéttiturni skal leiða loftið í gegnum dropagildru og síðast út í gegnum reykháf. Hraði útblásturslofts við op reykhafs skal vera a. m. k. 10 m/sek. miðað við meðalafköst verksmiðju.

4.6. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir kröfur til hæðar reykhafs fyrir útblástursloft verksmiðjunnar miðað við aðstæður hverju sinni.

4.7. Ef talið er vegna staðsetningar verksmiðju að hreinsibúnaður skv. 4.1., 4.3., 4.5. og 4.6. skili ekki fullnægjandi árangri getur Heilbrigðiseftirlit ríkisins gert kröfur um frekari hreinsun.

4.8. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir kröfu til hæðar reykhafs á ketilhúsi og miðar við aðstæður hverju sinni.

4.9. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir mælingar á útblæstri verksmiðjanna ef ástæða þykir til. Verksmiðja skal sjá um að aðstaða til mælinga sé fyrir hendi.

5. KAFLI.

Varnir gegn frárennslismengun.

5.1. Öll soðkjarnatæki skulu útbúin með fullkomnum dropagildrum sem minnka töp yfir í þéttivatnið. Fylgjast skal vel með að soðtækin séu ekki ofhlaðin sbr. 5.2.

5.2. Bræðslufiskverksmiðjur skulu sjá um að gera mælingar á föstum lífrænum efnum í frárennsli, skv. nánari fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir einnig mælingar ef ástæða þykir til.

5.3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur sett ákveðin mörk fastra lífrænna efna í frárennsli miðað við aðstæður hverju sinni.

5.4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur, miðað við aðstæður hverju sinni og magn fastra lífrænna efna í frárennsli, gert kröfu til ákveðinnar hreinsunar frárennslis frá verksmiðju.

5.5. Allt frárennsli skal leiða niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti.

5.6. Um frágang og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. gildandi reglum.

5.7. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki stærsta tanksins í þrónni.
Lokar á lýsistönkum skulu staðsettir sem næst geymunum innan þróar og vera af viðurkenndri gerð.

5.8. Allt skólp skal leiða í rotþró eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti.

5.9. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar má sýrustig (P_H) frárennslisstraumsins vera milli 5 og 10.

6. KAFLI.

Veiting starfsleyfis til einstakra verksmiðja.

6.1. Einstökum fiskimjölsverksmiðjum ber að sækja um starfsleyfi skv. reglugerð 164/1972 til Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem gerir tillögur að starfsleyfi til ráðherra.

6.2. Einstakar verksmiðjur geta sótt um starfsleyfi út á annars konar mengunarvarnir en um er getið í reglugerð þessari. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir þá tillögur að starfsleyfi samkvæmt þeim búnaði ef metið er að hann skili a. m. k. jafngóðum árangri.

7. KAFLI.

Undanþágur.

7.1. Í starfsleyfi ákveðinna verksmiðja geta verið undanþágur frá ákvæðum reglugerðar þessarar þar sem þannig hagar til að ekki er talin þörf á viðkomandi ráðstöfunum til mengunarvarna. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu rökstuddar og fylgja starfsleyfisumsókn.

8. KAFLI.

Viðurlög og málsmeðferð.

9. KAFLI.

Gildistaka.

Fylgiskjal III.

SKÝRSLA STARFSHÓPS UM AÐGERÐIR TIL AÐ HRAÐA MENGUNARVÖRNUM OG ORKUSPARNAÐI Í FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUM

Guðrún Hallgrímsdóttir deildarstjóri
Fálkagötu 19
107 Reykjavík

7. ágúst 1981.

Á ríkisstjórnarfundi 13. júlí s. l. voru til umfjöllunar tilllögur iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum.

Í tillögum þessum segir:

„Í því skyni að auðvelda fiskimjölsverksmiðjum í landinu að ráðast í breytingar til að draga úr mengun og olíunotkun samþykkir ríkisstjórnin að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Lánafyrirgreiðsla vegna kaupa á tækjum og búnaði til mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum verði allt að 85% af stofnkostnaði þegar tækin eru smíðuð hérlendis.
2. Notuð verði heimild í 6. gr. fjárlaga ársins 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti á efni, vélum og tækjum til mengunarvarna.
3. Aflað verði lagaheimildar til niðurfellingar eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af aðföngum til smíði hérlendis á orkusparnandi tækjum til mjölframleiðslu í fiskimjölsverksmiðjum."

Ríkisstjórnin „samþykkti" að skipa starfshóp í þessu skyni af hálfu fjármálaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins".

Ráðuneytið hefur ákveðið, í samræmi við ofanritað, að skipa eftirtalda menn í starfshóp til að vinna að útfærslu og framkvæmd þessarar stefnumörkunar:

Frá iðnaðarráðuneyti: Guðrún Hallgrímsdóttir deildarstjóri sem jafnframt er formaður starfshópsins.

Frá fjármálaráðuneyti: Brynjólfur Sigurðsson fyrrverandi hagsýslustjóri.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Ingimar Sigurðsson deildarstjóri.

Frá sjávarútvegsráðuneyti: Bogi Þórðarson aðstoðarmaður ráðherra.

Þóknun fyrir störf starfshópsins verður ákveðin af þóknunarnefnd.

Þér eruð hér með skipuð í ofangreindan starfshóp.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli.

Reykjavík, 29. júní 1982.

Hér með sendist skýrsla starfshóps fjögurra ráðuneyta sem skipaður var af iðnaðarráðuneyti þann 7. ágúst 1981 til að vinna að aðgerðum til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum.

Starfshópurinn ítrekar tillögur sínar frá 1. desember 1981 um útvegun lánsfjár. Auk þess leggur starfshópurinn til að á fjárlögum fyrir árið 1983 verði upphæð sambærileg þeirri á fjárlögum 1982 til styrktar fiskimjölsverksmiðjum til þess að draga úr mengun.

Starfshópurinn hélt 18 bókaða fundi.

F. h. starfshópsins,

Guðrún Hallgrímsdóttir.

18. febrúar 1982.
Breytt 16.06. 1982.

Skýrsla starfshóps til að vinna að útfærslu og framkvæmd stefnumörkunar um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum.

1. Skipan starfshóps.

Með bréfi dagsettu 7. ágúst 1981 fól iðnaðarráðuneytið starfshópi fjögurra ráðuneyta að vinna að aðgerðum til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum. Starfshópinn skipuðu eftirtaldir menn:

Guðrún Hallgrímsdóttir, iðnaðarráðuneyti, formaður.
Brynjólfur Sigurðsson, fjármálaráðuneyti.
Ingimar Sigurðsson, heilbrigðisráðuneyti.
Bogi Þórðarson, sjávarútvegsráðuneyti.

Starfshópurinn hefur haldið 18 bókaða fundi og kynnt sér ýmis gögn varðandi tækjabúnað fiskimjölsverksmiðja, nýjungar á sviði fiskimjölsframleiðslu og kostnað við breytingar á verksmiðjum. Á fundi starfshópsins hafa komið starfsmenn Landsmiðjunnar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, einnig forstöðumaður Vinnueftirlitsins og Jón Þórðarson frá Lofthreinsun.

Þá hélt starfshópurinn fund með Davíð Ólafssyni formanni Fiskveiðasjóðs og Björgvini Vilmundarsyni formanni Útflutningslánasjóðs. Einstakir nefndarmann ræddu einnig við fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun og hinum ýmsu sjóðum iðnaðarins. Hinn 2. apríl 1982 kynnti starfshópurinn tillögur sínar fyrir framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar sem síðan lagði þær fyrir stjórn stofnunarinnar.

Við mótun tillagna starfshópsins var haft samráð við fjármálaráðuneytið og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2. Verkefni starfshópsins.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 16. júlí 1981 var eftirfarandi tillögum vísað til athugunar starfshóps fjögurra ráðuneyta:

„Í því skyni að auðvelda fiskimjölsverksmiðjum í landinu að ráðast í breytingar til að draga úr mengun og olíunotkun samþykkir ríkisstjórnin að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Lánafyrirgreiðsla vegna kaupa á tækjum og búnaði til mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum verði allt að 85% af stofnkostnaði þegar tækin eru smíðuð hérlendis.
2. Notuð verði heimild í 6. gr. fjárlaga ársins 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatt á efni, vélum og tækjum til mengunarvarna.
3. Aflað verði lagaheimildar til niðurfellingar eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og

söluskatti af aðföngum til smíði hérlendis á orkusparandi tækjum til mjölframleiðslu í fiskimjölsverksmiðjum."

Tillögum þessum fylgdi ítarleg greinargerð.

Starfshópurinn hóf starf sitt á að kynna sér búnað fiskimjölsverksmiðja og helstu nýjungar á sviði mjölframleiðslu.

Í landinu eru starfræktar milli 50 og 60 feitfiskiverksmiðjur. Af þeim starfa 16 verksmiðjur með fullu starfsleyfi, 20 með skertu, en aðrar hafa ekkert leyfi. Auk þessara verksmiðja er fjöldi beinamjölsverksmiðja sem flestar eru mjög vanbúnar að tækjum. Álitið er að aðeins hluti þeirra 20 verksmiðja, sem starfa með skertu starfsleyfi, hafi bolmagn til að uppfylla kröfur um mengunarvarnir. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um afkomu loðnuverksmiðja virðast litlar líkur standa til að þessar verksmiðjur hefji endurbyggingu nú. Ástand loðnustofnsins hefur enn frekar dregið úr þeim líkum.

Þetta ástand undirstrikar nauðsyn þess að leita verði að lausnum er lækka rekstrskostnað fiskimjölsverksmiðja jafnframt því að hugað verði að mengunarvörnum.

Undanfarna áratugi hafa ýmsar aðferðir verið reyndar til að koma í veg fyrir mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Þeim er það flestum sammerkt að þær eru dýrar í framkvæmd og auka orkunotkun og árangur af þeim er misjafn. Auk reykháfa, þvottaturna og íblöndunar ýmissa efna, sem koma af stað efnahvörfum og eyða lykt, hafa tilraunir verið gerðar með þvottaturn og skiljur sem kenndar hafa verið við Jón Þórðarson. Skiptar skoðanir eru um gagnsemi þeirra hreinsitækja við fiskimjölsverksmiðjur en sumir, m. a. tæknimenn Landsmiðjunnar, telja að auðvelt sé að breyta tækjunum og gera þau ódýrari í rekstri. Hins vegar eru flestir sammála um hæfni tækjanna þegar um er að ræða hreinsun agna svo sem við Kísiliðjuna við Mývatn.

Að mati Heilbrigðiseftirlits ríkisins gætu skorsteinar og einfaldur þvottur víða bætt úr mengun af völdum fiskimjölsverksmiðja. Hvort sú aðgerð er nægjanleg fer þó að verulegu leyti eftir staðsetningu verksmiðja og ríkjandi vindátt á hverjum stað.

Á síðustu árum hefur verið unnið að samhæfingu mengunarvarna og varmaendurvinnslu. Búnaður sem uppfyllir þær kröfur hefur m. a. verið þróaður í Noregi og hlutar hans verið smíðaðir hérlendis. Tækin eru þurrkari með varmaendurvinnslu, forsjóðari, punktsog og lykteyðingarbúnaður. Búnaður þessi er dýr og verður m. a. að endurnýja eldþurrkara, soðkjarnatæki, forsjóðara og varmaskipta í núverandi verksmiðjum. Kostnaður við 500 tn. verksmiðju mun nema 8—9 milljónum króna á verðlagi í árslok 1981. Enn hefur ekki fengist full reynsla af búnaðinum á allar tegundir hráefnis. Við bræðslu á loðnu á þessum vetri kom í ljós ýmislegt sem þurfti lagfæringar við og náðist alls staðar sá árangur í orkusparnaði sem reiknað hafði verið með.

Undanfarið hafa ýmsar athuganir verið í gangi sem miða að nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttra við þurrkun á mjöli. Vísast í þessum efnum til skýrslu Stefáns Arnar Stefánssonar um nýja fiskimjölsverksmiðju á Reykjanesi sem hugsanlega nýtti jarðvarma svo og til skýrslu VÍR og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um rafþurrkun á fiskimjöli. Þá er einnig hafin tilraunasmíði á litlum fiskimjölsverksmiðjum með allt að 100 tn. afköstum á dag er nýtt gætu raforku eða eru þannig útbúnar að öðru leyti að orkuþörf er lítil borin saman við hefðbundna olíukyndingu. Þessar verksmiðjur gætu verið staðsettar við frystihús og unnið úr úrgangi og slógi og þannig hannaðar að af þeim stafi lítil mengun. Landssmiðjan og Stál hf. í sameiningu telja sig geta framleitt 5—6 slíkar verksmiðjur á ári.

Þótt tekið sé mið af aflamagni síðustu ára og lengdar loðnuvertíðar getur varla talist hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að endurbyggja nema um 10 stórar verksmiðjur (ca. 500 tn.). Við mat á fjöldanum var enn fremur haft í huga að þróun í stjórn fiskveiða haldi áfram þannig að afli berist jafnar að landi en fyrr og einnig tilkoma lítilla fiskimjölsverksmiðja, hugsanlega rafkynntra, til að nýta úrgang. Eðlilegt er að hráefnisöflun og orkugjafar ráði mestu um hvar stóru verksmiðjunum verður valinn staður.

Starfshópurinn kannaði vandlega þá lánafyrirgreiðslu sem íslenskum framleiðendum stendur til boða, svo og möguleikum til úrbóta. Í viðræðum við forráðamenn ýmissa sjóða kom fram að þeir töldu sjóðina ekki hafa sértækt fjármagn. Fengist hins vegar slíkt fjármagn væri nauðsynlegt að samræma kjör og tryggja að menn leiti ekki til erlendra framleiðenda vegna lakari lánskjara hérlendis. Á fundi með formönnum Fiskveiðasjóðs og Útflutningslánasjóðs var samþykkt að Garðari Ingvarssyni, Seðlabankanum, yrði falið að gera samanburð á möguleikum Útflutningslánasjóðs miðað við núverandi reglur og á þeim lánskjörum sem erlendir aðilar bjóða.

3. Tillögur starfshópsins.

A. Um 1. lið erindisbréfsins.

Miðað við þá forsendu að 10 stórar verksmiðjur nægi til að vinna þann afla sem berast mun á land í framtíðinni, og að gert sé ráð fyrir forhitara og afgaseimara ásamt mengunarvarnarbúnaði í þessar verksmiðjur, má ætla að fjárfestingin nemi um 70 milljónum króna á verðlagi í árslok 1981 þegar tekið hefur verið tillit til endurbyggingar sem nú þegar hefur átt sér stað. Ef miðað er við að lánsfjármagn verði í samræmi við það sem erlendir aðilar bjóða, eða um 85% af stofnkostnaði, og að endurbygging taki um 5 ár var lánsfjárþörf í þessu skyni talin vera um 11 m. kr. á árinu 1982.

Þá taldi starfshópurinn hæfilegt að gera ráð fyrir að á árinu 1982 yrði byggð a. m. k. ein lítil verksmiðja eins og getið er um hér að framan. Slík verksmiðja kostaði uppsett á miðju ári 1981 rúmar 5,5 m. kr. og var því gert ráð fyrir að 4 milljóna króna lánsfé yrði útvegað til að byggja slíka verksmiðju.

Tillaga þessa efnis var lögð fyrir ríkisstjórnina 1. des. 1981 og var samþykkt á ríkisstjórnarfundi tveimur dögum síðar. Iðnaðarráðuneytinu var falið að koma erindinu á framfæri.

Samþykktin hljóðar þannig:

„Ríkisstjórnin samþykkir að fjármagni verði beint til mengunarvarna og orkusparandi aðgerða í fiskimjölsverksmiðjum.

a. Að heimilt verði að nýta á árinu 1982 5 m. kr., sem Fiskveiðasjóður skyldi fá frá Framkvæmdasjóði samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 og nota skyldi til fyrrgreindra aðgerða. Fénu hefur ekki enn verið ráðstafað.

b. Að útvegað verði fjármagn, 10 m. kr., handa Útflutningslánasjóði (samkeppnislán) sem verði lánað til innlendrar smíði á tækjum og búnaði til mengunarvarna og orkusparandi aðgerða í fiskimjölsverksmiðjum."

Af opinberum sjóðum hefur Fiskveiðasjóður helst lánað til fiskimjölsverksmiðja. Í erindisbréfi starfshópsins og í greinargerð, sem því fylgdi, kom fram að endurbygging fiskimjölsverksmiðja gæti verið kjörið verkefni fyrir innlendan málmiðnað. Í viðtölum við innlenda framleiðendur hefur komið fram, að þeir telja sig vera samkeppnisfæra við erlenda framleiðendur að því er snertir verð og gæði. Aftur á móti veiti erlendir framleiðendur betri lánafyrirgreiðslu. Til að tryggja að viðskiptum yrði beint til innlendra málmsmíðafyrirtækja var lagt til að hluti fjármagnsins (10 m. kr.) færi um Útflutningslánasjóð. Hinn 4. desember 1981 ritaði iðnaðarráðuneytið fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar bréf og óskaði eftir að Fiskveiðasjóði yrðu áætlaðar 5 milljónir króna á lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 sem heimilt yrði að nota til mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum. Enn fremur fór ráðuneytið fram á að gert yrði ráð fyrir 10 milljónum króna í lánsfjáráætlun handa Útflutningslánasjóði til innlendrar smíði á tækjum og búnaði í sama skyni.

Ekki tókst að afla umbeðins fjármagns til Útflutningslánasjóðs á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Þá var lagt til að Framkvæmdasjóði yrði falið að útvega lánsfé í samræmi við ákvarðanir á árinu 1981.

Starfshópurinn átti fund með forstjóra Framkvæmdastofnunar og skýrði tillögur sínar. Í viðræðum kom fram að Framkvæmdasjóður væri vanmegnugur að taka slíkar byrðar á sig.

Á næstunni munu væntanlegar tillögur nefndar sem endurskoðað hefur reglur um útflutningstryggingar og Útflutningslánasjóð. Verði tillögur nefndarinnar um vaxtakjör að veruleika sýnist æskilegt að freista þess að útvega lánsfé samkvæmt tillögum starfshópsins á lánsfjáráætlun 1983, þannig að skipuleg uppbygging fiskimjölsverksmiðja geti hafist þegar á því ári.

B. Um 2. og 3. lið erindisbréfsins.

Í viðræðum við fjármálaráðuneytið kom fljótlega í ljós að tillögur varðandi niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og söluskatti á efni, vélum og tækjum til mengunarvarna og til orkusparnaðar væru að mati ráðuneytisins illframkvæmanlegar. Í tillögum starfshópsins, sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 3. des. s. l., var því lagt til að veittur yrði styrkur til fiskimjölsverksmiðja, kr. 2 m. kr., og skal hann hverju sinni ákveðinn með hliðsjón af aðflutningsgjöldum og söluskatti af efni, vélum og tækjum. Þá skrifaði starfshópurinn fjárveitinganefnd Alþingis hinn 3. desember 1981 og fór fram á að gert yrði ráð fyrir styrk að upphæð 2 milljónir króna á fjárlögum 1982.

Í fjárlögum 1982 fengust alls kr. 1,5 m. kr. til styrktar mengunarvörnum í fiskimjölsverksmiðjum, þar af voru veittar kr. 0,5 m. kr. vegna umsóknar á árinu 1981.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins kynnti styrkveitingu þessa fyrir öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum.

Þar sem hér er um styrkveitingu að ræða er nauðsynlegt að ákveða hvaða aðili fjalli um forgangsröðun. Við slíka röðun bæri að taka mið af hugmyndum um skipulega uppbyggingu fiskimjölsverksmiðja og hagnýtingu nýrrar tækni.

Í raun snertir endurbygging fiskimjölsverksmiðja þrjú ráðuneyti, þ. e. heilbrigðisráðuneyti vegna mengunarmála, iðnaðarráðuneyti vegna orkusparandi aðgerða og sjávarútvegsráðuneyti vegna hinna nánu tengsla fiskimjölsverksmiðja við málaflokk þess ráðuneytis. Starfshópurinn leggur til að um forgangsröðun verði fjallað af fulltrúum frá þessum þremur ráðuneytum þótt fjárveiting til verkefnisins sé á einum stað í fjárlögum, t. d. hjá heilbrigðisráðuneyti, eins og var í fjárlögum fyrir árið 1982.

Eins og áður segir tilkynnti Heilbrigðiseftirlit ríkisins öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum að veitt hefði verið fé á fjárlögum til mengunarvarna.

Á fundi sínum 16. júní 1982 fjallaði starfshópurinn um þær 7 umsóknir sem borist höfðu. Hann varð sammála um eftirfarandi tillögu til heilbrigðisráðherra:

1. Fiskimjölsverksmiðjan Grundarfirði 400 000 kr. Um er að ræða nýja verksmiðju sem talin er fullnægja kröfum um mengunarvarnir.
2. Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals 100 000 kr. vegna endurbóta á hráefnisþró.
3. Fiskimjölsverksmiðjan Svalbarði hf. Patreksfirði, 200 000 kr. til þess að reisa skorstein.

Starfshópurinn frestaði að gera tillögu um úthlutun á þeim 300 000 kr. sem eftir eru af styrkveitingu ársins 1982 þar til ljóst væri hvort fleiri umsóknir bærust.

Við afgreiðslu á umsóknum um styrki til mengunarvarna hefur starfshópurinn tekið mið af raunhæfum aðgerðum til mengunarvarna og leitast við að dreifa ekki fjármagni um of.

Starfshópnum barst erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um að honum yrði falið sérstaklega að gera tillögur um framtíð reksturs og staðsetningu Fiskiðjunnar hf. Njarðvík.

Starfshópurinn tekur undir þau sjónarmið er fram koma í erindi ráðuneytisins að hér er um vandamál að ræða er snertir þau sömu ráðuneyti og skipað hafa þennan starfshóp og væri því sú málsmeðferð eðlileg að líta á mál Fiskiðjunnar sem framhald á störfum starfshópsins. En þar sem forráðamenn verksmiðjunnar ákváðu að leggja hana niður varð ekkert úr tillögugerð.

4. Lokaorð.

Starfshópurinn álítur nauðsynlegt að komið verði í veg fyrir óraunhæfar aðgerðir, svo sem að komið sé fyrir kostnaðarsömum búnaði í verksmiðjur sem fyrirhugað er að leggja niður.

Starfshópnum er ljóst að nauðsynlegt er að kynna þá tæknimöguleika er nú bjóðast og þær nýjungar sem í undirbúningi eru svo að draga megi úr mengun, bæta orkunýtingu og auka hagkvæmni í rekstri fiskimjölsverksmiðja. Slík kynning þarf að taka mið af kröfum yfirvalda um mengunarvarnir og enn fremur að uppbygging fiskimjölsverksmiðja verði eftir föngum verkefni innlendra framleiðenda.

Að því er snertir staðarval fyrir stóru verksmiðjurnar væri æskilegt að frekari athuganir yrðu gerðar. Þar gæti verið um verðugt verkefni að ræða fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins eða t. d. staðarvalsnefnd. Einnig er brýnt að mótun stefnu í kröfum um mengunarvarnir verði hraðað, en reglugerð í þeim efnum hefur verið í deiglunni um nokkurt skeið.

Afstaða starfshópsins til útvegunar lánsfjár hefur verið lýst að framan, og þá með tilliti til vilja stjórnvalda að fiskimjölsverksmiðjurnar yrðu endurbyggðar. Auk þess leggur starfshópurinn til að á fjárlögum fyrir árið 1983 verði sambærileg upphæð til styrktar fiskimjölsverksmiðjum til þess að draga úr mengun. Á þann hátt geta stjórnvöld haft áhrif á skipulega uppbyggingu og þar með komið í veg fyrir óraunhæfar aðgerðir.

Jafnframt þarf að tryggja að nægjanlegt lánsfé sé í boði með aðgengilegum kjörum, til áframhaldandi uppbyggingar.

Bogi Þórðarson, sjávarútvegsráðuneyti.

Brynjólfur Sigurðsson, fjármálaráðuneyti.

Guðrún Hallgrímsdóttir, iðnaðarráðuneyti.

Ingimar Sigurðsson, heilbrigðisráðuneyti.

Sþ. 447. Fyrirspurn [269. mál]

til fjármálaráðherra um niðurskurð og sparnað í ráðuneytum og stofnunum árið 1984.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hvernig hefur tekist að ná yfirlýstum markmiðum um 5% sparnað eða niðurskurð rekstrargjalda ráðuneyta og stofnana árið 1984? Þess er óskað að fram komi hver sé heildarsparnaður/niðurskurður og hvernig hann dreifist á ráðuneyti og stofnanir.

Sþ. 448. Fyrirspurn [270. mál]

til fjármálaráðherra um aukafjárveitingar árið 1984.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hafa ráðuneyti eða stofnanir fengið aukafjárveitingar árið 1984? Sé svo, hve miklar eru þær samtals og hvernig skiptast þær á ráðuneyti og stofnanir?

Sþ. 449. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum.

Flm.: Vigfús B. Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Gunnar G. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar gangskör að því að varnir gegn fisksjúkdómum verði stóreflda r og ráðið verði hæft starfsfólk til að fylgjast með fiskeldisstöðvum og aðstoða í baráttunni gegn fisksjúkdómum, bæði í stöðvunum og hinum dýrmætu veiðivötnum landsins.

Greinargerð.

Aðstaða til fiskiræktar á Íslandi er talin vera mjög góð frá náttúrunnar hendi. Flest bendir til þess að í fiskiræktinni séu miklir framtíðarmöguleikar fólgnir og geti hún orðið styrk stoð í efnahagslífi okkar Íslendinga innan fárra ára.

Fiskirækt er viðkvæm og vandasöm atvinnugrein sem krefst bæði vísindalegrar þekkingar og reynslu. Þar sem fisksjúkdómar gerast nú æ ágengari er brýn nauðsyn á að taka upp harða baráttu gegn þeim, t. d. með því að hafa kerfisbundið eftirlit með fiskeldisstöðvunum í landinu og fyrirbyggja að sýktum fiskum sé dreift milli stöðva og út í hina villtu náttúru landsins. Öllum ætti að vera það ljóst, að slík slys geta verið með öllu óbætanleg. Það er því ótrúlega mikið undir því komið að fisksjúkdómar finnist á byrjunarstigi svo að takast megi að einangra þá og eyða þeim áður en stórtjón hlýst af.

Sþ. 450. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum.

Flm.: Helgi Seljan, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að haldin verði námskeið fyrir fatlaða í meðferð og notkun á tölvum til að auðvelda fötluðum að fá störf á vinnumarkaðnum. Félagsmálaráðuneytið standi fyrir þessum námskeiðum, viðkomandi að kostnaðarlausu.

Greinargerð.

Atvinnumál fatlaðra hafa oft verið til umræðu og ýmislegt hefur verið gert til að auðvelda atvinnuþátttöku þeirra, t. d. verndaðir vinnustaðir.

Einskis má hins vegar láta ófreistað til að auka þátttöku fatlaðra sem mest í atvinnulífinu, og þá alveg sér í lagi við þau störf sem mest eru við hæfi þeirra.

Tölvutækni og tölvunotkun ryðja sér æ meir til rúms í atvinnulífinu. Til starfa við tölvur þarf ákveðna þekkingu byggða á námi, en augljóst er að tölva sem vinnutæki hentar sérstaklega vel fötluðum, m. a. hjólastólafólki. Fá störf munu þessu fólki þægilegri viðfangs, auk þess sem þau gefa betri tekjumöguleika en mörg önnur. Störf, sem lúta að tölvum og notkun þeirra, ná til æ fleiri þátta og svo mun verða enn frekar í náinni framtíð.

Fatlaðir þurfa að eiga kost námskeiða til þess að geta orðið hlutgengir til þessara starfa. Upp á slík námskeið þarf að bjóða fötluðum, þeim að kostnaðarlausu, til örvunar og hvatningar til frekari atvinnuþátttöku, en fjárhagur fatlaðra almennt er slíkur að námskeið getur verið þeim ofviða fjárhagslega.

Félagsmálaráðuneytið er yfirstjórnandi þessa málaflokks skv. lögum og hlýtur að vera sá aðili sem tekur þetta að sér. Námskeiðahald af þessu tagi mundi skjótlega skila sér á margan veg til samfélagsins auk þeirra áhrifa sem það gæti haft á hagi og líf fatlaðra. Því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 451. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um skattaívilnun vegna ættleiðingar barna.

Flm.: Helgi Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa nú þegar breytingar á lögum um tekjuskatt sem mæli fyrir um ákveðna skattaívilnun til þeirra foreldra sem ættleiða börn erlendis frá með gífurlegum tilkostnaði. Kannaðar verði leiðir til lækkunar útsvars af sömu ástæðum. Enn fremur verði kannaðir möguleikar til afturvirkni þessara ívilnana, svo sem frekast er kostur.

Greinargerð.

Ættleiðingar barna erlendis frá færast sífellt í vöxt. Ástæður eru öllum kunnar, augljósar og eiga fyllsta rétt á sér frá tilfinningalegu og mannlegu sjónarmiði. Til ýmissa fjarlægra þjóðlanda hefur verið leitað, og er gert í ríkum mæli, enda ekki um aðra möguleika að ræða. Í sumum þessara landa hefur verið lokað fyrir þessa möguleika, en þá er annarra leitað. Auk þess að hafa ómetanlegt og varanlegt lífsgildi fyrir viðkomandi foreldra er einnig oft um að ræða björgun mannslífa. Hins vegar er hér um verulegar fjárupphæðir að tefla og mikinn aukakostnað — en óhjákvæmilegan — og full ástæða er til að kanna hvort ekki eigi að taka tillit til hans við álagningu tekjuskatts árið eftir, og jafnframt veita lækkun á útsvari.

Aukin lífsgæfa, meiri lífsfylling, nýr lífstilgangur — þessir þættir verða að vísu aldrei metnir til fjár eða lagðir á skattavog. Engu síður þykir flm. að það fólk, sem af ríkri nauðsyn, þar sem sjálf lífshamingjan er oft í veði, kostar svo miklu til í fyrirhöfn, ferðalögum og fjármunum, hljóti að eiga til þess nokkurn rétt að samfélagið taki tillit til þessa alls. Hér er hins vegar aðeins um ívilnun í eitt ár að ræða og skiptir því litlu fyrir samfélagið, en þeim mun meira fyrir viðkomandi aðila.

Flm. þykir og sjálfsagt að jafnframt séu kannaðar leiðir til útsvarslækkunar hjá sveitarfélögunum.

Afturvirkni er erfið og e. t. v. óframkvæmanleg, en flm. þykir samt rétt að láta kanna hvað unnt er að gera í því efni. — Frekari rökstuðningur bíður framsögu.

Nd. 452. Frumvarp til laga [274. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samstarfshópur, sem dómsmálaráðherra skipaði hinn 17. janúar 1984 í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 20. des. 1983, um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, skilaði tillögum sínum 5. mars 1984. Meðal þess, sem lagt er til, er að viðurlög við brotum á lögum nr. 65/1974, með síðari breytingum, verði aukin í allt að 6 ára fangelsi. Samstarfshópurinn bendir á að viðurlög samkv. lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 geti mest orðið tveggja ára fangelsi og hafi þegar komið fyrir tilvik, þar sem beita hefur þurft þeim allt að því til fulls. Telur starfshópurinn nauðsynlegt að viðurlög samkvæmt þeim lögum verði aukin í allt að sex ára fangelsi.

Vert er að geta þess að á hinum Norðurlöndunum hefur refsihámark fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf verið hækkað eða verið er að undirbúa löggjöf í þeim tilgangi. Ber því brýna nauðsyn til að samræma refsihámark þannig að ekki komi til mismunandi strangra refsinga, eftir því hvar í málum er dæmt.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur beint þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem fer með framkvæmd löggjafar um ávana- og fíkniefni, að borið verði fram lagafrumvarp til breytingar á 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, í því skyni að hægt verði að stórherða viðurlög gegn brotum á lögunum.

Með lögum nr. 75/1982, um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, um breyting á sektarmörkum nokkurra laga, sbr. nánar 9. gr. laganna, er fellt niður sektarhámark laganna, sem var 60 000 kr. (6 millj. g.kr.) og fer eftir það um sektir samkv. almennum hegningarlögum og þeim ákvæðum þeirra laga, sem gilda um hámark sekta.

Með skírskotun til ofanritaðs og þess að brýna nauðsyn ber til að í vissum tilvikum þurfi að koma til strangari fangelsisdómar en til tveggja ára, sakir þess að um mjög alvarlegt brot getur verið að ræða, er frumvarp þetta fram komið.

Nd. 453. Frumvarp til laga [275. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. og VI. kafla.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

Í stað „sjúkrahúsa“ í 2. mgr. 5. gr. komi: heilbrigðisstofnana.

3. gr.

6. gr. orðist svo:

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla, en þar á meðal er:

a. Fjarskipti milli umdæma.
b. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
c. Mælingar á geislavirkni.
d. Viðvörun og viðvörunarkerfi.
e. Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.
f. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
g. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
h. Söfnun birgða og varsla þeirra.
i. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.
j. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.
k. Umsjón með almannavörnum í héraði.
l. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður.

Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða annarri vá.

Almannavarnaráð skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir, sem miða að því að draga úr líkum á líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð getur sett framkvæmdastjóra erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra. Í hverju kjördæmi skal vera minnst einn fulltrúi almannavarnaráðs skipaður af því. Fer hann með umsjón þeirra verkþátta, sem undir ríkisvaldið falla og er lögreglustjórum og almannavarnanefndum til ráðuneytis. Hann skal vera búsettur í kjördæminu.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sveitarfélög, tvö eða fleiri, eða landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem borgarstjórn velur. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum, sem bæjarstjórn velur.

Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, svo og byggingafulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnefnir og þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu, í samræmi við samstarf um almannavarnir samkv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík skipar borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru yfir 5 000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapast hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra samkv. nánari reglum er ráðherra setur:

a. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.
b. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
c. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja, samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
d. Stjórnstöðvar.
e. Fjarskiptakerfi.
f. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
g. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
h. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að almannavarnaráð annist lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, á kostnað sveitarfélagsins, hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlýtt.

7. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Á hættutímum er almannavarnaráði heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri þá tilhögun. Á hættutímum getur almannavarnaráð lagt bann við því að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.

8. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist: náttúruhamfara eða af annarri vá.

9. gr.

Á eftir V. kafla komi nýr kafli, VI. kafli. Hagvarnir, með fjórum nýjum greinum (23.—26. gr.), og breytist kaflaröð og greinaröð samkvæmt því:

a. (23. gr.)

Forsætisráðherra skal skipa hagvarnaráð, er í eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eða staðgengill hans er formaður hagvarnaráðs og ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins er framkvæmdastjóri þess. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Heimilt er ríkisstjórninni að leita álits hagvarnaráðs á þáttum er snerta hollustu, heilbrigðis-, stjórnsýslu- og fræðsluviðbúnað vegna yfirvofandi hættu.

b. (24. gr.)

Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga sé eftir því sem við á gerð áætlun um verkefni og viðbrögð á hættutímum. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum um þörf fyrir birgðir nauðsynja til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum og gera áætlun um öflun viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmtun eftir atvikum. Öllum er skylt að gefa hagvarnaráði upplýsingar af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem trúnaðarmál.

c. (25. gr.)

Hagvarnaráð getur hvenær sem er gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir eða ákvarðanir, sem það telur nauðsynlegar til að tryggja þau markmið sem lýst er í 23. og 24. gr. Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á hernaðaraðgerðum eða af annarri sambærilegri vá, að gefa út fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar, sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

d. (26. gr.)

Heimilt er að ákveða að starfsmaður almannavarnaráðs skuli starfa sérstaklega að þeim málefnum er undir hagvarnaráð falla, eftir því sem við verður komið að mati almannavarnaráðs.

10. gr.

23. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafist, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, svo og fyrirtækjum og félagasamtökum, sem hlutverki hafa að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi við almannavarnaráð, er skylt án endurgjalds að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna í samræmi við slíkt skipulag. Ágreiningi um þátttöku í æfingu má skjóta til dómsmálaráðherra.

11. gr.

25. gr., sem verður 29. gr., orðist svo:

Kostnaður samkv. 5. og 6. gr. og VI. kafla greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. mgr. greiðist af viðkomandi sveitarstjórnum, en ríkissjóður skal endurgreiða ⅔ kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum.

Sveitarfélög sem hafa samstarf um almannavarnir skulu skipta kostnaði samkvæmt íbúatölu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt á grundvelli tillagna sem fram koma í áliti, dags. í apríl 1984, frá nefnd sem Alþingi kaus 7. maí 1982 til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, sbr. þingsályktun frá 18. febrúar 1982 Áttu sæti í nefndinni Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, Friðrik Sophusson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Jóhann Einvarðsson, nú aðstoðarmaður ráðherra, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur. Formaður nefndarinnar var Friðrik Sophusson.

Tillögur nefndarinnar um eflingu almannavarna vörðuðu: a) breytingar á lögum um almannavarnir, b) setningu reglugerða um loftvarnabyrgi og öryggisbyrgi, c) áætlun um eflingu almannavarna (10 ára áætlun) og d) hagvarnir.

Helstu breytingartillögur nefndarinnar að því er varðar lög um almannavarnir vörðuðu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þannig að hún verði skýrari og að fjárhagslegri ábyrgð á almannavörnum verði skipt samkvæmt verkefnum. Verði ekki um kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkis og sveitarfélaga nema að því er varðar opinber öryggisbyrgi. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga sem hafa samstarf um almannavarnir verði samkvæmt íbúatölu. Lagt var til að gerð yrði breyting á skipun almannavarnanefnda, m. a. á formennsku. Þá var lagt til að aukið verði við verkefni almannavarnaráðs málaflokkum á sviði almannavarna, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi lögum, þ. á m. þessum flokkum: athugun og mat á hættu, rekstur viðvörunarkerfa, almannavarnir vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana og yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana. Loks var lagt til að settar verði með reglugerð lágmarkskröfur um viðbúnað að almannavörnum í héraði, þannig að tryggt verði að sveitarstjórnir hugi að og sinni viðbúnaði gegn vá.

Frumvarp þetta byggir á tillögum þingkjörnu nefndarinnar að öðru leyti en því að eigi eru teknar með breytingar á 3., 7. og 20. gr. núgildandi laga, en þar var gert ráð fyrir því að almannavarnaráð tæki ákvarðanir um atriði sem nú eru í höndum ríkisstjórnar eða ráðherra. Ákvarðanir samkvæmt 3. og 20. gr. varða grundvallarréttindi borgaranna sem eðlilegt er að teknar séu af þeim sem bera pólitíska ábyrgð en ekki embættismönnum. Hafa lögreglustjórar, sem jafnframt fara með stjórn almannavarna, í krafti síns embættis víðtækar heimildir til að gera til bráðabirgða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi borgaranna, og geta þeir í því sambandi leitað álits almannavarnaráðs og ráðherra, þar til ákvörðun ríkisstjórnar liggur fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því að í fyrri málsgrein er bætt inn tilvísun til VI. kafla laganna, sem fjallar um hagvarnir, en gert er ráð fyrir því að sá málaflokkur heyri undir forsætisráðherra. Í síðari málsgrein er bætt við ákvæði um að almannavarnaráð skuli, auk þess sem það stýrir starfsemi almannavarna, vera til ráðuneytis um framkvæmd laganna. Var ákvæði þessa efnis í upphaflegum lögum um almannavarnir, en féll út við breytingu 1979.

Um 2. gr.

Lagt er til að landlæknir geti skyldað heilbrigðisstofnanir almennt til að taka þátt í viðbúnaði á sviði almannavarna, en í núgildandi lögum er einungis fjallað um sjúkrahús.

Um 3. gr.

Nokkrar breytingar eru gerðar á einstökum liðum er varða þá þætti almannavarna sem falla skulu undir ríkisvaldið.

1. Í b-lið er nýmæli. Er lagt til að almannavarnaráð hafi frumkvæði að þeirri gagna- og upplýsingaöflun, sem er forsenda þess að rétt mat geti farið fram á hættu, enda byggjast ákvarðanir, viðbrögð, viðvörun og leiðbeiningar á þeim upplýsingum sem hverju sinni liggja fyrir um hættu, umfang hennar og líklegar afleiðingar.

2. Í d-lið er lagt til að uppsetning og rekstur viðvörunarkerfa flytjist frá almannavarnanefndum sveitarfélaga til ríkisvaldsins, en til þessa hefur viðvörun til landsmanna ein sér verið verkefni almannavarnaráðs. Auk þess sem hér er um að ræða flutning kostnaðar frá sveitarfélögum til ríkis eru með breytingunni tryggð tengsl milli upplýsingaöflunar og hættumats og þess viðvörunarkerfis sem notað er.

3. Í e-lið er kveðið á um að almannavarnaráð annist „leiðbeiningar og almenningsfræðslu“ en eigi einungis „fræðslustarfsemi“ svo sem nú segir.

4. Með g-lið er lagt til að almannavarnaráð hafi eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana. Er hér um nýmæli að ræða.

5. Með h-lið er gert ráð fyrir því að almannavarnaráð annist innkaup og vörslu á sérhæfðum búnaði vegna verksviðs síns, svo sem vegna geislavarna, fjarskipta, viðvörunar, þjálfunar og hjálparstarfs.

6. Í j-lið er lagt til að almannavarnaráð fari með yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á hættutímum.

7. Í l -lið er ákvæði um að ráðherra geti falið almannavarnaráði einstök verkefni á sviði almannavarna. Er þar um að ræða ákvæði hliðstætt og er um almannavarnanefndir.

Í 2. mgr. er flóðum og skriðuföllum bætt við þá áhættuflokka sem almannavarnaráði er ætlað að fylgjast með og stuðla að rannsóknum á.

Í 3. mgr. er nýmæli þar sem kveðið er á um hlutverk almannavarnaráðs að því er varðar ráðstafanir til að draga úr líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá.

Í 4. mgr. er ákvæði um skipun sérstaks fulltrúa almannavarnaráðs í kjördæmum landsins. Er gert ráð fyrir því að þar þurfi ekki að vera um fasta launaða stöðu að ræða, heldur geti fulltrúinn verið embættismaður eða áhugasamur björgunarsveitamaður, sem hlotið hefur þjálfun til að vera almannavarnanefndum til ráðuneytis og til að fylgjast með viðbúnaði þeirra fyrir hönd almannavarnaráðs.

Um 4. gr.

Fellt er niður ákvæði 2. mgr. 7. gr., þar sem kveðið er á um að ráðstafanir til almannavarna skuli hefja þar sem ríkisstjórnin ákveður í samráði við viðkomandi sveitar-

stjórn eða sýslunefnd, en almannavarnir hafa þegar verið skipulagðar í öllum lögsagnarumdæmum. Að því er varðar ákvörðunarvald ríkisins um viðbúnað til almannavarna í héraði vísast að öðru leyti til ákvæðis í upphafi 9. gr. laganna, sbr. og viðbót við þá grein samkvæmt 6. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að í stað orðanna „grannhéruð, bæir eða landshlutar," sem samstarf geti haft um almannavarnir komi: sveitarfélög, tvö eða fleiri, eða landshlutar.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um skipun almannavarnanefnda. Skal almannavarnanefnd vera í hverju lögsagnarumdæmi, þó svo að í sýslum má hafa fleiri nefndir í samræmi við samstarf um almannavarnir samkvæmt 7. gr. laganna.

Formennska í almannavarnanefnd er nú í höndum borgarstjóra, bæjarstjóra eða oddvita. Í tillögum þingkjörnu nefndarinnar koma fram mismunandi sjónarmið um það hvernig formennsku skuli skipað, þ. e. óbreytt skipan, formennska í höndum lögreglustjóra sem að öðru leyti fer með stjórn almannavarna og loks sú skipan að nefndin kjósi sér sjálf formann. Færa má gild rök fyrir formennsku hvort heldur er í höndum framkvæmdastjóra sveitarfélags eða oddvita eða í höndum lögreglustjóra. Kunna mismunandi sjónarmið að koma til álita. Er því lagt til að sú skipan verði upp tekin að nefndirnar kjósi sér sjálfar formann.

Í niðurlagi greinarinnar er lagt til að ákvæðið verði að í fjölmennustu héruðum landsins skuli ráðinn framkvæmdastjóri, sem hafi umsjón með almannavarnaviðbúnaði.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um hlutverk almannavarnanefnda. Felldur er niður liður er varðar viðvörunarkerfi, enda er framkvæmd þess viðfangsefnis flutt til ríkisvaldsins, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Að því er varðar liðinn skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða er felld niður ítarleg skilgreining núgildandi laga sem er til leiðbeiningar, þar sem að því er vikið hvernig skipa megi hjálparliðum í flokka og kveðið á um einstakar greinar almannavarna, sem hjálparliðar skuli fá þjálfun í. Loks er orðalagi f-liðar breytt.

Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem ráðherra er heimilað að ákveða lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, svo og að ákveða að almannavarnaráð skuli annast slíkan viðbúnað á kostnað sveitarfélags, ef ákvæðum um lágmarksviðbúnað hefur eigi verið hlýtt.

Um 7. gr.

Lagt er til að almannavarnaráði verði heimilað að flytja hjálparlið milli umdæma, ef hættuástand skapast, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi lögreglustjóra. Er ákvæðinu ætlað að tryggja samræmingu varnar- og hjálparstarfs milli umdæma. Einnig er lagt til að almannavarnaráð geti lagt bann við slíkum flutningi milli umdæma.

Um 8. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við önnur ákvæði laganna.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar (nýs VI. kafla) um hagvarnir og hagvarnaráð sem forsætisráðherra er ætlað að skipa eru í samræmi við tillögur þingkjörnu nefndarinnar. Eru tillögurnar lagðar fram efnislega óbreyttar.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru í samræmi við gildandi lög að öðru leyti en því að breytt er orðalagi vegna nýrra laga um framkvæmd eignarnáms.

Í 3. mgr. er nýmæli er kveður á um skyldur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, sem starfa að öryggismálum, til að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna endurgjaldslaust. Er ákvæðið í samræmi við þá meginreglu sem fylgt hefur verið að hver aðili standi straum af eigin kostnaði vegna æfinga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um kostnað af ráðstöfunum til almannavarna, og felur greinin í sér grundvallarbreytingu. Er ríkissjóði ætlað að greiða að öllu leyti kostnað af verkefnum sem undir ríkisvaldið falla, þ. e. kostnað vegna heilbrigðisþáttar (5. gr.) og almannavarnaráðs (6. gr.) auk hagvarna (VI. kafli), en sveitarstjórnir beri að öllu leyti kostnað vegna almannavarna í héraði, þó svo að ríkissjóður endurgreiði ⅔ kostnaðar vegna byggingar og reksturs opinberra öryggisbyrgja sem reist eru á grundvelli áætlunar um byggingu slíkra byrgja. Hefur þá kostnaður vegna viðvörunarkerfa og ráðstafana á sviði sjúkra- og slysahjálpar vegna almannavarna verið fluttur frá sveitarfélögum til ríkis.

Fylgiskjal.

ÞINGKJÖRIN NEFND UM EFLINGU ALMANNAVARNA

Reykjavík, 16. apríl 1984.

Hr. dómsmálaráðherra
Jón Helgason,
Arnarhváli,
Reykjavík.

Hinn 7. maí 1982 kaus Alþingi 7 manna nefnd „til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu“, samkvæmt þingsályktun frá 18. febrúar 1982.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Friðrik Sophusson, alþingismaður, varaformaður Guðmundur Bjarnason, alþingismaður, en ritari nefndarinnar var Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, og hefur hann unnið ómetanlegt starf fyrir nefndina. Einnig hefur nefndin átt gott samstarf við Almannavarnaráð og haldið með því sameiginlega fundi.

Nefndin hóf störf í júní 1982 og hélt 37 fundi um viðfangsefnið. Niðurstöður nefndarinnar birtast í meðfylgjandi áliti.

Gerðar eru tillögur til nokkurra breytinga á lögum um almannavarnir, sem að stofni til eru frá árinu 1962. Í skýringum er getið ólíkra sjónarmiða, sem komu fram hjá einstökum nefndarmönnum. Í nefndarálitinu eru drög að reglugerð um skýli og öryggisbyrgi. Lagt er til að sérfræðingar verði fengnir til að endurskoða heildaráætlanir um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá. Þá er gerð 10 ára áætlun um eflingu almannavarna á vegum ríkis og sveitarfélaga, ásamt kostnaðaráætlun á verðlagi í maí 1983.

Reykjavík, í apríl 1984.

Friðrik Sophusson

Ásmundur Ásmundsson
Jóhann Einvarðsson
Kjartan Gunnarsson
Bjarki Elíasson
Guðmundur Bjarnason
Sveinn Torfi Sveinsson

EFNISYFIRLIT

1. Störf og starfssvið nefndarinnar
2. Helstu niðurstöður
2.1 Lög og reglugerðir
2.2 Áætlun um eflingu almannavarna
2.3 Annar viðbúnaður — Allsherjarvarnir
2.4 Skip og siglingar
3. Lög og reglugerðir
3.1 Lög um almannavarnir
3.2 Skýling almennings í héraði
4. Áætlun um eflingu almannavarna
4.1 Inngangur
4.2 Hlutverk og markmið með almannavörnum
4.3 Almannavarnir ríkisins
4.4 Stjórnstöð Almannavarna ríkisins
4.5 Fjarskipti milli umdæma
4.6 Gagna- og upplýsingakerfi
4.7 Viðvörun og viðvörunarkerfi
4.8 Leiðbeiningar og almenningsfræðsla
4.9 Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda
4.10 Birgðasöfnun og birgðavarsla
4.11 Umsjón með almannavörnum í héraði
Kostnaðaráætlun
4.12 Almannavarnaumdæmi, svæði og staðir
4.13 Skipun hjálparliðs
4.14 Þjálfun hjálparliðs
4.15 Búnaður hjálparliðs
4.16 Stjórnstöðvar
4.17 Birgðasöfnun
Fylgiskjöl með nefndaráliti
Bókun Guðmundar Bjarnasonar
Sérálit Ásmundar Ásmundssonar

ÞINGKJÖRIN NEFND UM EFLINGU ALMANNAVARNA

1. STÖRF OG STARFSSVIÐ NEFNDARINNAR

1.1 Á 104. löggjafarþingi 1981 var lögð fram af alþingismönnunum Friðriki Sophussyni, Helga Seljan, Eiði Guðnasyni og Guðmundi Bjarnasyni eftirfarandi tillaga til þingsályktunar um eflingu almannavarna:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, m. a. með eftirfarandi markmið í huga:

1. Almannavarnir ríkisins verði efldar og þeim tryggður nægur mannafli til að annast aðalverkefni í almannavörnum, þ. e. upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumat, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.
2. Þjálfaðir verði umsjónarmenn almannavarna í hverju kjördæmi landsins er verði fulltrúar Almannavarna ríkisins í viðkomandi kjördæmi.
3. Komið verði á fót birgðastöðvum almannavarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir vegna slysahjálpar, vistunar heimilislausra, fjarskipta og neyðarlýsingar.
4. Lokið verði við uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins.
5. Með aðstoð ríkisfjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náttúruhamförum og annarri vá.
6. Starfs- og hjálparlið almannavarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkvæmt nánari áætlun þar um.
7. Endurskoðuð verði lög um verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna almannavarna.

1.2 Í sameinuðu þingi hinn 19. nóvember 1981 mælti fyrsti flutningsmaður Friðrik Sophusson fyrir tillögunni og var henni síðan vísað til allsherjarnefndar.

Hinn 16. febrúar 1982 mælti Jóhanna Sigurðardóttir formaður allsherjarnefndar fyrir áliti nefndarinnar, þar sem mælt er með samþykkt tillögunnar með svohljóðandi breytingu, sem flutt var á sérstöku þingskjali nr. 344:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu."

Lýsti fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar sig fylgjandi breytingartillögunni og var hún samþykkt í sameinuðu þingi þann dag.

1.3 Hinn 10. júní 1982 hélt nýkjörin nefnd Alþingis um eflingu almannavarna sinn fyrsta fund, en í nefndina voru kjörnir: Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, Friðrik Sophusson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Jóhann Einvarðsson alþingismaður, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur.

Á fyrsta fundi sínum kaus nefndin sér formann og varaformann. Formaður var kjörinn Friðrik Sophusson alþingismaður og varaformaður Guðmundur Bjarnason alþingismaður.

Nefndin hefur á starfstíma sínum haldið 37 fundi, auk þess sem starfað hefur verið í vinnuhópum. Guðjón Petersen framkvæmdastjóri var ráðinn ritari nefndarinnar.

1.4 Á starfstímanum hefur nefndin átt viðræðufundi með eftirtöldum aðilum:

1. Almannavarnaráði, sem í eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslu, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri, sem er núverandi formaður þess, auk skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins, sem situr fundi ráðsins.
2. Dr. Ágústi Valfells kjarnorkuverkfræðingi.
3. Ásgeiri Ólafssyni, Viðlagatryggingu Íslands.
4. Arnfinni Jónssyni ritara Landssambands hjálparsveita skáta. [2])
5. Birni Friðfinnssyni, fyrrverandi formanni almannavarnanefndar Húsavíkur, en núverandi formanni Sambands ísl. sveitarfélaga.[1])
6. Erik Schultz, Civilforsvarsdirektör, Danmörk.[3])
7. Erik Thyberg, planeringschef i Civilforsvaret, Svíþjóð.[3])
8. Guðjóni Magnússyni aðstoðarlandlækni og formanni samtaka lækna gegn kjarnorkuvá.
9. Gunnar Gustavsson, generaldirektör i Civilforsvaret, Svíþjóð.[3])
10. Hafþóri Jónssyni fulltrúa hjá Almannavörnum ríkisins.
11. Haraldi Henrýssyni forseta Slysavarnafélags Íslands.[2])
12. Hilmari Pálssyni aðstoðarforstjóra Brunabótafélags Íslands.
13. Húnboga Þorsteinssyni, formanni almannavarnanefndar Mýra- og Borgarfjarðarsvæðis.[1])
14. Ingvari Valdimarssyni formanni Landssambands flugbjörgunarsveita.[2])
15. Jóni Gauta Jónssyni varaformanni almannavarnanefndar Hafnarfjarðarumdæmis.[1])
16. Lauritz Hvidt, administrationschef i Civilforsvaret, Danmörk.[3])
17. Ólafi Ísholm stjórnarmanni í Slysavarnafélagi Íslands.[2])
18. Ómari Friðþjófssyni erindreka Rauða kross Íslands.[2])
19. Sigurði Guðjónssyni stjórnarmanni í Slysavarnafélagi Íslands.[2])
20. Sigurði Magnússyni forstöðumanni Geislavarna ríkisins.
21. Steinþóri Júlíussyni formanni almannavarnanefndar Suðurnesja.[1])
22. Sverre Servan, Sivilforsvar avdelingsdirektör, Noregi.[3])
23. Thor R. Bryntesen direktör for Norsk Sivilt Beredskap.[3])
24. Tryggva P. Friðrikssyni formanni Landssambands hjálparsveita skáta.[2])

1) Sameiginlegur fundur með formönnum almannavarnanefnda.
2) Sameiginlegur fundur með fulltrúum björgunar- og líknarsamtaka, sem eru með formlegt samstarf við Almannavarnir ríkisins.
3) Sameiginlegur fundur með yfirmönnum almannavarna á Norðurlöndum.

Auk þessa hefur nefndin leitað skriflegra upplýsinga frá almannavarnanefndum í landinu og erlendum stofnunum, sem fjalla um almannavarnir.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu, má skipta niðurstöðum í nokkra afmarkaða þætti. Í fyrsta lagi eru tillögur um breytingar á lögum, sem snerta almannavarnir. Í öðru lagi er áætlun um eflingu almannavarna, en henni er ætlað að komast í framkvæmd á næstu 10 árum. Í þriðja lagi eru tillögur um aðgerðir á sviði almannavarna, löggæslu og hagvarna, ásamt tillögum um athuganir á uppbyggingu stjórnsýsluviðbúnaðar, heilbrigðisviðbúnaðar og upplýsinga- og fræðsluviðbúnaðar á tímum hamfara. Með nefndarálitinu eru eftirtalin fylgiskjöl:

1. Allsherjarvarnir.
2. Almannavarnir í Skandinavíu og Danmörku.
3. Útbúnaður birgðavagns.
4. Búnaður áhaldavagns.

2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

2.1. Lög og reglugerðir.

2.1.1 Lög um almannavarnir.

Meðal þeirra breytinga sem nefndin leggur til að gerðar verði á lögum um almannavarnir eru þessar:

1. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari og fjárhagslegri ábyrgð á almannavörnum verði skipt samkvæmt verkefnum. Ekki verði um kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkis og sveitarfélaga nema með einni undantekningu, sem er vegna bygginga opinberra öryggisbyrgja. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga sem hafa samstarf um almannavarnir verði samkvæmt íbúatölu.

2. Ekki náðist samstaða um skipan almannavarnanefnda í héraði. Í megintexta er þó sett fram tillaga sem mest fylgi hlaut í nefndinni, en aðrar koma fram í skýringum. Sams konar ákvæði og nú gildir í Reykjavík verði tekið upp í lögum um skipun almannavarnanefnda í öllu landinu. Gefst sveitarstjórnum með því möguleiki á að skipa áhugamenn um björgunar- og líknarstörf í almannavarnanefndir.

3. Aukið verði við verkefni almannavarnaráðs málaflokkum á sviði almannavarna, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í núgildandi lögum. Þessir málaflokkar eru:

1) Athugun og mat á hættu vegna náttúruhamfara og hernaðar.
2) Rekstur viðvörunarkerfa.
3) Almannavarnir vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana.
4) Söfnun neyðarbirgða og tæknibúnaðar.
5) Aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á sviði almannavarna.
6) Umboð almannavarnaráðs verði rýmkað til skyndiráðstafana á hættutímum.

4. Lágmarkskröfur um viðbúnað á sviði almannavarna verði settar með reglugerð, svo tryggt verði að sveitarstjórnir hugi að og sinni viðbúnaði gegn vá.

2.1.2 Aðrar lagabreytingar.

Nefndin leggur til að sett verði í lög ákvæði um tryggingar á tækjum og eignum einkaaðila og björgunarsveita, vegna tjóns sem á þeim verður við störf í þágu almannavarna.

2.1.3 Reglugerðir.

Nefndin leggur fram tillögur að reglum um loftvarnabyrgi og öryggisbyrgi fyrir fólk að leita skjóls í undan loftárásum, skotárásum og geislavirku úrfalli í hernaði. Reglurnar kveða á um skyldur húsbyggjenda, sveitarfélaga og ríkis um gerð þeirra.

Rétt er að geta þess, að meðal erlendra sérfræðinga eru uppi mismunandi viðhorf um gildi öryggisbyrgja í kjarnorkustyrjöld. Því leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga, almannavarnaráði til ráðuneytis, um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna. (Sjá kafla 3.2 í skýrslu nefndarinnar „Skýling almennings í héraði".)

2.2 Áætlun um eflingu almannavarna.

Nefndin leggur til að almannavarnir verði efldar samkvæmt áætlun sem nær yfir 10 ára tímabil. Helstu atriði í áætluninni eru þessi og miðast þau við verðlag í maí 1983:

2.2.1 Almannavarnir ríkisins.

1. Skrifstofuhúsnæði Almannavarna ríkisins verði aukið um 40 m^2 1987. Aukning í reksturskostnaði er 44 þús. kr. á ári.

2. Mannafli Almannavarna ríkisins verði aukinn um þrjá menn þannig að:

Ný staða fulltrúa verði heimiluð 1985. Kostnaðaraukning kr. 388 þús. á ári.

Ný staða aðstoðarmanns verði heimiluð 1988. Kostnaðaraukning kr. 315 þús. á ári.

Ný staða aðstoðarmanns verði heimiluð 1991. Kostnaðaraukning kr. 315 þús. á ári.

3. Tæknibúnaður Almannavarna ríkisins verði efldur þannig:

1985 verði veittar kr. 1 120 þús. til endurvarpsstöðva í fjarskiptakerfi, myndbanka og gagnabanka.

1986 verði veittar kr. 1 750 þús. til viðvörunarkerfa fyrir almenning.

1987 verði veittar kr. 2 346 þús. til viðvörunarkerfa, geislamælitækja og upptökutækja á síma.

1988 verði veittar kr. 2 131 þús. til neyðarbirgða og viðvörunartækja.

1989 verði veittar kr. 3 121 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og flug- og fjarskiptatækja.

1990 verði veittar kr. 2 271 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa, kortalestækja og kortafilma.

1991 verði veittar kr. 2 293 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og tækja í fundarherbergi almannavarnaráðs.

1992 verði veittar kr. 2 379 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og upptökutækja fyrir almannavarnaráð.

1993 verði veittar kr. 2 243 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og vatnstanks í stjórnstöð.

1994 verði veittar kr. 1 901 þús. til neyðarbirgða og sjónvarpstækis í stjórnstöð.

1995 verði veittar kr. 1 895 þús. til neyðarbirgða og matvælaskáps í stjórnstöð.

4. Hafið verði strax markvisst fræðslustarf á vegum Almannavarna ríkisins með námskeiðahaldi tvisvar á ári fyrir leiðbeinendur, yfirmenn og liðsmenn stofnana og félagasamtaka, svo sem björgunarsveita og neyðarsveita Rauðakrossins. Árlegur kostnaður kr. 388 þús.

5. Skipulagi almannavarna verði haldið við og umsjón með almannavarnanefndum verði reglulega einu sinni á ári minnst. Kostnaður kr. 257 þús.

6. Rekstrar- og viðhaldsfé Almannavarna ríkisins verði aukið til að mæta kostnaði vegna ofangreindrar uppbyggingar, tæknibúnaðar og yfirtöku á verkefnum, sem nú eru á herðum sveitarfélaga.

2.2.2 Almannavarnir sveitarfélaga.

1. Markviss uppbygging verði hafin á skipun hjálparliðs á einstökum almannavarnasvæðum í samvinnu við starfandi björgunar- og líknarfélög í sveitarfélögunum, en í helstu þéttbýliskjörnum landsins nægir fjöldi félagsmanna í björgunar- og líknarfélögum ekki til að fylla nauðsynlega tölu hjálparliðs.
2. Almannavarnir sveitarfélaga hefji reglubundin þjálfunarnámskeið í héraði fyrir hjálparlið, samkvæmt skipulagi almannavarnaráðs um þjálfun og fræðslu.
3. Hafin verði kerfisbundin söfnun og uppbygging búnaðar og tækja fyrir hjálparlið almannavarna í héruðum.
4. Almannavarnanefndir leiti samstarfs við lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir um sameiginlegar stjórnstöðvar þessara aðila til neyðaraðgerða.

2.3 Annar viðbúnaður — Allsherjarvarnir.

Víða um heim er hugtakið allsherjarvarnir (total forsvar/total defence) notað um samræmda áætlun um viðbrögð, samvinnu og verkefni allra aðila innan ríkisins við vá sem að ríkinu steðjar, að jafnaði einkum hernaðarvá. Innan ramma slíkra áætlana er hlutverkum skipt milli hernaðarlegra og borgaralegra yfirvalda og aðgerðir þeirra og annarra, sem á getur reynt á hættutímum, samræmdar. (Sjá nánar fylgiskjal nr. I.)

Með þátttökunni í Atlantshafsbandalaginu er Ísland aðili að gagnkvæmum skuldbindingum aðildarþjóðanna um samstöðu í hernaðarátökum á þeim svæðum sem Atlantshafssáttmálinn tekur til. Í gildi er sérstakur herverndarsamningur milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku. Það er ekki verkefni þessarar nefndar að leggja mat á hervarnir landsins, heldur að gera tillögur um eflingu almannavarna.

2.3.1 Hvaða viðbúnaði við vá, á sviði allsherjarvarna, er nú sinnt á Íslandi?

Því sem sinnt er hér á landi í þessum efnum eru einkum áætlanir og viðbúnaður til að bjarga mannslífum, veita líkn í neyð ásamt almennu hjálparstarfi og aðstoð við löggæslu. Þá hafa Almannavarnir ríkisins lagt grunn að brottflutningi fólks af hættusvæðum og gerð öryggisbyrgja.

Almannavarnir ríkisins hafa undir höndum áætlanir um viðbrögð vegna hernaðarátaka, sem miðast við núverandi aðstæður í mannafla, þjálfun og búnaði. Auk þess hafa þær á að skipa takmörkuðum fjölda af þjálfuðu starfs- og hjálparliði og sérhæfðum búnaði til að geta unnið það meginverkefni, að bjarga fólki úr bráðri hættu. Slíkt starfs- og hjálparlið er þó mjög takmarkað í sveitarfélögunum. Lögreglan í Reykjavík hefur gert nokkrar ráðstafanir á þessu sviði og hefur á að skipa þjálfuðum mönnum í því skyni. Að tilhlutan Lögregluskóla ríkisins fer fram kennsla fyrir lögreglumenn í framkvæmd geislamælinga og skýlingar gegn afleiðingum kjarnorku- og eiturvopna, auk kennslu í almannavörnum.

2.3.2 Hvaða þáttum viðbúnaðar við vá, á sviði allsherjarvarna, er ekki sinnt á Íslandi?

Ekkert skipulag er til innan stjórnkerfisins, utan skipulags almannavarna og lögreglunnar í Reykjavík, (sem eins og fyrr greinir tekur yfir tiltekinn þátt allsherjarvarna) til að bregðast við vá sem að landinu steðjaði, svo sem vegna hernaðarátaka. Það er því skoðun þessarar nefndar, að einkum sé nauðsynlegt að hyggja að eftirfarandi þáttum:

Í fyrsta lagi að því sem nefnt er stjórnsýsluviðbúnaður. Í öðru lagi að því sem nefnt er upplýsinga- og fræðsluviðbúnaður. Í þriðja lagi að því sem nefnt er heilbrigðis- og hollustuviðbúnaður. Í fjórða lagi að því sem nefnt hefur verið hagvarnir.

Stjórnsýsluviðbúnaður er fólginn í því að tryggja að stjórn ríkis og sveitarfélaga geti ávallt leyst verkefni sín og rækt skyldur sínar. Í þessu felst m. a. að í löggjöf þarf að undirbúa þær breytingar, sem hugsanlega er nauðsynlegt að gera á skipulagi stjórnsýslunnar á styrjaldartímum, auk þess sem veita þarf starfsfólki lágmarksþjálfun og upplýsingar um hugsanlegar breytingar á verkefnum þess og starfssviði.

Tryggja þarf starfsaðstöðu stjórnsýsluaðila og fjarskiptamöguleika þeirra. Sé slíkur stjórnsýsluviðbúnaður ekki fyrir hendi er líklegt að stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga myndi, ef landið drægist skyndilega inni í ófriðarátök, meira og minna lamast og ekki a. m. k. fyrst í stað valda þeim gjörbreyttu verkefnum, sem þá þyrfti að fást við. Með upplýsinga- og fræðsluviðbúnaði er fyrst og fremst átt við undirbúning og skipulagningu á upplýsingagjöf til almennings á styrjaldar- og hættutímum. Kerfisbundin miðlun réttra upplýsinga á slíkum tímum er mjög nauðsynleg, sérstaklega þegar líklegt má telja að reynt verði að dreifa fölskum eða röngum upplýsingum til almennings. Þá telur nefndin óhjákvæmilegt að sérstakur gaumur verði gefinn að heilbrigðis- og hollustuviðbúnaði á tímum meiri háttar hamfara, s. s. á styrjaldartímum. Meðal þess sem telja má upp í þessum efnum eru þættir eins og skipulag aðstoðar frá heilbrigðisstofnunum utan vígvallar, fræðslu almennings í skyndihjálp, skipulag á lyfjabirgðum og hjúkrunarvörum, svo eitthvað sé nefnt.

Um hagvarnir og löggæslu verður fjallað sérstaklega hér á eftir í gr. 2.3.3 og 2.3.4.

2.3.3 Hagvarnir.

Í lögum, sem sett voru 1939 vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, eins og það er kallað í fyrirsögn laganna, voru ríkisstjórninni veittar margvíslegar heimildir til þess að gera ráðstafanir sem snertu birgðahald í landinu og til þess að gera ráðstafanir til að taka vörur og verðmæti eignarnámi og koma á fót skömmtunarkerfi á nauðsynjum.

Með hagvörnum er hér átt við miklum mun víðtækari verkefni heldur en lögin frá 1939 fjalla um. Með hagvörnum er í raun átt við skynsamlega nýtingu allra auðlinda og verðmæta, þannig að þörfum þjóðfélagsins fyrir vörur og þjónustu verði fullnægt á styrjaldar- og átakatímum með sem bestum hætti og sem næst þeim hætti sem tíðkast á friðartímum.

Undirbúningurinn samkvæmt hagvarnakerfinu felst því í söfnun birgða, undirbúningi á framleiðslu á vörum sem jafnvel eru ekki framleiddar að öðru jöfnu, dreifingu þeirra og skömmtun ef við á. Undirbúningi og skipulagningu á vinnuafli, flutningi þess milli landshluta eða atvinnugreina ef á þarf að halda. Jafnframt taka hagvarnir til undirbúnings varðandi t. d. bráðabirgðabyggingar, byggingarefnis vegna þeirra. Þær eru til að tryggja að næg orka sé til staðar, bæði raforka, eldsneyti og annað sem til þarf. Þá mundi jafnframt falla undir hagvarnir skipulagning á nýtingu bæði farskipastóls landsins og fiskiskipastóls á hættutímum, allt með því markmiði að tryggja sem best líf og öryggi og aðbúnað Íslendinga.

Til þess að undirbúningur af þessu tagi geti farið fram, þurfa ýmsar breytingar að verða innan stjórnkerfisins. Þetta eru þó ekki breytingar sem krefjast aukinna fjárútláta eða aukins mannahalds, heldur fyrst og fremst þess að skipulega sé unnið á mörgum stöðum samtímis að nákvæmlega tilgreindum verkefnum og að upplýsingum sé safnað saman á einn stað þar sem unnið er úr þeim og þær settar upp í skipulegt kerfi, sem er tilbúið til notkunar ef og þegar þörf krefur. Nefndin gerir tillögur um ákveðin atriði í þessu sambandi, en hún tekur t. d. ekki afstöðu til þess hvort með lögum á að ákveða að ávallt sé til í landinu mikið magn birgða af mörgum lífsnauðsynlegum vörum, svo sem korni og ýmsum öðrum matvörum, járni og stáli, eldsneyti, hráefnum til áburðarframleiðslu og varahlutum í lífsnauðsynlegan tækjabúnað, svo sem varahlutum í virkjanir, háspennulínur og önnur grundvallarmannvirki, sem hætta er á að gætu orðið fyrir tjóni í styrjaldarátökum. Nefndin leggur til að fyrirkomulag hagvarna og nokkurra annarra þátta, er snerta allsherjarvarnir, verði ákveðið í lögunum um almannavarnir, eins og fram kemur í kafla 3 um lög og reglugerðir.

2.3.4 Löggæsla.

Á ófriðartímum og við alvarlegar náttúruhamfarir eykst álag á löggæslu. Hefur reynsla af náttúruhamförum á síðasta áratug sýnt að lögregla þeirra umdæma, sem orðið hafa fyrir skakkaföllum, hefur ekki haft bolmagn til að mæta því álagi, sem af þeim hefur leitt. Við upphaf eldsumbrota í Vestmannaeyjum 1973 voru sendir tafarlaust um 20 lögreglumenn úr Reykjavík og skipuleggja varð lögregluaðstoð víðar að. Í Kröflueldum 1975—1981 voru þjálfaðir varamenn til löggæslu í Mývatnssveit að ósk heimamanna. Framangreind tvö dæmi sýna að staðbundin neyð setur daglega löggæslu úr skorðum. Við meiri háttar vá, svo sem á ófriðartímum, þarf lögregla að geta haft mikinn viðbúnað til að mæta því aukna álagi, sem á henni mundi mæða. Brottflutningur fólks af hættusvæðum krefst mikils mannafla við umferðarstjórn, skemmdir á mannvirkjum krefjast varðstöðu til verndar verðmætum. Auk þess má búast við skömmtun hvers konar og að skortur auki gripdeildir og óróa. Því þarf að halda reglu við hvers konar þjónustustöðvar. Skemmdarverkastarfsemi sem liður í ófriði er einnig vandamál, sem mæða mundi á lögreglu.

Nefndin leggur til að haldið verði áfram að efla stuðning almannavarnakerfisins við löggæslu á hættutímum, m. a. með sérstökum samningum við björgunarsveitir eða aðra sambærilega aðila. Nefndin telur þetta mikilvægt á sviði almennra löggæslustarfa þar sem mannaflaþörf er mikil. Þannig efldist löggæsla á þeim sviðum um leið og losnaði um þjálfaða löggæslumenn, sem vinna þyrftu að sérhæfðum eða áhættusömum verkefnum löggæslunnar.

2.4 Skip og siglingar.

Almannavarnaráð hefur vakið athygli nefndarinnar á að stjórnskipulega er ekki gert ráð fyrir neyðartilkynningum, viðvörunum eða leiðbeiningum til áhafna skipa, sem væru á siglingu á hafsvæðum við landið, eða íslenskra skipa í langförum. Hins vegar er talið nauðsynlegt að leiðbeiningar um öryggi manna og skipa á ófriðartímum séu í íslenskum skipum og að tryggt sé að viðvaranir berist áhöfnum þeirra ekki síður en til fólks í landi.

Nefndin telur rétt að forstjóra Landhelgisgæslunnar verði falið að skipuleggja og annast slíkar viðvaranir og leiðbeiningar til skipa, en að framkvæmd miðlunar verði í höndum póst- og símamálastjóra. Bendir nefndin á að báðir þessir embættismenn eiga sæti í almannavarnaráði, þar sem þær upplýsingar, sem um ræðir, eru mótteknar og metnar, en almannavarnaráð annast viðvaranir til almennings vegna hættu.

Nefndin bendir jafnframt á, að eðlilegt sé að við skipulag á viðvörunum og leiðbeiningum til áhafna á íslenskum skipum sé kannað á hvern hátt megi nýta þá starfsemi sem nú fer fram innan Tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

3. LÖG OG REGLUGERÐIR

3.1 **Lög um almannavarnir.**

Drög að frumvarpi til laga um almannavarnir, sem koma í stað laga nr. 94, 29. des. 1962, sbr. l. nr. 30, 29. apríl 1967 og l. nr. 55, 30. maí 1979. (Breyttur texti miðað við gildandi lög er feitletraður.)

LÖG
um almannavarnir.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.

2. gr.

Krefjast má aðstoðar opinberra aðila, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem lögin fela þeim.

3. gr.

Á hættutímum er **almannavarnaráði** heimilt að gefa út sérstök **tímabundin** fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum sem almenningur hefur aðgang að, **samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.** Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

Ef hætta vofir yfir getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

Skýringar:

Ákvæði um, að ríkisstjórnin þurfi að fjalla um almenna umferð og öryggi á opinberum stöðum á hættutímum, er talið of þungt í vöfum. Virðist löggjafinn hafa haft í huga hæga stígandi í viðbúnaði, t. d. vegna yfirvofandi hernaðar. Þessari mgr. hefur ekki verið breytt frá því lögin voru fyrst sett 1962, en þá voru þau einungis sniðin að þeirri tegund vár. Frá 1967 hefur almannavörnum verið ætlað að hafa viðbúnað og stjórna aðgerðum vegna náttúruhamfara og annarrar vár. Því er hraðvirk stjórn og skjótar ákvarðanir nauðsynlegar vegna skemmri viðbragðstíma. Lagt er til, að almannavarnaráð hafi heimild til að gefa út tímabundin fyrirmæli á þessu sviði, byggð á áætlun sem ráðherra staðfestir.

II. KAFLI
Skipulag almannavarna.

4. gr.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. **og VI. kafla.**

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna **og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.** Í ráðinu eiga sæti: Forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

Skýringar:

Bætt er inn tilvitnunum í nýjar greinar, þar sem ákvæði eru sett um hagvarnir, en samkvæmt þeirri umfjöllun sem fram hefur farið í nefndinni, er talið rétt að hagvarnir falli beint undir forsætisráðherra.

Nefndin leggur til, að í starfsreglum sem dómsmálaráðherra getur sett almannavarnaráði, verði kveðið á um hverjir skuli vera staðgenglar aðalmanna.

Í umfjöllun nefndarinnar um skipun almannavarnaráðs komu fram hugmyndir, m. a. frá almannavarnaráði, um fjölgun embættismanna í því. Benti ráðið á, að vegna þýðingar flugs fyrir allar samgöngur og flutninga í landinu, væri hugsanlega rétt að flugmálastjóri tæki sæti í almannavarnaráði. Einnig ræddi nefndin um hvort brunamálastjóri og forstjóri ríkisspítalanna ættu að taka sæti í almannavarnaráði. Í þeim umræðum, sem fram fóru innan nefndarinnar um þessi mál, var vakin athygli á að lögreglustjórinn í Reykjavík fer með stjórn almannavarna í Reykjavík auk þess að eiga sæti í almannavarnaráði. Vöknuðu spurningar um fyrirkomulag stjórnar almannavarna í Reykjavík, ef vá verður þar, en vá á höfuðborgarsvæðinu krefðist samtímis setu lögreglustjóra í almannavarnaráði. Komu fram hugmyndir um hvort dómsmálaráðherra eða fulltrúi hans úr ráðuneytinu ætti ekki frekar að sitja í almannavarnaráði. Mótrök gegn því að lögreglustjórinn í Reykjavík færi úr almannavarnaráði voru þau, að hann fer með málaflokka, sem heyra undir ríkislögreglu í öðrum löndum, svo sem löggæslu á þjóðveganeti, öryggisgæslu, útlendingaeftirlit og stjórn lögregluskólans, svo eitthvað sé nefnt. Einnig kom fram að hann er í öruggu sambandi við almannavarnanefnd Reykjavíkur og setur aðalfulltrúa sinn til stjórnar þar í sínu umboði.

Að lokinni ítarlegri umræðu um skipan almannavarnaráðs var niðurstaðan sú að breyta ekki skipan ráðsins að sinni.

5. gr.

Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

Forráðamönnum **sjúkrastofnana** ber samkvæmt fyrirmælum landlæknis að undirbúa og **gera** ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

Skýringar:

Orðinu „sjúkrahús“ er breytt í „sjúkrastofnana“. Er það gert til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Eðlilegt er að heilsugæslustöðvar og aðrar sjúkrastofnanir ásamt sjúkrahúsum taki þátt í viðbúnaði á sviði almannavarna.

6. gr.

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla, þar á meðal:

1. Fjarskipti milli umdæma.
2. **Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.**
3. Mælingar á geislavirkni.
4. Viðvörun og **viðvörunarkerfi.**
5. **Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.**
6. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
7. **Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.**
8. **Söfnun birgða og varsla þeirra, vegna þeirra þátta sem undir ríkisvaldið falla.**
9. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.

10. **Yfirstjórn á aðstoð millí umdæma og aðstoð ríkisstofnana.**
11. Umsjón með almannavörnum **í héraði.**
12. **Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður.**

Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, **flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum** eða annarri vá.

Almannavarnaráð skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir, sem miða að því að draga úr líkum á mann- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, til dæmis með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð **getur sett** framkvæmdastjóra erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra. **Í hverju kjördæmi skal vera minnst einn fulltrúi almannavarnaráðs skipaður af því. Fer hann með umsjón þeirra verkþátta, sem undir ríkisvaldið falla og er lögreglustjórum og almannavarnanefndum til ráðuneytis um almannavarnir. Hann skal vera búsettur í kjördæminu.**

Skýringar:

1. (2. töluliður). Ákvarðanataka, viðbrögð, viðvaranir og leiðbeiningar byggjast á sem bestum upplýsingum um hættu, umfang hennar og líklegar afleiðingar. Því er nauðsynlegt að almannavarnaráð hafi frumkvæði að þeirri gagna- og upplýsingasöfnun, sem er forsenda þess að rétt mat geti farið fram á hættu. Almannavörnum annarra þjóða er gert að hafa upplýsingaforingja í eftirlits- og viðvörunarstöðvum herja til að tryggja að upplýsingar um líklega árás eða hættu komist strax til almannavarna, svo að bregðast megi við á viðeigandi hátt. Sama á við um náttúruhamfarir. Almannavarnaráð þarf að hafa frumkvæði í öflun upplýsinga og fylgjast með hættu ef upp kemur, fremur en treyst sé frumkvæði annarra. Reynslan hefur sýnt, að upplýsingar um vá hafa komið of seint til Almannavarna ríkisins.

2. (4. töluliður). Almannavarnaráð hefur haft með höndum viðvörun til landsmanna samkvæmt lögum. Almannavarnanefndum hefur verið falin uppsetning og rekstur viðvörunarkerfa. Með þessari breytingu er uppsetning og rekstur viðvörunarkerfa fluttur til ríkisvaldsins. Kostnaðarsömum lið er þannig létt af sveitarfélögunum og þeim gert auðveldara að sinna öðrum staðbundnum verkefnum almannavarna. Með þessari breytingu eru einnig tryggð órofa tengsl milli upplýsingasöfnunar, hættumats annars vegar og þess viðvörunarkerfis sem notað er hins vegar.

3. (5. töluliður). Í núgildandi lögum er kveðið á um að almannavarnaráð fari með „fræðslustarfsemi". Hins vegar er hvergi getið um leiðbeiningar til almennings. Núgildandi ákvæði þykja ekki taka af vafa um slíkt. Er þessu ákvæði því breytt í „leiðbeiningar og almenningsfræðsla".

4. (7. töluliður). Núgildandi lög gera ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til almannavarna vegna atvinnufyrirtækja sem hafa 100 manns eða fleiri í þjónustu sinni. Hins vegar er ekki í almannavarnalögunum ákvæði um sérstakar ráðstafanir til almannavarna vegna æðstu stjórnar lýðveldisins, né til verndar sérstökum þjóðarverðmætum. Engin ákvæði eru heldur um varnir mikilvægra stofnana eða mannvirkja. Er þessu ákvæði bætt inn í lögin.

5. (8. töluliður). Ekki er gert ráð fyrir í núgildandi lögum að Almannavarnir ríkisins haldi birgðir í einstökum landshlutum. Birgðasöfnun er fyrst og fremst ætluð sveitarfélögum. Rétt er að sveitarfélög sinni áfram söfnun og varðveislu birgða á sviði almannavarna, en Almannavarnir ríkisins annist kaup og vörslu á sérhæfðum búnaði vegna verksviðs síns. Þar er um að ræða búnað, s. s. geislamæla, fjarskiptabúnað, viðvörunartæki, þjálfunarbúnað og mjög sérhæfðan hjálparbúnað. Birgðir á sviði sjúkraþjónustu falla einnig undir þetta ákvæði.

6. (10. töluliður). Hér er sett inn ákvæði þess efnis, að almannavarnaráð fari með yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á hættutímum. Þetta ákvæði er sett að fenginni reynslu. Rétt er að samræmd heildarstjórn sé á tilflutningi hjálparliðs og búnaðar milli umdæma, þannig að skortur á liði og búnaði verði ekki á einum stað, þegar ráðist er gegn vanda á öðrum. Tvö dæmi eru sett fram til skýringar. Við snjóflóðin í Neskaupsstað 1974 lögðust Almannavarnir ríkisins gegn því að lið og búnaður yrði flutt frá Seyðisfirði. Unnt var að fá menn og búnað frá öruggari svæðum á sunnanverðum Austfjörðum. Sama gerðist við snjóflóðin á Patreksfirði. Umdæmi norðan Patreksfjarðar vildu senda menn og búnað til Patreksfjarðar, þrátt fyrir snjóflóðahættu á þeim stöðum. Í áætlun Almannavarna er gert ráð fyrir slíkri stjórn á aðstoð, sem getur haft mjög mikilvæga þýðingu í stórum áföllum.

7. (12. töluliður). Bætt er inn í 6. gr. laganna ákvæði sem gerir ráð fyrir að ráðherra geti falið almannavarnaráði einstök verkefni á sviði almannavarna, líkt og almannavarnanefndunum, skv. 9. gr. laganna.

8. Í lokasetningu 2. mgr. er bætt inn flóðum og skriðuföllum í upptalningu á þeim hættuflokkum, sem almannavarnaráði er ætlað að fylgjast með og stuðla að rannsóknum á.

Í 3. mgr. er sett inn ákvæði um hlutverk almannavarnaráðs á sviði fyrirbyggjandi ráðstafana. Í fyrstu gr. laganna er ótvírætt kveðið á um að hlutverk almannavarna sé að koma í veg fyrir líkams- eða eignatjón, eftir því sem unnt er, en hvergi er í núgildandi lögum kveðið nánar á um fyrirkomulag fyrirbyggjandi aðgerða.

Í 4. mgr. greinarinnar er ákvæði um skipun fulltrúa almannavarnaráðs í kjördæmum landsins. Með því er þó ekki kveðið á um fasta launaða stöðu. Tillagan gerir ráð fyrir að fulltrúi almannavarnaráðs geti verið embættismaður eða áhugasamur björgunarsveitarmaður, sem búsettur er í kjördæminu og hlotið hefur nægilega þjálfun til að vera almannavarnanefndum til ráðuneytis og fylgst með viðbúnaði fyrir hönd almannavarnaráðs.

7. gr.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Almannavarnaráði er heimilt að ákveða, að grannhéruð, bæir **og** landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð, **samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.**

Skýringar:

Engar breytingartillögur eru gerðar við 1. mgr., en lagt til að 2. mgr. falli niður, þar eð almannavarnir hafa nú þegar verið skipulagðar í öllum héruðum landsins samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra frá 1967.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvörðunarvald um „að grannhéruð, bæir og landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð“ verði fært til almannavarnaráðs, en ráðherra staðfesti þá tilhögun. Þegar unnið er við áætlanir almannavarna í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir er ætíð leitað að heppilegustu samstarfsformum á grundvelli samræmds hættumats, hagsmuna sveitarfélaganna, landfræðilegra aðstæðna og samgangna, svo eitthvað sé nefnt. Það álit kom þó fram í nefndinni, að áhöld væru um hvort rétt væri að breyta þessu ákvæði.

8. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera alamannavarnanefnd. Lögreglustjóri er formaður almannavarnanefndar.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni auk lögreglustjóra borgarstjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem borgarstjórn velur. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð,

auk lögreglustjóra, bæjarstjóra, héraðs- eða heilsugæslulækni, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum, sem bæjarstjórn velur.

Í sýslum eiga sæti í almannavarnanefnd, auk lögreglustjóra, héraðs- eða heilsugæslulæknir, byggingafulltrúi og slökkviliðsstjóri, sem sýslumaður tilnefnir og þrír menn tilnefndir af hreppsnefndum í þremur stærstu hreppum sýslunnar. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu, í samræmi við samstarf um almannavarnir samkv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík skipar borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru yfir 5000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

Skýringar:

Greinin er umsamin með það í huga að einfalda skipun almannavarnanefnda í byggðum landsins og opna möguleika fyrir sveitarstjórnir að hafa meiri áhrif á skipun þeirra.

Breytingin miðar að því að starf almannavarnanefnda miðist við lögsagnarumdæmi, en þó þannig að fjöldi almannavarnanefnda innan sama lögsagnarumdæmis geti ráðist af sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að formennska í almannavarnanefndum verði í höndum lögreglustjóra, þannig að formennska í almannavarnanefnd og stjórn almannavarna í héraði fari saman.

Í 4. mgr. er tryggt að í fjölmennustu héruðum landsins verði framkvæmdastjórar, sem hafi umsjón með almannavarnaviðbúnaði og góða þekkingu á starfsemi og skipulagi almannavarna. Þeir geta verið ráðgjafar um viðeigandi öryggisráðstafanir ef hættuástand skapast í héraði.

Nefndin fjallaði mjög ítarlega um skipun almannavarnanefnda í landinu og formennsku í þeim. Var í þeirri umfjöllun haft samráð við almannavarnaráð á mörgum stigum umræðunnar og um ýmsar tillögur og kosti sem nefndin fjallaði um.

Stærsti minni hluti nefndarinnar er sammála þeirri tilhögun, sem sett er fram í skýrslunni, sem byggist á ályktun almannavarnaráðs og vilja margra sveitarstjóra og lögreglustjóra, að stjórn og formennsku í almannavarnanefndum sé ekki skipt. Hins vegar komu fram gild rök fyrir óbreyttu skipulagi, en lagfærð til nútíma embættismannaskipunar og til samræmis milli almannavarnanefnda í landinu og Reykjavík. Auk þess bárust nefndinni tillögur frá formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stjórn, skipun og formennsku í almannavarnanefndum. Var sú tillaga einnig útfærð frekar af einum nefndarmanna og lögð fram sem breytingartillaga.

Þar sem afstaða nefndarmanna til stjórnar, skipunar og formennsku er skipt, fylgja í skýringum hér á eftir tillögur þær sem fram hafa komið.

Greinin umsamin með núverandi fyrirkomulag í huga.

8. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, samkv. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn er **borgarstjórn** velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, **heilsugæslulækni,** bæjarverkfræðingi, **tæknifræðingi** eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, slökkviliðsstjóra og **tveimur mönnum, sem sveitarstjórn velur.** Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, sem sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

Tillaga Ásmundar Ásmundssonar.

7. gr.

Í stað orðanna í aðaltillögu „Lögreglustjórar fara með" komi: Almannavarnanefndir fara með.

8. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Í lögsagnarumdæmum, sem taka yfir fleiri en eina byggð, geta nefndirnar orðið fleiri ef þurfa þykir. Nefndirnar kjósa formann og varaformann úr sínum hópi.

Í almannavarnanefnd sitji sveitarstjóri, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, héraðs- eða heilsugæslulæknir, bæjarverkfræðingur, bæjartæknifræðingur eða byggingarfulltrúi og tveir menn sem sveitarstjórn velur.

Í sveitarfélögum í dreifbýli, þar með talið í sveitarfélögum með færri en 200 íbúa, tilnefnir sveitarstjórn einn umsjónarmann almannavarna og annan til vara. Heimilt er ráðherra þó að ákveða að skipuð verði almannavarnanefnd í sveitarfélögum, þar sem rík ástæða þykir til, að mati almannavarnaráðs, svo sem vegna fjölmennis við skólahald, orlofsdvöl eða verklegar framkvæmdir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að settar skuli á fót héraðsnefndir, sem samræmi almannavarnir á tilteknu landsvæði. Héraðsnefnd skipa fulltrúar í almannavarnanefndum á svæðinu eða umsjónarmenn almannavarna. Hún kýs sér formann úr sínum hópi, sem jafnan skal vera fulltrúi þess sveitarfélags sem er afgerandi stærst. Sveitarstjórn skal tilnefna sérstakan starfsmann eða framkvæmdastjóra almannavarna í héraði, og sé hann launaður eftir atvikum.

Greinargerð.

Í aðaltillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að stjórn almannavarna í héraði sé í höndum lögreglustjóra (sbr. 7. gr.), auk þess sem lögreglustjóri sé jafnframt formaður almannavarnanefndar (sbr. 8. gr.). Þá er þar og gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdastjórum í bæjum með fleiri en 5000 íbúa.

Nú er ljóst, að engan veginn er víst að meðal lögreglustjóra sé að finna hæfustu einstaklingana til þess annars vegar að stýra starfi nefndarinnar og hins vegar að stjórna aðgerðum á tímum hamfara. Kann jafnvel að vera svo að í ákveðnu almannavarnaumdæmi sé viðkomandi lögreglustjóri óhæfur að gegna slíkum störfum, þrátt fyrir góða menntun sína og starfsmanna sinna er hugsanlega gegndu þessum störfum í hans nafni. Er hér **að sjálfsögðu** ekki verið að ræða hæfileika hans til að hafa með hendi löggæslu í umdæmi sínu.

Eðlilegra virðist, og í samræmi við lýðræðishefðir í landinu, að almannavarnanefndir fari með stjórn almannavarna í héraði. Þær séu skipaðar þeim embættismönnum sem haldbest yfirlit hafa yfir löggæslu, skipan heilbrigðismála, tækni-, samgöngu- og byggingarmála, slökkviliðsstarfsemi og almenna félagsstarfsemi. Þeir embættismenn eru: Lögreglustjóri, héraðs- eða heilsugæslulæknir, bæjarverkfræðingur, bæjartæknifræðingur eða byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri. Þessir menn, ásamt a. m. k. tveimur mönnum sem viðkomandi sveitarstjórn velur, skipi almannavarnanefnd, sem kjósi sér formann og varaformann úr sínum hópi. Viðkomandi sveitarstjórn ráði svo sérstakan framkvæmdastjóra í bæjum með fleiri en 5000 íbúa, eftir atvikum í hlutastarf og í fámennari byggðum ef þörf krefur. Þar sem ekki er ráðinn framkvæmdastjóri sé a. m. k. tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn sérstakur starfsmaður, sem í mörgum tilfellum getur verið einn starfsmanna viðkomandi bæjarfélags eða áhugasamur og hæfur leikmaður.

Tillaga Björns Friðfinnssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. gr.

Í kaupstöðum og öðrum sveitarfélögum, sem hafa þéttbýliskjarna þar sem búa 200 íbúar eða fleiri, skal sveitarstjórn skipa almannavarnanefnd. Skulu nefndirnar kjósa sér formann og varaformann.

Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem borgarstjórn velur.

Í öðrum sveitarfélögum sbr. 1. mgr. eiga sæti í nefndinni bæjar- eða sveitarstjóri (oddviti), héraðs- eða heilsugæslulæknir, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, verkfræðingur eða tæknifræðingur sveitarfélagsins og tveir menn sem sveitarstjórn velur.

Í sveitarfélögum, sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr., tilnefnir sveitarstjórn einn umsjónarmann almannavarna og annan til vara. Heimilt er ráðherra þó að ákveða að skipuð verði almannavarnanefnd í sveitarfélögum, þar sem rík ástæða þykir til, að mati almannavarnaráðs, svo sem vegna fjölmennis við skólahald, orlofsdvöl eða verklegar framkvæmdir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að settar skuli á fót héraðsnefndir, sem samræmi almannavarnir á tilteknu landsvæði eða lögsagnarumdæmi. Héraðsnefnd skipa fulltrúar í almannavarnanefndum á svæðinu eða umsjónarmenn almannavarna sbr. 4. mgr. Lögreglustjóri er að jafnaði formaður héraðsnefndar, en um það skal nánar kveðið í reglugerð.

Framkvæmdastjórn almannavarna í hverju sveitarfélagi sbr. 1. mgr. skal ákveðin af sveitarstjórn og starfsmanni sveitarfélags eða sérstaklega ráðnum starfsmanni falið að hafa hana með höndum.

9. gr.

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og **annast** björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapast hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, skv. nánari reglum er ráðherra setur:

1. Skipulagning **og samræming** hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.
2. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
3. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
4. Stjórnstöðvar.
5. Fjarskiptakerfi.
6. **Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.**
7. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
8. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að almannavarnaráð annist lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, á kostnað sveitarfélagsins, hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlýtt.

Skýringar:

Í 1. mgr. er sú breyting gerð, að framkvæmd ákvæðis um viðvörunarkerfi samkvæmt 1. tölulið verði flutt til ríkisvaldsins í samræmi við breytingartillögu við 6. gr. laganna. Þetta er gert til að létta af sveitarfélögunum kostnaðarsömum lið í almannavörnum og auðvelda þeim að kosta önnur verkefni í héraði.

Nýtt ákvæði er sett inn í greinina, þar sem ráðherra er heimilað að ákveða lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði. Sé ákvörðun ráðherra ekki fylgt í héraði, er honum jafnframt heimilt að fela almannavarnaráði að annast framkvæmd lágmarksviðbún-

aðar á kostnað sveitarfélagsins. Með þessu ákvæði er reynt að koma í veg fyrir að sveitarfélög geti skotið sér undan að sinna lágmarksalmannavörnum, þegar þörf krefur. Gera flest sveitarfélög mjög lítið á sviði almannavarna og kemur það stundum í hlut annarra að greiða kostnað af hjálparstarfi við einstök sveitarfélög vegna lélegs viðbúnaðar í þeim.

III. KAFLI

Hjálparlið.

10. gr.

Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkv. fyrirmælum er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfa, ef þeir óska þess sjálfir.

Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almannavarna.

Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfa, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

11. gr.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

Á hættutímum er almannavarnaráði heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri þá tilhögun. Á hættutíma getur almannavarnaráð bannað að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.

Skýringar:

Bætt er inn nýrri mgr., sem er heimild fyrir almannavarnaráð til að flytja lið milli umdæma ef hættuástand skapast. Í núverandi lögum eru engar heimildir fyrir almannavarnaráð að hafa áhrif á samræmingu varnar- og hjálparstarfs milli umdæma. Er því þessi málsgrein sett inn í samræmi við nýtt ákvæði í 10. lið 1. mgr. 6. gr.

12. gr.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

13. gr.

Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

14. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

IV. KAFLI
Einkavarnir.

15. gr.

Atvinnufyrirtækjum, sem hafa 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða, **náttúruhamfara eða af annarri vá.**

Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

Skýringar:

Í 15. gr. er 1. mgr. breytt til samræmis við önnur ákvæði laganna um að þau nái einnig til ráðstafana vegna náttúruhamfara og af annarri vá.

16. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

17. gr.

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekist samkomulag um skiptingu kostnaðar.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

18. gr.

Ráðherra getur ákveðið að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimtu fylgir lögtaksréttur.

Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. KAFLI
Flutningur fólks af hættusvæðum.

20. gr.

Beri brýna nauðsyn til, að fólk flytjist af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að almannavarnaráð geti ákveðið brottflutning við sérstakar aðstæður ef hætta vofir yfir.

Skýringar:

Í 2. mgr. er bætt inn heimild fyrir ráðherra að gefa almannavarnaráði umboð til að ákveða brottflutning ef hætta vofir yfir. Sem kunnugt er geta ýmiss konar hættur vegna náttúruhamfara krafist þess að nauðsynlegt sé að taka skyndiákvörðun um brottflutning fólks. Getur í slíkum tilvikum verið of seinvirkt að bíða ákvarðanatöku ríkisstjórnar ef líf liggur við. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvarðanatöku almannavarnaráðs séu takmörk sett vegna hugsanlegrar efnahagslegrar röskunar, sem meiri háttar brottflutningur hefur í för með sér.

21. gr.

Nú hefur **verið tekin** ákvörðun samkvæmt 20. gr., og er þá öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

Skýringar:

1. mgr. er breytt til samræmis við hina nýju 2. mgr. í 20. gr.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og loftför, í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar.

Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

Skýringar við 22. gr.

Nefndin fjallaði ítarlega um síðustu mgr. þessarar greinar. Var í þeirri umfjöllun tekið mið af reynslu af þeim tveimur tilfellum, þar sem íbúar hafa flúið hættu og verið fluttir á brott, þ. e. við eldsumbrotin í Vestmannaeyjum 23. janúar 1973 og jarðskjálftana á Kópaskeri 13. janúar 1976. Bendir nefndin á, að þegar íbúar eru fluttir á brott frá byggðarlagi og það lamast eða verður óbyggilegt um tíma, bresta tekjur þess, auk þess sem þeir sem fyrirgreiðslunnar njóta missa tekjur og atvinnu jafnframt. Í báðum tilfellum greiddi þjóðfélagið í heild kostnað vegna brottflutningsins og umönnunar fólksins með stofnun Viðlagasjóðs og með framlögum úr ríkissjóði. Hins vegar er nefndin þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að ákvæði þessarar greinar gildi aðeins í þeim tilfellum þegar flutt er frá hverfum eða byggðum um takmarkaðan tíma og engar skemmdir verða.

VI. KAFLI

Hagvarnir.

23. gr. (ný)

Forsætisráðherra skal skipa hagvarnaráð, er í eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eða staðgengill hans er formaður hagvarnaráðs og ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins er framkvæmdastjóri þess. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Heimilt er ríkisstjórninni að leita álits hagvarnaráðs á þáttum er snerta hollustu, heilbrigðis-, stjórnsýslu- og fræðsluviðbúnað vegna yfirvofandi hamfara eða vár.

24. gr. (ný)

Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytunum og opinberum stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga, þar sem það á við, sé gerð skipulögð áætlun um verkefni og viðbrögð viðkomandi stofnunar á tímum hamfara. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum um þörf fyrir birgðir og varahluti, sem nauðsynlegt megi teljast til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar í hamförum og gera áætlanir um öflun viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmtun eftir atvikum. Allir eru skyldugir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að gefa hagvarnaráði upplýsingar af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem trúnaðarmál.

25. gr. (ný)

Hagvarnaráð getur ávallt að eigin frumkvæði ákveðið að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir eða ákvarðanir, sem það telur nauðsynlegar til að tryggja að þeim markmiðum, sem lýst er í 1. og 2. gr., verði náð. Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á hernaðarátökum eða af annarri sambærilegri vá, að setja fyrirmæli um sölu og dreifingu á nauðsynjavörum sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar einstakar nauðsynjavörur, sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

26. gr. (ný)

Kostnaður við störf hagvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er að ákveða að fela einum starfsmanni almannavarnaráðs að starfa sérstaklega að þeim málefnum er undir hagvarnaráð falla, eftir því sem við verður komið að mati almannavarnaráðs.

Skýringar við VI. kafla

Ef núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands verður breytt, t. d. í samræmi við þær tillögur er fram hafa komið frá stjórnkerfisnefnd, kæmi innanríkisráðuneyti í stað dómsmálaráðuneytis. Væri hugsanlegt að starfsmaður hagvarnaráðs væri í því ráðuneyti, en ekki hjá almannavarnaráði ríkisins. Tryggja þarf að hagvarnaráð hafi á hættutímum auðveldan aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli fyrir störf þess, m. a. hernaðarlegum. Af þeim sökum þarf að gera ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að miðla til ráðsins slíkum upplýsingum frá viðeigandi íslenskum stjórnvöldum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

(Ný gr. í stað 23. gr. núg. laga)

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafist að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja og félaga sem hlutverki hafa að gegna í skipulagi almannavarna og gert hafa samninga við Almannavarnir ríkisins þar um, er skylt að taka þátt í æfingum á skipulaginu endurgjaldslaust. Ágreiningi um þátttöku í æfingum má skjóta til dómsmálaráðherra.

Skýringar:

Ný 27. gr. tekur við af 23. gr. núgildandi laga innan kaflans um „ýmis ákvæði“. Eru fyrstu tvær mgr. hinnar nýju greinar samhljóða 23. gr., ef undanskilin er síðasta setning 2. mgr., en þau lög eru fallin úr gildi og í stað þeirra komin lög nr. 11 6. apríl 1973.

Bætt er inn í 3. mgr. sem kveður á um skyldur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sem starfa að öryggismálum að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna endurgjaldslaust. Núgildandi lög kveða ekki á um þessa skyldu, nema gagnvart borgurum í 12. gr. laganna. Hefur skilningur aðila á skyldum við slíkar æfingar verið teygjanlegur, en sú hefð hefur skapast, að hver stofnun, fyrirtæki og félag, hefur staðið straum af eigin kostnaði vegna æfinga.

28. gr.

(Ný gr. í stað 24. gr. núg. laga)

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku þessara laga, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

29. gr.

(Ný gr. í stað 25. gr. núg. laga)

Kostnaður samkvæmt **5. og 6. gr. og VI. kafla** laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. mgr. greiðist af viðkomandi sveitarstjórnum, en ríkissjóður skal endurgreiða ⅔ kostnaðar af öryggisbyrgjum samkvæmt 1. mgr. 3. töluliðs 9. gr. laga þessara.

Sveitarfélög sem hafa samstarf um almannavarnir skulu skipta kostnaði samkvæmt íbúatölu.

Skýringar:

Í stað 25. gr. núgildandi laga kemur ný 29. gr., sem fjallar um kostnað af ráðstöfunum til almannavarna. Er hér um grundvallarbreytingu að ræða í lögunum þannig, að ríkissjóður greiðir að öllu leyti kostnað af þeim verkefnum sem undir ríkisvaldið falla, en sveitarstjórnir þann kostnað sem til fellur vegna almannavarna í héraði. Til að auðvelda framkvæmd þess er ríkissjóði ætlað að endurgreiða sveitarfélögum ⅔ kostnaðar vegna byggingar og reksturs öryggisbyrgja. Auk þess er kostnaður vegna viðvörunarkerfa og ráðstafana á sviði sjúkra- og slysahjálpar vegna almannavarna fluttur frá sveitarfélögunum til ríkissjóðs, en þar er um að ræða eina kostnaðarsömustu liðina af þeim viðbúnaði, sem sveitarfélögum er ætlað að sinna nú.

Við endurgreiðslu ríkissjóðs á ⅔ hlutum kostnaðar vegna byggingar opinberra öryggisbyrgja telur nefndin rétt að miðað sé við nánara skilgreindan aukakostnað við húsnæði, þar sem sérstakar ráðstafanir eru gerðar til að það geti þjónað sem byrgi auk annarrar daglegrar notkunar. Við byggingu opinbers öryggisbyrgis, sem ekki er ætlað til annarra nota, sé miðað við heildarbyggingarkostnað rýmisins. Nefndin telur rétt að þeir starfshættir eigi að ríkja, að sveitarstjórnir sæki um fjárveitingar fyrir ⅔ hlutum kostnaðarverðs á fjárlögum til dómsmálaráðuneytisins á grundvelli áætlunar um byggingar öryggisbyrgja í héraðinu.

30. gr.

(Ný gr. í stað 26. gr. núg. laga)

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Skýringar:

30. gr. kemur í stað 26. gr. núgildandi laga óbreytt.

31. gr.
(Ný gr. í stað 27. gr. núg. laga)

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

Skýringar:
31. gr. kemur í stað 27. gr. núgildandi laga óbreytt.

32. gr.
(Ný gr. í stað 28. gr. núg. laga)

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um almannavarnir nr. 94, 29. desember 1962, sbr. l. nr. 30, 29. apríl 1967 og lög nr. 55, 30. maí 1979, svo og lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu nr. 37, 12. júní 1939, sbr. l nr. 59, 7. maí 1940.

Skýringar:
Ákvæði um niðurfellingu þeirra laga, sem þessi lög leysa af hólmi.

3.2 Skýling almennings í héraði.

3.2.1 Nefndin hefur kynnt sér gögn og fjallað um þann þátt almannavarna, sem tengist vörnum borgaranna gegn afleiðingum hernaðarátaka. Ljóst er að heildarskipulag það sem búið er að gera á almannavörnum í landinu ætti með aukinni þjálfun og búnaði að vera virkt hvað varðar stjórnkerfi, verkaskiptingu og viðbrögð stofnana, félagasamtaka og hjálparliðs á stríðstímum með hefðbundnum vopnum. Auk þess er í heildarskipulagi almannavarna viðbragðskerfi sem nýtist gegn flestum afleiðingum af beitingu hefðbundinna vopna í hernaði. Liggja því veikleikar í almannavarnakerfinu gagnvart beitingu hefðbundinna vopna í styrjöld, fyrst og fremst í þjálfunarskorti hjá almannavarnanefndum og hjálparliði, og á sviði tækja og búnaðar. Leggur nefndin fram áætlun um eflingu þeirra þátta, m. a. í 4. kafla skýrslunnar.

3.2.2 Á árunum 1964—1966 voru kannaðar afleiðingar nútímahernaðar á Ísland og á grundvelli þeirra kannana settar fram áætlanir um varnir gegn geislavirku úrfalli, sem fólu í sér viðvaranir, mælingar á geislavirkni, brottflutning af hættusvæðum og skýlingu. Var þessum áætlunum framfylgt að hluta og viðvörunarkerfi komið upp í Reykjavík, geislamælar keyptir og skýlakönnun gerð um landið. Eftir 1966 hefur þessum áætlunum ekki verið framfylgt nema með aukaskýlakönnun 1968—1969, vegna fjárskorts.

3.2.3 Nefndinni er kunnugt um að skiptar skoðanir eru á gildi öryggisbyrgja og fólksflutningaáætlana sem viðbúnaði gegn vá af völdum kjarnavopna. Því leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga, almannavarnaráði til ráðuneytis, um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna. Almannavarnaráð leggi síðan endurskoðaða áætlun fyrir ríkisstjórn til frekari ákvörðunar. Lagt er til að áætlun almannavarnaráðs taki til eftirfarandi atriða:

1. Hugsanlegra tegunda kjarnorkuvopna sem beitt yrði á Íslandi og hvar.
2. Áhrif kjarnorkusprenginga á þeim stöðum sem slíkum vopnum yrði hugsanlega beitt m. t. t. þrýstings, hita, frumgeislunar og rafsegulhöggs.
3. Magndreifingar geislavirks úrfalls með hliðsjón af sprengistöðum og mismunandi veðurforsendum.
4. Skýlakönnunar.
5. Skipulags geislamælingastöðva til viðvörunar.

6. Brottflutnings frá hættusvæðum.
7. Bygginga opinberra öryggisbyrgja og dreifingar þeirra.
8. Skipulags heilbrigðisþjónustu á hættusvæðum.

Nefndin leggur til að ráðgjafarnefnd almannavarnaráðs verði skipuð einum manni frá Almannavörnum ríkisins, manni með sérþekkingu á kjarneðlisfræði, jónandi geislun og geislavörnum, manni með sérþekkingu á líffræðilegum áhrifum jónandi geislunar, manni frá landlæknisembættinu með sérþekkingu á sviði heilbrigðismála og einum verkfræðingi á sviði mannvirkjagerðar. Lagt er til að ráðgjafarnefndinni verði heimilt að ráða starfsmann tímabundið og kostnaður af starfsemi nefndarinnar verði greiddur af ríkissjóði.

Með áliti nefndarinnar fylgir efnisrammi að reglugerð um öryggisbyrgi til almannavarna, sem nefndin hafði gert drög að þegar sú ákvörðun var tekin að leggja til að sett yrði á fót sérstök ráðgjafarnefnd er skoðaði þessi mál nánar.

Þá bendir nefndin á að mjög brýna nauðsyn ber til að kanna sérstaklega og gera áætlun um varnir gegn afleiðingum vegna notkunar eiturefna í hernaði.

3.2.4 Efnisrammi að reglum um öryggisbyrgi til almannavarna.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til allra mannvirkja í eigu opinberra aðila, einstaklinga og samtaka, með þeim fyrirvörum, sem settir eru fram hér á eftir.

Skýringar:

Skýrir sig að mestu sjálf. Það að tiltekin eru mannvirki, en ekki hús, er vegna þess að sums staðar er völ á skýlum — og það reyndar ágætum, í jarðgöngum og virkjum neðanjarðar.

2. gr.

Með skýli í reglum þessum er átt við hvert það afmarkað rými, sem fólk getur leitað skjóls í, til varnar geislavirku úrfalli.

3. gr.

Með öryggisbyrgi í reglum þessum er átt við hvert það afmarkað rými, sem getur fullnægt eftirfarandi skilyrðum um notkun og vörn gegn skotárásum, loftárásum og geislavirku úrfalli á hættutímum.

3.1 Gera megi byrgið tilbúið til að veita almenningi fyrirvaralausan aðgang til að leita skjóls undan skotárásum, loftárásum eða geislavirku úrfalli á innan við sólarhring með þeim mannafla, sem í viðkomandi húsi býr eða starfar og því efni, sem þar er tilgreint.

3.2 Verndarstuðull byrgisins eða hvers einstaks herbergis þess sé 100 eða hærri, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

3.3 Gólfflötur byrgisins sé 75 fermetrar hið minnsta, og má reikna öll herbergi þess í þeirri tölu.

3.4 Í byrginu skal geyma mælitæki, sem geti mælt styrk gammageislunar á klukkustund í Röntgen annars vegar og samanlagða geislun gammageisla í Röntgen yfir tiltekið tímabil hins vegar. Aðeins er heimilt að nota tæki, sem almannavarnaráð hefur viðurkennt.

3.5 Byrgið skal útbúið loftræsingarbúnaði, sem veitt geti þá lágmarksloftræstingu, sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar þessarar.

3.6 Í byrginu skal vera vatnsílát, sem að rúmtaki skal taka 15 lítra fyrir hvern þann mann, sem í skýlinu má dveljast, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

3.7 Í sama húsnæði og byrgið er skal vera salernisaðstaða og þvottaskál.

3.8 Öryggisbyrgið skal merkt á áberandi stað utandyra með merki Almannavarna skv. nánari tilhögun, sem almannavarnaráð ákveður, en almannavarnanefndir bera ábyrgð á framkvæmd merkingarinnar.

Skýringar:

Þar er skilgreint öryggisbyrgi til aðgreiningar frá skýli, sem er í 2. gr. Skilgreint er, hvað teljast skuli þolanlegur verndarstuðull, miðað við áætlaða hámarksgeislun á Íslandi í styrjöld. Upplýsa má, að fyrst eftir kjarnorkuárás er geislun mest, en minnkar hratt eða í 1/10 á fyrstu 7 klukkustundunum eftir árás og um 9/10 eftir sjöföldun tíma úr því. Má því gera ráð fyrir, að menn geti farið út stuttan tíma í senn 2 dögum eftir áfall, ef knýjandi nauðsyn ber til. Auka má útivistartíma eftir falli geislunar. Tekið skal fram, að það er uppsafnað magn geislunar, sem er ákvarðandi um líkamsskemmdir fólks og dýra.

Opinbert öryggisbyrgi sé hið minnsta 75 fermetrar. Reiknað er með, að tæplega taki því að taka minni byrgi til slíkra nota, en 75 fermetra byrgi tekur 75 manns.

Mælitæki eru tilgreind og eru annars vegar tæki sem mæla geislun á hverjum tíma, en hins vegar tæki er sýna uppsafnaða geislun yfir tímabil, sem geislunin varir.

Vatnsílát á hvern mann skal taka 15 lítra. Gert er ráð fyrir að þetta sé vikuskammtur, en nokkurt misræmi er í magni þessu. Þannig hafa Danir t. d. kröfu um 20 lítra í sínum byrgjum.

Aðrir þættir skýra sig sjálfir.

4. gr.

Verndarstuðull í reglum þessum er hlutfall geislunar, sem stafar af geislavirku úrfalli utandyra og geislunar innandyra í rýminu. Mælistaður er 1.0 m ofan við gólf í miðju herbergis. (Verndarstuðull 100 merkir þannig að geislun í mælistað sé 1/100 þeirrar geislunar, sem utan rýmisins er).

5. gr.

Í öryggisbyrgjum skal vera tiltækur búnaður til loftræsingar. Búnaður þessi skal hið minnsta geta dælt 5 rúmmetrum af lofti á klukkustund fyrir hvern mann, sem í byrginu getur dvalist. Miðað skal við, að loftið fari í gegnum þar til gerðar síur, sem haldi eftir a. m. k. 90% af 50 micron kornum. Loftinntak skal vera a. m. k. 1.0 metra ofan við jörð eða þakflöt og snúa niður. Loftstokkur frá inntaki skal vera lóðréttur fyrstu 0.5 m og lofthraði í honum skal vera 1 m/s. Ryksíum skal koma fyrir utan veggja skýlisins.

Skýringar:

Hér er gefin nokkuð ítarleg lýsing á loftræsibúnaði, sem þarf að vera í rýminu. Loftmagnið er frekar hátt miðað við lægstu þekktar kröfur, en hér á eftir er sýnd skrá, þar sem gefnar eru upp ýmsar staðreyndir.

Loftmagn	Öndunarerfiðleikar	Meðvitundarleysi
1 rúmmetri á mann á klst.	eftir 1 klst.	eftir 4 klst.
2 rúmmetrar á mann á klst.	eftir 2 klst.	eftir 8 klst.
3 rúmmetrar á mann á klst.	eftir 3 klst.	eftir 12 klst.

Með vísun til þessa og þýskra heimilda um loftræsiþörf, var valin talan 5 rúmmetra loftskipti á klukkustund.

Kröfur um síur eru teknar úr sænskum heimildum.

Stærð loftstokka er reiknuð slík, að burðarhraði loftsins sé minni en þarf til að bera 50 my ryk upp á við í stokki. Stærðin samsvarar 0.2 × 0.2 m stokk fyrir 100 manna skýli, en það er frekar lítill stokkur.

6. gr.

Við ákvörðun þess, hve margir megi vera í öryggisbyrgi, skal gera ráð fyrir minnst 1.0 fermetra gólfrými fyrir hvern mann, enda sé lofthæð minnst 2.5 m að innanmáli. Nú er öryggisbyrgi lægra undir loft, og skal þó vera heimilt að nýta það á hættutímum, enda séu áætlaðir 2.5 rúmmetrar á hvern mann, sem í skýlinu má dveljast.

7. gr.

Almannavarnanefndir geta krafist þess, að í fasteignum verði tekið frá rými sem skýli eða öryggisbyrgi. Þar séu geymd gögn og búnaður samkvæmt töluliðum 3.4, 5., 6. og 7. og byrgið skal vera merkt samkvæmt 3.8 og 8. grein.

8. gr.

Nú ákveður almannavarnanefnd að rými skuli vera frátekið sem öryggisbyrgi. Skal nefndin þá láta merkja inngöngudyr hvers herbergis í byrginu þannig, að ekki fari á milli mála, hvaða herbergi innan þess veiti fullnægjandi aðstöðu sem öryggisbyrgi. Inngang utan frá skal og merkja.

9. gr.

Í öllum opinberum húsum, atvinnuhúsnæði og fjölbýlishúsum með sex íbúðum eða fleiri, sem reist eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal vera öryggisbyrgi fyrir þann mannfjölda, sem í húsinu á að starfa eða búa. Byrgið skal byggt Almannavörnum að kostnaðarlausu, en kostnaður skal greiðast af húsbyggjanda. Stærð byrgisins þarf þó aldrei að vera meiri en slík, að kostnaður við gerð þess fari yfir 7% af heildarkostnaði viðkomandi húss.

Skýringar:

Hér er tiltekin ákveðin krafa um að skýli skuli vera í nánar tilgreindum húsum. Það rými, sem byrgið er í (og má að sjálfsögðu nota til annarrar starfsemi fyrir viðkomandi húseign, sbr. 11. gr.), þarf þó aldrei að kosta meira en 7% af heildarkostnaði við að reisa húsið. Er með því ákvæði sett þak á hversu langt má ganga í kröfu á húsbyggjanda á þessu sviði. Í framkvæmd er um að ræða að styrkja geymsluveggi í kjallara og loft á hluta í kjallara. Hér er ekki um teljandi aukakostnað að ræða, þar sem það er aðeins varnarumbúnaðurinn, sem kostar aukalega og þá aðallega í steinsteypu, en steypustyrktarjárn geta yfirleitt verið minni á móti.

Hámarkskostnaður þessi er skilgreiningaratriði, en í byggingarsamþykkt eru tilgreindar ákveðnar stærðir fyrir geymslurými (2 + 4 fermetrar fyrir hverja íbúð), og getur það látið nærri að sé 5—10% grunnflatar íbúðar.

10. gr.

Innan tveggja ára frá gildistöku reglugerðar þessarar er sveitarfélögum skylt að láta athuga og skrá allt rými, sem er í húsum, sem reist hafa verið fyrir gildistöku hennar og veitt geta minnst 100-falda vernd gegn geislavirku úrfalli. Kostnað af aðgerðum þessum greiði sveitarfélögin.

Skýringar:

Þessi grein áréttar það, sem komið hefur fram á fundum nefndarinnar, að ekkert einasta skýli er í landinu öllu merkt sem almannavarnaskýli, og eru samt mjög mörg hús með ágæt skýli. Þau eru næsta gagnslaus án markvissrar skráningar og merkingar.

Á fundum nefndarinnar kom fram, að til er mikið af húsnæði, þar sem verndarstuðull er um 70, sem er ekki nægjanlegt. Með ráðstöfunum s. s. sandpokum ofan á loft eða við veggi eða jarðvegsfyllingum má hækka skýlisstuðulinn í 100. Slík skýli er hægt að merkja skv. grein 3.1.

11. gr.

Ekkert í reglum þessum skal hindra, að eigandi eða umráðamaður fasteignar geti nýtt það rými, sem ætlað er sem öryggisbyrgi til daglegrar starfsemi eða annars, enda sé gætt ákvæða 3. greinar reglugerðar þessarar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. töluliðar 9. greinar laga nr. 94 frá 29. desember 1962 um almannavarnir, svo og 24. greinar sömu laga.

4. ÁÆTLUN UM EFLINGU ALMANNAVARNA

4.1 Inngangur.

4.1.1 Áætlunin um eflingu almannavarna fjallar um Almannavarnir ríkisins og almannavarnir sveitarfélaga. Eru allar kostnaðartölur í henni miðaðar við verðlag í maí 1983.

4.1.2 Áætlunin miðast við að stærð Almannavarna ríkisins í starfsmannahaldi, yfirstjórn og kostnaði verði stillt í hóf. Til að ná því markmiði er m. a. gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við frjáls félagasamtök sem vinna að líknar- og björgunarstörfum, varðandi þá þætti almannavarna sem styrkur þessara félaga, þjálfun og hæfni gerir þeim fært að sinna.

4.1.3 Til að ná sem mestum árangri í almannavörnum, með sem minnstri yfirbyggingu, er gert ráð fyrir að beina fjármagni sem mest í tæknilega uppbyggingu, fræðslu og viðbúnað á sviði almannavarna.

4.2 Hlutverk og markmið með almannavörnum.

4.2.1 Almannavarnir eru mannúðarstofnun. Þær hafa það hlutverk að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að almenningur verði ekki fyrir líkams- eða eignatjóni í hernaðarátökum, náttúruhamförum eða annarri vá, og eiga að veita líkn í kjölfar tjóna.

4.2.3 Til að ná þeim markmiðum þarf Almannavörnum ríkisins og sveitarfélaga að verða kleift að:

1) **Hættumat.** Skipuleggja og stuðla að upplýsingum og gagnasöfnun til mats á hættum, tegund þeirra, hugsanlegu umfangi og afleiðingum.
2) **Stjórn og samræming.** Skipuleggja, stýra og samhæfa viðbúnað opinberra aðila, félagasamtaka og fyrirtækja til að verjast áföllum og veita líkn með samræmdum viðbrögðum.
3) **Almenningsfræðsla.** Leiðbeina almenningi og fræða hann um ráðstafanir sem einstaklingar eða hópar geta gert til að verjast vá.
4) **Viðvörunarkerfi.** Koma upp og reka viðvörunarbúnað eða skipuleggja aðferðir til að unnt sé að láta almenning vita af hættu áður en hún veldur tjóni og leiðbeina um varnir.
5) **Brottflutningur.** Skipuleggja og gera ráðstafanir sem miða að því að koma fólki og færanlegum eignum undan hættu áður en mann- eða eignatjón hlýst af.
6) **Skýling.** Finna, skrásetja og koma upp skýlishæfu húsnæði fyrir fólk til varnar gegn loftárásum, skotárásum, geislavirku úrfalli, eiturgasi eða gjóskufalli.
7) **Birgðir og búnaður.** Koma upp og varðveita búnað til almannavarna og safna birgðum til hjálparstarfs.
8) **Björgunar- og hjálparlið.** Auka samstarf við og efla björgunar- og líknarfélög í landinu til hjálparstarfa á sviði almannavarna og/eða stofna sérstaka hjálparliðaflokka almannavarna, ef þörf krefur, vegna smæðar björgunarsveita.
9) **Þjálfun og æfingar.** Fræða og þjálfa hjálparlið í almannavörnum og þann mannafla sem reyna mun á á hættutímum.

10) **Stjórnstöðvar.** Koma upp og reka stjórnstöðvar almannavarna í landshlutum, sem annist gagnasöfnun um hættu, hættumat, stjórn og samræmingu neyðaraðgerða, viðvaranir til almennings og hjálparstarf.
11) **Umönnun.** Skipuleggja og annast ráðstafanir til að veita særðum mönnum og heimilislausum skjól í samvinnu við viðkomandi yfirvöld, félög og stofnanir.
12) **Fyrirbyggjandi aðgerðir.** Stuðla að ráðstöfunum á sviði áhættumats, áhættuskiptingar lands, mannvirkjastaðla og varnarvirkja til að afstýra tjóni í náttúruhamförum.

Almannavarnir ríkisins.

4.3 Almannavarnaráð, skrifstofa og starfslið.

4.3.1 Í almannavarnaráði eru fimm menn auk þess sem framkvæmdastjóri þess og fulltrúi dómsmálaráðuneytisins sitja fundi ráðsins að öllu jöfnu.

Aðsetur er í aðalstjórnstöð Almannavarna í lögreglustöðinni.

Ráðið hefur haldið tæplega 400 fundi frá stofnun eða að meðaltali 20 fundi á ári.

4.3.2 Skrifstofa Almannavarna ríkisins er á IV. hæð aðallögreglustöðvarinnar í Reykjavík og er tvö herbergi, samtals 31 m^2. Er skrifstofuhúsnæðið nú orðið of lítið, þannig að starfsmenn hafa þurft að nota stjórnstöðina jöfnum höndum sem skrifstofu, sem samrýmist ekki. Til að tryggja daglegri starfsemi Almannavarna viðunandi húsnæði þarf um 40 m^2 aukningu, sem kosta mun um 44 þús. kr. á ári miðað við að um leiguhúsnæði sé að ræða.

4.3.3 Við Almannavarnir ríkisins starfa þrír menn samkvæmt stöðuheimildum. Hefur fjórði maður einnig starfað við stofnunina, án stöðugildis, en kostnaður vegna hans verið greiddur af framlagi til verkkaupa. Er svigrúm til þeirra verkkaupa nú orðið svo þröngt, að ekki verður haldið áfram á þeirri braut.


4.3.4 Sé litið á umfang þeirra verkefna, sem Almannavörnum ríkisins er ætlað að sinna sbr. 6. gr. laga um almannavarnir og hlutverk og markmið almannavarna, sbr. 4.2.1 og 4.2.2, er þessi mannafli of lítill.

Samkvæmt 6. gr. laga um almannavarnir er almannavarnaráði ætlað að hafa umsjón með almannavörnum sveitarfélaga, en þær eru 70 talsins fyrir 224 sveitarfélög. Auk þess skiptast verkefni Almannavarna ríkisins í 4 þætti, sem eru:

1) Stjórn, rekstur og fjármál, skrifstofuhald, almenningstengsl og alþjóðlegt samstarf.
2) Skipulagsmál, samræming viðbúnaðar og neyðaraðgerðir.
3) Upplýsinga- og gagnasöfnun um hættu, mælingar, athuganir, hættumat og viðvaranir.
4) Tæknimál, tækjavarsla, uppsetning búnaðar, gæsla, viðhald og umsjón hans og birgðasöfnun.

Ofangreind upptalning gefur tilefni til að ætla að starfsmannaþörf Almannavarna ríkisins sé mjög mikil, en vegna samstarfs við sjálfboðið lið og þess hluta sem fellur á almannavarnanefndir, er hægt að komast af með sex manns í fullu starfi, sé miðað við að sinna eigi öllum málaflokkum.

Lagt er til að Almannavarnir ríkisins verði efldar og starfsmönnum fjölgað sem hér segir á tímabilinu 1985—1991. (Sjá meðf. skipurit í 4.3.5).



ÁÆTLUN UM EFLINGU MANNAFLA Í ALMANNAVÖRNUM RÍKISINS TIL ÁRSINS 1991

4.3.6 Árlegur kostnaður vegna fjölgunar starfsmanna á tímabilinu 1985—1991 yrði sem hér segir:

1985 ný staða fulltrúa vegna skipulags, varna og gagnasöfnunar: kr. 387 711.-

1988 ný staða aðstoðarmanns v/tæknibúnaðar: kr. 315 096.-

1991 ný staða aðstoðarmanns v/skipulags: kr. 315 096.-

4.4 Stjórnstöð Almannavarna ríkisins.

4.4.1 Stjórnstöð Almannavarna ríkisins er í 250 m^2 húsnæði undir aðallögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík, eins og áður segir. Er húsnæðið sérstaklega styrkt með það fyrir augum að unnt sé að starfrækja stjórnstöðina þótt skemmdir verði á venjulegu húsnæði í borginni.

Nefndin telur rétt að stjórnvöld kanni og geri ráðstafanir til að flytja aðsetur stjórnstöðvar Almannavarna ríkisins í styrkt húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins. Bent hefur verið á að það húsnæði, sem stjórnstöðin er í nú, væri eðlilegra húsnæði fyrir stjórnstöð Almannavarna Reykjavíkur. Nýja stjórnstöð fyrir Almannavarnir ríkisins má hanna og byggja upp samhliða byggingu annars opinbers húsnæðis með sérstakri styrkingu.

4.4.2 Stjórnstöð Almannavarna ríkisins er auk almannavarnaráðs og starfsliðs mönnuð 32 konum og körlum frá björgunar- og líknarsamtökum og opinberum stofnunum. Þetta fólk tekur ekki laun fyrir þjálfunar- og æfingaverkefni, en á rétt á launum fyrir verkefni á hættutímum, og eru þau metin af fjármálaráðuneytinu.

4.4.3 Miðað við áframhaldandi starfrækslu stjórnstöðvar Almannavarna ríkisins í núverandi húsnæði, eru eftirfrandi viðbætur og lagfæringar æskilegar á tæknibúnaði hennar:

1) Almannavarnaráð, yfirstjórn:
Nýtt fundarborð með innbyggðum símatengingum og talfærum við sæti ráðsmanna (heyrnartól fyrir radio), segulbandsupptökutæki, myndsegulband og sjónvarpstæki.

		Kr.
Kostnaður:	Fundarborð	8 000.-
	Símtengingar	39 000.-
	Segulbandsupptökutæki	18 000.-
	Sjónvarpstæki	36 000.-
	Myndsegulband	40 000.-
Samtals:		141 000.-

2) Framkvæmdastjórn — samhæfing aðgerða:
Kortalestæki, microfilmur með loftmyndum og gagnabanki, (stjórntölva fyrir neyðaraðgerðir).

Kostnaður:	Kortalestæki	15 000.-
	Microfilmur	10 000.-
	Tölva	300 000.-
Samtals:		325 000.-

3) Fjarskipta- og afgreiðsludeild:
Upptökutæki á fjarskiptabúnað og flugfjarskiptatæki.

Kostnaður:	Upptökutæki	512 000.-
	Flug-fjarsk.tæki	70 000.-
Samtals:		582 000.-

4) Þjónustudeild:
Vatnstankur og matvælaskápur.

Kostnaður:	142 000.-

Samtals kostnaður við lokafrágang og endurbætur á stjórnstöð kr. 1 190 000 þús.

Viðfangsefni Almannavarna ríkisins.

4.5 Fjarskipti milli umdæma.

4.5.1 Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu fjarskiptakerfis fyrir Almannavarnir ríkisins til fjarskipta milli umdæma. Er það net haft í einföldu formi til að forðast flókna tæknilega þætti og þá um leið aukna bilanatíðni vegna þeirra. Þörf Almannavarna fyrir sjálfstætt fjarskiptanet óháð fjarskiptakerfum annarra stofnana og félagasamtaka er mikil. Með því að treysta á almenna símakerfið og stöðvarnet annarra eingöngu, yrðu Almannavarnir ríkisins háðar álagi á þeim kerfum, annars vegar vegna notkunar hins almenna borgara og hins vegar vegna þarfa stofnana og félaga, sem til hjálpar koma og þurfa að fullnýta sín kerfi við neyðarþjónustu, m. a. vegna almannavarna á hættutímum.

4.5.2 Uppbygging fjarskiptanets Almannavarna stendur nú þannig, að komnar eru til landsins fjarskiptastöðvar fyrir öll lögsagnarumdæmi landsins, kaupstaði og sýslur, en eru ekki allar uppsettar. Þrjár fastar endurvarpsstöðvar eru starfræktar til tengingar milli umdæma, á Háafelli fyrir S-land og SA-land, á Bláfjöllum fyrir S-land og SV-land og í Grímsey fyrir N-land. Fjórða endurvarpsstöðin er einnig reiðubúin til flugþjónustu, til að brúa einangruð landsvæði í neyð, þar til keðju endurvarpsstöðva hefur verið komið upp. Til að ljúka frágangi fjarskiptanetsins þarf að koma fyrir endurvarpsstöðvum á eftirtöldum stöðum:

Snæfellsnesi v/Breiðafjarðar og Faxaflóa.
Kleifaheiði v/S-verðra Vestfjarða.
Þverfjalli v/N-verðra Vestfjarða.
Skaga v/Skagafjarðar og Húnaflóa.
Heiðarfjalli á Langanesi v/NA-lands.
Gagnheiði v/Austfjarða.
S-verðum Austfjörðum v/þess svæðis.
Almannaskarði v/A-lands.
Öræfum v/SA-lands.
Heildarkostnaður við það verk er áætlaður 780 þús. krónur.

4.6 Gagna- og upplýsingakerfi.

4.6.1 Gagna- og upplýsingakerfi Almannavarna, sem er forsenda hættumats og tímabærra ráðstafana til varnar og hjálpar, er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða upplýsingasöfnun og eftirlit með hættu á vá innanlands, svo sem vegna náttúruhamfara. Skipulegt samstarf, sem myndað hefur verið milli Almannavarna ríkisins og vísindastofnana, s. s. Veðurstofu og jarðvísindastofnana, tryggir upplýsingaflæði til stjórnstöðvar Almannavarna ríkisins, frá þeim mælitækjum og athugunum sem gerðar eru af þessum stofnunum. Einnig veita þær Almannavörnum ríkisins þá sérfræðilegu ráðgjöf sem til þarf við hættumat vegna náttúruhamfara.

Hins vegar er um að ræða upplýsingastöðvar til eftirlits með utanaðkomandi hættu, svo sem vegna hernaðarátaka. Til að tryggja öryggi við starfrækslu þess þáttar almannavarnanna þarf í fyrsta lagi að koma á fót kerfi upplýsingamiðstöðva umhverfis landið og í öðru lagi þarf að tryggja upplýsingastreymi frá viðvörunarstöðvum Atlantshafsbandalagsins og varnarliðinu á Íslandi.

Framangreindar upplýsingastöðvar munu annast geislamælingar, söfnun sýna og umbeðinna upplýsinga fyrir Almannavarnir. Upplýsingastöðvarnar má manna með sjálfboðnu liði, sem fengið hefur viðhlítandi þjálfun, ef samkomulag næst þar um.

Kostnaður vegna gagna- og upplýsingakerfis er áætlaður kr. 1 108 þús. vegna geislamælitækja.

4.7 Viðvörun og viðvörunarkerfi.

4.7.1 Samkvæmt reglugerð um viðvörunarkerfi Almannavarna er gert ráð fyrir að hjóðmerkjatæki til viðvörunar séu í byggðarlögum með 2000 íbúa eða fleiri í þéttbýli. Viðvörun í minni byggðarlögum og dreifbýli má leysa með handvirkum kalltækjum eða hóphringingarkerfum án síma.

Til að uppfylla skilyrði um viðvörunarkerfi í byggðum með 2000 íbúa eða fleiri þarf að koma upp viðvörunarkerfum á eftirtöldum stöðum:

	Símsvæði (91)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Reykjavík				3	345 þús.
2) Hafnarfjörður		Viðb.	25 þús.	4	460 þús.
3) Garðabær				4	460 þús.
4) Kópavogur				1	115 þús.
5) Seltjarnarnes					
6) Mosfellshreppur				3	345 þús.
		Samt.	25 þús.		1 750 þús.
	Símsvæði (92)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Grindavík				1	115 þús.
2) Keflavík		1	36 þús.	3	345 þús.
3) Njarðvík				2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		690 þús.
	Símsvæði (93)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Akranes		1	36 þús.		345 þús.
		Samt.	36 þús.		345 þús.
	Símsvæði (94)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Ísafjörður		1	36 þús.	4	460 þús.
		Samt.	36 þús.		460 þús.
	Símsvæði (95)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Sauðárkrókur		1	36 þús.	2	230 þús.
		Samt.	36 ús.		230 þús.
	Símsvæði (96)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Siglufjörður				2	230 þús.
2) Akureyri		1	36 þús.	6	690 þús.
3) Húsavík				2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		1 150 þús.
	Símsvæði (97)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
Enginn staður.					
	Símsvæði (98)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Vestmannaeyjar		1	36 þús.	3	345 þús.
		Samt.	36 þús.		345 þús.
	Símsvæði (99)	**Stjórnb.**	**kr.**	**flautur**	**kr.**
1) Selfoss		1	36 þús.	2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		230 þús.

Viðvörunarkerfi í byggðum með 2000 íbúa eða fleiri er áætlað að kosti í uppsetningu:
Fyrir 7 ný stjórnborð og viðbót við borð í Reykjavík kr. 277 þús.
Fyrir flautur kr. 5 175 þús.

Ef ákvörðun yrði tekin um að koma upp handstýrðri (manual) viðvörunarflautu í öllum kauptúnahreppum landsins og kaupstöðum með innan við 2000 íbúa, þarf að bæta við 48 flautum í landinu öllu og yrði kostnaður við það kr. 5 520 þús.

4.8 Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.

4.8.1 Útgáfa fræðslurita og leiðbeiningabæklinga til dreifingar meðal almennings er árangurslítil leið til að koma efni til skila. Því er aðeins mælt með að einfaldir leiðbeiningabæklingar verði gerðir og þeim dreift inn á hættusvæði eftir að hættuástand er komið upp, þar sem þá er athygli fólks vakin. Hefur slíkt verið gert í Vestmannaeyjum og Mývatnssveit með góðum árangri.

4.8.2 Rétt er að leggja áherslu á að prentaðar leiðbeiningar séu sem best úr garði gerðar í símaskránni vegna dreifingar hennar á öll heimili landsmanna og á öllum vinnustöðum. Voru leiðbeiningar Almannavarna endurbættar og auknar að mun í símaskránni 1983, en enn vantar á leiðbeiningar um hegðun manna í snjóflóðum, ofsaveðrum og flóðum.

4.8.3 Fræðsla til almennings er vænlegust um sjónvarp, en leiðbeiningar á hættustund um útvarp (hljóðvarp). Á grundvelli 2. og 27. gr. núgildandi laga um almannavarnir er lagt til að Ríkisútvarpi verði falið að gera fyrir Almannavarnir fræðsluefni um almannavarnir með hliðsjón af mismunandi vá. Mun fræðsluefni, sem spannar 15 mín. á viku á tímabilinu október—apríl ár hvert, leysa almenningsfræðslu á sviði almannavarna (samanlögð 150 mín. dagskrá).

4.8.4 Leiðbeiningum til almennings á hættutímum er rétt að útvarpa beint úr aðalstjórnstöð Almannavarna ríkisins. Er í því skyni nauðsynlegt að Ríkisútvarpið komi fyrir búnaði í stjórnstöð til að bein útsending geti farið fram þaðan.

4.9 Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.

4.9.1 Á vegum Almannavarna ríkisins hefur verið gerð fræðsluáætlun sem gerir ráð fyrir markvissri þjálfun manna til að taka að sér einstök störf á sviði almannavarna. Gert er ráð fyrir að kennsla og þjálfun hjálparliðs sé borin fjárhagslega af almannavörnum sveitarfélaga, en þjálfun yfirmanna og leiðbeinenda af Almannavörnum ríkisins. Er þjálfunin liður í að gera björgunarliði og öðru hjálparliði kleift, sér að kostnaðarlausu, að öðlast þekkingu til að takast á við störf á sviði almannavarna.

4.9.2 Vegna þjálfunar yfirmanna almannavarna er nauðsynlegt að koma á fót reglulegum námskeiðum. Er lagt til að þau verði tvö á ári. Miðað er við að hvert námskeið taki 20 tíma, auk æfinga, eða 4—5 daga að meðaltali. Hámarks þátttaka sé 50 manns og kennarar 7. Til að auðvelda mönnum úr björgunarsveitum og líknarfélögum að sækja námskeiðin, er gert ráð fyrir að þau séu haldin í tveimur kjördæmum á ári til skiptis, t.d. þannig:

1985 Í Reykjavík og N-landi eystra
1986 Á S-landi og V-fjörðum
1987 Á V-landi og á Austurlandi
1988 Á N-landi vestra og á Reykjanesi

Þátttaka í námskeiðunum yrði ekki bundin við íbúa viðkomandi kjördæma, heldur boðin fram í öllum almannavarnaumdæmum. Kostnaður við hvert námskeið er áætlaður sem hér segir:

	Kr.
Ferðakostnaður þátttakenda og kennara	76 000.-
Uppihaldskostnaður þátttakenda og kennara	114 670.-
Stundakennaralaun aðkeyptra kennara	3 446.-
Samtals námskeiðskostnaður	194 116.-

Tvö námskeið á ári: Kr. 388 232.-

4.9.3 Auk þessa gera Almannavarnir ríkisins ráð fyrir kennslu innan sérskóla sem nú eru starfræktir og fyrir einstakar stofnanir sem hér segir:

Sjúkraflutninganám Borgarspítala og R. K. Í.
Eldvarnanámskeið Brunamálastofnunar.
Lögregluskóla ríkisins.
Póst- og símamálaskóla.
Landhelgisgæsla (sérnámskeið).
Hjúkrunarskóla.
Læknadeild.

4.10 Birgðasöfnun og birgðavarsla.

4.10.1 Á vegum Almannavarna ríkisins er rétt að komið verði upp litlum en fullkomnum birgðastöðvum í hverju kjördæmi landsins. Í þessum birgðastöðvum verði háþróaður öryggis- og hjálparbúnaður til neyðarvarnastarfs að norskri fyrirmynd. Öryggisbúnaður þessi er í 6 sérstaklega gerðum gámum og er þessi:

Eining 1	Björgunar- og slökkvibúnaður	119 kg
Eining 2	Björgunar- og sjúkrabúnaður	117 kg
Eining 3	Vélar og tæknibúnaður	115 kg
Eining 4	Vélar og tæknibúnaður	108 kg
Eining 5	Þjónustubúnaður	108 kg
Eining 6	Þjónustubúnaður	108 kg
	Flutninganet fyrir þyrlur	32 kg
	Samtals	707 kg

Kostnaður við hverja 6 gáma er áætlaður kr. 1 865 þús. Lagt er til að birgðastöðvar verði í Stykkishólmi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli, í Keflavík og Reykjavík.

4.11 Umsjón með almannavörnum héraða.

4.11.1 Mikilvægur þáttur í starfsemi Almannavarna ríkisins er umsjón með almannavörnum héraða. Er löngu orðið ljóst, að sé ekki unnt að hafa árlega umsjón með almannavarnanefndunum 70, yfirfara skipulag þeirra og öryggisviðbúnað, eru önnur störf að miklu leyti unnin fyrir gýg. Sett er fram fastmótuð áætlun og er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður vegna þessa nemi kr. 257 þús.

4.11.2 Gert er ráð fyrir að almannavarnanefndir séu heimsóttar og viðbúnaður þeirra yfirfarinn í sex ferðum í eftirfarandi mánuðum:

		kostn. kr.
Janúar:	Vesturland	24 588.-
Febrúar:	Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes	13 025.-
September:	Vestfirðir	49 941.-
Október:	N- og NA-land	79 732.-
Nóvember:	A- og S-land	85 464.-
Desember:	Vestmannaeyjar	6 855.-

Áætlun við eflingu almannavarna ríkisins
Kostnaðar- og þróunaráætlun 1985—1995

Fjárhæðir í þús. kr. Verðlag í maí 1983

Viðfangsefni:	'85	'86	'87	'88	'89	'90	'91	'92	'93	'94	'95
Laun: 1.458	2 417	2 417	2 417	2 732	2 732	2 732	3 047	3 047	3 047	3 047	3 047
Br. stöðugildi											
Nýtt stöðug. fulltrúa	388										
Nýtt stöðug. aðstoðarm.				315							
Nýtt stöðug. aðstoðarm.							315				
Almennur rekstur:											
2 043	2 882	3 055	3 249	3 365	3 590	3 720	3 848	3 988	4 110	4 205	4 324
v/húsaleigu			44	44	44	44	44	44	44	44	44
v/umsjónarm.almannav.n.	257	257	257	257	257	257	257	257	257	257	257
v/fræðslu og þjálfunar	388	388	388	388	388	388	388	388	388	388	388
v/tækjaaukningar	194	173	150	116	225	130	128	140	122	95	119
Stofnkostnaður:	1 120	1 750	2 346	2 131	3 121	2 271	2 293	2 379	2 243	1 901	1 895
Birgðastöðvar				1 865	1 865	1 865	1 865	1 865	1 865	1 865	1 865
Endurvarpsstöðvar	780										
Viðvörunarkerfi		1 750	726	266	1 186	381	381	496	266		
Geislamælingar			1 108								
Tæki í stjórnstöð											
Fundarborð							8				
Símateng. v/alm.v.ráðs							39				
Segulb.uppt. v/alm.v.ráðs								18			
Sjónvarp										36	
Myndsegulband	40										
Kortalestæki						15					
Micro-kortafilmur						10					
Gagnabanki (tölva)	300										
Segulb.uppt. á síma		512									
Flug-fjarsk.tæki					70						
Vatnstankur									112		
Matvælaskápur											30
	6 419	7 222	8 012	8 228	8 443	8 723	9 188	9 414	9 399	9 153	9 526

Almannavarnir sveitarfélaga.

4.12 Almannavarnaumdæmi, svæði og staðir.

4.12.1 Samkvæmt ákvæðum laga um heildarskipulag almannavarna hafa verið stofnaðar 70 almannavarnanefndir og leitað við það samstarfs milli sveitarfélaga um sameiginlegar almannavarnir þar sem það á við. Er heildarskipulag á uppbyggingu nefndanna þannig, að í hverju lögsagnarumdæmi er á aðsetursstað lögreglustjóra svokölluð svæðisstjórn. Í sýslum, sem krefjast fleiri almannavarnanefnda, eru aðrar nefndir kallaðar staðarstjórnir.

4.12.2 Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara og af annarri vá. Er nefndunum þannig falin eftirfarandi viðfangsefni.

4.13 Skipun hjálparliðs.

4.13.1 Á grundvelli 10. gr. laga um almannavarnir og reglugerðar nr. 107/1969 um skipun hjálparliðs, hefur verið leitað af hálfu Almannavarna ríkisins samkomulags við Slysavarnafélag Íslands, Rauða kross Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita um að þessir aðilar leggi fram hjálparlið Almannavarna í einstökum byggðum. Er samkomulag þess efnis undirritað af ofangreindum aðilum. Til að uppfylla þörf fyrir hjálparlið á einstökum almannavarnasvæðum á skipulegan hátt, stefna Almannavarnir ríkisins að því að stuðla að eflingu þeirra björgunarsveita, sem fyrir eru í landinu, með því að annast fræðslu og þjálfun til þeirra á sviði almannavarna og styrkja þær með búnaði og tækjum.

4.13.2 Forsenda hjálparstarfs á hættutímum er nægilega öflugt hjálparlið, búið réttum tækjum og með þekkingu á almannavörnum og hjálparstarfi á hættutímum.

4.13.3 Af þeirri reynslu, sem fengist hefur af almannavörnum í þeim náttúruhamförum sem orðið hafa á undanförnum áratug, er ljóst að það lið sem nú er til taks í björgunar- og líknarfélögum, er of lítið til að mæta hjálparliðaþörf við björgunar- og hjálparstörf í meiri háttar vá. Er sú reynsla sambærileg við reynslu annarra þjóða af hjálparliðaþörf á hættutímum. Segja má að í dreifbýlustu héruðum landsins sé þörfinni fullnægt, en hvergi nærri á stærstu þéttbýlissvæðunum.

Til að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 107/1969 um skipun hjálparliðs, er því nauðsynlegt að efla mjög hjálparlið í þéttbýli sbr. 4.13.4.

4.13.4 Þörf fyrir aukningu hjálparliðs í einstökum byggðum og landshlutum er sem hér segir:

Reykjavík	u. þ. b.	600	manns
Hafnarfjörður/Garðabær	u. þ. b.	150	manns
Kópavogur	u. þ. b.	125	manns
Keflavík og Njarðvík	u. þ. b.	50	manns
Akranes	u. þ. b.	60	manns
Sauðárkrókur	u. þ. b.	50	manns
Akureyri	u. þ. b.	150	manns

4.14 Þjálfun hjálparliðs.

4.14.1 Bent hefur verið á að skipun hjálparliðs almannavarna er vandamál ef gæta skal þess að skipulag þeirra hluta raskist ekki. Er rétt að byggt verði fyrst og fremst á öflugu sjálfboðastarfi þeirra félaga björgunar-, hjálpar- og líknarsamtaka, sem gengið hafa til samstarfs við Almannavarnir ríkisins samkvæmt samkomulagi þar um. Almannavörnum ríkisins þarf að vera kleift að styðja að vexti og viðgangi sjálfboðastarfsins, svo tryggja megi nægan fjölda hjálparliða í landinu.

Heimild í 10. gr. laga um almannavarnir um skipun hjálparliðs ætti ekki að beita án undangenginnar athugunar á því hvort nauðsynlegt lið fáist ekki með samvinnu við umrædd samtök. Til að ná markvissu skipulagi á framkvæmd þjálfunar og uppbyggingar hjálparliðsins er lagt til að stefnt verði að eftirfarandi.

4.14.2 Hafin verði markviss þjálfun forystumanna björgunarsveita, hjálparsveita svo og neyðarsveita Rauða krossins í einstökum héruðum til björgunar- og ruðningsstarfa, fjöldahjálpar, merkja- og fjarskiptaþjónustu, stórslysahjálpar, sjúkraflutninga, eldvarna og aðstoðar við löggæslu.

4.14.3 Á vegum almannavarnanefnda, að fengnum tillögum björgunar- og líknarsamtaka í sínu héraði, verði þjálfaðir og útnefndir björgunarstjórar, sem verði færir um að taka að sér stjórn og samræmingu á björgunar- og hjálparstarfi fjölflokka í sínu almannavarnahéraði. Þeir verði þjálfaðir í lögum og áætlunum almannavarna, náttúruhamförum og stjórn björgunar í snjóflóðum, jarðskjálftum, eldgosum, flóðum og annarri vá.

4.14.4 Á vegum Almannavarna ríkisins og almannavarnanefnda verði þjálfaðir vettvangsstjórar, minnst einn fyrir hvert almannavarnahérað, og síðan einn fyrir hverja 1000 íbúa í því. Vettvangsstjóri verði fær um að stjórna aðgerðum opinberra aðila og hjálparliðs á skaðasvæði og samræma þær. Hann fái þjálfun í, auk þess sem greint er frá í 4.14.3, vörnum gegn eiturefnum, sýklavörnum, forystu, hreinsun eiturefna og skipulagi og stjórn æfinga.

4.14.5 Á vegum Almannavarna ríkisins verði síðan þjálfaðir tækniráðgjafar, sem verði stjórn almannavarna í héraði til aðstoðar við heildarstjórn almannavarna í meiri háttar vá.

FRÆÐSLUÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Flokksstjóri sbr. 4.14.2	**Björgunarstjóri sbr. 4.14.3**	**Vettvangsstjóri sbr. 4.14.4**	**Tækniráðgjafi sbr. 4.14.5**
Áætluð tímalengd = breytileg	Áætluð tímalengd = 12 tímar	Áætluð tímalengd = 20 tímar	Áætluð tímalengd = 14 dagar
Björgunar- og ruðningsstörf Fjöldahjálparstörf Fjarskipti — merki Stórslysahjálp Sjúkraflutningar Eldvarnir Lögreglunám Annað sérnám	Lög og reglugerðir Umdæmisskipan almannavarna Neyðarskipulag AV. Samstarfssamningar Snjóflóðavarnir Jarðskjálftavarnir Brottflutningur Eldgosavarnir	Vettvangsstjórn Geislavarnir Gasvarnir Sýklavarnir Geislamælingar Forystuþjálfun Mengun — vökvar og eiturefni Skipulag æfinga	Nám við almannavarnaskóla á Norðurlöndum
Í höndum samstarfsaðila AV.	AV-sveitarfélaga	AV-sveitarfélaga + AV-rík	Almannavarnir ríkisins
Öðlast rétt til að hefja nám til björgunarstjóra.	Veitir rétt til að starfa sem björgunarstjóri í hjálparliðasveitum almannavarna. Má jafnframt hefja nám til vettvangsstjóra.	Má starfa sem vettvangsstjóri í starfssveitum AV. Hæfur til að fá þjálfun sem tækniráðgjafi.	Starfar sem tæknilegur fulltrúi lögreglustjóra við störf að almannavörnum.

4.15 Búnaður hjálparliðs.

4.15.1 Búnaður íslenskra björgunarsveita byggist ekki á starfsemi að almannavörnum nema að hluta til. Er því nauðsynlegt að þær verði styrktar með þeim sérstaka búnaði, sem nauðsynlegur er til vinnu á hamfarasvæðum. Byggist búnaðurinn á:

1) Flokka- og einstaklingsbúnaði.
2) Áhaldasamstöðu fyrir hvert almannavarnahérað sbr. skrá í fylgiskjali III.
3) Birgðasamstöðu fyrir hvert kjördæmi landsins sbr. skrá í fylgiskjali IV.

4.15.2 Flokka- og einstaklingsbúnaður björgunar- og hjálparliðs í almannavörnum er samsafn af:

1) Sérstökum hlífðar- og öryggisfatnaði fyrir hvern mann í hjálparliðaflokki og sérstökum verkfærum, sjúkrabúnaði og björgunartækjum, sem hver 10 manna flokkur ber með sér og er skipt niður á liðsmenn flokksins.

4.15.3 Áhaldasamstæða fyrir hvert almannavarnahérað er sett saman af margháttuðum öryggis- og hjálpartækjum, sem komið er fyrir á sérstökum vagni eða í gámi, sem flytja má inn á hættusvæði á neyðartímum.

4.15.4 Birgðasamstæða kjördæma er að lokum safn af ýmsum vélbúnaði, sem þarf til lýsingar og til að brjótast inn í rústir o. þ. h., sem einnig er komið þannig fyrir að auðvelt sé að flytja hann á milli staða.

4.16 Stjórnstöðvar.

4.16.1 Í umdæmum, sem heyra undir sama lögreglustjóra, er rétt að komið verði upp sameiginlegri stjórnstöð almannavarnanefnda í umdæminu. Eðlilegt er að uppsetning slíkra stjórnstöðva sé samvinnuverkefni almannavarnanefnda, björgunarsveita og lögreglu þeirra umdæma, sem um ræðir, enda ekki raunhæft að dreifa kröftum og fé til þeirra hluta.

4.16.2 Nefndin bendir á að æskilegt er að stjórnstöðvum sé komið fyrir í sterkbyggðu húsnæði og að þær séu búnar varaorku, þeim fjarskiptatækjum, sem notuð eru í umdæminu, og nauðsynlegum vinnugögnum. Lágmarks fjarskiptabúnaður er:

1) Beinar símalínur til landssímastöðvar, lögreglustöðvar, sjúkrahúss og annarra mikilvægra stöðva að mati almannavarnanefndar.
2) Að minnsta kosti 5 símum á almenna símakerfinu.
3) SSB HF talstöð til notkunar á tíðnunum 2790 KHz, 2833 KHz, 2854 KHz, 2182 KHz og 2912 KHz.
4) VHF talstöðvarkerfi Almannavarna.
5) VHF talstöðvarkerfi björgunarsveita.
6) VHF og UHF talstöðvarkerfum annarra stofnana og félaga í umdæminu.
7) CB talstöð með þeim tíðnum, sem notaðar eru í umdæminu.

Lágmarksvinnugögn eru:

1) Neyðarskipulag Almannavarna í umdæminu.
2) Kort yfir viðkomandi lögsagnarumdæmi í mælikvörðum 1:250 000, 1:100 000 og 1:50 000 a. m. k., auk eintaks af öllum uppdráttum byggðra svæða með vega- og götuheiti, byggingum og bæjum ásamt bæjarnöfnum. Auk þess aðal- og deiliskipulagsuppdrætti skipulagsskyldra byggða í héraðinu.
3) Uppdrættir (teikningar) að skólum, samkomuhúsum, gistihúsum, sjúkrahúsum og stærri verksmiðjum í umdæminu.

4.17 Birgðasöfnun.

4.17.1 Birgðasöfnun og birgðahald er eitt af höfuðverkefnum almannavarnanefnda í sveitarfélögum. Er til þess ætlast að þær reki birgðastöðvar þar sem unnt sé að ganga að lágmarks öryggisbirgðum á sviði bráðabirgðaviðlegu í fjöldahjálparstöðvum, matargjafa, sjúkraflutninga og legu fyrir sjúka í bráðabirgðahúsnæði, t. d. í skólum og samkomuhúsum.

Nefndin telur að sveitarfélög eigi að kappkosta að koma slíkum birgðum á fót, þannig að þau geti veitt a. m. k. 10% af íbúum sínum bráðabirgðaskjól og viðurværi í vikutíma án aðstoðar annars staðar frá.

4.18 Kostnaður við eflingu almannavarna í sveitarfélögum.

4.18.1 Ekki er sett fram kostnaðaráætlun vegna eflingar almannavarna í sveitarfélögum, þar sem mismunandi aðstæður og möguleikar til að ná sömu markmiðum eru svo fjölbreytilegir milli landsvæða og staða, að ógjörningur er að setja fram heildaráætlun um slíkt.

Fylgiskjal I.

ALLSHERJARVARNIR

Allsherjarvarnir.

Með hugtakinu allsherjarvarnir er átt við samræmda áætlun um viðbrögð, samvinnu og verkefni allra aðila innan ríkisins við hvers konar vá, fyrst og fremst hernaðarvá, er steðjað getur að viðkomandi ríki.

Landvarnaraðilar, Almannavarnir, forsvarsaðilar atvinnulífs, skóla, útvarps, blaða, heimila og yfirleitt allir, sem reynt getur á í þessu sambandi, samræma aðgerðir og gera áætlanir þar sem reynt er fyrirfram að koma í veg fyrir mistök og rangar ákvarðanir.

Á Norðurlöndum, þar sem slíkt skipulag hefur verið við lýði mjög lengi, er hlutverkum sérstaklega skipt á milli hernaðarlegra og borgaralegra yfirvalda.

Í Noregi er þessu t. d. komið fyrir á eftirfarandi hátt:

Hervarnir	**Borgaralegur viðbúnaður**
Landher	Stjórnsýsluviðbúnaður
Sjóher	Heilbrigðis/hollustuviðbúnaður
Lofther	Upplýsinga/fræðsluviðbúnaður
Heimavarnarlið	Lögregla
Sameiginlegar stofnanir	Hagvarnir
	Almannavarnir

Nánar má sjá verkefnaskiptingu á borgaralegum viðbúnaði í Noregi sem dæmi í meðfylgjandi töflu hér á eftir.

BORGARALEGUR ÞÁTTUR NORSKA ALLSHERJARVARNAKERFISINS

Hluti af borgaralegum viðbúnaði	Á friðartímum eru þessi styrjaldarverkefni undirbúin:	Undirbúningur felst m. a. í:	Ábyrgt yfirvald	Einkaaðilar sem bera ábyrgð	Samræmd ábyrgð
Stjórnsýsluviðbúnaður	Tryggja að stjórn ríkis og sveitarfélaga geti leyst verkefni sín.	Lög og reglur um stjórnsýslu, undirbúningur styrjaldarskipulags, val og þjálfun á starfsfólki, bygging sprengjuheldra starfsstöðva til afnota í styrjöld með fjarskiptamöguleikum	Einstök ráðuneyti fylki, sveitarfélög	Farskipaútgerðin (N. Rederforbund) Olíufélög Virkjanir Bankar Iðnaðarfyrirtæki	
Hagvarnir	Skynsamleg nýting allra auðlinda þannig að þörf allsherjarvarnakerfisins og almennings fyrir vörur og þjónustu verði fullnægt.	Birgðir, framleiðsla, dreifing, skömmtun, vinnuafl, flutningur, fjarskipti, byggingarefni og viðbúnaður til bráðabirgðabygginga, fjármögnun.			
Almannavarnir	Skýling og verndun almennings	Brottflutningur í styrjöld, aðvörunargjöf og fjarskipti, loftvarnarbyrgi, útbúnaður og æfingar á hjálparliði, upplýsingar.	Borgaralega viðbún. stofnunin	Húsbyggjendur Iðnaðarfyrirtæki	Borgaralega viðbún. stofnunin
Lögregla	Tryggja lög og reglur. Koma í veg fyrir hefndar- og skemmdarverk.	Æfing og útbúnaður 4500 manna varaliðs lögreglu.	Dómsmálaráðuneyti		
Heilbrigðis/-hollustuviðbúnaður	Tryggja heilsu almennings og heilbrigði.	Aukning sjúkrarýmis (húsnæði, starfslið, áhöld)	Heilbr. ráðuneyti	Sjúkrahús Vatnsveitur	
Upplýsinga/fræðsluviðbún.	Upplýsingar til almennings.	Uppsetning fréttastofu ríkisstjórnarinnar í styrjöld — opinber upplýsingagjafi í stríði.	Forsætisráðun. og ríkisútv.	Norska fréttastofan. Dagblöð.	

Fylgiskjal II.

ALMANNAVARNIR ANNARRA NORÐURLANDA

Danmörk:

Í Danmörku heyra almannavarnir undir innanríkisráðuneytið, og er stjórn þeirra í höndum „Civilforsvarsstyrelsen".

Almannavarnir eru hluti af „Det Civile Beredskap" (Almenns viðbúnaðar), sem að öðru leyti skiptist í stjórnarviðbúnað, efnahagslegan viðbúnað, lyfjaviðbúnað, upplýsingaviðbúnað og hollustuviðbúnað.

Meginverkefni almannavarna eru að bjarga mannslífum, veita aðstoð og líkn þeim, sem slasast hafa og hamla gegn tjóni á eignum og verðmætum.

Skipting verkefna milli ríkis og sveitarfélaga er sem hér segir: „Civilforsvarsstyrelsen" annast skipulag og viðbúnað ríkisins á sviði almannavarna, sér um að lögum og reglugerðum sé framfylgt og hefur eftirlit með að almannavarnir sveitarfélaga séu skipulagðar. Síðast, en ekki síst, fer „Civilforsvarsstyrelsen" með stjórn, uppbyggingu og þjálfun hreyfanlegra hjálparsveita (Civilforsvarskorpset) almannavarna.

Á ófriðartímum kemur „Civilforsvarsstyrelsen" á fót landsstjórn ásamt tveimur landshlutastjórnum, sem ætlað er að fara með yfirstjórn á starfsemi almannavarna í landinu. Stjórnað er frá neðanjarðarstjórnstöðvum í 7 umdæmum, sem landinu er skipt í, og fer „Civilforsvarsstyrelsens" landsstjórn með samræmda stjórn. Jafnframt er landinu skipt í tvö meginsvæði sem eru eystri og vestri hluti.

Almannavörnum sveitarfélaga er skipt í tvö stjórnunarsvið, sem eru málefni sveitarfélaga annars vegar og málefni ríkisins hins vegar.

Sveitarstjórn annast úrlausn verkefna sveitarfélaga, en lögreglustjóri fer með verkefni ríkisins.

102 sveitarfélög hafa verið skipulögð með almannavarnir og í hverju þeirra starfa almannavarnanefnd með borgarstjóra eða sóknarráðsformann sem formann. Formaður almannavarnanefndar útnefnir stjórnanda almannavarna. Á friðartímum skipuleggur hann uppbyggingu og starfsemi hjálparþjónustu viðkomandi svæðis, en á ófriðartímum er hann tæknilegur stjórnandi hennar. Bæði lögreglustjóri og stjórnandi hjálparliðs eiga sæti í almannavarnanefnd.


Meginverkefni almannavarna sveitarfélaga eru:

1. Skipulag og þjálfun hjálparliðs á sviði:
   — brunavarna
   — björgunar- og ruðningsþjónustu
   — tækniþjónustu
   — fjöldahjálparþjónustu
   — fjarskiptaþjónustu
2. Bygging og rekstur opinberra öryggisbyrgja.
3. Eftirlit með einkavörnum og iðnaðarvörnum.


Verkefni lögreglustjóra viðkomandi umdæmis eru:

— viðvaranir innan umdæmis
— brottflutningur
— lokun svæða
— verndun, gæsla og merkjaþjónusta

Friðartímaskipulag



Hernaðarskipulag



Viðvörunarkerfi:

Viðvörunarkerfi í Danmörku er þrenns konar. Í fyrsta lagi eru um 700 loftvarnaflautur uppsettar í bæjum og borgum víðs vegar um landið. Því næst eru um 1600 sírenur tiltækar á bíla, sem aka fyrirfram ákveðnar leiðir. U. þ. b. 3000 menn hafa verið þjálfaðir til þeirra starfa. Að lokum er gert ráð fyrir að ákveðin svæði verði aðvöruð með kirkjuklukkum (4 hæg slög með ½ mín. þögn á milli, endurtekin í 15 mín.). Gerðar hafa verið ráðstafanir til að tryggja afnot af liðlega 1900 kirkjum til þessara nota og hafa jafnmargir kirkjuverðir verið þjálfaðir til slíkra starfa.

Öryggisbyrgi:

Frá árinu 1959 hafa verið í gildi reglur, sem kveða á um að í húsum þar sem fleiri en 2 fjölskyldur eða yfir 10 manns búa skuli innrétta öryggisbyrgi til afnota fyrir íbúa hússins. Viðkomandi húseigandi ber kostnað af byggingu og búnaði byrgisins.

Í dag eru tiltæk slík öryggisbyrgi fyrir u. þ. b. 2.8 milljónir íbúa, sem taka má í notkun með sólarhringsfyrirvara. Einnig eru byggð opinber öryggisbyrgi, sem fyrst og fremst eru hugsuð fyrir þá sem eru á ferð um viðkomandi umdæmi, eða þá, sem flytja þarf brott á milli umdæma. Í dag eru tiltæk fullbúin opinber byrgi fyrir u. þ. b. 249 þús. manns, en því til viðbótar er vitað um rými fyrir u. þ. b. 282 þús. manns, sem hefur ekki verið útbúið né innréttað samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar eru til öryggisbyrgja.

Opinber öryggisbyrgi eru fjármögnuð af hinu opinbera og er fjárveiting til þeirra verkefna á fjárlögum „Civilforsvarsstyrelsen".

Fyrir árið 1983 voru veittar 300 000 d.kr. til byggingar opinberra öryggisbyrgja. Athygli vekur að þessi liður hefur verið lækkaður mikið frá fyrri árum.

Samkvæmt ofansögðu eru tiltæk öryggisbyrgi fyrir u. þ. b. 3.4 milljónir íbúa, en áætluð skýlisþörf er talin vera fyrir u. þ. b. 4.4 milljónir.

Brottflutningur — tilflutningur:

Íbúar munu því aðeins verða fluttir brott í Danmörku, að ekki sé unnt með viðunandi öryggi að skýla þeim fyrir aðsteðjandi árás.

Brottflutningsþjónusta almannavarna hefur það verkefni að flytja almenning burt frá árásar- eða skaðasvæðum með sem öruggustum hætti.

Brottflutningur heyrir undir lögreglustjóra viðkomandi umdæmis samkvæmt lögum um almannavarnir og getur hann fyrirskipað brottflutning. Sú skylda hvílir á umdæmi, sem flutt er til, að sjá um að taka á móti, hýsa og veita almenna þjónustu þeim sem fluttir eru brott. Hinn almenni borgari er jafnframt skyldugur að taka við flóttafólki samkvæmt ákvörðun yfirvalda.

Hjálparlið:

Hjálparliði almannavarna í Danmörku er skipt í tvo meginflokka, sem eru:

a) Hjálparlið á vegum sveitarfélaga, en í slíkum hjálparsveitum eru nú um 65 000 manns og hafa þeir verkskyldum að gegna á sviði:
   — brunavarna
   — tæknimála
   — björgunarþjónustu
   — ruðningsþjónustu
   — fjöldahjálparþjónustu
   — merkja- og fjarskiptaþjónustu

   Hjálparlið viðkomandi sveitarfélags er undir stjórn viðkomandi almannavarnanefndar.

b) Hreyfanlegar hjálparsveitir (Civilforsvarskorpset), en þær sveitir eru í stöðugri þjálfun og ávallt tiltækar til aðstoðar hvort heldur á friðar- eða stríðstímum. Sveitum þessum er skipt í 8 fylki og 3 deildir, sem staðsett er víðsvegar um Danmörku. Um það bil 13 000 manns eru í þessum sveitum, þar af u. þ. b. 325 fastráðnir. Sveitir þessar eru undir stjórn „Civilforsvarsstyrelsen" og eru fyrst og fremst hugsaðar til aðstoðar hjálparliði sveitarfélaga.

Þjónustuskylda:

Samkvæmt dönsku almannavarnalögunum er borgaraleg skylda þeirra, sem eru 16—65 ára, að gegna starfi í þágu almannavarna. Undanþegnir eru þeir, sem gegna herskyldu. Samkvæmt 31. gr. almannavarnalaganna er jafnframt heimilt að kveðja menn til þjálfunar í 1 mánuð í þjálfunarbúðum og eftir það í 50 tíma á ári í tvö ár. Að meiri hluta eru þeir, sem starfa í hjálparliði sveitarfélaga, u. þ. b. 37 000 manns, þjálfaðir með þessum hætti og kallast þeir „værnepligtige" (gr. 30).

Þjálfun — fræðsla:

Þjálfun er á sama hátt og hjálparliði skipt í eftirfarandi tvo meginflokka:

a) Þjálfun hjálparliðs sveitarfélaga í eftirtöldum greinum:
— brunavörnum
— björgunar- og ruðningsstörfum
— tæknistörfum og stjórnunarstörfum
— fjöldahjálparstörfum
— merkja- og fjarskiptaþjónustu

Grunnþjálfun tekur 1 mánuð, sem síðan er fylgt eftir með 50 tíma þjálfun á ári í tvö ár.

b) Þjálfun manna í hreyfanlega hjálparsveit (Cicilforsvarskorpset) fer fram við sérstaka þjálfunarskóla í Bernstorff Slot í Kaupmannahöfn og í Næstved á Sjálandi. Þjálfun stendur í 8 mánuði, þar af stendur grunnþjálfun í 4 mánuði og sérþjálfun í aðra 4. Að jafnaði eru u. þ. b. 400 menn kallaðir inn til slíkrar þjálfunar á 4 mánaða fresti, og fá þeir greidd laun meðan á þjálfun stendur, ca. 8 000 pr. mán.

Í Danmörku eru nú reknir 6 þjálfunarskólar á vegum almannavarna, þ. e. 4 til þjálfunar á hjálparliðum samkvæmt 31. grein og 2 til þjálfunar á hreyfanlegum hjálparsveitum. Til fræðslu og þjálfunar er varið á yfirstandandi ári 73.3 milljónum d.kr., sem skiptist þannig:

Til þjálfunar færanlegra hjálparsveita	13.9 milljónir
Til þjálfunar í sjúkraflutningum	8.4 milljónir
Til þjálfunar í sveitarfélögum	36.1 milljónir
Til þjálfunar samkvæmt 31. grein	15.0 milljónir

Birgðir — búnaður:

Danska ríkið leggur til megnið af þeim búnaði, sem tiltækur er í þágu almannavarna. Meginuppistaðan í þeim búnaði er í vörslu „Civilforsvarskorpset", en jafnframt hafa sveitarfélög birgðir í sinni vörslu, einkum slökkvibúnað og sjúkraliðsbúnað.

„Civilforsvarskorpset" hefur yfir að ráða u. þ. b. 1200 ökutækjum, og af þeim eru að meiri hluta sérstaklega útbúnir fjórhjóladrifsbílar með brunadælum. Þá hafa þeir einnig lausar brunadælur, verkfæravagna, loftpressur, flóðlýsingarbúnað, lyftibúnað o. þ. h. og er allur búnaður miðaður við skiptingu liðs í flokka, sveitir, deildir og fylki.

Á yfirstandandi ári er varið 16.2 milljónum d.kr. til kaupa á búnaði og birgðum og af þeirri upphæð fara 11.0 milljónir til endurnýjunar á búnaði „Civilforsvarskorpset".

Stuðningssamtök:

„Civilforsvars-Forbundet“ er landsfélag áhugamanna um starfsemi almannavarna og er hluti þeirra samtaka konur úr D.K.B. (Danske Kvinders Beredskab). Deildir félagsins starfa í öllum lögsagnarumdæmum og hafa það markmið að efla skilning hins almenna borgara á starfi almannavarna, veita stuðning við einkavarnir og ýta undir starfsemi sjálfboðaliðs í þágu almannavarna.

„Civilforsvars-Forbundet“ fær á yfirstandandi ári 1983 3.6 millj. í framlag frá danska ríkinu.

Fjárveitingar til almannavarna í Danmörku fyrir árið 1983:

Verkefni	**Fjárhæð í milljónum**
Yfirstjórn almannavarna	28.8
Til þjálfunarskólanna	13.9
Til útbreiðslustarfsemi	1.4
Framlag til stuðningsfélags C. F. F.	3.6
Til almenningsfræðslu	3.1
Til hjálparsveita C. F. korpset	166.4
Til þjálfunar í sjúkraflutningum	8.4
Til þjálfunar í sveitarfélögum	51.1
Endurnýjun á búnaði C. F. korpset	11.0
Til almannavarnaumdæma	8.2
Til opinberra öryggisbyrgja	0.3
Til stjórnstöðva	2.5
Til fjarskiptamála	10.3
Til þjálfunar lögreglu	1.4
Til kaupa á sjúkragögnum	0.8
Til forgangsverkefna	2.9
Til annarra verkefna	0.6
Til kaupa á ýmsum búnaði og tækjum	6.9
Vegna bygginga stjórnstöðva o. fl.	7.6
Samtals D. kr.	329.3

Ein dönsk króna = 2.9 ísl. krónur miðað við gengi dags. 19. okt. 1983.

Noregur:

Norðmenn skipta vörnum sínum í tvo meginflokka, sem eru hervarnir og almennur viðbúnaður. Skiptast þessir flokkar svo þannig:


Hervarnir:	**Almennur viðbúnaður:**
Landher	Stjórnunarviðbúnaður
Sjóher	Heilsugæsluviðbúnaður
Lofther	Upplýsingaviðbúnaður
Heimavarnarlið	Efnahagslegur viðbúnaður
	Löggæsla
	Almannavarnir

Skilgreining milli almenns viðbúnaðar (Sivilt Beredskap) og almannavarna (Sivil Forsvar) er sem hér segir:

Almennur viðbúnaður nær yfir allan viðbúnað, sem framkvæma þarf til að skapa þjóðfélaginu möguleika á sem öflugastri mótstöðu gegn utanaðkomandi árás, og um leið að vernda líf, eignir og verðmæti.

Verkefni almannavarna er hins vegar að hamla gegn manntjóni og slysum á hinum almenna borgara og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur.

Almannavörnum í Noregi er stjórnað af „Direktoratet for sivilt beredskap", en það heyrir aftur undir dóms- og löggæslumálaráðuneytið norska (sjá meðfylgjandi skipurit).



Almannavörnum í Noregi er skipt upp í 18 fylki. Er fylkismaður yfirstjórnandi almannavarna, hver í sínu fylki. Hann hefur sérþjálfað starfslið sér til aðstoðar á neyðartímum og sérstakt húsnæði (stjórnstöð) til samræmingar og stjórnunar.

Áðurnefndum 18 fylkjum er síðan skipt upp í 53 svæði, sem eru undir stjórn lögreglustjóra viðkomandi svæðis. Innan þessara 53 svæða eru síðan skipulagðar almannavarnir (Lokal Sivilforsvar) á 108 stöðum (þéttbýlisstöðum).

Þá eru 14 svokallaðar fjarhjálparstöðvar (fjernhjelpekolonner) dreifðar um landið og er hlutverk þeirra að koma til aðstoðar í bæjum og byggðum eftir þörfum hverju sinni. Sveitir þessar eru undir stjórn viðkomandi fylkismanns.

Viðvörunarkerfi:

Viðvörunarkerfi þau sem notuð eru í Noregi eru svipaðrar gerðar og sett hafa verið upp í Reykjavík, Kópavogi og á Seltjarnarnesi. Hefur verið komið upp 1750 slíkum flautum í bæjum og borgum. Er mögulegt að koma viðvörun til u. þ. b. 60% af íbúum Noregs. Sá hluti þjóðarinnar, sem ekki heyrir í viðvörunarflautum (einkum í dreifbýli), fær viðvörun með þeim hætti að kirkjuklukkum verður samhringt í 3 × 3 mínútur með einnar mínútu þögn á milli. (Sem þýðir: Áríðandi tilkynning í útvarpi).

Öryggisbyrgi:

Öryggisbyrgjum í Noregi er skipt í tvo meginflokka, sem eru opinber skýli og einkaskýli. Einkaskýli eru þau nefnd, sem byggð eru af einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum og ætluð til afnota fyrir fjölskyldu eða starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Slík skýli eru byggð á kostnað viðkomandi. Opinber skýli eru hins vegar fjármögnuð og byggð af hinu opinbera (ríki ⅔ hlutar og sveitarfélag ⅓ hluti).

Varðandi einkaskýli er meginreglan sú að byggja skal skýli í húsnæði sem er yfir 150 m^2 að stærð. (Undantekin eru þó íbúðarhús, dagvistarstofnanir, bensínstöðvar og útihús).

Flest skýli í Noregi eru notuð til annarra þarfa á friðartímum, s. s. ráðstefnusalir, kvikmyndahús, sundlaugar o. þ. h., en skylt er að hægt sé að taka það í notkun innan sólarhrings ef þörf krefur.

Í dag eru tiltæk skýli fyrir 1.9 milljón íbúa í Noregi og skiptast þau þannig: 65% af skýlisrými er sprengt inn í fjöll, 30% eru í kjallarahúsnæði og 5% í sérbyggðu steinsteyptu húsnæði.

Frá árinu 1948 hafa Norðmenn varið u. þ. b. 4—5 milljörðum norskra króna til bygginga öryggisbyrgja og halda áfram á sömu braut.

Upplýsingar um opinber öryggisbyrgi, staðsetningu og stærð er að finna í símaskránni norsku.

Brottflutningur:

Flutningi fólks á hættutímum er skipt í tvo flokka í Noregi, þeir eru brottflutningur og stríðsflutningur.

Fólk er flutt brott samkvæmt lögum um almannavarnir og er gert ráð fyrir að flytja fólk frá aðsteðjandi hættu eða illa útleiknum svæðum til öruggari staða.

Stríðsflutningur er hins vegar framkvæmdur með stoð í herlögum og samkvæmt ákvörðun herstjórnar.

Norðmenn gera ráð fyrir að flytja fólk brott frá þéttbýlissvæðum til fyrirfram ákveðinna svæða, ef þörf krefur og hafa þeir nákvæmt skipulag þar um.

Hjálparlið:

Almannavarnir í Noregi hafa yfir að ráða þjálfuðu liði sem er liðlega 75000 manns.

Lið þetta skiptist sem hér segir:

Fjarhjálparsveitir	10500 manns
Staðbundnar hjálparsveitir	44500 manns
Fyrstu-hjálparsveitir	11000 manns
Skýlisþjónusta	3200 manns
Brottflutningssveitir	6750 manns
	75950 manns

Til viðbótar framanskráðu eru síðan um 35000 menn skráðir í svokallaðar iðnaðarvarnir og ca 3500 í almannavarnir járnbrautanna.

Þjónustuskylda:

Menn eru skyldir að sinna almannavörnum í Noregi. Helstu ákvæði um þjónustuskyldu eru sem hér segir:

Sjálfboðaliðar á aldrinum 16—18 ára.

Almenn þjónustuskylda á aldrinum 18—65 ára (þá kallaðir til starfa).

Þjónustuskylda í einkavörnum 65 ára og eldri.

Undanþegnir þjónustuskyldu er fólk í mikilvægum stöðum hvort heldur hjá því opinbera eða einkafyrirtækjum, svo og konur með barn/börn undir 10 ára aldri.

Þjálfun — fræðsla:

Þjálfun er skipt í þrjú stig, sem eru:

1. Grunnþjálfun.
2. Sérhæfð þjálfun.
3. Þjálfun fyrir starfslið stjórnstöðva. (Fylkismanna).

Tímalengd þjálfunar er á bilinu 3 dagar til 2 vikur og eru menn kallaðir inn til þjálfunar fljótlega eftir að 18 ára aldri er náð og þá samkvæmt úrtaki úr þjóðskrá.

Grunnþjálfun og sérhæfð þjálfun fer fram í umdæmisskólum, en þeir eru 5 að tölu víðs vegar í Noregi. Þjálfun starfsliðs stjórnstöðva (Fylkismanna) fer hins vegar fram við fræðslumiðstöðina (Sentralskolen) í Heggedal í Asker-kommune, skammt frá Ósló.

Endurþjálfun alls hjálparliðs almannavarna fer fram með 4 ára millibili á 3—5 daga námskeiðum.

Á árinu 1983 eru veittar 14.5 milljónir N. kr. til þjálfunar og æfinga á sviði almannavarna.

Birgðir — búnaður:

Birgðasöfnun og birgðahald er mest á vegum „Direktoratet for Sivilt Beredskap“ og ber þar helst að nefna slysabúnað af mjög fullkominni gerð, sjúkrabörur, bifreiðar, slökkvibúnað og björgunarbúnað fyrir hjálparlið. Jafnframt eru birgðir í eigu einstakra sveitarfélaga og þá einkum í formi björgunarliðsbúnaðar og slökkvibúnaðar.

Birgðir í eigu almannavarna í Noregi eru áætlaðar að verðmæti um 300 milljónir N. kr. og árlega er varið 11—12 milljónum til kaupa á búnaði.

Stuðningsfélög:

Í Noregi er starfandi áhugamannafélag um málefni almannavarna (Norges, Silvilforsvarsforbund). Félag þetta er einkum ætlað fyrir þá sem eru á þjónustuskyldualdri og eru helstu markmið félagsins sem hér segir:

— að upplýsa almenning um uppbyggingu og starf almannavarna.
— að standa fyrir upplýsinga- og fræðslufundum, sem miða að því að þjálfa menn enn frekar.
— að með þrýstingi á stjórnvöld sé leitast við að efla skilning á mikilvægi almannavarna og fjárþörf.
— að skapa aðstöðu til að hitta vini og samstarfsmenn á sviði almannavarna og ræða sameiginleg áhugamál.

Norges Sivilforsvarsforbund hlýtur fjárframlag frá ríkinu og er sú fjárhæð 170 þús. norskar krónur fyrir árið 1983.

Fjárveitingar til almannavarna í Noregi fyrir árið 1983:

Verkefni	**Fjárh. í þús. N. kr.**	**%**
Yfirstjórn almannavarna	78 701	49.20
Til upplýsingamála	1 200	0.70
Stuðningsfélag S. F. F.	170	0.10
Viðvörunarkerfi	10 099	6.30
Öryggisbyrgi — opinber	20 076	12.60
Vegna brottflutningsmála	391	0.20
Til kaupa á gasgrímum-síum	818	0.51
Vegna almenningsnámskeiða	502	0.32
Til fyrstu-hjálparsveita	115	0.07
Til hjálparsveita sveitarfélaga	35 970	22.40
Til fjarhjálparsveita	12 195	7.60
Samtals N. kr.	160 237	100.00


Ein norsk króna = 3.8 ísl. krónur miðað við gengi dags. 19. okt. 1983.

Svíþjóð:

Í Svíþjóð er það „Civilförsvarsstyrelsen“, sem fer með yfirstjórn almannavarna fyrir hönd ríkisins. Meginverkefni hennar er að skipuleggja heildarviðbúnað almannavarna og sjá um að lögum og reglugerðum sé fylgt.

Höfuðstöðvar „Civilförsvarsstyrelsen“ eru í Karlstad og starfa þar u. þ. b. 200 fastráðnir starfsmenn. Enn fremur starfa 400 starfsmenn við skóla og skipulagsskrifstofur víða um landið.

Skipulag „Civilförsvarsstyrelsen“ er sýnt á eftirfarandi skipuriti:



SKIPURIT ÞETTA GILDIR FYRIR STARFSEMI Á FRIÐARTÍMUM

Á ófriðartímum er það „Civilförsvarsstyrelsen“ sem fer með yfirstjórn og sér um samræmingu við aðrar greinar allsherjarvarna.

Mikilvægasti tengiliður „Civilförsvarsstyrelsen“ úti um landsbyggðina er „Civilbefälhaveren“ (CB).

Svíþjóð er skipt í sex almannavarnaumdæmi, með 14 lén í hverju umdæmi, og í hverju einstöku umdæmi er það CB sem fer með stjórn almannavarna.

Í hverju léni er það herstjórn lénsins, sem samræmir þann hluta allsherjarvarna, sem fellur að almannavörnum. Lénum er síðan skipt upp í almannavarnasvæði, og eru þau 100 í dag.

Á hverju almannavarnasvæði er síðan útnefndur stjórnandi björgunarstarfs (Civilförsvarschef), venjulega lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri. Civilförsvarschef starfar aðeins á neyðar- og hættutímum.

Viðvörunarkerfi:

Viðvörunarkerfi sömu tegundar og á Íslandi eru á u. þ. b. 200 þéttbýlissvæðum í Svíþjóð.

Viðvörun er stjórnað frá eftirlitsstöð almannavarna, eftir að tilkynning um hættu hefur borist frá loftvarnastöð flughersins.

Jafnframt eru símar í stærri borgum tengdir þannig að unnt er að gefa viðvörun með þeim. U. þ. b. 2 milljónir síma eru tengdir þannig.

Öryggisbyrgi:

Í Svíþjóð eru bæði einkaskýli og opinber skýli. Mismunur þeirra er, að einkaskýli er það kallað, sem byggt er til einkanota eingöngu og eru slík skýli fjármögnuð af þeim, sem byggir viðkomandi skýli, en þeir fá þó umframkostnað vegna þess greiddan.

Opinber skýli eru hins vegar fjármögnuð af hinu opinbera.

Helstu tegundir skýla eru: kjallararými (sérstyrkt), hvelfingar sprengdar í fjöll og kletta og svo sérbyggð sjálfstæð skýli (steinsteypt).

Allflest skýli eru notuð sem geymslur, tómstundahúsnæði o. þ. h. á friðartímum, en húseigandi ber ábyrgð á að viðkomandi húsnæði sé tilbúið til hernaðarnota með tveggja sólarhringa fyrirvara.

Áætluð skýlisþörf í Svíþjóð er talin vera fyrir 7.8 milljón manns. Í dag eru tiltæk 55 þúsund skýli fyrir u. þ. b. 6 milljónir manna. Á næstu 5 árum er gert ráð fyrir að byggð verði skýli fyrir 725000 manns.

Á yfirstandandi ári eru veittar 364 milljónir sænskra króna til öryggisbyrgja, þ. e. til nýbygginga.

Brottflutningur — tilflutningur:

Árið 1980 breyttu Svíar fyrri áætlunum sínum um brottflutning þannig að framvegis gera áætlanir ráð fyrir að brottflutningur verði takmarkaður eins og unnt er og því aðeins framkvæmdur að um styttri vegalengdir sé að ræða.

Í stað brottflutnings er nú lögð áhersla á jafnvægi milli íbúatölu og skýlisrýmis og verður brottflutningi því aðeins beitt að ekki séu tiltæk skýli fyrir alla íbúa á viðkomandi svæði.

Hjálparlið:

Almannavarnir í Svíþjóð hafa yfir að ráða þjálfuðu liði, sem í er liðlega 300000 manns. Lið þetta skiptist sem hér segir:

Umdæmissveitir, til aðstoðar almannavörnum sveitarfélaga eru samtals 718 fylki og eru í hverju fylki 90 menn, samtals ca 65000 manns. Umdæmissveitum þessum er skipt niður í þrjá meginflokka sem eru:

— brunavarnir
— björgunarþjónusta
— slysa- og sjúkraþjónusta

Auk þess eru um 1000 manns í sjálfboðaliðssveitum flugmanna.

Umdæmissveitir lúta stjórn lénsstjórnar.

Staðbundnar hjálparsveitir (lokal civilförsvar)

Hjálparsveitum almannavarna sveitarfélaga er í meginatriðum skipt upp í eftirtaldar greinar:

Stjórnunarsvið	ca 45000 manns
Björgunarsvið	ca 40000 manns
Brunavarnasvið	ca 55000 manns
Sjúkraþjónustu	ca 40000 manns
Mælingasvið	ca 20000 manns
Verndunar- og gæslusvið	ca 36000 manns
	Ca 236000 manns

Auk þessa hafa allar stærri opinberar stofnanir og einkafyrirtæki sitt eigið hjálparlið, ef þau hafa í vinnu 100 manns eða fleiri.

Í dag eru 1200 slíkar stofnanir með eigið hjálparlið, u. þ. b. 65000 manns.

Þjónustuskylda:

Allir borgarar á aldrinum 16—65 ára eru skyldugir til vinnu í þágu almannavarna að undanskildum þeim sem þegar gegna starfi í þágu allsherjarvarna.

Innköllun til starfa fer fram á lénsskrifstofum og leiðir ýmist til beinnar þjálfunar við undirbúningsstörf á vegum almannavarna, eða þá að þjálfun miðast við síðari tíma störf á ófriðartímum.

Þjálfun — fræðsla:

Þjálfun er skipt upp í sömu megingreinum og hjálparsveitum sveitarfélaga og eru:

— stjórnun — starfslið stjórnstöðva
— björgunarstörf
— brunavarnir
— sjúkraþjónusta
— mælinga- og tækniþjónusta
— verndunar- og gæslustörf

Ofangreind námskeið standa frá einni til fimm vikur og er þeim venjulega skipt í tvær annir. Dagpeningar eru greiddir á námskeiðinu.

Eftir frumþjálfun eru menn kallaðir til endurþjálfunar og æfinga á 2—4 ára fresti. Slík endurþjálfun tekur 2—3 daga.

Fimm þjálfunarskólar eru starfræktir á vegum sænsku almannavarnanna.

Til þjálfunar og æfinga eru veittar 125 milljónir sænskra króna á yfirstandandi ári.

Búnaður:

Almannavarnir ríkis og sveitarfélaga standa fyrir birgðasöfnun og reka birgðageymslur.

Jafnframt er heimild í almannavarnalögum um upptöku eigna og búnaðar í þágu almannavarna á ófriðartímum.

Á árinu 1983 eru veittar 106 milljónir sænskra króna til kaupa á búnaði og birgðum og þar af eru 57 milljónir ætlaðar til kaupa á gasgrímum fyrir almenning, en Svíar leggja mikla áherslu á að eignast gasgrímur og hlífðarfatnað fyrir alla íbúa Svíþjóðar.

Stuðningsfélög:

Í Svíþjóð er starfandi áhugamannafélag um almannavarnir (Sveriges Civilförsvarsförbund) með um 30 000 félögum.

Áhugamannasamtök þessi sem starfa á 170 stöðum vítt og breitt um Svíþjóð hafa það á stefnuskrá sinni að upplýsa almenning um viðbúnað og störf almannavarna með því að dreifa upplýsingum og efni til námskeiða, jafnframt að taka að sér ákveðin störf á neyðartímum, s. s. að úthluta gasgrímum, leiðbeina fólki í skýli, ráðleggja um slysahjálp o. fl.

Fjárveitingar til almannavarna í Svíþjóð fyrir árið 1983:

Verkefni	**Fjárh. í þús. S. kr.**	**%**
Yfirstjórn almannavarna	51.5	14
Til fræðslu og þjálfunar	125.0	33
Til kaupa á ýmsum birgðum (matvæli o. þ. h.)	36.0	10
Til kaupa á tækjum og búnaði	106.1	28
(þar af til kaupa á gasgrímum)	(57.1)	(15)
Vegna bygginga og búnaðar stjórnst.	47.9	13
Útbreiðslustarfsemi	3.8	1
Vegna endurskoðunar umdæmisskipulags	2.7	1
Samt. S. kr.	373.0	100%

Auk þess er framlag til byggingar öryggisbyrgja kr. 363.8 milljónir.

Ein sænsk króna = 3.5 krónur íslenskar, miðað við gengi dags. 19. okt. 1983.

Fylgiskjal III.

ÚTBÚNAÐUR BIRGÐAVAGNS

Útbúnaður birgðavagns:

(komið fyrir í hverju kjördæmi af Almannavörnum ríkisins)

1 véldæla 3“ á hjólum með 3 × 6 m slöngum og sogkörfu
1 austurdæla með 2 × 6 m slöngum
1 brúsi bensín (minnst 20 l)
1 þrífótur (5 m)
1 kaðallykkja (5 m 24 mm)
1 keðja með hringjum á endum (5 m)
1 gripdragi (3 t)
1 vírlykkja (12 mm) með tveimur vírlásum (5 m)
50 m 24 mm manillakaðall
1 logskurðartæki (venjuleg verkstæðisstærð)
1 rafstöðvarvagn (aftanívagn)
3 glóðarluktir, 250 kerta, eða gasluktir með samsvarandi ljósmagni
1 vélknúinn múrbrjótur
10 spannar 80 cm
10 spannar 50 cm
1 fjölvinda (3 t)
10 geislamælar
10 varnardragtir gegn eiturefnum

Fylgiskjal IV.

BÚNAÐUR ÁHALDAVAGNS

Búnaður áhaldavagns í hverju almannahéraði:

4 járnstangir með hnúð (60 cm)
2 gafflar
3 hakar
5 hakasköft (askviður)
3 strákústar
3 spaðar
3 skóflur
3 staurasagir (1.0 m)
3 flettisagir (0.65 m)
6 tjakkar (tannstangar, 5 t)
2 tjakkar (skrúfaðir, 5 t)
3 sleggjur
6 járnfleygar
3 fleygahöldur
10 flatir meitlar (14“)
10 oddmeitlar (14“)
1 viðaröxi
1 rörtöng (Baxho nr. 50 2“)
12 járnsagarblöð
1 boltaklippur (nr. 602 13 mm)
1 skiptilykill (Bacho 86 610 mm)
3 slaghamrar (1 kg)
1 samstæða krókar f.niðurf.lok
3 vogarstengur
12 fötur (19 l)
1 gripdragi með 20 m vír
4 hælar
3 kastljós (rafhlöður)
3 glóðarljósaluktir, 250 kerta eða gasluktir jafnsterkar
15 handljós (rafhlöður)
3 kastblakkir (24 mm)
1 þreföld kaðalblökk (12 mm) með 30 m manilla
1 sporjárn (1“)
6 lyftitaugar (20 m 16 mm manilla)
1 lyftitaug (50 m 16 mm manilla)
10 björgunarlínur (13 m 10 mm manilla)
1 vírlykkja (12 mm með 2 lásum 5 m)
3 vírlykkjur (6 mm 3.5 m)
2 skrallvindur (lyftikraftur 1350 kg, lyftihæð 1.5 m)
24 járnfleinar 8“
1 pk saumur 6“
1 pk saumur 4“
24 sinklar
12 hornsinklar
12 múrfleinar 6“
12 múrfleinar 4“
3 samstæður tréfleygar 8“ × 4“
3 samstæður tréfleygar 6“ × 4“
6 samstæður tréfleygar 2“ × 6“
6 samstæður tréfleygar 2“ × 4“
3 líflínur (8 mm 30 m)
6 pör gúmmíhanskar
12 börur
24 teppi
2 burðarsegl
1 ístaðsdæla
1 kolsýruslökkvitæki
1 logskurðartæki (á bak) ásamt aukalykkjum
1 asbestteppi
1 útdreginn stigi (útdr. lengd 11 m)
1 þeytidæla með bensínmótor (2“) og 3 stk 6 m slöngum og sogkörfu
1 brúsi f. bensín, minnst 20 l
50 pokar til að geyma verðmæti
30 armbindi fyrir aðstoðarfólk
3 frískloftstæki

BÓKUN OG SÉRÁLIT

Bókun Guðmundar Bjarnasonar.

Í kafla 2.3 í nefndarálitinu er fjallað um annan viðbúnað gegn vá en þann sem fellur undir almannavarnir. Er þar til skilgreiningar notað orðið „allsherjarvarnir“, sem þýðing á hugtakinu „total forsvar“. Með „total forsvar“ er átt við samræmda áætlun borgaralegra og hernaðarlegra yfirvalda gegn hvers konar vá, að jafnaði einkum hernaðarvá.

Verkefni þessarar nefndar er fyrst og fremst að fjalla um eflingu almannavarna í landinu, en ekki um hervarnir. Því vill undirritaður hafa þann fyrirvara, að „allsherjarvarnir“ (total forsvar) er að hans áliti miklu víðtækara hugtak, sem fjallar um annað og meira en hér er tekið til meðferðar og verður því vart heimfært upp á íslenskar aðstæður.

Sérálit Ásmundar Ásmundssonar um allsherjarvarnir.

Í skýrslu nefndarinnar er notað hugtakið „allsherjarvarnir“, sem er þýðing orðanna „total forsvar“ í norsku. Þótt eðlilegt geti talist, að lýsa slíku hugtaki, sem notað er um viðbúnað á sviði öryggismála meðal annarra þjóða, þá er með öllu óeðlilegt, að heimfæra það án fyrirvara upp á íslenskar aðstæður, þar eð öryggismálum okkar er á annan veg háttað en þar. Íslendingar halda ekki her auk þess sem almannavarnakerfi okkar byggist nær eingöngu á sjálfboðnu fólki frá ýmsum hjálpar- og líknarfélögum. Þetta eitt sýnir, að stjórnskipan viðbúnaðar á sviði öryggismála verður að skoða sérstaklega með tilliti til aðstæðna hér á landi. Hugtakið „allsherjarvarnir“ á því aðeins heima í skýrslu þessari vegna upplýsingagildis, en ekki sem rammi utan um umfjöllun, sbr. kafla 2.3.

Þá er rétt að fram komi, að efnisleg umræða um þetta hugtak var afar takmörkuð í nefndinni, eins og skýrslan ber raunar með sér. Sleppa mætti og hugtakinu „allsherjarvarnir“ alls staðar úr texta, án þess að efni skýrslunnar rýrnaði á nokkurn hátt.

Því er gerð tillaga um eftirfarandi breytingar á textanum:

1. Kafli 2.3 heiti: „Annar viðbúnaður“.
   Kafli 2.3.1 heiti: „Hvaða viðbúnaði við vá umfram almannavarnir er ekki sinnt á Íslandi?“
   Kafli 2.3.2 heiti: „Hvaða viðbúnaði við vá umfram almannavarnir er ekki sinnt á Íslandi?“.
2. Í kafla 2.3.2 í annarri línu falla niður setningin „sem eins og fyrr greinir tekur yfir tiltekinn þátt allsherjarvarna“.

Sé kafli 2.3 nú skoðaður að gerðum þessum breytingum, má ljóst vera, að efnislegt inntak hans er í engu rýrt nema hvað hugtakið „allsherjarvarnir“ er fallið út. Því vaknar sú spurning, hvort tilgangurinn með því að fella hugtakið „allsherjarvarnir“ inn í texta nefndarálitsins sé að skapa fótfestu fyrir kerfi á borð við það sem nú er við lýði í Noregi. Þessu gætu því allt eins tengst hugmyndir um stofnun sérstaks íslensks hers og/eða heimavarnaliðs, án þess að forsendur séu skoðaðar nánar. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess, að þótt nú starfi sérstök öryggismálanefnd, sem m. a. fjallar um grundvallarþætti öryggismála, þá hefur ekki verið fallist á að samband yrði haft við nefnd þessa, þrátt fyrir tillögur þar að lútandi, heldur ákveðið að leita til ríkisstjórnarinnar varðandi öryggismál. Engin innlend stofnun, utan Almannavarna, hefur svo vitað sé fengið til umsagnar hugtakið „allsherjarvarnir“.

Með vísan til þess, að mikilvægt er að almennt traust og samkomulag ríki meðal Íslendinga um skipan almannavarna, sem og með vísan til þess að nefndin átti einungis að fjalla um eflingu almannavarna, þá er það óskynsamlegt að taka hér upp nýtt málefni, sem djúpstæður ágreiningur gæti ríkt um meðal landsmanna.

Meðfylgjandi eru bréf til ríkisstjórnar Íslands og svar hennar, sem eru eina sambandið, sem nefndin um eflingu almannavarna, hafði um öryggismál við innlenda aðila.

Þingkjörin nefnd um eflingu almannavarna.

Til ríkisstjórnar Íslands
Hr. forsætisráðherra
dr. Gunnar Thoroddsen
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg.

Reykjavík, 10. nóv. 1982.

Nefnd er kjörin var af Alþingi 1982 til að gera tillögu um eflingu almannavarna hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé vegna starfa nefndarinnar að óska eftir eftirfarandi upplýsingum frá ríkisstjórn Íslands.

1. Telur ríkisstjórnin að einhver hernaðarleg ógnun steðji að Íslandi?
2. Hvert gæti eðli þeirrar hernaðarlegu ógnunar verið?
3. Hvers konar vopnum telur ríkisstjórnin hugsanlegt að beitt yrði gegn Íslandi?

Hin þingkjörna nefnd um eflingu almannavarna telur nauðsynlegt að framangreind atriði séu upplýst af hálfu þar til bærra stjórnvalda til þess að nefndin geti miðað tillögur sínar um eflingu almannavarna við það hættumat sem fyrir hendi er af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Mat af þessu tagi á hernaðarlegri ógn er í öllum nágrannalöndum okkar einn af grundvallarþáttunum, sem skipulag almannavarna og viðbúnaður þeirra er byggður á.

Nefndin telur það ekki vera á sínu verksviði að framkvæma mat af þessu tagi og leitar því til ríkisstjórnarinnar um upplýsingar varðandi þessi efni.

Virðingarfyllst,

Friðrik Sophusson.

Þingkjörin nefnd um eflingu almannavarna.

Ríkisstjórn Íslands
Hr. forsætisráðherra,
Steingrímur Hermannsson,
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu.

Reykjavík, 2. ágúst 1983.

Nefnd sem kjörin var af Alþingi 1982 til að gera tillögur um eflingu almannavarna ritaði þáverandi forsætisráðherra dr. Gunnari Thoroddsen bréf dags. 10. nóvember 1982, varðandi áhættumat vegna hugsanlegrar hernaðarógnunar. Leyfir hin þingkjörna nefnd sér að endurtaka umrætt erindi, en jafnframt að fara þess á leit, að í stað skriflegs svars frá ríkisstjórn Íslands, verði nefndinni gefinn kostur á, að ræða hið áður senda erindi við ríkisstjórnina eða þann fulltrúa hennar sem hún tilnefnir.

F. h. þingkjörinnar nefndar,

Guðjón Petersen,
ritari nefndarinnar.

Hjál.: Bréf, dags. 10.11.1982,
til fyrrv. forsætisráðherra,
dr. Gunnars Thoroddsen.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Reykjavík.

Til
þingkjörinnar nefndar um eflingu almannavarna
b/t Friðriks Sophussonar alþingismanns
Alþingi.
101 REYKJAVÍK

Vísað er til bréfs nefndarinnar til ríkisstjórnar Íslands dags. 2. ágúst 1983, sbr. bréf dags. 10. nóvember 1982, og fyrirspurna varðandi áhættumat vegna hugsanlegrar hernaðarógnunar. Enn fremur er vísað til fundar forsætisráðherra með fulltrúum nefndarinnar hinn 22. ágúst 1983.

Eins og málum er háttað telur ríkisstjórnin ekki líkur á, að árás verði gerð á Ísland nema hún sé liður í allsherjarstyrjöld. Brysti það öryggiskerfi sem Ísland hefur tekið þátt í að skapa og kæmi til árásar á landið gæti orðið um sprengjuárásir að ræða og tilraunir til að ná fótfestu loftleiðis. Í slíkum aðgerðum kynnu efnavopn að verða notuð.

Þá verður ekki fram hjá þeirri staðreynd gengið, að kjarnorkueldflaugar gætu náð til Íslands frá núverandi skotpöllum. Af þessum sökum hljóta almannavarnir að taka mið af því, að hugsanlega yrði kjarnorkusprengju varpað á Ísland eða geislavirkt úrfelli bærist til landsins.

Reykjavík 23. nóvember 1983.
Helga Jónsdóttir

Sérálit Ásmundar Ásmundssonar um kafla 4.6.1 — Gagna- og upplýsingakerfi.

Í stað orðanna „Í öðru lagi þarf að tryggja upplýsingastreymi frá viðvörunarstöðvum Atlantshafsbandalagsins og varnarliðinu á Íslandi“ komi: „Í öðru lagi þarf að tryggja öruggt samband við alla þá sem geta gefið haldgóðar upplýsingar um ástand heimsmála og hugsanlega yfirvofandi stríðshættu. Þannig yrðu sem best tryggðar forsendur sjálfstæðra ákvarðana íslenskra stjórnvalda“.

Mjög stingur í augu sú einhliða áhersla, sem lögð er á tengslin við NATO og bandaríska herinn á Íslandi, eins og þar sé eingöngu einhverju ábótavant. Miklu nær væri að menn viðurkenndu að upplýsingar, sem teljast hernaðarlega mikilvægar, eru ekki gefnar nema á síðustu stundu, til að tryggja að þær berist ekki gagnaðila í tæka tíð. Því væri nauðsynlegt að afla upplýsinga með sjálfstæðum hætti, eins og fram kemur í breytingartillögunni.

Þá skal á það bent, að hernaðaryfirvöld í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum líta á almannavarnarkerfi sem óaðskilinn hluta af almennum hernaðaráætlunum. Með öflugum almannavörnum telja þau sig geta haldið lífi í nægilega mörgum mönnum til að fullvissa gagnaðila um að ekki sé hægt að heyja stríð með árangri. Þessar hugmyndir hafa verið gagnrýndar á þeim forsendum t. d., að enginn lifi af kjarnavopnastríð og því skapi almannavarnakerfið hættulegt og falskt öryggi (sbr. meðf. fylgiskjöl). En eins og málum er nú háttað hjá yfirherstjórninni í Bandaríkjunum eru verulegar líkur á að almannavarnakerfinu verði beitt til að samræma að allt sé til reiðu, jafnvel þegar engar raunverulegar aðstæður kalla á slíkt. Í þessu sambandi má minna á, að Richard M. Nixon, þáverandi forseti

Bandaríkjanna, setti allan herafla NATO í viðbragðsstöðu við innrás Sovétríkjanna í Afganistan.

Brýna nauðsyn ber því til þess að íslensk stjórnvöld hlaupi ekki eftir hvaða tilskipun sem er og geri landsmenn að leiksoppi í hugsanlegum átökum stórvelda, heldur efli upplýsingaöflun, sem gæti orðið grundvöllur sjálfstæðra ákvarðana.

25. janúar 1984.

Fundur með þingkjörinni nefnd um eflingu almannavarna.

Skýling við kjarnorkuvá:

Nokkur atriði til íhugunar.

Til að auðvelda athugun á þörfinni fyrir skýlingu við kjarnorkuvá þarf að byggja á ákveðnum gefnum forsendum:

— sprenging eða geislavirkt úrfelli?
— sprengikraftur — staðsetning sprengingar gagnvart byggð, nálægð gagnvart yfirborði jarðar þegar sprenging verður.
— hve lengi þarf að dveljast í skýli?
— fjöldaskýli — fjölskyldu (einka) skýli.

Með öðrum orðum hver sé tilgangur með skýlingu.

Í ríkjum þar sem búast má við kjarnorkuárás er alger samstaða meðal læknahópa sem kynnt hafa sér kosti og galla skýla að þau séu lítils virði og líklega verri kostur en enginn. Rökin eru m. a. þau að skýli ali á falskri öryggiskennd, við sprengingu í nágrenni skýlis veiti skýli mjög takmarkaða vörn og því ekki skynsamlegt að leggja áherslu á fjölgun þeirra né að búa þau vistum. Vísast í þessu sambandi m. a. til skýrslu bresku læknasamtakanna (British Medical Journal bls. 911, 12, March 1983 og til The Effects of Nuclear War, Office of Technology Assessment, Congress of the United States bls. 10 nr. 5, en þar segir: "Although it is true that effective sheltering and or evacuation could save lives, it is not clear that a civil defence program based on providing shelters or planning evacuation would necessarily be effective. To save lives, it is not only necessary to provide shelter in or evacuation to right place (and only extreme measures of dispersion would overcome the problem that the location of safe places cannot be reliably predicted), it is also necessary to provide food, water, medical supplies, sanitation, security against other people, possibly filtered air, etc. After fallout diminishes there must be enough supplies and enough organization to keep people alive while production is being restored. The effectiveness of civil defence measures depends, among other things, on the event leading up to the attack, the enemy's targeting policy, and sheer luck".

Fleiri tilvitnanir þar sem niðurstöður eru á sömu leið eru sænska læknablaðið (Läkartidningen nr. 13, 1983 bls. 1206 og British Medical Journal grein skrifuð af ritstjórn: Attitudes towards civil defence and the psychological effects of nuclear war, 10 Oktober 1981, bls. 963—965).

Í bók Alþjóðasamtaka lækna gegn kjarnorkuvá (International Physicians for the Prevention of Nuclear War) The Final Epidemic (Síðasta drepsóttin), ritstjórar Ruth Adams og Susan Cullen, eru rakin í tímaröð læknisfræðileg vandamál sem upp koma eftir kjarnorkusprengingu (sjá meðfylgjandi ljósrit af töflu). Á fyrstu klst. eru það brunasár á augum (vegna glampans), áverkar, brunasár af völdum elds og reykeitrun. Einnig áhrif bráða- eða frumgeislavirkni og vegna geislavirks úrfellis. Á fyrsta sólarhring í skýli eru læknisfræðileg vandamál helst vegna brunasára og reykeitrunar, geislavirks úrfellis,

almennrar vanlíðanar, áhrifa hitans og skorts á heilbrigðisþjónustu. Á fyrstu fjórum vikum eru vandamálin til viðbótar þeim sem áður eru talin

— vökvatap
— smitsjúkdómar og sót
— þjáningar og þrautir
— matarskortur

Það er áætlað að heilbrigður maður í skýli þurfi um eitt gallon (tæpir 4 lítrar) á sólarhring til að fullnægja lágmarksþörf líkamans fyrir vökva. Þessu til viðbótar kemur vökvatap vegna niðurgangs og uppkasta. Brunasár og áverkar með blæðingum auka enn vökvaþörfina.

Í stórum almennings- eða fjöldaskýlum er talin veruleg hætta á smitsjúkdómum, sérstaklega öndunarfæra- og iðrasýkingum. Þrengsli auka líkur á smiti og sýkingu.

Okkar varnir — mótstaða gegn sýkingum byggjast að verulegu leyti á næringarástandi, húsnæði og nánasta umhverfi, hreinlæti, hreinu og góðu drykkjarvatni. Allt verður þetta meira og minna í lamasessi við þær aðstæður sem fólk býr við í skýlum. Niðurstaðan verður minnkuð mótstaða.

Við þetta bætist að flugum og skordýrum mun fjölga örar en áður — annars vegar vegna þess að þau þola geislun betur en stærri dýr — og vegna þess að líffræðilegir þættir er halda fjölda þeirra í skefjum eru ekki lengur til staðar.

Samantekið.

Helstu úrræði Almannavarna við yfirvofandi kjarnorkuárás eru brottflutningur fólks og skýling. Vandinn við brottflutning er margvíslegur m. a.

— múgæsing
— væntanlega stuttur tími frá viðvörun til árásar
— þarf mikinn viðbúnað — herlið/lögreglu til að framkvæma
— hvert á að flytja fólkið?
— öryggisleysi almennings meðan á brottflutningi stendur ef þá kemur árás
— möguleikar flutningakerfis ekki nægilegir.

Brottflutningur frá borgum er því víðast hvar ekki á dagskrá.

Skýli eru tilgangslaus gagnvart sprengingu en hlífð gagnvart geislavirku úrfelli.

Áður en farið er að binda í reglugerð nánari ákvæði um gerð, staðsetningu og búnað skýla hér á landi þarf að fara fram athugun á því hvert er skynsamlegt markmið skýlingar í þar til gerðum skýlum.

Guðjón Magnússon dr. med.,
formaður
Samtaka lækna gegn
kjarnorkuvá.

Helstu niðurstöður sem er að finna í ritum og ritlingum sem nefndin lét senda sér, þýddar af Ásmundi Ásmundssyni.

1. **Civil Defence in the Nuclear Age**
   What purpose Does It Serve
   and
   What Suvival Does It Promise?

— Jennifer Leaming M. D.
National Executive Committe and Board
Physicians for Social Responsibilty,
639 Massachusettes Avenue,
Cambridge, Mass. 02139

Meginniðurstöður:

Ekki verður litið fram hjá því að almannavarnir hafa áhrif á hernaðaráætlanir, þar eð þær fá opinbera embættismenn til að halda að stríð megi heyja tiltölulega skaðlaust.

Ef hlutlægt mat á gagnsemi almannavarna leiddi í ljós að þær geta ekki verndað þá þætti í lífi okkar, sem við teljum ómissandi, þá væri e. t. v. tímabært að nálgast vandamál kjarnorkustyrjaldar með öðrum hætti. Ef okkur tekst að öðlast skilning á því að engin leið er að lifa af kjarnorkustíð, a. m. k. ekki á grundvelli þess skilnings sem við nú leggjum í orðið líf, þá er niðurstaðan auðfengin: Áætlanir um almannavarnir gegn kjarnorkustyrjöld byggjast á hegðun, sem styðst við blekkingar og ætti ekki að örva.

Í riti þessu kemur og fram alvarleg gagnrýni á fólksflutningaáætlanir almannavarna. Þá eru í því áhrifamiklar lýsingar á ástandi í kjölfar kjarnorkustyrjaldar, þar sem líkur eru leiddar að því að þrátt fyrir sprengjuheld skýli til varðveislu mannslífa, megi gera ráð fyrir að ¾ hlutar fólks látist í kjarnorkustyrjöld og á næstu tveimur árum í kjölfar hennar.

2. **Nucelar War in Vermont**

Bæklingur um afleiðingar kjarnorkustyrjaldar og gildi almannavarna í því sambandi. Bæklingurinn er gefinn út af átta félagasamtökum í Vermont með sérstökum stuðningi öldungardeildarþingmanna þess ríkis. Hann er almenns eðlis, en færður upp í Vermont og Bandaríkjunum.

Fljótlesinn, skýr og faglega unninn (t. d. getið heimilda).

3. **Sérprentun úr Journal of Public Health Policy**
   Volume 3 — Number 2
   Júní 1982.
   Þrjár greinar eftir:
   a) Miltin Terris, ritstjóra tímaritsins.
   b) Beverlee A. Myers, yfirmann heilbrigðisþjónustu Kaliforníu í Bandaríkjunum.
   c) Stuart H. Shapiro, heilbrigðisfulltrúa fyrir Philadelphíu í Bandaríkjunum.

Miltin Terris: Setur fram alvarlega gagnrýni á áætlanir almannavarna um öryggisskýli og fólksflutninga. Vísar hann m. a. í forystugrein New York Times frá 3. apríl 1982 og öldungardeildarþingmanninn Patrick Healy frá Vermont: „Besta aðferðin til að hindra kjarnorkustríð er gagnkvæm frysting og fækkun kjarnorkuvopna með afvopnun í kjölfarið, en ekki stórbrotnar áætlanir almannavarna, sem miða að því að róa fólk og fullvissa það um að hægt sé að lifa af kjarnorkustyrjöld.

Beverlee A. Myers: Hætta á kjarnorkustríði er heilbrigðisvandamál af stærðargráðu, sem á sér enga líka. Það væri því siðleysi af hálfu heilbrigðisyfirvalda í Kaliforníu að taka þátt í fólksflutningaáætlunum alríkisstjórnarinnar, því til þess hefur hún enga burði til árangurs, enda myndi það einungis þjóna þeim tilgangi að blekkja fólk. Og hann vitnar í Howard Hiatt, sem er Dean (rektor) of the Harvard School of Public Health: „Ummæli

opinberra starfsmanna um að hægt sé að lifa af kjarnorkustyrjöld, hvað þá að vinna hana, endurspegla útbreitt vanmat á heilbrigðiskerfinu. Hvaða kjarnorkustyrjöld sem er myndi orsaka dauða, sjúkdóma og sjúkdómsfaraldra á landsvísu, og árangursrík inngrip til lækninga væru vonlaus".

Árum saman hefur verið reynt að skipuleggja fólksflutninga í Kaliforníu vegna yfirvofandi geislunar frá kjarnorkuverum. Jafnvel í þessu tilfelli, þar sem hjálp kæmi frá aðliggjandi byggðum, er ekki hægt að fullvissa íbúa umhverfis kjarnorkuverin um vernd. Myers leggur áherslu á „baráttuna gegn kjarnorkustríði en ekki viðbúnað vegna kjarnorkustríðs".

Stuart H. Shapiro: „Það er engin leið, engin áætlun, ekkert trikk, engar sjónhverfingar um að vernda heilsu manna í kjarnorkustríði. Það er ekki hægt". Þá lýsir hann áhrifum 1 megatonna kjarnorkusprengju, sem spryngi yfir borginni Philadelphiu og segir: „Lífið yrði svo kveljandi að lifendur myndu öfunda þá liðnu".

Þá ræðst Shapiro heiftarlega á fólksflutninga og skýlaáætlanir almannavarna alríkisstjórnarinnar (relocation program).

4. **The Front Line**
Civil Defence and nuclear War
Vol. 2, No. 2 — March 1983

„Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort að baki þessu riti er faglegur metnaður eða pólitísk afstaða. Í ritinu kemur fram mikill og harður áróður gegn almannavarnaáætlunum alríkisstjórnarinnar. Eftirfarandi má þó teljast markvert:

1. Fréttir af bæjarfélögum og borgum sem hafa nýlega gert samþykktir um að hafa áætlanir alríkisstjórnarinnar um almannavarnir að engu. Þar eru tíunduð bæjarfélög allt frá Texas og New Mexico í suðri til Minnesota í norðri, frá Californiu í vestri til New York og Maryland í austri.

2. Grein eftir dr. Eugene Winger, prófessor í eðlisfræði við Princeton University og meðlim FEMA ADVISORY BOARD (FAB), en FEMA er eins konar almannavarnaráð þeirra í Bandaríkjunum. Í greininni kemur fram hin sígilda talnaþula sem bandarísk hermálayfirvöld halda stíft fram. Þar er og því haldið fram, að almannavarnakerfið sovéska sé 10 sinnum gagnlegra en hið bandaríska.

5. **CIVIL DEFENCE: Nucelar debates new element**
Editorial Research Reports.
Congressional Quarterly Inc.
1414 22nd Street N.W., Washington D.C. 20037

Gagnrýnendur almannavarna óttast, að öðlist ríkisstjórn (USA) aukinn sveigjanleika með fólksflutninga- og skýlaáætlunum, þá sé hún að sama skapi líklegri til að hefja kjarnorkustríð. Þeir benda á að verði gripið til þessara áætlana megi líta svo á, að verið sé að forða fólki frá kjarnorkustyrjöld, sem ríkisstjórn sama lands ætli að hefja og því muni væntanlegur andstæðingur flýta sér að verða fyrri til. Þá segja gagnrýnendur að almannavarnir byggist á þeirri blekkingu, að hægt sé að lifa af kjarnorkustríð. Og að ráðamenn lifi í þeirri trú, að hægt sé að ná árangri með takmörkuðu kjarnorkustríði. Gagnrýnendur almannavarna hafna slíkum vörnum þó ekki alfarið.

Styðjendur almannavarna líta svo á að þær auki „fælingarmáttinn" og jafnvægi í tengslum, langæjan varnar- og sóknarmátt með því að þær tryggi vernd til handa umtalsverðum hluta þegnanna. Því verði Bandaríkin ekki þvinguð á hættutímum (vegna þess að almannavarnakerfi USSR telja þeir mun betra). Auk þess gefi almannavarnakerfið (byrgi og fólksflutningaáætlanir) aukna möguleika til að fást við meiri háttar innlenda vá.

Nú er það ekki bara spurningin hvort risaveldanna ræður yfir afkastameiri kjarnorkuvígbúnaði, heldur líka hvort þeirra ræður yfir sterkari almannavörnum.

Í skýrslunni er greint frá athugun sem CIA gerði á almannavarnakerfinu sovéska, þar sem segir að jafnvel við hagstæðustu skilyrði muni sovéska almannakerfið ekki koma í veg fyrir nokkra tugi milljóna dauðsfalla, enda væri ekki hægt að segja að þetta almannavarnakerfi væri tilefni til að örva sovéska ráðamenn til að hefja kjarnorkustyrjöld. Þá er greint frá niðurstöðum U. S. Arms Control and Disarmament Agency, þess efnis, að sovéska almannavarnakerfið hefði litla sem enga möguleika á að forða „katastrófu" af völdum kjarnorkustyrjaldar. Enda geri Sovétmenn óspart grín að sínu almannavarnakerfi, sem á rússnesku heitir „grazhdanskaya oborona" stytt í „GROB", sem þýðir líkkista. Séu þessar athuganir CIA og ACDA marktækar, þá standa samt eftir rök stuðningsmanna almannavarna um þýðingu þeirra fyrir aðra vá en styrjaldarvá.

Í skýrslunni kemur einnig fram að álit sérfræðinga að byrgja- og fólksflutningaáætlanir stoði lítið í kjarnorkustyrjöld og að dauðsföll yrðu minni ef allir sætu um kyrrt fyrir heima hjá sér, því dauðsföll vegna lítils hreinlætis, vanmáttar heilbrigðisþjónustu og margs fleira kæmi til og mögnuðust við þær aðstæður sem almannavarnaskipulagið skapaði, og þá eru sennilega ekki meðtalin ráð Ralph Yodaikeu læknis til þeirra er hýstu almannavarnaskýli, að taka með sér byssu til að skjóta sjúka er reyndu að fá inngöngu í skýlin.

6. Ísland og friðarumræðan
   LÍF OG LAND
   Kjarnorkuvá og heilbrigði.
   Sigurður Björnsson, læknir.

Fjallar um kjarnorkuvá með áherslu á sjónarmið læknis. Hann ber saman fjárveitingar til heilbrigðismála við fjárveitingar til kjarnorkuvígbúnaðar. Hann lýsir áhrifum kjarnorkustyrjaldar, áhrifum beinnar sprengingar og síðari tíma geislunar. Hann leggur áherslu á að barátta lækna gegn kjarnorkuvígbúnaði byggist á því að engin lækning sé til í kjarnorkustríði og því sé eina leiðin til að varðveita líf í þessu samhengi að vinna gegn kjarnorkuvígbúnaði og hugsanlegri styrjöld með slík vopn. Og hann segir: „Tóm blekking er að tala um að almannavarnastarf eða heilbrigðiskerfi geti komið að nokkru haldi í eða eftir kjarnorkustyrjöld".

7. Natural Hazards Observer Newsletter
   May, 1983, Vol. VII, No. 5, Page 4.
   ON THE LINE
   Rutherford H. Platt
   University of Massachusettes

Greinin er gagnrýnd í bók Ronalds Perry, The Social Psychology of Civil Defence (Lexington Books, 1982), þar sem því á að vera haldið fram á áhrif kjarnorkustríðs séu sambærileg við áhrif meiri háttar náttúruhamfara. Gagnrýni sinni til stuðnings minnir Platt á eftirfarandi atriði:

1. **Allsherjaráhrif kjarnorkustyrjaldar**
   Enginn er óhultur hvort heldur er vegna upphaflegrar sprengingar eða seinni tíma geislunar. (Vitnað er í Arthur M. Katz, Life After Nuclear War, Ballinger 1982).
2. **Utanaðkomandi aðstoð ekki fyrir hendi**
   Ekki má reikna með utanaðkomandi aðstoð.
3. **Vítahringur**
   Fólksflutningar hafa engar viðtækar afleiðingar í sjálfu sér, þegar um náttúruhamfarir er að ræða. Hins vegar geta fólksflutningar, á tímum vaxandi spennu í alþjóðamálum, ögrað Sovétmönnum til að hefja stríð í þeirri von að vera á undan til þess.

4. **Geislunarvandamál**
   Að lokinni kjarnorkustyrjöld er nauðsynlegt að fylgjast með á hvaða svæðum fólki er óhætt vegna geislunar. Þetta er verkefni sem er örðugra en þau sem við áður höfum kynnst, því fylgjast þarf með radioisótópum eins og tritium og radioódium. Þetta verður ekki gert með tækjum eins og geigerteljurum, sem flytja má um með handafli einu saman. Geislasjúkdómar og hræðsla við þá mun félagslega og efnahagslega lama svæði sem ekki hafa orðið fyrir sprengjum.
5. **„Lækningin" getur drepið sjúklinginn.**
   Fólksflutningar sem taka til allrar þjóðarinnar yrðu í sjálfu sér meiri háttar hamfarir. Þjóðfélagsmunstrið myndi rofna. Örvænting og hörmungar fyndust hvarvetna. Hér gæti því verið um „hamfarir" að ræða, sem engar fyndust meiri nema sjálf kjarnorkustyrjöldin.

8. **The Defence Monitor**
   CENTER FOR DEFENCE INFORMATION
   Washington, D.C.
   Vol. XI, Number 5, 1982

Í stuttu máli.

Reagan forseti Bandaríkjanna hefur lagt til að 4.2 billjónum dollra verði veitt til almannavarna á næstu sjö árum, með það fyrir augum að heyja og vinna kjarnorkustríð. Endanlegur kostnaður þessara áætlana gæti numið ríflega tíu billjónum dollara.

Almannavarnaáætlun ríkisstjórnar Ronalds Reagan er ætlað að sýna fram á að Bandaríkin séu reiðubúin til að berjast til sigurs í kjarnorkustyrjöld.

Í áætlunum þessum er gert ráð fyrir að almannavarnir séu það sem vantar (compliment) á stríðsvél Bandaríkjanna. Með víðtæku almannavarnakerfi ætlar ríkisstjórnin að gera áætlanir sínar um kjarnorkustríð, sannfærandi fyrir Sovétmenn og fá Bandaríkjamenn sjálfa til að sætta sig við þær.

Áætlanir gera ráð fyrir að flytja ⅔ hluta Bandaríkjamanna burt úr heimkynnum sínum, byggja sprengjuheld skýli fyrir nauðsynlegt vinnuafl og vernda mikilvægan hluta vélbúnaðar í iðnaði.

Nú þegar hefur verið hafist handa um að tryggja vernd þúsunda embættismanna, þannig að viðhalda megi eðlilegum stjórnarháttum, komi til kjarnorkustyrjaldar.

Síðan eru þessar áætlanir rifnar niður og vitnað til umsagna málsmetandi manna og stofnana í Bandaríkjunum í því sambandi. Rökin eru þau sömu og komið hafa fram í endursögnum hér á undan.

9. **nux — Tímarit um friðarmál í Evrópu**
   Þýskt tímarit
   Útgefandi og ritstjóri, Konradin Kreuzer
   ritari FORUM FOR THE RESPONSIBLE APPLICATION OF SCIENCE,
   nux, CH-4112 Fluh.

Kreuzer lýsir almannavarnakerfinu svissneska og leitast við að svara eftirfarandi spurningum.

— Er svissneska almannavarnakerfið eins fullkomlega undir kjarnorkustríð búið og af er látið?
— Getur slíkt almannavarnakerfi staðist prófið þegar til raunverulegs stríðs kemur?

Hann svarar fyrri spurningunni neitandi. Í því sambandi vitnar hann í svissneska fjölmiðla. Síðan hefur hann orðrétt eftir yfirmanni almannavarna í Zürich: „... það er ekki

reiðubúið og stenst ekki þær kröfur, sem eru gerðar til þess. Ef sprengjan félli á morgun, þá yrðu menn að vera hugmyndaríkir og staulast áfram í svo ríkum mæli að kalt vatn rynni milli skinns og hörunds á hverjum ábyrgum manni og vekja hjá almenningi alvarlegar áhyggjur ekki síður en hjá stjórnvöldum. Sú staðreynd, að steinsteypubyrgin bíða notkunar, táknar engan veginn að þau komi að þeim notum sem til er ætlast. Hið alþjóðlega lof og aðdáun sem rignir yfir almannavarnakerfið svissneska er öfugsnúið, þar eð það gefur allt of mörgu fólki tilefni til að segja að við séum undir allt búin".

Síðari spurningunni svarar hann með mun ítarlegri hætti, og verður aðeins drepið á það helsta. Hann lýsir þeim erfiðleikum, sem eru í því fólgnir að búa á 1 m^2 í 3 sólarhringa samfleytt í fullkominni óvissu um hvort lífvænlegt verður utan dyra að þeim liðnum. Þetta eigi sér engan líka frá fyrri styrjöldum mannanna. Hvað verður um hina öldruðu, sjúku, fötluðu og hvað um börnin við slíkar aðstæður? Hvað um fólk með smitandi sjúkdóma? Þá lýsir hann andlegu álagi og ástandi fólks við þessar aðstæður. Mataræði er fábrotið. Sérstakur matur hefur verið framleiddur af NESTLE fyrirtækinu til að sjá öllum Svisslendingum fyrir fæðu í þrjá daga. Sætur matur að morgni og saltur að kvöldi. En hvað svo? Opna þá stórmarkaðir? (Hér á landi tala menn um að einn togari geti aflað matar í alla þjóðina og eftir þrjá daga frá sprengjuárás ætti hann að vera kominn í búðir eða hvað). Nei, að sjálfsögðu verður allt það sem ekki komst í byrgi geislavirkt, og það verður ekki til mannskapur og tæki til að fara um landið og mæla geislavirkni, taka sýni og greina í rannsóknarstofum. Allar blekkingar um að aðstoða megi þá sem þjást af geislunarveiki eru út í hött, því engin tæki verða send inn á geislavirku svæðin þar sem þeir sjúku eru.

Þá gerir hann lítið úr því að hægt sé að minnka geislun tuttugufalt með því að spúla húsþök og malbikaðar innkeyrslur, því gróður og ýmislegt annað sé ekki svo einfalt.

Hann endar með því að segja: „Þegar sérfræðingar fara út af sporinu út í algjört fúsk, þá verður hinn almenni maður að taka í taumana". O. s. frv.

10. The Medical Aspects
of
Nucelar War
Physicians for Social Responsibilty
639 Massachusetts Avenue
Cambridge, MA 02139

Bæklingur um niðurstöður nokkurra landráðstefna í Bandaríkjunum sem haldnar voru hver í framhaldi af annarri um dagskrárefnið **„læknisfræðilegar (medical) afleiðingar kjarnorkuvopna og kjarnorkustyrjaldar."** Þátttakendur í ráðstefnum þessum voru fremstu sérfræðingar Bandaríkjanna á sviði kjarnorkustyrjaldar.

Boðskapurinn er þessi:

1. Kjarnorkustyrjöld, jafnvel takmörkuð, mun valda dauða, áverkum og sjúkdómum meðal manna í ríkari mæli en við áður höfum þekkt.
2. Læknisfræðilegar „hamfaraáætlanir" vegna kjarnorkustyrjaldar hafa enga þýðingu. Það eru ekki til raunhæf viðbrögð af hálfu læknisfræðinnar. Flestir spítalar verða eyðilagðir, mestur hluti heilbrigðisstétta látinn eða særður og ekki hægt að nálgast birgðir. Flestir þeir er lifðu af kjarnorkustyrjöld mundu deyja.
3. Það eru engar raunhæfar almannavarnir. Kjarnorkusprenging ásamt áhrifum hita og geislunar mundi drepa jafnvel þá sem voru í byrgjum. Geislavirkt úrfelli myndi ná til þeirra sem fluttir hefðu verið af mestu hættusvæðum.

4. Endurreisn í kjölfar kjarnorkustyrjaldar er ekki möguleg. Efnahagslegar, vistfræðilegar og félagslegar forsendur mannlegs lífs væru í rúst í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, sem og í mestum hluta heimsbyggðarinnar.
5. Í stuttu máli: Það verða engir til að hrósa sigri í kjarnorkustyrjöld. Geislavirkt úrfelli mundi sýkja mikinn hluta jarðarbúa um nokkrar kynslóðir. Áhrifin á gufuhvolf jarðar mundu ein og sér stórlega skaða allt líf.

11. The Medical Effects of Nuclear War
The report of
British Medical Association's Board of
Science and Education 1983

A Wiley Medical Publication
John Wiley and Sons
Chichester-New York-Brisbane-
Toronto-Singapore.

Það er almennt álit að ekki sé hægt að halda kjarnorkustyrjöld í skefjum, heldur muni hún verða ótakmörkuð.

Fólksflutningaáætlanir hafa sín vandamál. Þær krefjast vitneskju um stríð með nægjanlegum fyrirvara, svo ná megi árangri. Þær kosta mikið í framkvæmd, og ríkisstjórnir því ekki áfjáðar í að fylgja þeim fram í raun. En geri þær það hins vegar, þá gæti óvinurinn litið á það sem undirbúning undir stríð og þannig gefið honum tilefni til að bregðast til árásar í skyndi.

Skýlaáætlanir þær sem innanríkisráðuneytið í Bretlandi hefur á prjónunum eru tóm della.

Langtímaáhrif kjarnorkustyrjaldar eru margs konar. Skortur á drykkjarhæfu vatni. Skortur á nauðsynlegum fæðutegundum með alvarlegum afleiðingum fyrir sjúka (t. d. sykursjúka). Hamfarir kjarnorkustyrjaldar myndu breyta andrúmsloftinu og þar með gróðurfari. Hætta er á að norðurhvel jarðar verði ekki byggilegt. Heilbrigðiskerfið þyrfti að kljást við víðtæka geislun alls umhverfis, bilaðar vatnsveitur og holræsakerfi, skort á lyfjum og öðrum varningi til lækninga.

Áhrifin á læknisþjónustu eru alvarleg því heilbrigðiskerfið ræður ekki við að fást við þá áverka, sem ein 1 MT kjarnorkusprengja mundi valda fólki. Til að ráða við þetta þyrfti nú þegar að stórfjölga læknum, auka blóðforða og framleiða mikið magn lyfja á lager og yfirleitt koma á aðstæðum langvarandi neyðarástands.

12. Cambridge and Nuclear War
Is there a place to hide?

City of Cambridge, Massachusetts
— Robert Healy, City Manager
— Cambridge City Council
— Cambridge Civil Defence Department
1493 Cambridge Street
Cambridge, MA 02139

Bæklingur til upplýsinga um forsendur þeirrar ákvörðunar bæjarstjórnar Cambridge um að eina vörnin gegn kjarnorkustyrjöld væri að eyðileggja öll kjarnorkuvopn og banna síðan alla notkun slíkra vopna.

13. CIVIL DEFENCE IN A NUCLEAR AGE:
THE DELUSION OF SURVIVAL
City of Newton Massachusetts

Theodore D. Mann, bæjarstjóri
Matthew Jefferson, forseti bæjarstj.
Carol Ann Shea, varaforseti bæjarstj.

Hvaða afleiðingar mundi kjarnorkuárás hafa á Newton, Massachusetts? Eina leiðin til að koma í veg fyrir hana er að berjast gegn því að til hennar komi.

14. THE COUNCIL OF THE NEW YORK CITY
Miriam Friedlander
Council member 2nd District Manhattan
City Hall
New York, N.Y.
10007

Bréf frá Friedlander ásamt ljósritum af samþykktum borgarstjórnar New York um að hafna fólksflutningaáætlun ríkisstjórnar Ronald Reagans. Þá kemur fram, að engar áætlanir eru í gildi í New York-ríki um almannavarnir í kjarnorkustyrjöld, en unnið er að rannsóknum þar að lútandi.

Sþ. 454. Fyrirspurn [276. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiði, nýtingu og kaup á smokkfiski.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. a. Hvaða ráðstafanir voru gerðar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins til að auðvelda og tryggja að aflað yrði smokkfisks til beitufrystingar úr þeirri smokkfiskgöngu sem var við Vestfirði og Vesturland í haust?
   b. Hve mikið var fryst til beitu?
   c. Voru gerðar tilraunir til að vinna smokkfiskinn til manneldis?
   Eru markaðir fyrir slíka vöru?
2. a. Hve mikið var flutt inn af beitusmokki 1983?
   b. Hve mikið er áætlað að flytja inn nú til notkunar á yfirstandandi vertíð og hvert er áætlað söluverð þeirrar beitu?

Sþ. 455. Fyrirspurn [277. mál]

til viðskiptaráðherra um afurðalán í sjávarútvegi.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hver var ástæða þess að bankar veittu ekki lán út á sjávarafurðir frá 1. til 30. janúar í ár?

Sþ. 456. Fyrirspurn [278. mál]

til menntamálaráðherra um tannsmíðanám.

Frá Árna Johnsen.

Hvað líður vinnu við skipulagningu tannsmíðanáms?

Ed. 457. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1981, um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. febr. 1985.

Haraldur Ólafsson, form.	Stefán Benediktsson, frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.
Helgi Seljan.	Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 458. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. febr. 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.	Helgi Seljan.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 459. Frumvarp til laga [279. mál]

um ráðstafanir í húsnæðismálum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur J. Guðmundsson,
Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Svavar Gestsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að skapa grundvöll fyrir sérstakar ráðstafanir í húsnæðismálum bæði vegna þeirra sem hafa eignast húsnæði á síðustu árum og hinna sem á næstu árum þurfa að tryggja sér húsnæði í fyrsta sinn.

Lögin ber að framkvæma samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins auk þeirra ákvæða sem í þessum lögum eru.

2. gr.

Byggingarsjóður ríkisins skal verja 400 millj. kr. á verðlagi ársins 1985 á ári hverju í fimm ár frá og með árinu 1985 til þess að koma til móts við þá sem hafa byggt eða keypt íbúð til eigin nota eftir 1980.

Þá skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verja 1000 millj. kr. á verðlagi ársins 1985 til þess að auka framboð á hóflegum íbúðum í nýju húsnæði til húsnæðissamvinnufélaga, byggingarsamvinnufélaga og til leiguíbúða eftir nánari ákvörðun húsnæðisstjórnar í samræmi við ákvæði þessara laga.

3. gr.

Lán samkvæmt fyrri málsgrein 2. gr. skal veita sem hér segir:

1. Eftirtaldir aðilar skulu hafa forgang að lánum þessum samkvæmt nánari ákvörðun húsnæðisstjórnar:
   a. Þeir sem hafa eignast húsnæði í fyrsta sinn á umræddu 5 ára tímabili.
   b. Þeir sem hafa miðlungstekjur eða lægri með hliðsjón af fjölskyldustærð og skulu þeir sem telja verður í hátekjuflokki eða búa við mikil efni mæta afgangi.
2. Lánin verði aðeins veitt ef ljóst er að viðkomandi geti því aðeins haldið íbúð sinni að hann fái sérstaka aðstoð.
3. Miða skal við að 800 fjölskyldur á ári fái lán samkvæmt þessum lagaákvæðum eða alls 4000 fjölskyldur á gildistíma þessara laga.
4. Lánin er heimilt að veita viðkomandi aðila beint og þau er einnig heimilt að veita sem endurkaupalán til viðskiptabanka til breytinga á skammtímaskuldum íbúðareigenda.
5. Húsnæðisstjórn er heimilt að verja hluta af þessu fé til að fresta greiðslum og lengja lán sé greiðslubyrði afborgana vaxta og verðbóta af þeim lánum, sem hlutaðeigandi hefur hjá byggingarsjóðnum, óeðlilega hátt hlutfall af tekjum viðkomandi fjölskyldu.

Lán samkvæmt fyrri málsgr. 2. gr. skal veita fyrir 1. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 1985. Lánin skulu veitt í einu lagi.

Húsnæðisstofnun skal gefa viðkomandi einstaklingi kost á fjárhagslegri ráðgjöf í tengslum við afgreiðslu lánanna.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara lagaákvæða að höfðu samráði við félagsmálanefndir Alþingis.

4. gr.

Lán samkvæmt síðari málsgr. 2. gr. skal miða við eftirfarandi forsendur:

1. Byggingarsjóður ríkisins fái 400 millj. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 600 millj. kr. á verðlagi ársins 1985 og sömu upphæðir næstu fjögur ár á verðlagi ársins 1985.
2. Byggingarsjóður ríkisins skal miða nýtingu þessa fjármagns við eftirfarandi meginatriði:
   2.1. að unnt verði að byggja 1000 íbúðir á ári með láni sem nemur 75% af kostnaði íbúðar samkvæmt nánari ákvörðun félagsmálaráðherra;
   2.2. að íbúðirnar séu af hóflegri stærð fyrir viðkomandi fjölskyldu og eigi stærri en 140 fermetrar;
   2.3. að byggingarsamvinnufélög eigi forgang að lánum samkvæmt þessum laga-ákvæðum;
   2.4. að lánin gangi að jafnaði til þeirra sem hafa miðlungstekjur eða lægri samkvæmt nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar;
   2.5. að framkvæmdir í byggingu nýs íbúðarhúsnæðis dreifist eðlilega um landið samkvæmt þessum lögum.
3. Byggingarsjóður verkamanna skal leggja áherslu á eftirfarandi atriði við úthlutun þessa fjármagns:
   3.1. Húsnæðissamvinnufélög fái óskerta aðild að sjóðnum fyrir það nýja fjármagn sem lögin kveða á um. Miða skal við að á árinu 1985 verði varið 300 millj. kr. til húsnæðissamvinnufélaga og síðan sömu upphæð árlega á verðlagi ársins 1985.
   3.2. Lánað verði sérstakt fjármagn, allt að 100 millj. kr. á ári, til byggingar leiguhúsnæðis.
   3.3. Annað fjármagn samkvæmt þessum lögum verði hagnýtt til þess að auka byggingar verkamannabústaða frá því sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1985.

5. gr.

Tekna til þess að standa undir þeim ráðstöfunum, sem lög þessi kveða á um, skal aflað samkvæmt þessari grein og nánari ákvæðum í skattalögum. Tekjuöflunin miðast við 5 ár og að tekjurnar haldist óbreyttar að verðgildi öll árin, reiknað eftir meðalbyggingarvísitölu ársins 1985.

Teknanna skal aflað með þessum hætti:

1. með sérstökum tímabundnum veltuskatti á verslun og skipafélög, 500 milljónir króna,
2. með sérstökum tímabundnum veltuskatti á banka, samtals 300 millj. kr. 1985,
3. með skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og stóreignaskatti, alls um 200 millj. kr. 1985,
4. með skatti af vaxtatekjum af innistæðum sem hærri eru en 4 millj. kr. á verðlagi í lok ársins 1984,
5. með gjaldi af skuldabréfum og viðskiptum verðbréfasala og með því að fasteignasalar skili fjórðungi sölutekna sinna í ríkissjóð, samtals um 100 millj. kr.,
6. með framlögum úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum hverju sinni þannig að heildarfjárhæðin samkv. 1. til 6. tölulið verði 1400 millj. kr. 1985.

Fjármagn, sem aflað er og lánað út samkvæmt lögum þessum, skal vera eign byggingarsjóðanna enda annist þeir alla innheimtu og útborganir samkvæmt ákvörðun húsnæðisstjórnar í samræmi við ákvæði laga þessara.

6. gr.

Frá og með gildistöku laga þessara skal verðtrygging vaxta og afborgana verðtryggðra húsnæðislána ætíð bundin við þá af vísitölunum tveimur, kaupgjaldsvísitölu (samkvæmt útreikningum kjararannsóknanefndar) og lánskjaravísitölu, sem er lægri. Eftirstöðvar lána skulu hins vegar reiknaðar upp eftir lánskjaravísitölu og lánin lengd eftir þörfum sem nemur þessum mismun.

7. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samræmingu við önnur lög og reglugerðir um húsnæðismál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tvennt hefur gerst frá miðju ári 1983 sem veldur sérstökum vanda íbúðareigenda og húsbyggjenda í landinu:

1. Geysileg lækkun á tekjum fólks í samanburði við hækkanir á byggingarkostnaði og framfærslukostnaði.
2. Skerðing á fjármagni til verkamannabústaða og óvissa um húsnæðislánakerfið í heild.

Þetta frumvarp þingflokks Alþýðubandalagsins er flutt til að svara þessum vanda og meginefni þess er tekjuöflun að upphæð um 1,4 milljarðar króna á verðlagi ársins 1985. Er gert ráð fyrir því að þessi sérstöku lög um húsnæðismál gildi í 5 ár. Afleiðingar þeirra yrðu:

1. Reistar yrðu 1000 íbúðir fyrir ungt fólk og aðra þá sem eru að byggja í fyrsta sinn með lánum sem dugi fyrir 75% af byggingarkostnaði. Með þessu átaki ætti Byggingarsjóður ríkisins að hafa aukið fjármagn til G-lána, auk þess sem sjóðurinn yrði minna háður lánsfé á almennum markaði á þeim okurkjörum sem honum er nú gert að greiða.
2. Árlega fengju um 800 fjölskyldur þeirra sem hafa byggt eða keypt eftir 1980 sérstök lán til lengri tíma í stað þeirra skammtímalána á mörgum stöðum í bankakerfinu sem nú eru að sliga fólk.
3. Húsnæðissamvinnufélögin fái 300 millj. kr. á ári og fulla aðild að Byggingarsjóði verkamanna.
4. Aukið verði svigrúm Byggingarsjóðs verkamanna um 100 millj. kr. á ári til þess að byggja leiguíbúðir.
5. Veittar verði 200 millj. kr. á ári til þess að möguleikar Byggingarsjóðs verkamanna til að ráðast í nýbyggingar aukist frá því sem gert er ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
6. Verðtryggingu vaxta og afborgana húsnæðismálastjórnarlána verði frá og með gildistöku laga þessara hagað þannig að tekið verði mið af kaupgjaldsvísitölu eða lánskjaravísitölu eftir því hvor er lægri á lánstímanum í heild eða innan lánstímans. Er hér flutt sama tillaga og í stjórnarfrumvarpi um Húsnæðisstofnun ríkisins sem kom fram á Alþingi í ársbyrjun 1983 en var þá stöðvað í neðri deild af stjórnarandstöðu Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þá er gert ráð fyrir því að eftirstöðvar verði reiknaðar upp eftir lánskjaravísitölu og lánin lengd eftir þörfum sem nemur þessum mismun. Þannig verði tryggt að greiðslubyrði afborgana og vaxta sem hlutfall af launum aukist ekki.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 683 millj. kr. lánveitingu Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári. Með frumvarpi þessu er talan hækkuð um 300 millj. kr., í tæpan milljarð, auk þess sem verja skal 300 millj. kr. til húsnæðissamvinnufélaga sem nú eru utangarðs í lánakerfinu. Þá er gert ráð fyrir því að 100 millj. kr. verði varið sérstaklega til leiguhúsnæðis.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar 1985 gerir ráð fyrir alls 705 millj. kr. til nýbygginga á vegum Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári. Ljóst er að frumvarp þetta mundi hækka þá tölu verulega. Með því aukna fjármagni og öðrum ráðstöfunum á að vera unnt að ná því markmiði frumvarps þessa að 1000 íbúðir verði byggðar á ári í 5 ár með 75% lánshlutfalli. Í frumvarpinu er ekki ákvæði um tímalengd þessara lána en gert er ráð fyrir því að þau verði til 31 árs eins og í núgildandi lögum og á það bæði við um lán samkvæmt fyrri og síðari málsgr. 2. gr. Þó gilda auðvitað aðrar almennar reglur um lán til verkamannabústaða.

Fjármögnun byggingarsjóðanna hefur í allt of ríkum mæli beinst inn á óhagstæðar brautir að undanförnu, jafnvel erlendar lántökur. Því er í frumvarpinu byggt á þeirri forsendu að byggingarsjóðirnir eflist verulega að eigin fé því allt það fé, sem gert er ráð fyrir að afla, verður í formi framlaga til sjóðanna en ekki lána og nemur á 5 árum um 7 milljörðum króna.

Kosningaloforð stjórnarflokkanna, svo og kaflinn um húsnæðismál í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, hafa reynst orðin tóm. Í stefnuyfirlýsingunni er m. a. sagt að lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn skuli hækka í 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar og samsvarandi hækkun verði til þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Tveggja til fjögurra manna fjölskylda, sem er að byggja sína fyrstu íbúð, getur nú fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem nemur 29,1% af kostnaðarverði staðalíbúðar en kaupi sama fjölskylda íbúð fær hún að láni 11,5% af kostnaðarverði þessarar sömu staðalíbúðar. Sé miðað við vísitöluíbúð er þetta hlutfall heldur hagstæðara eða u. þ. b. 18%.

Þannig hefur nú farið um efndir á þessum loforðum en því til viðbótar hefur orðið mikill dráttur á afgreiðslu lána frá Húsnæðisstofnun sökum fjárvöntunar og viðskiptamenn stofnunarinnar hafa því iðulega lent í vandræðum vegna svikinna loforða ríkisstjórnarinnar. Ofan á þetta bætist svo að félagslega íbúðabyggingakerfið hefur verið skorið niður við trog af ríkisvaldinu og því gert ókleift í raun að standa við lögboðið hlutverk sitt.

Í samstarfsgrundvelli Alþýðubandalagsins, sem kom út fyrir síðustu alþingiskosningar, er talað um átak í húsnæðismálum á næstu 5 árum til að byggja hóflegt húsnæði fyrir ungt fólk og þá sem eru að tryggja sér húsnæði í fyrsta sinn. Frumvarp það, sem hér er flutt, er í samræmi við þá stefnu sem þar er mörkuð.

Fylgiskjal I.

Samstarfsgrundvöllur Alþýðubandalagsins fyrir alþingiskosningarnar 1983 (kafli um húsnæðismál):

III. FRAMFARIR Í HÚSNÆÐISMÁLUM

Íbúðir fyrir ungt fólk.

Næstu 5 ár starfi sérstakur sjóður — „Íbúðir fyrir ungt fólk“ — sem fjármagni hóflegt húsnæði fyrir ungt fólk og þá sem eru að tryggja sér húsnæði í fyrsta sinn. Fjármagn sjóðsins komi með auknu framlagi lífeyrissjóða, með lögbundinni þátttöku bankakerfisins í húsnæðislánakerfinu og sérstakri tekjuöflun í þessu skyni.

Ný eignaform.

— kaup/leigusamningar
— hlutaeign.

Húsnæðislán verði greidd út í tvennu lagi.

Félagslegar íbúðabyggingar.

Þriðjungur íbúða verði á félagslegum vettvangi
— íbúðir fyrir aldraða.
— leiguíbúðir.
— námsmannaíbúðir.

Aukin hlutdeild byggingarsamvinnufélaga

þannig að byggðar verði fleiri minni ódýrar íbúðir.

Fylgiskjal II.

STEFNUYFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR STEINGRÍMS HERMANNSSONAR
(Kafli um húsnæðismál.)

Lán Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem byggja í fyrsta sinn hækki um næstu áramót. Jafnframt verði húsnæðislánakerfið eflt svo á næstu árum *að lán þessi geti numið allt að 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Samsvarandi hækkun verði til þeirra sem kaupa íbúð í fyrsta sinn.*

Fylgiskjal III.

Kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins 1983
(kafli um húsnæðismál):

EIGN FYRIR ALLA — ÁTAK Í HÚSNÆÐISMÁLUM

Á síðustu missirum hafa almennar húsbyggingar dregist stórlega saman og framkvæmdir færst æ meira yfir á svið verkamannabústaða og bygginga á vegum opinberra aðila. Orsakirnar eru annars vegar versnandi efnahagur og lífskjör en hins vegar lánsfjárskortur og beinar aðgerðir stjórnvalda.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þessa þróun óæskilega og stefnir að því að allir geti eignast og búið í eigin húsnæði. Hann mun beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum í húsnæðismálum:

1. Efldir verði tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins svo að almenn íbúðarlán hækki nægilega til þess að almenningi sé kleift að koma sér upp eigin íbúð með þeim lánskjörum sem staðið verður undir af venjulegum launatekjum. Þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fái **80% lán** með betri kjörum en aðrir.
2. Verkamannabústaðakerfið verði bundið við þarfir hinna efnaminnstu er fái nægilega aðstoð til að koma sér upp eigin íbúð.
3. Leiguíbúðum sé markaður ákveðinn rammi innan húsnæðislánakerfisins.
4. Sérstakt átak verði gert í byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða og öryrkja. Öldruðum verði auðvelduð eignaskipti á íbúðarhúsnæði.
5. Sérstakar skattaívilnanir verði veittar þeim einstaklingum sem leggja reglulega fé inn á bundna reikninga. Sú aukning frjáls sparnaðar, sem af þessu hlýst, sé notuð til að standa undir auknum þörfum húsnæðislánakerfisins.

Fylgiskjal IV.

Kosningastefnuskrá Framsóknarflokksins 1983
(kafli um húsnæðismál):
SAMHLIÐA VERÐI LÖGÐ ÁHERSLA Á SÓKN TIL BETRA MANNLÍFS

- Fullt jafnrétti kynja til starfa, launa og lífshamingju verði tryggt.
- Allar konur njóti sama fæðingarorlofs.
- **Húsnæðislán nemi 80% af byggingarkostnaði og verði til 42 ára.**
- Lögð verði rík áhersla á umhverfisvernd, aðstöðu til útivistar og íþrótta.
- Íslendingar leggi ákveðnir lóð sitt á vogarskál friðar í heiminum með skeleggri baráttu fyrir afvopnun og takmörkun kjarnorkuvopna.

Fylgiskjal V.

UPPHÆÐIR F- OG G-LÁNA
(Upplýsingar frá Húsnæðisstofnun dags. 15. janúar s. l.)

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS

Lán vegna fokheldra íbúða janúar/mars 1985.

Staðall:	Fjölskyldustærð:	Kostnaðarverð staðalíbúða:	Lán:
I	1	2 064 976,50 kr.	601 000 kr.
II	2-4	2 623 351,15 kr.	763 000 kr.
III	5-6	3 066 766,25 kr.	892 000 kr.
IV	7-	3 542 763,90 kr.	1 031 000 kr.

Kostnaðarverð staðalíbúða án opinberra gjalda.

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS

Lán til kaupa á notuðum íbúðum, G-lán.

Staðall:	Fjölskyldustærð:	Íbúðaskipti:	Fyrstu kaup:
I	1	90 000 kr.	225 000 kr.
II	2-4	115 000 kr.	290 000 kr.
III	5-6	135 000 kr.	340 000 kr.
IV	7-	155 000 kr.	390 000 kr.

Lánsupphæðir eru óbreyttar frá október 1983.
Kostnaðarverð vísitöluíbúðar er u. þ. b. 1 600 000 kr.

Fylgiskjal VI.

LÁN SEM BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS HEFUR TEKIÐ AÐ UNDANFÖRNU
(Upplýsingar frá Húsnæðisstofnun, dags. 8. janúar sl.)

Dags.	Lánveitandi	Fjárhæð	Lánstími	Gjalddagar	1. gjald.	Vísit./VBÞ	Vextir	Fastar afborganir
10.06.82	Seðlabanki Íslands	40 000 000,00	1982-1984	10. sept.	10. sept. 82	359 L	2,50%b	10 000 000,00
15.12.83	Ríkisábsj. Íslands	30 000 000,00	1984-2000	1. maí, 1. nóv.	1. maí '84	836 L	4,25%f	882 353,00
27.01.84	Ríkisábsj. Íslands	12 975 000,00	1984-2000	1. maí, 1. nóv.	1. maí '84	846 L	4,25%f	381 617,65
23.03.83	Ríkisábsj. Íslands	40 000 000,00	1985-1998	1. feb., 1. ág.	1. feb. '85	854 L	5,25%f	1 481 481,00
28.06.84	Ríkisábsj. Íslands	274 112 760,00	1985-2001	1. feb., 1. ág.	1. feb. '85	885 L	5,25%f	8 062 728,00
05.07.84	Seðlabanki Íslands	195 568 442,20	1985-1989	28. feb.	28. feb. '85	12%b	8,00%b	fastar afb.*
14.11.84	Ríkisábsj. Íslands	160 000 000,00	1985-1994	1. feb., 1. ág.	1. feb. '85	938 L	7,00%f	8 000 000,00
21.11.84	Ríkisábsj. Íslands	250 638 715,00	1985-1994	15.jún., 15. des.	15. jún. '85	Sölug. USD	Br. vx millivx í London	

b= breytil. vextir og verðbætur.
f= fastir vextir.

* ár 1 10 m.kr.
ár 2 20 m.kr.
ár 3 50 m.kr.
ár 4 50 m.kr.
ár 5 65.6 m.kr.

Fylgiskjal VII.

RAUNTEKJUÁKVÆÐI Í DANSKA VERÐTRYGGINGARKERFINU

(Greinargerð.)

Í Danmörku var árið 1982 tekin upp full verðtrygging vissra tegunda opinberra húsnæðislána. Lög þessi voru samþykkt í danska þinginu í mars 1982 (Lov nr. 81 af 17. marts 1982 om indeksregulerede realkreditlån) og tóku gildi 1. apríl það ár. Til þess að koma í veg fyrir að neikvæð launaþróun leiði til stórlega aukinnar skuldabyrðar lánþega er að finna í dönsku lögunum sérstakt rauntekjuákvæði (reallønsklausul). Um þetta ákvæði segir orðrétt í bæklingi útgefnum af nefnd á vegum danska húsnæðisráðuneytisins:

„Rauntekjuákvæði felur það í sér að í þeim tilfellum, þegar verðlagsvísitala (nettoprisindekset) hækkar á hálfsársgrundvelli örar en vísitala tímakaups iðnverkafólks (timelønsindekset for industriens arbejdere), þá miðast ákvörðun endurgreiðslna lántakenda við kaupvísitölu. Sömuleiðis er kaupvísitala notuð ef hún á tíma verðhjöðnunar lækkar meira en verðvísitala. Útreikningur lánagreiðslna miðað við 1. janúar hvert ár, sem tekur gildi í júnímánuði þar næst á eftir, er gerður á grundvelli framvindu hinna tveggja vísitalna tímabilið frá nóvember til maí. Frá 1. júlí eru greiðsluútreikningarnir, sem taka gildi 1. desember, miðaðir við tímabilið maí til nóvember.

Við athugun nefndarinnar fyrir árabilið 1971-82 hefur það sýnt sig að hækkun kaupvísitölu á hálfsársgrundvelli er árstíðabundin þar sem hækkun hennar er venjulega örari frá nóvember til maí en frá maí til nóvember. Slík árstíðasveifla á sér hins vegar ekki stað hvað verðvísitöluna áhrærir.

Hvað snertir þá stöðnun í þróun rauntekna sem verið hefur fyrir hendi síðan 1980 þá kynni ójöfn launaþróun að hafa vissa tilhneigingu til þess að setja rauntekjuákvæðið „í samband“ miðað við hálfsárstímabil og þar með lengja afborgunartíma lánanna — sú aðferð er notuð í þessu kerfi að sé gefin eftir greiðsla vegna rauntekjuákvæðisins þá bætist upphæðin, sem frestað er, við höfuðstólinn og greiðist þá eftir lok lánstímans (innskot þýðanda) — jafnvel þó að á grundvelli heilla ára sé sig á rauntekjum bæði minna og sjaldgæfara.

Útreikningar á hækkun kaupvísitölu á grundvelli heilla ára gefur mun jafnari þróun en þegar miðað er við hálfsárstímabil. Þegar gerður er samanburður við verðvísitölu á sama hátt á heilsársgrundvelli verður það sjaldgæfara að sig mælist í rauntekjum en þegar notuð er hálfsársviðmiðun sem er næmari á sveiflur.

Í því skyni að forðast árstíðabundin áhrif rauntekjuákvæðisins mætti því hugsanlega takmarka gildistöku ákvæðisins við það þegar rauntekjusig verður, miðað við heilsárstímabil.

Annar valkostur væri sá að framkvæma leiðréttingu á árstíðarsveiflu kaupvísitölunnar. Vinnsla slíkrar „árstíðasveifluleiðréttrar“ kaupvísitölu krefst hins vegar nánari tæknilegrar og tölfræðilegrar athugunar. Nauðsynlegt er því að undirstrika að vísitölutrygging raungildislána og raungildisskuldabréfa verður að tengjast fastákveðnum vísitölum sem reiknaðar eru samkvæmt skýrt skilgreindri aðferð.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að þegar ekki er unnt að fá fram samstíga þróun verðlags-/launahreyfinga við vísitölubindingu þá ætti gildistaka rauntekjuákvæðisins að takmarkast við það þegar ekki er um að ræða einungis tímabundna og tilviljunarkennda sveiflu“.

(Þýtt úr „Overvejelser om indeksfinansiering (Redegørelse fra det af boligministeren fra den 3. november 1983 nedsatte indeksfinansieringsudvalg“, bls. 22-23. Boligministeriet, mars 1983.)

Fylgiskjal VIII.

Alþýðubandalagið í Reykjavík:

TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA Í HÚSNÆÐISMÁLUM

(Unnið af starfshópi ABR haustið 1983: Einar Matthíasson hópstjóri, Auður Styrkársdóttir, Ingi Valur Jóhannsson og Sigurður Einarsson.)

Inngangur.

Þar eð umræður um húsnæðismálin hafa verið mjög ofarlega á baugi undanfarið, og jafnvel leitt til aðgerða eins og kunnugt er, þótti rétt að skipaður yrði starfshópur á vegum Alþýðubandalagsins í Reykjavík þar sem fjallað yrði um húsnæðismálin í sem víðastri merkingu, og er þá átt við ekki einungis það er snýr að íbúum höfuðborgarsvæðisins heldur að landsmönnum öllum.

Sem flokkur félagslegra úrlausna, sem Alþýðubandalagið telst vera, mótuðust þær umræður, er áttu sér stað innan hópsins, að sjálfsögðu í þá átt að leita úrræða er komi alþýðu manna, og þá sérstaklega hinum verr settu í þjóðfélaginu, til góða, svo sem láglaunafólki, öldruðum og öryrkjum auk námsmanna og ungu fólki sem er að hefja búskap. Þar sem mjög mörg atriði komu inn í umræðurnar og af mörgu var að taka þótti rétt að takmarka tillögur hópsins við þrjá meginþætti, þ. e.: félagslegt framtak í húsnæðismálum, endurskipun fjármögnunar og lánamála og fasteignamarkaðinn sem ekki hvað síst þarfnast endurskoðunar við. Það er von þeirra er að þessu hafa starfað að flokksfélagar taki þessar tillögur hópsins til umræðu og fjalli um þær fordómalaust og reyni að koma þeim á framfæri við sem flesta en með því teljum við að markmiðum, sem byggjast á félagslegum lausnum, verði best náð.

Áhersluatriði.

Húsnæðishópur Alþýðubandalagsins í Reykjavík telur að við stefnumörkun flokksins í húsnæðismálum beri einkum að leggja áherslu á neðangreind atriði:

1. Húsnæði er **félagslegt réttindamál** á borð við t. d. menntun og heilbrigðisþjónustu. Höfuðatriði félagslegrar húsnæðisstefnu er að skipting húsnæðis milli þegna landsins miðist sem mest við þarfir þeirra en fari ekki eingöngu eftir kaupmætti.
2. Markmið húsnæðislánakerfisins skal vera að ná sem mestum **jöfnuði** milli landsmanna varðandi húsrými og húsnæðiskostnað en hvoru tveggja er nú mjög misskipt milli þjóðfélagshópa og kynslóða. Val skal vera um eignarhaldsform, þannig að allir geti komist í öruggt húsnæði.
3. Stefna ber að því að húsbyggingar miðist mest við **þarfir** þegnanna, en nú og á næstu árum mun þörfin verða mest fyrir litlar íbúðir. Skipulag íbúðahverfa taki mið af þörfum ólíkra þjóðfélags- og aldurshópa, þannig að ekki komi til einangrunar hópa í mismunandi hverfum eins og nú stefnir í.
4. Leggja ber áherslu á **félagsleg íbúðarform.** Þar má nefna verkamannabústaði, byggingu leiguíbúða (á almennum markaði, á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana), námsmannaíbúðir, byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög, íbúðir fyrir aldraða og fatlaða.

5. **Húsnæðislánamarkaðurinn** verði samræmdur þannig að fjármagn til húsnæðis verði betur nýtt en nú er. Húsnæðislánin þurfa að stórhækka.
6. Efla skal **sparnað** í þágu húsnæðislánakerfisins. Í stað núverandi skyldusparnaðar ungmenna 16—26 ára komi 8% sparnaður 18—24 ára ungmenna og felldar niður allar undanþágur. Einnig verði komið á fót almennum og tímabundnum sparnaði vegna fjármögnunar íbúðakerfisins.
7. **Fasteignamarkaðurinn** verði tekinn til endurskoðunar með það fyrir augum að hann verði betur fær um að sinna hlutverki sínu en nú er. Ákveðnari reglur verði settar um starfsemi fasteignasala sem auki skyldur þeirra og geri þær ábyrgari.
8. **Útborgun** í eldri íbúðum verði **lækkuð** í 30—40 prósent og eftirstöðvar lána greiddar á löngum tíma. Réttlætanlegt er að grípa til þvingandi opinberra aðgerða í þessum tilgangi, svo sem með hertum reglum útlána úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að lán verði ekki veitt nema útborgun íbúðar sé sannanlega 30—40 prósent af heildarverði. Benda má á að vegna hinnar háu útborgunar og skamma lánstíma, sem hér gildir nú, er þörf kaupenda fyrir opinbert lánsfjármagn miklu meira en eðlilegt er. Á yfirstandandi ári myndi t. d. lækkun útborgunar úr 75 prósentum í 50 prósent jafngilda 800 milljón króna opinberu láni til kaupenda.
9. Tekin verði upp **ráðgjöf** í fjármálum er tengjast húsnæðiskaupum t. d. á vegum Húsnæðisstofnunar og bankanna.
10. Komið verði til móts við **vanda fólks í dreifbýli** þegar það vegna veikinda eða sveiflna í atvinnulífi verður fyrir verulegum eignamissi við búferlaflutninga.

Þættir til grundvallar í stefnumótun.

Húsnæðishópur ABR telur að stefna í húsnæðismálum eigi að grundvallast á því að húsnæði sé félagslegt réttindamál á borð við t. d. menntun og heilbrigðisþjónustu. Markmið húsnæðislánakerfisins skal vera að ná sem mestum jöfnuði milli landsmanna varðandi húsrými og húsnæðiskostnað. Höfuðatriði félagslegar húsnæðisstefnu er að skipting húsnæðis milli þegnanna miðist sem mest við þarfir þeirra, en fari ekki eingöngu eftir kaupmætti fólks á markaðnum. Bæði húsrými og húsnæðiskostnaði er nú mjög misskipt milli þjóðfélagshópa og kynslóða. Láglaunafólk og hópar á borð við einstæðar mæður, ungt fólk, öryrkja og aldraða eru mjög afskipt á húsnæðismarkaðnum.

Núverandi ástand í húsnæðismálum bitnar án vafa harðast á börnunum. Fólk þarf að basla við að sinna einni af frumþörf sinni — húsnæðisþörfinni — á sama tíma og fjölskyldan stækkar og ekki er önnur lausn á þeim málum nú en báðir foreldrar vinni utan heimilis og þá oft á tíðum mikla vinnu af beggja hálfu. Börn þurfa mestrar umhyggju og umönnunar við fyrstu æviárin, en foreldrar eru flestir sviptir möguleikum til að veita þessa umönnun sem ætti þó að vera réttur bæði barna og foreldra. Þótt uppbygging dagvistarstofnana sé tvímælalaust börnum og konum í hag getur það vart verið stefna samfélagsins að konur eignist börn til þess að sjá um að ekki verði auð pláss á þeim stofnunum. Núverandi ástand virðist þó benda í þá átt.

Verst bitnar ástandið á láglaunafólki og einstæðum mæðrum og börnum þeirra. Hlutskipti meginþorra þessara barna er flækingur milli borgarhverfa í misgóðum leiguíbúðum sem skapar óhjákvæmilega rótleysi og öryggisleysi með börnunum. Verkamannabústaðakerfið hefur veitt hluta þessa stóra hóps úrlausn, en því miður eru hinir fleiri sem hafa í engin hús að venda. Þeirra hlutskipti í lífinu er þrotlaus vinna, ótryggt húsnæði, lítið sem

ekkert fjölskyldulíf og sífellt öryggisleysi vegna afkomu og ekki síst húsnæðismála. Afkoma þessa stóra hóps Íslendinga hlýtur að vera áhyggjuefni allra er íhuga vilja samfélagsmál. Þessa afkomu mætti stórbæta með úrbótum í húsnæðismálum.

Konur hafa löngum haft orð á því að þær ættu að geta valið milli þess að sinna heimili og vinna utan heimilis — jafnvel að sameina mætti hvort tveggja með góðu móti. Fæstum konum stendur slíkt val til boða; konur verða að vinna utan heimilis og eiga húsnæðismálin þar drjúgan hlut að máli. Að loknum löngum vinnudegi utan heimilis taka barnauppeldi og heimilisstörf við, en ýmsar kannanir sýna að íslenskar konur gegna flestum heimilisstörfum nær einar á sínum heimilum. Jafnþrotlaus vinna slítur konum langt um aldur fram en slíkt hefur aldrei verið talinn álitsauki í nokkru samfélagi, a. m. k. ekki þeim er siðuð vilja kallast. Innanhússmál sín verða konur að leysa á eigin spýtur en samfélagið getur og ber raunar skylda til að koma til móts við samfélagsþarfir kvenna með því t. d. að koma sæmilegu skikki á húsnæðismálin og fjármögnun þeirra.

Skipulag borga og bæja þarf að taka meira mið af þörfum kvenna, barna, aldraðra og fatlaðra en þau hafa fram til þessa gert. Þetta eru þeir hópar sem hvað mest eru háðir nánasta umhverfi en einnig þeir hópar sem minnst áhrif hafa haft á skipulagsmál. Við uppbyggingu hverfa ber að hafa alla hópa þjóðfélagsins í huga og stefna að því að uppbygging hverfanna verði sem jöfnust og félagsleg þjónusta sé til staðar um leið og fyrstu íbúarnir flytjast í hverfin.

Nauðsynlegt er að vekja athygli á því mikla öryggisleysi sem húseigendur í dreifbýli eiga við að búa. Byggingarkostnaður húsnæðis þeirra er ekki umtalsvert lægri en á höfuðborgarsvæðinu, en söluverð þess hins vegar miklu lægra. Ekki er óalgengt að söluverð sé 45—65 prósent af byggingarkostnaði og enn lægra í mörgum litlum þéttbýlisstöðum og til sveita. Þá má geta þess að fólk sem þarf að flytjast búferlum af atvinnuástæðum tapar oft miklum hluta eigna sinna. Sama er oft uppi á teningnum þegar snögg veikindi eða aðrar óhjákvæmilegar flutningsástæður koma upp. Lagt er til að leitað verði ráða við vanda fólks í dreifbýli þegar það vegna veikinda eða sveiflna í atvinnulífi verður fyrir verulegum eignamissi við búferlaflutninga.

Tryggja þarf öllum húsnæðisöryggi á eðlilegum kjörum óháð búsetu og því hvort fólk vill kaupa, leigja eða byggja. Í þessu skyni þarf að:

- **— auka félagslegt framtak í húsnæðismálum;**
- **— endurskipuleggja húsnæðislánakerfið;**
- **— endurskoða lög um fasteignasölur og breyta viðskiptaháttum á fasteignamarkaðnum.**

Félagslegt framtak í húsnæðismálum.

Til að ná fram jöfnuði í húsnæðismálum þarf að auka félagslegt framtak en með því er unnt að ná fram meiri hagkvæmni í framkvæmdum og betri nýtingu fjármagns. Langt er síðan menn komu auga á að einungis með þessum hætti mætti leysa eina af frumþörfum mannsins sem húsnæði telst vera og tryggja sómasamlegt húsnæði og þar með öryggi með því að stofna til hópsamvinnu við aðra er voru í svipaðri aðstöðu. Síðan hefur þessi hópsamvinna þróast yfir í formleg almannasamtök sem hafa haft forgöngu um að byggja íbúðarhúnæði fyrir félagsmenn sína og oftar en ekki hafa slík samtök verið í beinum tengslum við verkalýðsfélög eða starfshópa á vinnustöðum. Nú kallast þessi samtök byggingasamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög eða verkamannabústaðir. Fullyrða má að hefði slíkra félaga ekki notið við hefði ekki verið hægt að útvega öllum þeim fjölmörgu launamönnum, er í dag búa í slíkum íbúðum, sómasamlegt húsnæði.

Öll hafa þessi félög það sameiginlegt að húsnæðið er selt félagsmönnum á kostnaðarverði. Slíkar framkvæmdir hljóta að vera þjóðhagslega hagkvæmar og ætti því að veita þeim meiri fyrirgreiðslu varðandi lán og lóðir heldur en hinum sem hafa húsbyggingar að

gróðavegi. Sumar ríkisstjórnir og sveitarfélög hafa hins vegar lagt stein í götu þessara aðila til að hefta framgang þeirra. Á næstu árum mun stór hópur ungs fólks koma á húsnæðismarkaðinn og á sama tíma hefur vaknað áhugi hjá eldra fólki að huga að þægilegu húsnæði í ellinni og minnka við sig. Almennt er viðurkennt að mikil þörf sé á litlum íbúðum á næstu árum. Með þeirri efnahagsstefnu, sem fylgt er í dag, er nánast ófært að leysa þessa þörf nema með félagslegu átaki.

Hingað til hafa byggingasamvinnufélög og verkamannabústaðir reynt að leysa þarfir þessara hópa, en þó hver í sínu lagi, og hefur eftirspurnin yfirleitt verið miklu meiri en framboðið á íbúðum. Þrátt fyrir þetta hefur þessum aðilum ekki verið séð fyrir nægum lóðum til að geta haldið uppi eðlilegri og samhangandi starfsemi. Þetta hefur leitt til mikillar óhagkvæmni í fjárfestingum og minni nýtingar á tækjum og þekkingu en eðlilegt getur talist.

Þrátt fyrir mikla þörf munu Verkamannabústaðir í Reykjavík hefja framkvæmdir við aðeins 200 íbúðir á þessu ári og hinu næsta. Fjórir til fimm umsækjendur eru um hverja íbúð sem bendir til að byggja þurfi a. m. k. þúsund slíkar íbúðir á ári hverju. Hlutur byggingasamvinnufélaga hefur verið heldur meiri, einkum á árunum 1968—78, en á allra síðustu árum hefur hlutur þeirra farið minnkandi og þó sérstaklega s. l. 2 ár. Stefna borgaryfirvalda í Reykjavík hefur leitt til meiri samdráttar í byggingu fjölbýlishúsa sem kemur sérstaklega niður á félagslegum samtökum er standa í framkvæmdum fyrir þá sem eru að eignast sitt fyrsta húsnæði. Þessi „kreppa" byggingasamvinnufélaganna hefur þó leitt af sér þann jákvæða hugsunarhátt að þau hafa reynt að ná saman, m. a. með því að stofna til samtaka byggingasamvinnufélaga og ber að styðja allar tilraunir í þá átt.

Bent hefur verið á aðra leið í átt að sama marki en það er stofnun húsnæðissamvinnufélags. Slík félög eru vel þekkt í öðrum löndum, m. a. á Norðurlöndunum, og þar hafa þau haft forgöngu um byggingu íbúðarhúsnæðis sem félagsmenn eiga og reka í sameiningu. Félögin eru öllum opin gegn greiðslu félagsgjalds og er þátttaka í byggingaráfanga háð ákveðnu stofnframlagi sem veitir rétt til búsetu. Þessi réttur er til ótímabundinna afnota af því húsnæði sem viðkomandi hefur fengið með greiðslu síns stofnframlags. Þetta húsnæðissamvinnuform gerir fólki kleift að komast í húsnæði á mjög viðráðanlegum kjörum. Tilurð húsnæðissamvinnufélaga léttir þrýstingi af leigumarkaðnum og opinbert fjármagn til byggingarframkvæmda helst til frambúðar innan hins félagslega húsnæðiskerfis. Ekki er verið að fjármagna sömu íbúðina 3—4 sinnum eins og á hinum frjálsa sölumarkaði. Hér er um ótvíræðan kost að ræða og þjóðfélagslegan hag og eykur jafnframt nýtingu þess fjármagns er hið opinbera veitir til húsnæðismála.

Aðeins með því að styðja við bakið á félagslegum íbúðaframkvæmdum verður unnt að leysa þann hnút sem húsnæðismálin eru nú komin í og markaðskerfið hefur hingað til átt að leysa en hefur aðeins haft í för með sér skipulagsleysi í fjárfestingum, mikið öryggisleysi og ómælda vinnu húsbyggjenda og -kaupenda og mikið félagslegt ranglæti.

Til að ná sem best fram kostum hins félagslega íbúðaforms er lagt til:

— að komið verði á betri samvinnu milli hinna einstöku aðila svo sem byggingasamvinnufélaga, verkamannabústaða, húsnæðissamvinnufélaga og Húsnæðisstofnunar til að samræma og auka nýtingu á reynslu, tækjakosti og fjármagni;
— að beina tilmælum til sveitarfélaga að auka lóðaúthlutanir til aðila með félagslegar framkvæmdir, þannig að stöðugt verði nægjanlegt framboð af lóðum og framkvæmdir falli því ekki niður um lengri eða skemmri tíma;
— að auka þátttöku væntanlegra byggjenda og kaupenda í skipulagningu íbúðahverfa, þannig að fleiri fái íbúð við hæfi og móti um leið það umhverfi sem þeir eiga að búa í og búa við og skapi jafnframt nánari tengsl.

Endurskoðun lánakerfis.

Lánsfjármögnun íbúða er nú dreifð á margar hendur og möguleikar fólks til fjárútvegunar afar mismunandi. Lánsfé er sótt til Húsnæðisstofnunar, lífeyrissjóða og banka. Þessi skipan mála hefur marga ókosti í för með sér. Erfitt er að sjá fyrir heildarfjárútvegun eða tryggja nægilegt fjármagn áður en kaup eru gerð eða byggingarframkvæmdir hefjast. Dreifing lánamarkaðarins kemur í veg fyrir að hægt sé að nota lánveitingar til að knýja fram meiri hagkvæmni í byggingum og lægri húsnæðiskostnað. Enn fremur er erfitt að koma við eftirliti með fjárfestingum í íbúðabyggingum. Þetta síðarnefnda ber að gaumgæfa sérstaklega þegar haft er í huga að s. l. ár hefur stærð nýbygginga aukist verulega. Eðlilegt hlýtur að teljast að lánakerfið verði ekki notað til bygginga óhófsíbúða.

Núverandi kerfi mismunar landsmönnum mjög. Möguleikar á bankalánum eru háðar samböndum eða harðfylgi við bankastjóra. Yfir 90 lífeyrissjóðir eru starfandi í landinu og veita þeir sjóðfélögum veðlán til húsnæðisöflunar en lánsfjárhæðir og kjör eru mjög mismunandi eftir sjóðum. Í þessu sambandi má einnig nefna að algengt er að foreldrar nýti lánsrétt fyrir börn sín þannig að sumir eiga kost á allt að 2—3 lífeyrissjóðslánum en aðrir fá eitt eða jafnvel ekkert (námsfólk og heimavinnandi húsmæður). Flest bendir til þess að samræming lífeyriskerfisins yrði mjög til hagsbóta og þá helst fyrir alþýðuheimili landsins. Ef komið yrði á fót sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna mætti ná meiri jöfnuði í fjármögnun íbúða.

Brýn nauðsyn er á að þátttaka lánaaðila í fjármögnun íbúða verði samræmd. Samræmd og endurskoðuð skipan húsnæðislána gæti sem best orðið með þeim hætti að Húsnæðisstofnun ríkisins yrði einhvers konar húsnæðislánasjóður og tæki yfir starfsemi veðdeildar Landsbanka Íslands. Nýskipan húsnæðislánakerfisins með virkri tengingu lífeyrissjóðakerfisins og lánastarfsemi hins opinbera ásamt almennum sparnaði í sameiginlegum húsnæðislánasjóði gæfi möguleika á öflugri heildarstjórnun húsnæðismála og meiri jöfnuði meðal landsmanna.

Hlutur innlánsstofnana í þessu samræmda kerfi gæti verið að annast meginhluta fjármögnunar meðan á framkvæmdum stendur — er íbúð eða stærri framkvæmdir eru samþykktar lánshæfar hjá húsnæðislánasjóðnum verði greið leið að framkvæmdafé hjá innlánsstofnunum skv. föstum reglum eða samningum.

Þátttaka lífeyrissjóða, eða öllu heldur lífeyrissjóðs landsmanna, í sameiginlegri fjármögnun húsnæðismála á vegum húsnæðislánasjóðsins gæti verið á þann hátt að vextir hjá húsnæðislánasjóðnum yrðu lægri en nú tíðkast hjá sjóðunum. Vextina má lækka án þess að útgjöld ríkisins aukist verulega með því að fella niður hina óbeinu niðurgreiðslu á húsnæðiskostnaði sem felst í skattaafslætti vegna vaxtagreiðslna. Þar sem hið opinbera aðstoðar við húsnæðisöflun með skattaafslætti dreifist aðstoðin mjög ójafnt meðal þegnanna; þannig hefur t. d. komið í ljós í Finnlandi og Svíþjóð að þessi aðstoð hefur farið ríflegast til hátekjufólks. Þetta hefur einnig leitt til mismunar milli leigjenda og eigenda varðandi húsnæðiskostnað.

Meginþættir þess nýja fyrirkomulags, sem húsnæðishópur ABR telur rétt að tekið verði upp, eru þessir:

Húsnæðislánakerfið verður tengt saman í forsjá húsnæðislánasjóðs. Sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna veitir stærstum hluta ráðstöfunarfjár farveg til sjóðfélaga fyrir milligöngu húsnæðislánasjóðsins. Til jöfnunar á húsnæðiskostnaði verða vextir húsnæðislánasjóðsins greiddir niður en í þess stað hætt að veita skattaafslátt vegna húsnæðisöflunar sem mest kemur hátekjufólki til góða nú. Mikilvægt er að efla sparnað í þágu húsnæðislánakerfisins. Núverandi skipan skyldusparnaðar ungmenna er um margt óhentug því að lítill hluti árlegrar innheimtu er geymdur til lengri tíma. Lagt er til að fyrirkomulaginu verði breytt þannig að skyldusparnaður verði bundinn við t. d. 8 prósent

launa í stað 15 prósent og sparnaðartímabilið miðað við t. d. 18—24 ára ungmenni. Engar undanþágur verði veittar. Hvatt verði til viðbótarsparnaðar skyldusparenda með t. d. hærri lánum sem umbun. Þá er einnig lagt til að komið verði á fót almennum og tímabundnum skyldusparnaði vegna fjármögnunar íbúða.

Fasteignamarkaðurinn.

Það fyrirkomulag, sem verið hefur á sölu fasteigna hér á landi, hefur reynst illa. Fullyrða má að vanþróaður fasteignamarkaður sé eitthvert mesta vandamál þeirra sem eru að leita sér að íbúð til leigu eða kaups. Fasteignasalar hafa ekki reynst þess megnugir að viðhalda heilbrigðum viðskiptakjörum á fasteignamarkaði hérlendis. Mismunur þeirra greiðslukjara, sem boðin eru hér á landi og í öðrum löndum, er með ólíkindum. Íbúðarkaupandi á Íslandi þarf að hafa 400—600 prósentum meira fé handbært til að geta keypt íbúð heldur en kaupandi í nágrannalöndum okkar. Fasteignasalar eru nánast ábyrgðarlausir og hafa litlar skyldur gagnvart umbjóðendum sínum. Fólk, sem hlunnfarið er í viðskiptum á fasteignamarkaði, á sjaldnast möguleika á að leita réttar síns gagnvart fasteignasölum ef þær eiga í hlut.

Til merkis um þýðingu fasteignamarkaðarins má nefna að helmingi fleiri íbúðir eru seldar á frjálsum markaði hér á landi ár hvert en byggðar eru og þetta hlutfall mun vera vaxandi.

Það sem stefna ber að í þessum málaflokki er eftirfarandi:

— Ákveðnar reglur verði settar um starfsemi fasteignasala sem auki skyldur þeirra og geri þær ábyrgari fyrir gerðum sínum (t. d. með því að skylda þær til að kaupa ábyrgðartryggingu).
— Opinberum aðila verði gert að fylgjast með starfsaðferðum fasteignasala og gefa út reglur um þær.
— Lögð verði áhersla á að beina viðskiptavenjum á fasteignamarkaði inn á það sem eðlilegt má teljast fyrir svo stórar eignir. Útborgun verði lækkuð í t. d. 30—40 prósent og eftirstöðvar lána greiddar á það löngum tíma að greiðslubyrði verði eðlileg. Þessu markmiði sé fyrst og fremst náð með því að auka það lán sem seljandi eignar veitir og veita það til lengri tíma.
— Réttlætanlegt er að grípa til þvingandi opinberra aðgerða í þessum tilgangi, svo sem með hertum reglum á úthlutun lána úr Byggingarsjóði ríkisins til eldra húsnæðis, þannig að lán verði ekki veitt nema útborgun íbúðar sé sannanlega 30—40 prósent af heildarverði. Í þessu sambandi má taka fram að telja verður að þeim eigendum fasteigna, sem keyptu þær á óverðtryggðum verðbólgukjörum með neikvæðum vöxtum, beri siðferðileg skylda til að lána því unga fólki sem nú þarf að greiða fullt verð fyrir sínar íbúðir.
— Benda má á að vegna hinnar háu útborgunar og hins skamma lánstíma sem gildir hér nú er þörf kaupenda fyrir opinbert lánsfjármagn miklu meiri en eðlilegt er. Á yfirstandandi ári mundi lækkun útborgunar úr 75 prósentum í 50 prósent jafngilda 800 milljóna króna opinberu láni til kaupenda.

Núverandi ástand — Hvert stefnir?

Á árabilinu 1966—1970 var meðalstærð íbúða í byggingu 433 rúmmetrar. Árið 1981 var meðalstærðin 540 rúmmetrar.

Árið 1975 var tæplega helmingur allra íbúða í Reykjavík fjögurra herbergja eða stærri. Nú eru 27,1 prósent íbúða í Reykjavík fimm herbergja og stærri.

Mikið og veglega hefur verið byggt hér á landi á undanförnum árum.

Athuganir sýna hins vegar að nýting á húsrými er mjög léleg. Flest bendir til þess að á næstu árum þurfi að leggja áherslu á byggingu minni íbúða. Helstu skýringarþættir eru þessir:

Meðalstærð fjölskylduheimila hefur farið minnkandi undanfarin ár. Nefna má sem dæmi að árið 1964 var meðalstærð fjölskylduheimila í Reykjavík 3,4 einstaklingar en **2,9** árið 1982.

Hjónavígslum hefur farið fækkandi allt frá árinu 1974.

Tíðni lögskilnaða hefur aukist um 125 prósent frá 1961 til 1981. Árið 1965 voru einstæðar mæður í Reykjavík með börn undir 16 ára aldri 15,4 prósent barnafjölskyldna í borginni. Árið 1982 voru þær **21,9** prósent barnafjölskyldnanna.

Hlutfall einhleypinga meðal landsmanna er stöðugt að vaxa. Í Reykjavík hefur þetta hlutfall vaxið úr tæpum 15 prósentum allra heimila í rúm **37** prósent árið 1982.

Stærstu árgangar á Íslandi síðan byggð hófst er fólk fætt í kringum 1960 (1957—1963). Þetta fólk er nú 19—26 ára gamalt og á í ríkum mæli eftir að berast inn á húsnæðismarkaðinn.

Öldruðu fólki sem hlutfall af landsmönnum hefur mjög fjölgað. Margt af því býr í stóru húsnæði og vill gjarnan minnka við sig. Slíkt er hins vegar nánast ókleift innan núverandi kerfis þar sem þjónustu skortir víðast.

Ed. 460. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason,
Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að afurðasölu- og verslunarfyrirtæki, sem ekki hafa á undanförnum árum staðið bændum full skil á grundvallarverði afurða, geri það nú þegar, ásamt vöxtum og verðbótum. Verði tregða á skilum hjá einhverju afurðasölufyrirtækjanna verði þeim bændum, sem sækja vilja rétt sinn fyrir dómstólum, veitt gjafsókn.

Greinargerð.

Eins og alkunna er hafa stór afurðasölufyrirtæki ekki staðið bændum skil að fullu á grundvallarverði og haldið fjármunum þeirra í rekstri sínum lengri eða skemmri tíma.

Bændum jafnt sem öðrum reynist þó erfitt að fá ábyggilegar upplýsingar um rétt sinn hjá leyndarráði landbúnaðarkerfisins, en þingnefnd sú, sem tillögu þessa fær til umfjöllunar, mun að sjálfsögðu ganga eftir upplýsingum og undanbragðalausum svörum.

Bændur ber að aðstoða við að ná rétti sínum og að því hnígur tillaga þessi.

Ed. 461. Tillaga til þingsályktunar [281. mál]

um hagnýtingu Seðlabankahúss.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því hvernig æskilegast sé að nýta svonefnt Seðlabankahús. Sérstaklega verði athugað hvort það gæti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands.

Framkvæmdir við bygginguna verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en var ekki fullrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Breytingar á peningamarkaði í lýðfrjálsum löndum eru svo örar að alls staðar nema hér hafa menn horfið frá kenningunni um „stjórn peningamagns í umferð", enda stenst hún ekki í nútímaþjóðfélagi. Þannig segir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri í tímaritinu *Frelsinu*, 2. hefti 1983, þar sem hann svarar spurningum ritsins um hugmyndir Hayeks og Buchanans, m. a. um það, „að teknar séu í stjórnlög ýmsar takmarkanir á valdi stjórnmálamanna til seðlaprentunar...":

„Einnig er rétt að benda á það, eins og margir hafa gert, hversu erfitt muni reynast að skilgreina í stjórnarskrá merkingu þeirra hugtaka, sem hér er um að ræða. Þótt peningamagn sé t. d. hugtak, sem allir hagfræðingar nota, er nákvæm skilgreining þess varla hugsanleg, svo að óyggjandi sé. Þar að auki hefur eðli peningamagnsins tekið sífelldum breytingum, eftir því sem greiðsluvenjur og greiðslutækni hefur breyst. Það er jafnvel hugsanlegt, að næsta kynslóð eigi eftir að lifa í allt að því seðlalausu þjóðfélagi, og hvaða gildi hefðu þá þær takmarkanir á seðlaprentun, sem settar væru í stjórnarskrá við núverandi aðstæður?"

Lokatilraun er nú gerð hér á landi til að viðhalda — og jafnvel auka — ofstjórnina í peningamálum, og meira að segja talað um að frysta allt að 43% sparifjár þjóðarinnar og skammta það síðan. Sú stefna hlyti að leiða til þess að það frjálsræði og jafnrétti í peningamálum, sem nú er í sjónmáli, yrði kyrkt í fæðingunni og óstjórnin héldi áfram enn um skeið. Árangurinn, sem nú hefur náðst eftir að menn loks hættu að láta vextina elta verðbólguna og sneru sér að því að ná henni niður fyrir vaxtafótinn, mundi þá glatast, en við slíkt yrði auðvitað ekki unað til langframa. Þess vegna verður hlutverk Seðlabankans allt annað og minna en áður og því verða þar miklu minni umsvif þótt bankanum yrði falið að taka við nokkrum verkefnum þegar Framkvæmdastofnun ríkisins verður lögð niður. Af þeim sökum verður að huga að því hvernig hagnýta eigi þá byggingu sem hæfileg var talin meðan menn trúðu á skömmtunarstjórn í peningamálum. Sjálfsagt er þó að Seðlabankinn fái þar hæfilegt húsrými. Hugsanlegt væri einnig að búa þar vel um Ríkisútvarpið, auk bankans og Stjórnarráðsins, enda byggingin æðistór."

Allt er þetta óbreytt að öðru leyti en því að nú hafa menn húsið fyrir augunum og ofstjórn og óstjórn peningamála fer vaxandi á ný. Árangurinn í viðureigninni við verðbólguna hefur því glatast um skeið. En auðvitað kemur að því fyrr en varir að raunhæfum úrræðum verður beitt til að stöðva óheillaþróunina og treysta efnahags- og fjármálalíf þjóðarinnar.

Sþ. 462. Fyrirspurn [282. mál]

til menntamálaráðherra um hlustunarskilyrði hljóðvarps.

Frá Siggeiri Björnssyni.

Er þess að vænta að gerðar verði ráðstafanir til að bæta hlustunarskilyrði fyrir hljóðvarp austan Mýrdalssands í Vestur-Skaftafellssýslu?

Ed. 463. Frumvarp til laga [283. mál]

um breyting á lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað, sé þær þar að finna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá setningu fyrstu reglugerðar um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, þ. e. a. s. í kjölfar laga nr. 24/1936, hefur verið að finna ákvæði þess efnis, að finnist slíkur varningur á dreifingarstað skuli hann teljast hafður þar á boðstólum. Ekki styðst þetta við ótvíræð lagaákvæði heldur helgast fremur af nauðsyn þess, að eftirlitið verði rekið sómasamlega og að ekki þurfi að sanna að vara sé til dreifingar, sé hana að finna á stöðum, sem að öðru jöfnu hafa slíka vöru til dreifingar. Hefur verið starfað eftir þessum ákvæðum alla tíð síðan og ekki á það reynt fyrr en nú að þau stæðust ekki.

Fyrir nokkru kærði heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis til ríkissaksóknara dreifingaraðila, sem taldi ákveðna vöru ekki til sölu á dreifingarstað og hélt því fram að það væri heilbrigðiseftirlitsins að sanna að hún væri til sölu. Ríkissaksóknari taldi ekki lagalega forsendu til aðgerða, þar sem áðurnefnd reglugerðarákvæði ættu sér ekki lagastoð og þegar sönnunarbyrði væri snúið við á þennan hátt þyrfti til ótvíræða lagaheimild.

Að fenginni ofangreindri niðurstöðu ríkissaksóknara fór Hollustuvernd ríkisins þess á leit við ráðuneytið, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna skv. lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að það beitti sér fyrir því að heilbrigðiseftirlitið gæti starfað á þann hátt sem nauðsynlegt væri og leitaði leiða til úrbóta. Fyrir því sér ráðuneytið ekki aðra leið færa en að leggja til breytingar á nefndum lögum og er frumvarp þetta því fram komið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með dreifingarstað er átt við framleiðslustað, geymslustað og sölustað.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 464. Frumvarp til laga [284. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—1985.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígeríu.
3. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Þýskalandi.
4. Belomajova, Tatjana Veselinova, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. mars 1949 í Búlgaríu.
5. Fucci, Cosimo, nemi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 á Ítalíu.
6. Haní, Abdelazíz, iðnnemi í Reykjavík, f. 2. janúar 1954 í Marokkó.
7. Hentze, Artha, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. janúar 1941 í Færeyjum.
8. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar 1957 í Reykjavík.
9. Kowalk, Bent, verkstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi, f. 29. september 1962 í Þýskalandi.
10. Lund, Hermod Ingemar Jakob, verkstjóri á Patreksfirði, f. 20. mars 1933 í Noregi.
11. Mileris, Maria Carmen, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 á Spáni.
12. Nilssen, Erna, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 18. ágúst 1948 á Íslandi.
13. Nilssen, Gyða Minny, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 26. apríl 1951 á Íslandi.
14. Popović, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. 28. október 1945 í Júgóslavíu.
15. Richardson, Paul, kennari í V-Skaftafellssýslu, f. 2. ágúst 1943 í Skotlandi.
16. Smíd, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 6. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
17. Smídová-Mintcheva, Violeta, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. ágúst 1944 í Búlgaríu.
18. Stupcanu, Ioan, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. október 1948 í Rúmeníu.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum, með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga, sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til ársloka 1985, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, þó þannig, að umsækjandi nr. 16 fullnægir ekki skilyrðum um dvalartíma fyrr en 10. september 1985 og umsækjandi nr. 17, eiginkona hans, kom ári síðar, en segja má að þau hafi bæði verið í opinberu þjónustustarfi, sem tónlistarkennarar frá komu sinni til landsins; umsækjandi nr. 18 fullnægir skilyrðum 21. ágúst 1985.

Í 2. málsgr. 2. greinar er lagt til að tekin verði upp fyrir þá, sem á undangengnu alllöngu árabili hefur verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur, með skilyrðum um að þeir breyttu nöfnum sínum til íslenskari hátta, heimild til þess að fá þeim nú breytt, ef þeir óska þess fyrir lok þessa árs, þannig að þau samrýmist ákvæðum 1. málsgreinar 2. greinar, sem nú nokkur síðustu ár hafa verið með sama hætti, þannig að ætla má að orðið geti til nokkurrar frambúðar.

Svo sem kunnugt er hafa skilyrði þau, sem sett hafa verið um nafnbreytingu í lögum um veitingu ríkisborgararéttar, breyst í nokkrum áföngum á síðasta áratug, og er lítill vafi á að skilyrðin, eins og þau nú hafa þróast, þykja mun aðgengilegri en þau sem áður giltu. Óvíst er þó hve margir muni nota slíka heimild, en ýmsa kynni hún að sætta við þessar breytingar á nafnháttum sínum.

Ed. 465. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

Úr niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laganna falli brott orðin „svo og vindlingapappír og eldspýtur".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63/1969 er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum áfengi, tóbak, vindlingapappír og eldspýtur.

Lög þessi hljóta að koma öðru hverju til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna. M. a. mætti athuga hvort hagræðing væri í því fólgin að taka sérskatta ríkisins á áfengi og tóbaki með tolli í stað þess að reka umfangsmikið verslunarfyrirtæki með þessar vörur. Það mál þarfnast ítarlegrar skoðunar.

Hér er gerð tillaga um þá breytingu eina að einkaréttur ríkisins til innflutnings á vindlingapappír og eldspýtum falli niður.

Einkasala á eldspýtum er fyrirbæri sem blómstraði á árunum milli heimsstyrjaldanna, m. a. að tilstuðlan sænska eldspýtnakóngsins Ivars Kreuger sem útvegaði fjárþurfa ríkisstjórnum lán gegn einokunarleyfi á eldspýtnasölu. Það fór illa fyrir Ivari þessum og dó hann í París árið 1933, og með honum dó hugmyndin um einokun á eldspýtnasölu út á næstu áratugum — nema hér. Á sama tíma og innflutningur og sala á hvers kyns eldfærum öðrum er frjáls búum við enn við einokun á eldspýtnasölu sem leitt hefur til þess að hér eru oft og tíðum eingöngu afleitar eldspýtur til sölu. Sama gildir um vindlingapappír. Engin ástæða er til að einoka innflutning og sölu á svo lítilfjörlegri vörutegund. Því er lagt til að þessi einokun verði nú afnumin.

Sþ. 466. Fyrirspurn [286. mál]

til menntamálaráðherra um kjör og starfsaðstöðu framhaldsskólakennara.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Hefur menntamálaráðherra gert einhverjar ráðstafanir til að stuðla að samkomulagi í þeirri kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins sem nú er fyrir kjaradómi? Ef svo er, þá hverjar?
2. Mun menntamálaráðherra neyta heimildar í lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og framlengja starfstíma kennara einhliða um þrjá mánuði frá og með 1. mars n. k.?

Sþ. 467. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að kanna hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar eru orsakir þess.

Nefndin skili athugun sinni fyrir árslok 1985.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa lífskjör hér á landi versnað verulega. Kaupmáttur kauptaxta hefur minnkað um fimmtung á síðustu þremur árum. Nú er kaupmátturinn svipaður og hann var árið 1971. Þessar upplýsingar koma fram í töflu 1 sem fylgir hér með. Þar er að finna upplýsingar um þróun kaupmáttar verkamanna, iðnaðarmanna og verkakvenna frá 1971 og fram á þetta ár.

Kaupmáttur kauptaxta er vitaskuld ekki algildur mælikvarði á lífskjör launafólks þó að hann sé þýðingarmikill. En aðrir mælikvarðar sýna einnig dökka mynd þótt hún sé misdökk eftir því hvaða stærðir eru skoðaðar. Dæmi um aðra mælikvarða eru sýnd í töflu 2 hér á eftir. M. a. eru þjóðartekjur á mann nú á svipuðu stigi og árið 1973. Þær hafa dregist saman í þrjú ár í röð. Enn má nefna að ráðstöfunartekjur heimilanna eru svipaðar og þær voru upp úr miðjum síðasta áratug.

Þetta er alvarleg þróun ekki síst með hliðsjón af því að þær þjóðir, sem Íslendingar bera sig helst saman við, hafa nú komist úr þeirri kreppu sem einkenndi alþjóðaefnahagsstarfsemi á árunum 1979—1982. Hagvöxtur í OECD-ríkjunum var 2,6% 1983, tæplega 5% 1984 og horfur eru á að hann verði 3—4% í ár. Samfara hagvextinum fara lífskjör batnandi í flestum nálægum löndum á meðan lífskjörum hrakar hér á landi.

Tafla 3, sem fylgir hér með, sýnir þróun þjóðartekna á mann í nokkrum OECD-ríkjum 1963—1982. Tölurnar, sem eru í erlendri mynt, bandaríkjadollurum, gefa allgóða vísbendingu um lífskjör hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir þó að ýmislegt þurfi að athuga nánar, m. a. áhrif örra breytinga á gengi gjaldmiðla einkum á síðari árum. Tölurnar bera með sér að lífskjör á þennan mælikvarða hafa verið nokkuð góð, vel yfir meðaltali OECD-

ríkja, svipuð og í Danmörku en lélegri en í Svíþjóð og Noregi. Enda þótt þessi samanburður sé á margan hátt ekki óhagstæður Íslendingum fram til 1982 verður ekki það sama sagt um framhaldið. Nú eru þjóðartekjur á mann hér á landi einungis um 9000 dollarar eða um 84% af því sem þær voru 1982 og 70% af þjóðartekjunum 1981. Að vísu veldur hér miklu hvað staða dollarans hefur styrkst mikið á undanförnum árum. Engu að síður er ljóst að lífskjörum hefur hrakað verulega hér á landi samkvæmt þessum mælikvarða á síðustu árum í samanburði við OECD-ríkin þó að nákvæmar tölur liggi ekki enn fyrir í því efni.

Fleiri atriði þarf að kanna en þjóðartekjur á mann á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Sú nefnd, sem fær það verkefni að framfylgja þingsályktunartillögunni, mun að sjálfsögðu leggja mat á hvaða þættir skipta mestu máli í því sambandi. Rétt er þó að nefna hér örfá mikilvæg atriði. M. a. er nauðsynlegt að könnunin nái til samanburðar að því er varðar:

1. hlut launþega í þjóðartekjum,
2. kauptaxta og launaþróun, bæði almenna og eftir atvinnugreinum, jafnt atvinnutekjur, heildartekjur og ráðstöfunartekjur; enn fremur vægi annarra tekna en launa, t. d. tilfærslutekjur, eignatekjur o. fl.,
3. vinnutíma og atvinnuöryggi,
4. beina og óbeina skatta og opinbera þjónustu,
5. greiðslubyrði og skuldastöðu gagnvart öðrum löndum,
6. fjárfestingarþróun,
7. gengisþróun, t. d. dollara og SDR,
8. hagsveiflur í einstökum löndum.

Þeirri nefnd, sem fær það verkefni að gera þessa könnun, er einnig ætlað að skýra niðurstöður sínar að því er varðar lífskjaraþróun hér á landi í samanburði við nálæg lönd. Hafa ytri aðstæður ráðið mestu um þróunina, s. s. aflabrögð og staða alþjóðaefnahagsmála? Eða er skýringanna að leita í okkar eigin efnahagslífi, skipan þess og stjórn? Það er ákaflega mikilvægt að draga þann lærdóm af reynslunni sem unnt er. Þess vegna er þetta mjög þýðingarmikið atriði. Ef mistök hafa orðið ber að viðurkenna þau og einbeita kröftunum að því að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.

Það verkefni, sem hér liggur fyrir, er afar brýnt með tilliti til þess að hætt er við að Íslendingar fari í vaxandi mæli að flytja úr landi og setjast að þar sem betri kjör bjóðast ef svo heldur fram sem horfir að bilið breikki milli lífskjara hér á landi og í nágrannalöndunum.

Tafla 1. Kaupmáttur tímakaups verkamanna, iðnaðarmanna og verkakvenna 1973—1984.

Ár	Vísitölur 1980 = 100		
	Verkamenn	Iðnaðarmenn	Verkakonur
1971	81	83	74
1972	95	97	89
1973	97	98	88
1974	104	109	92
1975	92	94	82
1976	91	93	83
1977	98	100	91
1978	103	102	101
1979	102	103	100
1980	100	100	100
1981	103	103	103
1982	105	104	104
1983	87	88	86
1984 1. ársfj.	81	80	81
2. ársfj.	83	84	81

(Heimild: Fréttabréf kjararannsóknanefndar, september 1984.)

Tafla 2. Breytingar þjóðartekna og ráðstöfunartekna heimilanna á mann 1971—1984.

	Vísitölur 1971—100	
	Þjóðartekjur	Ráðstöfunartekjur heimilanna
1971	100	100
1972	104	110
1973	114	119
1974	114	127
1975	105	112
1976	111	115
1977	120	129
1978	124	140
1979	123	142
1980	124	142
1981	125	151
1982	121	152
1983	115	135
1984 (áætlun)	114	130

(Heimild: Þjóðhagsstofnun.)

Tafla 3. Þjóðartekjur á mann í nokkrum OECD ríkjum 1963—1982. (Reiknað í dollurum.)

	Ísland	*Danmörk*	*Svíþjóð*	*Noregur*	*Finnland*	*V-Þýskal.*	*Bretland*	*Bandaríkin*	*OECD alls*	*Evrópuríki OECD*	*Efnahagsbandalag Evrópu*
1963	1.744	1.693	2.316	1.590	1.442	1.671	1.582	3.143	1.761	1.268	1.458
1964	2.181	1.918	2.582	1.734	1.619	1.824	1.710	3.312	1.898	1.386	1.595
1965	2.592	2.138	2.810	1.899	1.782	1.961	1.828	3.544	2.041	1.493	1.713
1966	3.045	2.329	3.024	2.033	1.901	2.064	1.938	3.834	2.209	1.599	1.827
1967	2.952	2.508	3.259	2.206	1.941	2.092	1.998	4.012	2.336	1.683	1.917
1968	2.281	2.590	3.435	2.337	1.818	2.245	1.883	4.336	2.504	1.749	2.000
1969	1.946	2.917	3.703	2.523	2.070	2.532	2.005	4.641	2.725	1.914	2.192
1970	2.418	3.209	4.096	2.881	2.330	3.053	2.198	4.822	2.944	2.127	2.453
1971	3.065	3.567	4.482	3.241	2.558	3.517	2.507	5.168	3.234	2.393	2.769
1972	3.755	4.345	5.246	3.798	2.984	4.189	2.828	5.622	3.715	2.838	3.274
1973	5.119	5.690	6.357	4.898	3.917	5.538	3.187	6.207	4.450	3.566	4.095
1974	6.654	6.297	7.051	5.877	4.979	6.131	3.461	6.644	4.893	3.972	4.490
1975	5.900	7.438	8.814	7.100	5.878	6.748	4.129	7.125	5.430	4.623	5.224
1976	6.818	8.192	9.454	7.771	6.297	7.227	3.990	7.824	5.837	4.787	5.390
1977	8.841	9.144	9.932	8.899	6.654	8.389	4.473	8.641	6.537	5.374	6.102
1978	9.820	11.063	10.945	10.011	7.150	10.433	5.658	9.616	7.799	6.555	7.535
1979	10.923	12.886	12.885	11.571	8.726	12.381	7.304	10.585	8.855	7.920	9.101
1980	12.653	12.929	14.851	14.045	10.479	13.234	9.358	11.416	9.689	8.899	10.345
1981	12.791	11.350	13.505	13.937	10.238	11.076	8.886	12.647	9.679	7.827	9.025
1982	10.761	10.998	11.756	13.630	10.070	10.700	8.413	13.037	9.522	7.475	8.656
Meðaltöl:											
1963–1967	2.503	2.117	2.798	1.892	1.737	1.922	1.811	3.569	2.049	1.486	1.702
1968–1972	2.693	3.326	4.192	2.956	2.352	3.107	2.284	4.918	3.024	2.204	2.538
1973–1977	6.666	7.352	8.322	6.909	5.545	6.807	3.848	7.288	5.429	4.464	5.060
1978–1982	11.390	11.845	12.788	12.639	9.333	11.565	7.924	11.460	9.109	7.735	8.932

Þjóðartekjur eru hér metnar á markaðsvirði á verðlagi hvers árs miðað við meðalgengi á hverjum tíma gagnvart Bandaríkjadollar. Við þennan samanburð þarf að setja talsverðan fyrirvara. Í fyrsta lagi er gengið eitt sér mjög ófullkomið tæki til að bera saman hagstærðir í ólíkum gjaldmiðli og getur hending um tímasetningu oft ráðið miklu um niðurstöður. Þetta á ekki hvað síst við um lönd, þar sem gengisskilyrði eru afar óstöðug eins og raunin hefur orðið hér á landi. Í öðru lagi má nefna, að gengi dollars hefur verið býsna óstöðugt á síðari hluta þess tímabils, sem hér er sýnt, og sveiflur í dollaragengi á alþjóðamarkaði geta einar sér valdið sveiflum í þjóðartekjum án nokkurs annars tilefnis. Loks má nefna, að sá mælikvarði, sem hér er sýndur, er einungis ein vísbending af mörgum tiltækum um hagsæld ríkja; til þess að fá fyllri mynd þyrfti að horfa á aðra þætti, svo sem fjárfestingu, erlenda skuldastöðu, framfærslukostnað o.fl.

Heimild: Bolli Þ. Bollason, Lífskjör á Íslandi, *Íslensk haglýsing*, greinasafn. Ritstj. Þórður Friðjónsson, AB 1984.

Sþ. 468. Fyrirspurn [288. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eftirlit með innflutningi matvæla.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti með innfluttum matvælum til landsins?
2. Hvaða reglur gilda um heilbrigðis- og gæðavottorð?
3. Stendur til að endurskoða löggjöf um þessi efni?

Nd. 469. Frumvarp til laga [289. mál]

um Landmælingar Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Skipulag Landmælinga Íslands.

1. gr.

Landmælingar Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir samgönguráðuneytið.

2. gr.

Stjórn Landmælinga Íslands skal vera í höndum forstjóra, sem ráðherra skipar til 5 ára í senn.

3. gr.

Ráðherra ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

4. gr.

Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð.

II. KAFLI

Verkefni.

5. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands er:

1. Framkvæmd eða umsjón með landfræðilegum og staðfræðilegum grundvallarmælingum til kortlagningar á Íslandi. Mælingar skulu gerðar í skipulögðu mælingakerfi.
2. Taka loftmynda vegna landmælinga, kortagerðar eða annarra tækni- og vísindalegra nota.
3. Útgáfa almennra korta af Íslandi. Með almennu korti er átt við kort sem er til sölu og dreifingar á almennum markaði.
4. Endurskoðun útgefinna korta Landmælinga Íslands, í þeim tilgangi að kortin sýni sem réttasta mynd af landinu.
5. Söfnun, varðveisla og skráning fjarkönnunargagna sem tengjast landmælingum, kortagerð og skyldum vísindagreinum.
6. Söfnun upplýsinga um örnefni og staðsetningu þeirra í samráði við Örnefnastofnun.
7. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr.

Ríkisstofnanir og stofnanir, sem vinna fyrir almannafé, skulu tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð meiri háttar mælinga- og kortagerðarverkefni og skila um þau áætlun.

7. gr.

Hverjum þeim aðila er lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti, þannig að gögn fáist, sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingum, er skylt að skila til skráningar og geymslu frumgögnum eða fullkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi sem ákveðið er með reglugerð.

8. gr.

Landmælingar Íslands veitir þeim aðilum sem þess þurfa upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum sem um það verða settar.

III. KAFLI

Verkefnaáætlun.

9. gr.

Landmælingar Íslands láta gera til fjögurra ára í senn, áætlun um verkefni stofnunarinnar. Skal áætlunin byggja á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum raðað eftir forgangsröð.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega, þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára.

Landmælingar Íslands skulu senda samgönguráðuneytinu verkefnaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Samgönguráðherra leggur verkefnaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga.

IV. KAFLI

Höfunda- og útgáfuréttur.

10. gr.

Höfundaréttur og útgáfuréttur Landmælinga Íslands á öllu því efni sem stofnunin hefir eignast, unnið eða gefið út í sambandi við kort eða ljósmyndir af Íslandi er ótímabundinn.

Enginn má án leyfis Landmælinga Íslands fjölfalda eða gefa út kort eða ljósmyndir sem byggjast að hluta til eða öllu leyti á efni sem Landmælingar Íslands eiga útgáfurétt á.

11. gr.

Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu.

Heimilt er að hafna umsókn um afnot af gögnum stofnunarinnar ef hún telur slíka útgáfu geta haft í för með sér tekjuskerðingu af eigin útgáfustarfsemi.

V. KAFLI

Fjármögnun.

12. gr.

Greiða skal sérstakt stimpilgjald af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds. Um fjárhæð stimpilgjaldsins skal ákveðið í gjaldskrá sem ráðherra setur.

Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:

1. Kort sem gefin eru út eða unnin af eða fyrir ríkisstofnanir eða sveitarfélög.

2. Uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum, sem fyrst og fremst er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta.
3. Kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða til kennslu.

Gjöld samkvæmt 1. mgr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt 1. mgr. og 13. gr. þessara laga skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands.

13. gr.

Gjald fyrir heimild til afnota af gögnum Landmælinga Íslands samkvæmt 11. gr. laga þessara skal ákveða í gjaldskrá, sem ráðherra setur.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma forstjóra Landmælinga Íslands skal skipun núverandi forstjóra halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið af starfsmönnum samgönguráðuneytisins í samráði við forstöðumann Landmælinga Íslands og lögmann stofnunarinnar, Jónas Aðalsteinsson hrl.

Meginmarkmið frumvarpsins er að lögfesta starfsgrundvöll stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á störfum, skipulagi og verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er í reynd, en mikilvægt er fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum.

Á 100. löggjafarþingi 1978 var lagt fram frumvarp til laga um landmælingar, en eftir umfjöllun samgöngunefndar efri deildar var því vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem í ljós kom „að aðilar, sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu voru mjög ósammála um frumvarpið". Frumvarpið fjallaði aðeins lítillega um stofnunina Landmælingar Íslands, en fyrst og fremst um eignamælingar, merkjastefnur, merkjaskrár o. þ. h. Enn fremur var gert ráð fyrir landmælingastjórn, sem tryggja átti samstarf þeirra aðila, er að landmælingum og kortagerð vinna.

Þeir aðilar sem þetta frumvarp sömdu telja eignamælingar ekki innan verkahrings Landmælinga Íslands og er því ekki um þær fjallað í frumvarpinu.

Landmælingar Íslands urðu til sem sjálfstæð stofnun árið 1956. Fram til þess tíma höfðu Danir séð um allar mælingar og kortagerð af landinu, sem hófust upp úr aldamótum 1800. Aðalmælingastörfum Dana og kortagerð var lokið árið 1939. Eftir stríð var haldið áfram við kortagerðina á vegum Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn.

Með samningi Landmælinga Íslands við Geodætisk Institut 1. febrúar 1973 var höfunda- og útgáfuréttur Íslandskortanna formlega afhentur Landmælingum Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Skipulag Landmælinga Íslands.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um stjórnskipunarlega stöðu stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Í samræmi við almenn viðhorf um endurnýjun í æðstu stöður hjá framkvæmdavaldinu er lagt til að forstjóri Landmælinga verði skipaður til 5 ára.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að skipun núverandi forstjóra haldi gildi sínu engu að síður.

Um 3. gr.

Er í samræmi við framkvæmd þessara mála hjá öðrum ríkisstofnunum.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að hafa ákvæði um starfsháttu og skipulag, þ. m. t. deildaskiptingu, stofnunarinnar í reglugerð frekar en í lögum.

II. KAFLI

Verkefni.

Um 5. gr.

1. Umfangsmesta verkefni Landmælinga Íslands eru landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar til kortlagningar. Stofnunin annast þannig heildarþríhyrningamælingar, punktaákvarðanir með stjörnuathugunum, notkun gervitungla eða öðrum þeim aðferðum er henta þykir, útreikninga og útgáfu hnitaskráa. Hér undir fellur einnig heildarhallamæling landsins, merking fastra hæðarmerkja og útreikningar og útgáfa á listum yfir hæðarmerki.
2. Landmælingar Íslands hafa um árabil ljósmyndað landið úr lofti til kortlagningar og ýmissa rannsókna og eiga því tugi þúsunda af myndum frá ýmsum tímum. Er stofnunin eini aðilinn sem annast hefur töku loftljósmynda í þágu landmælinga- og kortagerðar og er því eðlilegt að það verkefni stofnunarinnar sé fest í lög.
3. Hér er lagt til að lögfest verði það verkefni Landmælinga að gefa út kort í tilteknum lágmarksmælikvarða.
4. Mikilvægt er að kortin sýni rétta mynd af landinu og einstökum hlutum þess eins og það er á hverjum tíma, og því rétt að hafa ákvæði um það verkefni stofnunarinnar að endurskoða útgefin kort.
5. Í umsögn Rannsóknaráðs ríkisins um eldra frumvarp til laga um landmælingar er sérstaklega lagt til að Landmælingum Íslands verði gert kleift að koma á fót fjarkönnunarstofu. Verksvið slíkrar stofu ætti m. a. að vera framleiðsla og vinnsla fjarkönnunargagna fyrir kortagerð og rannsóknarstörf; að fylgjast með framförum og kynna tækni á sviði fjarkönnunar; að varðveita og safna loftmyndum, teknum úr flugvélum og gervihnöttum og öðrum fjarkönnunargögnum innlendum og erlendum og að hafa aðstöðu fyrir notendur fjarkönnunargagna ásamt safni bóka og skýrslna um verk, sem unnin eru á þessu sviði og að geta leiðbeint öðrum.
6. Eðlilegt hlýtur að teljast að stofnun sem vinnur fyrir almannafé sé gert skylt að veita upplýsingar um starfsemi sína.
7. Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að samræma sem mest störf þeirra sem vinna að landmælingum, sem kostaðar eru af almannafé.

Með því að þessir aðilar geri áætlanir um landmælinga- og kortagerðarverkefni fæst yfirsýn yfir það að hverju þarf að vinna og möguleikar skapast til að hagræða störfum og samræma þau. Með þessu er ekki verið að hafa áhrif á það hvaða aðilar vinna að framkvæmd landmælingaverkefna.

Áætlanir um sjómælingar og sjókortagerð falla ekki hér undir. Gerð og útgáfa sjókorta verður því áfram í höndum Sjómælinga Íslands. Jafnframt er og verður útgáfa flugkorta í höndum Flugmálastjórnar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands verði miðstöð allra mælinga í landinu, hvort sem þær eru framkvæmdar af einkaaðilum eða opinberum.

Mikilvægt er að öllum þeim gögnum sem til falla og hafa mælingalegt gildi sé safnað saman til skráningar og tryggrar varðveislu á einn stað. Slík skilaskylda mundi ná til allra aðila, erlendra sem innlendra, sem fást við mælingar, er gefa niðurstöður er hafa slíkt gildi.

Um 8. gr.

Eðlilegt er að stofnunin veiti öðrum aðilum upplýsingar og gögn úr safni sínu eftir reglum sem um það verða settar.

Þessi grein ásamt 7. gr. eru samhljóða 8. gr. eldra frumvarps.

III. KAFLI
Verkefnaáætlun.

Um 9. gr.

Með tilliti til þess að landmælingar og kortagerð eru langtímaverkefni er eðlilegt að gera um það verkefnaáætlanir til lengri tíma. Mikið verk er fyrir höndum í grunnmælingakerfi landsins, svo og á öðrum sviðum mælinga- og kortagerðar.

Ákvæði þessarar greinar eru samin með hliðsjón af ákvæðum 9. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

IV. KAFLI
Höfunda- og útgáfuréttur.

Um 10. gr.

Með samningi við Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn hinn 1. mars 1973 fengu Landmælingar Íslands öll gögn varðandi mælingar á Íslandi og einkarétt á notkun þeirra.

Landmælingar Íslands hafa stöðugt haldið áfram því verki sem Danir hófu, þ. e. grundvallarmælingum á landinu, ásamt endurskoðun kortanna og kortaútgáfu og loftmyndatöku af landinu vegna mælinga og kortagerðar.

Með tilliti til þessarar sérstöðu stofnunarinnar þykir eðlilegt að hafa höfunda- og útgáfurétt hennar ótímabundinn.

Um 11. gr.

Þar sem Landmælingar Íslands er opinber þjónustustofnun þykir rétt að almenningur og aðrar stofnanir geti átt aðgang að gögnum hennar.

Hins vegar hefur þeirri stefnu verið fylgt hjá Landmælingum Íslands að neita um leyfi til notkunar á gögnum stofnunarinnar ef viðkomandi útgáfa gæti skert tekjumöguleikana. Frumvarp þetta miðar að því að gera Landmælingar sem sjálfstæðasta fjárhagslega einingu og gæti óheft notkun á efni hennar skert tekjumöguleika stofnunarinnar verulega.

Samkvæmt þessari grein verður stofnunin að geta fært sönnur á verulega tekjuskerðingu, sem yrði samfara þeirri útgáfu sem um er rætt í greininni.

V. KAFLI
Fjármögnun.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir tvenns konar gjaldi til að tryggja fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar annars vegar stimpilgjaldi, sem lagt er á hvert prentað eintak, og hins vegar sérstöku gjaldi til Landmælinga Íslands fyrir afnot af kortagerðarefni sem stofnunin á höfunda- og útgáfurétt að.

Kortagerðarstefna í nágrannalöndum okkar er sú að styrkja kortagerðarstofnanir og gera þær sem sjálfstæðastar fjárhagslegar einingar sem geti látið í té þjónustu við almenning og opinberar stofnanir hverju sinni.

Hér er lagt til að sömu stefnu verði fylgt varðandi Landmælingar Íslands.

Um 12. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna t. d. í dönskum lögum, Lov nr. 29 af 18.2. 1929 om stempelafgift af topografiske kort. Í reglum settum samkvæmt þeim lögum er stimpilgjald ákveðin fjárhæð á hvern cm^2 af kortinu.

Um 13. gr.

Við ákvörðun á gjaldi fyrir heimild til afnota af gögnum Landmælinga koma ýmis sjónarmið til álita. Má þar m. a. nefna:

— Í hvaða tilgangi á að nota kortið, þ. e. a. s. er um að ræða kortagerð til fjárhagslegs ávinnings þess sem afnota af gögnum óskar eða ekki;
— Eðli kortsins;
— Stærð kortsins;
— Í hvaða mælikvarða;
— Í hve mörgum litum prenta á kortið;
— Stærð upplags (einingafjöldi);
— Að hvaða marki viðkomandi kort verði talin hafa áhrif á eftirspurn eftir öðrum kortum Landmælinga Íslands.

VI. KAFLI

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 470. Frumvarp til laga [290. mál]

um ríkisendurskoðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun skal vera fjárveitinganefnd Alþingis til aðstoðar við gerð fjárlaga. Aðrar þingnefndir geta og fengið aðstoð ríkisendurskoðunar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum.

2. gr.

Stjórn ríkisendurskoðunar skal skipuð þeim þremur yfirskoðunarmönnum sem sameinað Alþingi kýs samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

3. gr.

Stjórn ríkisendurskoðunar ræður forstöðumann stofnunarinnar til 6 ára í senn. Nefnist hann ríkisendurskoðandi og skal vera löggiltur endurskoðandi.

Ríkisendurskoðandi situr stjórnarfundi ríkisendurskoðunar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Ríkisendurskoðandi ræður starfsmenn ríkisendurskoðunar. Meðal þeirra skulu vera starfsmenn sem hafa sérþekkingu á endurskoðun og fjárlagagerð.

5. gr.

Ríkisendurskoðun skal skipt í deildir. Ákveður stjórn ríkisendurskoðunar á hverjum tíma fjölda þeirra og viðfangsefni.

6. gr.

Stjórn ríkisendurskoðunar skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en mánaðarlega. Stjórnin kýs sér formann. Boðar hann til funda og stjórnar þeim.

Ríkisendurskoðandi skal skýra stjórninni frá gangi mála og gera henni grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

7. gr.

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum. Kostnað af slíkri endurskoðun greiðir sú stofnun sem í hlut á hverju sinni.

8. gr.

Reikningar ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsetum Alþingis.

Reikningsskil ríkisendurskoðunar skulu birt með ríkisreikningi.

9. gr.

Ríkisendurskoðun endurskoðar:

1. framkvæmd fjárlaga og ríkisreikning,
2. reikninga embætta, stofnana og sjóða sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, þar á meðal reikninga Alþingis,
3. reikninga stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins sem rekin eru fyrir eigin reikning, þar með taldir reikningar ríkisbanka.

10. gr.

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum, sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, og skoðað reikningshald þeirra. Jafnframt er ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Þá getur ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

11. gr.

Endurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur,
2. að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

12. gr.

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með að gætt sé hagræðingar og hagkvæmni í ríkisrekstri. Getur stofnunin framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem greindir eru í 9. og 10. gr. en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

13. gr.

Í störfum sínum samkvæmt 9. gr. á ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur ríkisendurskoðun krafist þeirra upplýsinga sem þýðingu geta haft við störf hennar samkvæmt 10. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla aðstöðu sem þarf til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald eða fjárvörslu.

14. gr.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og þau ákvæði í lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og öðrum lögum sem stangast á við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og eftir samkomulagi stjórnarflokkanna, skipaði forsætisráðherra hinn 18. ágúst 1983 nefnd til þess að semja tillögur um, hvernig gera mætti stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti. Segir í skipunarbréfi nefndarinnar m. a., að markmið slíkra fyrirhugaðra stjórnkerfisbreytinga sé að efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdarvaldinu.

Í nefndina voru skipuð þau Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, formaður, Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, Bjarni Einarsson, forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Jónsdóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður. Starfsmaður nefndarinnar er Þórður Ingvi Guðmundsson stjórnsýslufræðingur.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta.

Núverandi starfsemi ríkisendurskoðunar hvílir á heimildum laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 frá 28. maí 1969. Er þar svo kveðið á, að ríkisendurskoðun sé sérstök stjórnardeild og lúti fjármálaráðherra.

Með þessu frumvarpi er einkum ráðgerð sú skipulagsbreyting á starfsemi ríkisendurskoðunar, að hún flytjist frá framkvæmdarvaldinu og lúti framvegis forræði Alþingis.

II.

Í þingstjórnarlöndum er þjóðþingum fengið úrslitavald um fjárstjórn viðkomandi ríkja. Ekki verður samt talið, að þessi fjárstjórnarréttur sé í eðli sínu löggjafarmálefni.

Fjárlög eru t. d. í reynd áætlun um tekjur og gjöld ríkisins, sem ætlað er að ná yfir tiltekið tímabil, og eru háð samþykki Alþingis. Þessi áætlun hefur lagagildi, þótt með nokkuð sérstökum hætti sé.

Skyldan til þess að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi er samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar hjá ríkisstjórn, en endanleg gerð fjárlaga er í höndum Alþingis. Má því segja, að þessi skipan tengi á þýðingarmikinn hátt saman starfsemi stjórnvalda og löggjafans.

Stjórnarskráin fær Alþingi fjárveitingavaldið í hendur. Er sú ráðstöfun einn þýðingarmesti hyrningarsteinn þingræðisskipulagsins, því að telja verður, að sá sem valdið hefur í þeim efnum ráði í reynd mestu um stjórn ríkisins almennt.

Stjórnarskráin fær Alþingi í hendur valdið til þess að ákveða fjárveitingar. Það er því rökrétt, að á vegum löggjafans fari fram endurskoðun á því, hvernig framkvæmdarvaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis, svo og hvort farið hafi verið út fyrir þær. Í samræmi við þessi sjónarmið er nú lagt til, að þetta starf færist frá stjórnvöldum til Alþingis.

Segja má, að fjárstjórnarvald Alþingis sé fólgið í tvennu, fyrir fram gerðri áætlun um tekjur og gjöld ríkisins um ákveðið tímabil, og eftirliti — endurskoðun — með því að þeirri áætlun sé fylgt.

Hér á landi eru fjárveitingar og áætlanir um tekjur ákveðnar með fjárlögum og fjáraukalögum. Hefur sá háttur verið á hafður frá því að Alþingi fékk löggjafarvald með stjórnarskránni 1874.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar er boðið, að reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil skuli, að endurskoðun lokinni, safnað saman í einn reikning, er leggja á fyrir Alþingi til samþykktar. Ljóst er, að með þessu ákvæði er ríkisstjórn skylduð til að standa löggjafanum reikningsskil á framkvæmd fjárlaganna. Þessum reikningsskilum fylgir Alþingi síðan eftir með því að kjósa sérstaka trúnaðarmenn til þess að endurskoða ríkisreikninginn. Hefur því svo verið frá hnútum gengið frá setningu stjórnarskrárinnar, að löggjafanum beri að annast endurskoðun ríkisreikninga.

Hins vegar hefur farið svo, að ár frá ári hefur reikningum fjölgað með auknum umsvifum ríkisins, og komast þeir þrír menn, sem Alþingi kýs til þess að annast endurskoðun, ekki yfir allt það verk, samtímis öðrum störfum.

Hin umboðslega endurskoðun, sem nú hefur töluverðum mannafla — þar á meðal sérfræðingum — á að skipa, hefur því stöðugt farið vaxandi. Var reyndar sett löggjöf um reikningsskil og endurskoðun á árinu 1931, þar sem komið var á fót sérstakri endurskoðunardeild í fjármálaráðuneytinu.

Með núverandi hætti er endurskoðun ríkisreikninga því tvenns konar, annars vegar er hin umboðslega endurskoðun, nú eftir ákvæðum laga nr. 73/1969 og heyrir undir fjármálaráðherra, og hins vegar endurskoðun af hálfu Alþingis samkvæmt 43. gr. stjórnarskráinnar.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að ríkisendurskoðun starfi hér eftir í beinum tengslum við Alþingi undir yfirstjórn þess og ábyrgð.

Telja verður að endurskoðun ríkisfjármála geti því aðeins skilað viðunandi árangri, að stofnun sú, sem annast hana, sé óháð þeim, sem endurskoðunin beinist að. Ríkisstofnanir geta að vísu ekki orðið fullkomlega óháðar og sjálfstæðar, þar sem þær eru hluti af ríkisheildinni. Sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður þó best tryggt með því að færa forræði hennar til löggjafans. Verður að telja eðlilegt, að í framtíðinni verði staða ríkisendurskoðunar ákveðin í stjórnarskránni.

III.

Eins og fram kemur í frumvarpinu, er aðaltilgangur þess að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis. Eftir því sem opinber umsvif hafa aukist í þjóðfélaginu, hefur þörfin á eftirliti Alþingis vaxið.

Jafnframt þessu er nú einnig stefnt að því að styrkja starfsaðstöðu Alþingis við gerð fjárlaga. Víða erlendis hafa fjárlaganefndir þinga sérstaka skrifstofu, þar sem sérmenntaðir menn starfa allt árið að margháttuðum rannsóknum og athugunum, er varða fjárlög. Er þá lögð áhersla á, að þessir trúnaðarmenn löggjafarvaldsins hafi nána samvinnu við þá fulltrúa stjórnvalda, sem starfa að undirbúningi og framkvæmd fjárlaga.

Skyldan til þess að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi hvílir á framkvæmdarvaldinu. Ber ríkisstjórnin, og einkum fjármálaráðherra, ábyrgð á, að fjárhagsáætlun fyrir ríkið sé gerð og lögð fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Er sú skipan mála eðlileg, þar sem handhafar framkvæmdarvaldsins hafa betri tök en aðrir á að kynna sér fjárþörf ríkisstofnana og tekjur þeirra.

Nauðsyn ber til þess, að Alþingi og nefndir þess fjalli um fjárlagafrumvörp og önnur fjárhagsleg málefni óháð stjórnvöldum. Til þess þarf Alþingi eigin sérfræðiaðstoð, og er ríkisendurskoðun ætlað það hlutverk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nafn stofnunarinnar yrði skv. frumvarpi þessu óbreytt, ríkisendurskoðun. Var það nafn fyrst tekið inn í lög nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Meginefni þessa frumvarps er að flytja endurskoðun og eftirlit með fésýslu ríkisins frá stjórnvöldum til Alþingis. Stjórnarskrá ríkisins fær Alþingi valdið til þess að ákveða fjárveitingar. Hún gerir jafnframt ráð fyrir endurskoðun á þess vegum. Hér er stefnt að því, að löggjafinn láti endurskoða á sínum vegum, hvernig framkvæmdarvaldið hefur notað heimildir þær, sem Alþingi samþykkti.

Til þess að tryggja sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður stofnunin að vera óháð ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, enda þiggur hún vald sitt og umboð beint frá Alþingi án milligöngu framkvæmdarvaldsins.

Skyldan til að leggja fram fjárlagafrumvarp hvílir á ríkisstjórn, en gerð þess er aðallega í höndum fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Alþingi er hins vegar rétt og skylt að setja fjárlög og ráða fjárveitingum hverju sinni. Fjárveitinganefnd hefur aðeins á að skipa einum starfsmanni hluta ársins, og leggur fjárlaga- og hagsýslustofnun hann til. Auk þess situr hagsýslustjóri fundi nefndarinnar við yfirferð frumvarpsins. Þetta verður að teljast óeðlilegt í ljósi aðgreiningar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Hér er úrbóta þörf, og er því gert ráð fyrir, að ríkisendurskoðun leggi fjárveitinganefnd til sérhæfða starfskrafta, sem geta starfað að margháttuðum umsögnum og upplýsingaöflun varðandi fjárlagagerðina. Nefndinni berst fjöldi erinda og breytingartillagna, sem taka þarf afstöðu til, bæði frá opinberum stofnunum og einstaklingum. Þá þarf einatt að vinna talsvert við að samræma fjárlagafrumvarpið þeirri stefnu, sem Alþingi vill marka um fjárveitingar hverju sinni. Vegna margháttaðrar þekkingar, sem ríkisendurskoðun hefur á þessu sviði, er æskilegt að hún veiti þar ráðgjöf og aðstoð.

Um 2. gr.

Samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar eru kosnir þrír menn til þess að endurskoða ríkisreikninga. Með þessu frumvarpi er þeim einnig falið að skipa stjórn fyrir hina nýju stofnun Alþingis, ríkisendurskoðun. Eftir sem áður geta þessir kjörnu menn skoðað þá reikninga sem þeir óska. En ljóst er, að nú á dögum hefur sú breyting á orðið í rekstri ríkisins, að ekki er þrem mönnum lengur ætlandi að komast yfir að skoða alla reikninga, sem tilheyra ríkisrekstrinum. Má því telja eðlilegt, að þeir fái þá aðstoð, sem frumvarpið stefnir að. Æskilegt er, að þeir þrír menn, sem kjörnir verða skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar, séu að jafnaði úr hópi alþingismanna.

Um 3. gr.

Þær kröfur eru gerðar til menntunar ríkisendurskoðanda, að hann sé löggiltur endurskoðandi. Leiðir það af eðli málsins, þótt ekki hafi verið lögbundið áður.

Lagt er til, að ríkisendurskoðandi verði ráðinn til 6 ára í senn. Er það í samræmi við tillögur í frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands um ráðningar í opinber störf. Er talið rétt, að horfið sé frá gömlu reglunni um æviráðningu og skipun í störf.

Um 4. gr.

Rétt þykir að ríkisendurskoðandi ráði starfsfólk og meti hæfni þess. Gerðar eru kröfur um sérmenntaða menn meðal starfsmanna. Ljóst er, að þörf verður fleiri en eins löggilts endurskoðanda við stofnunina og enn fremur er nauðsynlegt að hafa starfsmenn með sérþekkingu á fjárlagagerð og ríkisfjármálum vegna þeirrar þjónustu, sem ráðgert er að veita fjárveitinganefnd og raunar fleiri þingmönnum við undirbúning að fjárlögum og öðrum fjárhagsverkefnum.

Um 5. gr.

Dagleg störf ríkisendurskoðunar eru nú undir verkstjórn skrifstofustjóra og fjögurra deildarstjóra, en ríkisendurskoðandi fer með yfirstjórn. Núverandi deildir stofnunarinnar hafa með höndum almenna endurskoðun, embættaeftirlit, tollendurskoðun og tölvumál. Hjá ríkisendurskoðun starfa um 40 manns. Einhver afskipti, meiri eða minni eftir eðli máls, eru höfð af reikningsskilum yfir 400 stofnana og fyrirtækja.

Ekki þykir rétt að festa deildaskiptingu ríkisendurskoðunar með lögum. Virðist hagkvæmast að stjórn ríkisendurskoðunar og ríkisendurskoðandi skipi starfseminni í deildir eftir eðli stofnana og umfangi verkefna á hverjum tíma.

Um 6. gr.

Til þess að tryggja, að stjórn ríkisendurskoðunar geti fylgst náið með starfsemi stofnunarinnar og rekstri ríkisstofnana, er nauðsynlegt að ríkisendurskoðandi gefi skýrslur á stjórnarfundum um gang mála. Fær stjórnin þannig yfirsýn yfir starfsemi ríkisendurskoðunar.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að hafa í lögunum heimild til þess að fela löggiltum endurskoðendum utan stofnunarinnar endurskoðun, eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Það er ríkisendurskoðun hagkvæmt að geta leitað til sjálfstæðra endurskoðenda um einstök verkefni. Slíkt veitir aukna yfirsýn í endurskoðunarstarfi og fjölbreytni í vinnubrögðum.

Um 8. gr.

Rétt er að óháður aðili endurskoði reikninga ríkisendurskoðunar. Þykir eðlilegast, að forsetar Alþingis kveði á um það, hver til þess verður valinn.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu, að öll meðferð ríkisfjár sæti endurskoðun. Í þessari grein kemur fram, hvaða aðilar skuli sæta endurskoðun. Lagt er til, að stofnunin endurskoði ríkisreikning og öll embætti, stofnanir, sjóði og fyrirtæki, sem ríkið á eitt sér. Í þessu felst, svo dæmi séu tekin, að ríkisfyrirtæki og stofnanir, svo sem ríkisbankar, Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, falla undir verksvið ríkisendurskoðunar. Enn fremur skal ríkisendurskoðun endurskoða reikninga Alþingis.

Um 10. gr.

Rétt er að veita ríkisendurskoðun heimild til þess að kanna hvernig framlög og styrkir úr ríkissjóði hafa verið notaðir. Er það í samræmi við þá meginreglu, að öll ríkisútgjöld sæti endurskoðun. Er því litið svo á, að þeir sem sækja um styrki og framlög af almannafé sætti sig jafnframt við, að gengið sé úr skugga um, að féð hafi verið notað til þess, sem ráðgert var, og komið að þeim notum, sem að var stefnt. Misnotkun slíkra framlaga gæti leitt til kröfu um endurgreiðslu.

Ljóst er, að ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að margháttaðri starfsemi. Jafnframt tekur ríkið þátt í atvinnurekstri í samstarfi við aðra aðila. Með 2. málsgrein er ríkisendurskoðun veitt heimild til að rannsaka reikningsskil stofnana og fyrirtækja þegar svo stendur á. Þetta er gert í því skyni, að ríkisendurskoðun geti gætt hagsmuna ríkisins samkvæmt þeim reglum, sem um reksturinn gilda, en veitir stofnuninni ekki sérstakan rétt umfram það.

Um 11. gr.

Við gerð endurskoðunarskýrslu skal ríkisendurskoðun greina frá því, hvort viðkomandi reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur. Enn fremur hvort heimildir fjárlaga og annarra laga og starfsvenjur séu í heiðri hafðar.

Um 12. gr.

Fjárhagslegu eftirliti í ríkisrekstri er þannig háttað nú, að fjórir aðilar annast það, formlega séð.

Í fyrsta lagi eiga einstök ráðuneyti, eðli málsins samkvæmt, að gæta þess, að hagræðingar og hagsýni sé gætt í starfsemi stofnana og fyrirtækja, sem undir viðkomandi ráðuneyti falla. Raunveruleg athafnasemi og geta ráðuneytanna til þessara verka er þó með mjög misjöfnum hætti. Hins vegar hefur verið gerð tillaga um það í frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands, að þessi þáttur í starfsemi ráðuneytanna verði efldur.

Í öðru lagi er það annað meginhlutverk fjárlaga- og hagsýslustofnunar að fylgjast með nýtingu fjármuna og aðstoða ráðuneyti og stofnanir þeirra við rekstrarhagræðingu og endurskipulagningu. Það gerir stofnunin annars vegar með því að láta í té sína eigin rekstrarráðgjafa og hins vegar með gerð samninga við sjálfstæða rekstrarráðgjafa, sem þá vinna verkið undir umsjón og eftirliti stofnunarinnar.

Í þriðja lagi er það hlutverk ríkisendurskoðunar að gera athugasemdir við rekstur stofnana og fyrirtækja, verði hún vör við eitthvað, sem betur má fara við endurskoðun hjá viðkomandi stofnunum. Þá hefur ríkisendurskoðun einnig gert rekstrarúttekt á stofnunum og tillögur til úrbóta. Framkvæmd tillagna hefur hins vegar verið í höndum viðkomandi ráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Loks er það hlutverk fjárveitinganefndar að gera athugasemdir við framkvæmd fjárlaga, verði nefndin vör við eitthvað, sem betur má fara. Þetta frumkvæði fjárveitinganefndar og annarra nefnda Alþingis þarf að stórefla. Nefndirnar hefur hins vegar skort þá sérfræðilegu aðstoð, sem nauðsynleg er, til að gera athugasemdir af þessu tagi.

Tilgangur þessarar frumvarpsgreinar er að efla frumkvæði löggjafans til afskipta af framkvæmd fjárlaga og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins með framkvæmd svonefndrar stjórnsýsluendurskoðunar. Slíkt tækifæri skapast með því að flytja ríkisendurskoðun undir stjórn Alþingis, og veita því þannig þá sjálfstæðu sérfræðiaðstoð, sem löggjafann hefur hingað til skort.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um, að ríkisendurskoðun skuli eiga aðgang að gögnum, sem máli skipta í starfi hennar. Þegar um er að ræða stofnanir og félög, sem ríkissjóður tekur þátt í með öðrum, t. d. hlutafélög, takmarkast heimildir ríkisendurskoðunar til að kalla eftir gögnum að sjálfsögðu af reglum viðkomandi stofnunar eða félags. Þannig hefur t. d. ríkið sem hluthafi í hlutafélagi aðeins sama rétt og aðrir hluthafar til að krefjast gagna eins og sá réttur er ákveðinn í samþykktum félagsins eða hlutafélagalögum. Frumvarpinu er auðvitað ekki ætlað að skapa ríkinu aukinn rétt að þessu leyti.

Um 14. gr.

Rétt er að ríkisendurskoðun semji árlega heildarskýrslu til Alþingis um endurskoðunarstarfið og gang mála á því sviði. Slík skýrslugerð kemur einnig til greina oftar, ef um er að ræða mikilsverð mál eða upplýsingar. Það tryggir þinginu ítarlegar upplýsingar og umræður, sem nauðsynlegar eru til eftirlits og aðhalds í ríkisfjármálum. Niðurstöður endurskoðunar ríkisendurskoðunar hjá einstökum stofnunum, embættum og öðrum aðilum koma einnig að fyllri notum, ef Alþingi hefur tök á að fylgja þeim ábendingum eftir. Stjórn ríkisendurskoðunar tekur við slíkum skýrslum og kveður á um frekari meðferð þeirra, ef þurfa þykir.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 471. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Niðurlag 2. gr. laganna, frá og með „*Ljósatími* ...“, falli niður.

2. gr.

Á eftir 39. gr. laganna komi ný grein er verður 40. gr. og orðist svo:

Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða á móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvernig merkingum á skólabifreiðum skuli háttað og um notkun þeirra.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 1. málsgr. 53. gr. laganna komi:

Við akstur bifreiðar, bifhjóls og létts bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum frá 1. september til 30. apríl ár hvert. Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og var afgreitt frá Ed. en var ekki afgreitt úr allsherjarnefnd Nd. Það er endurflutt nú með þeirri breytingu að í stað þess að lögbinda notkun ökuljósa allan ársins hring er lagt til að lögbinding gildi frá 1. september til 30. apríl ár hvert.

Þessi breyting, að ganga ekki jafnlangt og í fyrra frv., er gerð til þess að koma til móts við þá, sem eru andvígir breytingu að þessu leyti frá gildandi lögum, í þeirri von að frv. nái fram að ganga.

Flm. eru þeirrar skoðunar að notkun ökuljósa sé þýðingarmikill þáttur í aðgerðum til að koma í veg fyrir umferðarslys og fækka þeim, en staðreyndin er því miður sú að þriðja hvert banaslys hér á landi verður í umferðinni og þar slasast helst börn, unglingar og gamalt fólk.

Með þessu frv. er ekki verið að leggja aukin útgjöld á ríkissjóð. Það er fyrst og fremst verið að leggja til að gerð verði breyting á umferðarlögum sem leggur ákveðnar skyldur á herðar ökumönnum. Kostnaðarauki fyrir hvert ökutæki er óverulegur ef haft er í huga hve gífurlegur kostnaður er af slysum. Ljósin eyða að vísu orku sem talin er svara til einnar aukafyllingar á bensíntank bifreiðar á ári og perur þarf e. t. v. að endurnýja oftar, en að slíkur kostnaður ætti að hafa úrslitaþýðingu telja flm. fráleitt þegar haft er í huga að þetta er liður í aðgerðum til þess að koma í veg fyrir slys í umferðinni.

Mikilvægi ljósanotkunar ökutækja er tvíþætt:

Úti á þjóðvegum er það tillitssemi við aðra ökumenn, sem á móti koma, að nota ljósin.

Í þéttbýli er fyrst og fremst um að ræða tillitssemi við gangandi vegfarendur. Gangandi vegfarendur í yngstu aldurshópunum og þeim elstu hafa ekki allir fullt sjónskyn. Þeir eldri eru margir sjóndaprir og hreyfihamlaðir að meira eða minna leyti og viðbragðsflýtir margra skertur vegna aldurs eða af öðrum ástæðum. Að kveikja ökuljós á farartækjum veitir þessum vegfarendum mikið öryggi.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferðinni, kemur fram sú hörmulega staðreynd að í aldurshópnum 7—20 ára eru slys algengasta dánarorsök hér á landi. Öllum ráðum verður því að beita til að tryggja öryggi í umferðinni.

Í Svíþjóð var það lögleitt 1. okt. 1977 að ökumenn væru skyldugir til að nota ljós allt árið. Í athugun, sem fram fór, var gerður samanburður á slysum næstu tvö árin fyrir gildistöku laganna um lögbundna ljósanotkun í akstri að degi til og fyrstu tvö árin eftir gildistökuna. Fyrir samþykkt laganna notuðu 50% ökumanna ökuljós, eftir gildistökuna yfir 95%. Talið var að umferðaróhöppum að degi til, þar sem slys urðu á fólki og fleiri en eitt farartæki kom við sögu, hefði fækkað um 11%.

Fækkun slysa eftir tegundum var sem hér segir:

Mest fækkaði slysum þar sem hlut áttu að máli bifreið og vegfarandi á reiðhjóli eða bifhjóli. Þar fækkaði slysum um 21%.

Slysum fækkaði um 17% þar sem gangandi vegfarendur og bifreiðar áttu í hlut.

Minna dró úr þeim slysum sem urðu vegna árekstra bifreiða.

Þeim slysum, sem urðu vegna árekstra bifreiða er komu hvor á móti annarri, fækkaði um 10%.

Slysum í árekstrum á gatnamótum fækkaði um 9%.

Slysum í árekstrum bifreiða, er voru á leið í sömu átt, fækkaði um 2%.

Ákvæði 2. gr. frv. varðandi skólabifreiðar er þáttur í þeirri viðleitni að tryggja sérstaklega öryggi ungra vegfarenda.

Ed. 472. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Helga Seljan.

16. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 60 000 þús. kr. á árinu 1985.

Ed. 473. Frumvarp til laga [292. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Í 14. tölul. 3. gr. laganna falli orðin „ráðherra og“ brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en náði eigi fram að ganga. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Ljóst er að reglur þær, sem nú gilda um hlunnindi ráðherra í sambandi við bifreiðakaup, stangast á við réttarvitund almennings. Þess vegna ber nauðsyn til að breyta þeim reglum sem nú eru í gildi um þetta efni.

Á 100. löggjafarþingi var flutt stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á tollskrá sem miðaði að því að fella þessi fríðindi ráðherra niður, þ. e. a. s. að þeir gætu keypt bifreiðar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Frumvarp þetta var samþykkt í neðri deild og er nefndarálit fjárhags- og viðskiptanefndar þeirrar deildar prentað hér með sem fylgiskjal.

Á vordögum 1979 dagaði þetta mál hins vegar uppi hjá fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar og hlaut ekki afgreiðslu.

Þegar frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþinginu fylgdu því svohljóðandi athugasemdir:

„Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar hafa til afnota. Með lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., var veitt heimild til þess að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær, er nú gilda um bifreiðamál ríkisins, er að finna í reglugerð nr. 6/1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem hafa haft ríkisbifreið til afnota.“

Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frumvarpi þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi.“

Sá rökstuðningur, sem frumvarpinu fylgdi, á ekki síður við nú en þegar það var upphaflega flutt. Flutningsmenn telja eðlilegt að þessar reglur um ráðherrafríðindi verði felldar úr gildi og því er þetta frumvarp flutt.

Fylgiskjal.

1978—79 (100. löggjafarþing) — 184. mál.

Nd. 482. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 82 18. maí 1978, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í frumvarpinu felst sú breyting frá gildandi lögum að fella niður heimild um að ráðherrar geti keypt bifreiðar án þess að greiða aðflutningsgjöld.

Fjárhags- og viðskiptanefnd var sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.
Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Ólafur G. Einarsson.
Kjartan Ólafsson.
Vilmundur Gylfason, með fyrirvara.
Finnur Torfi Stefánsson, með fyrirvara.

Ed. 474. Tillaga til þingsályktunar [293. mál]

um sölu Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja Gullaugað og Áburðarverksmiðjuna í samráði við bændasamtökin. Hreinum söluhagnaði verði varið til styrktar landbúnaðinum eftir ákvörðun Alþingis.

Greinargerð.

Upplýst hefur verið að ríkið sé eigandi Gullaugans, húsnæðis þess sem Grænmetisverslunin hagnýtir og leigir út. Ljóst er að ríkið hefur ekkert með þetta húsnæði að gera. Hið sama er að segja um Áburðarverksmiðjuna sem á í hörmulegum rekstrarerfiðleikum sem einkum stafa af því að hún hefur lánað framleiðsluvöru sína langtímum saman og tekið rekstrarlán í dollurum. Þessi fyrirtæki á ríkið að selja og eðlilegt er að andvirðið renni til bænda eftir nánari ákvörðun Alþingis. Að því er Áburðarverksmiðjuna varðar væri eðlilegast að stofna um hana almenningshlutafélag og selja bændum hlutabréfin.

Tillagan miðar þannig að þeim tvíþætta árangri að draga úr ríkisumsvifum og treysta fjárhag bænda, sem eiga í miklum erfiðleikum, og auðvelda þeim að mæta breyttum aðstæðum.

Sþ. 475. Tillaga til þingsályktunar [294. mál]

um jöfnun vöruverðs.

Flm.: Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aðgerðum til að jafna verð á vörum í landinu í því skyni að draga úr því misræmi sem er í vöruverði eftir búsetu manna.

Sérstaklega verði athugað:

1. Áhrif flutningskostnaðar á vöruverð. Meðal annars verði kannað hve mikil áhrif skattlagning á flutninga hefur á vöruverð úti á landi.
2. Rannsakað verði hvernig bætt skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar tryggi sem best jöfnuð í vöruverði.

Greinargerð.

Lengst af voru allar vörur fyrst fluttar til Reykjavíkur og síðan dreift út um landsbyggðina. Sem betur fer hafa orðið miklar breytingar til hins betra í þessum efnum. En betur má ef duga skal. Mikið misræmi er í vöruverði eftir búsetu manna í landinu. Og það er kunnara en frá þurfi að segja að vöruverð og flutningskostnaður hlýtur að hafa áhrif á kjör heimilanna og húsbyggjenda, atvinnuvegina, kjör aldraðra, öryrkja og allra landsmanna og þar af leiðandi mikilvægt að í þeim efnum sé gætt ítrustu hagkvæmni.

Landsbyggðin býr við skarðan hlut í þessu efni, bæði hvað varðar vöruverð og vöruval. Afla verður nauðsynja að mestu leyti frá Reykjavík með ærnum kostnaði og á löngum tíma. Góðar samgöngur skipta því miklu máli til úrbóta í þessum efnum. Auknar siglingar milli landa og fleiri afskipunarhafnir og fljótvirkari dreifing vörunnar til neytandans með sem minnstum milliliðum stuðla og að lækkuðu vöruverði.

Með tilliti til framangreindra skýringa, svo og þess hve hér er um að ræða mikið hagsmunamál þeirra, er búsetu hafa á landsbyggðinni, er þessi tillaga flutt.

Sþ. 476. Fyrirspurn [295. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver verður fjöldi nýbyggingarlána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna eftir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða ráðstöfunarfé sjóðanna til nýbyggingarlána um 150—200 milljónir á árinu 1985?

   Óskað er eftir að fram komi hvaða breytingar verði á fjölda lánveitinga og upphæð í hverjum útlánaflokki fyrir sig frá því sem ráð var fyrir gert í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985, svo og hvort þessi ákvörðun muni hafa áhrif á afgreiðslufrest útlána úr byggingarsjóðunum.
2. Hve margar umsóknir liggja nú fyrir um lán í hverjum útlánaflokki fyrir sig hjá Byggingarsjóði ríkisins annars vegar og Byggingarsjóði verkamanna hins vegar?
3. Hvaða reglur munu gilda um þá aðstoð sem veitt verður þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum og hafa fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna á tímabilinu 1. janúar 1981 til desember 1984?

Sþ. 477. Fyrirspurn [296. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu erfðafjárskatts.

Frá Helga Seljan.

Hver var heildarupphæð innheimts erfðafjárskatts á árinu 1984?

Sþ. 478. Fyrirspurn [297. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning landbúnaðarafurða.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve miklum fjárhæðum námu farmgjöld á útfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarafurðum á s. l. ári?
2. Hverjir önnuðust flutningana og við hvaða farmgjaldataxta var miðað?
3. Hve miklum fjárhæðum námu umboðslaun af útfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarafurðum á síðasta ári?
4. Hverjir fengu þessi umboðslaun?
5. Hefur komið til tals að bjóða út sölu og flutninga á útfluttum, niðurgreiddum landbúnaðarvörum?

Sþ. 479. Fyrirspurn [298. mál]

til fjármálaráðherra um fjárfestingar á vegum ríkisins.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hvaða fjárfestingar á vegum ríkisins eru á framkvæmdastigi?
2. Hvaða fjárfestingar eru fyrirhugaðar á næstu árum?
3. Hvaða ástæður liggja að baki:
   a. yfirstandandi fjárfestingum,
   b. fyrirhuguðum fjárfestingum?
4. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessara fjárfestinga? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum.
5. Hver er áætlaður heildarkostnaður við þessar fjárfestingar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 480. Fyrirspurn [299. mál]

til fjármálaráðherra um byggingarkostnað opinberra bygginga.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hver er byggingarkostnaður opinberra bygginga á vegum ríkisins miðað við fullbúið húsnæði, reiknaður á rúmmetra eða fermetra hverju sinni?

Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 481. Fyrirspurn [300. mál]

til viðskiptaráðherra um þóknun til banka fyrir að hafa milligöngu um erlendar lántökur og breytingar á óhagstæðum erlendum lánum.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hversu mikla þóknun hafa bankar tekið fyrir að hafa milligöngu um erlendar lántökur s. l. 3 ár?
2. Um hversu miklar upphæðir er að ræða í útgerðinni? Svar óskast sundurliðað á hvert fiskiskip sem tekið hefur erlent lán eða greitt af erlendu láni s. l. 3 ár.
3. Hvaða reglur gilda um slíka þóknun og hver er ábyrgð bankastofnana ef til vanskila kemur?
4. Hefur verið reynt að breyta óhagstæðum erlendum lánum í hagstæðari lán bæði hvað varðar gjaldmiðil og vexti?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 482. Fyrirspurn [301. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við gerð vegar undir Ólafsvíkurenni.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver var talinn kostnaður við gerð vegar undir Ólafsvíkurenni samkvæmt áætlun Vegagerðar ríkisins?
2. Hvert var tilboðsverð Hagvirkis hf. í gerð vegarins?
3. Hver var heildarkostnaður við vegagerðina:
   a) samkvæmt tilboði Hagvirkis hf.,
   b) við aukaverk, unnin af Hagvirki hf., ófyrirséð í tilboðslýsingu,
   c) við aukaverk, umfram tilboð, unnin af Hagvirki hf. eða öðrum,
   d) við eftirlit Vegagerðar ríkisins og stjórn,
   e) við aðkeypt eftirlit,
   f) við aðra kostnaðarþætti?

   Upphæðir tilgreinist á sama verðlagi.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 483. Fyrirspurn [302. mál]

til iðnaðarráðherra um framkvæmd iðnaðarstefnu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig hefur verið háttað í tíð núverandi ríkisstjórnar vinnu „samstarfsnefndar um framkvæmd iðnaðarstefnu“ sem sett var á fót samkvæmt ályktun Alþingis frá 3. maí 1982?

Sþ. 484. Fyrirspurn [303. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun reglna um byggingar framhaldsskóla.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hvað líður endurskoðun reglna (norma) um byggingar framhaldsskóla?

Sþ. 485. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin hlutist til um að komið verði á fót lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi ásamt tilheyrandi búnaði og fjölgun í lögregluliði sýslumannsembættis Kjósarsýslu svo að unnt verði að þjóna Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi auk Mosfellshrepps.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 105. löggjafarþingi en var þá eigi afgreidd. Hún er endurflutt nú óbreytt. Henni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli hefur þörfin fyrir sérstaka lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi stóraukist á undanförnum árum. Íbúar Mosfellshrepps eru í dag liðlega 3300 og býr meiri hluti þeirra í þéttbýlinu við Varmá, en byggð í dreifbýli er einnig allnokkur. Þá ber að hafa í huga að í Kjalarnes- og Kjósarhreppi búa nú milli 500 og 600 manns, þannig að samanlagður íbúafjöldi þessara hreppa nálgast 4 þúsund.

Umferðarmál og slysahætta eru ein meginástæða fyrir brýnni þörf á virkri löggæslu á þessu svæði. Vesturlandsvegur liggur um þéttbýlasta hluta Mosfellshrepps og sker raunar byggðina í tvennt með þeim hætti, að samgangur milli hverfa er ógerlegur án umferðar yfir veginn. Opinber þjónusta, svo sem skólar, barnaheimili, íþróttasvæði o. fl., er öll staðsett öðrum megin vegarins, og sama gildir um verslanir. Af þessu leiðir að innansveitarumferð um og yfir Vesturlandsveg er mjög mikil, hvort heldur er um að ræða ökutæki eða gangandi vegfarendur, börn jafnt sem fullorðna. Þetta ástand hefur í för með sér mikla og vaxandi slysahættu eins og dæmin sanna, og ber brýna nauðsyn til að bæta þar úr.

Íbúar og sveitarstjórn Mosfellshrepps hafa vaxandi áhyggjur af þessu ástandi og telja að ein mikilvirkasta vörnin gegn umferðarslysum hvers konar á þessu svæði sé virk löggæsla á og við Vesturlandsveginn.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur ítrekað ályktað um þetta mál og leggur þunga áherslu á að löggæsla á þessu svæði verði efld til muna, sbr. m. a. eftirfarandi bókun nefndarinnar frá 30. júní 1982:

„Vesturlandsvegur er í hópi fjölförnustu þjóðvega landsins, sérstaklega kaflinn frá Reykjavík og upp fyrir Mosfellshrepp. Eins og nú háttar liggur vegurinn um þéttbýli Mosfellshrepps, sem hefur í för með sér mikla umferð um og yfir veginn, ekki síst af börnum og unglingum, gangandi eða á hjólum.

Þungaflutningar um þennan veg eru eðlis hans vegna mjög miklir. Aðstæðum hagar þannig til við Brúarland, að þar liggur vegurinn í kvos, sem leiðir af sér mikinn umferðarhraða, sérstaklega stórra og þungra bifreiða. En það er einmitt við Brúarland, sem er fjölfarnasta gangbraut barna og unglinga yfir veginn þar sem þau fara í skóla eða til íþróttaiðkana að Varmá. Það dylst engum, sem til þekkja, sérstaklega í ljósi nýlegrar reynslu, að verði umferðarslys á þessum stað, er um líf að tefla.

Með hraðvaxandi byggð í Mosfellshreppi hefur ástand mála á Vesturlandsvegi orðið æ alvarlegra og er nú með öllu óþolandi að óbreyttu. Hreppsnefndin telur að til þess að bæta núverandi ástand sé brýnt að einkum tvennt komi til:

1. Stóraukin löggæsla við Vesturlandsveg í þéttbýli Mosfellshrepps.
2. Greinargóðar gangbrautarmerkingar ásamt þverlínum til að draga úr hraða eða öðrum merkingum með sama tilgangi.

Hreppsnefndin telur brýnt að bætt verði úr þessum atriðum hið fyrsta og gerð með því tilraun til að skapa íbúum Mosfellshrepps þolanlegt ástand á Vesturlandsvegi uns varanleg lausn fæst á þessum vanda með færslu á veginum í samræmi við tillögur skipulagsyfirvalda. Hreppsnefndin telur, að sú framkvæmd þoli ekki bið úr þessu, og álítur eðlilegt að hún verði næsta stórverkefni í vegamálum í Reykjaneskjördæmi."

Þá hafa hreppsnefndir Kjalarnes- og Kjósarhrepps ályktað um nauðsyn á efldri löggæslu á svæðinu og bent á varðstöð í Mosfellshreppi í því sambandi.

Auk þess hefur margoft verið fjallað um málið á öðrum vettvangi, og nægir að minna á fjölmennan borgarafund sem haldinn var 2. desember 1982 um umferðarmál í Mosfellssveit, en þar var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Almennur borgarafundur, haldinn í Hlégarði, Mosfellssveit, 2. desember 1982, skorar á þingmenn kjördæmisins og yfirvöld í löggæslu- og vegamálum að vinna af öllum mætti að eftirfarandi ... að komið verði upp svo fljótt sem verða má lögreglustöð í Mosfellssveit ... að vinna með öllum ráðum að því, að Vesturlandsvegur, frá Höfðabakka upp að Þingvallavegi, verði lýstur upp með einfaldri lýsingu. Lýsing í þéttbýli hafi forgang ... að gerðar verði ráðstafanir, sem duga til þess að lækka umferðarhraða, sem nú tíðkast, gegnum Mosfellssveit."

Auk þeirrar sérstöku löggæslu, sem að framan greinir, er löngu orðið tímabært að efla til muna alhliða löggæslu í þéttbýlinu við Varmá sem og í hreppnum í heild.

Löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi er í dag sinnt frá lögreglustöðinni í Hafnarfirði. Það er ljóst, að með núverandi mannafla og tækjakosti er mjög erfitt fyrir stöðina að sinna lágmarksþjónustu við Mosfellshrepp og upphreppana, hvað þá að nokkur möguleiki sé á virkri löggæslu, eins og brýna þörf ber þó til. Efling á lögregluliði Hafnarfjarðar og tækjakosti þess leysir þó ekki þetta mál, þar sem vegalengdir eru slíkar að svæðinu verður aldrei þjónað svo vel sé með útgerð mannafla frá Hafnarfirði né heldur frá t. d. lögreglustöðinni í Árbæ, sem stundum hefur verið nefnd sem möguleg lausn í þessu sambandi. Því er ljóst að til að tryggja virka löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi þarf að koma á fót sérstakri lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi, sem hafi á að skipa nægjanlegum mannafla og tækjakosti til sólarhringsvaktar á þessu svæði. Þannig er unnt að veita íbúum þessara byggðarlaga þá alhliða löggæslu sem þörf er á og ekki verður veitt með núverandi fyrirkomulagi.

Sþ. 486. Tillaga til þingsályktunar [305. mál]

um námskeið fyrir fiskvinnslufólk og aukna verkmenntun.

Flm.: Árni Johnsen, Valdimar Indriðason, Guðmundur J. Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli aðila fiskiðnaðarins, menntamálaráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins um reglubundin námskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslu í tengslum við almennt verknám í skólum. Markmiðið verði að auka verkmenntun í skólakerfinu og bæta kunnáttu starfsmanna í fiskiðnaði með hliðsjón af mikilvægi vöruvöndunar og vörugæða og betri afkomu fiskvinnslufólks og fiskiðnaðarins.

Greinargerð.

Um árabil hefur mörgu góðu verið komið til leiðar í því skyni að endurbæta verklag og koma á hagræðingu í fiskiðnaði landsmanna en í ljósi þess, að kröfur um vöruvöndun og gæði verða sífellt meiri og á miklu veltur þar sem um er að ræða mestu tekjulind íslensku þjóðarinnar, er brýnt að allir aðilar, sem málið varðar, skipuleggi sameiginlega aðgerðir í því skyni að aukin verkmenntun í fiskiðnaði tengist menntakerfi þjóðarinnar og skapi á þann hátt aukin réttindi og betri kjör fyrir störf í þessari grundvallaratvinnugrein landsins.

Eðlilegast er að slík námskeið eða annars konar verkmenntun nái til allra sem vinna í fiskvinnslu og verði til frambúðar í helstu sjávarplássum landsins. Í raun ættu slík námskeið að vera skilyrði fyrir því að fólk fengi vinnu í fiskiðnaði til lengri tíma en þekkt er það vandamál sem skapast í fiskvinnslunni þegar óvant skólafólk kemur í hópum til starfa í fiski þótt það skili vissulega mikilsverðu starfi.

Lofsvert framtak á sér stað um þessar mundir með eins konar tilraunanámskeiðum til þess að veita fiskvinnslufólki meiri þekkingu á því hráefni sem það vinnur með en á fundi, sem Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra sat með framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands 2. febrúar 1984, varð um það samkomulag að sjávarútvegsráðherra beitti sér fyrir því að komið yrði á námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk sem fengi með þeim hætti aukin réttindi og betri laun. Nefnd skipuð fulltrúum frá VMSÍ, MFA, sölusamtökum sjávarafurða og Fiskvinnsluskólanum hefur nú lagt fram áætlun um tilraunanámskeið, það fyrsta verður haldið dagana 18. og 19. febrúar n. k. Til námskeiðsins hefur verið boðið einum til tveimur starfsmönnum frá 19 fiskvinnsluhúsum í landinu. Síðar eru ráðgerð viðameiri námskeið.

Það hefur verið gagnrýnt í æ ríkara mæli á undanförnum árum að menntakerfi landsins tengdist ekki nógu mikið atvinnulífi landsins, að verkmenntunin og réttur hennar sæti á hakanum. Með því að skipuleggja aukna menntun starfsfólks í fiskiðnaði, byggða á reynslu þess og þeim möguleikum sem hráefnið gefur til að auka verðmæti þjóðarbúsins, getur menntakerfið á tiltölulega auðveldan hátt brúað verulega bilið á milli bóklegs náms og verklegs í þessum efnum, virkjað betur áhuga alls þorra fiskvinnslufólks og aukið ábyrgðartilfinningu þess í mikilvægu starfi. Mögulegt er að taka upp samvinnu skóla og fiskvinnsluhúsa, t. d. með gagnkvæmu námskeiðahaldi, með það fyrir augum að gera þessari atvinnugrein hærra undir höfði en gert hefur verið, koma henni á réttan kjöl svo að það þyki eftirsóknarvert að vinna við fisk og koma honum í sem mest verð.

Flutningsmenn leggja höfuðáherslu á að tengja mun betur en gert hefur verið verkmenntun og bóklegt nám þannig að verkmenntunin fái meira vægi í hinni almennu menntun þjóðarinnar og að starfsreynsla sé metin meira en nú er gert.

Það er ljóst að það eru engin skynsamleg rök fyrir því að fólk, sem starfar í fiskvinnslu, sé með lægstlaunaða verkafólki landsins; það er til lítils sóma fyrir íslenska þjóð að svo sé. Höfuðáherslu verður að leggja á að fiskvinnslufólk, fiskiðnaður og fiskveiðar skipi þann sess sem þessum starfsmönnum og þessari starfsgrein ber í okkar þjóðfélagi.

Fólkið, sem vinnur við sköpun gjaldeyrisverðmæta þjóðarbúsins umfram aðra, á ekki að sitja eftir í kjörum eins og raun ber vitni. Þau námskeið, sem hér um ræðir, eru e. t. v. auðveldasta leiðin til þess að skapa svigrúm til betri kjara fyrir þetta fólk en með því að skipuleggja námskeið á þennan hátt með samvinnu aðila fiskiðnaðarins, menntamálaráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins fara hagsmunir allra saman: meiri þekking, meiri vöruvöndun, hærri laun og dýrmætari framleiðsla.

Hér verða sett fram nokkur dæmi um hugmyndir að námsefni á námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðar en hugmyndir þessar eru unnar hjá Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja undir forystu Jóns Kjartanssonar, formanns félagsins, en það segir sig sjálft að fiskvinnslufólk með bitastæða þekkingu á eftirtöldum þáttum í hinum ýmsu greinum fiskvinnslunnar er gulls ígildi fyrir þjóðarbúið í heild.

I. Ferskur fiskur.

1. Móttaka og meðhöndlun á óslægðum fiski/slægðum fiski.
2. Slæging.
3. Meðhöndlun á hrognum, lifur og slógi (meltu).
4. Þvottur og frágangur á slægðum fiski; ýmsar geymsluaðferðir s. s.:
   a. ísun í stæður,
   b. ísun í kassa,
   c. ísun í ker,
   d. kæligeymslur,
   e. geymsla í kælitönkum.
5. Launakerfi.

II. Saltfiskur/skreið.

1. Handflatning, handhausun.
2. Vélflatning; meðferð og umhirða véla.
3. Söltun/spyrðing:
   a. söltun í stæður,
   b. pækilsöltun,
   c. upprif og umsöltun,
   d. geymsla á saltfiski (skreið) og gallar sem komið geta fram við geymslu s. s.: jarðslagi, roðamaur, maðkur o. fl.
4. Pökkun á saltfiski/skreið til útflutnings (gæðakröfur, reglur um frágang, merkingar o. fl.)
5. Launakerfi.
6. Vinnslurás í skreiðar- og saltfiskverkun.

III. Flökun.

1. Handflökun.
2. Vélflökun:
   a. uppbygging og umhirða hausingar-, flökunar- og roðflettivéla og fræðsla um þær vélartegundir sem í notkun eru hér á landi,
   b. ýmsir algengir flökunargallar og ráð við þeim.
3. Launakerfi.
4. Vinnslurás í frystihúsi.

IV. Snyrting og pökkun.
1. Snyrting og pökkun með hliðsjón af mismunandi pökkunarreglum og margbreytilegum umbúðum.
2. Gæðakröfur framleiðenda og kaupenda.
3. Mikilvægi hráefnisnýtingar, vöruvöndunar og réttra vinnsluaðferða.
4. Mikilvægi hreinlætis í matvælaframleiðslu (fræðsla um gerla og hreinsiefni).
5. Launakerfi.
6. Vinnslurás í frystihúsi.

V. Frysting.
1. Meðferð afurðanna fyrir og eftir frystingu.
2. Undirstöðuatriði í frystitækni.
3. Sérstök öryggisatriði:
   a. Notkun öryggisgrímna og annarra öryggistækja.
   b. Hvernig bregðast skuli við alvarlegum leka í frystitækjum.
   c. Vinna í frystigeymslum og frystilestum.
5. Launakerfi.
6. Vinnslurás í frystihúsi.

VI. Niðursuða/niðurlagning.
1. Móttaka, meðhöndlun og geymsla hráefnis.
2. Snyrting og frágangur í dósir.
3. Gæðakröfur framleiðenda.
4. Umhirða og rekstur véla og tækja.
5. Undirstöðuatriði í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði.
6. Launakerfi.

VII. Fiskimjölsverksmiðjur.
1. Móttaka og meðhöndlun hráefnis, notkun rotvarnarefna og annarra hættulegra efna.

Sþ. 487. Fyrirspurn [306. mál]

til viðskiptaráðherra um nýja löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Frá Eyjólfi Konráði Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd sem ákveðin var með ályktun Alþingis 29. maí 1980?

Ed. 488. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Örn Bjarnason forstjóra Hollustuverndar ríkisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. febr. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Kolbrún Jónsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Björn Dagbjartsson.

Ed. 489. Frumvarp til laga [307. mál]

um fjárfestingarsjóð launamanna.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Stofna skal fjárfestingarsjóð launamanna. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn, sbr. 2. gr.

Fjárfestingarsjóði launamanna er ætlað það hlutverk:

1. að stuðla að innlendum sparnaði og draga þar með úr erlendum lántökum þjóðarinnar,
2. að fjárfesta í atvinnulífi og efla atvinnuvegi landsmanna,
3. að ávaxta inneignir launamanna í sjóðnum og auka eignaraðild þeirra í atvinnurekstri.

2. gr.

Yfirstjórn fjárfestingarsjóðs launamanna er fulltrúaráð skipað fjörutíu og fimm fulltrúum verkalýðsfélaga og samtaka launamanna sem samningsrétt hafa um kjör sín. Fjölda fulltrúa frá hverju félagi eða samtökum skal ákveða í hlutfalli við félagatölu og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem félagsmálaráðuneytið setur að höfðu samráði við samtök launafólks.

Fulltrúaráð sjóðsins kemur saman eigi sjaldnar en þrisvar á ári hverju og er æðsta stjórn sjóðsins. Fulltrúaráðið markar fjárfestingarstefnu sjóðsins í meginatriðum.

Fulltrúaráðið kýs sex menn í stjórn sjóðsins en Alþingi þrjá. Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um fjárfestingar og lánveitingar sjóðsins í samræmi við þá stefnu sem fulltrúaráðið hefur markað.

3. gr.

Í öllum atvinnurekstri skal greiða framlag til fjárfestingarsjóðs launamanna og skal það vera ¼% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 1986. Framlagið skal hækka um ¼% á ári hverju þar til það er orðið 2%.

4. gr.

Greiðsla frá atvinnurekstri til fjárfestingarsjóðsins skal færð á reikning viðkomandi launamanns og telst inneign hans hjá sjóðnum. Að átta árum liðnum fær hann hálfa upphæðina endurgreidda en endanlegt uppgjör fer fram að tólf árum liðnum og skulu endurgreiðslur færðar til gildandi verðlags í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu.

5. gr.

Sá sem á inneign hjá fjárfestingarsjóði launamanna en hættir vinnu til frambúðar vegna örorku eða aldurs á rétt á að fá eign sína greidda út í samræmi við ákvæði reglugerðar.

6. gr.

Greiðslur til sjóðsins teljast til rekstrarkostnaðar í atvinnurekstri, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og eru því dregnar frá tekjum atvinnurekenda áður en skattur er á lagður. Greiðslan er framtalsskyld sem tekjur viðkomandi launamanns en við útreikning á tekjuskatti og útsvari er heimilt að draga upphæðina frá tekjum með sama hætti og gert er varðandi skyldusparnað, sbr. A-lið 1. mgr. 30. gr. l. nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, og 23. gr. l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

7. gr.

Fjármagn sjóðsins skal lagt í arðbæran atvinnurekstur sem stofnfé í nýjum rekstri og til aukinna fjárfestinga í starfandi fyrirtækjum.

Sjóðurinn getur lagt fram fé hvort heldur með kaupum á hlutabréfum, með umsaminni eignaraðild þegar ekki er um hlutafélag að ræða, eða með lánveitingum gegn þeim tryggingum sem stjórn sjóðsins metur gildar.

Almennt gildir að atvinnurekandi á rétt á því að sjóðurinn leggi fram fé í formi eignarframlags eða lánveitingar er nemi 50% af greiðslum fyrirtækisins til sjóðsins enda liggi fyrir að starfsmenn þess hafi verið hafðir með í ráðum um ráðstöfun þessa fjár og meiri hluti þeirra veitt samþykki sitt, sbr. 8. gr.

8. gr.

Starfsmannafélög fyrirtækja fara með rétt þann sem fylgir hlutabréfaeign eða annarri eignaraðild að rekstri fyrir hönd fjárfestingarsjóðsins. Hver starfsmaður, sem inneign á í fjárfestingarsjóði, hefur eitt atkvæði á fundi starfsmanna þar sem fjallað er um mál er varða eignaraðild sjóðsins eða lánveitingar til fyrirtækisins, óháð því hve mikil inneignin er eða hjá hverjum þeir störfuðu þegar inneign myndaðist.

9. gr.

Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi er því ætlað að auka innlendan sparnað í þágu arðbærrar fjáfestingar fyrir atvinnuvegi landsmanna, í öðru lagi að stuðla með óbeinum hætti að aukinni eignaraðild launamanna í atvinnurekstri.

Vaxandi skuldasöfnun Íslendinga erlendis er mikið áhyggjuefni. Þegar lög þessi, sem hér er gerð tillaga um, væru að fullu komin til framkvæmda mundu þau stuðla að árlegum innlendum sparnaði til fjárfestingar er næmi um 800 millj. kr. miðað við áætlaðar launagreiðslur á þessu ári.

Íslenskir atvinnuvegir þarfnast aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar til að bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum atvinnurekstri og til að gera þeim kleift að greiða hærri laun en nú er gert svo að þau jafnist á við launakjör í nálægum löndum — en þar vantar býsna mikið á eins og kunnugt er. Fjárfestingarsjóður launamanna opnar fyrirtækjum leið að verulegu fjármagni til að efla og bæta reksturinn. Oft gæti orðið um aukningu á eigin fé að ræða í formi hlutafjár eða eignarframlaga í annarri mynd. En þar sem því yrði ekki við komið eða þess væri ekki óskað af eigendum væri um lánsfjármögnun að ræða.

Spyrja má hvort með þessu væri ekki verið að leggja gjald á atvinnureksturinn sem síðan væri endurgreitt í formi hlutafjár eða lánsfjár. Svo er ekki. Greiðslan kæmi frá báðum aðilum, launagreiðendum og launamönnum, án þess að greint yrði á milli hvað væri frá hverjum; hún kæmi til frádráttar í bókhaldi rekstrar og væri því í mörgum tilvikum greidd af neytendum og auk þess kæmi greiðslan ekki til skatts, hvorki hjá launagreiðanda né launamanni og væri þess vegna að hluta til greidd af ríkissjóði.

Þannig er ljóst að fjármunir sjóðsins væru ekki fengnir einhliða frá atvinnurekstrinum heldur væru landsmenn allir, neytendur og skattgreiðendur, launamenn og atvinnurekendur, að leggja til hliðar fjármagn sem nyti sérstakra fríðinda en atvinnufyrirtækin fengju endanlega að ráðstafa.

Fríðindi í þágu atvinnurekstrar eru mikil í íslenskri löggjöf svo að mörgum þykir nóg um og á það einkum við um margháttuð skattfríðindi. En hér væri leitað jafnvægis á þann hátt að launamenn yrðu formlegir eigendur þessa fjármagns sem atvinnureksturinn nyti þó góðs af með beinum og óbeinum hætti. Jafnframt væri að því stefnt að starfsmenn fyrirtækja yrðu fyrir atbeina þessa fjámagns hafðir meira með í ráðum um fjárfestingu og uppbyggingu í fyrirtækjum en verið hefur.

Hugmyndir svipaðs eðlis og koma fram í þessu frumvarpi hafa verið til umræðu í nálægum löndum. Alþýðusamböndin í Danmörku og Svíþjóð hafa mikið frumkvæði haft í umræðum um þessi mál og í Svíþjóð hafa þegar verið samþykkt lög um sjóði launamanna. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er þó frábrugðið sænsku lögunum í ýmsum mikilvægum atriðum sem leiða til þess að lögin yrðu einfaldari í framkvæmd og eignarhlutdeild launamanna persónubundnari.

Á 35. þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var á s. l. hausti, var ályktun gerð um atvinnulýðræði þar sem lögð var sérstök áhersla á „launamannasjóði". Er þar einmitt átt við sams konar sjóði og hér er gerð tillaga um. Ályktun þings ASÍ er hér birt sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

35. þing ASÍ

ÁLYKTUN UM ATVINNULÝÐRÆÐI

Verkalýðshreyfingin berst fyrir bættum lífskjörum félagsmanna sinna. Sú barátta getur ekki einskorðast við launakjör og vinnutíma. Hún hlýtur að ná til allra þátta þjóðlífsins því að góð lífskjör geta ekki einskorðast við krónur og aura eitt saman. Um leið og verkalýðssamtökin berjast fyrir bættum efnalegum kjörum og auknum efnahagslegum jöfnuði í þjóðfélaginu verða þau að huga rækilega að öðrum þáttum, s. s. jafnrétti til náms, félagslegum jöfnuði og auknu og virkara lýðræði í þjóðfélaginu.

Á næstu árum mun krafan um stóraukin og víðtæk áhrif vinnandi fólks á daglega stjórnun í atvinnulífinu verða ofarlega á verkefnaskrá verkalýðssamtakanna. Til þess að í slíku náist raunverulegur árangur verður verkafólk að fá efnahagsleg ítök í fyrirtækjum, t. d. með stofnun launamannasjóða.

Markmiðið er að gera lýðræðið í landinu öflugra en nú er og skapa jafnframt skilyrði til þess að gera vinnuna að öðru og meira en brauðstritinu einu saman, gæða atvinnulífið í landinu nýju lífi þar sem verkalýðsstéttin hefur annað og meira hlutverk en að vera aðeins hlekkur í framleiðslukeðjunni.

Með vinnu sinni skapar launafólk þau verðmæti sem eru grundvöllur þess að sjálfstætt þjóðfélag fái þrifist. Á vinnustað eyðir vinnandi fólk stórum hluta ævi sinnar. M. a. í ljósi þessa ályktar þingið eftirfarandi:

35. þing Alþýðusambands Íslands telur nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin undirbúi á næstu missirum baráttu fyrir stórauknum áhrifum verkafólks á atvinnulífið.

Þingið telur að sú vinna eigi að beinast að eftirfarandi meginatriðum:

að gera ítarlega úttekt á vinnumarkaðnum í því skyni að fá haldgóðar upplýsingar um raunveruleg áhrif launafólks í atvinnulífinu,

að safna upplýsingum um reynslu og hugmyndir verkalýðssamtakanna um atvinnulýðræði í nágrannalöndunum; í því sambandi skal leggja sérstaka áherslu á launamannasjóði, að móta tillögur um leiðir til stóraukinna áhrifa vinnandi fólks í atvinnulífinu,

að vekja áhuga félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar á því að taka virkan þátt í stjórnun atvinnufyrirtækja,

að veita nauðsynlega fræðslu til þess að þeir geti axlað þá ábyrgð sem slíkri þátttöku fylgir,

að undirbúa samningsgerð við atvinnurekendur og ríkisvald er tryggi rétt launþega til að eiga hlutdeild í stjórnun fyrirtækja og atvinnulífsins í heild.

Þingið felur miðstjórn að setja á laggirnar 10 manna starfshóp til að vinna að stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar um atvinnulýðræði. Svo fljótt sem henta þykir skal boða til ráðstefnu er fjalli um heildarstefnu hreyfingarinnar í þessum efnum og skal við það miðað að verkalýðshreyfingin verði í stakk búin til að taka málið upp við atvinnurekendur og ríkisstjórn eigi síðar en á árinu 1987.

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um úttekt á stöðu hjúkrunarfræðinga.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu hjúkrunarfræðinga hérlendis. Nefndin kanni meðal annars:

1. hvaða ástæður liggi að baki því að skortur er á hjúkrunarfræðingum til starfa,
2. hvaða leiðir séu færar til úrbóta.

Einnig hlutist nefndin til um að gerð verði áætlun um hver þörfin verður á hjúkrunarfræðingum til starfa á næstu tíu árum.

Nefndin skili niðurstöðum sem allra fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessarar tillögu.

Greinargerð.

Skortur hefur verið á hjúkrunarfræðingum til starfa á heilbrigðisstofnunum hérlendis mörg undangengin ár. Þetta ástand virðist fremur fara versnandi. Brýnt er að láta kanna hvaða ástæður liggja þar að baki.

Starfandi hjúkrunarfræðingar eru í aðeins 86% af stöðugildum sem heimildir eru fyrir. Af þessu leiðir að sjúkrarúm standa auð og ónotuð. Vegna þessa eru t. d. 27 rúm ónotuð á

Borgarspítalanum en þar vantar 20 hjúkrunarfræðinga til starfa. Sömu sögu er að segja af Landspítalanum, þar eru 29 rúm auð. Svona mætti lengi telja.

Öllum er ljós nauðsyn þess að þessar stöður séu mannaðar. Það fer ekkert á milli mála að sífellt lengjast biðlistar þess fólks sem nauðsynlega — oft lífsnauðsynlega — þarf á hjúkrun og meðferð að halda.

Við heilsugæslustöðvar er unnið samkvæmt reglubundnum dagvinnutíma. Athyglisvert er að á því sviði heilbrigðisþjónustu er óverulegur skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa. Þar mun aðeins vanta í tvær til þrjár stöður. Það vekur til umhugsunar um hvort vaktavinna og sú röskun, sem hún veldur m. a. á heimilishögum, geti átt þátt í þeim mikla skorti sem er á hjúkrunarfræðingum á sjúkrahúsum.

Brýnt er að fram komi hvaða þættir það eru sem valda því að ekki tekst að manna lausar stöður hjúkrunarfræðinga. Á undanförnum árum hafa útskrifast 95 hjúkrunarfræðingar að meðaltali á ári. Ekki er útlit fyrir annað en þessi fjöldi standi í stað á næstu árum en í þessari stétt eru nú 2000 manns. Ókannað er hve marga hjúkrunarfræðinga þyrfti að mennta árlega til þess að fullnægja eftirspurn. Einnig væri ekki úr vegi að kannað yrði hvort sá háttur, sem nú er hafður á, geti hugsanlega átt þátt í því að ekki sækja fleiri um skólavist en raun ber vitni.

Nauðsynlegt er einnig að í þessari úttekt á stöðu hjúkrunarfræðinga verði gefinn gaumur að launum, aðbúnaði á vinnustað, vinnuálagi og ábyrgð í starfi.

Ed. 491. Frumvarp til laga [309. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn reiknast árið 52 tryggingavikur. Hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingavika. Tryggingavikufjöldi sjómanna er skráningar- og/eða ráðningartími í skipsrúm.

2. gr.

7. töluliður 21. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a. m. k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma.

3. gr.

1. málsgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, hæsta starfsaldursþrepi. Lágmarksdagpeningar eru ¼ hluti sömu launa.

4. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgr. sem verður 2. málsgr. og orðist svo:

Nú nemur vinnuframlag manns ekki 425 dagvinnustunda lágmarkinu skv. framansögðu en viðkomandi hefur auk þess unnið eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 22/1981 og lög nr. 46/1981, og er þá heimilt að leggja saman dagvinnustundir unnar af viðkomandi og greiða bætur að tiltölu enda náist þannig a. m. k. 425 dagvinnustundir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Í tengslum við gerð síðustu heildarkjarasamninga verkafólks og vinnuveitenda var það fyrirheit gefið að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, í því skyni að hækka viðmiðunarflokk bóta til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á röðun starfa í launaflokka frá því að fyrrgreind lög voru sett.

Frá því að fyrst var farið að greiða atvinnuleysisbætur haustið 1956 voru þær tengdar „almennu verkakaupi“ eða tilteknum launaflokki, þeim sem verkafólki væri almennt greitt eftir, nú síðast 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands. Iðgjöld launagreiðenda voru á sama hátt miðuð við þann launaflokk; þó voru bætur greiddar eftir efsta starfsaldursþrepi en iðgjöld miðuð við hið lægsta.

Framangreint fyrirheit ríkisstjórnarinnar á rætur að rekja til þess að viðmiðun við 8. fl. sem „almennt verkakaup“ er fyrir þó nokkru orðin úrelt. Skv. gildandi kjarasamningum er kaup fyrir störf í almennri fiskvinnu greitt eftir 13. fl. til 1. mars 1985 en breytist þá í 14. fl. til 1. maí 1985. Frá þeim degi verður kaup fyrir þessi störf greitt eftir 15. launaflokki gildandi kjarasamnings.

Af þessu sést að umhendis er að rígbinda iðgjöld og bætur við tilgreindan og númeraðan launaflokk. Hér er því lagt til að miðað verði við þann launaflokk sem langflestir taka laun samkvæmt, þ. e. a. s. þann sem greitt er eftir fyrir „almenna fiskvinnu“ á hverjum tíma. Verði bætur áfram miðaðar við efsta starfsaldursþrep en iðgjöld við lægsta.

2. Með lögum 22/1981 og 46/1981 öðluðust félagsmenn BHM og BSRB rétt til atvinnuleysisbóta sambærilegra við bætur annars launafólks, sbr. einkum IV. og V. kafla um atvinnuleysistryggingar.

Bætur skv. lögum þessum greiðast af ríki og sveitarfélögum án þess að sérstakt iðgjald sé lagt á og innheimt, þ. e. a. s. hér er ekki um bótasjóð að ræða.

Lágmarksbætur greiðast, eins og í hinu almenna kerfi, þá því aðeins að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 425 klst. í dagvinnu í þjónustu ríkis eða sveitarfélaga á síðustu 12 mánuðum. Vegna þessa skilyrðis og þar eð hér er um þrjú aðskilin kerfi að ræða á fólk ekki formlegan rétt til bóta þótt það hafi skilað allt að 1272 dagvinnustundum samanlagt skv. kjarasamningum ASÍ, BHM og BSRB. Hér er því lagt til að heimilað verði að miða við heildarvinnuframlag til bótaákvörðunar og að greiða bætur úr hverju kerfi að tiltölu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að hér er lagt til að miðað verði við vikukaup fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu í stað þess að vísa til 8. launaflokks A Verkamannasambands Íslands.

Um 2. gr.

Hér er sú breyting ein gerð að tilvísun í 8. launaflokk er felld burtu og í þess stað miðað við hámarksbætur eins og þær eru á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Hér eiga við sömu skýringar og um 1. gr.

Um 4. gr.

Það er talið sanngirnismál að fólk gjaldi þess ekki að við lýði eru þrjú aðskilin kerfi atvinnuleysisbóta hér á landi.

Þar eð afgreiðsla bótamála skv. l. 22/1981 og l. 46/1981 skal fara eftir reglum laga 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, nægir að breyta síðast töldu lögunum eins og hér er lagt til.

Að öðru leyti vísast til þess sem segir í 2. lið almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Ed. 492. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um vélstjórnarnám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. til laga um vélstjórnarnám og er sammála um að mæla með að það verði samþykkt óbreytt.

Stefán Ól. Jónsson deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu kom á fund nefndarinnar og skýrði frá ýmsu í sambandi við framkvæmd í menntunarmálum vélstjóra ef frv. yrði að lögum.

Alþingi, 13. febr. 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Árni Johnsen.	Ey. Kon. Jónsson.
	Ragnar Arnalds.	

Ed. 493. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. febr. 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.
Valdimar Indriðason.	Salome Þorkelsdóttir.	

Nd. 494. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leitað umsagnar um málið. Dómsmálaráðuneyti telur breytingu þá, sem felst í frv., eðlilega og fjármálaráðuneyti mælir með samþykkt frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. febr. 1985.

Páll Pétursson, form.	Kjartan Jóhannsson, frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.
Svavar Gestsson.	Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 495. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um nýjan viðmiðunargrunn verðtryggingar langtímalána.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar að verðtrygging langtímalána til einstaklinga vegna náms eða byggingar eigin húsnæðis verði miðuð við vísitölu kauptaxta í stað lánskjaravísitölu.

Greinargerð.

Flestir eru orðnir sammála um réttmæti verðtryggingar fjárskuldbindinga og viðurkenna það sjónarmið að lánardrottni beri að fá verðmæti lánsfjárhæðar að fullu endurgreitt að lánstíma loknum og eitthvað að auki fyrir greiðann. Það er hins vegar ekkert einfalt mál og öldungis ekki sama við hvað verðtryggingin er miðuð, eins og lántakendur hafa rækilega orðið varir við nú síðustu árin.

Fram til þessa hefur þótt rétt að miða við kostnaðarþróun og verðtrygging þannig miðuð við lánskjaravísitölu sem er mynduð af vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓ hluta og vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum. Hugmyndin var þá sú að fá mætti jafngilt verðmæti í hlutum eða þjónustu fyrir endurgreiðsluna og upphaflegu lánsfjárhæðina, en vextir væru svo að auki. Þetta virðist eðlileg viðmiðun að því tilskildu að þróun kaupgjalds haldi að minnsta kosti í við þróun verðlags og framfærslukostnaðar. Því er þó alls ekki alltaf að heilsa og reynsla undanfarinna mánaða kallar eindregið á breytingu í þessum efnum. Það hlýtur að teljast með öllu ósanngjarnt að neyða fólk til að spá um verðlagsþróun til margra ára eða jafnvel áratuga til að átta sig á greiðslubyrði langtímalána með föstum vöxtum. Slíkt er raunar ógerlegt eins og komið er á daginn.

Nú um nokkurt skeið hefur þróunin verið almennu launafólki afar óhagstæð og ljóst að margir eru að kikna — og hafa þegar kiknað — undir greiðslubyrði lána sem hefur í mörgum tilfellum vaxið langt umfram greiðslugetu. Kaupmáttur hefur illa fylgt eftir kostnaðarþróun og einsýnt að mikið misgengi hefur myndast nú að undanförnu, meðal annars vegna aðgerða stjórnvalda sem æ ofan í æ hafa hindrað að laun haldi í við verðlagsþróun. Af því leiðir að

fólk þarf ekki aðeins að bera skertan kaupmátt á neysluvörum, heldur einnig að borga af langtímalánum sínum með sífellt fleiri vinnustundum.

Miðað við framansagt þykir flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu það réttlætismál að viðmiðunargrunnur verðtryggingar lána til launafólks verði vísitala kauptaxta, en ekki lánskjaravísitala eins og nú er. Meginhugsunin að baki slíkrar verðtryggingar er þá sú að launafólk þurfi að vinna jafnmargar vinnustundir fyrir greiðslu lánsins og virði þess var í vinnustundum þegar lánið var tekið, að viðbættum einhverjum vöxtum.

Launafólk er í raun algjörlega varnarlaust gagnvart ráðstöfunum sem miða að skerðingu kaupmáttar. Sala vinnu er eina tekjuöflunarleið þess og því eðlilegast og réttlátast að það sé lagt til grundvallar við ákvörðun verðtryggingar lána. Launafólki væri mikið öryggi í því að vita að endurgreiðsla lána yrði alltaf svipuð í vinnustundum talin. Því er þessi tillaga fram borin.

Meðfylgjandi tafla frá Þjóðhagsstofnun sýnir þróun kauptaxta og lánskjara s. l. 15 ár.

Tekjur, lánskjör, kaupmáttur 1970-1984.

Vísitölur 1970=100

	Vísitala kauptaxta	Vísitala ráðstöfunar-tekna Á mann	Lánskjara vísitala	Vísitala kaupmáttar kauptaxta 1)	Vísitala kaupmáttar ráðstöfunar-tekna 1) Á mann
1971	119	123	110	109	113
1972	149	155	123	120	124
1973	184	209	148	118	134
1974	274	319	210	123	143
1975	348	422	316	105	127
1976	436	560	413	101	130
1977	636	825	536	112	146
1978	985	1283	774	121	158
1979	1420	1917	1111	119	160
1980	2143	3014	1750	115	161
1981	3193	4801	2657	114	171
1982	4800	7461	3981	111	172
1983	7174	11900	7140	91	152
1984	8524	14851	9552	84	147

---

1) Miðað við verðlag einkaneyslu.

Aths. Þann fyrirvara þarf að hafa á þessum vísitölusamanburði, að val á grunnári getur skipt máli. Hér er til dæmis miðað við grunnárið 1970, en önnur mynd kynni að fást, ef miðað væri við eitthvert annað grunnár.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

Flm.: Árni Johnsen, Björn Dagbjartsson, Valdimar Indriðason, Pétur Sigurðsson, Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Siggeir Björnsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar G. Schram, Pálmi Jónsson, Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því með samstarfi menntamálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins að skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innan lands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, áróðurs- og auglýsingatækni og samningagerð.

Greinargerð.

Það skýtur sannarlega skökku við að þjóð, sem þarf að selja nær alla sína framleiðslu til annarra landa, skuli hvergi í skólakerfinu hafa skipulagt víðtækt nám sem tengist sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem Íslendingar búa við, þ.e. fámenni þjóðarinnar og þeirri staðreynd að sjávarafurðir eru grundvöllur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Möguleikar til náms á þessu sviði eru ekki fyrir hendi í grunnskólum, fjölbrautaskólum, framhaldsskólum, sérskólum né Háskóla Íslands, nema að mjög takmörkuðu leyti og þá helst í Háskóla Íslands.

Sölumennska hefur um langt árabil verið litin hornauga á Íslandi. Einhvers konar minnimáttarkennd eða einangrun lítillar þjóðar í langan tíma virðist hafa leitt til skilningsleysis á því hversu mikilvægt er að keppa af festu og einbeitni á öllum mörkuðum þar sem hægt er að bæta söluaðferðir og þar með afkomu þjóðarinnar. Þótt margir aðilar hafi vissulega staðið sig vel í samkeppninni á alþjóðavettvangi, eins og t. d. á sviði flugmála, siglinga, sjávarafurða og vísinda, þá þarf að herða þarna verulega á með samstilltu átaki og markvissri vinnu með framtíðina í huga.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að biðjast afsökunar á því sem þeir bjóða á erlendum mörkuðum því að hérlendis er allra kosta völ í þessum efnum ef rétt er að verki staðið í framleiðslu, markaðs- og sölumálum. Við eigum t. d. nær allt okkar undir sölu sjávarafurða en í einhliða framleiðslu felst mikil áhætta ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna þarf sífellt að vera á verði í þeim efnum, sem og öðrum þáttum okkar framleiðslu, leita nýrra leiða, nýrra markaða um allan heim. Þótt við vitum hvað við höfum verðum við að gæta þess að láta ekki þar við sitja heldur leita nýrra leiða. Þróunin og aðstæður allar kalla á að við stefnum að fullvinnslu alls okkar hráefnis innan lands hvort sem er á vettvangi sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, hvort sem við viljum selja íslenska þekkingu og reynslu á alþjóðavettvangi eða t. d. náttúrufegurð landsins til þess að laða að ferðamenn.

Viðskiptaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, hefur nýlega skipað þrjár nefndir í markaðsmálum, eina til að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á útflutningsmálum, með sérstakt markaðsátak í huga árið 1986 á Norðurlöndum, og að því er nú unnið, aðra nefnd til þess að greiða fyrir útflutningi verkefna og þjónustu á sviði sjávarútvegs og orkuvinnslu og þriðju nefndina til að fjalla um samstarf útflytjenda og stjórnvalda til að efla útflutning. Til þess að fylgja slíku starfi eftir þarf að koma á námi í sölu- og markaðsmálum þar sem vænlegt er, bæði í skólum landsins og í atvinnulífinu.

Á næstu árum þarf að hrinda í framkvæmd margþættu starfi á sviði sölu- og markaðsmála, afla meiri þekkingar á mörkuðum og möguleikum, skipuleggja hvernig nýta má þá möguleika sem Íslendingar hafa til að ná árangri í takt við nýjustu tækni og upplýsingamiðlun á alþjóðavettvangi.

Full ástæða er til þess að sem fyrst verði sendir tugir manna til starfsnáms erlendis til þess að kynna sér vinnubrögð, markaði og söluleiðir fyrir íslenskar afurðir, kynna sér störf sem varða íslenska hagsmuni erlendis og störf við fyrirtæki sem tengjast íslenskum hagsmunum, kynna sér lönd eða markaðssvæði þar sem Íslendingar selja ekkert en möguleikar á sölu kunna að leynast þegar að er gáð. Meginmáli skiptir að vel takist til í útflutningsmálum og við verðum að hætta að láta hlédrægnina ráða ferðinni í sölu á okkar afurðum. Við megum ekki líta sölu- og markaðsmál hornauga.

Sérstaða Íslendinga í baráttunni í sölu- og markaðsmálum er framar öllu fólgin í því að við verðum að „klæðskerasauma“ þessa vinnu, finna leið sem hentar íslenskum aðstæðum, búa til tækni sem engin fyrirmynd er til að, þótt nýta megi þar að auki ýmislegt sem til er á alþjóðavettvangi. Þessi útfærsla verður umfram allt að henta okkur og hún má ekki vera algjörlega í forsjá ríkisins heldur með þeim hætti að forusta og frumkvæði liggi að hluta til í atvinnulífinu þar sem skilningurinn á að vera mestur og áþreifanlegastur. Með því að taka til höndum í þessum efnum erum við að vinna tíma og verðmæti fyrir framtíð íslenskrar þjóðar, við verðum að herða okkur í því á sviði sölu- og markaðsmála að kunna að taka púlsinn með sölu- og markaðsmál í huga. Við höfum látið undir höfuð leggjast að skipuleggja þennan þátt sem mestu máli skiptir í samkeppninni um meira verð fyrir minni vinnu við hverja einingu í framleiðslunni. Það eru sömu lögmál í þessum efnum hvort sem við erum að tala um Hafnarfjörð eða Hong Kong, Búðardal eða Brüssel. Þetta er spurning um þekkingu.

Sþ. 497. Fyrirspurn [312. mál]

til viðskiptaráðherra um auglýsingar banka og sparisjóða.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvernig skiptist auglýsingakostnaður banka og sparisjóða á árinu 1984 á fjölmiðlana, Ríkisútvarp/sjónvarp, Morgunblaðið, DV, NT, Þjóðviljann, Alþýðublaðið og aðra? Svör óskast sundurliðuð eftir ársfjórðungum.

Sþ. 498. Fyrirspurn [313. mál]

til félagsmálaráðherra um vanskil vegna húsnæðislána.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarupphæð vanskilaskulda í árslok 1984 vegna útlána annars vegar úr Byggingarsjóði verkamanna og hins vegar úr Byggingarsjóði ríkisins? Hversu margir einstaklingar voru í vanskilum?

2. Hversu miklir dráttarvextir voru greiddir vegna vanskila á árinu 1984?
3. Hversu margar beiðnir um nauðungaruppboð sendi Veðdeild Landsbanka Íslands frá sér á árinu 1984 vegna vanskila við Byggingarsjóð verkamanna annars vegar og við Byggingarsjóð ríkisins hins vegar?

Ed. 499. Frumvarp til umferðarlaga. [314. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. GILDISSVIÐ O. FL.

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum.

Þar sem vegur er fyrir sérstaka umferð gilda ákvæði laganna eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig eftir því sem við á um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Skilgreiningar.

2. gr.

Akbraut:
Sá hluti vegar sem ætlaður er ökutækjum.

Akrein:
Hver og ein af samhliða reinum sem skipta má akbraut í að endilöngu og hver um sig er nægilega breið fyrir eina röð fjórhjóla ökutækja.

Bifhjól:
Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum — eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Sem bifhjól telst einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni.

Bifreið:
a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga á því.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.
c. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:
Vélknúið ökutæki sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eigin þyngd:
Þyngd ökutækis sem tilbúið er til notkunar að meðtöldum búnaði sem því fylgir að jafnaði og eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o. þ. h.

Festivagn:
Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og tengt er þannig við ökutækið sem dregur það að ökutækið og farmur þess hvílir að nokkru leyti á dráttartækinu.

Gangbraut:
Sérstaklega merktur hluti vegar sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:
Sá hluti vegar til hliðar við akbraut sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:
Raunþyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:
Ökutæki á einu hjóli sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Lagning ökutækis:
Staða ökutækis með eða án ökumanns lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:
Bifhjól með aflvél eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli sem eigi er hannað fyrir hraðari akstur en 50 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu á því.

Ljósatími:
Allur sólarhringurinn frá 1. október til 1. apríl, en á öðrum árstíma tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás, svo og á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökutæki sjáist eða til að veita ökumanni nægilegt sjónsvið.

Reiðhjól:
Ökutæki sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks.

Stór fólksbifreið:
Bifreið sem ætluð er til flutnings fleiri en 8 farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Tengitæki:
Önnur ökutæki en festi- og tengivagnar sem hönnuð eru til að vera dregin af öðru ökutæki, þar með talin hjólhýsi og tjaldvagnar.

Tengivagn:
Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, þó eigi festivagn.

Vegamót:
Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:
Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:
Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki:
Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram. Hjólastóll sem eigi er hannaður fyrir hraðari akstur en 15 km á klst. án verulegra breytinga á honum skal þó falla undir reglur um reiðhjól.

Vélsleði:
Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vinnuvél:
a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað fyrir hraðari akstur en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki sem stjórnað er af gangandi manni.

Þéttbýli:
Svæði afmarkað með sérstökum merkjum sem tákna þéttbýli.

Ökutæki:
Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

Öxulþungi:
Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum öxli ökutækis.

II. REGLUR FYRIR ALLA UMFERÐ

Meginreglur.

3. gr.

Vegfarendur skulu sýna tillitssemi og varúð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum sem búa eða eru staddir við umferðarleið hættu eða óþægindum.

Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni. Dómsmálaráðherra setur reglur um auðkenni fatlaðra.

Lögreglustjóri og veghaldari skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

Leiðbeiningar fyrir umferð.

4. gr.

Vegfarendur skulu fara eftir ábendingum og fyrirmælum um umferð sem gefin eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum eða merkingum á vegi.

Vegfarendur skulu fara eftir fyrirmælum lögreglunnar og merkjum sem hún notar við umferðarstjórn. Fyrirmæli lögreglumanns ganga framar merkjum samkvæmt 1. mgr.

Ábendingar og fyrirmæli samkvæmt 1. og 2. mgr. ganga framar almennum umferðarreglum.

Vegfarendur skulu fara eftir umferðarljósum á vegamótum, enda þótt merki þar kveði á um skyldu til að víkja.

Leikir o. fl.

5. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því eða vera utan á því, þegar það er á ferð.

Bannað er að draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 63. gr. Þann sem er á skíðum, skautum, hjólaskautum eða þvílíku má eigi draga með ökutæki á vegi.

Eigi má vera að leik á vegi, þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af.

Vistgötur.

6. gr.

Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði sem afmarkað er með sérstökum merkjum sem tákna vistgötu.

Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærri má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Óheimilt er að leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

Neyðarakstur o. fl.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um neyðarakstur og getur undanþegið þann akstur ákvæðum laga þessara.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar eða bifhjóls, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur sérstök hljóð- eða ljósmerki skulu aðrir vegfarendur víkja úr vegi í tæka tíð og ökumenn nema staðar ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður hvernig merkjum þessum skuli háttað. Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um vélknúið ökutæki sem í einstakt skipti er notað í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða

slasaðra. Skal ökutækið þá auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem verða má. Önnur notkun hvítrar veifu er bönnuð.

Óviðkomandi mega eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

Vegfarendur skulu víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum lögmætum hópgöngum.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

8. gr.

Án leyfis er óheimilt að nema brott eða breyta umferðarmerki.

Sá sem á hlut að því að skemma umferðarmerki skal strax lagfæra það ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

9. gr.

Vegfarandi sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki. Veita skal hann slösuðum hverja þá hjálp og aðstoð sem honum er unnt og gera að öðru leyti þær ráðstafanir til öryggis umferðinni sem óhappið gefur efni til. Hver sá sem hlut á að umferðarslysi eða hefur verið sjónarvottur að því skal skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef þess er óskað af öðrum þeim sem hlut á að slysinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

Ef meiðsl hafa orðið á mönnum skal sá sem slysinu hefur valdið tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum sem um ræðir í 1. mgr. skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi, má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. UMFERÐARREGLUR FYRIR GANGANDI VEGFARENDUR

10. gr.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, gangstíg eða þann hluta vegar sem liggur utan akbrautar (vegaröxl). Ef ekki er gangstétt, gangstígur eða vegaröxl meðfram vegi má nota akbraut. Skal þá að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl má gangandi vegfarandi hvorki leiða reiðhjól eða létt bifhjól né flytja með sér fyrirferðarmikla hluti ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra.

11. gr.

Gangandi vegfarandi sem ætlar yfir akbraut skal sýna nauðsynlega aðgæslu gagnvart ökutækjum sem nálgast og fara yfir hana án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

12. gr.

Til gangandi vegfarenda telst einnig sá sem er á skíðum, skautum, hjólaskautum eða þvílíku, sá sem ekur barnavagni eða leiktæki, svo og sá sem ýtir hjólastól, leiðir reiðhjól eða létt bifhjól.

Fatlaður maður sem sjálfur ekur hjólastól telst til gangandi vegfarenda ef hann ekur á venjulegum gönguhraða.

IV. UMFERÐARREGLUR FYRIR ÖKUMENN

Notkun akbrauta.

13. gr.

Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka á gangstétt eða gangstíg.

Þar sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja skal ökumaður nota þá rein sem ökutæki hans er ætluð.

Staðsetning ökutækis á vegi.

14. gr.

Ökumaður skal halda ökutæki sínu eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

Á akbraut með fjórum akreinum eða fleiri má eigi aka á akrein sem er að öllu leyti vinstra megin við miðju akbrautarinnar í akstursstefnu. Á akbraut með þremur akreinum má eigi aka á þeirri akrein sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu. Reglur þessar gilda eigi þar sem einstefnuakstur er á akbraut.

Ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skal vera í svo mikilli fjarlægð frá því að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Utan þéttbýlis skal ökutæki sem háð er sérstökum hraðareglum samkvæmt 1. og 2. mgr. 38. gr. auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan að þeir sem fram úr aka geti án hættu komist á milli þeirra.

Aka skal hægra megin við umferðareyju o. þ. h. sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin ef það er gefið til kynna með merkingu eða ekið er á einstefnuakbraut.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Akstur á vegamótum og í beygjum.

15. gr.

Ökumaður sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu hans skal í tæka tíð færa sig á þá akrein sem lengst er til hægri ef hann ætlar að beygja til hægri en á þá akrein sem lengst er til vinstri ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá sem ætlar beint áfram getur notað þá akrein sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra umferð í sömu átt.

Við hægri beygju ber að halda ökutæki sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal halda ökutæki sem næst miðju akbrautar og á einstefnuakbraut eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig að þegar ökutækið kemur út úr vegamótunum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á.

Nú er akbraut sem beygt er inn á með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu og skal þá beygjan, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumenn sem koma úr gagnstæðri átt inn á vegamót og ætla að beygja til vinstri mega aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

16. gr.

Ákvæði 1.—3. mgr. 15. gr. gilda einnig um akstur yfir akbraut eða af henni þótt eigi sé um vegamót að ræða.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar enda sé sýnd full aðgæsla.

Að snúa, aka aftur á bak eða skipta um akrein.

17. gr.

Áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þegar ökutæki er snúið á vegi skal því ekið fram á við til vinstri nema aðstæður leyfi það ekki.

Ökumaður skal áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama er ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

Ökumaður á aðrennslisrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á akrein þeirri sem hann ætlar inn á og fara af aðrennslisreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein sem umferð af aðrennslisrein ætlar inná skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

Afrennslisrein skal nota strax og hún byrjar.

Akstur við biðstöð stórra fólksbifreiða o.fl.

18. gr.

Ökumaður sem nálgast stóra fólksbifreið á biðstöð í þéttbýli skal draga úr hraða og nema staðar ef nauðsyn krefur til þess að bifreiðin geti yfirgefið biðstöðina enda hafi ökumaður hennar gefið merki um þá ætlan. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann fólksbifreiðarinnar undan því að sýna sérstaka varúð til að komast hjá hættu.

Ökumaður sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út skal sýna sérstaka aðgæslu. Sama á við þegar skólabifreið er ekið frá slíkum stað. Ökumaður skal sérstaklega aðgæta hvort börn eru á akbrautinni eða á leið út á hana.

Þegar ökutæki mætast.

19. gr.

Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin fram hjá hvoru öðru og þess gætt að nægilegt bil sé á milli hliða þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar sem er þeim megin akbrautar sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust skal sá ökumaður sem betur fær því við komið aka út af vegi eða aftur á bak.

Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar enda sé sýnd full aðgæsla.

Framúrakstur.

20. gr.

Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má aka hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum.

Ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega:

a. að akrein sú sem nota á til framúraksturs sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað er hindri framúraksturinn,

b. að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að aka fram úr öðru ökutæki,
c. að enginn sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum, og
d. að hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar sem mótumferð er óheimil.

Sá sem ekur fram úr skal hafa nægilegt bil milli hliðar ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr. Sá sem ekið hefur vinstra megin fram úr skal aka til hægri á ný svo fljótt sem unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er enda sé sýnd full aðgæsla.

21. gr.

Þegar ökumaður verður þess var að ökumaður sem á eftir kemur ætlar að aka fram úr vinstra megin skal hann halda ökutæki sínu eins langt til hægri og unnt er og má ekki auka hraðann.

Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar, ef þörf krefur.

Bann við framúrakstri.

22. gr.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim nema:

a. ökutækin séu á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skuli hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum sé stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
d. umferð af hliðarvegi skuli víkja samkvæmt 2. mgr. 25. gr.

Eigi má heldur aka fram úr öðru ökutæki þegar útsýn er takmörkuð vegna hæðar eða beygju á vegi nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar sem umferð á móti er óheimil.

Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli.

Framúrakstur og akreinaskipti í þéttri umferð.

23. gr.

Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar sem hraðinn ræðst af þeim sem á undan fara má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Aka má fram úr ökutæki ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Framúrakstur við gangbraut.

24. gr.

Eigi má aka fram úr ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Ef umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má þó aka fram úr ökutæki ef það hindrar eigi útsýn yfir gangbrautina.

Skylda til að víkja.

25. gr.

Ökumaður skal sýna sérstaka aðgát við vegamót.

Ökumaður sem ekur inn á eða yfir veg skal víkja fyrir umferð ökutækja úr báðum áttum ef það er gefið til kynna með umferðarmerki.

Ökumaður skal víkja fyrir umferð sem sker akstursstefnu hans þegar hann ekur frá vistgötu, bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðum svæðum, frá vegarslóða, stíg, göngugötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af vegi yfir gangstétt.

Þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skal sá víkja sem hefur hinn á hægri hönd.

Ökumaður sem á að víkja skal gefa greinilega til kynna að hann muni víkja með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við staðsetningu þeirra á vegi, fjarlægð til þeirra og hraða þeirra.

Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að víkja fyrir umferð á móti svo og gangandi vegfarendum og ökumönnum reiðhjóla og léttra bifhjóla sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar inn á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.

Ökumaður sem nálgast eða ekur inn á vegamót skal haga akstri sínum þannig að ekki valdi umferð á veginum sem hann fer yfir óþarfa óþægindum ef hann neyðist til að nema þar staðar. Á vegamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á móti grænu ljósi ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð sem sker vegamótin.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

26. gr.

Ökumaður sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

Ökumaður sem ekur yfir gangstétt eða gangstíg eða ekur inn á akbraut frá lóð við veginn skal víkja fyrir gangandi vegfarendum. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Við akstur á göngugötu skal ökumaður sýna sérstaka aðgát og tillitsemi gagnvart gangandi vegfarendum.

Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfarendum sem fara yfir akbraut þá sem beygt er inn á hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni þar sem eigi eru vegamót.

Við gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfarendum á gangbrautinni á leið yfir akbrautina þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu hans. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum, skal hann aka hægt og víkja fyrir gangandi vegfarendum sem eru á gangbrautinni eða á leið út á hana.

Ökumaður sem nálgast gangbraut þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skal haga hraða þannig að ekki valdi gangandi vegfarendum á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar ef nauðsynlegt er til að hleypa hinum gangandi yfir akbrautina.

Ökumaður skal forðast eftir því sem unnt er að stöðva ökutæki á gangbraut.

Stöðvun og lagning ökutækis.

27. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

Á vegi má einungis stöðva eða leggja ökutæki hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 83. gr. Utan þéttbýlis má stöðva eða leggja ökutæki vinstra megin ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Ökutæki skal stöðva eða leggja við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar ef unnt er.

Eigi má stöðva eða leggja ökutæki á gangstétt eða gangstíg nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 83. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og tryggja að það geti ekki farið af stað af sjálfsdáðum. Hann skal enn fremur gera ráðstafanir til að óviðkomandi geti ekki flutt það úr stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Bannað er að stöðva eða leggja ökutæki:

a. Á gangbraut og innan 5 metra áður en að henni er komið.
b. Á vegamótum eða innan 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi.
c. Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós.
d. Í jarðgöngum eða undir vegbrú.
e. Í eða við beygju þar sem útsýn er takmörkuð, á eða við hæðarbrún og þar sem útsýn er takmörkuð af öðrum ástæðum.
f. Þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt þannig línu að torveldi akstur inn á rétta akrein.
g. Á hringtorgi.
h. Á merktu stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga.
i. Innan 15 metra frá merki fyrir biðstöð stórra fólksbifreiða.

Einnig er bannað að leggja ökutæki:

a. Á brú.
b. Þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan.
c. Við hlið ökutækis sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls, létts bifhjóls eða bifhjóls.
d. Þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum.
e. Við vatnshana slökkviliðs.

29. gr.

Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu enda sé nauðsynlegt að stöðva eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða sjúkraflutningaliðs.

Skyldur ökumanns þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

30. gr.

Ökutæki sem stöðvast hefur vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka þar sem bannað er að stöðva eða leggja ökutæki skal flytja á brott eins fljótt og unnt er nema annað leiði af 9. gr. Hafi ökutækið stöðvast á þannig stað eða svo að valdi hættu eða óþægindum fyrir umferðina skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við ef ekki er þegar unnt að fjarlægja það.

Dómsmálaráðherra setur reglur um viðvörunarbúnað og notkun hans.

Merki og merkjagjöf.

31. gr.

Þegar hætta er á ferðum skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni á annan hátt. Merki skal gefa þannig að sem minnstum óþægindum valdi og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að kveikja og slökkva á háljósum eða lágljósum á víxl.

Ökumaður sem ætlar að aka frá brún vegar, beygja, snúa eða skipta um akrein skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Sama á við um akstur til hliðar á vegi nema um óverulega breytingu á akstursstefnu sé að ræða. Merkið skal gefa með stefnuljósi þegar ökutækið skal búið slíku ljósi en annars með því að rétta út hönd.

Ökumaður sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi ef ökutækið skal búið slíku ljósi en annars með því að rétta upp hönd.

Merki samkvæmt 2. og 3. mgr. skal gefa tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkjagjöf skal hætt þegar hún á ekki lengur við.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

Ljósanotkun.

32. gr.

Við akstur á ljósatíma skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar fleiri ökutæki eru tengd saman er nægilegt að hafa afturljós og númersljós tendruð á aftasta ökutækinu.

Nota skal háan ljósgeisla þegar sjónarsvið ökumanns er eigi nægilegt til öruggs aksturs miðað við hraða þess.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. Þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg.
b. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki þannig að valdið geti ökumanni þess glýju.
c. Þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla samkvæmt 2. eða 3. mgr.

Þokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

33. gr.

Stöðuljós, afturljós og númersljós skulu vera tendruð ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Þetta á þó ekki við ef vegur er svo vel lýstur að ökutækið sjáist greinilega úr nægilegri fjarlægð eða það hefur verið stöðvað eða því lagt utan akbrautar. Ef ökutækið er eigi búið slíkum ljósum skulu önnur lögboðin ljós vera tendruð.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

Ef vélknúnu ökutæki sem ekki er meira en 6 m á lengd og 2 m á breidd er lagt samhliða brún vegar í þéttbýli þarf einungis að nota stöðuljós það og afturljós sem nær er miðju vegar

nema ökutækið sé tengt öðru ökutæki. Dómsmálaráðherra getur sett reglur sem heimila notkun sérstakra hliðarljósa í staðinn.

Þegar mörg ökutæki sem tengd eru saman eru stöðvuð eða þeim lagt eiga ákvæði 1. mgr. 32. gr. við.

Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjóli eða bifhjóli án hliðarvagns ef þeim er lagt samhliða ystu brún vegar.

Aksturskeppni.

34. gr.

Óheimilt er að efna til aksturskeppni nema með leyfi lögreglustjóra enda liggi fyrir samþykki sveitarstjórnar og veghaldara. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um aksturskeppni, þ. á m. um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu o. fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, svo og ákvæðum um hámarkshraða enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Óþarfa hávaði o. fl.

35. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig að frá því stafi eigi hávaði, reykur eða gas að óþörfu.

Í námunda við íbúðarhús má ekki valda ónæði með ónauðsynlegum akstri. Þar skal haga hraða og aksturshættum að öðru leyti þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

V. ÖKUHRAÐI

Almennar reglur.

36. gr.

Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, útsýn, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann hefur útsýn yfir og áður en kemur að hindrun sem gera má ráð fyrir. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinu breytta sjónarsviði.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

a. Í þéttbýli.
b. Þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs.
c. Við vegamót og í beygjum.
d. Áður en komið er að gangbraut.
e. Við hæðarbrún eða annars staðar þar sem útsýn er takmörkuð.
f. Þegar hætta er á að ljós valdi glýju.
g. Þegar ökutæki mætast á mjóum vegi.
h. Þegar blautt er eða hált.
i. Þegar ökutæki nálgast stóra fólksbifreið sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út.
j. Þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg.
k. Þegar ökutæki nálgast gangandi vegfaranda sem ber auðkenni sjónskertra.
l. Þegar ökutæki nálgast búfé á vegi.
m. Þar sem vegavinna fer fram.
n. Þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra.

Þegar bleyta er skal ökumaður eftir því sem unnt er haga hraða ökutækis þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

Almennar hraðatakmarkanir.

37. gr.

Ökuhraði má eigi vera meiri en:

a. 50 km á klst. í þéttbýli.
b. 70 km á klst. utan þéttbýlis, þó 80 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 90 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er til að greiða fyrir umferð enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.

38. gr.

Ökuhraði eftirtalinna ökutækja má aldrei vera meiri en:

a. Fólksbifreiða, ef leyfð heildarþyngd er meiri en 3500 kg: 80 km á klst.
b. Annarra bifreiða, ef leyfð heildarþyngd er meiri en 3500 kg.: 70 km á klst.
c. Bifreiða með tengi- eða festivagn eða skráð tengitæki: 70 km á klst.
d. Bifreiða með annað tengitæki: 30 km á klst.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur ákveðið samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1. málsgrein þessarar greinar ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

Eigi má aka vélsleða á vegi hraðar en 30 km á klst. Það á þó eigi við um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

VI. SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL OG BIFHJÓL

Reiðhjól.

39. gr.

Hjólreiðamenn skulu aka í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rúm er mega tveir hjólreiðamenn þó aka samhliða ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi aka samhliða nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

Hjólreiðamenn skulu aka hægra megin á akrein þeirri sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs ef eigi er unnt að aka fram úr hægra megin.

Áður en komið er að vegamótum skal hjólreiðamaður sem ætlar að aka beint áfram eða beygja til vinstri vera áfram hægra megin á vegi. Ef akrein er sérstaklega ætluð fyrir hægri beygju má hann þó vera hægra megin á akrein þeirri sem næst henni liggur. Ætli hann að beygja til vinstri skal ekið beint áfram yfir vegamótin og þá fyrst beygt þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Ákvæði þessi gilda þrátt fyrir merkingar nema þær séu sérstaklega ætlaðar hjólreiðamönnum. Þau eiga einnig við um akstur reiðhjóla yfir akbraut eða af henni þótt eigi sé um vegamót að ræða.

Heimilt er að aka reiðhjóli á gangstétt og gangstíg enda geti það ekki valdið gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður sem ekur á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal hafa báða fætur á fótstigum og a. m. k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Reiðhjóli sem lagt er skal læsa nema um stutta stund sé að ræða og ganga þannig frá því að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barni yngra en 7 ára er óheimilt að aka reiðhjóli á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður sem náð hefur 15 ára aldri flytja barn yngra en 7 ára á reiðhjóli enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól.

41. gr.

Eigi má aka bifhjóli samhliða öðru ökutæki.

Annar akstur bifhjóls á gangstétt eða gangstíg en um ræðir í 2. mgr. 26. gr. er óheimill.

Við akstur bifhjóls utan ljósatíma skal nota lágan ljósgeisla.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en það er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klofvega.

42. gr.

Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og a. m. k. aðra hönd á stýri.

Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Óheimilt er að flytja farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

VII. SÉRREGLUR UM UMFERÐ REIÐMANNA

43. gr.

Reiðmenn skulu halda sig við hægri vegarbrún. Reiðmanni ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim sem á móti koma en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg skulu eigi fleiri en tveir menn einhesta ríða samhliða og reiðmaður má ekki teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn ríða honum samhliða.

Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir vagni eða sleða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

VIII. UM ÖKUMENN

Veikindi, áfengisáhrif, o. fl.

44. gr.

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með.

Enginn má aka eða reyna að aka ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn að hann sé ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi sem um ræðir í 2. mgr. stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

45. gr.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰ en er minna en 1,20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna reiðhjóli, hestvagni eða hesti ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann geti eigi með fullu öryggi stjórnað ökutækinu eða hestinum.

Bannað er að fela manni í því ástandi sem að framan greinir stjórn ökutækis eða hests.

46. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis má eigi neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í næstu 6 klst. eftir að akstri lauk hafi hann ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins. Bann þetta á þó ekki við eftir að lögregla hefur látið taka blóðsýni úr ökumanni eða ákveðið að það skuli eigi gert.

47. gr.

Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla að hann muni brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. ber þeim að reyna að hindra brotið með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað sem þarf til aksturs ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnum ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla að ökumaður muni brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. að reyna að hindra brotið með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Öndunarsýni, blóðsýni o. fl.

48. gr.

Lögreglumaður getur tekið öndunarsýni af ökumanni vélknúins ökutækis ef:

a. Ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 45. gr.
b. Ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga enda hafi dómsmálaráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum.
c. Hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki.
d. Hann hefur verið stöðvaður við almennt umferðareftirlit þar sem fyrir fram hefur verið ákveðið af lögreglustjóra að öndunarsýni skuli tekin.

Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisrannsóknar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem læknir telur nauðsynlega vegna rannsóknar samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn samkvæmt 1. og 2. mgr.

Ökupróf og ökuskírteini.

49. gr.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess ökuskírteini sem lögreglustjóri gefur út. Ökumaður skal hafa skírteinið meðferðis við akstur og sýna það er löggæslumaður krefst þess.

Veita má ökuskírteini þeim sem:

a. er fullra 17 ára,
b. sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega, og
c. hefur notið kennslu löggilts ökukennara og staðist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækisins.

Neita má þeim um ökuskírteini sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

50. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft að gefin séu út til fatlaðra manna sem eru orðnir 15 ára ökuskírteini til aksturs hægfara vélknúinna ökutækja fyrir fatlaða.

51. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þ. á m. um kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. leigubifreið til mannflutninga.
b. stórri fólksbifreið.
c. vörubifreið sem er 3500 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
d. bifreið sem dregur tengi- eða festivagn eða tengitæki sem er 750 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
e. bifreið sem flytur hættuleg efni eða tæki.

Eigi má veita þeim sem er yngri en 20 ára réttindi til stjórnar ökutækja þessara.

Heimilt er að synja manni um réttindi til aksturs bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

52. gr.

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í 2 ár.

Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár. Fullnaðarskírteini þeirra sem náð hafa 60 ára aldri og ökuskírteini samkvæmt 51. gr. skulu þó gilda í 5 ár. Fullnaðarskírteini þeirra sem náð hafa 75 ára aldri skulu gilda í 2 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til má gefa út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir.

Áður en fullnaðarskírteini er gefið út skal kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeigandi og er lögreglustjóra heimilt að ákveða að hann skuli taka þátt í námskeiði og/eða standast próf í umferðarreglum og akstri, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði.

53. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. ökukennslu,
b. skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun, þ. á m. um ökupróf,
c. efni og form ökuskírteinis,
d. gjald fyrir próf og ökuskírteini.

Lögreglustjórar halda skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Afturköllun ökuréttinda.

54. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað ökuréttindi ef viðkomandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini. Nú neitar viðkomandi að taka þátt í rannsókn eða prófi sem nauðsynlegt er til ákvörðunar þessarar og getur lögreglustjóri þá afturkallað ökuréttindin þegar í stað. Varði skilyrðið það hvort viðkomandi er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna eða er ekki nægilega reglusamur má bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Sá sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Sá sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar eða afturköllunar skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Erlend ökuskírteini.

55. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um með hvaða skilyrðum þeir sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini mega stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann getur og sett reglur um með hvaða skilyrðum þeir sem hafa erlend ökuskírteini geta fengið íslenskt ökuskírteini.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

Dráttarvélar, vinnuvélar, létt bifhjól, vélsleðar.

56. gr.

Enginn má stjórna dráttarvél nema hann hafi ökuskírteini til aksturs bifreiðar eða ökuskírteini til aksturs dráttarvélar. Slíkt ökuskírteini má ekki veita þeim sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvélar við landbúnaðarstörf utan alfaravegar enda sé ökumaður orðinn 14 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél fyrr en hann er orðinn 17 ára. Ef vinnuvél er ekið á vegi skal ökumaður hafa ökuskírteini til aksturs bifreiðar.

Enginn má stjórna léttu bifhjóli nema hann hafi ökuskírteini til aksturs bifhjóls eða ökuskírteini til aksturs létts bifhjóls. Ökuskírteini til aksturs létts bifhjóls má eigi veita þeim sem er yngri en 16 ára.

Enginn má stjórna vélsleða nema hann sé orðinn 16 ára og hafi ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til aksturs annars vélknúins ökutækis.

Ákvæði 49. gr., 3. mgr. 52. gr., 53. og 54. gr. gilda að öðru leyti eftir því sem við á um ökuskírteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

Ökukennarar.

57. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla hefur sá sem hlotið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra.

Veita má slíka löggildingu þeim sem:

a. er 21 árs eða eldri,
b. hefur ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að staðaldri síðustu 3 árin, og
c. hefur staðist sérstakt próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

Heimilt er að synja manni um löggildingu til ökukennslu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding gildir í 5 ár, þó eigi lengur en viðkomandi hefur ökuréttindi. Endurnýja má löggildingu enda fullnægi ökukennari enn þá framangreindum skilyrðum og hafi að jafnaði stundað ökukennslu á liðnu löggildingartímabili. Í reglugerð má kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum ef ástæða þykir til.

Æfingaakstur.

58. gr.

Æfingaakstur þess sem er að læra að aka bifreið má því aðeins fara fram að við hlið hans sitji löggiltur ökukennari sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi þegar prófakstur fer fram. Nú óskar maður sem hefur ökuskírteini að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.—48. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Enginn má æfa sig í akstri bifhjóls nema undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að æfingaakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af æfingaakstrinum.

Æfingaakstur má eigi fara fram fyrr en 3 mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini. Sá sem sviptur hefur verið ökuréttindum má eigi æfa sig í akstri fyrr en 1 mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Upplýsingaskylda o. fl.

59. gr.

Eiganda (umráðamanni) ökutækis er skylt þegar lögreglan krefst þess að gera grein fyrir hver hafi stjórnað ökutæki hans á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki.

IX. UM ÖKUTÆKI

Gerð og búnaður.

60. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og því haldið þannig við að nota megi án þess að af því leiði hætta eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á að ökutæki sé í lögmæltu ástandi.

Ökumaður skal gæta þess að ökutæki sé í góðu lagi. Sérstaklega skal þess gætt að stýrisbúnaður, hemlar, merkjatæki og ljósker séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um tengi- og festivagn og tengitæki, svo og tengingu þeirra og tengibúnað.

61. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggisbúnað fyrir ökumann og farþega, svo og hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur sem banna viðskipti með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna sem settar eru samkvæmt 1. mgr. eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur.

Dómsmálaráðherra getur ef nauðsynlegt er út frá umferðaröryggissjónarmiðum bannað notkun ökutækis enda þótt það uppfylli skilyrði reglna sem settar eru samkvæmt 1. mgr.

62. gr.

Nú rís ágreiningur um það til hvaða flokks samkvæmt 2. gr. ökutæki skuli teljast og sker þá dómsmálaráðherra úr.

Dómsmálaráðherra getur ef sérstakar ástæður mæla með því ákveðið að ökutæki af tiltekinni gerð skuli falla undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu 2. gr.

Tenging og dráttur ökutækja.

63. gr.

Við bifreið, vélsleða og reiðhjól má tengja einn tengi- eða festivagn eða tengitæki.

Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo tengi- eða festivagna eða einn tengi- eða festivagn og eitt tengitæki.

Við bifhjól og létt bifhjól má eigi tengja tengi- eða festivagn eða tengitæki.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn sem skal þá vera hægra megin við ökutækið. Eigi má tengja hliðarvagn við létt bifhjól.

Dómsmálaráðherra setur reglur um tengingu tengi- og festivagna, tengitækja og hliðarvagna. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

Dómsmálaráðherra setur reglur um drátt ökutækja.

Skráning.

64. gr.

Áður en bifreið, bifhjól, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um tengi- og festivagn sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

65. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. skráningu ökutækja og eigenda þeirra,
b. tilkynningu eigendaskipta,
c. skráningarmerki,
d. skráningarskírteini sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
e. tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar,
f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

66. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra. Við bifreiðaeftirlitið skulu starfa eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög og reglur er um þau gilda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna. Hann setur og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og starfssvið bifreiðaeftirlitsmanna.

67. gr.

Innflytjendum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja er skylt að senda Bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt vélknúið ökutæki nema bifreiðaeftirlitið hafi gefið yfirlýsingu um að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum laga.

Erlend ökutæki.

68. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um notkun erlendra ökutækja hér á landi, þ. á m. hvenær beri að skrá þau hér.

Skoðun ökutækja og eftirlit.

69. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Það getur hvenær sem er krafist þess að skráningarskyld ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, skuli færð til sérstakrar skoðunar.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti bifreiðaeftirlitsins. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur með sama hætti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar. Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðunarheimildir verkstæða.

Skoðunarmaður ritar vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir almenna skoðun ökutækja.

70. gr.

Lögreglustjóri eða Bifreiðaeftirlit ríkisins getur hvenær sem er krafist þess að skráningarskylt ökutæki sé fært til sérstakrar skoðunar.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða það samstundis. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það sé fært til sérstakrar skoðunar.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé áfátt skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra ef eigi verður úr bætt.

Bann við notkun ökutækis.

71. gr.

Nú kemur í ljós að skráningarskylt ökutæki er ekki í lögmæltu ástandi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki uns bætt hefur verið úr því sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá skoða ökutækið áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Leiga ökutækja.

72. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra setur reglur um leigu ökutækja án ökumanns og ákveður gjald fyrir leyfi.

X. UM NOTKUN ÖRYGGISBÚNAÐAR

Öryggisbelti.

73. gr.

Hver sá er situr í framsæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama á við um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Ökumanni leigubifreiðar til mannflutninga er eigi skylt að nota öryggisbelti í leiguakstri.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

Hlífðarhjálmar.

74. gr.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

XI. FLUTNINGUR, HLEÐSLA, ÞYNGD OG STÆRÐ ÖKUTÆKJA

Hleðsla ökutækis.

75. gr.

Gæta skal þess að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórntækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hleðslu og frágang farms svo og hvernig merkja skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa vátryggingu er bæti tjón vegna flutnings þeirra.

Flutningur á farþegum.

76. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Breidd, lengd og hæð ökutækja.

77. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja og vagnlesta, með og án farms, svo og akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja og vagnlesta.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum sem settar eru samkvæmt 1. mgr. um hæð ökutækja hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir vegbrýr, í jarðgöngum, undirgöngum eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning sem eftir reglum sem settar eru samkvæmt 1. mgr. má aðeins fara fram að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri metur hverju sinni þörf á aðstoð.

Öxulþungi og þyngd.

78. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum sem settar eru samkvæmt 1. mgr. getur veghaldari leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum sem settar eru samkvæmt grein þessari þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð sem þörf er á að mati lögreglustjóra við flutning sem veghaldari heimilar.

XII. HINDRUN Á VEGI

Óhreinkun vegar o. fl.

79. gr.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina.

Ef eitthvað sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina fellur eða rennur af ökutæki á veg skal það þegar fjarlægt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkingu eða á annan hátt þar til það sem hættu eða óþægindum veldur hefur verið fjarlægt.

Leyfi lögreglu þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni sem getur haft í för með sér óþægindi fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn merktur viðvörunarmerkjum. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvernig merkja skuli slíka staði.

Rekstur búfjár.

80. gr.

Óheimilt er án leyfis lögreglustjóra að reka búfjárhóp á vegi í þéttbýli.

Utan þéttbýlis má reka búfjárhóp á vegi en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

XIII. UMFERÐARSTJÓRN, UMFERÐARMERKI O. FL.

Umferðarstjórn o. fl.

81. gr.

Lögreglan stjórnar umferð þar sem hún telur þess þörf og með þeim hætti er hún telur henta.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um merkjagjöf við umferðarstjórn lögreglumanna.

82. gr.

Við vegavinnu og þar sem skemmd hefur orðið á vegi þannig að hætta stafi af fyrir umferð getur veghaldari eða sá sem hefur með höndum vegavinnu stjórnað umferð eftir því sem nauðsynlegt er, þ. á m. beint henni fram hjá vinnusvæði.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um umferðarstjórn samkvæmt 1. mgr.

83. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum vegamálastjóra hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast aðalbrautir og njóta réttar samkvæmt 2. mgr. 25. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum sveitarstjórnar og vegamálastjóra ef um þjóðveg er að ræða kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar svo sem um:

a. stöðvun og lagningu ökutækja,
b. hvar umferð skuli víkja samkvæmt 2. mgr. 25. gr.,
c. einstefnuakstur,
d. gangbrautir,
e. bann við tiltekinni umferð,
f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Dómsmálaráðherra ákveður hraðamörk samkvæmt 2. og 3. mgr. 37. gr. að fengnum tillögum vegamálastjóra ef um þjóðveg utan þéttbýlis er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal gefa til kynna með umferðarmerkjum nema lögreglan stjórni umferðinni. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla má þó í stað þess birta með opinberri auglýsingu.

84. gr.

Vegamálastjóri getur takmarkað eða bannað um stundarsakir umferð um veg ef það er nauðsynlegt til hlífðar vegi. Í kaupstað eða kauptúni getur sveitarstjórn gert sömu ráðstafanir að fengnu samþykki lögreglustjóra.

Stöðukort og stöðureitir.

85. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að nota skuli stöðukort þegar ökutæki er lagt þar sem heimild til lagningar er tímatakmörkuð. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í kaupstað eða kauptúni er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki lögreglustjóra að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Umferðarmerki o. fl.

86. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna.

Víkja má frá almennum umferðarreglum með merkjum samkvæmt 1. mgr.

87. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal lögreglustjóri sjá um að umferðarmerki séu sett á eða við veg þar sem sérreglur gilda um umferð eða þörf er á til viðvörunar eða leiðbeiningar. Vegamálastjóri skal á sama hátt sjá um að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða og kauptúna.

Óheimilt er án leyfis lögreglustjóra eða vegamálastjóra að setja umferðarmerki á eða við veg.

Kostnað vegna umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á eða við veg skal veghaldari greiða.

88. gr.

Þar sem unnið er við vegavinnu eða vegi er raskað af öðrum ástæðum þannig að hætta stafi af er þeim sem stjórnar verki skylt að sjá um að staðurinn verði merktur með viðvörunarmerkjum.

89. gr.

Spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki samkvæmt 1. mgr. 86. gr.

Hluti sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi getur lögreglustjóri látið fjarlægja ef þeir líkjast merkjum samkvæmt 1. mgr. 86. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XIV. UM FÉBÆTUR OG VÁTRYGGINGU

Grundvöllur ábyrgðar o. fl.

90. gr.

Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskylt vélknúið ökutæki dregur annað ökutæki.

Ábyrgðarreglan gildir þó ekki um tjón á mönnum eða munum sem ökutækið flytur nema flutt sé gegn gjaldi.

Fébætur má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð er meðvaldur þess eða meðábyrgur. Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar samkvæmt X. kafla leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

91. gr.

Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

92. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur samkvæmt 90. og 91. gr.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar samkvæmt 1. og 2. mgr. fer um skaðabótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Kröfum samkvæmt 1. mgr. fylgir lögveð í ökutækinu. Lögveð þetta gengur fyrir skuldum sem á því kunna að hvíla.

Vátryggingarskylda.

93. gr.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis skal vera tryggð með vátryggingu keyptri hjá vátryggingafélagi sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra.

Vátryggingin skal tryggja greiðslu á tjóni allt að 50 000 000 kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði. Dómsmálaráðherra er heimilt að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðina í samræmi við verðlagsbreytingar.

94. gr.

Vátryggingarskyldan hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanleg umráð þess.

Undanþegnir vátryggingarskyldu eru ríkissjóður, forseti Íslands og erlendir þjóðhöfðingjar.

95. gr.

Skráður eigandi vélknúins ökutækis skal tryggja ökumann þess og gildir sú trygging fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Tryggingin er fyrir bótum vegna slyss sem ökumaðurinn kann að verða fyrir við starfa sinn. Tryggt skal hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir þeim reglum sem henni eru settar.

96. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vátryggingarskyldu.

Vátryggingariðgjöld má innheimta með lögtaki, jafnvel þótt tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur vátryggingafélags.

97. gr.

Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna samkvæmt 1. mgr. 93. gr.

Vátryggingafélag á endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa vátryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

98. gr.

Vátryggingafélög þau sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 93. gr. og landssamband bifreiðaeigenda ef til er skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingafélög senda gögn er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 97. gr. skuli beitt gegn þeim sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá sem félag það er hlut á að máli hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til nefnir Félag íslenskra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda sem sá er félagsmaður í er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingafélögin eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

Meðferð skaðabótamála.

99. gr.

Nú er höfðað einkamál til heimtu bóta gegn þeim sem bótaskyldur er samkvæmt 92. gr. og skal þá höfða slíkt mál jafnframt gegn félagi því sem vátryggt hefur ökutækið.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 90. og 91. gr. höfð uppi í opinberu máli og skal þá tilkynna vátryggingafélagi því er vátryggt hefur ökutækið um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

100. gr.

Nú eru bætur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði má vátryggingafélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim er bótarétt eiga.

101. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa vegna sakarskiptingar samkvæmt 91. gr. Skulu nefndarmenn fullnægja kröfum um almenn dómaraskilyrði.

Nefndin getur kveðið á um sakarskiptingu að kröfu aðila máls, eins eða fleiri. Nefnd þessari skulu vátryggingafélög senda gögn er þau hafa reist á álit sitt um sakarskiptingu. Úrskurður nefndarinnar skal byggjast á gögnum þessum nema sérstakar ástæður mæli með öflun frekari gagna. Nefndin skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði eigi síðar en 3 vikum eftir að gögn málsins hafa borist henni.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur. Hann getur og sett nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

Fyrning bótakrafna.

102. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim sem ábyrgur er og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá tjónsatburði.

XV. VIÐURLÖG

Refsingar.

103. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Eigi skal þó refsa fyrir brot sem tilgreind eru í 111. gr. nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Svipting ökuréttinda.

104. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns varhugavert vegna öryggis umferðarinnar að hann hafi ökuréttindi.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma og eigi skemur en 1 mánuð eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki skal gerð í dómi.

105. gr.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökuréttindum. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á ákvæðum 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. eða 46. gr. skal svipting ökuréttinda vera eigi skemur en 1 ár. Fari vínandamagn í blóði ökumanns yfir 2 ‰ skal svipting að jafnaði ekki vera skemur en 2 ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. eða 46. gr. og skal svipting ökuréttinda vera eigi skemur en 2 ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45 gr. skal svipting þó eigi vera skemur en 3 ár.

Bráðabirgðasvipting.

106. gr.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi og skal hann þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til hæstaréttar.

Sviptingartími samkvæmt 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Áhrif áfrýjunar.

107. gr.

Áfrýjun dóms þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttinda frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar ef sérstaklega stendur á.

Brot erlendis.

108. gr.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt sviptingu ökuréttinda eða refsingu erlendis fyrir verknað sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttinda og má þá svipta hann þeim réttindum í sérstöku opinberu máli og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 104. — 107. gr.

Endurveiting ökuréttinda.

109. gr.

Nú hefur maður verið sviptur ökuréttindum um lengri tíma en 3 ár og getur þá dómsmálaráðherra þegar svipting hefur staðið í 3 ár heimilað að honum skuli veitt ökuréttindi að nýju. Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í 5 ár.

Endurveitingu skal því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

Haldsréttur í ökutækjum.

110. gr.

Ef ökumaður vélknúins ökutækis sem búsettur er erlendis brýtur gegn ákvæðum laga þessara og ökutækið er skráð erlendis getur lögreglan lagt hald á það þar til makleg sekt, málskostnaður, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki samkvæmt 1. mgr. gilda eftir því sem við á ákvæði laga um meðferð opinberra mála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um ökumenn, sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Gjald vegna stöðvunarbrota.

111. gr.

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 4. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
b. ákvæðum 1., 2., 8. og 9. stafliða 28. gr.,
c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja sem sett er samkvæmt 83. gr. enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu sem sett eru samkvæmt 83. gr. eða 1. mgr. 85. gr.,
f. reglum um notkun stöðureita samkvæmt 2. mgr. 85. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt 1. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds þessa að öllu leyti eða að hluta fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið að álagning og innheimta gjaldsins fari að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélags.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

Gjald sem lagt hefur verið á rennur í ríkissjóð þegar lögreglan annast álagningu gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags rennur gjaldið til sveitarsjóðs og getur dómsmálaráðherra þá ákveðið hvernig því skuli varið.

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins og setur nánari reglur um hvernig það skuli lagt á og innheimt, þ. á m. um greiðslu- og kærufrest.

112. gr.

Gjald sem lagt hefur verið á samkvæmt 1. mgr. 111. gr. hvílir á þeim sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef það greiðist ekki innan tilskilins frests nema sannað verði að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu en fellur niður við eigendaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld sem tryggð eru með veði í ökutækinu hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni á sannanlegan hátt tilkynningu um að málið verði að tilteknum tíma liðnum sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið eigi greitt innan frests samkvæmt 2. mgr. og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar gjaldinu eftir reglum laga nr. 49 1951 en þó þarf ekki að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðsþola frekari tilkynningu. Einnig má krefjast lögtaks hjá þeim sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldsins samkvæmt 1. mgr.

Ef fram koma mótbárur eða varnir sem ekki eru teknar til greina skal innan mánaðar frá móttöku beiðast lögtaks hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins þannig að færa megi fram varnir í fógetarétti. Mótbárum eða vörnum sem berast eftir að liðinn er frestur samkvæmt 2. mgr. skal fógeti vísa frá nema dráttur sé eigi eiganda eða notanda að kenna og varnir eru bornar fram eins fljótt og unnt er.

Brottflutningur ökutækja.

113. gr.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja og ökutæki sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu, enn fremur ökutæki sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði sem ekki er ætlað til almennrar umferðar skal það því aðeins flutt á brott að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað sem lögreglan vísar á nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur verði það selt. Ef eigandi er óþekktur má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægt.

Að loknum fresti samkvæmt 3. mgr. skal selja ökutæki á opinberu uppboði eða til niðurrifs ef ætla má að hærra verð fáist þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó innan árs frá því sala fór fram krafist greiðslu á söluandvirðinu að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda eftir því sem við á um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða í grein þessari, þ. á m. um greiðslu geymslukostnaðar.

XVI. UMFERÐARRÁÐ, UMFERÐARFRÆÐSLA O. FL.

114. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

115. gr.

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn og skal hlutverk þess vera:

a. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
b. Að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu.
c. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum er vinna að bættri umferðarmenningu til hjálpar og ráðuneytis eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.
d. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.

e. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum.
f. Að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.
g. Að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru er umferð varðar.
h. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
i. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
j. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingafélög, svo og önnur félög og stofnanir sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

116. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra eftir tilnefningu og eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara:

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra.
Bifreiðaeftirlit ríkisins.
Bílgreinasambandið.
Bindindisfélag ökumanna.
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Félag íslenskra bifreiðaeigenda.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Landssamband vörubifreiðastjóra.
Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur".
Lögreglustjórinn í Reykjavík.
Menntamálaráðuneyti.
Reykjavíkurborg.
Samband íslenskra sveitarfélaga.
Samband íslenskra tryggingafélaga.
Slysavarnafélag Íslands.
Vegagerð ríkisins.
Ökukennarafélag Íslands.
Öryrkjabandalag Íslands.

117. gr.

Innan Umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum sem Umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála sem Umferðarráð fjallar um og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

118. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun framkvæmdanefndar Umferðarráðs en að öðru leyti eru störf fulltrúa í Umferðarráði ólaunuð.

Kostnaður við starfsemi Umferðarráðs greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

119. gr.

Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Slíka nefnd skal skipa í kaupstöðum og kauptúnahreppum. Sveitarstjórnum er heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

120. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.

XVII. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gildistaka.

121. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968 með áorðnum breytingum.

122. gr.

Þeir sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlast rétt til að stjórna léttu bifhjóli eða vélsleða halda þeim rétti sínum þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 3. og 4. mgr. 56. gr. um aldur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af umferðarlaganefnd, sem þáverandi dómsmálaráðherra, Friðjón Þórðarson, skipaði 15. september 1980 til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga. Í nefndina voru skipaðir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, formaður, Garðar Gíslason borgardómari, Haraldur Henrýsson sakadómari, Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri og Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri. Ritari nefndarinnar hefur verið Örn Sigurðsson lögfræðingur.

Núgildandi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968 eru að stofni til frá árinu 1958, en þá voru sett heildarlög um umferð, umferðarlög nr. 26 2. maí 1958. Frá þeim tíma hafa verið gerðar ýmsar breytingar á umferðarlögunum, og var veigamesta breytingin gerð þegar hægri umferð var lögleidd hér á landi árið 1968.

Tilgangur endurskoðunar umferðarlaga að þessu sinni er einkum tvíþættur. Annars vegar er ljóst, að umferðarlögin eru á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar beinlínis úrelt. Hins vegar er nauðsynlegt, m. a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur er umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð. Hafa þessi tvö atriði ráðið mestu um breytingar þær sem

felast í frumvarpinu. Gerir frumvarpið, ef samþykkt verður, það kleift að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. desember 1968. Við samningu lagafrumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af breytingum sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á umferðarlögum og reglum annars staðar á Norðurlöndum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur um samnorrænar umferðarreglur er byggðu m. a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin einnig tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Leitaði nefndin í upphafi starfs síns eftir ábendingum og óskum frá aðilum, stofnunum og samtökum sem láta sig umferðarmál varða á einn eða annan hátt, og bárust henni mörg svör með gagnlegum ábendingum og tillögum.

Í frumvarpi þessu er uppsetningu breytt verulega frá því sem nú er í umferðarlögum. Skiptist frumvarpið í fleiri kafla og er hverjum kafla skipt með millifyrirsögnum. Ætti fyrirkomulag þetta að auðvelda mjög uppflettingu og lestur. Þá er röð einstakra kafla breytt. Er það einkum gert með tilliti til áhersluatriða. Þannig eru umferðarreglur fyrst teknar fyrir, þá reglur um ökumenn, síðan ákvæði um ökutæki o. s. frv.

Helstu breytingar frá gildandi umferðarlögum samkvæmt frumvarpinu eru:

Skilgreiningu á hugtakinu bifreið er breytt þannig að vélknúin ökutæki til fólks- eða vöruflutninga sem aka hægar en 30 km á klst. teljast ekki bifreið. Sama er um vélknúin ökutæki sem ekki eru ætluð til slíkra flutninga og aka má hraðar en 30 km á klst., sbr. 2. gr.

Skilgreining á hugtökunum dráttarvél og vinnuvél er gerð skýrari, og 30 km hraðaviðmiðun felld niður, sbr. 2. gr.

Lagning ökutækja er skilgreind, sbr. 2. gr.

Ljósatími er ákveðinn allan sólarhringinn frá 1. október til 1. apríl, sbr. 2. gr.

Vernd barna og fatlaðra er aukin, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 18. gr.

Ákvæði um vistgötur, sbr. 6. gr.

Reglum um skyldur við umferðaróhöpp er breytt, sbr. 9. gr.

Kveðið er skýrar á um að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut, sbr. 1. mgr. 14. gr.

Ákvæði um akstur af aðrennslisrein og um notkun afrennslisreinar, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr.

Ákvæði um sérstaka skyldu ökumanns gagnvart skólabifreið sem numið hefur staðar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Nánari ákvæði um framúrakstur, þ. á m. um akstur á akreinum í þéttri umferð, sbr. 20.—24. gr.

Reglur um skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum eru ítarlegri, sbr. 26. gr.

Ákvæði um bann við lagningu ökutækja á gangstéttum, sbr. 3. mgr. 27. gr.

Ákvæði um skyldu til að gera ráðstafanir, ef þörf krefur, til að vara aðra vegfarendur við ef ökutæki er bilað á akbraut, sbr. 30. gr.

Ákvæði um merkjagjöf við breytta akstursstefnu eru gerð nokkru ákveðnari, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Nánari reglur um ljósanotkun, sbr. 32. gr.

Sérákvæði um að nægilegt sé að nota ljós sem eru nær miðju vegar á tilteknum ökutækjum sem lagt er í þéttbýli sbr. 3. mgr. 33. gr.

Heimild til að setja reglur um greiðslu kostnaðar vegna lögregluaðstoðar, sbr. 34. gr., 3. mgr. 77. gr. og 3. mgr. 78. gr.

Heimild til að víkja frá ákvæðum um fébótaábyrgð og vátryggingu í reglum um aksturskeppni, sbr. 34. gr.

Ákvæði um að ekki megi valda ónæði með ónauðsynlegum akstri í námunda við íbúðarhús, sbr. 2. mgr. 35. gr.

Ákvæði sem beinist gegn þeim sem með hægum akstri tefja akstur annarra, sbr. 3. mgr.

36. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Heimild til að aka á allt að 80 km hraða á klst. á vegum með bundnu slitlagi utan þéttbýlis, sbr. 1. mgr. 37. gr.

Reglur um ökuhraða stórra fólksbifreiða, vörubifreiða og dráttarbifreiða eru rýmkaðar, sbr. 1. mgr. 38. gr.

Ökuhraði vélsleða á vegi er takmarkaður við 30 km á klst., sbr. 3. mgr. 38. gr.

Nýjar reglur um vinstri beygju hjólreiðamanna, sbr. 3. mgr. 39. gr.

Reglur um bifhjól gildi í aðalatriðum um létt bifhjól, sbr. 4. mgr. 42. gr.

Ákvæði um áfengisneyslu eftir umferðaróhapp o. þ. h., sbr. 46. gr.

Ákvæði um skyldu bensínafgreiðslumanna að hindra ölvunarakstur, sbr. 2. mgr. 47. gr.

Ákvæði um töku öndunarsýna, sbr. 1. mgr. 48. gr.

Ákvæðum um ökuréttindaflokka er breytt, sbr. 51. gr.

Bráðabirgðaökuskírteini gildi í 2 ár, sbr. 2. mgr. 52. gr.

Heimild til að ákveða að norræn ökuskírteini gildi hér á landi, sbr. 2. mgr. 55. gr.

Ákvæði um 14 ára aldursmark við akstur dráttarvéla við landbúnaðarstörf, sbr. 1. mgr. 56. gr. og um 16 ára aldursmark til útgáfu ökuskírteina til aksturs léttra bifhjóla og vélsleða, sbr. 3. og 4. mgr. 56. gr.

Heimild til að setja reglur um endurmenntun ökukennara, sbr. 4. mgr. 57. gr.

Heimild til að ákveða skráningu tengitækja og vinnuvéla, sbr. 1. mgr. 64. gr.

Heimild til að ákveða að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan vega, sbr. 2. mgr. 64. gr.

Skráning ökutækja verði í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins, sbr. 66. gr.

Heimild til að fela verkstæðum almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar, sbr. 3. mgr. 69. gr.

Heimild til að setja reglur um flutning hættulegra efna og tækja, sbr. 5. mgr. 75. gr.

Reglur verði settar um breidd, lengd og hæð ökutækja og um öxulþunga og þyngd, sbr. 77. og 78. gr.

Heimild til að setja reglur um notkun stöðukorta, sbr. 1. mgr. 85. gr.

Ákvæði um lögboðna eigin áhættu felld niður, sbr. 2. mgr. 97. gr.

Skipuð verði nefnd til að fjalla um ágreiningsmál vegna sakarskiptingar, sbr. 101. gr.

Breytt ákvæði um ökuleyfissviptingu og endurveitingu, sbr. 104., 105. og 109. gr.

Ákvæði um haldsrétt í erlendum ökutækjum, sbr. 110. gr.

Ákvæði um gjald vegna stöðvunarbrota, sem ekki verða refsiverð, sbr. 111. og 112. gr. og 2. mgr. 103. gr.

Ákvæði um brottflutning ökutækja, sbr. 113. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í *I. kafla* er fjallað um gildissvið laganna og skilgreiningu hugtaka.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 1. gr. umferðarlaga.

Um 2. gr.

Greinin svarar til 2. gr. umferðarlaga og fjallar um skilgreiningu hugtaka sem notuð eru í frumvarpinu. Er efni greinarinnar skipað með öðrum hætti en nú er og hugtökum raðað í stafrófsröð til hægðarauka. Ýmsum skilgreiningum er breytt og nokkrum hugtökum, sem nauðsynlegt þykir að skilgreina, bætt við.

Akbraut: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga.

Akrein: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Bifhjól: Í meginatriðum í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga. Tekið er þó fram, að til bifhjóla teljast einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni. Létt bifhjól eru flokkur bifhjóla.

Bifreið: Gerðar eru veigamiklar breytingar á skilgreiningu þessa hugtaks og því skipt í þrennt til hægðarauka. Í *fyrsta* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og eru á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hönnuð eru til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga. Í *öðru* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til að draga annað ökutæki og hönnuð eru til hraðari aksturs en 30 km á klst., og í *þriðja* lagi vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og eru búin beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og eru 400 kg að eigin þyngd eða meira. Meginbreytingin er sú að áskilinn er 30 km ökuhraði á klst. að því er varðar ökutæki til fólks- eða vöruflutninga. Þá lenda utan skilgreiningarinnar ýmis ökutæki sem ekki eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og aka má hraðar en 30 km á klst. og teljast þau þá til dráttarvéla eða vinnuvéla.

Dráttarvél: Skilgreiningin er gerð skýrari. Er gert ráð fyrir því að dráttarvélar skuli ekki einungis aðallega hannaðar til að draga annað ökutæki heldur jafnframt til að draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki. Fellt er niður að dráttarvélar megi eigi vera gerðar til hraðari aksturs en 30 km á klst.

Eigin þyngd: Breytt frá skilgreiningu umferðarlaga til samræmis við Vínarsamninginn um umferð, þannig að til eigin þyngdar teljist eldsneyti, smurolía og kælivatn.

Festivagn: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Gangbraut: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Gangstétt: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Heildarþyngd: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga þegar tillit er tekið til skilgreiningar á hugtakinu eigin þyngd.

Hliðarvagn: Samsvarandi skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Lagning ökutækis: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort ökumaður er í ökutækinu.

Létt bifhjól: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Ljósatími: Breytt frá skilgreiningu umferðarlaga. Lagt er til að ljósatími verði allan sólarhringinn á því tímabili ársins, þegar hvað dimmast er, þ. e. frá 1. október til 1. apríl. Þykir að svo stöddu ekki tímabært að kveða á um ljósanotkun allan sólarhringinn allt árið. Að öðru leyti er um að ræða breytingu sem kveður nánar á um það hvenær ljós skuli notuð þegar birta er ófullnægjandi.

Reiðhjól: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Stór fólksbifreið: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Orðið samsvarar „bus“ í erlendri löggjöf og því er ætlað að koma í stað almenningsvagns sem notað er í umferðarlögum.

Tengitæki: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga. Tekið er fram að til tengitækja skuli teljast útileguvagnar (hjólhýsi og tjaldvagnar).

Tengivagnar: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Vegamót: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Vegfarandi: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga.

Vegur: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga með þeirri breytingu að bifreiðastæðum er bætt í upptalninguna.

Vélknúið ökutæki: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga með þeirri viðbót að hægfara hjólastólar eru látnir falla undir reglur um reiðhjól.

Vélsleði: Efnislega í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu beltabifhjól í umferðarlögum.

Vinnuvél: Gerðar eru veigamiklar breytingar á skilgreiningu þessa hugtaks í samræmi við breytingar á skilgreiningu hugtaksins bifreið. Er hugtakinu til hægðarauka skipt í þrennt. Í *fyrsta* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til sérstakra verka, eru búin áfestum tækjum eða vélum og eru á hjólum og/eða beltum. Í *öðru* lagi vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og eru á hjólum og eigi eru hönnuð fyrir hraðari akstur en 30 km á klst., þó eigi bifhjól. Og í *þriðja* lagi vélknúin ökutæki sem stjórnað er af gangandi manni. Breytingin felur í sér nákvæmari skilgreiningu á hefðbundnum vinnuvélum, en jafnframt er hraðaviðmiðun felld niður að því er þau ökutæki varðar. Þá eru felld undir þennan flokk hægfara ökutæki sem ekki falla undir a- og b-lið í skilgreiningu á bifreið.

Þéttbýli: Hugtakið er ekki skilgreint í umferðarlögum, en ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ætlað að gilda um þéttbýli, þ. á m. ákvæðin um ökuhraða.

Ökutæki: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Tekið er fram að eingöngu er átt við tæki, sem ætluð eru til aksturs á landi. Ekki er gert ráð fyrir að loftför teljist ökutæki samkvæmt skilgreiningunni.

Öxulþungi: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Í *II. kafla* er fjallað um reglur sem gilda fyrir alla umferð.

Um 3. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

2. mgr. kemur í stað 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Samkvæmt gildandi ákvæði skal sýna sérstaka varúð þar sem vænta má að börn séu að leik og gagnvart þeim sem bera merki fatlaðra. Lagt er til að fleiri vegfarendahópar verði taldir með þeim sem sýna skal sérstaka tillitssemi. Taki ákvæðið þá til barna án tillits til þess hvar þau eru og aldraða, svo og þeirra sem eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni, jafnvel þótt þeir beri ekki auðkenni fatlaðra. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um auðkenni fatlaðra, þ. á m. um notkun hvíts stafs fyrir sjónskerta, svo sem raunar þegar hefur verið gert.

3. mgr. kemur í stað 90. gr. umferðarlaga með þeirri breytingu, að frumkvæði að því að gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu á leið þeirra til og frá skóla flyst frá skólastjórum til viðkomandi lögreglustjóra og veghaldara. Þeir skulu þó hafa samráð við skólayfirvöld á hverjum stað.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Ákvæði um umferðarmerki eru í 86. gr. frv.

2. mgr. samsvarar 3. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Tekið er fram að fyrirmæli lögreglumanns gangi framar umferðarmerkjum. Ákvæði um merkjagjöf lögreglumanna eru í 2. mgr. 81. gr. frv.

Í 3. mgr. er sett sú regla að umferðarmerki og fyrirmæli lögreglumanns gangi framar almennum umferðarreglum, sbr. og 2. mgr. 86. gr. frv.

4. mgr. er í samræmi við ríkjandi skilning.

Um 5. gr.

1. mgr. samsvarar 1. málslið 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. samsvarar 2. málslið 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga með þeirri viðbót, að einnig er bannað að draga með ökutæki á vegi fólk á skíðum, skautum, hjólaskautum eða þvílíku.

3. mgr. samsvarar 2. málslið 2. mgr. 42. gr. umferðarlaga.

Um 6. gr.

Ákvæði um vistgötur er nýmæli. Vistgötur eru svæði, t. d. götur, sem einkum eru ætluð til dvalar og leiks, en umferð ökutækja er þar engu að síður heimil með takmörkunum. Á þetta einkum við um íbúðahverfi þar sem atvinnustarfsemi er lítil eða engin og umferð annarra en þeirra sem þar búa og gesta þeirra lítil. Vistgötur eru auðkenndar með sérstöku umferðarmerki, sem gefur til kynna takmarkanir á umferð ökutækja. Meginreglan er sú að gangandi vegfarendur hafa þar forgang gagnvart umferð ökutækja og ber ökumönnum að sýna þeim sérstaka tillitssemi. Þó má gangandi vegfarandi eigi hindra för ökutækja um vistgötu að óþörfu. Sérstök ákvæði gilda um lagningu ökutækja á vistgötum. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við erlendar reglur og þarfnast eigi skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um neyðarakstur tiltekinna ökutækja og svara ákvæðin til 2. mgr. 38. gr. og 1.—4. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglur um neyðarakstur, þ. e. hvenær grípa megi til neyðaraksturs og með hvaða hætti hann er undanþeginn ákvæðum laganna.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 1. og 2. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er efnislega í samræmi við 3. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

4. mgr. er nýmæli til verndar slys- eða brunastað.

5. mgr. er samhljóða 39. gr. umferðarlaga.

Um 8. gr.

1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Er lagt til að óheimilt verði að nema á brott eða breyta umferðarmerki, nema með leyfi viðkomandi yfirvalds, svo sem í tengslum við vegavinnu.

2. mgr. kemur í stað 3. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Er lagt til að áfram hvíli skylda á þeim sem skemmt hefur umferðarmerki til að lagfæra það ef þess er kostur, en annars skal hann tilkynna lögreglu um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar. Felld er hins vegar niður skylda vegfaranda sem verður þess var að umferðarmerki er laskað eða fært úr stað til að lagfæra það og tilkynna lögreglu. Þykir ákvæðið heldur viðurhlutamikið og erfitt í framkvæmd.

Um 9. gr.

1. mgr. er í meginatriðum í samræmi við 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. kemur í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Er gerður munur á tilkynningarskyldu þess sem hlut hefur átt að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi eftir því hvort meiðsl hafa orðið á mönnum eða ekki. Ef meiðsl hafa orðið á mönnum, skal tilkynna lögreglu um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef einungis hefur orðið eignatjón verður því aðeins skylt að tilkynna lögreglunni um óhappið ef enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum sem um ræðir í 1. mgr. greinarinnar. Með þessu mun fækka þeim tilvikum er kveðja þarf til lögreglu þegar einungis er um eignatjón að ræða. Mun það draga úr umferðartöfum vegna óhappa. Er breyting þessi til samræmis við ákvæði í löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

3. mgr. er nýmæli. Er þar kveðið á um að eigi megi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn slyss, hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi. Þó er heimilt að færa úr stað ökutæki sem veldur hættu fyrir umferðina.

Í *III. kafla* eru umferðarreglur sem gilda fyrir gangandi vegfarendur.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um notkun gangandi vegfarenda á vegi. Meginreglan er sú samkvæmt 1. mgr. sem kemur í stað 1. og 2. mgr. 61. gr. umferðarlaga að gangandi vegfarendur skuli nota þann hluta vegar sem liggur utan akbrautar, þ. e. gangstétt, gangstíg eða vegaröxl. Annars skal að jafnaði ganga á akbraut við vinstri vegarbrún í gönguátt, nema hinn gangandi vegfarandi leiði reiðhjól eða létt bifhjól, en þá skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Í 2. mgr. er lagt bann við því að leiða reiðhjól eða létt bifhjól eða flytja fyrirferðarmikla hluti á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 62. gr. umferðarlaga.

Um 11. gr.

Greinin sem fjallar um það hvernig gangandi vegfarandi skal fara yfir akbraut samsvarar 3. mgr. 61. gr. umferðarlaga, með nokkrum breytingum. Aðalreglan er sú að gangandi vegfarandi skal nota gangbraut, göng eða brú fyrir gangandi vegfarendur, ef fyrir hendi er. Að öðrum kosti skal hann leitast við að fara yfir akbrautina sem næst vegamótum.

Í 1. mgr. er þess krafist af gangandi vegfarendum að þeir gæti vel að ökutækjum sem nálgast er þeir ætla yfir akbraut, og tefji ekki að nauðsynjalausu á leið yfir hana.

2. mgr. fjallar um hvar gangandi vegfarandi má fara yfir akbraut. Ef ekki er farið eftir gangbraut skal ganga þvert yfir akbraut.

3. mgr. er nýmæli og fjallar um umferð gangandi vegfarenda þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um það hverjir teljast gangandi vegfarendur í skilningi umferðarlaga. Kemur greinin í stað 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Er tekið fram að þeir sem eru á skíðum, skautum eða hjólaskautum teljist til gangandi vegfarenda.

Í *IV. kafla* eru umferðarreglur sem gilda fyrir ökumenn.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um notkun vegar fyrir ökumenn. Er meginreglan sú að ökumaður skal nota akbraut, hvert sem ökutækið er. Hann má ekki aka á gangstéttum eða gangstígum. Bannið ber að skilja í samhengi við önnur ákvæði frv., sbr. 2. mgr. 26. gr., 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 39. gr.

2. mgr. svarar til 44. gr. umferðarlaga.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um það hvar á vegi ökutæki skulu staðsett, og svarar til 45. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan um hægri umferð. Svarar ákvæðið til 1. mgr. 45. gr., en kveðið er skýrar en nú á um að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut. Frávik frá reglunni koma fram um akstur á akreinum og í beygjum, sbr. 15. og 23. gr. frv. Sjá og um hjólreiðamenn ákvæði 2. mgr. 39. gr. frv.

2. mgr. er nýmæli, og fjallar um akstur á akbraut með þrjár eða fleiri akreinar. Ef akreinar eru fjórar eða fleiri má eigi aka á akrein sem er að öllu leyti vinstra megin við miðju akbrautarinnar í akstursstefnu. Ef akreinar eru þrjár má eigi aka á þeirri akrein sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu. Framúrakstur er þannig bannaður á þessum

akreinum. Að jafnaði mun hindrunarlína banna slíkan akstur, en ákvæðið gildir þótt engin hindrunarlína sé. Ákvæði greinarinnar gilda ekki þar sem einstefnuakstur er.

3. mgr. fjallar um fjarlægð milli ökutækja á ferð og svarar til 5. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum. Ákvæði 2. málsl. 5. mgr. um fjarlægð stórra bifreiða og bifreiða með tengivagna frá ökutæki á undan er látið ná til þeirra ökutækja sem falla undir hraðareglur 1. og 2. mgr. 38. gr. frv., en sérákvæði 3. málsl. 5. mgr. um þung ökutæki á ferð yfir brú er fellt niður þar sem þess er eigi talin þörf lengur.

4. mgr. svarar til 3. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

5. mgr. svarar til 6. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um akstur á vegamótum og í beygjum og svarar til 46. gr. umferðarlaga.

1. mgr. kemur í stað 3. málsl. 2. mgr. 46. gr., en er ítarlegri.

2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 46. gr. en með breyttu orðalagi. Skal ökumaður ganga úr skugga um að unnt sé að beygja án hættu og óþæginda fyrir aðra umferð í sömu átt, en ekki einungis án hættu fyrir þá sem á eftir koma. Nær ákvæðið því einnig til þeirra sem aka samhliða, t. d. reiðhjóla.

3. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 2. málsl. 3. mgr. 46. gr. en með breyttu orðalagi.

4. mgr. um akstur þegar beygt er inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu er nýmæli.

5. mgr. er einnig nýmæli og í samræmi við akstursvenju.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt er að láta reglur um beygju á vegamótum einnig gilda um akstur yfir akbraut eða af henni.

Um 17. gr.

1. málsl. 1. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. 2. málsl. 1. mgr. er nýmæli.

1. málsl. 2. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 45. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. 2. málsl. 2. mgr. er nýmæli.

3. mgr. er nýmæli. Aðrennslisreinar eru sérstakar akreinar fyrir aðkomandi umferð meðfram aðalumferðaræðum. Er ákvæðinu ætlað að auðvelda ökumanni akstur af aðrennslisrein inn á akrein þá sem hann ætlar inn á. Ákvæðið leggur skyldur á ökumenn á báðum akreinum.

4. mgr. er nýmæli. Afrennslisreinar eru sérstakar akreinar meðfram aðalumferðaræðum þar sem útakstur fer fram. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr. frv. skal ökumaður í tæka tíð fara á þá akrein sem er hentugust. Með ákvæðinu er lagt til að afrennslisrein skuli nota strax og hún byrjar.

Um 18. gr.

1. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 40. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Ákvæðinu er ætlað að ná til allra stórra fólksbifreiða (þ. e. bifreiða fyrir fleiri en 8 farþega) á biðstöð í þéttbýli, en það tekur nú einungis til bifreiða sem eru sérstaklega auðkenndar.

2. mgr. er nýmæli. Leggur ákvæðið sérstaka skyldu á herðar ökumönnum sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að auknu öryggi barna á leið til og frá skóla. Gengið er út frá því að reglur verði settar um auðkenni skólabifreiða. Yrðu þær settar samkvæmt 1. mgr. 61. gr. frv.

Um 19. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Tekið er sérstaklega fram að nægilegt bil skuli vera á milli hliða ökutækja.

2. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Um 20. gr.

1. málsl. 1. mgr. er samhljóða 1. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. 2. málsl. svarar til 5. mgr. 47. gr., en samkvæmt ákvæðinu verður skylt að aka hægra megin fram úr ökutæki sem beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. 3. málsl. um hjólreiðamenn er nýmæli. Verður hjólreiðamanni heimilt, en ekki skylt, að aka hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að auknu öryggi hjólreiðamanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um atriði sem ökumaður sem ætlar að aka fram úr ökutæki þarf að gæta. Svarar ákvæðið til 2. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga en er mun ítarlegra.

Ákvæðin í 3. mgr. eru nýmæli. Í 1. málsl. er kveðið á um skyldu þess sem ekur fram úr að hafa nægilegt bil milli hliðar ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr. Í 2. málsl., sem kemur í stað 3. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga, er ákvæði um skyldu til að aka til hægri eins fljótt og það er unnt án hættu eða óþæginda. Frá þeirri reglu er gerð undantekning í 3. málsl. ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

4. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldur þess sem ekið er fram úr koma í stað 3. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. verður þeim sem á undan fer eigi, svo sem nú er, skylt að draga úr hraða eða nema staðar. Honum ber hins vegar að halda ökutæki sínu eins langt til hægri og unnt er og má ekki auka hraðann. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að framúrakstur hafi eigi truflandi áhrif á umferðina, svo sem núgildandi regla getur leitt til.

Samkvæmt 2. mgr. gildir meginreglan í 1. mgr. ekki þegar um er að ræða ökutæki sem fylgja ekki almennum ökuhraða eða hættulegt getur verið að aka fram úr vegna þess að þau eru fyrirferðarmikil. Þegar slíku ökutæki er ekið á mjóum vegi eða bugðóttum eða þar sem umferð kemur á móti ber ökumanni þess að gæta sérstaklega að umferð sem kemur á eftir og aka til hliðar, draga úr hraða og nema staðar ef þess er þörf til að auðvelda framúrakstur. Ákvæði þetta mundi m. a. taka til dráttarvéla, vinnuvéla, stórra vörubifreiða og bifreiða sem draga annað ökutæki en einnig til annarra ökutækja sem ekki fylgja almennum ökuhraða.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað 2. og 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er óbreytt sú meginregla að eigi megi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, en frá þeirri reglu eru gerðar undantekningar. Við framúrakstur getur ökutækið sem ekið er fram úr byrgt útsýn þess, sem fram úr ekur, til hægri. Þau sjónarmið eiga ekki við að því er varðar þau tilvik sem um ræðir í b-d liðum og er því eigi varhugavert að víkja frá meginreglunni í þeim tilvikum. Undantekning samkvæmt a-lið er nauðsynleg til að tryggja flæði umferðar þar sem tvær eða fleiri akreinar eru fyrir umferð í sömu akstursstefnu.

2. mgr. fjallar um bann við framúrakstri þar sem útsýn er takmörkuð vegna hæðar eða beygju á vegi.

3. mgr. er nýmæli. Er heimilt að aka fram úr reiðhjóli og léttu bifhjóli þótt ákvæði greinarinnar að öðru leyti banni framúrakstur, enda sé þá gætt meginreglu 2. mgr. 20. gr. frv.

Um 23. gr.

Greinin kemur í stað 6. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er heimilað að aka hægra megin fram úr ökutæki þar sem umferð fer fram á fleiri en einni akrein í sömu akstursstefnu, og er það í samræmi við gildandi reglu. Reglan er hins vegar þrengd, þar sem það skilyrði er sett að umferð sé þétt og að hraðinn ráðist af þeim sem á undan fara. Eigi er unnt að kveða á um þéttleika umferðar. Ákvæðið mundi taka til þess þegar eigi er unnt án hættu eða óþæginda að aka inn á akreinina til hliðar en einnig þegar ökuhraði er breytilegur og fjarlægð milli ökutækja mismunandi. Ekki er gert að skilyrði að akreinar séu merktar sérstaklega. Ákvæði 2. málsl. er nýmæli, sem ætlað er að koma í veg fyrir tíð akreinaskipti.

2. mgr. er nýmæli þar sem heimilaður er framúrakstur ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein fyrir sérstaka tegund umferðar, t. d. fyrir strætisvagna.

Um 24. gr.

Greinin svarar til niðurlags 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga, þó svo að heimilað er að aka fram úr við eða á gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum enda hindri ökutækið sem ekið er fram úr eigi útsýn yfir gangbrautina.

Um 25. gr.

Greinin kemur í stað 48. gr. umferðarlaga. Er efnisröðun breytt og ákvæðin gerð ítarlegri.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um skyldu ökumanna til að sýna sérstaka aðgát við vegamót.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 48. gr. Ekki skiptir máli hvort vegur í heild er aðalbraut eða ekki, heldur nægir að vegamót séu merkt biðskyldu- eða stöðvunarmerki.

3. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 48. gr. með breyttu orðalagi. Samkvæmt gildandi ákvæði ber umferð af einkavegi að víkja fyrir umferð á vegi sem ekið er inn á. Er lagt til að upptalning minni háttar vega verði nokkru ítarlegri, þannig að ákvæðið taki einnig til umferðar af vegarslóða, stíg, göngugötu, heimreið eða svipuðum vegi.

4. mgr. hefur að geyma meginregluna um að víkja skuli fyrir umferð frá hægri og er í samræmi við 1. mgr. 48. gr. með breyttu orðalagi.

5. mgr. kveður á um með hvaða hætti sá sem á að víkja uppfyllir skyldur sínar. Er ákvæðið ítarlegra en í 3. mgr. 48. gr., sem einungis tekur til aksturs inn á veg sem nýtur aðalbrautarréttar.

6. mgr. svarar til 4. málsl. 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Er ákvæðið ítarlegra. Ber ökumanni einnig að víkja fyrir gangandi vegfarendum og ökumönnum reiðhjóla og léttra bifhjóla sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar inn á.

7. mgr. er nýmæli. Er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir að ökumaður tefji umferð á vegamótum, ef hann getur eigi óhindrað ekið um þau.

Um 26. gr.

Í greinina er safnað ákvæðum um sérstakar skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum. Rétt er að vekja athygli á því að í 2. mgr. 3. gr. frv. er sérstakt ákvæði um tillitssemi gagnvart börnum, öldruðum, fötluðum o. fl., sem að jafnaði eru gangandi vegfarendur.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan, að ökumaður skal gefa gangandi vegfaranda tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými. Samsvarandi ákvæði er eigi í umferðarlögum.

Að undanförnu hefur bilið milli tekjuhópa farið breikkandi á Íslandi. Talsvert stórir hópar fólks í landinu geta a. m. k. að verulegu leyti ráðið tekjum sínum sjálfir og er þar í mörgum tilvikum um að ræða sömu aðila og komist geta hjá því að greiða sinn skerf til sameiginlegra þarfa. Þrátt fyrir margumtalaða efnahagserfiðleika þjóðarinnar virðast þessir hópar landsmanna hafa fullar hendur fjár og rúm fjárráð þeirra koma m. a. fram í gífurlegum innflutningi og þenslu. Það er ekki venjulegt verkafólk eða opinberir starfsmenn sem standa undir metinnflutningi á munaðarvörum til landsins eða mikilli eftirspurn sem síðan veldur þenslu heldur eru það hinir sem skammta sér launin sjálfir og hafa getað velt af sér öllum þeim byrðum sem stjórnvöld hafa lagt á landsmenn og hafa leitast við að dreifa á þegnana alla.

Aðgerðir núverandi ríkisstjórnar í kjaramálum hafa sérstaklega vakið athygli á þeim mikla kjaramun og mun á lífsstíl sem orðinn er á milli þessara tveggja hópa Íslendinga; annars vegar þeirra sem þurfa að lifa af launagreiðslum í samræmi við opinbera launataxta og standa þar að auki undir rekstri þjóðarbúsins og hins vegar hinna sem nánast geta skammtað sér laun sjálfir og um leið komið sér undan skyldum sínum við samborgarana. Þessir tveir hópar landsmanna eru nánast eins og tvær óskyldar þjóðir í einu og sama landinu sem fátt eiga sameiginlegt nema tungumálið.

Til viðbótar við þann almenna vanda, sem landsmenn glíma nú við vegna afkomu sinnar og steðjar að flestum þeim sem þiggja laun samkvæmt opinberum launatöxtum og þurfa að bera byrðar samfélagsins, kemur sérstakur vandi hjá einstökum starfsstéttum. Fiskimenn og fiskverkunarfólk eru slík starfsstétt. Með síauknum hömlum á fiskveiðum vegna rangrar fjárfestingarstefnu stjórnvalda hafa möguleikar fiskimanna til þess að sjá sér farborða versnað jafnt og þétt uns nú þegar tekið hefur verið fyrsta skrefið með kvótakerfinu til opinberrar stjórnar í fiskveiðum sem um margt minnir á þá stjórnarhætti sem viðgengist hafa í málefnum landbúnaðarins á Íslandi.

En kvótakerfið hefur ekki aðeins bitnað á fiskimönnum heldur einnig á fiskverkunarfólki. Við lág laun hefur nú bæst vaxandi öryggisleysi í atvinnumálum vegna atvinnuleysis fjölda manna um lengri eða skemmri tíma á sífellt fleiri stöðum. Ásamt með sjómönnum hefur verkafólk í fiskvinnslu þannig orðið að taka á sig kjaraskerðingu umfram þá almennu kjaraskerðingu sem orðið hefur hjá því fólki sem vinnur á opinberum launatöxtum og hefur ekki getað velt vanda þjóðarbúsins af sér og yfir á annarra herðar eins og sumir aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa gert.

Fiskimenn berjast einmitt nú fyrir bættum kjörum í launamálum og þessi barátta tekur sérstaklega mið af þeirri sérstöðu sem launafólk á sjó og við fiskvinnslustörf býr við. Eðlilegt er, að sameiginleg sérstaða þessara tveggja starfshópa — fiskimanna og fiskverkunarfólks — í kjaramálum sé tekin til athugunar samtímis. Tilgangur þessa frumvarps er einmitt sá að leysa hinn sérstaka vanda fiskverkunarfólks í kjaramálum með svipuðum hætti og fordæmi er þegar fyrir bæði í gildandi lögum í sambandi við fiskimannafrádrátt og sömuleiðis í umræðum og tilboðum stjórnvalda sem iðulega hafa rætt um aðgerðir í skattamálum til þess að koma til móts við sérstakan vanda í kjaramálum.

Tillaga flutningsmanna frumvarpsins er sú að fólki, sem vinnur við fiskverkun, þ. e. ófaglærðu verkafólki, faglærðu fólki, s. s. eins og fólki úr fiskvinnsluskóla og verkstjórum í fiskvinnslu, verði veittur sérstakur frádráttur frá tekjum við álagningu tekjuskatts og nemi sá frádráttur 10% af þeim launum sem þetta fólk hefur fengið greidd fyrir fiskvinnslustörf en þar er um sama hundraðshluta að ræða og fiskimannafrádrátturinn nemur skv. gildandi lögum. Hér er um tiltölulega einfalda aðgerð að ræða sem tryggir varanlegar kjarabætur og gæti komið nokkuð til móts við þá sérstöku kjaraskerðingu sem fiskverkunarfólk hefur orðið fyrir að undanförnu og auk þess getur þetta orðið til þess að gera störf við fiskvinnslu meira aðlaðandi. Nú er einmitt brýn þörf á því að starfskjör fólks í þeirri undirstöðuatvinnugrein, sem fiskveiðar og fiskvinnsla er fyrir afkomu þjóðarbúsins, séu með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert að starfa í þessum starfsgreinum. Það er alvörumál — ekki aðeins fyrir starfsgreinina heldur einnig þjóðarheildina — þegar fólk leitar unnvörpum úr fiskveiðum og fiskvinnslu í aðrar starfsgreinar sem flestar eða allar eiga í raun vöxt sinn og viðgang undir því að undirstöðustörfin í landinu, fiskveiðar og fiskvinnsla, geti gengið eðlilega fyrir sig. Það getur ekki orðið nema þær starfsgreinar geti boðið launakjör og starfsaðstöðu sem gerir það eftirsóknarvert að leita starfa einmitt þar. Langur vegur er nú frá því að svo sé.

Sþ. 501. Fyrirspurn [316. mál]

til fjármálaráðherra um útflutningsbætur og niðurgreiðslur árið 1984.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Eyjólfi Konráði Jónssyni.

1. a. Hvernig var útflutningsbótum ríkissjóðs ráðstafað?
   b. Hvaða gagna var krafist áður en greiðslur fóru fram?
   c. Hvernig voru greiðslur inntar af hendi?
   d. Hverjir voru viðtakendur greiðslna?
   e. Hvaða kostnaðarliðir við sölu, geymslu, flutning, umboðslaun, vinnslu og framleiðslu landbúnaðarafurða voru greiddir af útflutningsbótum og í hvaða röð?
   f. Hvaða kröfur voru gerðar til viðtakenda um skilagreinar fyrir ráðstöfun útflutningsbóta og hvernig var eftirliti ríkisins með greiðslum háttað?
2. a. Hvernig var ráðstafað niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum úr ríkissjóði árið 1984?
   b. Hvaða gagna var krafist áður en greiðslur fóru fram?
   c. Hvernig voru greiðslur inntar af hendi?
   d. Hverjir voru viðtakendur?
   e. Hvernig var niðurgreiðslum ráðstafað til greiðslu á kostnaðarliðum við framleiðslu, sölu, vinnslu og geymslu á landbúnaðarafurðum og í hvaða röð?
   f. Hvaða kröfur voru gerðar til viðtakenda um skilagrein fyrir ráðstöfun niðurgreiðslna og hvernig var eftirliti ríkisins háttað?

Sþ. 502. Fyrirspurn [317. mál]

til dómsmálaráðherra um meint fjársvik í fasteignasölu o. fl.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða mál eru nú fyrir dómstólum sem lúta að meintum fjársvikum fasteignasala í fasteignaviðskiptum, hvar eru þau mál í dómskerfinu og hvernig hefur málarekstur gengið?
2. Hafa einhverjir aðilar, sem telja sig hafa verið svikna af fasteignasölum í fasteignaviðskiptum, leitað aðstoðar dómsmálaráðuneytisins og hvaða hjálp hefur dómsmálaráðuneytið þá getað veitt?
3. Hvaða aðgerðum er dómsmálaráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir til þess að auka eftirlit með fasteignasölu, t. d. þannig að fasteignasalar uppfylli í reynd öll þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri starfsemi?
4. Hvaða breytingar á lögum eða reglugerðum telur dómsmálaráðherra að gera þurfi til þess að tryggja betur en nú er ábyrgð þeirra sem fasteignaviðskipti stunda og réttarstöðu þeirra sem slíkrar þjónustu njóta?

Sþ. 503. Fyrirspurn [318. mál]

til samgönguráðherra um framtíðarflugvallarstæði fyrir Ísafjörð.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Er samgönguráðherra reiðubúinn til þess að láta fara fram frekari athugun á nýju flugvallarstæði fyrir Ísafjörð við Arnarnes?

Sþ. 504. Tillaga til þingsályktunar [319. mál]

um orkufrekan iðnað á Suðurlandi.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því nú þegar að koma á fót orkufrekum iðnaði á Suðurlandi.

Í þeim tilgangi verði m. a. iðnaðarráðuneyti og stóriðjunefnd falið að leita eftir erlendum samstarfsaðila til þessa verkefnis.

Greinargerð.

Búseta á Íslandi er ákaflega sérstæð og á sér trúlega hvergi hliðstæðu annars staðar. Er þar átt við þá staðreynd að í höfuðstað landsins, Reykjavík, og næsta nágrenni, á Reykjanesi, búa rúmlega 60% þjóðarinnar.

Ástæður þessa eru vitaskuld margar og aðdragandinn býsna langur. Alla þessa öld hefur þróunin verið í þessa átt — mishröð að vísu — en nánast aldrei stöðvast eða snúist við. Mannfjölgun á Íslandi frá síðustu aldamótum hefur verið um 1,4% að meðaltali á ári. Á sama tíma hefur fjölgunin verið yfir 3% í Reykjavík og á Reykjanesi en innan við 0,5% á landinu utan þess svæðis.

Enda þótt landgæði séu á margan hátt mikil og aðstæður góðar við Faxaflóa og þó að einnig beri að viðurkenna að tiltölulega fjölmenn höfuðborg hjá jafnfámennri þjóð sé heildinni allri til hagsbóta, þá er hér um svo gífurlegan mun að ræða, svo einhliða þróun um svo langan tíma, að sannarlega er þörf á að leita ráða til að beina þessari þróun í aðra átt.

Skýringin á þessari þróun er vitaskuld sú að Reykjavík og Reykjanes hafa haft verulegt aðdráttarafl, sérstaklega eftir að atvinna dróst saman annars staðar á landsbyggðinni samhliða tækniframförum, vélvæðingu og aukinni verkaskiptingu, sem hafa í för með sér bætt lífskjör og vaxandi velmegun.

Hafa verður þó í huga að fólksflutningar úr strjálbýli í þéttbýli hafa orðið um allt land lengst af þessu tímabili, — af sömu ástæðum.

Ef nefna á einn þátt sem öðrum fremur hefur haft úrslitaþýðingu um framvinduna undanfarna áratugi ber raforkuna og hagnýtingu hennar hæst. Af eðlilegum ástæðum hefur raforkuvinnslan á Suðurlandi, við Sogsvirkjanir og á Þjórsársvæðinu, verið langmestur hluti framleiðslunnar. Með hringtengingu á síðustu árum dreifist sunnlensk orka nú um allt land. Sem eðlilegt framhald af þessu hefur Alþingi ákveðið að raforkuvinnslan dreifist einnig um landið með fyrirhuguðum stórvirkjunum á Norður- og Austurlandi.

Þegar farið var að hagnýta orku íslenskra fallvatna til orkufreks iðnaðar var orkan af Suðurlandi þýðingarmest, og er svo enn. Ekkert þeirra fyrirtækja, sem nýta þessa orku, er hins vegar á Suðurlandi og hafnleysi suðurstrandarinnar m. a. borið við:

1. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi var reist á árunum 1952—1954 og er elst þessara fyrirtækja.

2. Sementsverksmiðjan á Akranesi var reist á árunum 1956—1958 og var næsta fyrirtæki af þessu tagi.

3. Álverið í Straumsvík (1966) markaði þáttaskil í þessum efnum með eignaraðild erlendra aðila.

4. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn (1966) varð fyrsta fyrirtækið í orkufrekum iðnaði utan Faxaflóasvæðisins. Verksmiðjan var að auki allfjarri höfn, enda ástæðan staðbundið hráefni. Engu síður varð þessi framkvæmd hin fyrsta á þessu sviði sem sporna átti gegn þeirri búsetuþróun sem bent hefur verið á í þessari greingargerð.

5. Málmblendiverksmiðjan á Grundartanga í Hvalfirði (1977) markaði tímamót með meirihlutaeignaraðild Íslendinga í félagi við útlendinga. Enn var sunnlensk orka burðarásinn en fyrirtækið reist við Faxaflóa. Hér var að auki annað fyrirtækið í Vesturlandskjördæmi sem byggði á orku af Suðurlandi.

Ekki verður tíundað hér hversu mikill mannafli hefur atvinnu af öllum þessum iðjuverum, hvað þá í þjónustugreinum þeim tengdum, en víst er að sá mannfjöldi skiptir þúsundum.

Þegar hér er komið sögu finnst bæði þingi og þjóð að tími sé til kominn að efna til orkufreks iðnaðar víðar á landinu en við Faxaflóa. Kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð hefur verið á dagskrá í röskan áratug og álver við Eyjafjörð er a. m. k. mjög til umræðu, enda virkjanir nyrðra og eystra ýmist á framkvæmdar- eða undirbúningsstigi.

Komist þessi áform í framkvæmd mun það treysta byggð í þessum fjórðungum, bæta heildarhag og stuðla að heilbrigðari búsetuþróun en hér hefur áður verið.

En Suðurland, sem fram að þessu hefur lagt til meginhluta allrar orku þjóðarinnar, ber hins vegar enn skarðan hlut frá borði í þessum efnum.

Um þessar mundir eru hins vegar að verða tímamót í atvinnuþróun á Íslandi. Knúið er á um að leita nýrra leiða til að finna ný störf á áður óþekktum sviðum. Frumatvinnugreinar þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, taka ekki við meiri mannafla um fyrirsjáanlega framtíð, hlutfallslega a. m. k. Iðnaður verður lausnarorðið í æ ríkari mæli, auk þjónustugreina.

Enda þótt mönnum hafi verið þetta ljóst um alllangt skeið er hægara sagt en gert að leggja grunn að hagkvæmari iðnþróun. Með flestum þjóðum tekur nokkrar kynslóðir að breyta svo um sem hér hlýtur að verða. Enn verður að leggja svo sem kostur er áherslu á úrvinnslu þess hráefnis sem landið og sjávarafli gefur af sér. Reynsla annarra þjóða, svo sem granna okkar Norðmanna, hefur einnig sýnt að farsæld fylgir því að sækja fram á sem flestum sviðum í senn og smár iðnaður dafnar oft vel í tengslum við og í skjóli orkufreks iðnaðar.

Suðurland hefur á undanförnum áratugum verið sá hluti landsins þar sem hlutfallslega flestir starfandi manna hafa haft atvinnu af frumatvinnugreinunum tveimur, sjávarútvegi og landbúnaði. Það gegnir því engri furðu að harðast bitni á þeim fjórðungi þegar þessar atvinnugreinar geta ekki lengur tekið við nýju fólki.

Eins og áður segir hefur sunnlenskt afl knúið flest þau orkuver sem nú mala íslenskri þjóð gull. Hafnleysi suðurstrandarinnar hefur hins vegar orðið orkufrekum iðnaði á Suðurlandi þrándur í götu fram að þessu. Engu síður hefur tækni fleytt fram á síðustu árum á sviði hafnargerðar, jarðvegsflutninga og annars þess sem til þarf í þessu efni.

Það er hátt til lofts og vítt til veggja á Suðurlandi, ef svo má að orði komast í þessu sambandi. Þess vegna er lítil hætta á loftmengun, enda búnaður nú orðið vandaður til varnar slíku. Þéttbýli er nauðsyn í þessu sambandi en nú búa tæplega 8000 manns í þéttbýli Flóa og Ölfuss. Nefnd, sem unnið hefur að athugun á staðarvali fyrir næstu stórfyrirtæki Íslendinga í orkufrekum iðnaði, hefur komist að þeirri niðurstöðu að á Suðurlandi væri að finna einn þriggja álitlegustu staða í þessu efni.

Sú slæma þróun sem hér hefur verið drepið á, í frumatvinnugreinunum báðum, hefur þegar sagt til sín í mannfjöldaþróuninni á Suðurlandi. Árið 1984 varð 0,9% meðaltalsfjölgun íbúa á landinu. Fólksfjölgun á Suðurlandi varð það ár einungis 0,33%. En þá bregður hins vegar svo við að bein fækkun verður í öllum sýslunum þremur austan fjalls, og þeim mun meir sem austar dregur. Í Árnessýslu varð fækkunin 0,12%, í Rangárvallasýslu varð fækkunin 1,06% og í Vestur-Skaftafellssýslu varð fækkunin 1,34%. Hins vegar varð fjölgun í kaupstöðunum tveimur, 1,31% í Vestmannaeyjum og 1,88% á Selfossi.

Af því sem hér hefur verið nefnt er ljóst að tími er til kominn að byggðirnar austan heiðar fái notið þeirra gæða sem héraðið gefur af sér í orku fallvatnanna. Enn fremur er ljóst að fram undan er varnarbarátta á þessu svæði til þess að koma í veg fyrir fækkun fólks og þann vanda sem slíku fylgir.

Í trausti þess að vilji og skilningur alþingismanna sé Sunnlendingum hliðhollur er tillaga þessi til þingsályktunar flutt.

Nd. **505. Breytingartillögur** [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (HBl, ÓÞÞ, BÍG, ÓE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum, sem sett eru með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika, átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.
   Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju.

2. Við 2. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

   b. 1. tl. 2. mgr. orðist svo:
   Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmætt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju.

   c. 2. tl. 2. mgr. falli brott.
   d. 3. tl. 2. mgr., er verði 2. tl., orðist svo:
   Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.

   e. Á eftir 4. tl. 2. mgr., er verði 3. tl., komi nýr tl. er orðist svo:
   Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

   f. 5. tl. 2. mgr. falli brott.
   g. 6. tl. 2. mgr., er verði 5. tl., orðist svo:
   Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.

h. 7. tl. 2. mgr., er verði 6. tl., orðist svo:
Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt VI. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

i. 8. tl. 2. mgr., er verði 7. tl., orðist svo:
Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

j. 9. tl. 2. mgr., er verði 8. tl., orðist svo:
Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær þar sem nánar er kveðið á um hver sé handhafi útvarpsleyfis, reglur, samningstíma og leyfisgjald. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni.

4. Við 5. gr.
a. 2. tl. orðist svo:
Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.

b. 4. tl. orðist svo:
Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 3., 6., 7. og 8. töluliðum 3. greinar sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem eru innan samfellds svæðis. Sama gildir innan stofnunar, t. d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss, eða vinnustaðar.

c. 5. tl. falli brott.

5. Á eftir 6. gr. komi ný gr. er verði 7. gr. og orðist svo:
Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

6. Við 7. gr. er verði 8. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.—7. greina.
Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

7. Á eftir I. kafla komi nýr kafli er verði II. kafli, **Menningarsjóður útvarpsstöðva,** og orðist svo:
a. (9. gr.)
Stofna skal Menningarsjóð útvarpsstöðva.
b. (10. gr.)
Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu.

c. (11. gr.)
Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.
Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur.
Sinfóníuhljómsveitinni er rétt að gera samning við Ríkisútvarpið um réttindi þess varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar gegn eðlilegu gjaldi og sé í samningunum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum.

d. (12. gr.)
Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skipa þrír menn, einn tilnefndur af útvarpsráði, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd, ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar.
Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð til tveggja ára í senn.

e. (13. gr.)
Menntamálaráðherra skal kveða nánar á um starfsreglur Menningarsjóðs útvarpsstöðva í reglugerð.

8. Við 9. gr. Greinin falli brott.

9. Við 10. gr. sem verði 15. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Það skal m. a. flytja efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.
Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

10. Á eftir 10. gr. komi ný gr. er verði 16. gr. og orðist svo:
Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.
Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess, samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.
Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.
Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.
Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Þjónusta Ríkisútvarpsins skal í engu minnkuð frá því sem nú er hjá Ríkisútvarpinu.

11. Við 11. gr. sem verði 17. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

12. Við 14. gr. sem verði 20. gr. 3. mgr. falli brott.

13. Við 15. gr. sem verði 21. gr. 3. mgr. orðist svo:

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast öflun og útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Gerð dagskrárefnis getur farið fram í deildunum sjálfum eða utan þeirra samkvæmt sérstökum verksamningum. Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má, sbr. 15. gr.

14. Við 26. gr. sem verði 32. gr. Aftan við gr. bætist: en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

15. Við 27. gr. sem verði 33. gr. Greinin orðist svo:

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, t. d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

16. Á undan 28. gr. í V. kafla komi ný gr. er verði 34. gr. og orðist svo:

Hver sá sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu, útsendu efni, þó er heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar.

17. Við 32. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og nr. 49/1979.

18. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Leyfi til útvarps, sem veitt verða fyrsta sinni samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára.

Útvarpsréttarnefnd skal kjörin fyrsta sinni við gildistöku laga þessara og sitja til ársloka 1989.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð fyrsta sinni fyrir árslok 1985.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. tl. 3. gr. er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Nd. **506. Nefndarálit** [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd klofnaði í afstöðu sinni til frumvarps til útvarpslaga. Fyrsti minni hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að frumvarpið sé ekki nógu vel úr garði gert til þess að marka þau tímamót í útvarpsmálum þjóðarinnar sem því er ætlað. Furðu sætir að við skulum yfirleitt vera að ræða um hvort, hvernig og þá hvenær við ætlum að rýmka þá einokunarlöggjöf sem núverandi lög eru.

Aðstæður þær, sem fyrir hendi voru á þeim tíma sem ríkisstjórnin lagði hvað mesta áherslu á að afgreiða frumvarpið, voru um margt sérstæðar. Þá var hafður uppi mikill fjölmiðlaáróður í verkfalli BSRB. Menntamálaráðherra, sem lagði frumvarpið fram, virtist í fyrstu hafa hugsað sér það sem mótleik við harkalegum aðgerðum verkfallsmanna. Þannig var bætt inn í frumvarpið grein sem gerði ráð fyrir að frumvarpið, yrði það að lögum, tæki gildi 1. nóvember 1984. Í ljósi þess, að nánast eingöngu aðilar í pólitískum tengslum við forustu Sjálfstæðisflokksins voru í stakk búnir til að hefja útsendingar með svo stuttum fyrirvara, var þessi breyting menntamálaráðherra óeðlileg.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar er hlynntur frjálsum útvarpsrekstri og vill greiða fyrir málinu að svo miklu leyti sem unnt er án þess þó að flaustursleg vinnubrögð komi niður á lagasmíðinni. Það er ljóst að frumvarpið ber með sér ör pólitískra átaka og málamiðlana innan þeirrar nefndar sem samdi það. Að öðru leyti hefur afstaða fyrsta minni hl. komið skýrt fram og breytingartillögur liggja fyrir.

Það er ekki hægt að fallast á að útvarpsréttarnefnd eða útvarpsráð, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir þeim, gegni þeim hlutverkum sem þeim er ætlað. Það aðhald, sem fjölmiðlum er nauðsynlegt, er nú þegar til í gildandi lögum. Má þar nefna lög um vernd barna og ungmenna, meiðyrðalöggjöf og lög um höfundarétt, lög sem fjalla um réttindi og skyldur rekstraraðila fyrirtækja og lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þess vegna telst það óþarft að setja með þessum hætti fulltrúa stjórnmálaafla í áhrifastöður þar sem stefnan er mörkuð.

Fyrsti minni hl. vill leggja áherslu á nauðsyn þess að almenningur fái að segja álit sitt um þetta mál og réttur hans til áhrifa verði tryggður. Jafnframt því, að skoðanir almennings komi fram og tjáningarfrelsi sé virt, er mikilvægt að fylgt sé reglunni um jafnan tíma hvað stjórnmálaumræðu varðar í fjölmiðlum.

Fráleitt er að litið verði til frambúðar á auglýsingar í útvarpi sem nauðsynlegan en illan kost. Það ber að líta svo á að auglýsingar gegni því hlutverki að upplýsa almenning og á það við bæði um opinbera aðila og verslun og þjónustu.

Fyrsti minni hl. vill setja skörp skil á milli þess hvað talist getur frjáls rekstur og hringamyndun og leggur þess vegna til að eignaraðild og hlutdeild í útvarpsrekstri verði settar skorður að því er þetta eina atriði varðar.

Óhjákvæmilegt er að jafnaðarlega þurfi að fylgjast með hver þróunin verður innan lands sem utan og því gerir fyrsti minni hl. ráð fyrir nefnd til þeirra starfa er jafnframt hugi að nauðsynlegum breytingum.

Fyrsti minni hl. gerir ráð fyrir að stjórn Ríkisútvarpsins sé skipuð fulltrúum er sjái í stórum dráttum um rekstur, byggingarmál og útsendingar. Innan stofnunarinnar hlýtur aftur á móti að ríkja lýðræði meðal starfsmanna sem leiðir af sér aukið frumkvæði þeirra og sjálfstæði og meiri ábyrgðartilfinningu í dagskrárgerð. Þar skapast þetta andrúmsloft meðal annars vegna þeirra ákvæða sem fyrsti minni hl. gerir ráð fyrir að verði að lögum en í þeim

felst að útvarpsstjóri gerir með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins kjarasamninga við starfsmenn þess.

Fyrsti minni hl. leggur áherslu á mikilvægi þess að aðlögunartími þeirra aðila, er hugsa til þess að hefja útvarpsrekstur, verði sem jafnastur og sýnist þess vegna réttlátt að ákvæði laga þessara komi ekki til framkvæmda fyrr en 6 mánuðum eftir birtingu þeirra.

Alþingi, 19. febr. 1985.

Kristín S. Kvaran.

Nd. 507. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
   Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Menntamálaráðherra veitir slíkt leyfi skv. 3.—6. gr. þessara laga og fylgist með að ákvæðum þeirra sé fylgt. Leyfi til útvarpsrekstrar skulu vera tímabundin og eigi veitt lengur en til þriggja ára í senn. Við veitingu nýrra leyfa og við endurnýjun leyfa verði leitað opinberlega eftir umsögn almennings.
   b. 3. málsgr. falli niður.
   c. Hvarvetna þar sem stendur „útvarpsréttarnefnd“ annars staðar í frv. komi: menntamálaráðherra.

2. Við 3. gr.
   a. 4. tl. orðist svo:
   Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi. Menntamálaráðherra setur reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræður.
   b. 5. tl. falli brott.
   c. 7. tl. falli brott.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verð þeirrar þjónustu sem þær veita. Menntamálaráðherra gefur út reglur um framkvæmd hlustendakönnunar sem gerð skal eigi sjaldnar en mánaðarlega.

4. Við 5. gr.
   a. 1. tl. orðist svo:
   Sveitarstjórnir hafa einkarétt á uppsetningu kapalkerfa en heimilt skal sveitarstjórn að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum.
   b. 3. tl. falli brott.
   c. 5. tl. falli brott.

5. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar gr. er orðist svo:
   a. (8. gr.)
   Einstaklingar, sem eiga hlut í fyrirtæki í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum, er óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta ákvæði á einnig við um fyrirtæki.
   Sami aðili má ekki reka fleiri en tvær stöðvar.
   b. (9. gr.)
   Alþingi kýs nefnd sjö þingmanna er hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga þessara, svo og þróun fjölmiðlunar og lagasetningar um hana meðal nágrannaþjóða. Jafnframt skal nefndin huga að nauðsynlegum breytingum á lögunum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín í nóvember ár hvert þar til endurskoðun laganna er lokið.

6. Við 9. gr. sem verður 11. gr. Í stað orðsins „útvarpsráðs“ í lok 2. og 3. málsgr. og hvarvetna annars staðar í frv. komi: stjórnar Ríkisútvarpsins.

7. Við 12. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn og annast hann rekstur Ríkisútvarpsins o. s. frv.

8. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn: Útvarpsstjóri, þrír framkvæmdastjórar Ríkisútvarpsins, tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra og einn fulltrúi kosinn af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

9. Við 14. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Árlega efnir menntamálaráðherra til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Ráðstefnan skal opin öllum almenningi.

10. Við 15. gr.
   a. 4. málsgr. orðist svo: Framkvæmdastjóri, skipaður til 5 ára í senn, er fyrir hverri deild.
   b. 1. málsl. 5. málsgr. orðist svo: Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar.

11. Við 16. gr. Við gr. bætist ný málsgr. sem orðist svo:
   Útvarpsstjóri gerir með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins kjarasamninga við starfsmenn Ríkisútvarpsins.

12. Við 32. gr. Fyrri málsl. greinarinnar orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir birtingu þeirra.

Nd. 508. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [320. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög, sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar og nefnast hreppar, bæir eða kaupstaðir.

Hver maður er í því sveitarfélagi, þar sem hann á lögheimili.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

Engu málefni, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

Þó getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr.

4. gr.

Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Tilkynna skal um þá ákvörðun til ráðuneytisins, sem heldur sérstaka skrá um merki sveitarfélaga og setur almennar reglur um gerð þeirra.

Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags og ákvörðun um byggðarmerki í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera, ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins, að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

6. gr.

Skylt er sveitarfélögum, að annast þau verkefni, sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni, sem varðar íbúa þeirra enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa með höndum verkefni, sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum og þar sem ætla má, að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins.

Verkefni þau sem sýslunefndum eru nú falin með lögum skulu falla til héraðsnefnda nema sveitarfélög komi sér saman um annað.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna, sem þau annast.

Meðal verkefna sveitarfélaga eru:

1. Félagsmál.
   þ. á m. framfærslumál
   aðstoð við aldraða og fatlaða
   barnaverndarmál
   varnir gegn notkun vímugjafa
   rekstur dagvista fyrir börn
   rekstur dvalarheimila aldraðra
   rekstur heimilishjálpar
2. Atvinnumál.
   þ. á m. atvinnuleysisskráning
   vinnumiðlun
3. Menntamál.
   þ. á m. bygging og rekstur skóla
   fullorðinsfræðsla
   tónlistarfræðsla
4. Húsnæðismál.
   þ. á m. bygging verkamannabústaða
   bygging leiguíbúða sveitarfélaga
   útrýming heilsuspillandi húsnæðis
5. Skipulags- og byggingamál.
   þ. á m. gerð aðal- og svæðaskipulags
   gerð deiliskipulags
   framkvæmd byggingarlaga og
   byggingaeftirlit
6. Almannavarnir og öryggismál.
   þ. á m. eldvarnir og eldvarnaeftirlit
   staðbundnar almannavarnir
7. Hreinlætismál.
   þ. á m. sorphreinsun og sorpeyðing
   holræsalagnir og skolpeyðing
   heilbrigðiseftirlit
   meindýraeyðing
8. Heilsugæsla.
   þ. á m. rekstur heilsugæslustöðva
   rekstur sjúkrastofnana

9. Menningarmál.
   þ. á m. rekstur bókasafna
   rekstur annarra safna
   rekstur félagsheimila
   stuðningur við áhugamannafélög um listir og listsköpun
10. Íþróttir og útivera.
   þ. á m. bygging og rekstur íþróttavalla
   bygging og rekstur íþróttahúsa
   gerð aðstöðu fyrir vetraríþróttir
   og ýmsar aðrar greinar íþrótta
   rekstur fólkvanga og annarra útivistarsvæða
11. Landbúnaðarmál.
   þ. á m. umsjón með forðagæslu
   eyðing refa, minka og vargfugls
   fjallskilamál
12. Bygging og viðhald mannvirkja.
   þ. á m. gatna, vega og torga
   veitukerfa
   hafna o. s. frv.
13. Ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

II. KAFLI

Sveitarstjórnir.

7. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera kjörin sveitarstjórn.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins skv. ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna, sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðherra til staðfestingar.

8. gr.

Sveitarstjórn kýs oddvita úr sínum hópi, kýs nefndir, framkvæmdastjóra og ræður aðra starfsmenn til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins.

9. gr.

Sveitarstjórnir hafa ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og um framkvæmd þeirra verkefna, sem sveitarfélagið annast að svo miklu leyti, sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um, að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála, sem ákveðnar eru í samþykktum sveitarfélagsins, lögum og reglugerðum.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni, sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

Í hreppum nefnist sveitarstjórn hreppsnefnd. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist hann sveitarstjóri og ef sett er á fót byggðarráð sveitarstjórnar, nefnist það hreppsráð.

Í kaupstöðum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar bæjarráð. Sama gildir í hreppum, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í 3 ár samfellt og svo er kveðið á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Nefnist þá sveitarfélagið bær.

Í Reykjavík nefnist sveitarstjórn borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar borgarráð.

Byggðarráð skal kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

11. gr.

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka, sem hér greinir:

Þar sem íbúar eru innan við 200, 3—5 aðalmenn.

Þar sem íbúar eru 200—999, 5—7 aðalmenn.

Þar sem íbúar eru 1000—9999, 7—11 aðalmenn.

Þar sem íbúar eru 10000—50000, 11—15 aðalmenn.

Þar sem íbúar eru 50000 eða fleiri, 15—27 aðalmenn.

Um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

III. KAFLI

Kosning sveitarstjórna.

12. gr.

Lög um kosningar til Alþingis gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða.

13. gr.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er 4 ár. Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram annan laugardag í júní.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 1. dag næsta mánaðar eftir kjördag og situr til júníloka það ár, sem næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram.

14. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum, sem eru með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar, þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn, sem listinn fær.
b. Óbundnar kosningar, þar sem kosning er ekki bundin við framboð, en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

15. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, skal kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Í öðrum sveitarfélögum skulu kosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa bundinni hlutfallskosningu, ef 20 kjósendur eða einn tíundi hluti kjósenda krefjast þess í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag.

16. gr.

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur samkvæmt 2. tölulið og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 2. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

17. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

18. gr.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning fer fram vegna sameiningar sveitarfélaga, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla kjörinna fulltrúa eða kosning hefur verið úrskurðuð ógild og skal þá kosning fara fram svo fljótt sem við verður komið.

19. gr.

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir sem:

a. eru 18 ára þegar kosning fer fram,
b. eru íslenskir ríkisborgarar,
c. eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning skv. Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a- og c-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi, þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út.

20. gr.

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu, hafa ekki verið sviptir lögræði og ekki verið dæmdir sekir um verknað, sem að almannamati gerir mann óhæfan til að sitja í sveitarstjórn.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 33. gr.

Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafn langur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum og sex dögum fyrir kjördag, að hann skorist undan endurkjöri.

21. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem fullnægja öllum skilyrðum 17. gr. laga þessara.

Kjörskrár skulu byggðar á kjörskrárstofni, sem Hagstofan lætur sveitarstjórnum í té.

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin skal fara með eins og kjörskrárkærur.

22. gr.

Nú ber nauðsyn til að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir og má þá sveitarstjórn stytta fresti hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega jafnframt því sem kosningin er auglýst.

Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfs árs frá þeim fyrri, og skal þá kosið skv. fyrri kjörskrá.

Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá skv. reglum 15. gr.

23. gr.

Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Í hverri kjörstjórn eiga sæti 3 aðalmenn og 3 varamenn. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

Í sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal kjósa eina yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar. Þar sem kosning fer fram í fleiri en einni kjördeild á sama kjörstað er rétt að kjósa hverfiskjörstjórnir til þess að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.

Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Sveitarstjórn getur falið kjörstjórn, sem kjörin er skv. lögum um kosningar til Alþingis, að stýra einnig kosningum til sveitarstjórnar.

24. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru færri en 500, mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í sveitarstjórn.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu láta kjörstjórnum í té gerðabækur, sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi lögbókanda (notario publico).

26. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn:

Kjörseðill við bæjarstjórnar- (hreppsnefndar-) kosningar í .....
kaupstað (hreppi), dagsetning og ártal.

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír, sem skrift sést ekki í gegn um.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða, skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna, en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra, sem kjósa á.

27. gr.

Til þess að framboðslisti teljist réttilega fram borinn þarf tiltekinn fjöldi kjósenda að mæla með listanum.

Lágmarksfjöldi meðmælenda skal vera sem hér segir:

Í sveitarfélagi með 100 — 500 íbúa 10 meðmælendur.

Í sveitarfélagi með 501 — 2000 íbúa 20 meðmælendur.

Í sveitarfélagi með 2001 — 16000 íbúa 40 meðmælendur.

Í sveitarfélagi með 16000 og fleiri íbúa 100 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 37. gr., ef úrskurður fellur um, að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

28. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin, gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

Nú fer bundin hlutfallskosning fram eða framboðsfrestur framlengist skv. ákvæðum 15. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 3. mgr. 20. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

29. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, er notuð eru við kosningar til Alþingis, er og heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins, sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins, sem ætlaður er fyrir kjör varamanna, skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð, sem hann kýs að þeir taki sæti, allt að þeirri tölu sem kjósa á.

Kjósandi skal brjóta seðilinn saman, þannig að það, sem á hann var ritað, snúi inn, og skal kjósandi sjálfur stinga kjörseðli í atkvæðakassann.

Ekki skal meta atkvæði ógilt, ef greinilegt er, hver vilji kjósanda er, nema á kjörseðlinum séu áletranir eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má, að hafi verið sett þar í því skyni.

31. gr.

Þegar kosning er óbundin, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

Þeir, sem flest atkvæði fá sem aðalmenn, eru réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri, ræður hlutkesti.

32. gr.

Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn sem aðalmenn. Varamenn eru þeir, sem ekki hljóta atkvæðamagn sem aðalmenn þannig:

1. varamaður er sá, sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá, sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt, uns fyllt er í sæti þau, sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns, og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá, sem ekki hlýtur sætið, tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu, og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna, verða þeir varamenn, sem ekki hlutu kosningu af listanum.

33. gr.

Þegar kosning er óbundin er yfirkjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

34. gr.

Kjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og varamanna þeirra.

Jafnframt skal kjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

35. gr.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt frá því að sitja í sveitarstjórn.

Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka, sem standa að sameiginlegum lista og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á var þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti skv. venjulegum reglum.

Þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir, má ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann taki aftur búsetu í sveitarfélaginu. Tekur þá varamaður hans sæti skv. framangreindum reglum. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

36. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildis kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á útslit kosninganna.

37. gr.

Sá, sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu, skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 7 daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Í Reykjavík skal afhenda yfirborgardómara slíka kæru.

Viðkomandi yfirvald skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið, þegar er því hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði nefndarinnar má skjóta til ráðuneytisins og skal tilkynning um málskotið komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað kærur, sem fram kunna að koma vegna þeirra.

Jafnskjótt og fráfarandi sveitarstjórn lætur af störfum tekur nýkjörin sveitarstjórn við, sbr. 2. mgr. 13. gr.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar, sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur, sem fram kunna að koma, hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum skv. ákvæðum þessarar greinar, getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema skv. heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

38. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til ráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

39. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist úr sveitarsjóði.

IV. KAFLI

Skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna.

40. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Sveitarstjórnarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

Við nafnakall er sveitarstjórnarmanni skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er oddviti sveitarstjórnar metur gild. Vilji sveitarstjórnarmaður eigi una

úrskurði oddvita, getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að inna af hendi störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

41. gr.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórna og nefnda eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa og tillögurétt, atkvæðisrétt, kjörgengi í nefndir og aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn og nefndum hennar eiga rétt á að fá bókaðar stuttar athugasemdir sínar um afstöðu til þeirra mála, sem til umræðu eru.

42. gr.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt á að fara lögum samkvæmt, eðli máls eða samkvæmt sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar eða nefndar.

Kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og varamönnum þeirra er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins.

43. gr.

Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafn langan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafn langan tíma og hann hefur haft starfið með höndum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

44. gr.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórn auk þess ákveðið honum hæfilega greiðslu ferðakostnaðar.

Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórnarmenn eiga rétt á því, að störfum sveitarstjórnar sé þannig hagað, að þeir geti tekið sér hæfilegt orlof árlega.

45. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Sveitarstjórnarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli á því.

Sveitarstjórnarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við afgreiðslu þess.

V. KAFLI

Sveitarstjórnarfundir.

46. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar kveður hana til fyrsta fundar fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár, en heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, að kjörtímabilið skuli vera hið sama og sveitarstjórnar. Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti, sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra, sem sæti eiga í sveitarstjórn.

Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Hinn nýkjörni oddviti skal þegar í stað tilkynna kjör sitt og varaoddvita til ráðuneytisins.

47. gr.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

48. gr.

Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða fyrir er mælt um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir, þar sem byggðarráð er kjörið, skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a. m. k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum, en sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum.

49. gr.

Sveitarstjórnir skulu setja sér fundarsköp. Ráðuneytið skal láta semja fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir og birta hana í Stjórnartíðindum. Gilda þau fyrir sveitarstjórn, þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana.

50. gr.

Oddviti sveitarstjórnar boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt, sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður og fundarstað og fundartíma, hafi sveitarstjórn eigi gert það.

Kunngert skal íbúum sveitarfélags með auglýsingu, hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Greina skal dagskrá í fundarboði.

51. gr.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti. Engin tillaga hlýtur þó samþykki í sveitarstjórn nema meiri hluti viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykki hana.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa eða starfsmannaráðningar sveitarfélags, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

52. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður með a. m. k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

a. Hina árlegu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
b. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
d. Áætlanir fyrir sveitarfélagið, sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
e. Beiðni um aðstoð skv. 90. gr. laga þessara.

53. gr.

Oddviti kemur fram opinberlega fyrir hönd sveitarstjórnar og stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Rétt er sveitarstjórn að ráða sér fundarritara.

Allir fulltrúar, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

54. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

Í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund, ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi kosningarrétt á fundinum, ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn, nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn, nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

VI. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

55. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, að kosið skuli byggðarráð úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefndist það borgarráð.

Byggðarráð skal kjörið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru 3 eða 5 aðalfulltrúum, verður þó eigi kosið sérstakt byggðarráð.

Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru 7 fulltrúum, skal byggðarráð skipað 3 aðalfulltrúum, en 5 eða 7 aðalfulltrúum þar sem 11 eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir.

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en eigi nær kjöri í byggðarráð, að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði, slíkan rétt, þann tíma, sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og kosinn í byggðarráðið.

56. gr.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti, sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að reikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

Heimilt er að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála, sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

Um byggðarráð gilda að öðru leyti ákvæði þessa kafla.

57. gr.

Sveitarstjórn kýs menn í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar, nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Kosningar í byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef þess er óskað.

Sveitarstjórn kýs nefndir til að fara með einstaka málaflokka á kjörtímabilinu. Við kosningar í slíkar nefndir skal leitast við að þar sitji a. m. k. einn aðalmaður í sveitarstjórn í því skyni að tryggja tengsl viðkomandi nefndar við sveitarstjórnina eða meiri hluta hennar.

Þá kýs sveitarstjórn menn í nefndir, ráð og stjórnir, sem sveitarfélag á aðild að skv. samþykktum eða lögum um viðkomandi stjórnvald.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður, þegar liðin eru 4 ár frá því, að nefndin var kosin.

58. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði, þótt svo sé kveðið á í lögum, að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru færri en 400, er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins. Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, að slíka nefnd skuli kjósa í almennum kosningum í sveitarhlutanum.

59. gr.

Forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana, er þeir starfa hjá.

60. gr.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd er varanlega forfallaður, s. s. ef hann hefur látist, flust brott úr sveitarfélaginu eða fengið lausn frá nefndarstörfum, tekur varamaður sæti hans í nefnd, sbr. 1. ml., nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar, skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, einnig tilnefna eftirmann hans, sé eigi öðru vísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 35. gr.

61. gr.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna, sem hún kýs, nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Sveitarstjórn getur falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

62. gr.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun, nema sveitarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um fundarboðun til fyrsta fundar.

Oddviti getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál, er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

63. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara, sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Formaður nefndar boðar nefndarfundi eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

Nefndarformaður stjórnar fundi. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags, ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði VI. og V. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags, eftir því sem við á.

64. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags skulu halda gerðabók, sem fundargerðir eru færðar í.

Þar skal greina inntak mála, málsaðila og hverja afgreiðslu mál fær.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

65. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð og fullskipaða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki.

Fundargerðir skulu fylgja dagskrá reglulegra sveitarstjórnarfunda.

Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins með sérstöku erindi frá nefndinni. Öðlast hún eigi gildi, þótt sveitarstjórn hafi fjallað um fundargerð nefndarinnar, þar sem greint er frá viðkomandi ályktun.

66. gr.

Fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags eiga rétt á þóknun fyrir þau störf skv. almennum reglum, er sveitarstjórn setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 44. gr. laga þessara.

VII. KAFLI

Framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga.

67. gr.

Sé eigi ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags, hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, ef kosið er, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna sveitarfélagsins svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

68. gr.

Laun oddvita, þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn, og skal þá ýmist miðað við fast hlutfall af tekjum sveitarfélagsins og stofnana þess, sem oddviti hefur umsjón með, eða við áætlaðan vinnutíma oddvita við stjórnsýslustörf. Launin skulu endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar umfangsmiklar, tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags sem oddviti sér um, skal hann eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

69. gr.

Í þéttbýlissveitarfélögum, sem hafa fleiri íbúa en 400, er rétt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags. Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn heimilt að ráða slíkan starfsmann.

Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleirum að ráða sameiginlega framkvæmdastjóra.

Í hreppum nefnist framkvæmdastjóri sveitarstjóri, í bæjum og kaupstöðum nefnist hann bæjarstjóri og í Reykjavík nefnist framkvæmdastjóri borgarstjóri.

70. gr.

Ráðningartími framkvæmdastjóra sveitarfélags skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími sveitarstjórnar.

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags til óákveðins tíma en uppsagnarfrestur skal þá vera þrír mánuðir af beggja hálfu miðað við mánaðamót.

Taka skal sérstaklega fram við ráðningu framkvæmdastjóra hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

71. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags skal sitja fundi sveitarstjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélags með sömu réttindum.

Framkvæmdastjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana, sem sveitarstjórn tekur.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs og hann er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl, sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir, sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs hennar.

Í samþykktina skal einnig setja ákvæði um mörk milli verksviðs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarstjórnar og má þar ákveða aðra skipan en segir í 1.—4. mgr. þessarar greinar.

Starfskjör framkvæmdastjóra skal ákveða í ráðningarsamningi.

72. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð almenn fyrirmæli til stjórnenda sveitarfélagsins og stofnana þess um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

73. gr.

Starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Uppsagnarfrestur fastráðinna starfsmanna sveitarfélags er þrír mánuðir, sé ekki annað ákveðið í kjarasamningum eða í ráðningarsamningi.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélaga.

74. gr.

Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

75. gr.

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt sveitarstjórnum lengri frest þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Fjárhagsáætlun skal rædd á tveimur fundum með a. m. k. einnar viku millibili. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, enn fremur áætlaðar fjármagnshreyfingar. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga.

Fjárhagsáætlun, skv. þessari grein, skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu.

76. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja og fjalla um 5 ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætluninni er ætlað að vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ræða skal um 5 ára áætlun á tveim fundum í sveitarstjórn með a. m. k. tveggja vikna millibili. Sama gildir um tillögur til breytinga á áætluninni, sem sveitarstjórn ákveður að gera síðar á kjörtímabilinu.

Áætlun fráfarandi sveitarstjórnar til 5 ára gildir þar til henni hefur verið breytt af nýkjörinni sveitarstjórn.

77. gr.

Hyggist sveitarstjórn ráðast í eða taka þátt í framkvæmd, og áætlaður heildarkostnaður eða hluti sveitarfélagsins í honum nemur hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs, er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma, áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða og jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist 5 ára áætlun sveitarfélagsins.

78. gr.

Hafi orðið greiðsluafgangur á rekstri fyrra árs skal færa hann sem tekjur á fjárhagsáætlun næsta árs. Hafi orðið greiðsluhalli á rekstri fyrra árs skal áætla fyrir honum á sama hátt á fjárhagsáætlun næsta árs.

79. gr.

Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og gera á henni nauðsynlegar breytingar, ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunarinnar. Sveitarstjórn afgreiðir slíkar breytingar á árlegri fjárhagsáætlun við eina umræðu, enda séu breytingartillögur sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn a. m. k. fimm sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

80. gr.

Til útgjalda, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má ekki stofna, nema til komi samþykki sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt kveða á um, hvernig útgjöldunum skuli mætt.

81. gr.

Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra eru bókhaldsskyld.

Um bókhald sveitarfélaga gilda lög um bókhald eftir því sem við á.

Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald sveitarfélaga og ársreikning þeirra að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga. Þar skal m. a. kveðið á um reglur varðandi gjaldfærslu fjárfestinga sveitarfélaga.

82. gr.

Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir heildarfjárhag sveitarfélags og stofnana þess, ef það rekur stofnanir með sjálfstætt reikningshald.

Ársreikningur skal sýna rekstrar- og framkvæmdayfirlit og efnahagsreikning með tilheyrandi skýringum.

Ársreikningi skal fylgja yfirlit yfir allar fjárhagsábyrgðir, sem á sveitarsjóði hvíla.

Ársreikningur skal gerður skv. góðri reikningsskilavenju og reglugerð um bókhald sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 81. gr.

Í ársreikningi skal sýna til samanburðar fjárhagsáætlun um viðkomandi reikningsliði.

83. gr.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður fyrir lok aprílmánaðar.

84. gr.

Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa tvo endurskoðendur til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara til að endurskoða reikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Fulltrúar í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga eða reikninga stofnana eða fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru 1000 eða fleiri, skal fela löggiltum endurskoðanda eða löggiltu endurskoðunarfélagi að annast reikningslega endurskoðun bókhalds sveitarsjóðs og stofnana hans. Sveitarstjórn er þá einnig heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild til að annast eftirlit með starfsemi sveitarfélagsins og reikningslega endurskoðun sveitarsjóðs og stofnana hans, enda sé sjálfstæði slíkrar deildar tryggt.

85. gr.

Kjörnir endurskoðendur skulu kanna hvernig tekjur og útgjöld sveitarfélagsins eru í samanburði við fjárhagsáætlun og aðrar ákvarðanir sveitarstjórnar, lög eða ákvarðanir æðra settra stjórnvalda.

Þeir skulu fylgjast með því, að bókhald sveitarfélags og innra eftirlit sé í góðu lagi og að uppgjör og uppsetning reikninga fylgi ákvæðum laga og reglugerða og góðri reikningsskilavenju.

Ef endurskoðendum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til sveitarstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá sveitarsjóði og stofnunum hans og breytingar á stjórnsýslu sveitarfélagsins í því sambandi.

Þeir skulu kanna hvaðeina, sem þeim þykir athugavert í fjármálum sveitarsjóðs og stofnana hans.

Þar sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag annast eigi reikningslega endurskoðun bókhalds, skulu kjörnir endurskoðendur einnig annast þann þátt endurskoðunarinnar, þ. e. að staðreyna eignir og skuldir, að tölum beri saman við fylgiskjöl og að fylgiskjöl séu rétt flokkuð á reikningsliði.

86. gr.

Skylt er að veita endurskoðendum aðstöðu til þess að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar til að vinna verk sitt og aðgang að þeim gögnum, sem þeir æskja.

Endurskoðun sé lokið fyrir maílok ár hvert.

87. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu, sem lögð skal fyrir sveitarstjórn áður en ársreikningur er afgreiddur.

Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram skoðun endurskoðenda á því, hvort ársreikningur sé í samræmi við lagaákvæði og reglugerðir svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti og tillaga endurskoðenda um afgreiðslu á reikningnum eða einstökum liðum hans. Hafi verið gerð breyting frá fyrra ári á uppsetningu ársreiknings skal þess sérstaklega getið í endurskoðunarskýrslu.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við sveitarstjórn, framkvæmdastjóra eða forstöðumenn hennar, skal færa fram skriflega.

Sveitarstjórn varðveitir gögn þessi á öruggan hátt, og skal skrá þau eða tilvist þeirra í sérstaka endurskoðunarbók.

Endurskoðanda og starfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag sveitarfélags eða annað það, er hann kemst að í starfi sínu.

88. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júlímánuði. Eintak af ársreikningum skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 31. júlí ár hvert.

Vanræki sveitarstjórn að afgreiða eða skila ársreikningum sínum innan tilskilins frests getur ráðuneytið stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags og með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim aðila, sem ábyrgð ber á vanrækslunni.

89. gr.

Eigi má sveitarfélag veðsetja tekjur sínar, eigi heldur fasteignir, sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitarfélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta.

Kröfur á hendur sveitarsjóði má eigi nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarsjóðs eða stofnana sveitarfélagsins.

Eigi má binda sveitarsjóð við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar, enda samþykki ⅔ hlutar fulltrúa í sveitarstjórn að veita ábyrgðina.

90. gr.

Komist sveitarfélag í fjárþröng, þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum, skal hún tilkynna það til ráðuneytisins.

Ákvörðun um slíka tilkynningu skal tekin eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

Ráðuneytið skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það, sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.

Komi í ljós, að fjárhagur sveitarfélags er slíkur, að það getur ekki með heilbrigðum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum, er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur.

Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki, sem hér um ræðir, að leggja álag á útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskatta, sem nemi allt að 25%.

91. gr.

Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð, og getur ráðuneytið þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn, enda hafi fjármálastjórn sveitarfélagsins verið í ólestri, ráðstafanir skv. 90. gr. muni fyrirsjáanlega eigi duga til úrbóta eða sveitarstjórn hafi vanrækt svo skyldur sínar skv. lögum þessum, að vandræði hafi af hlotist.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags skv. þessari grein, skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélags á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að 3 mánuði í samræmi við II. kafla laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti eftir því sem við á.

Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og eigi lengur en til eins árs í senn.

Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar úrskurði ráðherra um sviptingu fjárforræðis.

92. gr.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum skv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra.

Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðuneytinu og greiðist úr ríkissjóði.

Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði og í B-deild Stjórnartíðinda.

93. gr.

Fjárhaldsstjórn tekur við stjórn fjármála sveitarfélags og má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og ákvarðanir lægra

settra stjórnvalda hennar, sem hafa útgjöld í för með sér, eru ógildar, nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera nýja áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir næstu tvö fjárhagsár.

Áætlun þessa skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, a. m. k. meðan sveitarfélagið er undir fjárhaldsstjórn.

94. gr.

Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó eigi þær eigur, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum, sbr. 89. gr.

Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi, sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins, í hendur einkaaðila.

95. gr.

Nú duga eigi framangreindar ráðstafanir til þess að koma fjárhag sveitarsjóðs og stofnana hans á réttan kjöl, og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag, sem undir fjárhaldsstjórn er eða hluta þess gegn yfirtöku eigna og skulda.

96. gr.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðuneytisins, þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

IX. KAFLI

Lögbundið samstarf sveitarfélaga.

97. gr.

Héraðsnefndir skulu vera sem hér segir:

1. **Suðurnesjahérað:**
   Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstaði.
2. **Kjalarneshérað:**
   Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðakaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað.
3. **Borgarfjarðarhérað:**
   Nær yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu og Akraneskaupstað.
4. **Snæfellsneshérað:**
   Nær yfir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Ólafsvíkurkaupstað.
5. **Dalahérað:**
   Nær yfir Dalasýslu.
6. **Barðastrandarhérað:**
   Nær yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur.
7. **Ísafjarðarhérað:**
   Nær yfir Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstað og Bolungarvíkurkaupstað.

8. **Strandahérað:**
   Nær yfir Strandasýslu.
9. **Húnavatnshérað:**
   Nær yfir Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur.
10. **Skagafjarðarhérað:**
    Nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
11. **Eyjafjarðarhérað:**
    Nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað.
12. **Þingeyjarhérað:**
    Nær yfir Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
13. **Norður-Múlahérað:**
    Nær yfir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.
14. **Suður-Múlahérað:**
    Nær yfir Suður-Múlasýslu, Eskifjarðarkaupstað og Neskaupstað.
15. **Austur-Skaftafellshérað:**
    Nær yfir Austur-Skaftafellssýslu.
16. **Vestur-Skaftafellshérað:**
    Nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu.
17. **Rangárvallahérað:**
    Nær yfir Rangárvallasýslu.
18. **Árneshérað:**
    Nær yfir Árnessýslu, Selfosskaupstað og Vestmannaeyjakaupstað.

98. gr.

Héraðsnefnd er sameiginlegur vettvangur sveitarstjórna í héraðinu. Hlutverk héraðsnefnda er:

1. að annast þau verkefni sem héraðsnefndum verða falin með lögum,
2. að annast þau verkefni sem einstökum sveitarfélögum eru nú falin með lögum og þau óska eftir að héraðsnefnd sjái um framkvæmd á,
3. að annast önnur verkefni, sem tvö eða fleiri sveitarfélög óska að héraðsnefnd hafi með höndum.

Um fjárhagslega ábyrgð á slíkum verkefnum fer skv. 3. mgr. 104. gr.

Framkvæmd verkefna skv. 2. og 3. tl. er háð samþykki héraðsnefndar hverju sinni.

99. gr.

Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í héraðsnefnd.

Fulltrúafjöldi í héraðsnefnd fer eftir íbúafjölda sveitarfélags.

Sveitarfélög með 2500 íbúa og færri skulu eiga einn fulltrúa í héraðsnefnd. Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja 2500 íbúa þar fram yfir.

100. gr.

Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í héraðsnefnd úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar.

Kjörtímabil héraðsnefndarfulltrúa er 4 ár.

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu við kjör fulltrúa í héraðsnefnd, ef ósk kemur fram um það í sveitarstjórn.

Um forföll aðal- og varamanna fer skv. 60. gr.

101. gr.

Um réttindi og skyldur héraðsnefndarmanna gilda ákvæði IV. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Héraðsnefnd skal setja sér samþykkt um fundarsköp, stjórn og starfshætti, er senda skal ráðuneytinu til staðfestingar.

Á fyrsta fundi héraðsnefndar skal kjörinn oddviti hennar. Um kjör oddvita fer skv. 46. gr. eftir því sem við á.

102. gr.

Oddviti héraðsnefndar boðar hana til fundar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en hálfsárslega. Þar á meðal skal halda fund í héraðsnefnd í júní eða júlímánuði og er það jafnframt aðalfundur héraðsnefndar.

Oddviti ákveður fundarstað hafi héraðsnefnd eigi gert það sjálf.

Aldursforseti kveður saman héraðsnefnd til fyrsta fundar og stjórnar kjöri oddvita.

103. gr.

Kostnaður af störfum héraðsnefndar greiðist af sveitarsjóðum í hlutfalli við íbúatölu einstakra sveitarfélaga í héraðinu.

Reikningsár héraðsnefndar er almanaksárið.

Héraðsnefnd kýs tvo endurskoðendur reikninga sinna og tvo til vara.

Oddviti skal sjá um að bókhald héraðsnefndar sé í góðu lagi. Fyrir árlegan aðalfund skal leggja ársreikninga næstliðins árs ásamt skýrslu endurskoðenda.

Aðalfundur skal úrskurða um ársreikninga og skulu þeir sendir ráðuneytinu þegar héraðsnefnd hefur staðfest þá. Um ársreikninga og endurskoðun þeirra gilda ákvæði 81.—88. gr. eftir því sem við á.

Sýslumönnum og bæjarfógetum er skylt að sjá um fjárreiður og bókhald héraðsnefndar sé þess óskað.

104. gr.

Héraðsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár eigi síðar en 15. október ár hvert og senda hana til kynningar öllum sveitarstjórnum héraðsins.

Ekkert gjald má greiða úr sjóði héraðsnefndar, nema heimild sé fyrir því í fjárhagsáætlun, ákvæði um það í lögum eða fyrir liggi samþykki sveitarstjórna.

Engar samþykktir héraðsnefndar um útgjöld, önnur en til lögákveðinna verkefna, skuldbinda sveitarstjórnir nema samþykki þeirra komi til.

105. gr.

Héraðsnefnd tekur við eignum og skuldum sýslufélaga í héraðinu við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi óski að yfirtaka þær.

X. KAFLI

Samvinna sveitarfélaga.

106. gr.

Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda eða í byggðasamlögum.

107. gr.

Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.

Í samningi, sem gera skal um byggðasamlag, skulu vera ákvæði m. a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.

Í samningnum skulu vera ákvæði um, hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarsjóði. Þá skulu vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum, sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum byggðasamlags gilda eftir því sem við eiga meginreglur laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun reikninga.

Sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags, sem þeir eru aðilar að, en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

108. gr.

Sé um að ræða samvinnu sveitarfélaga um áhættusaman atvinnurekstur án hlutdeildar annarra aðilá skal stofna félag í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1972 um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

109. gr.

Samþykktir byggðasamlaga skulu teknar til endurskoðunar í síðasta lagi þegar liðin eru 10 ár frá stofnun þeirra og síðan á a. m. k. 10 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal meta reynslu af starfsemi viðkomandi byggðasamlags og stjórnskipulagi þess og skal við fulltrúatölu í stjórn samlagsins taka tillit til breytinga sem leiða af breyttum aðstæðum, þ. á m. af breytingum á fólksfjölda aðildarsveitarfélaga og af breytingum á skipan þeirra eða starfsemi héraðsnefndar.

Til þess að breyting á samþykktum fyrir byggðasamlag nái fram að ganga þurfa ⅔ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta hana eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins, en ⅔ hlutar stjórnarmanna geta krafist þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu til breytinga á samþykktunum.

110. gr.

Nú óskar sveitarstjórn að ganga úr byggðasamlagi og er henni það þá heimilt enda fari þá jafnframt fram endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið, sbr. 109. gr.

Óski sveitarstjórnin eftir því að fá nettóeignarhluta sinn í byggðasamlagi innleystan, er eigi skylt að greiða hann á skemmri tíma en 20 árum. Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af 3 dómkvöddum hæfum og óvilhöllum mönnum, sem m. a. skulu taka tillit til áframhaldandi hagræðis íbúa viðkomandi sveitarfélags af starfsemi byggðasamlagsins og greiðslugetu byggðasamlagsins eða þeirra sveitarfélaga sem halda rekstri þess áfram.

111. gr.

Tillaga um að hætta starfsemi byggðasamlags nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest í samræmi við ákvæði 109. gr.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn, er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

112. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að stofna til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga, sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í lögum samtakanna.

113. gr.

Ríkisvaldið viðurkennir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu.

XI. KAFLI

Stækkun sveitarfélaga.

114. gr.

Með lögum þessum er stefnt að því að öll sveitarfélög verði eftir því, sem við verður komið, svo fjölmenn og styrk, að þau geti rækt öll þau verkefni, sem þeim eru falin með lögum þessum eða öðrum lögum og tekið að sér önnur verkefni í samræmi við óskir íbúa sinna. Stefnt er að því að dregið verði úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna og að þau verði í auknum mæli falin sveitarfélögum einum til úrlausnar.

Í því skyni skal ráðuneytið vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir.

Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og héraðsnefnd.

115. gr.

Þegar skylt er að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal ráðuneytið skipa nefnd, er í sitji 2 menn skv. tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi, sem um ræðir og 2 menn skv. tilnefningu viðkomandi héraðsnefndar. Þá skipar ráðuneytið formann nefndarinnar án tilnefningar.

Nefndin skal gera tillögu um hverra kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar tillaga nefndarinnar liggur fyrir, skal ráðuneytið fara þess á leit við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög, að þau tilnefni til viðbótar fulltrúa í nefndina, þannig að hvort eða hvert sveitarfélag eigi þar 2 fulltrúa.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal þá ráðuneytið skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

Nefndin skal síðan gera tillögu til viðkomandi sveitarstjórna um það hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Sé um fleiri en eina tillögu að ræða getur ráðuneytið ákveðið að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

Ráðuneytið skal óska eftir umsögn viðkomandi sveitarstjórna um sameiningarmálið, en síðan ákveður ráðuneytið, hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Heimilt er ráðuneytinu að fresta sameiningu sveitarfélaga, þar sem svo stendur á, sem segir í 2. mgr. 5. gr.

116. gr.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu, skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.

Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa 2 fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð, er það telur nauðsynlegt og úrskurða um vafaatriði, er upp kunna að koma.

Þegar samstarfsnefnd hefir skilað áliti sínu um sameiningu, skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram, og skal kosið sama dag í sveitarfélögunum.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur skv. þessari málsgrein fer eftir ákvæðum III. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt.

117. gr.

Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við atkvæðagreiðslu skv. 116. gr. verður það sveitarfélag eigi sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

Hafi sameiningin hlotið samþykki skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu, sem ákveður hvenær sameining skuli fara fram.

Séu sveitarfélög þau, sem sameinuð eru, sitt í hvoru lögsagnarumdæmi skal ráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin.

118. gr.

Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður ekki ákveðin nema með lögum.

119. gr.

Ráðuneytið skal hlutast til um, að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum, sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og síðan lagðar fyrir sveitarstjórn í hinu sameinaða sveitarfélagi.

120. gr.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga skv. framanskráðu, skal það gefa út tilkynningu um sameininguna, sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna svo og hvort kosning skv. 121 gr. skuli fram fara og hvenær.

121. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið, að kosningar skuli fara fram til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags þegar við sameiningu svo og kjördag slíkra aukakosninga.

122. gr.

Ráðuneytið getur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sett almennar reglur þess efnis, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að 5 ár eftir sameiningu.

123. gr.

Þegar sveitarfélag í dreifbýli og sveitarfélag í þéttbýli sameinast, er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags heimilt að ákveða að um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu, megi veita tiltekinn afslátt af fasteignaskatti af eignum í dreifbýli vegna mismunandi þjónustu við fasteignaeigendur í dreifbýli og þéttbýli.

XII. KAFLI
Samskipti ríkis og sveitarfélaga.

124. gr.

Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

125. gr.

Ráðuneytið getur falið umboðsmönnum ríkisins í héraði að annast verkefni sem því eru falin með lögum þessum.

Umboðsmenn ríkisins skulu vera sveitarfélögum og samtökum þeirra til ráðuneytis við störf þeirra eftir því, sem óskað er og við verður komið. Skulu þeir veita ráðgjöf að því leyti, sem það samrýmist öðrum embættisskyldum þeirra og aðstoða við samvinnu og stækkun sveitarfélaga.

Setja skal nánari ákvæði um þessi atriði í reglugerð.

126. gr.

Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því, að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum skv. lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar, skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni.

Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests, sem ráðuneytið tiltekur, er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim, sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að 5-földum daglaunum viðkomandi manns.

127. gr.

Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði, sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna, en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum.

Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að því berst mál til úrskurðar. Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum.

128. gr.

Ráðuneytið skal, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, semja fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga og senda hana öllum sveitarstjórnum.

Sveitarstjórnir skulu setja nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélaga eða endurskoða eldri samþykktir innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

XIII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

129. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1986.

Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög nr. 58, frá 29. mars 1961 svo og lög nr. 28/1968, 52/1972, 41/1976, 19/1978, 9/1982 og 12/1983 um breytingar á þeim lögum, lög nr. 5 frá 7. mars 1962 um sveitarstjórnarkosningar og lög nr. 5/1966, 7/1978, 8/1982, 10/1982 og 64/1984 um breytingar á þeim lögum og lög nr. 70 frá 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 eru nær aldarfjórðungsgömul. Að efni til eru ýmis ákvæði þeirra orðin áratugagömul og sum þeirra má rekja allt til Tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872.

Á fundum fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga á árunum 1976 og 1977 var fjallað um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna og ályktað um nauðsyn á endurskoðun þeirra, svo og á landsþingi sambandsins árið 1978, þar sem þeirri áskorun var beint til félagsmálaráðherra, að hann skipaði nefnd til að endurskoða lögin.

Þann 13. júní 1981 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlögin ásamt lögum um sameiningu sveitarfélaga nr. 70/1970 og lögum um sveitarstjórnarkosningar nr. 5/1962. Í nefndina voru skipaðir Alexander Stefánsson, Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon, Sigurjón Pétursson, Steingrímur Gautur Kristjánsson, sem var skipaður formaður nefndarinnar og Sturla Böðvarsson. Haustið 1982 tók Björn Friðfinnsson við sæti Jóns G. Tómassonar í nefndinni við formannsskipti í Sambandi ísl. sveitarfélaga og vorið 1983 tók Jóhann Einvarðsson sæti í nefndinni í stað Alexanders Stefánssonar, er hann varð félagsmálaráðherra. Endurskoðunarnefndin lauk störfum vorið 1984.

Félagsmálaráðherra sendi á síðastliðnu sumri, 1984, tillögur endurskoðunarnefndarinnar til umsagnar öllum kjörnum aðalfulltrúum í sveitarstjórnum svo og landshlutasamtökum sveitarfélaga og sýslumönnum með ósk um, að umsagnir og ábendingar um breytingar á tillögunum bærust fyrir 1. október s. l.

Umsagnir bárust frá 6 landshlutasamtökum, 11 sýslumönnum og sýslunefndum og 44 sveitarfélögum þ. e. 40 dreifbýlishreppum og 4 kaupstöðum og þéttbýlishreppum.

Aðfinnslur og mótmæli gegn tillögum endurskoðunarnefndarinnar lúta flest að því, að „lögþvinguð sameining“ sveitarfélaga komi ekki til greina og að þau umdæmi, sem um var fjallað í IX. kafla, séu í mörgum tilvikum of stór.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar, þ. e. fyrstu 8 kaflar frumvarpsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á X. og XI. kafla, en IX. kafla í tillögum nefndarinnar hefur verið gerbreytt.

Meðal þeirra meginsjónarmiða, sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi við samningu frumvarpsins, má nefna:

1. að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka,
2. að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust,
3. að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu,
4. að valfrelsi sveitarfélaga um stjórnarform og verkefnaval beri að auka,
5. að saman fari sem mest ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð, þegar sveitarfélögum eru fengin verkefni,
6. að stuðla beri að eflingu og stækkun sveitarfélaga til að þau verði færari um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum,
7. að stuðla beri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála.

Meðal helstu nýmæla í frumvarpinu eru:

1. Ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi.
2. Ákvæði um, að nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag.
3. Ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og um vanhæfi til meðferðar einstakra mála.

4. Heimild til að kjósa í almennum kosningum nefndir til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags.
5. Ítarleg ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir og tengsl þeirra við sveitarstjórn.
6. Ítarleg ákvæði um fjármál sveitarfélaga.
7. Einfaldari ákvæði en í gildandi lögum um fjárþröng sveitarfélaga.
8. Ákvæði um héruð og héraðsnefndir með aðild allra sveitarfélaga í stað sýslufélaga og sýslunefnda og að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa í héraðsnefndir úr sínum hópi. Héraðsnefndir hafi með höndum sjálfstæð verkefni skv. lögum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar en fari hvorki með eftirlitsvald né yfirstjórn sveitarfélaga. Héraðsnefndir kjósi oddvita úr sínum hópi.
9. Ákvæði um frjálst samstarf sveitarfélaga um einstök verkefni.
10. Ákvæði um samstarf ríkis og sveitarfélaga.
11. Meginákvæði gildandi laga um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningar eru tekin í frumvarpið.

Athugasemdir og skýringar við einstakar greinar frumvarpsins eru eins og endurskoðunarnefndin gekk frá þeim að undanteknum IX. kafla og einstökum öðrum greinum.

Um I. KAFLA

Í þessum kafla eru ákvæði um þau efni, sem nú er að finna í 1. kafla sveitarstjórnarlaga, en orðalagi einstakra greina og uppsetningu talsvert breytt.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins samsvarar 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga. Af rökfræðilegum ástæðum telur nefndin rétt að sneiða hjá því orðalagi, að ríkið skiptist í sveitarfélög. Hins vegar þykir rétt að leggja áherslu á að sveitarfélögin bera sjálf ábyrgð á ákvörðunum og gerðum stjórnenda sinna. Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um að sveitarfélög séu sjálfstæð í þeim skilningi að þau geti borið réttindi og skyldur. Þau geta þannig m. a. verið aðilar að dómsmálum. Um hinar mismunandi gerðir sveitarfélaga vísast til aths. við 10. gr.

3. mgr. er efnislega samhljóða 9. gr. l. 58/1961.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um efni, sem nú er fjallað um í 1. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, þ. e. að félagsmálaráðuneytið fari með málefni sveitarfélaga og að engu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skuli ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnar.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um ákvæði, sem nú eru í 2. gr. sveitarstjórnarlaga, en orðalagi er breytt. 1. og 2. mgr. samsvara 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga og 3. mgr. samsvarar 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga, en með lítillega breyttu orðalagi varðandi afréttarsvæði. Er lagt til að miðað verði við upprekstrarrétt, en ekki eignar- og afnotarétt eins og í núgildandi lögum eins og þeim var breytt með lögum nr. 52 frá 26. maí 1972, en upprekstrarréttur er eðlilegri viðmiðun eins og eignarrétti að afréttum er háttað, sbr. dóma Hæstaréttar 1955, bls. 108, og 1981, bls. 1584.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um nafn sveitarfélags og er nýmæli. Einnig er í 2. mgr. fjallað um byggðarmerki, en á síðustu árum hefur þeim sveitarfélögum mjög fjölgað, sem tekið hafa upp sérstök einkennismerki. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið haldi sérstaka skrá um þessi

merki og setji almennar reglur um gerð þeirra og er þar átt við reglur svokallaðrar skjaldarmerkjafræði (heraldik) og reglur til að koma í veg fyrir að byggðarmerkin líkist hvert öðru um of. (Sjá um þetta efni t. d. grein Páls Líndal í 6. tbl. Sveitarstjórnarmála árið 1977, bls. 305).

Um 5. gr.

Í 5. gr. laga nr. 58/1961 er heimild til handa ráðuneytinu að sameina hrepp nágrannahreppi að tillögu sýslunefndar hafi íbúatala í samfellt 5 ár verið lægri en 100. Þessi heimild mun aldrei hafa verið notuð.

Í árslok 1983 voru 53 sveitarfélög með færri en 100 íbúa og 16 með færri en 50 íbúa.

Ljóst er að fámennustu sveitarfélög landsins hafa ekki bolmagn til þess að halda uppi þeirri starfsemi sem nú er talin nauðsynleg í hverju sveitarfélagi, og verður því ekki hjá því komist að taka af skarið um það að ráðuneytið skuli við ákveðinn lágmarksfjölda íbúa sameina sveitarfélag nágrannasveitarfélagi. Um það má lengi deila við hvaða mark þessar aðgerðir skuli miðaðar en hér er því slegið föstu að sveitarfélag með færri íbúa en 50 sé þar á vegi statt að það sé þess eigi lengur megnugt að standa undir eðlilegri starfsemi sem sveitarfélag og verði því að frumkvæði ráðuneytis sameinað öðru eða öðrum sveitarfélögum. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að halda opinni leið til undantekningar frá þessu ef sérstakar ástæður hindra að mati ráðuneytis.

Um 6. gr.

6. gr. fjallar um verkefni sveitarfélaga og samsvarar 10. gr. núgildandi laga, en er mun ítarlegri í samræmi við þau verkefni, er sveitarfélög hafa nú með höndum. Nefndin ákvað að hafa upptalningu á helstu verkefnum sveitarfélaga í frumvarpinu í upplýsingaskyni fyrir almenning enda þótt um flesta málaflokka séu ákvæði í sérstakri löggjöf. Þá er í 4. mgr. vísiregla um hver verkefni rétt sé að fela sveitarfélögum, en þar segir að sveitarfélög skuli hafa með höndum verkefni, sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum, þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins. Einnig er vakin athygli á því ákvæði, er segir að sveitarfélög skuli hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um gjaldskrár eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna, sem þau annast.

Um II. KAFLA

Í 2. kafla eru ákvæði um sveitarstjórnir og samsvarar hann því A-lið 2. kafla núgildandi laga. Veigamesta breytingin í þessum kafla frumvarpsins er að lagt er til að ákvæði um sveitarstjórnir séu samræmd og réttarstaða þeirra hin sama.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 12. gr. núgildandi laga með breyttu orðalagi og bætt er við ákvæði um að sveitarstjórnir skuli gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og meðferð þeira málefna, sem sveitarfélagið annast. Um þessa grein sjá 38. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga og einnig 128. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvörðunarvald sveitarstjórna varðandi tekjustofna, framkvæmd verkefna o. fl.

Um 10. gr.

Í 2. mgr. 10. gr. er enn lagt til það nýmæli, að í hreppsfélögum, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í þrjú ár samfleytt, geti sveitarstjórn kveðið svo á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, að sveitarfélagið nefnist framvegis bær, sveitarstjórn bæjarstjórn o. s. frv. Með þessu ákvæði er í raun afnumin nær 200 ára sérstaða kaupstaða hér á landi og sérstök löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga þar með óþörf. Í greininni er einnig lagt til orðið „byggðarráð" sem samheiti fyrir framkvæmda- og fjárhagsnefnd sveitarfélaga (hreppsráð, bæjarráð, borgarráð).

Um 11. gr.

Hér er gerð tillaga um breyttt ákvæði frá því sem nú er varðandi fjölda fulltrúa í sveitarstjórn, en ákvæðin skýra sig sjálf.

Um III. KAFLA

Í 3. kafla er fjallað um kosningu sveitarstjórna, en um það atriði er fjallað í lögum nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar og í 15.—20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Eins og áður er getið var lagt fram sérstakt frumvarp til nýrra laga um sveitarstjórnarkosningar á 106. löggjafarþingi og eru ákvæði þess frumvarps nú felld inn í frumvarp til sveitarstjórnarlaga, en þeim nokkuð breytt, og þá tekið tillit til athugasemda, sem borist hafa við framangreint frumvarp og umræðna á Alþingi.

Ákvæði 16. og 17. gr. eru samhljóða 13. og 14. gr. laga nr. 5 frá 7. mars 1962 eftir gildistöku laga nr. 64 30. maí 1984.

Helstu breytingar og nýmæli sem frumvarpið gerir ráð fyrir í þessum kafla eru sem hér segir:

1. Kjördagur verður sá sami í öllum sveitarfélögum, annar laugardagur í júní.
2. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag.
3. Kosningaaldur lækkar í 18 ár.
4. Sérstök kjörnefnd fer með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar.
5. Sérstakar reglur eru um meðferð sveitarstjórnarmála meðan úrslit kosninga eru í óvissu. Heimild sveitarstjórnar, sem situr á óvissutímabili til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar, er takmörkuð.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að lög um kosningar til Alþingis gildi einnig um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á. Þetta ákvæði samsvarar 1. gr. laga nr. 5/1962.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að almennar sveitarstjórnarkosningar fari fram annan laugardag í júní og er hér um breytingu að ræða frá fyrri tillögu nefndarinnar. Lagt er til að sveitarstjórnarskipti fari fram 1. júlí og er sú tillaga gerð til að veita svigrúm fyrir nýkjörna sveitarstjórn, t. d. til að kjósa oddvita eða ráða framkvæmdastjóra. Með þessu móti fer ekki á milli mála, að sú skipan á framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, sem verið hefur, helst fram yfir kosningarnar og ætti þetta að auðvelda stjórnarskipti. Þá er einnig haft í huga að vera má að kosningar séu kærðar til ógildingar, og skapast þá óvissuástand vegna þess að umboði fráfarandi sveitarstjórnar lýkur um leið og kosningar hafa farið fram. Sú regla, sem hér er lagt til að lögtekin verði, á sér fyrirmynd í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þannig hefst kjörtímabil nýkjörinnar sveitarstjórnar 1. janúar næstan eftir kosningar í Danmörku, þ. e. 1—1½ mánuð eftir kjördag, en kosningar eiga þar að fara fram í síðari hluta nóvembermánaðar.

Frekari ákvæði um meðferð sveitarstjórnarmála á óvissutímabili meðan ágreiningur vegna kosningakæra er ekki til lykta leiddur eru í 37. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Hér eru tekin upp orðin bundnar hlutfallskosningar um „listakosningar".

Um 15. gr.

Hér er lögð á skylda um bundna hlutfallskosningu þar sem íbúar eru fleiri en 300. Er þetta gert samkvæmt ábendingu frá fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga, en óbundnar kosningar eru ýmsum annmörkum háðar í fjölmennari sveitarfélögum. Gerð er tillaga um, að ef aðeins kemur fram einn framboðslisti skuli framboðsfrestur framlengdur. Reynslan sýnir að það getur komið mönnum á óvart, að einungis einn framboðslisti kemur fram. Vera má að sú niðurstaða, að listinn verði sjálfkjörinn, sé ekki í samræmi við vilja kjósenda í sveitarfélaginu. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til þetta úrræði til að forða því að reglan um að framboðslisti verði sjálfkjörinn leiði til mjög óeðlilegrar niðurstöðu í einstökum tilvikum.

Um 16. gr.

Grein þessi fjallar um aðferð við úthlutun og er samhljóða 13. gr. laga nr. 5 frá 7. mars 1962, sbr. lög nr. 64 30. maí 1984.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðferðina við að ákveða hvaða frambjóðendur af lista teljast hafa náð kjöri og er samhljóða 14. gr. laga nr. 5 7. mars 1962 sbr. lög nr. 64 30. maí 1984.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að kosningaaldur lækki í 18 ár og að lögræði falli niður sem kosningarréttarskilyrði. Að öðru leyti er frumvarpsgreinin í samræmi við 1.—3. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga eins og greinin var eftir að henni hafði verið breytt með lögum nr. 9/1982. Lagt er til að 4. mgr. 18. gr. núgildandi laga sé felld niður, þar sem þar er gert ráð fyrir að kosningar fari fram á mismunandi tíma í dreifbýli og þéttbýli.

Ýmsar ástæður geta legið til þess að menn séu sviptir lögræði, annaðhvort sjálfræði eða fjárræði, s. s. sjúkdómar. Venjulega er lögræðissvipting neyðarúrræði, mjög þungbært fyrir þá, sem fyrir því verða. Þegar þess er gætt, að óflekkað mannorð hefur verið fellt niður sem kosningarréttarskilyrði, telur nefndin eðlilegast til samræmis, að einnig þetta kosningarréttarskilyrði verði fellt niður. Hér er höfð hliðsjón af kosningaréttarskilyrðum í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, en enn er það kosningarréttarskilyrði í Danmörku, að maður hafi ekki verið sviptur lögræði.

Í síðustu mgr. 17. gr. er gert ráð fyrir því, að hver maður eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili, þegar framboðsfrestur rennnur út. Nefndin er sammála um að leggja til þetta ákvæði og er þá miðað við að íbúaskrá Hagstofunnar sé unnin í sívinnslu með nýtísku tölvutækni. Nefndinni hafa borist athugasemdir, þar sem lagt er til að miðað verði við endanlega íbúaskrá, eins og hún er 1. desember næstan á undan kjördegi, sbr. lög um alþingiskosningar, en hún fellst ekki á það sjónarmið, m. a. vegna þess að óeðlilegt þykir að mönnum sé ætlað að kjósa til sveitarstjórnar í sveitarfélagi þar sem þeir eiga ekki lengur hagsmuna að gæta.

Um 20. gr.

Þótt ekki þyki ástæða til að halda lögræði sem kosningaréttarskilyrði telur nefndin öðru máli gegna um kjörgengi, þar sem ófært þykir að maður geti setið í sveitarstjórn, sem ekki ræður persónulegum högum sínum eða fé sínu. Enn fremur telur nefndin óhæft að menn, sem hafa brotið alvarlega af sér, hafi kjörgengi, og er því gerð tillaga um takmörkun kjörgengis vegna refsiverðra brota. Ákvæðið felur nánast í sér það sama og skilyrði um óflekkað mannorð áður. Ekki eru sömu vandkvæði á að skera úr um hvort þetta skilyrði sé fyrir hendi varðandi kjörgengi eins og um kosningarétt, þar sem þess má vænta, að einungis örsjaldan komi til þess að á þetta atriði reyni. Að öðru leyti eru ákvæði 20. gr. frumvarpsins í samræmi við 19. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, 3. mgr. skýrist af ákvæðum 14. gr.—22. gr. l. 52/1959.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um efni, sem nú er í 15. gr. alþingiskosningalaganna og 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarkosningalaga.

Um 22. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 4. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar. Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um gerð kjörskrár þegar aukakosningar fara fram. Þetta álitaefni hefur orðið tilefni réttarágreinings, sbr. Hæstaréttardóm 9. febrúar 1982 (Hrd. 1982, bls. 192).

Um 23. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kjörstjórnir séu kosnar til 4ra ára í senn í stað eins árs eins og nú er í 2. gr. laga nr. 5/1962. Flestar fastanefndir sveitarfélaga eru nú kjörnar til 4ra ára.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 3. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar, en miðað er við 500 íbúa sveitarfélag í stað hrepps.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar efnislega 6. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar, en orðið lögbókandi er tekið upp yfir hugtakið „notarius publicus“.

Um 26. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. laga nr. 5/1962 að breyttu breytanda.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um lágmarks- og hámarksfjölda meðmælenda með framboðslista og skýrir sig sjálf, en ákvæðum er breytt þannig að tala meðmælenda ræðst af fjölda kjósenda.

Um 28. gr.

1.—3. mgr. samsvarar 9. gr. núgildandi laga, en 4. mgr. er nýmæli og kveður á um skyldur kjörstjórna í sveitarfélögum, þar sem meginreglan er að kosningar séu óbundnar, til að auglýsa það sérstaklega ef kjósa á hlutfallskosningu eða að aðeins hafi komið fram einn framboðslisti og loks að maður hafi skorast undan endurkjöri í óbundnum kosningum. Þessi atvik eru sérstæð fyrir sveitarstjórnarkosningar þar sem lög um alþingiskosningar eru alfarið miðuð við bundnar hlutfallskosningar.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. núgildandi laga.

Um 30. gr.

1. mgr. samsvarar 11. gr. laga nr. 5/1962, en gerður er greinarmunur á kjöri aðal- og varamanna, sbr. 30. gr. (og 20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga).

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 1. mgr. 12. gr. laga nr. 5/1962.

Um 32. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi óbundna kosningu að öðru leyti en því, að hér er kveðið svo á um það tilvik þegar tveir fá jafnt atkvæðamagn í sæti varamanns, að þá skuli sá, sem verður undir í hlutkesti, hljóta næsta sæti á lista varamanna. Fái t. d. tveir menn sama atkvæðastyrk í 1. sæti hljóta þeir 1. og 2. sæti eftir hlutkesti, en sú samkeppni um 2. sæti, sem kveðið er á um í 2. mgr., flyst niður í 3. sæti og þannig koll af kolli.

Samkvæmt núgildandi reglum mun niðurstaðan geta orðið sú, að sá, sem verður undir í hlutkesti, t. d. um 1. sæti, færist niður í sæti miklu neðar á listanum.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 12. gr. laga 5/1962.

Um 34. gr.

Eðlilegt þykir að fulltrúar í sveitarstjórnum fái útgefin kjörbréf, sbr. ákvæði laga um alþingiskosningar.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 3. mgr. 20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en það nýmæli er í 2. mgr. að aðilar, sem standa sameiginlega að framboðslista, geta gert samkomulag um mismunandi röð varamanna, eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, og skal þá leggja fram yfirlýsingu um samkomulag á 1. eða 2. fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

Um 36. gr.

Í 2. mgr. 136. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis felst sú regla, að kosningu þingmanna ber að ógilda vegna galla á framboði eða kosningu, sem hann sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa átt vísvitandi sök á, þótt ekki verði ætlað að misfellurnar hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, enda séu misfellurnar verulegar. Nefndin telur ekki sömu ástæðu til þessarar reglu í sveitarstjórnarkosningum eins og í alþingiskosningum. Það leiðir þó væntanlega af eðli máls, að ekki ber að ógilda kosningar að öllu leyti, ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingu að hluta eða með öðrum úrræðum.

Um 37. gr.

Nefndarmenn eru á einu máli um að það fyrirkomulag, sem nú er, að nýkjörin sveitarstjórn úrskurði um lögmæti kosninga, sé óheppilegt þar sem ótryggt sé að hún fái litið hlutdrægnislaust á málavexti. Rætt hefur verið um að fela fráfarandi sveitarstjórn þetta verkefni, umboðsmanni ríkisins í héraði með eða án „meðdómenda“ eða yfirkjörstjórn samkvæmt 9. gr. laga um alþingiskosningar. Hér er gerð tillaga um að viðkomandi yfirvald, þ. e. bæjarfógeti eða sýslumaður, skipi 3ja manna nefnd til að gegna þessu starfi einungis í þeim tilvikum, þegar gildi kosninga er dregið í efa. Með þessu móti ætti að vera hægt að tryggja að þeir, sem fara með þetta úrskurðarvald, séu fullkomlega óhlutdrægir. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eru að öðru leyti í samræmi við 1. og 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar.

4. mgr.—8. mgr. eru nýmæli, sbr. 2. mgr. 13. gr. Ákvæðum þessum er ætlað að tryggja að óvissuástand, sem skapast við það að kosningar eru kærðar, valdi sem minnstum erfiðleikum.

Um 38. gr.

Greinin er samhljóða ákvæðum 15. gr. laga 5/1962 að því er sveitarstjórnir varðar.

Um 39. gr.

Greinin samsvarar 16. gr. laga nr. 5/1962.

Um IV. KAFLA

4. kafli, sem fjallar um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna, kemur í stað 23. og 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Núgildandi ákvæði þykja fátækleg og því ber nauðsyn til að setja ítarlegri ákvæði um þetta atriði í sveitarstjórnarlög. Byggir nefndin tillögur sínar um þetta efni á skoðunum fræðimanna og má þar nefna Pál Líndal: Drög að greinargerð um bæjarstjórn Reykjavíkur, Úlfljótur 2. tbl. 1960, og Steingrím Gaut Kristjánsson: Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna í Sveitarstjórnarmálum 6. tbl. 1973, og Úlfljóti 4 tbl. XXIV. árgangs 1973. Þau efni sem fjallað er um í þessum kafla, eru meðal þeirra sem sveitarstjórnarmenn leita mest með til umsjónaryfirvalda og virðist því þörf á skýrum og nokkuð ítarlegri reglum en nú eru í sveitarstjórnarlögum. Höfð hefur verið hliðsjón af samþykktum um stjórn sveitarfélaga, sbr. t. d. 3. kafla samþykkta um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 frá 1964 og 3. kafla samþykktar um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. 484/1983. Þá hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum norskra, danskra og sænskra laga um þetta efni.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnarmanna til fundarsóknar. Í 2. mgr. er almenn regla um að sveitarstjórnarmaður sé einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og um það að honum beri að gegna störfum af alúð og samviskusemi. Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um skyldu sveitarstjórnarmanna til að greiða atkvæði og er hér lagt til að heimilt verði að leggja skyldu til þátttöku í atkvæðagreiðslu á sveitarstjórnarfulltrúa með nafnakalli, sbr. 44. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis, 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 frá 1964, og samsvarandi ákvæði annarra sveitarstjórnarsamþykkta svo og 47. gr. norsku sveitarstjórnarlaganna.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um helstu réttindi, sem sveitarstjórnarmönnum eru nauðsynleg til þess að geta gegnt starfi sínu, málfrelsi, tillögurétt, atkvæðisrétt, kjörgengi í nefndir og aðgang að bókum og skjölum, stofnunum og starfsemi sveitarfélagsins.

Um 42. gr.

Þótt ætlast sé til að störf sveitarstjórna fari sem mest fram fyrir opnum dyrum, þannig að borgararnir geti sem best fylgst með þeim, sbr. 48. gr. frumvarpsins, geta komið fyrir sveitarstjórnarmenn í starfi þeirra málefni, sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls vegna hagsmuna einstakra manna eða almannahagsmuna. Ber þá sveitarstjórnarmönnum að gæta þagmælsku um þess konar málefni. Sérstaklega ber þeim að gæta þagmælsku um mál, sem rædd eru á sveitarstjórnarfundum, er haldnir eru fyrir luktum dyrum samkvæmt sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar. Ekki er sveitarstjórnarmönnum þó skylt að gæta þagmælsku um allt, sem fram fer á fundi, sem haldinn er fyrir luktum dyrum samkvæmt sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar. Ástæðan til að dyrum er lokað kann að vera sú, að sveitarstjórn óski aðeins að umræðan geti farið fram án truflunar frá áheyrendum. Hins vegar getur verið að fram komi upplýsingar um trúnaðarmál í dagskrá,

þótt enn hafi ekki verið ákveðið að halda fund fyrir luktum dyrum. Ber þá sveitarstjórnarmönnum að gæta þagmælsku um það sem um málið greinir í dagskránni. Brot á þagnarskyldu getur varðað sveitarstjórnarmann ábyrgð samkvæmt 136. gr. hegningarlaga.

Um 43. gr.

Greinin samsvarar 2. málslið 23. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. 1. mgr. er efnislega samhljóða nefndu ákvæði laganna. Í 2. mgr. er höfð hliðsjón af 5. mgr. 6. gr. norsku sveitarstjórnarlaganna.

Um 44. gr.

Greinin samsvarar 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en er nokkuð víðtækari. M. a. er kveðið á um greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar og sérstaka þóknun vegna óvenjulegrar fjarlægðar milli heimilis og fundarstaðar. Í 3. mgr. er nýmæli þess efnis að sveitarstjórnarstörfum skuli haga þannig að sveitarstjórnarmenn geti tekið sér hæfilegt orlof árlega. Þessarar reglu hefur víða verið gætt með þeim hætti að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Um 45. gr.

Hér er leitast við að orða almennar reglur um skyldu sveitarstjórnarmanna til að víkja sæti við meðferð einstaks máls. Hér er höfð hliðsjón af skoðunum fræðimanna og ákvæðum sveitarstjórnarsamþykkta, sbr. Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur, almennur hluti II. 2. útgáfa endurskoðuð, Reykjavík 1974 (fjölrit, bls. 32—51), Páll Líndal: Úlfljótur 1960, bls. 38, og Steingrímur Gautur Kristjánsson: Sveitarstjórnarmál 1973, bls. 259—260, og auglýsingu um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps nr. 117 frá 1967, 12. gr. Þá hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum 14. gr. dönsku sveitarstjórnarlaganna, 15. gr. norsku laganna og 13. gr. II. kafla sænsku laganna.

Um V. KAFLA

Í þessum kafla er fjallað um það efni, sem nú er í 21., 22., 25.—30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 1961. Meðal nýmæla má nefna að gert er ráð fyrir að sveitarstjórnarfundir séu almennt haldnir fyrir opnum dyrum, hvort sem um hreppsnefnd eða bæjarstjórn er að ræða. Þá er gert ráð fyrir að sú regla gildi sem aðalregla um allar kosningar, að meiri hluti sveitarstjórnarfulltrúa skuli standa að kjöri.

Um 46. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 22. gr. laganna.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. laganna. Skylt er að halda reglulega fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, en í sveitarstjórnum þar sem byggðarráð er kjörið skulu fundir haldnir eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Um 49. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 30. gr. núgildandi laga, en nýmæli er um að ráðuneytið láti gera fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir, sem gildi sem almenn fundarsköp þar til sveitarstjórn hefur sett sér sérstök fundarsköp.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. núgildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. núgildandi laga. Ákvæði 3. mgr. er nýmæli, sem ætlað er að sporna við að lítill minni hluti sveitarstjórnarfulltrúa geti ráðið kjöri manna til trúnaðarstarfa. Lagt er til að tekin verði upp sama regla og við oddvitakjör, sbr. 46. gr.

Um 52. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. núgildandi laga. Ákvæði um hreppa og kaupstaði eru samræmd í samræmi við almenna stefnu frumvarpsins. Athygli er vakin á d-lið, sem kveður á um að tvær umræður þurfi um áætlanir fyrir sveitarfélagið, sem gilda eigi til lengri tíma, s. s. skipulags- og framkvæmdaáætlanir, og einnig þarf tvær umræður fyrir beiðni um aðstoð, þegar sveitarfélag lendir í alvarlegum fjárhagsvandræðum.

Um 53. gr.

Greinin samsvarar 29. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga og fjallar um stöðu oddvita. Nýmæli er að mælt er fyrir um að oddviti komi fram opinberlega fyrir hönd sveitarstjórnar.

Um 54. gr.

Í þessari grein er fjallað um sama efni og í 31. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Dæmi eru þess í lögum að kveðið sé á um almenna atkvæðagreiðslu í sveitarfélögum, sbr. 10. gr. áfengislaga nr. 82 frá 1969. Rétt þykir að setja almennt ákvæði um slíkar atkvæðagreiðslur í sveitarstjórnarlög. Í fjölmennum sveitarfélögum verður almennum sveitarfundum illa við komið og er hér gert ráð fyrir að almennar atkvæðagreiðslur geti komið í stað sveitarfunda. 4. og 5. mgr. kveða á um að ályktanir slíkra funda og almennra atkvæðagreiðslna séu ekki bindandi fyrir sveitarstjórn, nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Um VI. KAFLA

Ákvæði um nefndir eru nú í 36.—38. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. 6. kafli frumvarpsins hefur að geyma miklu ítarlegri ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélaga en er að finna í núgildandi lögum.

Um 55. gr.

Í greininni er tekið upp samheitið byggðarráð yfir framkvæmdaráð sveitarfélaga, sem í dag heita ýmist borgarráð, bæjarráð eða hreppsráð. Þar sem aðalfulltrúar í sveitarstjórn eru fimm eða færri þykir ekki ástæða til að kjósa sérstakt byggðarráð. Í 4. mgr. eru ákvæði um áheyrnarfulltrúa í byggðarráði og lögð skylda á sveitarstjórn að heimila áheyrnarfulltrúa fundasetu þann tíma, sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa.

Um 56. gr.

Greinin hefur að geyma almenn ákvæði um verkefni byggðarráðs. Í 2. mgr. er heimild til að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda, þannig að sveitarstjórn geti fækkað föstum nefndum, ef henni þykir ástæða til.

Um 57. gr.

Greinin hefur að geyma almennar reglur um kjör sveitarstjórnar á fulltrúum í nefndir, ráð og stjórnir.

Um 58. gr.

Hér er sveitarstjórn heimilað að sameina nefndir, en fjöldi lögbundinna nefnda hjá sveitarfélögum er í mörgum tilvikum of mikill að mati sveitarstjórnarmanna. Í greininni er sveitarstjórnum fámennra sveitarfélaga einnig heimilað að fara sjálfar með verkefni

lögskipaðra nefnda, nema verkefni nefndanna séu ósamrýmanleg störfum sveitarstjórnar. Þá er í greininni einnig heimild til þess að kjósa nefnd, sem fari með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags, og slíka nefnd má kjósa í almennum kosningum í sveitarhlutanum. Þessi heimild kann að reynast hagkvæm í tilvikum þar sem sveitarfélög hafa verið sameinuð.

Um 59. gr.

Eigi þykir rétt að forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga séu kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana, er þeir starfa hjá.

Um 60. gr.

Greinin samsvarar efnislega 33. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um forföll aðalmanna í sveitarstjórn.

Um 61. gr.

Greinin veitir sveitarstjórn heimild til að ákveða valdsvið nefnda, ráða og stjórna, sem hún kýs, nema slíkt sé ákveðið í lögum, og einnig að fela nefndum, ráðum og stjórnum fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli um á annan hátt.

Um 62. gr.

Hér er lögð skylda á oddvita sveitarstjórna að boða nefndir, ráð og stjórnir til fyrsta fundar, sé eigi öðruvísi ákveðið, og einnig fær oddviti rétt til að kalla saman tvær eða fleiri nefndir ef um er að ræða mál, sem varða starfssvið fleiri en einnar nefndar.

Um 63. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um störf nefnda og er nýmæli.

Um 64. gr.

Hér er fjallað um fundargerðir nefnda og um stöðu þeirra gagnvart sveitarstjórn.

Um 65. gr.

Greinin er nýmæli, en stuðst er við ákvæði sem nú er að finna í mörgum samþykktum, sem sveitarfélög hafa sett sér.

Um 66. gr.

Greinin er í samræmi við 44. gr. frumvarpsins.

Um VII. KAFLA

Um framkvæmdastjórn sveitarfélaga er nú fjallað í 39.—44. gr. sveitarstjórnarlaga, en frumvarpið hefur að geyma ýmis nýmæli hvað þetta snertir.

Um 67. gr.

Greinin fjallar um störf oddvita, þar sem ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags.

Um 68. gr.

Í þessari grein er fjallað um laun oddvita og þar sett sú meginregla að þar sem eigi er starfandi sérstakur framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skuli launin ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn og skal þá ýmist miða við fast hlutfall af tekjum sveitarfélagsins og stofnana þess, sem oddviti hefur umsjón með, eða við áætlaðan vinnutíma oddvita við stjórnsýslustörf. Launin skulu endurskoðuð reglulega.

2. og 3. mgr. 68. gr. frumvarpsins eru samhljóða 2. og 3. mgr. 40. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 69. gr.

Sú skoðun var ráðandi í endurskoðunarnefndinni að í sveitarfélögum, sem hafa fleiri íbúa en 400, væri rétt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags, en í öðrum sveitarfélögum væri það heimilt. Með þessu orðalagi er þó eigi kveðið svo á, að ráðning framkvæmdastjóra sé skylda í öllum tilvikum. Í reynd er það svo í dag, að öll þéttbýlissveitarfélög með fleiri en 300 íbúa munu hafa sérstakan framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði 42.—44. gr. núgildandi laga.

2. mgr. 69. gr. er í samræmi við 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. mgr. 69. gr. frumvarpsins fjallar um starfsheiti framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Meiri hluti endurskoðunarnefndarinnar lagði til að niður félli núverandi heimild í 32. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem borgarstjórn Reykjavíkur er heimilað að ráða fleiri en einn borgarstjóra. Minni hlutinn (S. G. K. og S. P.) leggur til að ákvæðið haldist óbreytt og verði fellt að 69. gr. frumvarpsins.

Um 70. gr.

1. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 42. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er heimild til að ráða framkvæmdastjóra til óákveðins tíma og er þá lagt til að uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir í samræmi við almennar reglur.

Í 3. mgr. er gerð krafa til þess að sérstaklega sé tekið fram við ráðningu framkvæmdastjóra, hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

Um 71. gr.

Hér er fjallað um störf framkvæmdastjóra sveitarfélaga og er þá eigi gerður greinarmunur á hvort um er að ræða framkvæmdastjóra lítils eða stórs sveitarfélags.

Um 72. gr.

Greinin er nýmæli, en er í samræmi við margar samþykktir um stjórn sveitarfélaga.

Um 73. gr.

Greinin fjallar um starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélaga og þar er það almenna ákvæði í 2. mgr. að uppsagnarfrestur skal vera 3 mánuðir, sé ekki annað ákveðið í kjarasamningum eða ráðningarsamningi.

Um VIII. KAFLA

Ákvæði 8. kafla frumvarpsins fjallar um fjármál sveitarfélaga og kemur kaflinn í stað III. kafla núgildandi laga 45.—91. gr.

Um 74. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. núgildandi laga. Komið hafa fram hugmyndir um að hafa reikningsár sveitarfélaga frá 1. júlí til 30. júní í stað almanaksársins. Er hugmyndin komin til vegna ýmiss konar uppgjöra, t. d. vegna fræðslumála, en nefndin er sammála um að leggja til óbreytta skipan, hvað reikningsárið varðar.

Um 75. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 47. gr. núgildandi laga.

Um 76. gr.

Greinin er nýmæli, en á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Tilgangur með greininni er, að sveitarstjórnir horfi til framtíðarinnar og skipuleggi rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins með ákveðin markmið í huga.

Komið hafa fram efasemdir um að slík áætlunargerð sé möguleg í fámennum sveitarfélögum, en nefndin telur að í þeim sé áætlunargerðin það einföld, að sveitarstjórn sé engin vorkunn að marka sér í upphafi kjörtímabils stefnu til næstu ára. Breytist forsendur mundu sveitarstjórnir taka 5 ára áætlanir sínar til endurskoðunar.

Um 77. gr.

Greinin er nýmæli. Með „sérfróðum aðila" er átt við sérfræðing á viðkomandi sviði, t. d. verkfræðing, rekstrarráðgjafa eða löggiltan endurskoðanda.

Um 78. gr.

Greinin er nýmæli, en á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða, t. d. í norsku sveitarstjórnarlögunum. Nauðsynlegt er að tengja saman fjárhagsáætlun komandi árs og áætlaða útkomu líðandi árs.

Um 79. gr.

Algengt er að forsendur fjárhagsáætlunar breytist, t. d. þegar ljóst er hver útkoma álagningar útsvars og aðstöðugjalda er, en það er venjulega í júnímánuði. Þá geta orðið skyndilegar breytingar útgjalda, t. d. í kjölfar almennra kjarasamninga.

Í samræmi við gildandi venju er lagt til, að sveitarstjórnum sé heimilt að afgreiða breytingar á fjárhagsáætlun ársins við eina umræðu, en gerð er sú krafa, að breytingartillögur séu sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með a. m. k. 5 sólarhringa fyrirvara.

Um 80. gr.

Fyrri liður greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 47. gr. núgildandi laga en nefndin leggur síðari liðinn til í því skyni að treysta ábyrga fjárstjórn sveitarstjórna.

Um 81. gr.

Lagt er til að öll sveitarfélög séu bókhaldsskyld og um það gildi almennar reglur eftir því sem við á, sbr. lög nr. 51/1968 um bókhald.

Þá er lagt til að sett sé reglugerð, sem kveði nánar á um ákvæði er varða bókhald sveitarfélaga sérstaklega og sem tryggi að reikningar allra sveitarfélaga séu sambærilegir.

Um 82. gr.

Greinin er samin með hliðsjón af almennum reglum og venjum um ársreikning. Hugtakið „ársreikningur" er notað sem eintöluorð, sbr. t. d. VII. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978.

Ársreikningur sveitarsjóðs hefur að geyma ársskýrslu, rekstrar- og framkvæmdayfirlit og efnahagsreikning. Honum skal einnig fylgja yfirlit yfir ábyrgðir, sem á sveitarsjóði hvíla.

Samstæðureikningur sveitarfélags er samandregnir ársreikningar sveitarsjóðs og þeirra stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins, sem hafa sjálfstætt reikningshald.

Um 83. gr.

Í 54. gr. núgildandi laga segir að ársreikningar hreppa skuli fullgerðir fyrir febrúarlok, en ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar.

Lagt er til að reglurnar séu nú hinar sömu fyrir öll sveitarfélög en nefndin telur að með þeirri vélvæðingu, sem nú hefur rutt sér til rúms, eigi jafnvel stóru sveitarfélögin að geta lokið gerð ársreikninga sinna fyrir lok aprílmánaðar.

Um 84. gr.

Um kjör endurskoðenda eru nú ákvæði í 55. gr. sveitarstjórnarlaga. Nefndin leggur til að endurskoðendur séu kjörnir til fjögurra ára í senn.

Þá er lagt til að lögfest verði skylda til að fela löggiltum endurskoðanda eða löggiltu endurskoðunarfélagi, sbr. lög nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, reikningslega endurskoðun bókhalds, ef íbúar sveitarfélags eru 1000 eða fleiri.

Í raun munu nú flest stærri sveitarfélög notfæra sér þjónustu löggiltra endurskoðenda m. a. vegna þeirra skilmála, sem lánastofnanir setja fyrir útlánum sínum.

Þá er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti starfrækt sérstaka endurskoðunardeild, sbr. 3. mgr. 55. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, enda sé sjálfstæði slíkrar deildar gagnvart stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins tryggt.

Um 85. gr.

Greinin er nýmæli, en hún hefur að geyma verklagsreglur um störf kjörinna endurskoðenda og reglur um verkaskiptingu milli þeirra og löggiltra endurskoðenda.

Um 86. gr.

Ákvæði sama eðlis og ákvæði 1. mgr. er að finna í 56. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt 2. mgr. hafa endurskoðendur a. m. k. einn mánuð til að ljúka starfi sínu, sbr. ákvæði 83. gr. frumvarpsins.

Um 87. gr.

Ákvæði um endurskoðunarskýrslu koma í stað ákvæða í a.—f. lið 56. gr. núgildandi laga, en slík skýrsla er nú lögfest í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög og í sveitarstjórnarlöggjöf á öðrum Norðurlöndum.

Um 88. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á sveitarstjórnir að ljúka fullnaðarafgreiðslu reikninga fyrir lok júlímánaðar. Hafa sveitarstjórnir því a. m. k. 2 mánuði til að afgreiða reikningana, sbr. 86. gr.

Í raun eru sveitarstjórnir ekki að greiða atkvæði um reikninga sveitarfélagsins enda mun fátítt að sú atkvæðagreiðsla fari nema á einn veg, jafnvel þótt aðrir fulltrúar hafi haldið um stjórnvölinn, þegar þau útgjöld sköpuðust, sem reikningar greina frá og myndast hafi nýr meiri hluti í sveitarstjórn, sem var útgjöldunum andvígur.

Séu ekki uppi grunsemdir um villur í reikningshaldi, ætti sveitarstjórnin fyrst og fremst að fjalla um „endurskoðunarskýrslu“ enda þótt formlega séu það reikningarnir sem koma til atkvæðagreiðslu venju samkvæmt.

Dráttur á afgreiðslu og skilum ársreikninga sveitarfélaga hefur oft valdið verulegum vandkvæðum í sambandi við hagtölugerð og er því lagt til að hert verði viðurlög fyrir þar að lútandi, sbr. 60. gr. núgildandi laga.

Öll sveitarfélög skulu samkvæmt frumvarpinu skila reikningum sínum beint til ráðuneytis og Hagstofu, en samkvæmt núgildandi lögum eiga hreppar að senda sýslunefndum ársreikninga sína.

Um 89. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sem styðjast við fyrirmyndir úr löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Settar eru hömlur á heimildir sveitarfélaga til veðsetningar og sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta eðli máls samkvæmt.

Ákvæðið um að eigi megi nota kröfu á hendur sveitarsjóði til skuldajafnaðar við tilteknar kröfur sveitarfélags styðst við fyrirmyndir t. d. úr norsku sveitarstjórnarlögunum.

Settar eru verulegar hömlur á það, að sveitarstjórnir veiti ábyrgðir vegna skuldbindinga

óskyldra aðilja. Með frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að veita sjálfskuldarábyrgð í slíkum tilvikum, en heimilt sé að veita einfalda ábyrgð gegn tryggingum, enda samþykki ⅔ hlutar fulltrúa í sveitarstjórn að veita ábyrgðina.

Þegar rætt hefur verið um afnám takmarkana á ráðstafanir sveitarfélaga, sem nú er að finna í 11. gr. sveitarstjórnarlaga hefur oft borið á góma, að töluverð ásókn væri á sveitarstjórnir um að veita ábyrgðir til kaupa á fiskiskipum og til annarra fjárfestinga í atvinnurekstri á vegum einkafyrirtækja.

Sveitarstjórnir virðast oft vera berskjaldaðar fyrir slíkri ásókn, en það gefur auga leið, að ef illa fer, getur ábyrgð af þessu tagi lagt þungar byrðar á sveitarfélögin og íbúa þeirra um langan tíma og torveldað framkvæmd meginverkefna sveitarfélaganna. Nefndin er á einu máli um að takmarka beri heimildir í þessu efni.

Um 90. gr.

Í samræmi við eðli sveitarfélaga og það að þau verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta er nauðsyn að hafa ákvæði um fjárþröng sveitarfélaga, sbr. 63—91. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Í 90. gr. er fjallað um alvarlega fjárþröng sveitarfélaga. Er lagt til að um hana verði fjallað við tvær umræður í sveitarstjórn og finnist eigi úrræði er gert ráð fyrir að leitað verði til ráðuneytisins, en greinin fjallar síðan um það, hvaða viðbrögð ráðuneytið skuli hafa í slíkum tilvikum og hvaða úrræði það hafi til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins til betri vegar.

Um 91. gr.

Sé fjárþröng sveitarfélags mun alvarlegri en svo, að úrræði samkvæmt 90. gr. dugi, getur ráðuneytið svipt sveitarfélagið fjárforráðum og skipað því sérstaka fjárhaldsstjórn, sbr. 82. gr. núgildandi laga.

Ráðuneytið getur einnig snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að 3 mánuði í samræmi við ákvæði II. kafla laga um gjaldþrotaskipti.

Um 92. gr.

Greinin fjallar um skipan fjárhaldsstjórnar og skýrir sig sjálf. Um skipan fjárhaldsstjórnar eru nú ákvæði í 85. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 93. — 94. gr.

Ákvæði 93.—94. gr. fjalla um störf fjárhaldsstjórnar og skýra sig sjálf.

Um 95. gr.

Hér er um að ræða ákvæði, sem gera verður ráð fyrir að eigi verði beitt fyrr en öll önnur úrræði hafa reynst ófullnægjandi. Engu að síður er nauðsynlegt að mati nefndarinnar að hafa slíkt ákvæði í lögunum.

Um 96. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 90. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Um IX. KAFLA

Fram kemur af frumvarpinu í heild að verði það að lögum þá verður fjöldi sveitarfélaga í landinu rúmlega 200. Í inngangi athugasemda með frumvarpinu er getið þeirra sjö meginsjónarmiða sem fylgt hefur verið við frumvarpsgerðina. Ef nokkur von á að vera til þess að ná þeim fram þá er nauðsynlegt að sveitarfélögin skipti sér í sveitir til þess m. a. að vera í stakk búin að taka við verkefnum úr hendi ríkisvaldsins, kaupstaðir og hreppar sameigin-

lega. Af þessum ástæðum er lagt til að sýslufélögin, sem nú hafa þjónað um 100 ára skeið, verði lögð niður með öllu þar sem að þau hafa ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur. Við tekur vettvangur sveitarstjórna, sem í frumvarpinu er nefndur héraðsnefndir. Fylgt er þeirri skiptingu innan landshluta sem helgast af sýslu-umdæmum en umdæmin stækka að því marki sem aðild kaupstaðanna að héraðsnefndum markar. Réttarstaða sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu verður hin sama þar sem öll sveitarfélög eiga aðild að héraðsnefndum. Þau munu á þeim vettvangi taka við þeim verkefnum sem ríkisvaldið felur þeim sameiginlega annaðhvort samkvæmt einhliða ákvörðun eða að höfðu samráði. Skapast þannig vettvangur á jafnréttisgrundvelli til þess að taka við nýjum verkefnum og stuðla að valddreifingu í þjóðfélaginu. Sveitarfélögin geta einnig nýtt héraðsnefndirnar til samstarfs um einstök verkefni er þau koma sér saman um að vinna að en sú mikilvæga regla gildir um allar samþykktir héraðsnefnda varðandi slíkt samstarf að þær binda einungis þær sveitarstjórnir sem það samþykkja. Verður því ekki um það að ræða að meiri og minni hlutar skapist innan héraðsnefnda hvað varðar einstakar framkvæmdir eða verkefni. Þar eru allar sveitarstjórnir jafn réttháar.

Um 97. gr.

Greinin fjallar um skiptingu landsins í 18 héruð. Þykir best fara á því að viðskeytið „hérað“ sé í nafni allra hinna nýju héraða.

Um 98. gr.

Verkefni héraðsnefnda eru talin í 1.—3. tl. Grundvallaratriði varðandi þau verkefni sem sveitarfélög kunna að leggja til að héraðsnefndin annist er það ákvæði að ekki er mögulegt með meirihlutasamþykkt að skuldbinda sveitarfélögin til fjárútláta. Þar þarf í öllum tilvikum að koma til samþykki hverrar sveitarstjórnar um sig. Mikilvægt er einnig það ákvæði að héraðsnefndin ákveður sjálf hvort hún tekur að sér framkvæmd verkefnis samkvæmt 2.—3. tl.

Um 99. gr.

Viðurkennd er sú regla að öll sveitarfélög eigi fulltrúa í héraðsnefnd.
Fjöldi fulltrúa miðast við íbúafjölda í sveitarfélagi og verður sem hér segir:
fyrir hverja 1 til 4999 íbúa = 1 fulltrúi
fyrir hverja 5000 til 7499 íbúa = 2 fulltrúar
fyrir hverja 7500 til 9999 íbúa = 3 fulltrúar
og síðan 1 fulltrúi fyrir hverja 2500 íbúa.

Um 100. gr.

Talið er nauðsynlegt að fulltrúar í héraðsnefndum hafi sem beinust tengsl við sveitarstjórnir og er því lagt til að einungis kjörnir sveitarstjórnarmenn komi til greina sem fulltrúar í héraðsnefndum.

Um 101. gr.

Í þessari grein er kveðið á um réttindi og skyldur héraðsnefndarmanna og er talið eðlilegt að um þá gildi það sama og sveitarstjórnarmenn eftir því sem við á. Einnig er lagt til að héraðsnefnd setji sér samþykkt um starfshætti en með tilskyldu samþykki ráðuneytis.

Um 102. gr.

Hér er kveðið á um aðalfund héraðsnefnda og þátt oddvita við fundarboðun og við val á fundarstað.

Um 103.—104. gr.

Kostnaður við einstök verkefni héraðsnefnda greiðist af þeim sveitarfélögum sem samþykkt hafa að taka þátt í þeim. Kostnaður við lögákveðin verkefni greiðist að sjálfsögðu í samræmi við fyrirmæli laga í hverju tilviki en kostnaður við fundi héraðsnefndar og þær framkvæmdir, sem samþykktar eru af öllum þeim sem aðild eiga að nefndinni, greiðist í hlutfalli við íbúafjölda aðildarsveitarfélaga.

Oddviti skal sjá um að bókhald sé í góðu lagi og heimild er til þess að njóta starfskrafta fulltrúa ríkisvaldsins í héruðunum við bókhald og sjóðfærslur sé þess óskað.

Nauðsynlegt er að fjárhagsáætlun næsta árs liggi fyrir eigi síðar en 15. október ár hvert svo sveitarfélögin geti gert sér grein fyrir kostnaði sínum vegna hinna ýmsu verkefna við gerð fjárhagsáætlana sinna.

Um 105. gr.

Eðlilegt þykir að héraðsnefnd taki við eignum og skuldum sýslunefndanna þar sem þær eru nú lagðar niður með lögum þessum. Viðurkenndur er réttur sveitarfélaga sem stóðu að sýslunefndum til eigna þeirra.

Um X. KAFLA

Í ákvæðum 10. kafla er fjallað um frjálsa samvinnu sveitarfélaga sín á milli, en eins og kunnugt er hefur samvinna sveitarfélaga um hin ýmsu verkefni stórlega aukist á síðari árum. Slík samvinna er ekki bundin við sveitarfélög innan sýslu eða kjördæmis heldur gengur hún í mörgum tilvikum þvert á slík mörk og er hagkvæmni af samvinnunni látin ráða.

Samvinna sveitarfélaga af þessu tagi er venjulega bundin í stofnsamningum, en ekki hafa verið sett um hana almenn ákvæði í lögum. Getur það í ýmsum tilvikum valdið vandkvæðum, t. d. þegar ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórna, sem að slíkri samvinnu standa og þegar aðstæður breytast vegna þróunar byggðar og verkefna.

Í Svíþjóð og Finnlandi starfa svokölluð „kommunalförbund," sem er sérstakt félagsform fyrir samvinnu sveitarfélaga um lausn einstakra sveitarstjórnarverkefna svo sem rekstur stofnana, sorphreinsun o. s. frv. Nefndin leggur til að slíkt félagsform verði hérlendis nefnt „byggðasamlag".

Um slík félög eru t. d. ákvæði í 11. kafla finnsku sveitarstjórnarlaganna 121.—131. gr., og hafa þau ákvæði verið höfð til hliðsjónar við gerð tillagna nefndarinnar.

Um 106.—107. gr.

Hér eru nefnd tvö form fyrir samvinnu sveitarfélaga, héraðsnefnd og byggðasamlag. Síðan eru nánari reglur um byggðasamlag sé það samningsform valið.

Um 108. gr.

Gert er ráð fyrir, að þegar um sé að ræða áhættusaman atvinnurekstur í samrekstri sveitarfélaga skuli nota félagsform það, sem lög nr. 24/1972 fjalla um.

Um 109. gr.

Hér er svo fyrir mælt, að samþykktir byggðasamlaga skuli taka reglulega til endurskoðunar, en reynslan sýnir að það er galli á núverandi samvinnuformi sveitarfélaga, hve erfitt hefur reynst að breyta ákvæðum, sem upphaflega voru sett í stofnsamning, en eru síðan úrelt orðin vegna breyttra aðstæðna.

Um 110. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja í lög ákvæði um, hvernig með skuli fara, þegar sveitarstjórn óskar þess að ganga úr byggðasamlagi.

Um 111. gr.

Í greininni er fjallað um slit byggðasamlags. Meginreglan er sú að kostnaður af uppbyggingu og rekstri byggðasamlags skiptist á sveitarfélög eftir íbúafjölda á hverjum tíma, en eignir skiptast eftir íbúafjölda þegar skipti fara fram.

Um 112.—113. gr.

Hér er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga, en 7 slík staðbundin samtök eru starfandi í dag og eru flest sveitarfélaganna meðlimir þeirra.

Þá er viðurkennt að Samband íslenskra sveitarfélaga sé málsvari sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu.

Um XI. KAFLA

Í lögum nr. 70/1970 er að finna ákvæði um framkvæmd sameiningar sveitarfélaga. Eðlilegt þykir að þær reglur endurskoðaðar komi fram í sérstökum kafla í nýjum lögum um sveitarstjórnir og eru þær því teknar upp í XI. kafla frumvarpsins.

Rétt er að benda á þá breytingu frá fyrri reglum að nú er sveitarstjórnum skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningaráform nema í þeim sveitarfélögum sem falla undir ákvæði 5. gr. frumvarpsins.

Um 114. gr.

Hér er leitast við að setja almennt stefnuákvæði. Ætlast er til að stjórnvöld vinni að því með ýmsum ráðum að ná því markmiði sem greinir í 2. mgr., m. a. í samráði við samtök sveitarfélaga og héraðsnefnd.

Um 115. gr.

Í þessari grein er fjallað um það, hvernig með skuli fara, þegar íbúafjöldi sveitarfélags hefur verið lægri en 50 í 3 ár samfellt og ekki er um sérstakar aðstæður að ræða, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, eða í sambandi við fjárþrot sveitarfélaga, sbr. 95. gr. frumvarpsins.

Um 116.—117. gr.

Í þessum greinum er fjallað um frjálsa sameiningu sveitarfélaga og hvernig að henni skuli staðið. Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 118. gr.

Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma getur raskað kjördæmaskipan og verður því ekki ákveðin nema með lögum.

Um 119.—121. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar, en þær fjalla um ýmis framkvæmdaatriði í sambandi við stækkun sveitarfélaga með sameiningu þeirra.

Um 122. gr.

Í tillögum núv. formanns Sambands ísl. sveitarfélaga um sameiningarmál, sem fyrr er getið var lagt til að í ákveðnum tilvikum verði veitt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir föstum reglum, sbr. 11. gr. laga nr. 70 frá 1970, um sameiningu sveitarfélaga. Þetta hefur verið gagnrýnt af ýmsum, sem telja að ekki eigi að „kaupa“ sveitarfélög til sameiningar.

Nefndin leggur engu að síður til að ákvæði 122. gr. frv. verði lögfest og komi það í stað áðurnefndrar 11. gr. laga 70/1970.

Um 123. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og er sniðin eftir 1. tl. 12. gr. laga 70/1970 að breyttu breytanda.

Um XII. KAFLA

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar skal ríkisstjórnin hafa umsjón með stjórnsýslu sveitarfélaga og skal þessum efnum skipað með lögum. Undan því verður því ekki vikist að hafa reglur um umsjón ríkisvaldsins með sveitarstjórnum. Um þessi efni er nú fjallað í 11. gr. sveitarstjórnarlaga og er það sammæli þeirra sem til þekkja, að þau ákvæði séu nú óraunhæf.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið meðal helstu umræðuefna þeirra, sem láta sig sveitarstjórn varða bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi á undanförnum áratugum.

Sambandi ríkis og sveitarfélaga hefur verið háttað á mismunandi vegu í einstökum ríkjum.

Á síðustu fjórum áratugum hafa orðið veigamiklar breytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga og samskiptin hafa aukist.

Verkefni sveitarfélaga hafa tekið grundvallarbreytingum og sveitarfélög hafa í ríkum mæli orðið stjórnsýslueiningar í lögboðnum þjónustukerfum ríkisvaldsins svo sem fræðslukerfi og félagsþjónustukerfi. Svigrúm sveitarstjórna til ákvarðana hefur þá verið takmarkað af almennum fyrirmælum laga og reglugerða og þær hafa haft lítið svigrúm til þess að sinna sérstökum áhugamálum íbúa sinna. Tekjustofnar þeirra hafa að verulegu leyti verið bundnar greiðslur úr ríkissjóði til tiltekinna lögskipaðra verkefna.

Í sumum löndum, svo sem í Frakklandi, hafa flestar ákvarðanir sveitarstjórna í reynd verið háðar samþykki og staðfestingu embættismanna ríkisins.

Nú er hins vegar hafin þróun, sem miðar að því að auka sjálfræði sveitarfélaganna og takmarka íhlutun ríkisvaldsins að sama skapi, en jafnframt verði umsjón ríkisins raunhæfari og virkari að því leyti, sem henni er haldið við.

Endurskoðun skiptingar verkefna milli ríkis og sveitarfélaga miðar að því, að sveitarfélögin fái aukið svigrúm til að velja sér verkefni og hafi meira að segja um hvernig þau skipa lögskyldum verkefnum.

Valddreifingarstefnan miðar ekki einvörðungu að því að flytja verkefni til sveitarfélaganna heldur miklu fremur annars vegar að flytja til þeirra ákvörðunarvald, sem áður var hjá stjórnvöldum ríkisins og hins vegar að flytja til umboðsstofnana ríkisins ýmis viðfangsefni, sem áður var fengist við í miðstjórnarstofnunum höfuðborga.

Nefndin, sem samið hefur þetta frumvarp, hefur haft það viðhorf, sem síðast var lýst og mótast tillögur hennar um jafnræði sveitarfélaga, um fjármál sveitarfélaga, um héruð o. fl. við það. Utan verksviðs nefndarinnar er hins vegar að gera tillögur um endurskipulagningu samfara valddreifingu í stjórnsýslu ríkisins, en það er skoðun nefndarmanna, að umboðsmenn ríkisins í hinum dreifðu byggðum landsins eigi að veita almenningi mun víðtækari þjónustu en nú er og að hafa úrskurðarvald um ýmis verkefni ríkisvaldsins, sem leyst eru fjarri miðstjórnarskrifstofum í höfuðborginni. Í þessu sambandi má nefna það, að ný tækni býður nú upp á mun fjölbreyttari og skjótvirkari boðleiðir milli miðstýringar ríkisvaldsins og umboðsmanna þess utan höfuðborgarsvæðisins.

Á fjölmörgum sviðum svo sem á sviði efnahags- og atvinnumála, launasamninga við starfsmenn, samgöngu-, mennta- og heilbrigðismála er gott og náið samstarf sveitarfélaga og ríkisvalds nauðsynlegt. Nefndin telur því nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög hafi með sér vettvang, þar sem fulltrúar þessara aðila ræðist reglulega við og reyni að samræma stefnu sína.

Um 124. gr.

Með grein þessari er átt við samstarf eins og komið var á með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga, sem undirritaður var 20. janúar 1984.

Um 125. gr.

Með greininni er ráðuneyti veitt heimild til þess að fela umboðsmönnum ríkisins í héraði, innheimtumönnum ríkissjóðs, lögreglustjórum o. fl. ýmis verkefni, sem ráðuneytið hefur samkvæmt lögum þessum. Um þetta vísast til inngangskafla athugasemda um 12. kafla.

Með slíku fyrirkomulagi færist þjónusta ríkisvaldsins nær sveitarstjórnunum, en jafnframt skapast möguleiki á áfrýjun stjórnsýsluúrskurða til æðra setts stjórnvalds, sem er mikilvægt meðan hér á landi eru eigi sérstakir stjórnsýsludómstólar eins og stundum hefur verið rætt um og tíðkast víða.

Um 126. gr.

Eins og vikið er að í inngangi að athugasemdum um þennan kafla er gert ráð fyrir umsjón ríkisvaldsins með sveitarfélögum í 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinin fjallar um eftirlitsskyldu ráðuneytisins og viðurlög við vanrækslu sveitarstjórna á að gegna skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Um 127. gr.

Áður er minnst á stjórnsýsludómstóla, sem tíðkast m. a. í nágrannalöndum okkar í V-Evrópu. Slíkir dómstólar starfa við hlið almenna dómstólakerfisins og úrskurða um gildi ýmiss konar stjórnsýsluákvarðana o. fl.

Svo dæmi sé tekið, má nefna að í Finnlandi úrskurðar æðsti stjórnsýsludómstóllinn í mörg þúsund málum árlega.

Ekki þykir fært að leggja til að þess konar kerfi verði tekið upp hér að því er varðar sveitarstjórnarmálefni að svo stöddu, og ekki þykja efni til að leggja til breytingar á því, sem nú er almennt viðurkennt, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar, að dómstólar séu yfirleitt færir um að skera úr hvers kyns ágreiningi um lögmæti ákvarðana og athafna stjórnvalda í sambandi við ákveðið sakarefni.

Þannig má jafnan bera undir dómendur, hvort tiltekið mál skuli sæta fullnaðarúrlausn stjórnvalda eða dómstóla og hvort yfirvald hafi farið löglega að eða ekki. Undir dómstóla má bera ágreining um staðarleg og málefnisleg valdmörk stjórnvalda, hvort ákvörðun stjórnvalds sé í lögmætu formi, hvort efni hennar sé lögum samkvæmt, hvort gætt hafi verið réttra aðferð við gerð hennar, hvort stjórnvald hafi verið vanhæft til ákvörðunar o. s. frv.

Hver sá einstaklingur eða persóna að lögum, sem hefur einstaklegra, hvort heldur hugrænna eða fjárhagslegra, hagsmuna að gæta í sambandi við ákvörðun stjórnvalds, getur borið ágreining, er að henni lýtur, undir dóm.

Þegar ákvörðun stjórnvalds er undir frjálsu mati þess komin, er þó aðalreglan, að henni verði ekki haggað af dómstólum nema til þess sé sérstök heimild í lögum.

Sum lagaskilyrði eru þó svo rúm og teygjanleg að stjórnvöld verða að eiga um þau fullnaðarmat.

Mörkin eru ekki ávallt glögg. Þótt um sé að ræða ákvörðun stjórnvalds, sem byggir á frjálsu mati, dæma dómstólar allt að einu um það hvort hún sé haldin ógildingarannmörkum svo sem formgöllum, viljaágöllum eða valdníðslu, hvort gætt hafi verið réttra aðferða eða hvort um valdþurrð hafi verið að ræða. Sjá hér rit Ólafs Jóhannessonar: Stjórnskipun Íslands, 2. útg. 1978, bls. 392.

Komið hefði til álita, að ráðherra væri fengið endanlegt úrskurðarvald um sveitarstjórnarmálefni án heimildar til þess að leita endurskoðunar dómstóla, en vegna réttaröryggis hefur ekki verið talin ástæða til að skerða svo rétt manna til að leita úrlausnar dómstóla. Hins vegar kemur til greina að fela ráðherra endanlegt úrskurðarvald þegar einstakir menn eiga ekki aðild að deilu heldur er einvörðungu um að ræða réttarágreining einstakra handhafa stjórnsýsluvalds, svo sem ágreining meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórn.

Nefndin leggur það þó ekki til, en hún gerir tillögu um lögboðinn frest ráðuneytis til þess að kveða upp úrskurði sína og um opinbera birtingu úrskurðanna, sem margir hafa fordæmisgildi.

Um 128. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum þarf að gera ýmsar breytingar á samþykktum um stjórn sveitarfélaga. Til að auðvelda sveitarstjórnum breytingarnar er lagt til að ráðuneytið láti útbúa fyrirmynd eða ramma fyrir slíkar samþykktir, en að sú skylda sé lögð á sveitarstjórnir að setja nýjar samþykktir eða endurskoða eldri samþykktir innan árs frá gildistöku laganna.

Um 129. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 509. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hélt 13 fundi um frumvarpið og ræddi það ítarlega. Umsagnir bárust frá 15 aðilum og fjölmargir komu á fund nefndarinnar til viðræðna um efni frumvarpsins.

Um einstakar breytingartillögur, sem meiri hl. nefndarinnar flytur, er þetta að segja:

Við 2. gr. Kveðið er á um að útvarpsréttarnefnd skuli kjörin til fjögurra ára. Skv. ákvæði til bráðabirgða skulu lögin endurskoðuð innan þriggja ára frá setningu þeirra. Þykir rétt að sama útvarpsréttarnefnd sitji allan þann tíma.

Við 3. gr. Ekki þykir ástæða til að binda leyfi til útvarpsrekstrar við félög sem sérstaklega séu stofnuð í því skyni.

Heimilað skuli að veita undanþágur í sérstökum tilvikum til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju.

Ekki þykir ástæða til að samþykki sveitarstjórnar sé áskilið þegar veitt er leyfi til útvarpsrekstrar enda tæknilega ókleift að binda útsendingar útvarpsstöðva við landamörk sveitarfélaga.

Ástæða þykir til að árétta í reglugerð, sem sett verður, skyldu útvarpsstöðva til að láta mismunandi sjónarmið njóta sannmælis í dagskrá.

Ábendingar hafa borist til nefndarinnar um nauðsyn þess að kveðið sé skýrt á um skyldu útvarpsstöðva við almannavarnir, löggæslu, slysavarnafélög og hjálparsveitir.

Við 5. gr. Hugtakið „boðveita“ er óskýrgreint í íslenskum lögum en tekur sennilega til fyrirtækis sem stofnað er til að reka fjarskipti, sbr. m. a. Póst og síma. Er sú orðskýring í samræmi við langa hefð, svo sem orðin rafveita eða vatnsveita sýna. Af þeim sökum er einsýnt að ákvæði um „boðveitur“ eiga heima í fjarskiptalögum en ekki útvarpslögum ef á annað borð þykir ástæða til að festa skýrgreiningu á orðinu í lögum og marka þvílíkum rekstri ramma fram yfir það sem þegar er gert. Frv. til fjarskiptalaga á skv. þinghefð heima í samgöngunefnd en ekki menntamálanefnd. Af þeim sökum sér meiri hl. menntamálanefndar ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að festa í lög ákvæði um stöðu „boðveitna“ innan fjarskiptakerfisins. Sýnist einstökum þingmönnum hins vegar svo er kórrétt að flytja um það sérstakt frv. sem fengi þá meðferð í deildinni sem þingsköp áskilja.

Lögum samkvæmt ber Ríkisútvarpinu að standa undir 25% af hallarekstri sinfóníuhljómsveitar. Eftir að frjálsræði til rekstrar útvarpsstöðva hefur verið aukið hlýtur að koma

til endurmats hvort sú tilhögun sé réttmæt. Auðvitað má hugsa sér að ríkissjóður hlaupi undir bagga. Hér er sá kostur ekki valinn heldur lagt til að stofnaður skuli Menningarsjóður útvarpsstöðva er fái 10% af verði auglýsinga í útvarpsstöðvum í tekjur. Skal þeim annars vegar varið til að greiða hlut Ríkisútvarpsins í hallarekstri Sinfóníuhljómsveitarinnnar en hins vegar til eflingar innlendri dagskrárgerð sem verða má til menningarauka og fræðslu. Ekki þykir ástæða til að marka hinum nýja sjóði þröngan ramma í lögum heldur er þess að vænta að styrkveitingar úr sjóðnum markist af því hversu til tekst um væntanlegar útvarpsstöðvar. Á þessari stundu væri það ofætlan að þykjast sjá slíkt fyrir.

Tekið er fram að Ríkisútvarpið skuli gera að nýju samning við Sinfóníuhljómsveitina um flutning á tónlistarefni gegn eðlilegu gjaldi. Ríkisútvarpið verður skv. þessu frv. eina útvarpið sem tekur til landsins alls svo að á því hlýtur að hvíla áfram sú skylda að gefa landsmönnum öllum kost á að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Er það enda í ætt við hefð og venjur.

Það þykir einsýnt að kveða skýrt á um skyldu Ríkisútvarpsins við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð. Það er í samræmi við ályktun Alþingis frá s. l. vori um eflingu íslenskrar tungu.

Lagt er til að Ríkisútvarpið stefni að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum. Sérstaklega er kveðið á um að á fjárlögum skuli veitt fé til fræðsluhljóðvarps eða fræðslusjónvarps.

Í brtt. er kveðið fastar að orði en í frv. um skyldu Ríkisútvarpsins til útlána eða sölu á frumfluttu dagskrárefni.

Engar brtt. eru fluttar við III. kafla frv. eins og það liggur fyrir. Ástæðan er sú að menntamálanefnd mun hafa það áfram til athugunar hvað skuli taka við af afnotagjöldunum eins og þau hafa verið. Þótt slík innheimta hafi augljósa kosti hefur borið á því að undanförnu að eftirlit með innheimtunni, hverjir séu raunverulegir eigendur og notendur sjónvarpstækja, hefur orðið mjög örðugt eftir þá breytingu að ekki er lagt afnotagjald á fleiri en eitt viðtæki á heimili eða í fyrirtæki gagnstætt því sem áður var. Liggur fyrir dæmi um að sami einstaklingur telur sig réttan eiganda sjónvarpstækja í þrem landsfjórðungum til þess að koma niðjum sínum undan því að greiða afnotagjöld. Það sýnist ekki fýsilegur kostur að leggja þá kvöð á innheimtumenn Ríkisútvarpsins að ástunda heimilisnjósnir. Fyrir þá sök hefur verið athugað hversu hár nefskattur þyrfti að vera til að koma í stað afnotagjalds. Í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins eru afnotagjöld á þessu ári talin nema 289,7 millj. kr. Ef gengið er út frá því að börn innan 16 ára aldurs greiði ekki hinn nýja skatt né þeir sem hafa tekjuskattsstofn undir 115 500 kr. á s. l. ári, né heldur þeir sem eru heyrnarlausir eða blindir, þarf skattfjárhæðin á hvern einstakling að vera sem hér segir: Miðað við 100% innheimtu 2700 kr., miðað við 85% 3176 kr. og miðað við 80% 3375 kr. Afnotagjaldið er nú 2650 kr. fyrir fyrri hluta ársins.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur í samráði við Ríkisútvarpið falið rekstrarráðgjafa að endurskoða tekjuöflun Ríkisútvarpsins. Formaður menntamálanefndar hefur sagt forráðamönnum Ríkisútvarpsins að menntamálanefnd muni taka álit rekstrarráðgjafans til athugunar milli 2. og 3. umræðu. Af þeim sökum þykir eðlilegt að ekki sé hróflað við ákvæðum III. kafla frv. að svo stöddu.

Talið er eðlilegt að hæfileg skylda sé lögð á útvarpsstöðvar til varðveislu á frumfluttu efni til að þeir sem telja misgert við sig í útsendingu eigi þess kost að fá afrit af hljóðupptöku.

Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að útvarpi varnarliðsins skuli heimilt að starfa áfram svo sem verið hefur.

Ekki náðist samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins en meiri hl. nefndarinnar stendur sameiginlega að breytingartillögum á þskj. 505.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. febr. 1985.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 510. Fyrirspurn [321. mál]

til sjávarútvegsráðherra og landbúnaðarráðherra um undirbúning að löggjöf um fiskeldi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður undirbúningi að heildarlöggjöf um fiskeldi með hliðsjón af þingsályktunartillögu um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 22. maí 1984?

Nd. 511. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 25. janúar 1952.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt sem aðilar taka gilt að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, fötlunar, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur þá eina breytingu í för með sér á 1. gr. laga um heimilishjálp í viðlögum að hjálpin verði einnig veitt vegna fötlunar. Eins og lögin eru nú er fötlun ekki sérstaklega tilgreind í 1. gr. laganna. Brögð eru að því að aðilar hafi reynt að skjóta sér undan þjónustu við fatlaða skv. þessum lögum með tilvísun til laganna um aðstoð við fatlaða.

Taka ber af öll tvímæli um þetta og þess vegna er frv. þetta nú flutt öðru sinni.

Ed. 512. Frumvarp til laga [323. mál]

um iðnþróunarsjóði landshluta.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson.

1. gr.

Landshlutasamtökum sveitarfélaga er heimilt að stofna iðnþróunarsjóði landshluta er vera skulu sjálfstæðir sjóðir í eign sveitarfélaganna.

2. gr.

Tilgangur iðnþróunarsjóða landshluta skal vera að efla atvinnu í landshlutunum. Tilgangi sínum skulu sjóðirnir leitast við að ná á eftirfarandi hátt:

a. með lánveitingum til nýrra framkvæmda einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til langs eða skamms tíma,
b. með lánveitingum til sveitarfélaga til framkvæmda sem beint eða óbeint gætu stuðlað að betri þjónustu við uppbyggingu atvinnulífs,
c. með því að kosta, styrkja eða veita áhættulán til sérstakra athugana og áætlanagerða í sambandi við nýjar atvinnugreinar sem hugsanlega kynnu að þrífast á svæðinu,
d. með styrkveitingum til hagnýtra athugana á atvinnulífi svæðisins og möguleikum til atvinnuþróunar,
e. með því að veita lán eða styrk til vöruþróunar, nýsköpunar, náms og fleira,
f. með því að verja fé til hlutafjárkaupa í fyrirtækjum í landshlutunum samkvæmt samþykkt aðalfundar landshlutasamtaka hverju sinni.

3. gr.

Tekjur iðnþróunarsjóða landshluta skulu vera:

a. árlegt framlag þeirra sveitarfélaga sem að hverjum sjóði standa og skal það nema allt að 2% af föstum tekjum þeirra, þ. e. útsvari, fasteignagjöldum og aðstöðugjaldi; ákveða má með reglugerð að tiltekinn hluti þessa framlags sé bundin inneign sveitarfélaga hjá sjóðunum og skal hún þá verðtryggð að fullu,
b. iðnþróunargjald skv. 4. gr.,
c. arður og einstakir tekjuliðir þeirra fyrirtækja sem stofnað verður til samkvæmt f-lið 2. gr.,
d. fjármagnstekjur af útlánum sjóðanna,
e. lántökugjöld,
f. aðrar tekjur.

Sveitarfélög skulu tilkynna með árs fyrirvara ef þau hyggjast segja sig úr sjóðunum. Endurgreiðsla framlaga þeirra skv. a-lið þessarar greinar skal þá fara fram á tvöföldum þeim árafjölda sem greiðslur í sjóðina hafa átt sér stað.

4. gr.

Raforkuver í hverjum landshluta skulu greiða til iðnþróunarsjóða gjald sem nemur 1% af heildsöluverði orku. 33% þessa gjalds skulu renna óskipt til iðnþróunarsjóðs landshlutans en 67% skiptast milli iðnþróunarsjóða í landinu öllu eftir íbúatölu í hverjum landshluta 1. desember árið áður.

5. gr.

Öll útlán sjóðanna skulu vera verðtryggð. Vextir af lánum skulu aldrei vera hærri en almennir vextir banka af sambærilegum lánum, allt eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánum sjóðanna skulu vera fasteignaveð eða aðrar þær tryggingar sem stjórn metur gildar. Heimilt er stjórn að æskja ábyrgðar viðkomandi sveitarfélaga er sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Falla má frá kröfu um veð ef um er að ræða lán skv. c-lið 2. gr.

7. gr.

Stjórnir iðnþróunarsjóða skulu kosnar á aðalfundi. Aðalfund sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem greitt hafa framlag sitt til sjóðsins skv. a-lið 3. gr. fyrir næst liðið ár. Atkvæði á aðalfundi ráðast af bundinni inneign hvers sveitarfélags í sjóðnum eins og nánar skal kveðið á um í samþykktum sjóðsins, þó þannig að ekkert sveitarfélag fari með minna en 1% atkvæða né meira en 48% atkvæða þeirra sveitarfélaga sem rétt hafa til setu á aðalfundi. Á sama hátt skal í samþykktum kveðið á um fjölda stjórnarmanna sem ekki skulu vera færri en þrír né fleiri en sjö.

8. gr.

Reikningar sjóðanna skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda er aðalfundur kýs. Auk þess er heimilt að ákveða í samþykktum að kjörnir séu á aðalfundi tveir endurskoðendur.

9. gr.

Í samþykktum iðnþróunarsjóða skal setja reglur um boðun funda, verkefni aðalfundar og önnur almenn málefni sjóðanna. Við kosningar skal beitt margfeldis- eða hlutfallskosningu ef fulltrúar sveitarfélaga, sem fara með fjórðung atkvæða á aðalfundi, krefjast þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fátt skiptir meira máli í atvinnumálum Íslendinga á næstu árum og áratugum en stuðla að hagstæðri iðnþróun um allt land.

Fjöldamörg verkefni líðandi stundar einkennast af þeirri staðreynd að frumatvinnugreinarnar tvær, sjávarútvegur og landbúnaður, taka tæpast við meiri mannafla að tiltölu í náinni framtíð. Þegar haft er í huga hve umskipti þessi verða í rauninni snögg og nær samtímis í frumgreinunum báðum er ekki að undra þó að marghátt aður vandi fylgi sem erfitt reynist að bregðast við.

Í samanburði við búskap og sjósókn er iðnaður hér á landi fremur ung atvinnugrein. Með flestum þjóðum, sem fram úr hafa skarað á sviði iðnaðar, hefur slík iðnþróun tekið áratugi og hvílt á hefð margra kynslóða.

Svo virðist sem Íslendingum sé oft ýmislegt betur gefið en að tileinka sér markaðstækni og þá alúð í starfi sem yfirleitt alltaf er lykillinn að árangri á þeim vettvangi. Þó ber vissulega að viðurkenna að stundum hefur mjög vel til tekist, svo sem um sölu ýmissa sjávarafurða okkar. Því má þó síst gleyma að vöruþróun og markaðstækni er enn þá mikilvægari þegar um raunverulega iðnþróun er að ræða. Hér eins og endranær er fjármagnið höfuðatriðið í því hvernig til tekst.

Sveitarfélög um allt land finna nú æ betur hvar skórinn kreppir í þessu efni. Þess vegna hefur á nokkrum stöðum verið stofnað til sjóðsmyndunar til þess að létta undir í þeirri sókn

sem fram undan er. Flest hefur það þó verið af vanefnum gert því að ekki þurfa sveitarfélög eða samtök þeirra hér á landi að kvarta undan verkefnaskorti, öðru nær.

Það frumvarp til laga, sem hér er lagt fram um iðnþróunarsjóði landshluta, er flutt að beiðni sveitarstjórnarmanna og raunar samið að þeirra tilhlutan.

Fjáröflun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hvílir á tveimur meginstoðum:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarfélögin sjálf leggi sjóðunum til árlegt framlag sem geti numið allt að 2% af föstum tekjum þeirra.

Í annan stað er lagt til að 1% af heildsöluverði raforku renni til þessara sjóða samkvæmt 4. gr. frumvarpsins. Við fyrstu sýn gæti þessi leið virst hafa í för með sér hækkun raforkuverðs en svo er þó ekki þegar mál þetta er betur skoðað. Megintilgangur frumvarpsins er að efla atvinnu um allt land, þ. e. fjölga fyrirtækjum sem vitaskuld nýta raforku, og þar með stækkar raforkumarkaðurinn en það leiðir aftur af sér betri nýtingu og jafnframt lægra raforkuverð.

Ed. 513. Frumvarp til laga [324. mál]

um framkvæmd alþjóðasamninga um örugga gáma.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að um örugga gáma.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM ÖRUGGA GÁMA (International Convention for Safe Containers) var gerður á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í Genf, 2. desember 1972, og gekk í gildi erlendis, 6. september 1977.

Breytingar voru gerðar við þennan alþjóðasamning árið 1981 og 1983. Breytingin 1981 gekk í gildi erlendis 1981, en breytingin 1983 gekk í gildi erlendis 1. janúar 1984. Ekki eru ráðgerðar fleiri breytingar við samninginn næstu fimm árin hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

Samningur þessi hefir þegar tekið gildi hjá flestum viðskiptalöndum okkar, og hafa um 40 ríki staðfest hann. Af þeim má nefna sem dæmi: Bandaríkin, Ráðstjórnarríkin, Kína, Japan, Þýskaland, Frakkland, Stóra-Bretland, Noreg, Danmörk og Svíþjóð.

Samningurinn skiptist í þrjá meginhluta, þ. e. aðalsamning, viðauka I með fylgiskjali og viðauka II, en báðir þessir viðaukar og fylgiskjalið eru fullgildir hlutar þessa samnings.

Í heild fjallar samningurinn um prófun, skoðun, viðurkenningu og viðhald gáma, svo og um burðargetu gáma.

Tilgangur þessa samnings er að auka öryggi manna við notkun gáma, og jafnframt að auðvelda flutninga á gámum milli landa.

Nd. 514. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá annarri dagskrá útvarpsstöðvar. Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verð þeirrar þjónustu sem þær veita.

2. Við 5. gr. 3. tl. falli brott.

3. Við 6. gr. Síðasti málsliður 3. mgr. falli brott.

Ed. 515. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Helga Seljan.

Á eftir 9. gr. komi ný gr. er verði 10. gr. og orðist svo:
Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum.

Nd. 516. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 3. gr. 2. tölul. orðist svo:
   Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, hafi átt kost á að veita um það umsögn til útvarpsréttarnefndar.

2. Við 3. gr. 3. tölul. orðist svo:
   Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar eða félagi eða stofnun sem útlendingar eiga hlut í.

3. Við 3. gr. 8. tölul. orðist svo:
   Óheimilt er að aðrir aðilar en félag það, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar. Að minnsta kosti helmingur af útsendu efni skal tekinn saman eða framleiddur af viðkomandi leyfishafa.

4. Við 4. gr. Greinin orðist sem hér segir:
   Óheimilt er útvarpsstöðvum, sem fengið hafa tímabundið leyfi skv. 3. gr., að afla tekna með verslunar- og viðskiptaauglýsingum.

Afnotagjöld til slíkra stöðva má innheimta samhliða afnotagjöldum til Ríkisútvarpsins til að auðvelda þeim tekjuöflun sem fengið hafa tímabundið leyfi til útvarpsrekstrar. Útvarpsréttarnefnd setur reglur um slíka innheimtu í samvinnu við útvarpsráð.

5. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar gr. er orðist svo:
a. (5. gr.)

Til að stuðla að því, að aðrir en fjársterkir aðilar geti ráðist í útvarpsrekstur skv. 3. gr. og að sem fjölbreyttust reynsla fáist af rekstri útvarps á afmörkuðum svæðum, skal ríkissjóður leggja útvarpsréttarnefnd til allt að 10 milljónum króna árlega skv. fjárlögum næstu þriggja ára, 1986—1988, miðað við verðlag 1. janúar 1985. Þessum fjármunum skal varið á eftirfarandi hátt:

a. Til kaupa á útsendingabúnaði sem útvarpsréttarnefnd festir kaup á að fengnum umsóknum frá útvarpsstöðvum er leyfi fá skv. 3. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum útvarpsréttarnefndar.
b. Til að koma upp í hverjum landshluta vel búnu útvarpsveri sem útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsleyfishöfum aðgang að gegn viðráðanlegu leigugjaldi að undangengnu mati á þörfum viðkomandi aðila. Þó skal þess gætt að enginn einn aðili fái rétt til nota af slíku veri nema takmarkaðan tíma í viku hverri skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Ríkisútvarpið telst eigandi búnaðar og aðstöðu skv. a- og b-lið. Heimilt er Ríkisútvarpinu að selja útsendingabúnað skv. a-lið til útvarpsstöðva að þremur árum liðnum og skal söluandvirði þá renna í sérstakan Menningarsjóð útvarpsstöðva er styrki innlenda dagskrárgerð.

b. (6. gr.)

Dreifikerfi útvarpsstöðva um þráð, kapalkerfi, boðveitur, svo og endurvarpsstöðvar, skulu vera í opinberri eigu. Samgönguráðherra setur reglur um gerð og notkun slíkra kerfa, svo og um leigugjald.

6. Við 10. gr. er verði 12. gr. Aftan við 1. mgr. komi: Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi.

7. Við 12. gr. Í stað 1. málsgr. komi:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn en að þeim tíma liðnum skal staða hans auglýst á ný laus til umsóknar. Heimilt er að endurráða sama mann í starfið í 5 ár til viðbótar.

Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins sér um fjárhag þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

8. Við 14. gr. Í stað orðsins „Útvarpsstjóri“ í upphafi 3. málsl. 2. mgr. komi: Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins.

9. Við 14. gr. Við gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Útvarpsráð skal beita sér fyrir reglubundnum könnunum á því hvernig hlustað er á hljóðvarp og horft á sjónvarp, jafnt varðandi Ríkisútvarpið sem og aðrar útvarpsstöðvar er leyfi fá skv. 3. gr.

10. Við 15. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra til 5 ára í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

11. Á eftir 15. gr. komi ný gr. er verði 18. gr. og orðist svo:
Við Ríkisútvarpið skal komið á fót starfsmannaráði sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðsins á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um hliðstæð ráð í opinberum stofnunum.

12. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
Tímabundin leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára. Engin slík leyfi taka gildi fyrr en frá og með 1. janúar 1986.
Útvarpsréttarnefnd skal árlega gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd og reynslu af ákvæðum I. kafla laga þessara, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1987.
Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra. Í því skyni kýs Alþingi haustið 1987 nefnd sem vinna skal að endurskoðun laganna.

Nd. 517. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks standa að meirihlutaáliti og sameiginlega að breytingartillögum. Undirritaður fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni skilar séráliti ásamt breytingartillögum við frumvarpið í 12 liðum og fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna og Alþýðuflokks eru einnig sér um afstöðu. Auk þeirra breytingartillagna, sem 2. minni hl. stendur að og fyrir liggja á sérstöku þingskjali, áskilur undirritaður sér rétt til að styðja breytingartillögur er fram kunna að koma og til umræðu voru í nefndinni.

Hér verða rakin nokkur meginatriði er ráða afstöðu undirritaðs og þingflokks Alþýðubandalagsins til frumvarpsins.

1. **Efling Ríkisútvarpsins.**

Alþýðubandalagið leggur nú sem fyrr mikla áherslu á að vel sé búið að Ríkisútvarpinu varðandi alla starfsaðstöðu. Á það reynir enn frekar þegar hafin verður starfræksla svæðisbundinna útvarpsstöðva. Ríkisútvarpið þarf eftir sem áður að vera burðarásinn í útvarpsfjölmiðlun og á það eru lagðar margháttaðar skyldur sem ekki eru gerðar til svæðisstöðva.

Tryggja þarf viðunandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og áhrif þeirra á starfrækslu stofnunarinnar. Að því lúta nokkrar af þeim breytingartillögum sem undirritaður flytur við frumvarpið, m. a. um starfsmannaráð. Alþýðubandalagið mun styðja breytingartillögur við frumvarpið sem til heilla horfa fyrir Ríkisútvarpið og gera það færara að rækja hlutverk sitt sem öflugasti fjölmiðill í landinu.

2. **Afnám einkaleyfis — aukið tjáningarfrelsi.**

Þingflokkur Alþýðubandalagsins er fylgjandi því að hópum með ólíkan bakgrunn verði heimilað að spreyta sig á útvarpsrekstri með það í huga að auka tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umræðu. Með þessi markmið í huga telur þingflokkurinn rétt að einungis samtök, sem sérstaklega eru stofnuð með útvarpsrekstur í huga, fái slíka heimild. Fyrirtæki, sem stunda annan og óskyldan rekstur, eiga ekki að geta gerst beinir aðilar að útvarpsrekstri.

3. **Útvarpsstöðvar án auglýsinga.**

Þingflokkur Alþýðubandalagsins bendir á að ráðstöfun útvarpsréttar er í höndum almannavaldsins og hlýtur að verða það áfram. Svigrúm til almennrar útvarpsstarfsemi er í raun takmarkað og því hlýtur Alþingi að sníða henni stakk með nýjum útvarpslögum. Vegna þessara takmarkana telur Alþýðubandalagið með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. Því leggst flokkurinn ákveðið gegn því að handhöfum útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í svæðisbundnum útvarpsstöðvum. Sýnt hefur verið fram á með skýrum rökum hvernig unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Fjöldamörg dæmi eru um það erlendis að útvarpsstöðvar séu reknar án auglýsinga, t. d. eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

4. **Dreifikerfi í opinberri eigu.**

Alþýðubandalagið leggur á það ríka áherslu að dreifikerfi til útvarpssendinga, bæði boðveitulagnir í jörð og endurvarpsstöðvar fyrir þráðlaust útvarp, verði í eigu opinberra aðila, þ. e. ríkis og/eða sveitarfélaga, til að koma í veg fyrir einokun í skjóli einkaeignar á dreifikerfum. Þetta skilyrði þarf á engan hátt að hindra það að handhafar útvarpsheimilda geti komið sér upp góðum tækjum eftir því sem þeir kjósa. Þessi afstaða er hins vegar tekin með það í huga að heimildir til útvarpsrekstrar eru veittar til takmarkaðs tíma og það væri með öllu óeðlilegt að rétthafi, sem hefur verið sviptur útvarpsheimild, t. d. fyrir stórfelld brot á útvarpslögum, gæti eftir sem áður verið eigandi að umfangsmiklum dreifikerfum. Einnig eru ákvæði um þetta atriði nauðsynleg til að tryggja visst samræmi í sendibúnaði. Útvarpsleyfishafar munu hins vegar hafa fullt forræði umræddra tækja á meðan þeir eru handhafar leyfis.

5. **Aukning á innlendu efni.**

Alþýðubandalagið leggur ríka áherslu á að framfylgt verði markmiðum útvarpslaga um rækt við menningu og tungu og að gætt verði hagsmuna allra þjóðfélagshópa. Sérstaklega vekur flokkurinn athygli á nauðsyn þess að tryggja að allar stöðvar flytji íslenskt efni að vissu marki og í auknum mæli og einnig verður að teljast nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að tryggja að Ríkisútvarpið og aðrar stöðvar verji ákveðnum hluta af dagskrárfé sínu til efnis fyrir börn.

Í samræmi við þessar megináherslur Alþýðubandalagsins flytur 2. minni hl. breytingartillögur við frumvarpið er varða m. a.:

1. stuðning við gerð innlends dagskrárefnis og ákveðnar lágmarkskröfur í því sambandi,
2. aukið efni fyrir börn í Ríkisútvarpinu,
3. aukin áhrif starfsmanna Ríkisútvarpsins á starf stofnunarinnar,
4. ráðningu útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins til 5 ára í senn,
5. bann við verslunar- og viðskiptaauglýsingum hjá svæðisstöðvum,

6. fjárhagsstuðning af opinberri hálfu við svæðisstöðvar til að auðvelda þeim dagskrárgerð og útsendingu og til að tryggja sem mesta fjölbreytni,
7. dreifikerfi útvarpsstöðva um þráð og að endurvarpsstöðvar verði í opinberri eigu,
8. að aflað verði reglubundið vitneskju um notkun almennings á hljóðvarpi og sjónvarpi með könnunum,
9. að erlendir aðilar fái ekki leyfi til útvarpsrekstrar hérlendis eða aðild að slíkum rekstri,
10. að leyfi fyrir svæðisstöðvar taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1986.

Undirritaður telur að samhliða eflingu Ríkisútvarpsins skipti mestu máli að svæðisstöðvar byggi ekki starfsemi sína á auglýsingatekjum og tryggt verði með löggjöf opinbert eignarhald á dreifikerfum útvarps.

Ástæða er til athugasemda varðandi undirbúning og málsmeðferð er tengist þessu frumvarpi. Af hálfu ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðherra var reynt að hraða málinu í meðferð Alþingis með því að gera ráð fyrir afgreiðslu frumvarpsins í þinginu á örfáum vikum.

Skynsamlegt hefði verið að heimila rekstur svæðisstöðva aðeins í tilraunaskyni í nokkur missiri og taka útvarpslögin í heild fyrst til endurskoðunar að þeim tíma liðnum. Þannig er staðið að málum í grannlöndum okkar, t. d. í Danmörku. Hér var hins vegar tekin önnur stefna með framlagningu þessa frumvarps. Miklu skiptir að unnt verði að sníða af því verstu agnúana eins og að er stefnt með þeim breytingartillögum sem undirritaður flytur á sérstöku þingskjali og nánari grein verður gerð fyrir í framsögu 2. minni hl.

Alþingi, 20. febr. 1985.

Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 518. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust. Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða á vinnustöðum. Sendingar milli radíóamatöra teljast heldur eigi útvarp í skilningi laga þessara.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisútvarpið annast útvarp og sjónvarp til allra landsmanna í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarfélögum og samtökum þeirra er heimilt að koma upp boðveitum sem m. a. má nota til staðbundinnar dreifingar dagskrárefnis um þráð eða þráðlaust innan viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Slíkar boðveitur skulu fullnægja reglum sem samgönguráðuneytið setur að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunarinnar varðandi senditíðni og aðra tæknilega eiginleika sendistöðva og kapalkerfa og þær skulu hafa sendirásir til leigu fyrir útvarpsfélög og aðra aðila sem uppfylla almennar reglur, sbr. III. kafla laga þessara.
   Útvarpsfélögum er einnig heimilt að eiga og starfrækja sendistöðvar fyrir staðbundið hljóðvarp, sbr. nánari ákvæði 18. gr. laga þessara.

4. 4.—7. gr. falli brott.

5. Við 9. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs í samræmi við reglur Póst- og símamálastofnunarinnar um senditíðni og aðra eiginleika senditækja.
   b. 6. mgr. orðist svo:
      Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp sem skólastofnun í samvinnu við fræðsluyfirvöld.

6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

7. Við 14. gr. Í stað orðanna „Annað hvert ár“ í upphafi 3. mgr. komi: Árlega.

8. Við 15. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í fimm deildum, þ. e. fjármáladeild, hljóðvarpsdeild, sjónvarpsdeild, fræðsludeild og tæknideild.
   b. Á eftir 3. mgr. komi tvær nýjar mgr. og orðist svo:
      Fræðsludeild annast fræðsluþætti í hljóðvarpi og sjónvarpi ásamt útgáfu fræðsluefnis og aðra þætti tengda því sem hluta af reglulegri skólastarfsemi er skipulögð skal í samvinnu við fræðsluyfirvöld.
      Tæknideild fjallar um upptöku- og útsendingarbúnað Ríkisútvarpsins.
   c. Síðasta mgr. orðist svo:
      Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk við dagskrárgerð er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra til 5 ára í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

9. Á eftir 15. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Við Ríkisútvarpið starfar starfsmannaráð sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðs á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um starfsmannaráð opinberra stofnana.

10. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja til rekstrar útvarpsins og til fjárfestinga í tækjum og húsnæði þess.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði og sendir hana til menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum. Útvarpsstjóri ákveður gjald fyrir útvarpsafnot að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Sérhver einstaklingur á aldrinum 20—70 ára skal greiða gjald fyrir útvarpsafnot sem innheimtumenn ríkissjóðs innheimta. Undanþegnir gjaldinu eru blindir og aðrir sem undanþegnir eru í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

11. a. 17.—24. gr. falli brott.

b. Kaflaskil og kaflafyrirsögn á undan 16. gr. falli brott.

12. Á eftir 16. gr. komi tveir nýir kaflar er orðist svo:

A. **III. kafli. Staðbundið útvarp.**

a. (14. gr.)

Nú rekur sveitarfélag boðveitu, sbr. 3. gr., og skal þá setja henni sérstaka stjórn í samræmi við reglur um nefndir og ráð sveitarfélagsins. Standi samtök sveitarfélaga að slíkri boðveitu skal ákveða um skipan stjórnar í sameignarsamningi. Setja skal almennar reglur um afnot af hljóðvarps- og sjónvarpsrásum boðveitunnar og skulu allir þeir sem uppfylla sett skilyrði um ábyrgð á útsendingum, gerð dagskrárefnis og greiðslu afnotagjalds hafa rétt til afnota rásanna ýmist í lengri eða skemmri tíma eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Gjöld fyrir afnot boðveitunnar skulu ákveðin af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í gjaldskrá. Skal gjaldskráin miðuð við rekstrar- og fjárfestingarkostnað boðveitunnar þannig að notendur greiði kostnaðinn í hlutfalli við notkun. Skal kostnaði jafnað niður á notendur boðveitunnar, svo sem á þá sem nota hana til móttöku útvarps- og sjónvarpsefnis frá innlendum eða erlendum stöðvum, til móttöku og sendinga á tölvuboðum og á þá sem nota hana til sendingar á dagskrárefni.

b. (15. gr.)

Einstaklingar og félög, svo sem menningarfélög, stjórnmálafélög, trúfélög, hagsmunasamtök og átthagafélög sem uppfylla öll almenn skilyrði um afnot af útvarps- og sjónvarpsrásum boðveitu, skulu hafa rétt til tímabundinna útsendinga um hana skv. nánari ákvörðun stjórnar boðveitunnar sem úthlutar útsendingartímum og útsendingarrásum. Eigi mega slíkir aðilar taka gjald af viðtakendum útsends efnis, né afla sér tekna með auglýsingum í útsendingunum, né heldur nota útsendingarnar til kynningar á vörum og þjónustu í verslunarskyni.

Stjórn boðveitu getur synjað umsókn um afnot af útvarps- og sjónvarpsrásum ef hún telur að viðkomandi aðili uppfylli eigi almenn skilyrði um afnot boðveitunnar eða ef hann hefur með fyrri útsendingum gerst sekur um gróf brot á reglum boðveitunnar eða refsilöggjafarinnar. Áfrýja má slíkri synjun til útvarpsréttarnefndar sem kveður upp úrskurð í málinu. Ávallt skal tilgreina ábyrgðarmann að útsendingum þeim sem að framan greinir.

c. (16. gr.)

Aðeins útvarpsfélög, sem útvarpsréttarnefnd viðurkennir, hafa rétt til reglulegra útsendinga um boðveitukerfi að uppfylltum almennum skilyrðum boðveitunnar en það telst regluleg útsending sem send er út 5 daga í viku hverri eða oftar og hver útsending tekur a. m. k. eina klukkustund.

Nú leigir útvarpsfélag rás í boðveitu og er því þá heimilt að afla sér tekna með afnotagjöldum og haga útsendingum sínum þannig að þær nái aðeins til notenda.

d. (17. gr.)

Útvarpsfélagi, sem útvarpsréttarnefnd viðurkennir, er heimilt að eiga og reka sendistöð fyrir staðbundið hljóðvarp enda uppfylli sendistöðin reglur samgönguráðuneytisins, sbr. 3. gr. Starfssvæði slíkrar stöðvar er háð samþykki menntamálaráðuneytisins að fengnum tillögum útvarpsréttarnefndar.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð gjaldskrá þar sem kveðið er á um árlegt leyfisgjald fyrir sendistöðvar útvarpsfélaga. Útvarpsfélög, sem reka eigin sendistöð, mega afla sér tekna með birtingu auglýsinga skv. nánari reglum sem útvarpsréttarnefnd setur.

e. (18. gr.)

Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar eða aðild að slíkum rekstri. Þó er utanríkisráðherra heimilt að veita Varnarliðinu leyfi til staðbundins útvarpsrekstrar á varnarsvæðunum í samræmi við þær almennu reglur um senditíðni og sendibúnað sem samgönguráðuneytið setur og um getur í 3. gr.

B. **IV. kafli. Útvarpsréttarnefnd og útvarpsfélög.**

a. (19. gr.)

Útvarpsréttarnefnd skal fylgjast með útvarpsrekstri, setja almennar reglur um hluta auglýsinga í dagskrá, setja almennar reglur um óhlutdrægni í fréttaflutningi og hún skal sjá um að reglum, sem um útvarpsrekstur eru settar, sé framfylgt. Útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsfélögum viðurkenningu og þeir aðilar, sem stjórn boðveitu hefur synjað um afnot útvarps- eða sjónvarpsrása, geta áfrýjað synjuninni til nefndarinnar. Nefndin úrskurðar einnig í deilum sem rísa milli einstaklinga, félaga eða stofnana annars vegar og útvarpsfélags hins vegar, sbr. f.-lið 20. gr.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

b. (20. gr.)

Til þess að útvarpsfélag fái viðurkenningu útvarpsréttarnefndar til útvarpsrekstrar skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Félagið sé skráð félag skv. ákvæðum hlutafélagalaga og fylgi umsókn vottorð hlutafélagaskrár um fjárhæð hlutafjár, skipan stjórnar og varnarþing félagsins.

Tilgreina skal í umsókn hver sé útvarpsstjóri eða sá aðili sem bera á ábyrgð á útsendingum félagsins fyrir þess hönd.

b. Félagið setji tryggingu að fjárhæð 5 milljónir króna til tryggingar fyrir ábyrgð félagsins á útsendingum þess. Fjárhæðin er miðuð við verðlag í ársbyrjun 1985 og getur útvarpsréttarnefnd breytt henni í samræmi við þróun almenns verðlags sem verður frá þeim tíma.

c. Félagið skuldbindi sig til að halda í heiðri almennar grundvallarreglur um lýðræði og tjáningarfrelsi, stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

d. Félagið skuldbindi sig til þess að kosta eitt gerð þeirrar dagskrár sem það sendir út og að a. m. k. helmingur dagskrárinnar sé byggður á innlendu efni. Jafnframt verði gætt fjölbreytni í vali erlends efnis.

e. Félagið skuldbindi sig til þess að varðveita segulbandsupptökur af öllu útsendu efni í sex mánuði frá útsendingu. Jafnframt skuldbindi félagið sig til þess að afhenda útvarpsréttarnefnd upptökurnar ef hún óskar þess og sömuleiðis til þess að afhenda þær dómstólum ef til þeirra er vitnað í dómsmálum.

f. Félagið skuldbindi sig til þess að hlíta úrskurðum útvarpsréttarnefndar í málum sem upp koma þegar einstaklingar, félög eða stofnanir telja að ómaklega hafi verið að sér vegið í útsendingum félagsins og það hefur synjað viðkomandi aðila um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í sömu eða næstu útsendingum.

g. Félagið geri útvarpsréttarnefnd grein fyrir fyrirhugaðri almennri dagskrárstefnu sinni og skuldbindi sig til þess að tilkynna nefndinni um breytingar á henni.

h. Félagið skuldbindi sig til þess að rjúfa dagskrá sína fyrirvaralaust, ef óskað er, til þess að koma á framfæri tilkynningum frá almannavörnum, löggæslu eða öðrum stjórnvöldum, svo og frá hjálparsveitum, þegar tilkynningarnar varða neyðarvarnir og hjálparstarf.

i. Félagið skuldbindi sig til þess að senda útvarpsréttarnefnd afrit af ársreikningum sínum eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

c. (21. gr.)

Útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsfélagi viðurkenningu til ákveðins tíma sem eigi má vera lengri en 3 ár í senn en mun skemmri á reynslutíma.

Nefndin veitir útvarpsfélögum áminningar ef út af reglum um útvarpsrekstur er brugðið að mati nefndarinnar eða félagið brýtur þá skilmála sem sett eru fyrir viðurkenningu því til handa.

Nefndin getur svipt útvarpsfélag viðurkenningu sinni ef það gróft eða ítrekað brýtur þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu viðurkenningarinnar eða það lætur sér ekki segjast við áminningar nefndarinnar.

Úrskurður nefndarinnar um synjun eða sviptingu viðurkenningar skal rökstuddur og tekur hann eigi gildi nema menntamálaráðherra staðfesti hann. Málshöfðun frestar eigi sviptingu viðurkenningar.

13. Við IV. kafla, er verði V. kafli. Fyrirsögn kaflans hljóði svo: **Endurvarp og dreifing dagskrárefnis frá innlendum og erlendum sendistöðvum.**

14. a. 25. gr. komi fremst í VI. kafla, **Ýmis ákvæði,** og verði 27. gr.

b. Ný 25. gr. orðist svo:

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Dreifing eða endurvarp á dagskrá innlendra útvarpsfélaga eru óheimil öðrum aðilum nema með samþykki viðkomandi útvarpsfélags og útvarpsréttarnefndar.

Öllum er heimil móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings og heimilt er að dreifa slíkri dagskrá um boðveitukerfi enda brjóti dagskrárefni eða auglýsingar, sem því fylgja, eigi í bága við íslensk lög.

15. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisútvarpið og sveitarfélög hafa sama rétt og Póst- og símamálastofnunin í sambandi við nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi Ríkisútvarpsins eða boðveitna sveitarfélaga. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarps eða boðveitna. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja, sem stofnsett eru í nágrenni sendibúnaðar framangreindra aðila, valda truflunum á starfsemi þeirra er viðkomandi aðilum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits og athugana á þessum efnum en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

16. Við 27. gr.
a. Fyrri mgr. falli brott.
b. Á eftir síðari mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

17. Við 28. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsfélags, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsfélagið þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta. Getur kröfuhafi þá leitað fullnustu í þeirri tryggingu sem útvarpsfélagið setti sem skilyrði viðurkenningar, sbr. b.-lið 20. gr.

18. Við 29. gr. Í stað orðsins „útvarpsstöð“ í 2. mgr. komi: útvarpsfélagi.

19. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Óheimil hagnýting útvarpsefnis, sbr. 24. gr., varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til ólöglegs athæfis. Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

20. Við 32. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og nr. 49/1979.
Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1991 en endurskoða skal ákvæði III. kafla þeirra þegar 3 ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

21. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðin falli brott.

Sþ. 519. Fyrirspurn [325. mál]

til menntamálaráðherra um samfelldan skólatíma.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var 10. apríl 1984, um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir?

Sþ. 520. Fyrirspurn [326. mál]

til fjármálaráðherra um heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs.

Frá Svavari Gestssyni, Kjartani Jóhannssyni, Páli Péturssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hverju nema heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs árið 1984 og til loka janúar 1985:

a) eftir mánuðum,
b) eftir helstu fjölmiðlum?

Sþ. 521. Fyrirspurn [327. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun bókmenntaverðlauna Jóns Sigurðssonar.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hefur verið úthlutað bókmenntaverðlaunum af lið 02–982–0235 á fjárlögum ársins 1984 sem forseti Íslands stofnaði til og kenndi við Jón Sigurðsson?
2. Hefur verið skipuð stjórn til að fjalla um verðlaun þessi og sett um þau reglugerð?
3. Hvað er fyrirhugað um þessi verðlaun í framtíðinni og hvers vegna var ekki veitt fé til þeirra á fjárlögum í ár?

Nd. **522. Nefndarálit** [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 3. minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp til útvarpslaga var lagt fram á Alþingi í þingbyrjun, í annarri viku októbermánaðar.

Í frumvarpinu sagði að ný útvarpslög skyldu öðlast gildi 1. nóvember 1984. Voru Alþingi þannig ætlaðar röskar tvær vikur til að ræða og afgreiða þetta margslungna og flókna mál. Munu slík vinnubrögð af hálfu ráðherra nánast einsdæmi. Öllum var auðvitað ljóst að þessi dagsetning, þetta skamma ráðrúm, dugði hvergi nærri til þess að málið gæti fengið eðlilega umfjöllun á Alþingi. Er það raunar skoðun þriðja minni hl. menntamálanefndar að þetta mál sé þess eðlis að með öllu sé óverjandi að hraða því svo sem virðist eiga að gera og mörg atriði þyrfti að ræða og fjalla frekar um en tími hefur unnist til. Má þar sem dæmi nefna að meiri hl. nefndarinnar viðurkennir að núverandi innheimtufyrirkomulag afnotagjalda Ríkisútvarpsins sé ekki lengur nothæft, þó flytur meiri hl. engar breytingartillögur við þann kafla frumvarpsins er fjallar um innheimtu afnotagjalda en boðar slíka tillögugerð á síðari stigum málsins.

Þriðji minni hl. nefndarinnar telur að frumvarpi ríkisstjórnarinnar, eins og það var lagt fram, sé í mörgu ábótavant enda er komið á þriðja ár síðan frumvarpið var samið og margt hefur síðan breyst. Fjölmargir aðilar hafa sent menntamálanefnd umsagnir og ábendingar og margt athyglisvert hefur komið fram í umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið en fæst af þessu hefur meiri hl. nefndarinnar getað fallist á að gera breytingartillögur um.

Það er skoðun þingmanna Alþýðuflokksins að allveigamiklar breytingar þurfi að gera á frumvarpi ríkisstjórnarinnar þar sem það sé í ýmsum atriðum gallað og enn fremur sé rétt að koma til móts við fjölmargar skynsamlegar ábendingar sem er að finna í umsögnum er nefndinni hafa borist.

Þriðji minni hl. gerir tillögu um breytta kaflaskiptingu í frumvarpinu og telur hana eðlilegri og skýrari en þá kaflaskiptingu sem er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt breytingartillögum þriðja minni hl. nefndarinnar skal kaflaskipting frumvarpsins vera sem hér segir:

I. KAFLI	Réttur til útvarps.
II. KAFLI	Ríkisútvarpið.
III. KAFLI	Staðbundið útvarp.
IV. KAFLI	Útvarpsréttarnefnd og útvarpsfélög.
V. KAFLI	Endurvarp og dreifing dagskrárefnis frá innlendum og erlendum sendistöðvum.
VI. KAFLI	Ábyrgð á útvarpsefni.
VII. KAFLI	Ýmis ákvæði.

Breytingartillögur þriðja minni hl. er að finna á sérstöku þingskjali en í þessu nefndaráliti skal þó stuttlega getið nokkurra meginatriða og helstu nýmæla en nánari grein verður gerð fyrir öllum breytingartillögunum í framsögu við 2. umr. um frumvarpið.

● Lagt er til að inn í frumvarpið komi nýtt ákvæði um boðveitur sveitarfélaga. Ábendingar um það efni hafa borist bæði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Boðveitur á vegum sveitarfélaga eru ýmist þegar staðreynd eða í uppbyggingu í mörgum af grannlöndum okkar. Um slíkar veitur er flutt efni af mörgu tagi, og má þar til nefna: hljóðvarpsdagskrár, sjónvarpsdagskrár, skjárit

(videotex). Enn fremur eru slíkar boðveitur notaðar til að flytja tölvuboð. Boðveitur eru því bæði notaðar til fjölmiðlunar og til einstaklingsbundinnar boðmiðlunar í formi tölvuboðmerkja. Upphaflega voru þessar boðveitur háðar þráðum, þær voru kapalkerfi. Tilkoma glertrefjaþráða, sem nú standast alveg samkeppni við venjulega kapla hvað verð áhrærir, hefur valdið byltingu á þessu sviði og önnur nýtilkomin nýjung mun einnig valda miklum breytingum á þessu sviði. Sú nýjung er að komið er fram á sjónarsviðið þráðlaust kerfi þar sem nota má um 12 sm bylgjulengd og hægt er að flytja margar rásir samtímis á afmörkuðu svæði fyrir tiltölulega lágt verð.

Gert er ráð fyrir að boðveitur lúti hver um sig sérstakri stjórn sem eingöngu sjái um rekstur hennar en hafi ekkert með dagskrárgerð að gera eða útsendingu efnis. Að mati þriðja minni hl. er hér um meginatriði að ræða, nefnilega að glögg skil séu gerð milli annars vegar dreifikerfisins og hins vegar þess aðila sem leggur til innihaldið, þ. e. dagskrána. Fjölmargir aðilar, útvarpsfélög og einstaklingar, eiga þannig aðgang að einu sendikerfi sem er undir stjórn annars aðila. Allir, sem uppfylla sett skilyrði, eiga aðgang að boðveitunni. Þetta fyrirkomulag þýðir að boðveitan er í rauninni öllum opin. Hún er það sem á ensku er nefnt "common carrier".

Ekki er gert ráð fyrir að þeir aðilar, sem senda út efni í boðveitukerfi, geti aflað sér tekna með auglýsingum þar sem þeir eiga auðvelt með að innheimta afnotagjöld.

Ákvæðin um boðveitur sveitarfélaga eiga að tryggja að öllum almenningi nýtist kostir hinnar nýju fjölmiðlunartækni. Þau eiga að tryggja að ekki taki einokun einkaaðila við af einokun Ríkisútvarpsins og þau eiga að tryggja að ekki aðeins fjölgi þeim aðilum sem fást við útvarps- og sjónvarpsrekstur heldur aukist raunveruleg fjölbreytni að því er varðar dagskrárefni og áhorfendur og hlustendur hafi raunverulegt val. Tjáningarfrelsi eykst með þessu fyrirkomulagi og lýðræði fær betur notið sín.

● Því er slegið föstu í tillögum þriðja minni hl. að Ríkisútvarpið skuli starfrækja fræðsluútvarp en ábendingar um þetta efni bárust m. a. frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins.

Upplýsingaþjóðfélagið er nú að leysa iðnaðarþjóðfélagið af hólmi og nám og menntun er ekki og verður ekki bundið við hið hefðbundna skólakerfi og endurmenntun á miðjum aldri eða efri árum kemur til með að verða regla á næstu árum. Þá er þess að geta að í skólabænum Akureyri er mikill áhugi á því að hefja tilraunastarfsemi á sviði fræðsluútvarps nú á næstunni og nýta í því sambandi þá aðstöðu sem Ríkisútvarpið hefur komið upp á Akureyri.

● Lagt er til að tvær nýjar deildir, fræðsludeild, sbr. hér að ofan, og tæknideild, verði starfræktar við Ríkisútvarpið. Ýmsir munu þeirrar skoðunar að óeðlilegt sé að binda deildaskiptingu stofnana í lög en eigi að síður er þetta lagt til hér til að leggja áherslu á mikilvægi málsins.

● Gerð er tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður til fimm ára í senn. Hömlur eru ekki lagðar á endurráðningu.

● Þá er það nýmæli í tillögum þriðja minni hl. að við Ríkisútvarpið starfi sérstakt starfsmannaráð og skal fulltrúi þess eiga sæti á fundum útvarpsráðs. Skal starfsmannaráðið vera ráðgefandi um málefni stofnunarinnar.

● Lagt er til að núverandi fyrirkomulagi á innheimtu afnotagjalda verði gjörbreytt. Nefskattur tekinn upp í stað afnotagjalds. Eftir að heimilað var að skrá fleiri en eitt sjónvarpstæki á nafn sama einstaklings hafa ágallar núverndi kerfis komið skýrt í ljós. Kerfið er gloppótt og ónothæft að mati þeirra sem gerst til þekkja. Tillaga þriðja minni hl. er sú að allir Íslendingar á aldrinum 20—70 ára, sem ekki eru sérstaklega undanþegnir, greiði útvarpsgjald enda njóta allir landsmenn þjónustu útvarpsins hvort sem þeir eru skráðir útvarpsnotendur eður ei. Þá mun það einnig hafa mjög verulegan sparnað í för með sér að

leggja niður núverandi innheimtukerfi. Margoft hafa verið gerðar tillögur um breytingar í þessum efnum en þær hafa hingað til ekki náð fram að ganga.

● Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins verði lagður niður en fjallað verði um fjárfestingar Ríkisútvarpsins á Alþingi á sama hátt og þar er fjallað um almennan rekstur þess.

● Sérstakur kafli fjallar um staðbundið útvarp. Þar er í fyrsta lagi fjallað um útvarp er fram fer um boðveitur sveitarfélaga. Er þar gerður greinarmunur á útvarpi sem er óreglubundið og getur átt sér stað á vegum ýmissa aðila og hins vegar reglubundnu útvarpi á vegum viðurkenndra útvarpsfélaga sem afli sér tekna með afnotagjöldum. Í þriðja lagi er svo um að ræða reglubundið, staðbundið hljóðvarp sem útvarpsfélag rekur, sendir út efnið frá eigin sendistöð og aflar sér tekna með auglýsingum skv. nánari reglum.

● Ítarleg ákvæði eru um útvarpsréttarnefnd, verksvið hennar og skipan. Þá eru greind skilyrði sem útvarpsfélag þarf að uppfylla til að hljóta viðurkenningu. Meðal þeirra eru:

— Félagið er skráð skv. ákvæðum hlutafélagalaga.
— Tilgreina skal ábyrgðarmann útsendinga.
— Setja skal fjártryggingu vegna ábyrgðar á útsendingum.
— Félagið skuldbindi sig til að halda í heiðri almennar grundvallarreglur um lýðræði og tjáningarfrelsi, stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.
— Félagið kosti eitt gerð þeirrar dagskrár sem það sendir út og a. m. k. helmingur dagskrár sé byggður á innlendu efni.
— Upptökur af öllu útsendu efni verði geymdar í sex mánuði.
— Félagið skuldbindi sig að hlíta úrskurðum útvarpsréttarnefndar og geri henni grein fyrir almennri dagskrárstefnu sinni.
— Félagið skuldbindi sig til að rjúfa dagskrá til að koma á framfæri tilkynningum er varða almannaheill og öryggi.

● Sérstakur kafli tillagna þriðja minni hl. fjallar um endurvarp og dreifingu dagskrárefnis frá innlendum og erlendum stöðvum. Þar er í fyrsta lagi um að ræða móttöku eða sendingu efnis um gervihnött milli fastra stöðva. Í öðru lagi móttöku og dreifingu á dagskrám innlendra útvarpsfélaga þar sem gert er ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd þurfi að samþykkja samtengingu staðbundinna stöðva. Í þriðja lagi er svo um að ræða móttöku og dreifingu á dagskrá sem send er um gervihnetti gagngert til beinnar móttöku hjá almenningi en bylting er fram undan í þeim efnum og munu Íslendingar eiga þar margra kosta völ áður en langt um líður. Enda þótt norrænt sjónvarpssamstarf í þessum efnum virðist um sinn hafa steytt á skeri getum við átt von á að geta horft á útsendingar með völdu efni frá ýmsum löndum á svonefndri Evrópurás áður en langt um líður.

● Ljóst er að gera þarf breytingar á fjarskiptalögum með breyttum útvarpslögum. Þriðji minni hl. telur að ný útvarpslög geti tekið gildi 1. desember 1985 hið fyrsta. Tæknilegur undirbúningur að útsendingum og dagskrárgerð fyrir staðbundnar útvarpsstöðvar hljóti að taka nokkurn tíma og eðlilegt sé að gefa íslenskum fyrirtækjum, er framleiða rafeindatæki, tíma til aðlögunar þannig að þau eigi nokkra möguleika á að keppa við erlend fyrirtæki um gerð búnaðar fyrir útvarpsstöðvar.

Alþingi, 21. febr. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson,
fundaskr.

Sþ. 523. Tillaga til þingsályktunar [328. mál]

um þróunarverkefni á Vestfjörðum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að semja álitsgerð um framkvæmd þróunarverkefna í atvinnumálum á Vestfjörðum í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, efla vöxt byggðarkjarna og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Í álitsgerðinni skulu koma fram, auk ábendinga um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þ. á m. um hvaða sértækum aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkisins til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis og þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi henni svofelld grg.:

Öflugir og vaxandi þéttbýliskjarnar eru án efa einn snarasti þáttur í því að byggð verði traust á Vestfjörðum. Þeim mun meiri þjónustu sem hægt er að sækja í heimabyggð eða næsta nágrenni þeim mun traustari verður búsetan í byggðinni allri og þeim mun betur nýtast einnig byggðinni sjálfri þau verðmæti sem t. d. skapast í frumframleiðslugreinum.

Á undanförnum árum hefur atvinnuástand yfirleitt verið gott á flestum þéttbýlissvæðum á Vestfjörðum og atvinnutekjur verið góðar, víða talsvert yfir landsmeðaltali. Samfara þessari þróun dró mjög úr fólksflótta frá landsvæðinu sem heild og á mörgum stöðum, einkum þar sem atvinna var næg og atvinnutekjur miklar, fjölgaði fólki talsvert. Fólksflutningar voru enn talsverðir úr mesta dreifbýlinu enda má færa rök fyrir því að með aukinni framleiðni í landbúnaði sé undir flestum kringumstæðum líklegt að fólki fækki hlutfallslega eitthvað í sveitum nema önnur atvinnustarfsemi en landbúnaður bætist þar við. Á móti þessari fækkun vann hins vegar fólksfjölgun á þéttbýlisstöðunum enda auðsjáanlegt að svo verður að vera ef halda á jafnvægi í byggð landsins milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Búsetuhreyfingar innanlands verður aldrei hægt að stöðva enda er slíkt ekki æskilegt og allar líkur benda til að með aukinni tæknivæðingu og framförum í landbúnaði muni fólki enn halda áfram að fækka við þau störf. Spurningin er því sú hvort unnt er að svara þeirri þróun með eflingu þéttbýliskjarnanna á landsbyggðinni til mótvægis og ef það tekst þá er jafnvægi varðveitt í byggð landsins því að æskilegra hlýtur að vera út frá því sjónarmiði að fólk flytji búferlum frekar um skamma leið en langa.

Enginn vafi er á hvar leita eigi skýringarinnar á því að stórlega dró úr fólksflutningum frá Vestfjörðum á áttunda áratugnum og þéttbýli efldist þar. Þær breytingar héldust í hendur við mikil umskipti í tekjumöguleikum fólks á Vestfjörðum miðað við landsmeðaltal. Í upphafi áttunda áratugarins, þegar enn var mikill fólksflótti frá Vestfjörðum, voru meðalbrúttótekjur framteljenda þar nokkuð undir landsmeðaltali. Við lok þess áratugar, þegar fólksflóttinn hafði stöðvast, höfðu meðaltekjur á Vestfjörðum vaxið meira hlutfallslega en í nokkrum öðrum landshluta og voru komnar talsvert yfir landsmeðaltal. Það er engin tilviljun að samsvörun er þarna á milli.

Ástæðan fyrir því að atvinnutekjur uxu svo mjög á Vestfjörðum á þessum áratug er vafalaust mikil uppbygging í fiskvinnslu, en á áttunda áratugnum var fiskvinnslan næst mesta vaxtargreinin í íslensku atvinnulífi, næst á eftir þjónustu, og jafnframt sú grein þar sem tekjuþróun var hvað hagstæðust. Skuttogarabyltingin, sem með öðrum orðum má lýsa sem bættri aðstöðu Vestfirðinga til þess að nýta sér nábýlið við auðugustu fiskimið landsins, lagði hér grundvöllinn. Með henni sköpuðust möguleikar til uppbyggingar í mikilli vaxtargrein, fiskvinnslu, sem skilaði fólki í landshlutanum miklum tekjum. Þegar hugað er að hinni feikimiklu uppbyggingu í fiskiðnaði á Vestfjörðum á áttunda áratugnum með mikilli aukningu á atvinnutækifærum er sú niðurstaða þó ekki einhlít. Þegar betur er að gáð mátti lesa úr atvinnuþróuninni mjög alvarlegar aðvaranir sem menn veittu þó ekki athygli sem skyldi, sem sé þær að þrátt fyrir rífandi uppbyggingu í fiskiðnaði á svæðinu skorti talsvert á að kjördæmið hlyti þann atvinnulega vöxt sem það þurfti að hljóta til þess að ná landsmeðaltali í aukningu ársverka í heild. Þrátt fyrir hina miklu grósku í fiskiðnaði á Vestfjörðum hefði atvinnulífið á svæðinu þurft að skila næstum 50% meiri aukningu ársverka en það gerði til þess að ná vexti landsmeðaltals. Þrátt fyrir atvinnugreinasamsetningu, sem var Vestfirðingum hagstæð frá sjónarmiði vaxtar (hátt hlutfall fiskvinnslu sem var önnur mesta vaxtargreinin 1972—1982), þá skorti verulega á þá heildarfjölgun ársverka sem vera átti. Þetta sagði til um eitt: Hin hagstæða þróun áttunda áratugarins hvað varðar atvinnutekjur Vestfirðinga og hvað varðar hlutfallið milli aðfluttra og brottfluttra var byggð á grunni einnar atvinnugreinar, sjávarútvegs og fiskvinnslu. Önnur atvinnustarfsemi á svæðinu átti í vök að verjast, vöxtur var þar takmarkaður og vaxtarmöguleikar litlir. Enn betur sést þetta þó ef hugað er að skiptingu launa milli eiginnotaframleiðslu og skiptiframleiðslu. Þar kemur í ljós að í stærsta þéttbýlinu í landshlutanum, Ísafirði, skapast aðeins rösklega hálft starf (0,6564) í þjónustu fyrir hvert eitt sem skapast í frumframleiðslu en þetta hlutfall er til muna lægra en í mörgum öðrum þéttbýlissvæðum úti á landsbyggðinni. M. ö. o. þau umsvif í þjónustu, sem hvert starf til viðbótar á sjó eða við fiskvinnslu skapar, koma fram annars staðar en á Ísafirði sjálfum í meira mæli en víða annars staðar á landsbyggðinni. Þjónustuumsvifin skapast ekki í heimabyggðinni heldur í fjarlægum byggðarlögum, t. d. á höfuðborgarsvæðinu. Hin mikla uppbygging í fiskiðnaði með stórauknum atvinnutekjum hefur m. ö. o. ekki orðið Vestfirðingum nema að takmörkuðu liði í annarri atvinnuuppbyggingu. Hin óbeinu áhrif hafa komið fram annars staðar, orðið öðrum að gagni.

Um og eftir 1980 fer svo að verulegu marki að gæta afleiðinga af aukinni fiskveiðistjórn og auknum takmörkunum á þorskveiðum. Þá fer t. d. bæði magnhlutdeild og verðmætishlutdeild Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystiiðnaðarins að hraka. Árið 1978 nam hlutur Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystihúsa 22,8% (hlutdeild þeirra hafði vaxið úr 17,4% 1972), en árið 1982 er þetta hlutfall komið niður í 19,5%. Ef með hliðstæðum hætti er litið á framleiðsluverðmæti hraðfrystihúsanna þá vex hlutur Vestfirðinga úr 18,4% 1972 í 24,4% 1977 og 1978 en er 1982 fallinn niður í 21,4%. Allan þennan samdrátt má án efa rekja beint til aukinna veiðitakmarkana sem fylgt hafa í kjölfarið á stækkandi fiskveiðiflota. Auðvitað hefur þetta haft sín áhrif á atvinnutekjur þeirra sem fiskvinnslu stunda. Það kemur sjálfsagt ýmsum á óvart að í kaupstöðunum tveimur á Vestfjörðum, Bolungarvík og Ísafirði, reynast meðaltekjur á ársverk í fiskiðnaði 1982 vera aðeins rétt fyrir ofan landsmeðaltal (í Bolungarvík 1% fyrir ofan landsmeðaltal og á Ísafirði 4% fyrir ofan landsmeðaltal), en meðaltekjur á ársverk í fiskiðnaði í Vestmannaeyjum eru hins vegar 16% fyrir ofan landsmeðaltal. Það er hins vegar í fiskveiðunum sem vestfirsku kaupstaðirnir skera sig úr en 1982 eru meðaltekjur á ársverk í fiskveiðum í Bolungarvík 12% yfir landsmeðaltali og á Ísafirði 32% yfir landsmeðaltali, en meðaltekjur á ársverk í fiskveiðum í Vestmannaeyjum eru hins vegar 2% yfir landsmeðaltali. Gefur þetta vísbendingu um að þótt mikil tekjuvon sé enn í fiskveiðum á Vestfjörðum, a. m. k. þar sem best gerist, þá er tekjuvonin í fiskvinnslunni ekki lengur sú hin sama og hún var þegar mest og blómlegust var þar

uppbyggingin enda dregst nú saman hlutdeild Vestfirðinga í magni og verðmæti freðfiskframleiðslunnar eins og áður segir.

Og þá er ekki að sökum að spyrja. Afleiðingarnar koma strax fram í brottflutningstölunum. Afkoma Vestfirðinga hafði fyrst og fremst byggst á fiskvinnslu og veiðum og hagræðis þaðan hafði lítið gætt í öðrum atvinnugreinum. Þegar framsóknin í fiskvinnslunni stöðvaðist var ekkert sem komið gat í staðinn og brottflutningur fólks umfram aðflutning fór aftur vaxandi.

Það fer vart á milli mála að hagstætt er fyrir þjóðarheildina að nýttar verði þær auðlindir sem Vestfirðir hafa yfir að búa. Þar á meðal má nefna nábýlið við miðin og þá sérþekkingu og hæfni sem vestfirskir sjómenn og fiskiðnaðarmenn hafa tileinkað sér í útgerð skipa og vinnslu afla. En það kemur fleira til. Jarðhiti er víða á Vestfjörðum og liggur sums staðar mjög vel við. Fiskræktarmöguleikar eru miklir í hinum djúpu fjörðum. Í Ísafjarðardjúpi, í Þorskafirði og aðliggjandi fjörðum eru möguleikar til stærri og meiri framkvæmda við fiskrækt en dæmi eru til á Íslandi. Bent hefur verið á aðrar lítið kannaðar náttúruauðlindir, svo sem miklar surtarbrandsnámur, og í Önundarfirði og víðar er að finna málmgrýti sem einu sinni var rætt um að nýta en litlar athuganir hafa farið fram á lengi. Þá hafa Vestfirðingar einnig náð mjög langt í iðnaði í tengslum við sjávarútveg svo sem á sviði rafeindaiðnaðar og veiðarfæraiðnaðar. Allt eru þetta möguleikar sem lítið hefur verið hugað að vegna þess hve einhæf atvinnuþróunin hefur verið en á þessa möguleika verður nú að leggja aukna áherslu því að þeir eru forsenda þess að um áframhaldandi eflingu byggðarkjarna og þéttbýlisstaða geti orðið að ræða á Vestfjörðum.

Afskipti Framkvæmdastofnunar ríkisins af málefnum landshlutanna hafa til þessa einkum og sér í lagi verið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi hefur stofnunin með almennri áætlunargerð vísað veginn um alhliða byggðaþróun og Byggðasjóður veitt lán og styrki til almennrar atvinnuuppbyggingar að fengnum umsóknum og umsögn hlutaðeigandi lánastofnana. Í öðru lagi hefur Framkvæmdastofnunin haft sérstök afskipti af afmörkuðum byggðarlögum sem átt hafa við sérstök vandamál að stríða, svo sem rekstrarstöðvun atvinnutækja, fólksflótta, o. s. frv. Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru að gerast á atvinnuháttum landsmanna með stórfelldum veiðitakmörkunum og miðstýringu í sjávarútvegi verður hins vegar að leita nýrra leiða. Aukna áherslu verður að leggja á sérstök þróunarverkefni jafnt í atvinnulífinu með eflingu nýrra atvinnugreina og í málefnum einstakra byggðarlaga með þróunaraðgerðum sem miðast við afmarkað svæði, eitt eða fleiri. Slík þróunarverkefni geta verið með ýmsum hætti, bæði að frumkvæði Framkvæmdastofnunar og með stuðningi hennar en að frumkvæði annarra.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til að stofnuninni verði falið að semja álitsgerð um framkvæmd slíkra þróunarverkefna fyrir Vestfirði með skírskotun til þeirrar sérstöðu í atvinnulífi landshlutans sem hér hefur verið lýst þar sem líkur eru til að fyrirsjáanlegar stórbreytingar í atvinnuháttum kunni, ef ekkert verður að gert, að leiða til stórfelldrar byggðaröskunar Vestfjörðum í óhag og þjóðarheildinni til tjóns. Slík þróunarverkefni eiga í fæstum tilvikum að vera frumkvæðisverkefni opinberra aðila né á sviði opinbers rekstrar, en sjálfsagt er að hið opinbera veiti t. d. einkaaðilum tiltekinn stuðning til þess að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd og getur sá stuðningur verið með margvíslegum hætti. Ekki á það aðeins við um ríkið og stofnanir þess heldur ekki síður við sveitarfélög sem veitt gætu aðstoð t. d. með tímabundinni eftirgjöf á opinberum gjöldum til atvinnulegrar uppbyggingar slíkra þróunarverkefna. Væri mikill fengur að fá slíkum hugmyndum lýst í álitsgerð sem gæti orðið grundvöllur að aðgerðum síðar meir eins og hér er gerð tillaga um hvað varðar Vestfirði sérstaklega.

Fylgiskjal I.

Innanlandsflutningar 1971—1982.

Vestfirðir.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	740	1016	−276
1972	506	624	−118
1973	535	636	−101
1974	441	567	−126
1975	472	500	−28
1976	492	627	−135
1977	633	636	−3
1978	477	544	−67
1979	590	583	7
1980	535	588	−53
1981	498	561	−63
1982	602	805	−203
Alls	6521	7687	−1166

Fylgiskjal II.

Fólksflutningar til og frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum 1971—1982.

Hólmavík.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	5	30	−25
1972	31	12	19
1973	7	15	−8
1974	41	25	16
1975	26	24	2
1976	23	21	2
1977	27	16	11
1978	24	36	−12
1979	29	17	12
1980	17	23	−6
1981	23	13	10
1982	22	33	−11
Alls	275	265	10

Súðavík.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	6	16	−10
1972	20	9	11
1973	21	24	−3
1974	4	8	−4
1975	16	14	2
1976	3	15	−12
1977	14	12	2
1978	7	15	−8
1979	9	9	0
1980	14	8	6
1981	14	11	3
1982	23	23	0
Alls	151	164	−13

Bolungarvík.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	27	63	−36
1972	61	54	7
1973	46	62	−16
1974	49	51	−2
1975	61	50	11
1976	85	39	46
1977	104	51	53
1978	64	66	−2
1979	64	60	4
1980	73	93	−20
1981	67	69	−2
1982	66	61	5
Alls	767	719	48

Ísafjörður.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	497	567	−70
1972	109	135	−26
1973	193	187	6
1974	101	180	−79
1975	146	132	14
1976	158	175	−17
1977	219	171	48
1978	131	133	−2
1979	169	142	27
1980	161	154	7
1981	175	167	8
1982	189	239	−50
Alls	2248	2382	−134

Suðureyri.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	59	49	10
1972	38	49	−11
1973	25	68	−43
1974	35	41	−6
1975	28	50	−22
1976	25	42	−17
1977	25	37	−12
1978	51	20	31
1979	33	52	−19
1980	27	39	−12
1981	19	37	−18
1982	28	67	−39
Alls	393	551	−158

Flateyri.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	12	31	−19
1972	26	46	−20
1973	31	30	1
1974	16	32	−16
1975	8	14	−6
1976	32	28	4
1977	26	26	0
1978	42	24	18
1979	30	32	−2
1980	37	37	0
1981	30	21	9
1982	24	27	−3
Alls	314	348	−34

Þingeyri.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	12	34	−22
1972	13	26	−13
1973	23	14	9
1974	23	29	−6
1975	9	21	−12
1976	18	34	−16
1977	16	16	0
1978	20	32	−12
1979	25	24	1
1980	49	27	22
1981	23	23	0
1982	15	41	−26
Alls	246	321	−75

Bíldudalur.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	13	36	−23
1972	37	35	2
1973	24	29	−5
1974	18	28	−10
1975	18	11	7
1976	13	48	−35
1977	26	25	1
1978	18	6	12
1979	30	23	7
1980	15	25	−10
1981	18	22	−4
1982	34	18	16
Alls	264	306	−42

Tálknafjörður.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	11	14	−3
1972	22	5	17
1973	13	17	−4
1974	16	6	10
1975	8	11	−3
1976	12	11	1
1977	23	13	10
1978	21	15	6
1979	34	22	12
1980	26	17	9
1981	23	27	−4
1982	23	25	−2
Alls	232	183	49

Patreksfjörður.

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971	34	59	−25
1972	55	53	2
1973	56	55	1
1974	39	43	−4
1975	47	60	−13
1976	42	46	−4
1977	50	67	−17
1978	26	69	−43
1979	57	62	−5
1980	62	49	13
1981	51	63	−12
1982	76	85	−9
Alls	595	711	−116

Fylgiskjal III.

Breytingar á brottflutningstíðni frá 1965—1970 til 1972—1982.

	Nettó brottflutningstíðni í % 1965—1970	Nettó brottflutningstíðni í % 1972—1982
	(1)	(2)
Reykjavík	−0,40	5,48
Reykjanes	−11,96	−14,83
Vesturland	5,99	1,83
Vestfirðir	12,08	8,78
Norðurland vestra	9,91	4,81
Norðurland eystra	3,48	−1,42
Austurland	4,24	0,59
Suðurland	0,87	5,60

Sé litið á skemmra tímabil, t. d. árin 1965—1970 samanborið við 1977—1982, sést enn betur hve dregið hefur úr fólksflutningum frá Vestfjörðum. Þó skal tekið fram að frá og með 1982 hefjast á ný miklir flutningar fólks frá Vestfjörðum.

Breytingar á brottflutningstíðni 1965—1970 og 1977—1982.

	Nettó brottflutningstíðni 1965—1970, %	Nettó brottflutningstíðni 1977—1982, %	Breyting frá 1965—1970 til 1977—1982, %
	(1)	(2)	(3)=(2)−(1)
Reykjavík	−0,40	2,35	−2,75
Reykjanes	−11,96	−6,77	−5,19
Vesturland	5,99	1,38	+4,61
Vestfirðir	12,08	3,75	+8,33
Norðurland vestra	9,91	2,47	+7,44
Norðurland eystra	3,48	−0,07	+3,55
Austurland	4,24	1,51	+2,73
Suðurland	0,87	2,39	−1,52

Fylgiskjal IV.

Aukning ársverka í atvinnugreinum eftir landshlutum 1972—1980.

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Alls	%
Fiskveiðar	−47	+144	+169	−66	+122	+197	+53	+31	+603	(+12,1)
Landbúnaður	−25	−178	−210	−426	−166	−451	−282	−398	−2 136	(−23,8)
Fiskiðnaður	+361	+363	+224	+632	+250	+496	+780	−45	+3 331	(+49,1)
Annar iðnaður	+230	+969	+261	+41	+320	+364	+139	+130	+2 454	(+15,6)
Byggingariðnaður	−761	+737	+74	+136	+171	+190	+178	+260	+985	(+10,1)
Veitur	+180	−14	+21	+58	+6	+19	+46	+29	+345	(+42,7)
Samgöngur	−382	+113	+40	+26	+24	+83	−20	+91	−25	(−0,3)
Verslun og viðskipti	+1 257	+741	+112	+49	+74	+311	+213	+93	+2 850	(+21,5)
Þjónusta	+4 043	+3 002	+445	+200	+280	+854	+388	+628	+9 840	(+51,3)
Heild	+5 126	+5 877	+1 136	+650	+1 081	+2 063	+1 495	+819	+18 247	
Í %	(+12,7)	(+46,2)	(+21,6)	(+14,6)	(+30,8)	(+23,3)	(+34,5)	(+10,7)	(+20,9)	

Fylgiskjal V.

Aukning ársverka í einstökum landshlutum 1972—1982 umfram eða undir landsmeðaltali.

	Aukning ársverka 1972—1980	%	Aukning sé miðað við jafnan vöxt	%	Mismunur á aukningu og meðaltali	%
	(1)		(2)		(3)=(1)−(2)	
Reykjavík	+5 126	(+12,7)	+8 452	(+20,9)	−3 326	(−8,2)
Reykjanes	+5 877	(+46,2)	+2 662	(+20,9)	+3 225	(+25,3)
Vesturland	+1 136	(+21,6)	+1 103	(+20,9)	+33	(+0,7)
Vestfirðir	+650	(+14,6)	+935	(+20,9)	−285	(−6,3)
Norðurl. vestra .	+1 081	(+30,8)	+736	(+20,9)	+345	(+9,9)
Norðurl. eystra .	+2 063	(+23,3)	+1 853	(+20,9)	+210	(+2,4)
Austurland	+1 495	(+34,5)	+906	(+20,9)	+589	(+13,6)
Suðurland	+819	(+10,7)	+1 600	(+20,9)	−781	(−10,2)
Heild	+18 247	(+20,9)	+18 247	(+20,9)		

Af þessari töflu má m. a. sjá að þrátt fyrir mikinn vöxt fiskvinnslu á Vestfjörðum skortir 285 ársverk til þess að vöxtur atvinnulífs í kjördæminu nái landsmeðaltali. Þetta gerist þrátt fyrir hagstæða atvinnuskiptingu á Vestfjörðum með tilliti til vaxtar. M. ö. o. vaxtarþáttur atvinnulífsins á svæðinu er lítill þrátt fyrir hagstæðar aðstæður að sumu leyti.

Fylgiskjal VI.

Atvinna við fiskveiðar.

	Meðalfjöldi ársverka í fiskveiðum á ári		Breyting í % frá 1969—1971 til 1978—1980
	1969—1971	1978—1980	
	(1)	(2)	(3)
Reykjavík	806	501	−37,8
Reykjanes	934	1 270	+36,0
Vesturland	535	680	+27,1
Vestfirðir	759	665	−12,4
Norðurl. vestra	181	261	+44,2
Norðurl. eystra	693	787	+13,6
Austurland	587	585	−0,3
Suðurland	537	659	+22,7

Fylgiskjal VII.

Atvinna við fiskiðnað.

	Meðalfjöldi ársverka í fiskiðnaði á ári		Breyting í % frá 1969—1971 til
	1969—1971	1978—1980	1978—1980
	(1)	(2)	(3)
Reykjavík	764	1 053	+37,8
Reykjanes	1 505	1 646	+9,4
Vesturland	690	897	+30,0
Vestfirðir	913	1 431	+56,7
Norðurl. vestra	371	623	+67,9
Norðurl. eystra	771	1 235	+60,2
Austurland	678	1 230	+81,4
Suðurland	938	1 131	+20,6

Fylgiskjal VIII.

Meðalbrúttótekjur framteljenda eftir skattumdæmum.

	1972	1981	Breyting
	(1)	(2)	(3)=(2)−(1)
Reykjavík	103	97	−6
Reykjanes	110	110	0
Vesturland	95	99	+4
Vestfirðir	97	108	+11
Norðurland vestra	82	88	+6
Norðurland eystra	95	98	+3
Austurland	88	95	+7
Suðurland	96	100	+4

Nd. 524. Frumvarp til laga [329. mál]

um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:

Nú koma í ljós innan eðlilegs endingartíma söluhlutar gallar sem kaupanda var ekki kunnugt um, en rýra verulega verðgildi hlutarins eða krefjast kostnaðarsamra úrbóta, og rekja má til ásetnings eða vanrækslu seljanda eða ætla má að honum hafi verið kunnugt um en leynt kaupanda, og eiga þá ákvæði 1. mgr. um takmörkun á ábyrgð seljanda ekki við. Kaupandi skal þó innan árs frá því að slíkur galli kom sannanlega í ljós gera seljanda viðvart og gefa honum kost á að bæta úr eða krefja hann skaðabóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dómur Hæstaréttar frá 27. júní 1983 er tilefni þessa frumvarps um breytingu á lögunum um lausafjárkaup, nr. 39/1922. Sá dómur byggðist á úreltum ákvæðum kaupalaganna og sætir furðu bæði leikra og lærðra. Málsatvik voru þau að árið 1963 hóf maður nokkur byggingu íbúðarhúss í Garðabæ og keypti m. a. til húsbyggingarinnar steinsteypu sem uppfylla átti tiltekin skilyrði sem fram voru tekin, m. a. á afgreiðslu- og sölunótum. Nokkrum árum síðar fór múrhúð að detta af húsinu og ógerningur var að gera við hana. Steinsteypa í hluta hússins reyndist vera orðin morkin og ónýt á aðeins örfáum árum. Eftir ítarlegar rannsóknir, og m. a. vegna þess að húseigandinn hafði allan tímann geymt afgreiðslu- og sölunótur, reyndist unnt að sanna að steypan hefði verið gölluð. Íblöndunarefni, sem húsbyggjandinn hafði greitt fyrir, höfðu ekki verið sett í steypuna með þeim afleiðingum að hún ónýttist á skömmum tíma.

Í undirrétti voru húseigandanum dæmdar skaðabætur en í Hæstarétti var þeim dómi hrundið og húseiganda engar bætur dæmdar með vísan til þess að skv. ákvæðum kaupalaga hefði húseigandi átt að bera gallann fyrir sig innan árs frá því salan á steypunni fór fram. Sá frestur var löngu liðinn áður en mögulegt var að gallar gætu komið í ljós eins og síðar varð. Því virðast ákvæði kaupalaga heimila seljendum varanlegrar fjárfestingarvöru eins og steinsteypu að selja stórgallaða vöru svo fremi að kaupandi verði þess ekki var á fyrsta ári eftir að sala fór fram. Nægir þá ekki kaupanda til varnar að geta sannað að hann hafi verið svikinn um það efni og þau vörugæði sem hann greiddi fullt verð fyrir. Svo virðist sem kaupendur steinsteypu og annars áþekks varnings þurfi að eiga aðgang að efnarannsóknarstofu til þess að tryggja hag sinn. Þessi niðurstaða Hæstaréttar stangast á við almenna réttlætiskennd.

Brýn nauðsyn er að taka kaupalögin í heild til endurskoðunar og gera á þeim verulegar breytingar til samræmis við breytta tíma og breytta viðskiptahætti, eins og tillaga var gerð um á síðasta þingi, á þskj. 661, en sú tillaga var beinlínis gerð af sama tilefni og frv. þetta en hlaut ekki afgreiðslu. Allt of miklir hagsmunir eru hér í húfi til þess að jafneinföld og augljós breyting og hér er gerð tillaga um sé dregin eða látin bíða heildarendurskoðunar laganna sem enginn veit hvenær muni ljúka.

Ed. 525. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og fengið eftirtalda aðila til viðræðna: Hólmfríði Snæbjörnsdóttur deildarstjóra, Markús Sigurbjörnsson fulltrúa yfirborgarfógeta, Ásmund Stefánsson forseta ASÍ, Láru Júlíusdóttur lögfræðing ASÍ og Hákon Kristjónsson frá Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með beytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. febr. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.	Björn Dagbjartsson.	Valdimar Indriðason.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 526. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. l. nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi,
b. kröfu launþega um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búi,
c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði iðgjaldahluta launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,
d. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
e. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
f. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,
g. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt stafliðum a—e, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt stafliðum f og g þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

2. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a-, b-, c- og d-liðum 1. mgr. 4. gr.:

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Sþ. 527. Tillaga til þingsályktunar [330. mál]

um útboð á nokkrum algengum neyslu- og fjárfestingarvörum.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Innkaupastofnun ríkisins bjóða út nokkrar valdar tegundir af almennum neyslu- og fjárfestingarvörum í samvinnu við Verðlagsstofnun í þeim tilgangi að stuðla að stærri og hagkvæmari vörukaupum innflutningsfyrirtækja, hagstæðari innkaupum ríkisfyrirtækja á innlendum og innfluttum vörum og lægra vöruverði til neytenda. Öllum sé heimil þátttaka í útboðunum, en þeir sem tilboð gera skulu hafa tryggt sér að vara þeirra verði seld í smásölu sem víðast um land ef tilboði þeirra yrði tekið. Dómnefnd skipuð af viðskiptaráðuneyti með aðild Neytendasamtakanna, Alþýðusambands Íslands og Kaupmannasamtakanna velji þau tilboð sem að öðru jöfnu teljast hagstæðust. Þær vörur, sem dómnefnd velur hverju sinni, skulu auglýstar sérstaklega í fjölmiðlum. Þær skulu njóta forgangs í innkaupum allra ríkisstofnana. Útboð þessi skulu hins vegar ekki útiloka að aðrar vörur sömu tegundar séu áfram á boðstólum.

Kostnaður við útboðið og auglýsingar á hagstæðustu tilboðum skal greiddur af Innkaupastofnun ríkisins sem áskilji sér 0,1% gjald af heildsöluverði þeirrar vöru sem seld er með þessum hætti.

Greinargerð.

Varla er um það deilt eftir endurteknar verðkannanir Verðlagsstofnunar og samanburð á verði hér á landi og nálægum löndum að verðlag hérlendis á ýmsum helstu nauðsynjavörum almennings er óeðlilega og einkennilega hátt.

En þegar nánar er að gáð kemur varla á óvart að almennar neysluvörur séu dýrar hér á landi þegar haft er í huga að þær eru fluttar inn fyrir tiltölulega smáan markað og innkaup á hverri vörutegund skiptast á milli mjög margra heildsala svo að sjaldnast er um að ræða verulegan magnafslátt eða annað það hagræði sem fylgir stórum einingum og miklu magni.

Samkvæmt könnun Verðlagsstofnunar, sem gerð var árið 1979, var niðurstaðan sú að lækka mætti verðlag hér á landi á almennum nauðsynjavörum um 10% ef unnt væri að tryggja að sambærilegt innkaupsverð á innfluttum neysluvörum væri hliðstætt því sem tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum. Það fer því ekkert á milli mála að hér er til mikils að vinna.

Í tillögu þessari er ráð fyrir því gert að Innkaupastofnun ríkisins bjóði út ýmsar valdar tegundir af almennum neysluvörum. Útboð þessi væru þó á margan hátt ólík venjulegum útboðum. **Sá sem lægst byði fengi fyrst og fremst ótvíræða opinbera viðurkenningu á því að boð hans væri hagstæðast, vara hans fengi mikla óbeina auglýsingu auk þess sem ríkið legði fram fé til að auglýsa vöru hans rækilega í fjölmiðlum. Jafnframt yrði gerður kaupsamningur um verulegt vörumagn í þágu ríkisstofnana.** Hér er ekki gerð tillaga um innflutningseinokun, sem vissulega á þó rétt á sér í ýmsum tilvikum, t. d. hvað varðar innflutning á olíu og bensíni eða tóbaki og áfengi. Öllum væri eftir sem áður heimilt að flytja inn eða framleiða og hafa til sölu þær vörutegundir sem boðnar yrðu út. En það er von flutningsmanns þessarar þáltill. að útboð Innkaupastofnunar, eins og hér er lýst, mundu veita innflutningsaðilum heilbrigt og nauðsynlegt aðhald.

Með þessu nýmæli væri reynt að **efla frjálsa samkeppni undir sterkri forustu ríkisvaldsins** og til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Jafnframt væri stuðlað að því að verslunin leitaði leiða til stærri átaka í vöruinnkaupum en nú tíðkast og stórir smásalar sameinuðust um innflutning útboðsvöru með sem hagkvæmustum hætti.

Tvímælalaust má ætla að þessi nýjung í innflutningi á almennum nauðsynjavörum gæti dregið nokkuð úr verðbólgu hér á landi.

Til þess að rökstyðja enn frekar að unnt væri að ná fram lægra vöruverði með innkaupum í stærri einingum en nú tíðkast mætti benda á þá viðleitni samvinnuverslunarinnar sem kennd er við sölu á **grunnvörum.** Í kynningarbæklingi, sem gefinn var út fyrir nokkrum árum, sagði m. a.:

„Hvað er grunnvara?

Hún er flokkur valdra vörutegunda, svonefndra dagvara, sem tekist hefur, með nýbreytni í flutningum og afgreiðslu með hagræðingu sem leiðir til lækkunar hvers konar kostnaðarliða, að tryggja viðskiptavinum kaupfélagsbúða á lægra verði allt árið.

Þessar vörutegundir eru:

sykur 6×2 kg	epli	eldhúsrúllur
sykur 10 kg	appelsínur	w.c. pappír
hveiti 5×5 kg	rauðkál	ljósaperur
hveiti 10×2,5 kg	tekex	þvottalögur
hafragrjón	kex	þvottaefni
grænmeti	saltkex	smjörlíki

Hvað er grunnverð?

Grunnvörutegundirnar eru keyptar inn í miklu magni, þeim er í upphafi, hjá seljanda, komið fyrir í stórum einingum á sérstaka flutningspalla og gáma og í þessum stóru einingum óbreyttum kemur hún til kaupfélagsbúðanna.

Við þá miklu hagræðingu, sem af þessu leiðir, lækka ýmsir kostnaðarliðir svo mikið að það hefur veruleg áhrif til lækkunar á smásöluverði.

Vonir standa til að grunnvaran verði á svo góðu verði að til mikilla hagsbóta leiði hjá viðskiptavinum kaupfélagsbúðanna."

Hér er einmitt hliðstæð hugsun á ferð og býr að baki flutningi þessarar tillögu.

Eins og áður segir er tillagan flutt í því skyni að lækka vöruverð og veita innflutningsaðilum aukið aðhald. Í því sambandi er rétt að minna á aðra tillögu sem Alþýðubandalagsmenn flytja á þessu þingi og miðar að því sama, en það er **þingsályktunartillaga um rannsókn á innflutningsversluninni.**

Sþ. 528. Skýrsla

iðnaðarráðherra um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir Sjóefnavinnslu á Reykjanesi (skv. beiðni á þskj. 139).

Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um stofnkostnað, rekstrarafkomu og framtíðaráætlanir Sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Kristínu Halldórsdóttur, Eiði Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Einarssyni, Ellert B. Schram, Geir Gunnarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni og Karvel Pálmasyni.

Svar:

Upphaflega var talið að auðvelt væri að vinna að uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar í áföngum. Talið var að 8 þús. tonna áfanginn mundi geta staðið undir breytilegum framleiðslukostnaði, þannig að sannreyna mætti markaðslegar forsendur fyrirtækisins með þeim áfanga. Nú er aftur á móti ljóst að tæknilegar forsendur eru verulega breyttar og að kostnaður við 8 þús. tonna áfangann er mun meiri en áætlað var í upphafi. Auk þess mundi rekstur 8 þús. tonna áfangans ekki standa undir breytilegum kostnaði og þar með engu skila upp í afskriftir og vexti. Ein meginástæða þessa er sú að afköst úr saltpönnum eru innan við helming af því sem áætlað var að næðist miðað við kröfur markaðarins um kornastærð o. fl. Miðað við upphaflegar forsendur eru tæknileg vandamál enn óleyst varðandi framleiðslu á fisksalti, einkum hvað snertir samspil afkasta, kornastærðar og styrkleika saltkristalla. Sjóefnavinnslan hf. og ráðgjafar fyrirtækisins hafa lagt til að lokið verði við 8 þús. tonna áfangann a. m. k. og að svokallaðri fínsaltsdeild yrði bætt við upp úr því til að bæta rekstrargrundvöll fyrirtækisins.

Með hliðsjón af lögum um Sjóefnavinnsluna hf. frá maí 1981, og með hliðsjón af skýrslu um 8 þús. tonna saltvinnslu frá febrúar 1981, álítur Iðnaðarráðuneytið að hér sé um að ræða mjög svo breyttar forsendur varðandi uppbyggingu fyrirtækisins og skuldbindingar hins opinbera þar að lútandi. Ráðuneytið hefur komizt að þeirri niðurstöðu að forsendur þessa fyrirtækis hafi verið vafasamar frá upphafi og hafi auk þess veikzt með tímanum. Helztu atriði í þessu sambandi eru eftirfarandi:

1. Söluhorfur.

Horfur um saltsölu frá fyrirtækinu hafa versnað af þremur ástæðum:

a) Fyrirsjáanlegt er að innlend saltnotkun verður minni en áætlað var.
b) Markaðshlutdeild innlends salts verður aldrei 100% eins og áætlað var, vegna samkeppni frá innfluttu salti.
c) Verð á innfluttu salti, sem er viðmiðun varðandi arðsemi sjóefnavinnslu, hefur lækkað upp á síðkastið, m. a. vegna samkeppni innlendu skipafélaganna. Vonir um afgerandi hærra verð fyrir Reykjanessalt hafa ekki rætzt. (Verð á salti frá verksmiðjunni er nú kr. 2600 pr. t. en eimsalt mun selt á kr. 2250 pr. t. í Hafnarfirði og kr. 2580 pr. t. á Akureyri. Hjá Saltsölunni hf. mun gilda eitt verð fyrir allt landið, þ. e. kr. 2490 pr. t.)

2. Aukaafurðir.

Áætlað var að sala á aukaafurðum, kalsíumklóríði o. fl., mundi standa undir meira en helmingi heildartekna fyrirtækisins. Sala þessara efna á erlenda markaði á viðunandi skilaverði er mikilli óvissu undirorpin. Ekkert hefur komið fram sem dregur úr þeirri óvissu sem þetta hefur í för með sér um afkomu fyrirtækisins.

3. Fjármögnun og arðsemi.

Ef Náttúruverndarráð telur nauðsynlegt að tryggja sérstaklega, að ákveðinn hluti svæðis, sem sett er á náttúruminjaskrá, skuli látinn ósnortinn, gerir ráðið samþykkt um slíkt. Tekið skal fram í hverju fólgið sé gildi þess, sem samþykkt hljóðar um, hver séu mörk þess sem ekki má raska, og jafnframt skal tekið fram, að röskun sé óheimil að svo stöddu. Samþykki skal þinglýsa.

Nú telur eigandi (umráðamaður) sér nauðsynlegt að aðhafast eitthvað það, sem kemur í bága við bannið, og ber honum þá að tilkynna ráðinu ætlan sína.

Náttúruverndarráð skal innan mánaðar frá því, að tilkynning hefur borist, taka ákvörðun um, hvort ráðist skuli í friðlýsingu.

Ef friðlýsing hefur ekki verið staðfest innan sex mánaða frá því, að ráðinu barst tilkynning skv. 2. og 3. mgr., er bannið fallið niður, og má þá eigandi láta aflýsa samþykktinni.

32. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst plöntur, dýr og steina, sem það telur nauðsynlegt, að ekki verði raskað, fækkað eða eytt. Friðlýsing getur verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Friðlýsing er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, og fer um staðfestingu hennar eftir ákvæðum 30. gr. eftir því sem þau geta átt við.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Menntamálaráðuneyti er, að ósk Náttúruverndarráðs, heimilt að taka eignarnámi (leigunámi) land, mannvirki og réttindi, ef það verður talið óhjákvæmilegt vegna friðlýsingar samkvæmt IV. kafla eða vegna þeirra ráðstafana, sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

Sá, sem verður fyrir fjártjóni vegna slíks eignarnáms, á rétt á fébótum úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

34. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eru brotin eða hætta á slíku er talin yfirvofandi og getur þá Náttúruverndarráð (náttúruverndarnefnd) krafist atbeina hlutaðeigandi lögreglustjóra, til að komið verði í veg fyrir slíkt eða til að stöðva brot, ef hafið er.

Ef mál ber að svo brátt, að ekki er unnt að koma á fundi, getur formaður Náttúruverndarráðs (náttúruverndarnefndar) borið fram slíka kröfu. Leggja skal málið fyrir næsta fund ráðs (nefndar) til staðfestingar, ef nauðsyn er talin á.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ákvarða má lögaðila sekt fyrir brot án tillits til þess, hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn. Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tilskilins frests fyrirmælum Náttúruverndarráðs samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum samkvæmt þeim, getur það ákveðið honum dagsektir uns úr er bætt. Dagsektir renna í ríkissjóð.

Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum hefur verið fyrirskipað samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum samkvæmt þeim, er Náttúruverndarráði (sveitarstjórn) heimilt að láta vinna verkið á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr ríkissjóði (sveitarsjóði), en innheimta síðan hjá aðila.

Kostnað og dagsektir samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

36. gr.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og reglum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti Náttúruverndarráðs, fundarsköp náttúruverndarþings, stafshætti náttúruverndarnefnda, umgengnisrétt almennings og umgengnisskyldur, um friðlýsingar og umgegni á friðlýstum svæðum. Í reglugerð má kveða á um rétt fulltrúa Náttúruverndarráðs til umferðar um eignarlönd vegna eftirlits og kannana í þágu ráðsins. Þar má og ákveða gjald fyrir þjónustu, sem veitt kann að vera á stöðum, þar sem Náttúruverndarráð sér fyrir tiltekinni aðstöðu.

Ef ágreiningur rís um skilning á einstökum ákvæðum laganna, reglugerða eða reglna samkvæmt þeim, sker menntamálaráðuneytið úr.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt felld úr gildi lög nr. 47/1971, um náttúruvernd, lög nr. 23/1912, um samþykktir um mótak, lög nr. 16/1940, um mótak, lög nr. 70/1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði, svo og lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi. Síðastnefndu lögin falla þó ekki úr gildi fyrr en sett hefur verið reglugerð sú sem um ræðir í 13. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan náttúruverndarþings og fylgdi því greinargerð Náttúruverndarráðs. Í meðförum menntamálaráðuneytisins hafa verið gerðar á frv. lítils háttar breytingar og lagfæringar í samráði við formann Náttúruverndarráðs eftir ábendingum ráðsins og fleiri aðila. Hefur grg. Náttúruverndarráðs verið breytt til samræmis við þetta.

Á 2. Náttúruverndarþingi árið 1975 var Náttúruverndarráði falið að beita sér fyrir endurskoðun gildandi löggjafar um náttúruvernd með tilliti til æskilegra breytinga og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Náttúruverndarþing. Á starfstíma þess ráðs, sem þá var kosið, var unnið að undirbúningi slíkrar endurskoðunar. Sá háttur var á hafður, að ráðið fól einum úr sínum hópi, Páli Líndal, að gera yfirlit um þau atriði, sem helst væri ástæða til að endurskoða eða íhuga nánar. Voru þær hugmyndir ræddar á mörgum fundum ráðsins og ýmsu aukið við.

Þessar hugmyndir voru síðan lagðar fyrir Náttúruverndarþing 1978 og gerð þar grein fyrir þeim. Laganefnd þingsins fékk málið til meðferðar, og bæði frá henni og þingfulltrúum bárust ábendingar um fleiri atriði. Málinu í heild og þar á meðal framkomnum ábendingum var síðan vísað til Náttúruverndarráðs með það fyrir augum, að fullbúið frumvarp yrði lagt fyrir 4. Náttúruverndarþing árið 1981. Náttúruverndarráð fól Páli Líndal síðan að undirbúa frumvarp samkvæmt þessu. Hann hefur unnið að gerð frumvarpsins í nánu samstarfi við Árna Reynisson framkvæmdastjóra ráðsins. Eftir því sem verkinu miðaði áfram, var það kynnt og rætt á fundum ráðsins, en síðan voru lagðar fram tillögur um einstaka þætti, eftir því sem þeir tóku á sig sköpulag. Ýmsar ábendingar og athugasemdir komu fram við meðferð málsins í ráðinu og var sitthvað fellt inn í frumvarpið eða inn í skýringar við einstakar greinar.

Frumvarpið var síðan lagt fyrir 4. Náttúruverndarþing, sem haldið var 21.—23. apríl 1981, og þar var gerð allítarleg grein fyrir því í framsöguerindi. Laganefnd þingsins fékk frumvarpið til meðferðar, svo og breytingartillögur, sem fram höfðu komið. Nefndin samþykkti einróma að mæla með frumvarpinu, en vísað yrði til frekari athugunar Náttúruverndarráðs þrem breytingartillögum, sem hún taldi koma til greina að gera á frumvarpinu. Náttúrverndarþing samþykkti samhljóða að mæla með frumvarpinu og féllst á það álit nefndarinnar að vísa breytingartillögunum þrem til nánari athugunar ráðsins í sambandi við endanlegan frágang frumvarpsins í hendur menntamálaráðuneytisins.

Áðurnefndar þrjár breytingartillögur eru við eftirtaldar greinar: 1) Við niðurlag 5. gr. (nú niðurlag 4. tl. 5. gr.). 2) Á orðalagi 5. mgr. 6. gr. 3) Á orðalagi 1. mgr. 17. gr.

Nánari grein fyrir þessum breytingartillögum er gerð í skýringum við hlutaðeigandi greinar; 1. og 3. tillagan ganga í þá átt að halda ákvæðum gildandi laga og getur Náttúruverndarráð á þær fallist. Í 2. tillögunni er breytt nokkuð frá því, sem lagt er til í frumvarpinu og að vel athuguðu máli telur Náttúruverndarráð þá breytingu varla vera til bóta.

Í framsöguerindi á Náttúruverndarþingum 1978 og 1981 var greint nokkuð frá þróun náttúruverndarmála hér á landi og sérstaklega náttúruverndarlöggjafar allt frá því að hugmyndin um alhliða náttúruvernd og stofnun þjóðgarðs á Þingvöllum kom fram 1913. Náttúruverndarráð telur að svo stöddu ekki ástæðu til að taka þennan þátt í greinargerðina, enda hefur hann fyrst og fremst sagnfræðilegt gildi og snertir ekki beinlínis meðferð þessa frumvarps.

Í framsögu var á það bent, að við samningu þessa frumvarps hefðu þrjú meginatriði komið sérstaklega til umræðu í Náttúruverndarráði og varð þessi niðurstaða ráðsins um þau:

A. Ekki var talin ástæða til að laga frumvarpið sérstaklega að erlendri löggjöf og eru þá einkum höfð í huga þau sjónarmið, sem mjög er byggt á í hinum nýju náttúruverndarlögum Dana nr. 435/1978, er gildi tóku 1. jan. 1979 og leystu af hólmi lög frá 1969 með áorðnum

breytingum. Þótt hér sé um að ræða vandaða löggjöf og merkilega, sem ýmislegt má af læra, var þó talið rétt að bíða átekta og fylgjast með, hvernig reynslan yrði, en málsmeðferð er samkvæmt þessari nýju löggjöf töluvert flókin, seinvirk og kostnaðarsöm; þykir sjálfsagt ýmsum, að ekki sé á slíkt bætandi hér. Þá ber að hafa í huga, að sú skipan sem þar er á höfð er rökstudd að verulegu leyti með hinni víðtæku sameiningu sveitarfélaga, sem þar hefur farið fram, með tilheyrandi valddreifingu, en slík sameining hefur ekki orðið hér. Til þess þó að koma nokkuð til móts við sjónarmið, sem nú er mjög haldið fram, er gert ráð fyrir því, að reynt verði að efla náttúruverndarnefndirnar, sem lögboðnar eru hér og auka tengsl þeirra við Náttúruverndarráð, sbr. niðurlag 1. mgr. 4. gr., svo og dreifa nokkuð valdi ráðsins í sambandi við meðferð stað- eða héraðsbundinna verkefna, sbr. 5. mgr. 6. gr.

B. Eðlilegt gæti verið að færa út verksvið ráðsins t. d. leggja til þess friðunarmálefni, þar sem nú gilda sérlög, annars vegar um fuglafriðun og fleira þess háttar og hins vegar veita því íhlutunarrétt um málefni Þjóðgarðsins á Þingvöllum, en þá í náinni samvinnu við Þingvallanefnd. Er þá ekki síst höfð í huga stækkun þjóðgarðssvæðisins, sem margoft hefur verið rætt um á Náttúruverndarþingi.

Þar sem ráðið taldi sig hafa ærnum verkefnum að sinna nú þegar miðað við þær fjárveitingar, sem það fær og þann mannafla, sem það hefur til starfa, taldi það ekki rök til að leggja til, að því yrðu falin aukin verkefni. Ef úr þessu rættist, mætti taka þennan þátt upp að nýju, enda að ýmsu leyti eðlilegt út frá sjónarmiðum skynsamlegrar verkaskiptingar.

C. Meginbreytingar frumvarpsins eru byggðar á þeirri reynslu, sem fengist hefur undanfarinn áratug og er það engan veginn lakasta vegarnestið. Gildandi lög hafa á margan hátt reynst vel, en sitthvað hefur þó komið fram við framkvæmd þeirra, sem betur mætti fara, gæti tryggt greiðari og öruggari málsmeðferð o. s. frv. Náttúruverndarþing féllst eins og áður segir á hugmyndir ráðsins í öllum aðalatriðum. Skal nú í stuttu máli vikið að þeim:

Í skýringum við einstakar greinar á að koma fram, hverju lagt er til að breytt sé eða hagað á annan veg en í gildandi lögum, og sérstaklega er vakin athygli á nýmælum, sem um er að ræða.

Til gleggra yfirlits skal bent á nokkur atriði, sem fram koma í frumvarpinu, breytingar, sem að er stefnt:

1. Efnisröðun er töluvert frábrugðin því, sem er í gildandi lögum. Hefur verið reynt að fella í heild það efni, sem helst þykir eiga saman og skapa þannig rökræna og samstæða heild.
2. Af áratugs reynslu hefur fram komið, að sitthvað mætti vera skýrar orðað, og hefur verið reynt að bæta úr því.
3. Fyllri ákvæði eru í frumvarpinu en í gildandi lögum um það, hvernig framfylgja megi ákvörðunum um náttúruverndarmál, sérstaklega um ýmsa stjórnsýsluþætti.
4. Stefnt er að því að styrkja tengsl ráðsins við náttúruverndarnefndir og dreifa valdi þess nokkuð í sambandi við meðferð stað- og héraðsbundinna mála.
5. Reynt hefur verið að setja skýrari reglur en nú gilda um almannarétt, kveða nánar á um, hver séu réttindi og skyldur landeigenda (umráðamanna) og almennings.
6. Stefnt er að því að efla stuðning ráðsins við útilíf.
7. Í frumvarpinu er lögð á það áhersla að tryggja svo sem aðstæður leyfa viðunandi umgengni úti í náttúrunni.
8. Sett eru ákvæði, sem eiga að tryggja betur en er, að tillit verði tekið til sjónarmiða náttúruverndar við skipulagsgerð.
9. Reglur um friðlýsingu, sem eru nú töluvert ósamstæðar, eru samræmdar. Skýrgreint er, hverjir séu flokkar friðlýstra svæða; kveðið er nánar á um réttindi manna og skyldur í sambandi við meðferð friðlýstra svæða.

10. Sett eru miklu fyllri ákvæði en nú gilda um náttúruminjaskrá og réttarverkanir þess, að svæði er sett á skrána.
11. Stefnt er að því að gera meðferð friðlýsingarmála öllu einfaldari og skýrari en verið hefur.
12. Lagt er til, að numin verði úr gildi nokkur lagaákvæði, sem virðast úrelt orðin. Er hér um að ræða ákvæði, sem snerta efni náttúruverndarlaga að meira eða minna leyti. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir, að sá hluti efnis þeirra, sem enn getur átt við, geti komið í reglugerðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi laga. Greinin felur í sér þá mikilvægu stefnumörkun, að lögin hafi tvíþætt markmið. Þau séu annars vegar verndarlög eins og heitið bendir til, en jafnframt útilífslög í þýðingarmiklum atriðum. Sums staðar í löggjöf annarra landa er greint hér á milli, höfð sérlög um hvort efni um sig, en vel þykir fara á því að halda því fyrirkomulagi, sem hér hefur gilt og virðist hafa gefist vel. Í frumvarpi þessu er lögð nokkru meiri áhersla á útilífsþáttinn en er í gildandi lögum.

II.KAFLI

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli, og er ætlað að taka af öll tvímæli um, hvert er gildissvið laganna, sbr. ábendingu frá Náttúruverndarþingi 1978.

Um 3. gr.

1. mgr. er samhljóða 2. gr. gildandi laga, en 2. mgr. kemur í stað ákvæða í 6. og 7. gr.

Um 4. gr.

Um 1. mgr. Að vel athuguðu máli er lagt til, að skipun náttúruverndarnefnda verði óbreytt frá því, sem nú er, sbr. 1. mgr. 3. gr. Það er og í samræmi við ábendingar frá Náttúruverndarþingi 1978. Þótt núverandi skipun sé orðin allóeðlileg, ekki síst vegna hinnar miklu fjölgunar kaupstaða, sem orðið hefur frá því að lögin voru sett, þykir ekki rétt að gera tillögur um sérstaka nýskipun náttúruverndarumdæma, enda ekki annað vitað en sveitarfélagaskipunin sé í endurskoðun. Að athuguðu máli þótti ekki hyggilegt að stofna sérstaka stöðu náttúruverndarfulltrúa í hverju sveitarfélagi, utan kaupstaða, eins og rætt var um á Náttúruverndarþingi 1978; óvíst er um gagnsemi þess að koma upp sveit 200 náttúrverndarfulltrúa til viðbótar því kerfi sem fyrir er. Þess í stað er gert ráð fyrir, að Náttúruverndarráð geti kosið fulltrúa til að sitja í náttúruverndarnefnd með málfrelsi og tillögurétti. Gæti þetta vafalaust orðið til þess, bæði að styrkja tengslin við Náttúruverndarráð, sem óneitanlega gætu verið meiri, og efla starf nefndanna, sem reynst hafa misjafnlega starfsamar.

Um 2. mgr. Þessi mgr. kemur í stað 2. mgr. 3. gr., en er nokkru fyllri. Þar er kveðið á um störf náttúruverndarnefnda í einstökum atriðum, en í reglugerð yrði kveðið nánar á um þau störf, sbr. 37. gr. frv.

Um 3. mgr. Þess eru dæmi, að störf náttúruverndarnefnda hafi verið sameinuð störfum annarra nefnda. Lögin gera raunar ekki ráð fyrir þessu, en hér getur verið um að ræða skynsamlega ráðstöfun, enda síst ástæða til að amast við því, að skyld málefni séu fremur undir stjórn einnar nefndar en margra. Getur slíkt oft verið kostur. Hins vegar getur slík

sameining gengið of langt, þannig að náttúruverndarmálin hverfi algerlega í skugga annarra nefndarstarfa og jafnvel orðið þeim lítt samrýmanleg. Þykir rétt, að slá varnagla við því, sbr. niðurlag greinarinnar.

Um 5. gr.

Ákvæði 1.—4. mgr. gefa ekki tilefni til skýringa, enda óbreytt frá því, sem gildir nú.

Í frumvarpi því, sem lagt var fyrir Náttúruverndarþing 1981 var ekki tekin með sú heimild að fjölga mætti fulltrúum á Náttúruverndarþingi með einfaldri reglugerðarbreytingu, sbr. 7. tl. 4. gr. gildandi laga. Rök til þess voru talin þessi: Eins og nú horfir, virðast því lítil takmörk sett vegna víðtækra ákvæða í 4. gr., hvaða aðilar geta með einföldum samanburði við aðra krafist aðildar að þinginu. Sumir kunna að segja, að skaðlaust sé, en á móti kemur það, að ekki er að öllu leyti æskilegt, að fjölgað verði stöðugt og hömlulítið eins og 7. tl. býður upp á; getur slík fjölgun breytt þeim valdahlutföllum, sem höfð hafa verið í huga, þegar lögin voru sett, t. d. með því að taka fram, að ákveðnir embættismenn hafi ekki kosningarrétt til Náttúruverndarráðs. Að sjálfsögðu má finna einhverjar millileiðir, enda er hér ekki verið fyrir fram að amast við neinum ákveðnum aðila, heldur einungis verið að meta málið út frá almennum stjórnsýslusjónarmiðum.

Í framsögu var sérstaklega tekið fram, að tilgangurinn væri sá að fá vitneskju um afstöðu þingsins sérstaklega til þessa. Náttúruverndarþingið taldi rétt að halda núgildandi ákvæðum óbreyttum.

Í 5. mgr. 5. gr., um það hverjir eigi sæti á Náttúruverndarþingi, eru taldir upp í 1.—3. tölulið ákveðnir aðilar, sem rétt eiga til setu á þinginu, sbr. 1., 4. og 5. tl. 4. gr. gildandi laga.

Í 4. tl. 5. gr. frv. er að hluta farin önnur leið en nú er við ákvörðun þingfulltrúa. Í stað þess að telja upp í lögunum samtök og stofnanir, sem tilnefna skulu fulltrúa (sbr. 2., 3. og 6. tl. 4. gr. gildandi laga), og heimila síðan fjölgun þeirra með reglugerð (sbr. 7. tl. 4. gr.), er nú gert ráð fyrir því, að allir þessir tilnefningaraðilar verði ákveðnir með reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Er þetta einfaldari málsmeðferð, en sömu sjónarmið og verið hafa ráða valinu, sbr. orðalag 4. tl. 5. gr. frv.: „Fulltrúar samtaka og stofnana, sem hagsmuna eiga að gæta eða láta náttúruvernd og útilíf sérstaklega til sín taka.“

Um 6. gr.

Í þessari grein er aðallega um að ræða breytingu á röðun. 1. mgr. er samsvarandi 1. málsl. 7. gr. laganna; 2. mgr. er efnislega samhljóða niðurlagi 8. gr., sbr. og 10. gr.; 3. mgr. er samsvarandi 9. gr. laganna og 4. mgr. er samsvarandi 1. málsl. 8. gr. laganna.

Í 5. mgr. er lagt til að lögfest verði nýmæli. Um nokkurt skeið hefur ráðið haft þann háttinn á að leita til sérfræðinga og staðkunnugra manna og falið þeim að vera til ráðuneytis um t. d. vegalagnir og línulagnir, svo að dæmi séu nefnd. Rétt þykir, að heimild verði veitt, til að þessir aðilar geti fengið lögboðna stöðu til afgreiðslu tiltekinna mála með þeim takmörkunum, sem settar yrðu hverju sinni. Að slíku hlýtur að vera augljóst hagræði. Að sjálfsögðu er ætlast til, að þeir hafi samráð við náttúruverndarnefndir eftir því sem efni standa til. Umdæmi gætu verið mismunandi víðáttumikil eftir því sem henta þætti.

Á Náttúruverndarþinginu kom fram ábending um, að 1. ml. 5. mgr. þessarar greinar skyldi orðast svo: „Náttúruverndarráð getur tilnefnt sérstakan umboðsmann sinn á sviði náttúruverndarmála vegna tiltekinna framkvæmda.“ Náttúruverndarráði virðist þessi breyting ekki horfa til bóta. Það telur nauðsynlegt að nokkuð skýrar leiðbeiningarreglur gildi um verksvið umboðsmanns; fleira á og að falla undir verksvið hans en „framkvæmdir“, t. d. leiðbeiningar um sitthvað. Það leggur því til, að texti frumvarpsins verði óbreyttur.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2.—3. mgr. 7. gr. gildandi laga.

III. KAFLI

Um 8. gr.

Kemur í stað upphafs 13. gr. Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Fyrir Náttúruverndarþing 1978 var sett á fót nefnd skipuð fulltrúum Náttúruverndarráðs og fulltrúum bændasamtakanna til að fjalla um 11. gr. núgildandi náttúruverndarlaga. Þessari grein hafði verið breytt í meðförum Alþingis, er núverandi lög voru sett. Í frumvarpi því, sem lagt hafði verið fyrir Alþingi 1969—1970 er nefnd hafði samið: Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson, hafði verið lagt til, að greinin skyldi hljóða svo:

„Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Sé land girt, er aðeins heimilt að fara um hlið á girðingunni.

För um ræktað landsvæði er háð leyfi forráðamanna lands, svo og dvöl þar".

En eins og áður segir, var greininni breytt í meðförum Alþingis, og hefur sú breyting sætt mikilli gagnrýni bæði á Náttúruverndarþingum og víðar. Þegar verið var að undirbúa þá endurskoðun náttúruverndarlaga, sem nú liggur fyrir, var áðurgreind nefnd skipuð. Niðurstaða hennar var sú, að greinin skyldi hljóða á þessa leið:

„Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi dvöl þess þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Sé land girt, er aðeins heimilt að fara um hlið á girðingu eða gangstíga þar sem þeir eru fyrir hendi. Almenningi er frjálst að tjalda á óræktuðu landi manna, sé það ekki sérstaklega bannað með greinilegu merki á staðnum, enda sé í hvívetna gætt góðrar umgengni, sbr. 13. gr. För um ræktuð lönd er háð leyfi forráðamanna lands svo og dvöl þar."

Á Náttúruverndarþinginu 1978 fjallaði laganefnd um þær hugmyndir, sem þá höfðu verið kynntar um breytingar á náttúruverndarlögum. Nefndin lagði til, að greinin skyldi orðast svo:

„Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð eignarlönd manna og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar enda hafi dvöl þess þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Sé land girt, er aðeins heimilt að fara um hlið á girðingu eða gangstíga, þar sem þeir eru fyrir hendi. Almenningi er frjálst að tjalda á óræktuðu landi næturlangt sé það ekki sérstaklega bannað með greinilegu merki á staðnum, enda sé í hvívetna gætt góðrar umgengni sbr. 13. gr. För um ræktuð lönd er háð leyfi forráðamanna lands, svo og dvöl þar".

Sú málsmeðferð var höfð á þinginu, að ábendingar umræðuhópsins komu ekki til atkvæða, heldur var þeim vísað til Náttúruverndarráðs til frekari athugunar við frágang frumvarpsins í heild svo sem segir í inngangi þessarar greinargerðar.

Ákvæði þessarar greinar hafa verið rædd töluvert á fundum ráðsins, sérstaklega eftirfarandi: Mjög erfitt er oft á tíðum fyrir allan almenning að gera sér grein fyrir, hvar eru mörk lögbýla, enda víða óljóst. Þá er það nokkuð á reiki, hvað telja beri ræktað land og hvað óræktað, en líta verður svo á, að tún og ígildi þeirra falli fyrst og fremst undir hugtakið ræktað land í vitund almennings, einnig akrar, skógræktarsvæði, land, sem er í skipulagðri uppgræðslu og annað slíkt. Sjálfsagt er að sporna við öllum ágangi þar, sem valdið gæti tjóni.

Óeðlilegt virðist að láta girðingar um óræktarlönd ráða för manna, enda ástand girðinga oft þannig, að spurning getur vaknað um, hvort telja beri, að um raunverulega girðingu sé að ræða eða ekki, eins og t. d. þegar girðing er á eina hlið lands eingöngu eða girðingar meira og minna fallnar.

Ástæðulaust virðist að gera ráð fyrir búfé sem persónu að lögum eins og mætti túlka ákvæði í 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga. Það hlýtur aftur á móti að teljast óhagræði fyrir eiganda, ef búfé er valdið óþægindum og er því greinin orðuð svo.

Rétt þykir, að landeigandi geti bannað sérstaklega tjöldun á landi, þótt óræktað sé, því að slíkt getur valdið óþægindum, sem vegfarandi gerir sér ekki grein fyrir, en þá þarf til að koma merking, enda bann að öðrum kosti meira og minna óvirkt.

Ástæðulaust er að menn fari um ræktað land og dveljist þar, þótt ógirt sé. Þetta ætti þó að túlka þannig, að þetta eigi aðeins við á þeim tíma árs, sem óþægindi geta stafað af, t. d. tæplega að vetralagi.

Ákvæði um berjatínslu, sem voru í 12. gr. eru felld aftan í þessa grein. Eru þau efnislega óbreytt frá því, sem verið hefur í raun. Að athuguðu máli þótti ekki tilefni til að setja reglur um grasatekju, töku kræklings o. fl., en sveppum hins vegar bætt við.

Um umgengni almennings gilda að sjálfsögðu ákvæði 8., 11., 12. og 14. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. koma í stað ákvæða í 20. gr. gildandi laga, sbr. ábendingu frá Náttúruverndarþingi 1978.

Hins vegar eru 2. og 3. mgr. að því leyti nýmæli, að þar er kveðið á um, hvernig megi framkvæma þá viljayfirlýsingu, sem fram kemur í 27. gr. núgildandi laga. Greinin ætti ekki að þurfa sérstakra skýringa að öðru leyti.

Um 11. gr.

Þessi grein kemur í stað ákvæða, sem nú er að finna í 14. gr. laganna.

Um 12. gr.

Þessi grein kemur einnig í stað ákvæða í 14. gr., en verulega er aukið við. Sérstaklega ber að benda á, að lagt er til, að sú borgaralega skylda verði lögð á menn að gera eftir megni ráðstafanir til að sporna við eyðingu gróðurs og dýralífs, sem hlotist getur, ef eldur verður laus. Þessi ákvæði eru nokkuð sambærileg ákvæðum í 12. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Um 13. gr.

Á Náttúruverndarþingi 1978 var á það bent, að eðlilegt gæti verið að fella inn í náttúruverndarlög ákvæði laga nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi. Þessi lög eru töluvert ítarleg, og þykir margt af því, sem þar er lögákveðið, eiga eins vel heima í reglugerð, skv. náttúruverndarlögum. Greinin er orðuð með tilliti til þess. Vakin er athygli á því, að í niðurlagi 38. gr. er gert ráð fyrir, að lögin frá 1966 haldi gildi sínu, uns umrædd reglugerð hefur verið sett, en hún skal sett að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs.

Um 14. gr.

1. og 2. mgr. koma í stað 3. mgr. 13. gr. gildandi laga. Við túlkun á greininni ber að hafa í huga ákvæði 21. gr. frv. Rétt þótti að nota samheitið úrgangur í staðinn fyrir sorp, drasl, rusl o. s. frv., sem notað er sitt á hvað í lögunum.

Nauðsynlegt virðist, að í hverju sveitarfélagi sé til viðunandi staður, þar sem ferðamenn og aðrir vegfarendur geti losað sig við úrgang, sem til fellur. Virðist ekki öðrum standa nær

að sjá fyrir slíku en hlutaðeigandi sveitarstjórn, sbr. og g-lið 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, svo og 4. tl. 10. gr. laga nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Varla verður talið, að teljandi kostnað geti leitt af slíkum ráðstöfunum.

Um 15. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga. Þó eru ákvæði 4. mgr. nýmæli, sbr. skýringar við 18. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Ákvæði þessi koma í stað 16. gr. laganna, sem eru tæplega nógu skýr eins og á var bent á Náttúruverndarþingi 1978 og reynsla hefur sýnt. Með breytingunni er að því stefnt, að ótvírætt verði, hverjar séu skyldur þeirra, sem greinin tekur til.

Um 17. gr.

Þessi grein kemur í stað 19. gr. gildandi laga. Með vísun í vegalög er að því stefnt, að skýrt verði, hvernig túlka beri upphafsákvæðin í greininni. Gildandi ákvæði geta valdið misskilningi eða ágreiningi. Það er talið til fyrirmyndar, að tekist hefur að miklu leyti að halda frá þjóðvegum landsins almennum viðskiptaauglýsingum, en þær eru til mikilla lýta víða í löndum. Hins vegar þykja ákvæði 2. ml. 1. mgr. 19. gr. nokkuð fortakslaus og jafnvel geta valdið vandræðum, ef stranglega er fylgt, þar sem heimildin til að setja upp auglýsingar er bundin við mörk hlutaðeigandi eignar. Því er gert ráð fyrir möguleika á undanþágu í 2. ml. 2. mgr., sem að sjálfsögðu yrði að nota mjög í hófi.

Eins og orðalag greinarinnar ber með sér, er henni ekki ætlað að koma í veg fyrir, að bæir til sveita séu auðkenndir og mörk sveitarfélaga, vakin sé athygli á stöðum, er fræðslugildi hafa, umferðarleiðbeiningar séu settar upp og annað slíkt, heldur er hér eingöngu átt við viðskiptaauglýsingar.

Í 1. mgr. upphaflega frumvarpsins var talað um „landareign“, en bent var á það á Náttúruverndarþingi að nota orðið „eign“ eins og er í gildandi lögum.

Um 18. gr.

Þessi grein kemur í stað 17. gr. gildandi laga. Rétt þykir í þessu sambandi að benda á námulögin frá 1973, sem fjalla að nokkru leyti um sama efni.

Í sambandi við 2. mgr. kom fram sú ábending á Náttúruverndarþingi 1978, að erfitt gæti verið fyrir sveitarstjórnir vegna staðbundinna sjónarmiða að framfylgja sem skyldi ákvæðum greinarinnar. Er því lagt til, að Náttúruverndarráð fái þarna tiltekið hlutverk, en að sjálfsögðu er ætlast til, að heimamenn bæði sveitarstjórn og náttúruverndarnefnd, sem í hlut eiga, geri ráðinu aðvart, ef tilefni verður til, svo og að sjálfsögðu umboðsmaður ráðsins, sbr. 6. gr. frv.

Enn eru í gildi að formi til lög um mótak (mótekju, svarðartekju), sem ekki virðast hafa þýðingu lengur, og munu naumast nokkurn tíma hafa komið til framkvæmda. Er þeirra laga getið í 38. gr. Virðist ástæðulaust að halda þeim í lagasafni. Ef þörf reynist að setja reglur um þessi efni, ætti reglugerð að nægja, og er sérstaklega gert ráð fyrir heimild til slíks. Þá er og hugsanlegt, að til komi í framtíðinni einhvers konar notkun á mó með nýjum hætti, og gæti þá þurft að setja sérstök lög um slíkt. Gildandi lög eru í öllu falli úrelt orðin.

Um 19. gr.

Grein þessi kemur í stað 2. mgr. 13. gr. og virðist ekki þarfnast skýringa. Nýmæli er í 3. mgr., og er það byggt á þeim sjónarmiðum, sem um ræðir í athugasemd við 1. gr. frv., að samræmd séu sem best sjónarmið náttúruverndar og útilífs.

Um 20. gr.

Þessi grein frumvarpsins kemur fyrst og fremst í stað 29. gr. laganna, sem er ekki svo skýr sem skyldi. Hún felur efnislega ekki í sér verulegar breytingar frá þeim starfsháttum, sem tíðkast hafa, sbr. og 36.—40. gr. reglugerðar nr. 205/1973, sbr. rgj. nr. 640/1982. Rétt þykir þó að orða ákvæði greinarinnar nákvæmar, þannig að síður geti til misskilnings komið. Ástæða þykir að undirstrika skyldur Náttúruverndarráðs til þess að hraða tilskilinni álitsgerð.

Í stað ákvæða 2. mgr. 29. gr. laganna kemur hið almenna ákvæði í 1. mgr. 34. gr. frv. 2. mgr. 20. gr. frv. kemur í stað 3. mgr. 29. gr. laganna, og er efnislega séð nokkurn veginn samhljóða þótt orðalagi sé breytt. Þar sem vafi getur komið upp um skilning á ákvæðum greinarinnar, þykir rétt að kveða á um úrskurðarvald ráðuneytisins, sbr. 4. mgr., enda með öllu ókleift að orða tæmandi reglur um það, til hvaða mannvirkja ákvæði 2. mgr. eigi að taka.

Það þykir sjálfsagt, að framkvæmdaraðili beri kostnað við könnun, sem talin er nauðsynleg. Slíkur rannsóknarkostnaður er í eðli sínu hluti af kostnaði við hlutaðeigandi framkvæmd, og á því að tilheyra honum, en ekki greiðast af almannafé. Að vísu má hugsa sér, að könnun eða rannsókn sé það umfangsmikil, að hún nýtist að hluta fyrir heildina. Þá er eðlilegt, að hluti kostnaðar greiðist af fjárveitingum ríkisins til rannsóknastarfsemi í landinu.

Um 21. gr.

Þessi ákvæði koma fyrst og fremst í stað 18. gr. laganna. 2. mgr. er þó nýmæli og í samræmi við ábendingu, sem fram kom á Náttúruverndarþingi 1978. Þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Þessi grein er nýmæli. Eftir að gildandi náttúruverndarlög voru sett, hefur landið allt orðið skipulagsskylt, skv. lögum nr. 31/1978. Þar með er orðin töluvert meiri hætta á því en áður var, þegar aðeins hluti landsins, aðallega þéttbýlisstaðir, voru skipulagsskyldir, að náttúruverndarsjónarmið og skipulagssjónarmið geti rekist á. Með ákvæðum greinarinnar er reynt að tryggja eftir föngum, að til slíks þurfi ekki að koma.

Um 23. gr.

Náttúruverndarráð hefur farið fram á það, að 21. gr. gildandi náttúruverndarlaga verði breytt, og hefur verið borið fram stjórnarfrumvarp um það, en frv. hefur dagað uppi í meðförum Alþingis. Nú er greinin, eins og hún var í frumvarpinu, tekin upp í þetta frumvarp með lítils háttar breytingum.

Svofelld greinargerð fylgdi frumvarpinu, sem lagt var fyrir Alþingi, orðalagi lítið eitt vikið við:

„Hugmynd um bein afskipti Náttúruverndarráðs af sumarbústöðum virðist fyrst koma fram í frv. því að núgildandi náttúruverndarlögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1969—1970. Ákvæði um þetta efni verður með lítils háttar viðaukum að lögum, þ. e. 21. gr. laga nr. 47 1971, um náttúruvernd.

Samkvæmt þessu ákvæði eru afskipti af sumarbústaðabyggð fyrst og fremst miðuð við sveitarfélög, sem ekki eru skipulagsskyld. Hér virðist því það hefðbundna sjónarmið ríkjandi, að skipulagsstarf sé nánast einskorðað við þéttbýli; svo hefur líka verið í raun. Skipulagslögin nr. 19/1964 gera þó ráð fyrir, að sveitarfélög í strjálbýli geti orðið skipulagsskyld. Hafa allmargar sveitarstjórnir í strjálbýli óskað eftir skipulagsskyldu, og á hana verið fallist. Sú skoðun er líka orðin nokkuð viðurkennd, að síst minni þörf sé á skipulagningu í strjálbýli en þéttbýli, þótt með öðrum hætti sé að vissu marki. Löggjafinn

hefur líka viðurkennt þetta í raun með setningu laga nr. 31/1978. Þar er skrefið stigið til fulls og ákveðið, að frá og með 1. janúar 1979 séu öll sveitarfélög landsins skipulagsskyld.

Með þessum lögum varð ákvæði 21. gr. náttúruverndarlaga í raun óvirkt og mjög óljóst, hver réttarstaða Náttúruverndarráðs gagnvart sumarbústaðabyggð verður að öllu óbreyttu.

Hér þykir þörf á að taka af öll tvímæli. Að sjálfsögðu verður að því stefnt, að öll bygging sumarbústaða eins og önnur byggð geti fram farið samkvæmt staðfestu skipulagi. En það má ljóst vera, að slíkt á langt í land, og ætla má, að ýmis þau svæði, sem eftirsóknarverðust þykja til byggingar sumarbústaða, verði tæplega forgangsverkefni skipulagsyfirvalda enda verkefni fram undan geysimikil.

Nauðsynlegt er hins vegar, að unnt sé að koma til móts við óskir almennings um leyfi til byggingar sumarbústaða, þó þannig að náttúruverndarsjónarmiða verði gætt.

Aðalreglan samkvæmt frumvarpinu er sú, að í skipulagi verði sýnt, hvar sumarbústaði megi reisa, en þar sem það er ekki fyrir hendi, verði ákvörðunarvaldið um staðsetningu hjá yfirvöldum náttúruverndarmála, eins og nánar er lýst í greininni.

Það er vitað mál, að náttúruverndarnefndir eru misjafnlega athafnasamar og því þykir rétt að Náttúruverndarráð geti tilnefnt trúnaðarmann til að fara með umboð sitt í þessum málum, sbr. 6. gr. frv. Með því ynnist það, ef umdæmi trúnaðarmanns væri nokkuð víðáttumikið, að meiri trygging ætti að vera fyrir samræmi í afgreiðslum.

Ætla verður að varla sé hægt að hafa einfaldara og kostnaðarminna stjórnkerfi á þýðingarmiklu sviði en hér er lagt til.

Að öðru leyti virðist greinin varla þurfa skýringar við, enda er hún í samræmi við markmið núgildandi greinar eins og því er lýst í frv. frá 1969—1970".

Um 24. gr.

Þessi grein er að því leyti nýmæli, að í henni eru taldir upp þeir flokkar friðlýstra svæða, sem frumvarpið fjallar um og vísað í sérákvæði, sem gilda um hvern flokk fyrir sig. Jafnframt er þar safnað saman þeim ákvæðum, sem sameiginleg eru öllum þessum flokkum, t. d. gerð grein fyrir verkun friðlýsingar, tilgreindar eru heimildir til að setja reglur um friðlýst svæði eftir því sem við á í hverju tilfelli. Niðurlag greinarinnar er í samræmi við ábendingu Náttúruverndarþings 1978, sbr. og 2. gr.

Um 25. gr.

Í efsta flokki friðlýstra svæða, ef svo má að orði komast, eru þjóðgarðar, og kemur þessi grein í stað 25. gr. núgildandi laga. Stofnun fyrsta þjóðgarðsins á Þingvöllum, skv. lögum nr. 59/1928, var ekki síst komin til vegna söguhelgi staðarins. Þetta sjónarmið kemur fram í 25. gr., svo og í 2. mgr. 1. gr. núgildandi náttúruverndarlaga. Að því leyti gætu ákvæðin um þjóðgarða einnig átt heima í þjóðminjalögum, en gert er ráð fyrir, að þessara sjónarmiða verði gætt með sérstöku samráði við Þjóðminjasafn, skv. 4. mgr. 25. gr. frv. Ástæða er til að benda enn á samþykktir Náttúruverndarþinga um nauðsyn þess, að lögin um friðun Þingvalla verði endurskoðuð.

Í 2. mgr. er nýmæli. Í gildandi lögum er gengið út frá, að þjóðgarð megi einungis stofna í landi, sem er ríkiseign. Vegna ýmiss konar óvissu um eignarrétt að landi í óbyggðum þykir rétt að setja í frumvarpið ákvæði þess efnis, að þjóðgarð megi einnig stofna á landi, sem enginn getur sannað eignarrétt sinn að. Þá er og lagt til, að þjóðgarð megi stofna á landi í einkaeign. Það er þó bundið því skilyrði, að sá aðili, sem hlut á að máli gangist undir þær skyldur, sem þessu fylgja. Er þá sérstaklega haft í huga, að hér geti orðið um að ræða ævarandi kvöð á landinu samkvæmt tilteknum reglum, sem samræmast þjóðgarðshugmynd. Þetta ákvæði er til komið af þeirri ástæðu, að eignarrétti að landi getur verið svo háttað, að eigandi, hvort sem er einstaklingur og þá ekki síður félag eða stofnun geti ekki eða vilji ekki

afsala eignarrétti, en sé hins vegar reiðubúinn að gangast undir kvaðir samkvæmt framansögðu. Ekki verður séð, að þetta fyrirkomulag brjóti á nokkurn hátt í bága við þá hugmynd, sem liggur að baki þjóðgarðsstofnun. Ef í ljós kæmi, að einhver vandkvæði leiddi af þessu, er tvennt til, annaðhvort að eignarnám færi fram á landinu samkvæmt 33. gr. frv. eða þá þjóðgarðsstofnun yrði felld úr gildi eða þjóðgarðssvæðið skert, sem þessu landi næmi.

Um 26. gr.

Þessi grein kemur í stað 24. gr. gildandi laga. Ýmislegt af efni þeirrar greinar er tekið upp í 24. gr. frv. eins og áður er vikið að.

Um 27. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 22. gr. gildandi laga. Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frv. til náttúruverndarlaga, og lagt var fyrir Alþingi 1955 og í fyrstu náttúruverndarlögunum, virðist hugtakið náttúruvætti skýrt þröngt, þannig að frekast sé átt við sérstæðar afmarkaðar náttúruminjar. Við endurskoðun þá, sem fram fór um 1970, var hugtakið víkkað verulega, sbr. orðalag 2. mgr. 22. gr. gildandi laga. Samkvæmt því tekur hugtakið ekki aðeins yfir náttúruminjarnar sjálfar, fossa, dranga, o. s. frv., heldur og svæði umhverfis „svo sem nauðsynlegt er til þess að þau fái notið sín". Samkvæmt þessu eru því lítil mörk sett, hversu víðlent svæðið eða náttúruvættið megi vera.

Á Náttúruverndarþinginu 1978 kom fram ábending um það, að tekin yrði upp nýr flokkur friðlýstra svæða, svokölluð verndarsvæði. Þá var átt við svæði, sem ástæða gæti verið til að friðlýsa vegna fjölbreytts landslags og jarðmyndana. Um þetta er einnig haft hugtakið landslagsvernd í þröngri merkingu.

Þar sem nú eru fyrir fjórir flokkar friðlýstra svæða og mörk þeirra milli engan veginn skýr, þótti álitamál, hvort rétt væri að bæta við hinum fimmta, sem gæti að vissu leyti fallið undir hugtökin friðland og náttúruvætti, jafnvel fólkvang. Var því rætt um að hverfa frá þessari hugmynd, en í þess stað víkka náttúruvættishugtakið. Þá var talið, að orða mætti niðurlag greinarinnar á þessa leið:

„Náttúruvætti telst einnig tiltekið landslag (svæði), séð frá ákveðnum útsýnisstað eða ákveðinni leið, er þykir svo fagurt og sérstætt, að ástæða þyki til að varðveita yfirbragð þess sem svipheild."

Á móti þessu var bent á, að óráðlegt væri að víkka út náttúruvættishugtakið samkvæmt framansögðu. Væri þá komið langt út fyrir þá hugmynd, sem hefði verið að baki hugtaksins í byrjun, en slíkt væri óæskilegt.

Af þessum ástæðum er náttúruvættishugtakið ekki víkkað umfram það, sem bent er á hér á eftir.

Ábending sú, sem fram kom á Náttúruverndarþingi 1978, hljóðaði á þessa leið:

„Náttúrverndarráð getur friðlýst svæði fjölbreytts landslags og jarðmyndana og nefnast þau verndarsvæði.

Á verndarsvæðum má ekki stofna til jarðrasks eða mannvirkjagerðar nema með leyfi ráðsins eða samkvæmt staðfestu skipulagi. Undantekingar eru eðlilegar framkvæmdir á lögbýlum er ekki brjóta í bága við landslagsvernd. Framræsla votlendis er þó aðeins heimil á verndarsvæðum samkvæmt áætlun, er ráðið hefur samþykkt".

Breyting sú, sem felst í 27. gr., frá því sem segir í 22. gr. laganna og áður er minnst á, er sem hér segir: Bætt er við hverum, stöðuvötnum og straumvötnum, þá er kveðið nánar á um afmörkun náttúruvættis, sem teljast verður nauðsynlegt, t. d. um aðkomuleið, ef því er að skipta.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega lítt breytt frá 26. gr. gildandi laga. Felld eru niður ýmis ákvæði, sem nú eru komin í 24. gr. frv. og önnur, sem sjálfsagt þykir að verði í sérstakri reglugerð um fólkvanga og þykja því óþörf í lagatexta.

Í 4. mgr. er nýmæli. Með því er reynt að skapa möguleika á því, að fólkvang megi með vissum skilyrðum stofna utan þess eða þeirra sveitarfélaga, sem standa að stofnun og rekstri. Þetta þykir eðlilegt vegna þess, hversu ýmsir þéttbýlisstaðir búa við mikil landþrengsli og skortir þar með hentug svæði til útivistar.

Um 29. gr.

Hér eru sett töluvert fyllri ákvæði um gerð og gildi náttúruminjaskrár en er að finna í 28. og 34. gr. gildandi laga, sbr. ábendingu frá Náttúruverndarþingi 1978.

Hér er því slegið föstu, að náttúruminjaskráin eigi að vera tvíþætt, annars vegar geymi hún skrá um staði, sem friðlýstir hafa verið, en hins vegar staði, sem æskilegt er, að friðlýstir verði, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært að ráðast í friðlýsingu. Er þá nánast um stefnuyfirlýsingu að ræða.

Þar sem ríkissjóður hefur forkaupsrétt að jörðum eða jarðarhlutum á náttúruminjaskrá, sbr. 34. gr. gildandi laga, þykir eðlilegt, að skráin verði birt í Stjórnartíðindum. Til álita kæmi að mæla fyrir um þinglýsingu. Að öðru leyti ætti greinin ekki að þurfa skýringar við.

30. gr.

Rétt þótti að fella í eina samfellda heild ákvæði um framkvæmd friðlýsingar, réttarstöðu hagsmunaaðila, auglýsingar, meðferð athugasemda, ef um þær er að ræða og afgreiðslu friðlýsingarmáls í hendur menntamálaráðuneytis, sem fer með æðsta vald á því sviði. Þessi grein kemur því í staðinn fyrir 30.—33. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Þótt jörð eða jarðarpartur sé á náttúruminjaskrá, felst ekki í því nein friðun. Rétt þykir hins vegar, að tækifæri gefist til að athuga aðstæður, ef stefnt er að framkvæmdum, sem gætu raskað því, sem náttúruverndargildi hefur. Ákvæðið er sett til að tryggja, að ráðrúm verði til slíkrar athugunar, en jafnframt boðið, að málsmeðferð af hálfu ráðsins verði hraðað, þannig að hagsmunaaðili þurfi ekki að bíða í óvissu langa hríð.

Ábending um tilkynningarskyldu í svipaða átt og hér greinir, kom fram á Náttúruverndarþingi 1978.

Um 32. gr.

Þessi grein kemur í stað 23. gr. 1. og 2. mgr. Í stað 3. mgr. kemur 1. mgr. 20. gr. Rétt þykir að bæta við heimild til friðlýsingar á steintegundum. Að ýmsu leyti væri eðlilegt að skipa þessum mikilsverða þætti náttúruverndar framar í IV. kafla, en þá hefði þurft að rjúfa eðlilegt samhengi um friðlýsingu landsvæða og nátengd mál. Var því horfið að því ráði að láta friðlýsingarkaflanum ljúka með þessum þætti.

Um 33. gr.

Þessi ákvæði koma í stað 35. og 36. gr. gildandi laga, og virðast ekki þurfa skýringar við.

Um 34. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar. Kemur m. a. í stað 2. mgr. 29. gr.

2. mgr. er nýmæli. Þar sem mál getur borið brátt að og geysimiklir hagsmunir verið í húfi, þykir rétt að taka af tvímæli um heimild hlutaðeigandi formanns með þeim hætti, sem greinin gerir ráð fyrir.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða 37. gr., en nokkru fyllri. Þau koma einnig í stað 4. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 15. gr.

Athygli er vakin á 2. málsl. 1. mgr. Þar eru ákvæði um hlutræna refsiábyrgð, sem er undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning eða gáleysi), sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þess að slíkri refsiábyrgð verði komið fram, þarf ótvíræða heimild í lögum svo sem hér er að finna. Rétt þykir að setja slíkt undanþágu- og sérákvæði hér vegna þeirra stórfelldu hagsmuna, sem í húfi geta verið, og vegna hættunnar á því, að ekki takist að upplýsa, hvaða aðilar stofnunar, félagsskapar eða fyrirtækis — fyrirsvarsmenn eða aðrir starfsmenn — séu brotlegir, þannig að refsingu verði ekki komið fram af þeirri ástæðu. Þá skal á það bent í þessu sambandi, að fyrirtæki, félag eða stofnun verða ekki sektuð nema á hlutrænum grundvelli.

Samsvarandi ákvæði voru í stjórnarfrumvarpi því um umhverfismál, sem lagt var fyrir Alþingi 1977 og flutt aftur á síðasta þingi.

Um 36.—38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 530. Fyrirspurn [332. mál]

til viðskiptaráðherra um val gjaldmiðla í erlendum lánum fyrirtækja.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Er rétt að útflutningsframleiðendur, sem fá erlend lán, geti ekki tekið þau í þeim gjaldmiðli sem þeir óska eftir, og þá t. d. ekki í þeim gjaldmiðli sem gildir við sölu á framleiðslunni?

Telur ráðherra, ef rétt reynist, að þetta sé eðlilegt, eða hefur hann í hyggju að beita sér fyrir breytingum á því?

Sþ. 531. Fyrirspurn [333. mál]

til viðskiptaráðherra um ávöxtun gjaldeyrisforða.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvernig ávaxtar Seðlabanki og viðskiptabankarnir gjaldeyriseign Íslendinga og hversu góð hefur meðalávöxtun verið á árunum 1982, 1983 og 1984, hverju um sig?

Hvernig er sú ávöxtun í samanburði við meðalvexti á skuldum Íslendinga á sömu árum?

Nd. 532. Frumvarp til laga [334. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Um íbúðir, sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 og sveitarfélög lögðu fé til, skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum skv. þessum kafla. Stjórnir verkamannabústaða skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða og gilda ákvæði 49. gr. um fjármögnun þeirra við sölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 106/1970, um sölu á íbúðum sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

Greinargerð.

Frv. þetta varðar sölu á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Fyrir þann tíma voru í gildi sérstök ákvæði um framlög sveitarfélaga til íbúðabygginga í þessu skyni og skyldu ríkissjóðs til að leggja jafnháa upphæð á móti sveitarfélagi, sbr. lög nr. 106/1970. Hér var því um félagslega aðgerð að ræða og lánakjör á íbúðunum betri en við almennar íbúðabyggingar og að ýmsu leyti hliðstæð við kjörin í verkamannabústaðakerfinu.

Um endursölu þessara íbúða giltu lög nr. 106/1970, um sölu á íbúðum sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Með bráðabirgðalögum nr. 50/1983 voru lög nr. 106/1970 numin úr gildi. Á eftirfarandi þingi komu ný lög, nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, til sögunnar en bráðabirgðalögin voru ekki staðfest og tóku þá lög nr. 106/1970 gildi á ný.

Í hinum nýju lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru ákvæði um hvernig skuli fara með endursölu á íbúðum sem framkvæmdanefnd byggingaáætlunar reisti, en hins vegar ekkert um endursölu íbúða sem reistar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Hvort sem hér er um vangá að ræða eða ekki er ljóst að eðlilegt er að þessar tvær tegundir íbúða fylgist að varðandi endursölu eins og áður. Með þessu frv. er einmitt gert ráð fyrir því.

Núverandi skipan hefur reyndar skapað vandræðaástand hjá þeim sem búa í íbúðum sem reistar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og vilja selja þær því að óvissa ríkir um hver eigi að meta þær og sveitarfélög treysta sér ekki til þess að taka afstöðu til forkaupsréttar skv. lögum nr. 106/1970 nema mat liggi fyrir. Þannig situr allt fast í kerfinu og vísar hver á annan. Um þetta efni er fjallað í greinargerð sem lögmaður Hafnarfjarðarbæjar tók saman og varpar ljósi á í hvers kyns ógöngum þessi mál eru að óbreyttri skipan.

Ekki dugir í þessum efnum að nema úr gildi lög nr. 106/1970 heldur verður að setja ákvæði um hvernig fara skuli með kaup og sölu, svo og fjármögnun þeirra við sölu. Hér er lagt til að hið sama gildi um þessar íbúðir og um verkamannabústaði og stjórn verkamannabústaða fari að öllu leyti með þessi mál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að við endursölu á íbúðum, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, gildi sama skipan og um verkamannabústaði frá sama tíma. Þar með er eytt þeirri óvissu sem nú ríkir um fyrirkomulag við endursölu á þessum íbúðum og þeim haldið í flokki með félagslegum íbúðum eins og áður.

2. gr.

Í samræmi við áður sett bráðabirgðalög eru lög nr. 106/1970 felld úr gildi, enda standast þau illa ein sér eins og dæmin sanna, og ákvæði 1. gr. þessa frumvarps kveða á um hvernig með endursölu skuli fara.

Fylgiskjal.

Greinargerð
til bæjarráðs Hafnarfjarðar um íbúðir sem byggðar hafa verið til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sbr. heimild í lögum nr. 106/1970 og V. kafla nr. 30/1970.

Á undanförnum vikum hafa mér ítrekað borist fyrirspurnir, bæði frá lögmönnum og eigendum íbúða sem byggðar hafa verið til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, á hvern hátt skuli staðið að endursölu þessara íbúða. Jafnoft hefi ég bent fyrirspyrjendum á ákvæði l. nr. 106/1970, einkum 2. gr., er hljóðar svo:

„Þegar íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, hafa verið seldar einstaklingum og lán frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi hafa verið a. m. k. eins hagstæð eða hagstæðari en lán, sem veitt voru til íbúða, sbr. 1. gr. laga þessara, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn eiga forkaupsrétt með sama hætti og Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur við frjálsa sölu eða við nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. Um kaupverð íbúða þessara gilda og ákvæði 1. gr. eftir því sem við á."

Í 1. gr. laga þessara er m. a. kveðið á um hvernig finna skuli endursöluverð þessara íbúða.

Nokkrir íbúðareigendur hafa þegar snúið sér til bæjarráðs og óskað eftir því að tekin yrði afstaða til forkaupsréttar, en því hefur verið svarað til að ekki sé unnt að taka afstöðu til forkaupsréttar fyrr en mat liggi fyrir.

Af ákvæðum l. nr. 106/1970 má ráða að ætlunin hafi verið að meta íbúðir þessar til endursöluverðs á sama hátt og gert var um verkamannabústaði. Hefi ég því bent því fólki, sem óskar eftir mati á íbúðinni, að snúa sér til stjórnar verkamannabústaða hér í bæ, sem nú annast allar virðingar á verkamannabústöðum, með beiðni um mat á íbúð þeirra. Stjórn verkamannabústaða hefur hins vegar neitað að annast mat á íbúðum þessum þar sem þær heyri ekki til verkamannabústaða heldur falli nú undir Byggingarsjóð ríkisins samkvæmt l. nr. 60/1984. Eina leið íbúðareigenda er því að fá kallaða til dómkvadda matsmenn. Þá velta íbúðareigendur því fyrir sér hver skuli borga matsgerð þessa ef bæjarráð hafnar forkaupsrétti, svo og með hvaða hætti greiðslur verði inntar af hendi ef neytt verði forkaupsréttar. Rétt er að geta þess hér að greiðsla fyrir verkamannabústað er innt af hendi í einu lagi við afhendingu íbúðarinnar.

Í lögum nr. 106/1970 segir ekkert um það hvernig staðið skuli að endurfjármögnun til kaupa á íbúðum sem þessum, aðeins um aðferðir við mat á verðmæti eignarinnar. Kaupanda

ber því annaðhvort að staðgreiða íbúð sem þessa, eins og verkamannabústað, eða semja um afborganir eins og á frjálsum markaði. Ég hefi skoðað eina slíka endursölu, á íbúð að Sléttahrauni 15, 3. hæð f. miðju. Kaupendum var í því tilviki gert að staðgreiða verð íbúðarinnar skv. matsverði, en að frádregnum áhvílandi lánum. Skv. þinglýsingabókum er íbúð þessi háð ákvæðum laga nr. 106/1970 og er það undirstrikað í afsali til kaupanda.

Með lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, voru lánveitingar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis færðar undir Byggingarsjóð ríkisins og um leið felldar niður sem sérstakur afmarkaður lánaflokkur með sérstökum skilyrðum. Ekkert sagði þá um hvernig skyldi farið með þær íbúðir sem þegar höfðu verið byggðar og þá bundnar kvöð um forkaupsrétt sveitarfélags og endursöluverð.

Með bráðabirgðalögum nr. 50/1983 voru lög nr. 106/1970 numin úr gildi, sbr. 5. gr., en ekkert var þá sagt um hvort kvöðum skyldi aflétt af þeim íbúðum sem byggðar höfðu verið samkv. lögum þessum, eða hvernig ætti yfirleitt að standa að endursölu slíkra íbúða. Á eftirfarandi þingi var unnið að breytingum á lögum um Húsnæðisstofnun, og komu ný lög til sögunnar 1. júlí 1984, lög nr. 60/1984. Framangreind bráðabirgðalög, og þá einkum 5. gr. þeirra, virðast hins vegar hafa gleymst í meðförum þingsins eða dagað uppi, og voru því ekki staðfest þar. Í nýju lögunum nr. 60/1984, segir ekkert um brottfall l. nr. 106/1970 og ættu þau þá réttilega að hafa öðlast gildi á ný. Að öllum líkindum hefur það hins vegar ekki verið ætlun löggjafans að vekja lög þessi til lífs á ný þar sem ítarleg ákvæði er nú að finna um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis í hinum nýju lögum, sbr. III. kafli þeirra. Eru lánveitingar til þessa verkefnis enn undir Byggingarsjóði ríkisins og lúta sömu skilmálum og önnur lán þaðan.

Nokkru eftir að lög nr. 60/1984 tóku gildi hafði ég samband við Húsnæðisstofnun ríkisins og benti á að í raun væru lög nr. 106/1970 enn í gildi þar sem þau hefðu hvorki verið afnumin með hinum nýju lögum eða bráðabirgðalögin, sem námu þau úr gildi, staðfest. Jafnframt spurðist ég fyrir um það hvernig nú skyldi standa að endursölu íbúða sem byggðar höfðu verið samkv. lögum þessum, hvort meta þyrfti þær sérstaklega eins og áður og hvort kaupandi að íbúð gæti vænst fyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar eins og um verkamannabústað væri að ræða eða í líkingu við það.

Forstöðumaður Byggingarsjóðs verkamanna kvaðst ekki hafa veitt þessu athygli, en sagðist mundu beita sér fyrir því að lög nr. 106/1970 yrðu afnumin á ný og sala á slíkum íbúðum gefin frjáls. Þá sagði hann að Byggingarsjóður verkamanna mundi ekki lána til kaupa á slíkum íbúðum, enda féllu þessar íbúðir nú undir almenna húsnæðislánakerfið, þ. e. Byggingarsjóð ríkisins. Fyrir nokkrum dögum ítrekaði forstöðumaðurinn þessa skoðun sína í samtali við mig, svo og lögfræðingur Húsnæðisstofnunar. Ekkert bólar hins vegar á því að lög nr. 106/1970 verði felld niður.

Af framansögðu er ljóst að réttarstaða eigenda að íbúðum, sem byggðar voru samkv. lögum nr. 106/1970, er mjög svo óljós. Vafi leikur á um gildi laga nr. 106/1970, endurfjármögnun á íbúðum þessum virðist fara fram eins og á almennum húsnæðismarkaði, en kvöð er á eigendum um matsverði og forkaupsrétt sveitarfélags. Þá verður ekki séð að nauðsyn sé að halda íbúðum þessum utan hins almenna markaðar, hvorki fyrir bæjarsjóð eða eigendur íbúðanna.

Ég vil því leggja til að bæjarráð hafni forkaupsrétti á íbúðum þessum skv. lögum nr. 106 1970 og heimili eigendum að selja þær frjálsri sölu, en gegn því skilyrði að lán frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sem veitt voru upphaflegum kaupendum, verði greitt upp að fullu.

Hafnarfirði, 11. febr. 1985.
Ingimundur Einarsson,
bæjarlögmaður.

Sþ. 533. Tillaga til þingsályktunar [335. mál]

um frelsi í innflutningi á olíuvörum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason,
Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gefa frjálsan innflutning á olíuvörum með því að nema úr gildi ákvæði í reglugerð nr. 172 20. mars 1980 sem bindur leyfum innflutning á óhreinsuðum jarðolíum, bensíni, gasolíu og brennsluolíu skv. tollskrárnúmerunum 27.09.00; 27.10.19; 27.10.60 og 27.10.70.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að stuðla að verðlækkun á bensíni og olíum með því að gefa innflutning á þessum vörum frjálsan og koma þannig á samkeppni í þessum mikilvægu viðskiptum.

Verð á olíum og bensíni er mun hærra á Íslandi en í nágrannalöndunum. Bensín er yfirleitt 20—40% dýrara hér en í öðrum Evrópulöndum og oft er til þess vitnað að íslensk fiskiskip greiði 40—50% hærra verð fyrir gasolíu hérlendis heldur en þegar þau kaupa hana í evrópskum höfnum.

Þrátt fyrir þetta kvarta olíufélögin yfir taprekstri og knýja á um frekari hækkanir, en standa jafnframt í sífelldum hallarbyggingum yfir útsölustöðvar sínar. Sem vonlegt er veitist mörgum torvelt að skilja hvaða rök liggi til alls þessa. Skýringanna mun ekki síst að leita í því fyrirkomulagi sem er á olíuversluninni á Íslandi. Samkeppni er engin, innflutningur er háður leyfum, hámarksverð og verðjöfnun er ákveðin af opinberum stjórnvöldum og í stað þess að olíufélögin komi fram sem keppinautar birtast þau sem samvirkur þrýstiaðili sem ver hagsmuni sína og knýr á um meira í sinn hlut vegna kostnaðar sem enginn vegur er að líta eftir og erfitt að hafa áhrif á, sbr. t. d. bensínstöðvahallirnar.

Við athugun á verðmyndun olíuvara vekur athygli að **innkaupsverð á gasolíu** er talið um eða yfir 75% af söluverði til neytenda, eða með öðrum orðum **hærra en smásöluverðið** til íslensku fiskiskipanna **í erlendum höfnum.** Innkaupsverð á svartolíu er jafnframt talið yfir 80% af útsöluverðinu. Af þessu má ráða hve hagkvæmni í innkaupum er afdrifaríkur þáttur í verðlagi þessara olíuvara.

Í umræðum um olíumál er oft til þess vitnað hversu mikilvæg olíukaup okkar í Sovétríkjunum séu vegna sölu á afurðum þangað, en þess jafnframt getið að olíukaup af þeim hafi verið okkur hagstæð. Sé hér um hagstæð kaup að ræða, eins og fram er haldið, er ekki að efa að olíufélögin munu halda áfram að kaupa olíuna af Sovétmönnum þótt viðskiptafrelsi sé innleitt. Á hinn bóginn er ekki ólíklegt að samkeppni yrði þeim viðskiptum til góðs rétt eins og öðrum viðskiptum og gætu því orðið enn hagstæðari þegar viðskiptalegu frjálsræði hefði verið komið á.

Af þeim tölum, sem hér hafa verið raktar, má ráða að innflutningsfrelsi er langafdrifaríkasti þátturinn í því að auka frjálsræði og samkeppni í þessum viðskiptum. Án slíks frelsis verður nánast ekki um neina samkeppni að ræða, hvað annað sem gert væri. Jafnframt er ljóst að hagkvæmni í innkaupum ræður úrslitum um raunverulegan árangur í verðlækkun á olíuvörum. Allar aðrar aðgerðir eru nánast hégómi og fálm, svo lítilvægar sem þær eru í samanburði við innkaupsverðið.

Núverandi ófrelsi í innflutningi er ákveðið með reglugerð nr. 172 20. mars 1980, með stoð í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Tillaga sú, sem hér er flutt,

felur viðskiptaráðherra að breyta áðurnefndum ákvæðum reglugerðarinnar, enda er það á hans valdi.

Núverandi fyrirkomulag hefur gilt um langa hríð. Það hefur skilað okkur miklu dýrari olíuvörum en gildir í nágrannalöndunum. Þá er rétt að breyta fyrirkomulaginu og leita nýrrar skipunar í samræmi við það sem gildir í grannlöndunum. Því er þessi tillaga flutt. Með innflutningsfrelsi og samkeppni á að stuðla að verðlækkun á olíum og bensíni.

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um frelsi í útflutningsverslun.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gefa útflutning á vörum frá landinu frjálsan í stað þess að binda hann leyfum eins og nú er gert, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 519 14. des. 1979. Felur Alþingi því ráðherra að breyta ákvæðum reglugerðarinnar til samræmis við framangreindan vilja sinn.

Greinargerð.

Á sama tíma og innflutningur hefur verið að mestu frjáls hefur ríkt alger leyfisbinding á útflutningi. Þessi leyfisbinding eykur á skrifræði og í henni felst skömmtunarkerfi því að einum aðila, ráðherra viðskiptamála, er fengið vald til að ákveða hverjir skuli njóta leyfisins. Hann úrskurðar að einn sé öðrum hæfari til að annast útflutning, og hefur þó enga reynslu til að styðjast við af frammistöðu þess aðila sem ávallt er hafnað. Ráðherra skammtar með þessum hætti einum tekjur en hafnar öðrum. Slíkt varðar veg til spillingar. Skömmtunarkerfið dregur jafnframt úr frumkvæði og nýjungum því að hið venjubundna nýtur yfirleitt greiðrar afgreiðslu í krafti fordæmis en nýjungar kosta gjarnan tafir, vangaveltur og ítarlega skoðun. Skrifræðið og skömmtunarkerfið, sem felst í leyfisbindingunni, dregur þannig þrótt úr útflutningsversluninni.

Hvaða nauðsyn ber til þess að kindakjötsútflutningur sé á einni hendi, og þá jafnframt sífellt á sömu hendi? Er það ekki einmitt svo að vegna slíkrar einokunar verður markaðsöflun seinvirk og þróttlítil? — Hverra hagsmunum er verið að þjóna með því að binda með leyfum á fáar hendur útflutning á freðfiski? Ef nýir aðilar gætu boðið betri kjör, yrði það þá ekki greininni til góðs? Ef þeir gætu ekki boðið betri kjör hefðu þeir söluaðilar, sem fyrir eru, sannað yfirburði sína, en hefðu þeir samt ekki gott af samkeppninni? Ef einhver finnur nýjan markað, er þá nema rétt að hann fái að spreyta sig á sölu þangað?

Sérhverri þjóð, Íslendingum jafnt sem öðrum, hlýtur að vera hagsmunamál að efla útflutningsverslun sína og auka þannig gjaldeyristekjur sínar. Það er undirstaða efnahagslegra framfara. Aukning útflutningsverslunar byggist á öflugu og þróttmiklu sölustarfi á erlendri grund, en slíkt sölustarf er að líkindum veikasti hlekkurinn í íslensku atvinnulífi. Það sem ekki verður selt við viðunandi verði er til lítils að framleiða. Markaðsþekking, þ. á m. skilningurinn á því hvers konar vörur og hvernig frágengnar eru mikils metnar á mismunandi mörkuðum, er lykillinn að góðu verðlagi á vörunni. Framleiðendur verða að fá sem gleggstar og greinarbestar upplýsingar um hverjar kröfur eru gerðar og hvaða möguleika markaðirnir bjóða, og aðlaga sig og sína framleiðslu samkvæmt því. Oft þarf hugkvæmni og áræðni til þess að brjóta nýjar leiðir. Skömmtunarkerfi í útflutningi er síst til þess fallið að

stuðla að þeirri markaðsþróun sem hér hefur verið drepið á. Þvert á móti er hún líkleg til að slæva þá sem fyrir eru, jafnframt því sem ýmsir þeir, sem einmitt hafa hæfileika og getu á þessu sviði, fá aldrei að kljást við verkefnið. Og af því bíða atvinnuvegirnir og þjóðin öll óbætanlegt tjón.

Ráðið til þess að stuðla að grósku í útflutningsverslun er því ekki að binda útflutninginn í duttlunga skömmtunar, leyfisbindingar og skrifræðis heldur hitt að útflutningurinn sé frjáls þannig að hugkvæmni og áræði njóti sín.

Þau ákvæði, sem gilda um leyfi til útflutnings, eru gömul að stofni til. Hver ráðherrann og ríkisstjórnin eftir aðra hefur framlengt þessa skipan og starfað eftir henni. Núgildandi ákvæði er að finna í reglugerð nr. 519 14. des. 1979.

Við setningu laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, hélst óbreytt fyrri heimild viðskiptaráðuneytisins til þess að binda leyfum útflutning á vörum. Í reglugerð nr. 519 14. des. 1979, sem sett var á grundvelli laganna, var þessi heimild nýtt með sama hætti og áður hafði gilt þannig að allur útflutningur á vörum væri háður leyfi viðskiptaráðuneytisins. Eru ákvæði þar að lútandi í 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Með auglýsingu nr. 797 22. des. 1983 var undanþága frá þessu skilyrði veitt fyrir nokkra flokka innlendra iðnaðarvara.

Í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er lagt til að heimildin í lögum nr. 63/1979 um leyfisbindingu útflutnings verði ekki nýtt, nema þá í undantekningartilvikum, en reglan verði sú að útflutningur sé frjáls með sama hætti og gildir um meginhluta innflutnings til landsins. Til þess að svo verði er ekki þörf á lagabreytingu og reyndar vafasamt að hún sé æskileg. Það sem til þarf er reglugerðarbreyting sem er á valdi viðskiptaráðherra. Í samræmi við það er gerð tillaga um að fela ráðherra að gera viðeigandi breytingu á reglugerðinni.

Frelsi í útflutningsverslun er líklegra en nokkur önnur aðgerð til að skila árangri í auknu sölustarfi fyrir íslenskar vörur á erlendri grund. Það mun lítt stoða að setja á námskeið og leiðbeiningar ef kerfið sjálft er úrelt og bindur útflutningsstarfið í viðjar. Þess vegna er frelsi í útflutningsverslun áhrifaríkasta aðgerðin til þess að afla nýrra markaða, stuðla að vöruþróun og auka þannig afraksturinn af útflutningnum. Af því leiddi meiri tekjur atvinnuveganna og betri lífskjör þjóðarinnar.

Sþ. 535. Tillaga til þingsályktunar [337. mál]

um orkufrekan iðnað á Vesturlandi.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á aukinni uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Vesturlandi. Í því efni er sérstaklega bent á kalsíumkísil, járnkróm, framleiðslu á magnesíum úr dólómíti með notkun kísiljárns og framleiðslu á pólýkristallíni.

Greinargerð.

Í allri umræðu um efnahags- og atvinnumál undanfarin ár hefur hverjum sýnst sitt, skoðanir hafa verið nokkuð skiptar. Eitt hafa menn þó verið sammála um: Það verður að renna fleiri stoðum undir íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Flestir viðurkenna að okkur sé lífsnauðsyn að líta til fleiri átta, annars verði hefðbundnir undirstöðuatvinnuvegir okkar ofsetnir og lífskjörin rýrni. Stóriðja, orkufrekur

iðnaður, er engin allsherjarlausn í efnahags- og atvinnumálum okkar Íslendinga. Þar verður miklu fleira að koma til.

Á það ber þó að leggja áherslu að skynsamleg nýting á þeirri miklu vatns- og hitaorku, sem fyrir er í landinu, hlýtur jafnan að verða einn þeirra fjölmörgu þátta sem litið verður til í uppbyggingu atvinnulífsins hér á landi.

Þær hugmyndir, sem fram hafa komið um orkufrekan iðnað á undanförnum árum, hafa jafnan verið tengdar ákveðnum stöðum, t. d. kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, rætt um nýtt álver við Eyjafjörð og stækkun álversins í Straumsvík.

Á Vesturlandi er ekki síður þörf fyrir ný atvinnutækifæri en í öðrum landshlutum, sbr. þá óheillaþróun sem orðið hefur síðustu ár. Íbúum Vesturlands hefur fækkað um 308 frá upphafi árs 1980 til loka ársins 1983. Þar af fækkaði um 207 á árinu 1983. Augljóst er að mikið þarf til þess að halda íbúatölunni óbreyttri hvað þá að snúa þessari öfugþróun við.

Hvað kemur t. d. í staðinn fyrir mikla atvinnu af hvalveiðum og vinnslu við afurðir af þeim en þessi atvinnugrein mun stöðvast eins og nú horfir? Ríkisstjórn og Alþingi geta ekki skotið sér undan þeirri skyldu að gera sitt til þess að þau skörð verði fyllt.

Við Hvalfjörð er mjög góð aðstaða fyrir orkufrekan iðnað, hafnaraðstaða og lega fyrir orkuflutningskerfi er góð og tengsl við Járnblendiverksmiðjuna gætu gert nýja framleiðslugrein enn hagkvæmari.

Hér er sérstaklega bent á nokkrar greinar. Stóriðjunefnd hefur látið gera skýrslu um framleiðslu á magnesíum úr dólómíti en við þá framleiðslu er notað talsvert af kísiljárni. Þessi framleiðsla fellur því mjög vel að aðstæðum við Hvalfjörð. **Það er nauðsynlegt að gæta sem best hagkvæmnissjónarmiða og því mikilvægt að nýta aðstöðuna á Grundartanga til frekari framleiðslu.** Framleiðsla á magnesíum úr dólómíti er orkufrek enda þarf um 12 000 kwst. á framleitt tonn af magnesíum. Unnar hafa verið skýrslur um framleiðslu á magnesíum með rafgreiningu úr sjó. Slík framleiðsla er best sett við háhitasvæði og bera þarf saman þessar tvær leiðir sem hægt er að fara til að framleiða magnesíum og hafa þarf við þá athugun hagkvæmnissjónarmið að leiðarljósi.

Kalsíumkísill (CaSi) gefur einnig vísbendingu um möguleika í orkufrekum iðnaði sem kanna þarf nánar. Einnig væri ástæða til þess að athuga gaumgæfilega framleiðslu á járnkrómi. Hugsanlega gæti framleiðsla járnkróms hér á landi orðið sameiginlegt norrænt verkefni þar sem tæknin kæmi frá Svíþjóð, hráefnið frá Grænlandi eða Finnlandi en orkan væri íslensk.

Full ástæða er til að sýna framleiðslu pólýkristallíns áhuga. Pólýkristallín er kísilmálmur sem er mjög hreinn og mikið notaður í hátækniiðnaði. Framleiðsla á pólýkristallíni er mjög orkufrek en verksmiðjueiningarnar ekki mjög stórar. Málmurinn er mjög verðmætur en afla þarf meiri þekkingar á framleiðsluaðferðum.

Ekki væri úr vegi fyrir okkur að líta einmitt til þessara þátta sem að framan eru nefndir.

Kísilefnin eru, sem fyrr segir, mikilvæg undirstaða í hátækniiðnaði og þekking á kísilefnafræði gæti orðið okkur Íslendingum dýrmæt í framtíðinni. Framleiðsla á pólýkristallíni gæti vísað okkur veginn inn í hátækniiðnaðinn.

Í þessari greinargerð hefur þess verið freistað að nefna nokkra nýja möguleika sem koma til greina. Þar með er þó síður en svo verið að útiloka önnur svið orkufreks iðnaðar sem hagkvæmt væri að staðsetja á Vesturlandi — hvort sem þau svið eru þegar nýtt eða fyrirhugað er að nýta þau annars staðar á landinu.

Ed. 536. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum. Jón Kjartansson forstjóri ÁTVR kom á fund nefndarinnar og veitti upplýsingar.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Egill Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Ragnar Arnalds hefur þann fyrirvara um afstöðu sína að samþykkt frumvarpsins hafi ekki í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

Alþingi, 21. febr. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., frsm.	Jón Kristjánsson.
Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Ed. 537. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar ýmissa aðila sem málið varðar. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu minni hl. nefndarinnar skila sérálitum.

Meiri hl. nefndarinnar tekur undir meginmarkmið frumvarpsins að dagvistarmálum vel með þeirri þörf sem er fyrir hendi í þjóðfélaginu á þessu sviði. Meiri hl. er hins vegar ósammála flm. um að lögbinda skuli framlög til þessara verkefna með þeim hætti sem lagt er til í 1. gr. frumvarpsins og telur varhugavert að ganga lengra en orðið er á þeirri braut að marka tekjustofna ríkisins til ákveðinna verkefna. Ákvörðun um framlög ríkisins hverju sinni á að vera í höndum fjárveitingavaldsins og sé þá tekið mið af þeirri þörf sem fyrir hendi er. Á það skal sérstaklega bent í þessu sambandi að ríki og sveitarfélög kosta byggingu dagheimila sameiginlega og er hlutdeild hvors aðila um sig í kostnaði 50%. Óeðlilegt er að löggjafarvaldið bindi hendur sveitarfélaganna með þessum hætti enda kemur sú afstaða fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Meiri hl. nefndarinnar tekur undir meginmarkmið frumvarpsins að dagvistarmálum barna sé tekið tak sem miði að því að fullnægja þörf fyrir dagvistarrými og leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. febr. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Jón Kristjánsson, frsm.	Valdimar Indriðason.
	Egill Jónsson.	

Ed. 538. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. febr. 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 539. Frumvarp til laga [338. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Helgi Seljan, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gunnari Guðmundssyni, Lindarbrekku, eyðijörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Gunnars Guðmundssonar, bónda á Lindarbrekku í Beruneshreppi. Jörðin Víðines hefur verið í eyði frá árinu 1944 og eru engin mannvirki á jörðinni. Síðustu áratugi hefur Gunnar haft jörðina á leigu, en Lindarbrekka er nýbýli úr landi Berufjarðar og Eyjólfsstaða. Jörðin Lindarbrekka er lítil og búskaparskilyrði þar erfið. Hafa afnot af landi Víðiness því bætt úr brýnni þörf bóndans á Lindarbrekku fyrir aukið land og er það ósk hans að fá jörðina Víðines keypta og tryggja þannig afnot Lindarbrekku af þessu landi.

Hreppsnefnd Beruneshrepps og jarðanefnd Suður-Múlasýslu hafa mælt með því að jörðin verði seld Gunnari Guðmundssyni og fylgja meðmæli nefndanna með frumvarpi þessu sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Landbúnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Karlsstöðum, 17. des. 1984.

Hreppsnefnd Beruneshrepps ítrekar fyrri ályktanir sínar um jörðina Víðines í Beruneshreppi.

Sótt hefur verið um að landsnytjar Víðiness falli undir jörðina Lindarbrekku, með sölu eða langtímaleigu. Mjög landþröngt er á Lindarbrekku og þar eru nú að fara fram kynslóðaskipti og nýir ábúendur að taka við. Færi vel á að gengið væri frá þessum jarðnæðismálum nú.

Víðines fór, sem kunnugt er, í eyði upp úr 1940 og getur aldrei orðið sjálfstæð bújörð á nútímavísu vegna legu sinnar og skorts á ræktunarlandi. Jörðin hefur, síðan hún fór í eyði, verið nytjuð frá Fossárdalsbændum og nú um árabil frá Lindarbrekku sem einnig er háð landsnytjum í Fossárdal.

Bent skal á að jörðin Víðines er að mestu fjalllendi og hentar allvel til sumarbeitar búfjár. Þar er einnig fremur erfitt að gera fjallskil og mundi best fyrir þeim séð með því að jörðin væri sameinuð annarri jörð (Lindarbrekku) til frambúðar.

Virðingarfyllst,
f. h. hreppsnefndar Beruneshrepps,
Sigurður Þorleifsson,
oddviti Beruneshrepps.

Fylgiskjal II.

Jarðanefnd Suður-Múlasýslu. Lindarbrekku, 10. des. 1984.

Úr fundargerð jarðanefndar 8. des. 1984:

„Rætt var um sölu á jörðinni Víðinesi í Beruneshreppi. Jarðanefnd hefur áður fjallað um nauðsynleg afnot á landi Víðiness til handa bændunum á Lindarbrekku. Lítur nefndin svo á að nauðsynlegt og eðlilegt sé að jörðin verði seld þessum aðilum eða þeim tryggður varanlegur afnotaréttur. Um þetta var m. a. bókað í fundargerð jarðanefndar 16. apríl 1982 á þá leið að búskapur á Lindarbrekku sé mjög háður afnotum af landi Víðiness og hvetur til að sá afnotaréttur verði tryggður til frambúðar.

Fyrir fundinum liggur uppkast að frumvarpi til laga, samið og sent af landbúnaðarráðuneytinu, í þá veru að Gunnar Guðmundsson, Lindarbrekku, fái keypta jörðina Víðines.

Nefndin mælir eindregið með að jörðin verði seld honum.“

Virðingarfyllst,
f. h. jarðanefndar,
Gunnar Guðmundsson.

Afrit sent landbúnaðarráðuneytinu og þingmönnum Austurlands.

Ed. 540. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur þeirri stefnu frumvarpsins að stórauka framlög til byggingar dagvistarheimila. Við teljum þó óeðlilegt að framlög á fjárlögum séu tiltekið hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga og viljum fremur að tilgreind sé í lögum tiltekin upphæð sem hækki skv. byggingarvísitölu frá 1. des. 1984.

Við afgreiðslu fjárlaga lögðu fjórir flokkar stjórnarandstöðunnar, þ. á m. Samtök um kvennalista, fram tillögur um framlög til dagvistarheimila, á bilinu 50—75 millj. kr. Í tillögu okkar er miðað við 75 millj. kr. á verðlagi í desember 1984.

Við leggjum því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrri málsl. greinarinnar orðist svo:

Á fjárlögum ár hvert skal veita til byggingar dagvistarheimila fyrir börn eigi lægri fjárhæð úr ríkissjóði en sem svarar 75 millj. kr. að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu frá 1. des. 1984 til 1. des. hvers árs næst á undan nýju fjárlagaári.

Alþingi, 26. febr. 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr.

Ragnar Arnalds, frsm.

Sþ. 541. Tillaga til þingsályktunar [339. mál]

um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Flm.: Halldór Blöndal, Árni Johnsen, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að reglum um tilhögun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs verði breytt á þann veg að Íslendingar leggi bókmenntaverk sín fram á íslensku. Að öðrum kosti sé þeim heimilt að leggja fram þýðingar á ensku, frönsku eða þýsku engu síður en dönsku, norsku eða sænsku.

Greinargerð.

Að því hníga þung rök að íslensk skáld séu hjartfólgnari þjóð sinni en gerist meo milljónaþjóðum enda er skáldskaparhefð okkar rík og jafngömul fyrstu byggð hér á landi. Tungan er torlærð og skilin af fáum mönnum erlendum svo að þeir geti notið bókmennta okkar til hlítar. Hvort tveggja veldur því að þjóðinni er annt um sóma skálda sinna á erlendum vettvangi en þau eru hins vegar ekki metin af verkum sínum þar eins og þau eru skrifuð á íslensku.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs eru veitt árlega og ber hverri þjóð að leggja fram tvö skáldrit á þeim tungum sem talaðar eru í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð. Finnar hafa þá sérstöðu að ríkismálin eru tvö, sænska og finnska, og margir þeirra jafnvígir á hvort þeirra

sem er, enda eiga þeir athyglisverða bókmenntahefð að baki á þeim tungum báðum. Færeyingar skrifa dönsku og færeysku jöfnum höndum enn sem komið er. Af þeim sökum er auðvelt fyrir finnskt skáld eða færeyskt að fá verkum sínum snúið á sænsku eða dönsku og leiðrétta þýðingarnar og lagfæra eftir því sem þörf krefur.

Þetta horfir öðruvísi við okkur Íslendingum. Dönsk tunga hefur aldrei fest hér rætur og enginn stafur er fyrir því að hún sé okkur tamari en til að mynda enska, franska eða þýska, þó svo að við höfum deilt konungi með Dönum svo öldum skiptir.

Að sjálfsögðu hljótum við Íslendingar að minna á að íslenskan geymir ein sem lifandi mál elstu skáldverk og bókmenntir norrænna manna. Fyrir þá sök ætti metnaður allra norrænna þjóða að standa til þess að íslensk tunga sé virt til jafns við aðrar tungur norrænar þegar að því kemur að úthluta bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Skiptir í því efni ekki máli þótt Íslendingar séu færri en Danir, Norðmenn eða Svíar.

Þótt það sé glöggt af íslenskum sjónarhól að íslenska skuli jafngild öðrum tungum norrænum til bókmenntaverðlauna eru flutningsmenn við því búnir að andmælum verði hreyft gegn því af mörgum þingmönnum í Norðurlandaráði svo að málið dagi þar uppi eða falli. Þær mótbárur hafa m. ö. o. heyrst að íslenskan sniði öðrum þjóðum á Norðurlöndum of þröngan stakk, þ. e. þær yrðu að ganga undir það jarðarmen að í dómnefnd veldust einungis þeir sem vald hefðu á þessari fjarlægu tungu, íslenskunni, þvílíkir menn séu fágætir svo að valið yrði einhæft um of þegar til lengdar léti. Með sömu rökum má segja að úrval þeirra, sem færir eru um að snúa íslenskum skáldritum á tungur Dana, Norðmanna eða Svía, sé bundið við fáa einstaklinga svo að hætt sé við að þýðingarnar verði einhæfar þegar fram í sækir. Flutningsmenn óttast m. ö. o. að íslenskan fái ekki að njóta sannmælis enn um sinn, þó svo að íslensk skáld og rithöfundar gjaldi þess.

Að þessu sinni völdu Íslendingar *36 ljóð* eftir Hannes Pétursson og *New York* eftir Kristján Karlsson vegna veitingar bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Hannes Pétursson lagði stund á germönsk fræði og bókmenntir í Þýskalandi, Kristján Karlsson bjó um árabil vestanhafs og hefur gefið út ljóð á íslensku og ensku enda jafnvígur á þær tungur báðar. Eins og skilyrðin eru var sú leið lokuð að hann sneri ljóðum sínum sjálfur á ensku sem þó verður að ætla að gæfi dómnefnd bókmenntaverðlauna ekki síður hugmynd um gildi ljóða hans en þýðing annars manns á sömu ljóðum á nýnorsku. Höfundareinkennin hljóta að dofna þegar annar maður en höfundur kemur til sögunnar, orðar alla hugsun að nýju og ræður hinni endanlegu gerð ljóðsins.

Einhverjir bestu þýðendur á íslenska tungu, Einar Benediktsson, Skuggi, Magnús Ásgeirsson og Helgi Hálfdanarson spreyttu sig allir á Ferhendum tjaldarans eða Rubáiyát og eru þýðingarnar allar snjallar en bera þó skýr höfundareinkenni sinna þýðenda. Gunnar Gunnarsson skrifaði nær allar bækur sínar á danska tungu og Einar Kvaran, Magnús Ásgeirsson og Halldór Laxness íslenskuðu þær í rómuðum þýðingum en þó var Gunnar ekki í rónni fyrr en hann hafði sjálfur lokið því sama verki.

Flutningsmenn hafa ekki séð þær þýðingar sem að þessu sinni voru lagðar til grundvallar við úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hafa ekki ástæðu til að ætla annað en þær séu góðar. Þessi tillaga má því ekki skoðast sem gagnrýni á Inge Knutsson og Knut Ødegård.

Ef þingmenn í Norðurlandaráði treysta sér ekki til að falla frá andstöðu sinni við íslenskuna er einsýnt að látið sé á það reyna hvort þeir unni íslenskum skáldum og rithöfundum þeirrar sanngirni að vera ekki rígbundnir við tungur Dana, Norðmanna og Svía. Fyrir þá sök er hér lagt til að Íslendingum verði heimilt að leggja verk sín fram á ensku, frönsku eða þýsku. Með því næst að vísu ekki fullur jöfnuður, fjarri því, en það yrði samt spor í átt til jafnaðar.

Ed. 542. Frumvarp til laga [50. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

I. KAFLI

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

3. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

4. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. l. nr. 23 1979), sbr. þó 9. gr.:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi,
b. kröfu launþega um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búi,
c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði iðgjaldahluta launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,
d. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
e. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
f. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að

tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,

g. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt stafliðum a—e, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt stafliðum f og g þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

5. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a-, b-, c-, og d-liðum 1. mgr. 4. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.
b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu, mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í stafliðum a—c, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg.

III. KAFLI

6. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

7. gr.

Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggt sem við verður komið:

a. nafn, nafnnúmer og heimilisfang þess sem kröfu gerir,
b. nafn, nafnnúmer og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,
c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru,
d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim, er kröfuna gerir á sannanlegan hátt, vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

8. gr.

Er félagsmálaráðherra hefur borist greiðslukrafa samkvæmt lögum þessum skal hann leita umsagnar skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um eftirtalin atriði:

a. hvort eða að hve miklu leyti viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
b. hvenær búið hafi verið tekið til skipta og hver birtingardagur innköllunar hafi verið er ræður lokum kröfulýsingarfrests,
c. hvort kunnugt sé að þau atvik, er í 5. gr. getur, varði kröfuna.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá

um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrði a-liðs 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

9. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

10. gr.

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst.

11. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

12. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflega þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði fer fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

14. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði ef ljós hefðu verið ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði skal hann tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IV. KAFLI

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, með breytingum gerðum með lögum nr. 8 15. mars 1979, svo og þær reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Beita skal þó ákvæðum eldri laga um hverjar greiðslur njóti ríkisábyrgðar og um fresti til kröfugerðar á hendur ríkissjóði varðandi þær kröfur sem fallið hafa í gjalddaga fyrir gildistöku laga þessara nema reglur laga þessara séu þeim, er kröfu gerir, til hagsbóta.

Ed. 543. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og rætt einstök atriði þess við ýmsa aðila. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frv. eins og fram kemur á sérstöku þingskjali. Breytingartillögur þessar eru smávægilegar og hafa ekki áhrif á meginstefnu frv. Leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 27. febr. 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Eiður Guðnason.

Sþ. **544. Nefndarálit** [13. mál]

um till. til þál. um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er einhuga um að mikil nauðsyn sé á athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur og öðrum þeim aðgerðum sem til lausnar mega verða á vanda þeirra sem ánetjast hafa vímuefnum.

Nefndin telur hins vegar ekki ástæðu til „að skipa þriggja manna nefnd sem leggi fram ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að veita athvarf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu þeim börnum og unglingum yngri en 18 ára sem eru illa haldin, andlega og líkamlega, vegna fíkniefnaneyslu". Að því verkefni vinnur nú stjórnskipuð nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 15. júlí 1981 samkvæmt ályktun Alþingis frá 7. maí það ár og í eru fjölmargir færustu sérfræðingar í geðheilbrigðismálum. Nefndin mun skila tillögum fyrir 1. apríl n. k. Í nefndinni eiga sæti:

Ingvar Kristjánsson geðlæknir, formaður,
Högni Óskarsson geðlæknir,
Ásgeir Karlsson geðlæknir,
Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi,
Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur,
Oddur Bjarnason geðlæknir, formaður Geðverndar,
Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur,
Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur,
Guðrún A. Janusdóttir læknafulltrúi og
Örbrún Halldórsdóttir læknaritari.

Um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur hefur hópur innan nefndarinnar fjallað sérstaklega, en hann skipa: Ásgeir Karlsson, Hulda Guðmundsdóttir, Margrét Hróbjartsdóttir og Ingvar Kristjánsson.

Hin stjórnskipaða nefnd hefur þegar skilað miklum upplýsingum og tillögum til ráðuneytisins og hefur sumum þeirra verið komið í framkvæmd, svo sem bráðaþjónustu við geðsjúka í Reykjavík.

Allsherjarnefnd telur því ekki ástæðu til að skipa nýja nefnd til að vinna þetta verk þar sem að því er unnið af færustu sérfræðingum og tillagna að vænta fyrir 1. apríl n. k. samkvæmt einróma ályktun Alþingis. Því er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess að framkvæmdir verði í samræmi við vilja alþingismanna þegar tillögur til úrbóta liggja fyrir, og til þeirra verði veitt fé.

Alþingi, 27. febr. 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, frsm.
Eggert Haukdal.	Pétur Sigurðsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Birgir Ísl. Gunnarsson.	

Sþ. 545. Fyrirspurn [340. mál]

til iðnaðarráðherra um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá Helga Seljan.

1. Við hvaða innlenda og erlenda aðila hefur verið rætt um þátttöku í byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og hver hefur orðið niðurstaðan úr viðræðum við hvern um sig?
2. Um hversu mikla eignarhlutdeild í verksmiðjunni hefur verið rætt í hverju tilviki?
3. Út frá hvaða raforkuverði til verksmiðjunnar hefur verið gengið í þessum viðræðum?
4. Hver er staða verksmiðjumálsins nú?
5. Hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að ráðherra beiti sér fyrir því að ríkisstjórnin taki ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir við verksmiðjuna?

Sþ. 546. Nefndarálit [202. mál]

um till. til þál. um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Stefán Benediktsson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi, 28. febr. 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Eggert Haukdal. Pétur Sigurðsson.

Guðrún Helgadóttir. Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 547. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur G. Einarsson.

Alþingi, 28. febr. 1985.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Bjarnason.

Ed. 548. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (HÓ, SDK, SalÞ, EKJ, ÓÞG, EG).

1. Við 5. gr. Aftan við fyrri mgr. bætist: þó aldrei meira en 0,4 af hundraði.
2. Við 7. gr. Síðasti málsliður 1. mgr. orðist svo: Um innheimtuþóknun fer eftir því sem um semst.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „héraðsprófasts“ í 1. mgr. komi: prófasts.
   b. Í stað orðsins „héraðsprófastur“ í 4. mgr. komi: prófastur.

Nd. 549. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. l. 21/1984 og brbl. 102 1984, komi ný ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II.

I.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1985 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

		M.kr.
a)	Almenn deild	230
b)	Verðjöfnunardeild	230
c)	Áhafnadeild	80

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða. Þá mun ríkissjóður leggja fram 50 m. kr. til áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

II.

Árið 1985 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt II, skal á tímabilinu 1. janúar 1985 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í II samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

IV.

Árið 1985 skal áhafnadeild auk greiðslu fæðispeninga greiða 80 m.kr. til lífeyrissjóða sjómanna, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun fiskverðs um síðustu áramót var við það miðað, að greiðslur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs yrðu með sama hætti á verðtímabilinu (sem lögum samkvæmt er til ágústloka) og voru á síðari hluta árs 1984. Árið 1984 voru greiddar sérstakar 4% bætur af öllu aflaverðmæti inn á reikning hvers skips í Stofnfjársjóði fiskiskipa í stað bótagreiðslna skv. fyrri reglum sjóðsins. Þessi tilhögun gafst vel á liðnu ári og er hér lagt til, að hún haldist árið 1985. Frá júníbyrjun 1984 voru auk þess greiddar 3% tímabundnar bætur beint til útgerðar á sama stofn og hinar sérstöku 4% bætur og er hér lagt til að þær haldist út fiskverðstímabilið til ágústloka 1985.

Báðar þessar greiðslur, 4% og 3%, verða teknar til endurskoðunar í þeirri athugun, sem nú er að hefjast á sjóðakerfi og tekjuskiptingu í sjávarútvegi á vegum nefndar, sem sjávarútvegsráðherra hefur skipað. Í þeirri nefnd eru fulltrúar sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslu auk manna, sem sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis og sjávarútvegsráðherra hafa tilnefnt. Til þess að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum og útvegsmanna lýsti ríkisstjórnin enn fremur því yfir, að í tengslum við þessa endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegs og löggjöf, er varðar hlutskipti á fiskiskipum, stefndi hún að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (eða auka þann hluta hennar, sem kemur til hlutaskipta) um 2% fyrir lok þessa árs. Í þessari endurskoðun verður sérstaklega hugað að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar við landanir erlendis. Að tilmælum sjómanna og útvegsmanna verður þessi lækkun kostnaðarhlutar útgerðar framkvæmd þegar frá 1. mars sl., og hefur verið flutt frumvarp um nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 71/1984 í því skyni.

Við fiskverðsákvörðunina um síðustu áramót var breytt reglum um greiðslu verðuppbótar úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs, og verða þær sem hér segir á gildistíma hins nýja fiskverðs:

1. Á verð ufsa 25% uppbót (var 16%), þó ekki í mars og apríl.
2. Á verð karfa (og grálúðu og lúðu, sem veidd er á línu 1/6 til 31/8) 16% uppbót (var 16%).
3. Á verð ýsu engin uppbót (var 6%).
4. Á verð annars botnfisks 6% uppbót (var 6%).

Þá varð sú breyting, að verðuppbótin greiðist eingöngu á fisk, sem landað er til vinnslu innanlands, sem felur í sér að hún verður hér eftir ekki greidd á fisk, sem fluttur er óunninn í gámum á erlendan markað. Þetta er gert til samræmis við meðferð á þeim ísfiski, sem fluttur er í veiðiskipum og ekki hefur notið verðuppbótar.

Með tillögum þessa frumvarps er fjárhagur áhafnadeildar bættur að mun. Tilgangurinn er að gera deildinni kleift að leggja fram fé til þess að bæta lífeyrisréttindi sjómanna. Í tengslum við kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna, hefur sjávarútvegsráðherra rætt við samningsaðila um það, hvernig 80 m.kr. fjárframlag úr áhafnadeild geti nýst sem best til þess að leysa þetta mál, og verður það fé lagt fram á grundvelli samkomulags aðila. Þá mun verða lögð fram sérstök fjárveiting, 50 m. kr., árið 1985 til þess að gera kleift að hækka fæðispeningagreiðslur úr áhafnadeild um 25% frá 1. mars 1985 að telja. Þessi atriði koma fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir af hennar hálfu til að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna, sem getið var hér að framan. Þá er hér gert ráð fyrir að endurgreiðsla söluskatts til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða verði að svo stöddu með þeim hætti, að greidd verði 6% verðuppbót úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs ofan á lágmarksverð til útgerðar og sjómanna, sem komi til skipta á venjulegan hátt.

Til þess að standa straum af öllum framangreindum greiðslum nægja núgildandi tekjustofnar Aflatryggingasjóðs ekki (sjá töflu 1). Því er hér lagt til, að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja, (sem áætlaður er 540 m.kr. árið 1985, sbr. töflu 2), skuli öll renna til Aflatryggingasjóðs. Á fjárlögum eru ætlaðar 430 m.kr. til greiðslu í þessu skyni, sem ætti að nægja vel til að standa skil á ársfjórðungslegri greiðslu eftir á. Gert er ráð fyrir því að fjárveiting til þessara þarfa verði endurskoðuð síðar. Auk þess ráðgerir sjávarútvegsráðherra að nýta endurgreiðslu loðnuverksmiðja og loðnuútgerðar á lánum úr gengismunarsjóði, sem veitt voru árið 1983, til þess að styrkja greiðslustöðu Aflatryggingasjóðs.

Eins og áætlanir um rekstur útvegsins, sem gerðar voru í tengslum við fiskverðsákvörðun bera með sér, eru greiðslurnar úr Aflatryggingasjóði ákaflega mikilvægar fyrir afkomuna (töflur 4 og 5) og sama gildir um tekjur sjómanna (töflur 6 og 7). Til þess að gefa yfirlit yfir afkomu sjávarútvegsins í heild fylgja einnig áætlanir um afkomu fiskvinnslunnar við rekstrarskilyrði á fyrsta fjórðungi þessa árs (töflur 8 og 9).

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr., I.

Skiptingin á fénu er ákveðin í samræmi við fjárþörf einstakra deilda eins og hún er nú áætluð (sbr. töflu 1). Rétt þykir að hafa heimild fyrir sjávarútvegsráðherra til þess að ákveða að greiða til loðnuveiða og loðnuvinnslu sérstaklega af þessu fé. Þá þykir rétt, að heimila með þessum lögum að færa fé þetta milli deilda sjóðsins, ef þurfa þætti vegna breyttra aðstæðna.

Um 1. gr., II.

Hér er lagt til að ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 21 24. apríl 1984 verði framlengt efnislega óbreytt og látið gilda allt árið 1985.

Um 1. gr., III.

Hér er lagt til að ákvæði 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 102 30. júlí 1984 verði látin gild á gildistíma almenns fiskverðs á árinu 1985 eins og það var ákveðið um síðustu áramót, þ. e. til ágústloka.

Um 1. gr., IV.

Hér er lagt til, að áhafnadeild greiði 80 m.kr. til lífeyrissjóða sjómanna, auk greiðslu fæðispeninga til starfandi sjómanna, sem reiknað er með að hækki með almennum launabreytingum.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lausleg áætlun Þjóðhagsstofnunar um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985, m. v. áætlaðan afla, gengi og verðlag 1985.

Tafla 1. 3. mars 1985.

	Almenn deild	Verðjöfnunar-deild	Áhafna-deild	Samtals
	M. kr.	M. kr.	M. kr.	M. kr.
1. Til ráðstöfunar:				
1.1. Eignir / skuldir 1/1/85	119	−63	55	111
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi	165	220	230	615
1.3 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti	230	230	80	540
1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar	—	—	50	50
1.5 Til ráðstöfunar alls 1985 (1.5 = 1.1 + 1.2 + 1.3 + 1.4)	514	387	415	1 316
2. Ráðstöfun:				
2.1 Áætlun óuppgert frá 1984	30	20	7	57
2.2 Ársútgjöld m. v. gildandi reglur		360	235	595
2.3 Ársútgjöld m. v. 1. gr. II lið í frumvarpinu (4%)	276	—	—	276
2.4 Ársútgjöld, sbr. 1. gr. III lið	208	—	—	208
2.5 Greiðsla í lífeyrissjóði sjómanna, sbr. 1. gr. IV. lið	—	—	80	80
2.6 Greiðsla vegna loðnuveiða og -vinnslu og síldveiða 6% uppbót á aflaverðmæti árið 1985, sbr. 2. mgr. 1. gr., I. lið	—	50	—	50
2.7 Hækkun fæðisdagpeninga; 25% 1/3 '85	—	—	50	50
2.8 Ráðstöfun 1985 (2.8=2.1+2.2+2.3+2.4+2.5 +2.6+2.7)	514	430	372	1 316
3. Eignir/skuldir 31/12/1985	0	−43	43	0

Fylgiskjal II.

Lausleg áætlun Þjóðhagsstofnunar um uppsafnaðan söluskatt í rekstrarkostnaði fiskveiða og fiskvinnslu á heilu ári 1985. Miðað er við 24 prósent söluskatt og verðlagsforsendur fjárlaga.

Tafla 2.

	Söluskattur % af gjöldum				
	Beinn söluskattur	Óbeinn söluskattur	Samtals söluskattur	Áætluð rekstrar-gjöld	Áætlaður sölu-skattur
1. Fiskveiðar, bátar og togarar	0,2	0,8	1,0	11 000	110
2. Fiskvinnsla, frysting og söltun ...	1,6	1,0	2,6	13 100	340
3. Fiskmjöls- og lýsisvinnsla	3,0	1,2	4,2	2 100	90
					540

Athugasemdir:

Með beinum söluskatti er hér átt við þann söluskatt, sem greiddur er beint við kaup á söluskattsskyldum aðföngum, en óbeinn söluskattur er aftur á móti sá söluskattur, sem safnast upp í framleiðslukostnað aðkeyptrar vöru eða þjónustu.

Ofangreind hlutföll söluskatts í framleiðslukostnaði fiskiðnaðar eru miðuð við 24% söluskatt, meðalverðlag 1985, skv. fjárlagafrumvarpi á lokastigi 1985 og aflaforsendur í þjóðhagsspá 1985. Aðferðirnaar, sem notaðar eru við þetta mat, eru hinar sömu og notaðar hafa verið við hliðstæðar áætlanir fyrir útflutningsiðnað á undanförnum árum. Byggt er á rekstrarreikningum og rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar fyrir einstakar greinar sjávarútvegsins.

Skýringar við rekstraráætlanir botnfiskveiða 1983 og framreikning til marsskilyrða 1985.

(Töflur 3, 4, og 5)

Reikningar ársins 1983.

Ársreikningurinn byggir á reikningaefni frá Fiskifélagi Íslands. Tekjur og gjöld eru endurmetin eftir upplýsingum Fiskifélags og fleiri aðila á líkan hátt og áður í áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Í togarareikningi er rekstur frystitogara ekki meðtalinn.

Fjármagnskostnaðarmatið byggir á árgreiðsluaðferðinni og er vátryggingarverðmæti flotans notað sem grundvöllur árgreiðslunnar. Miðað við 12 ára endingartíma fjárfestingar að viðbættu 10% álagi vegna rekstrarfjár og jafnframt miðað við 10% hrakvirði. Sýnd eru tvö tilvik um raunvexti af fjármagni, 3% og 6%.

Rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1985.

Fiskverðsbreytingin, sem tók gildi 21. nóvember, hafði í för með sér um 20% meðalhækkun á fiskverði. Þorskur, skarkoli og steinbítur hækkuðu um 20%, ýsa um 45%, karfi um 18% og aðrar botnfisktegundir um 15%, nema ufsi, sem hækkaði ekki. Jafnframt var tilhögun verðuppbóta úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs breytt þannig, að nú er greidd 25% uppbót á ufsaverð (þó ekki í mars og apríl), engin á ýsu, á karfa 26% (og einnig á lúðu og grálúðu veidda á línu frá júní til ágúst) og á aðrar botnfisktegundir 6%.

Gert er ráð fyrir óbreyttum greiðslum úr almennu deild Aflatryggingasjóðs, sem alls nema um 7% af lágmarksverði. Fiskverðshækkunin hjá minni togurum er áætluð 19.5% og hjá stærri togurum 18.1%. Hækkun á verði botnfiskafla báta er áætluð 20.9%.

Rekstraryfirlit minni togara miðast við 82 skip (frystitogararnir Örvar og Hólmadrangur eru ekki taldir með). Í reikningi stærri togara er gengið út frá rekstri 12 togara. Aflaforsendur eru að mestu leyti miðaðar við áætlað aflamark 1985.

Aflamarkinu er skipt milli skipsgerða eftir sömu forsendum og áætluð skipting kvóta árið 1984. Aflinn er reiknaður án álags á landanir erlendis. Miðað er við afla upp úr sjó í þúsundum tonna.

Aflaforsendur í rekstraráætlun 1985:

	Bátar			Togarar				
	21—200 brl.	Aðrir	**Samtals**	Minni togarar	Stærri togarar	Frysti-togarar o. fl.	**Samtals**	Afla-forsenda *Samtals*
Þorskur	92	40	132	106	12	10	128	260
Ýsa	18	6	24	21	3	2	26	50
Ufsi	20	11	31	27	8	4	39	70
Karfi	4	2	6	72	23	9	104	110
Skarkoli	7	2	9	6	1	1	8	17
Grálúða	1	1	2	21	4	3	28	30
Steinbítur	6	3	9	5	1	0	6	15
Annað	(2)	(0)	(2)	(10)	(1)	(1)	(12)	(14)
Samtals	150	65	215	268	53	30	351	566

Gert er ráð fyrir, að meðalafli minni togara verði um 2.838 tonn, sem þýðir um 3% samdrátt í þunga frá árinu 1983 og um 2% minni afla að meðaltali á togara en áætlað er að verði á árinu 1984. Áætlað er, að afli stærri togara árið 1985 verði 3.892 tonn að meðaltali, sem er um 1,5% aukning frá 1983 og um 15% frá lauslegri áætlun um árið 1984. Gert er ráð fyrir, að lakari samsetning afla rýri tekjur minnni togara um 2,2% frá 1983 og lækki tekjur stærri togara um 5,6%.

Gert er ráð fyrir, að afli báta dragist saman um tæplega 6% frá árinu 1983 og samsetningarbreyting rýri tekjur bátanna um 1% til viðbótar. Tekjur bátanna í heild aukast nokkuð umfram meðaltekjubreytingu á botnfiskveiðum vegna verðhækkunar á sérafla (þ. e. rækju-, humar- og skelafla) umfram almennar verðbreytingar á botnfiskafla. Miðað við árið 1984 þýða þessar aflaforsendur árið 1985 aukinn botnfiskafla báta, sem gæti numið um 5—6%. Samdráttur í afla báta frá árinu 1983 til ársins 1984 nemur hins vegar líklega um 10—12%.

Áhrif af kvótasölu og framsali á kvóta eru ekki metin sérstaklega í þessum framreikningi. Líklega hefur einkum verið um tilflutning að ræða frá bátum yfir á togara, sem ætti að hafa bætt hag bátanna nokkuð. Nokkrum vandkvæðum er bundið að meta áhrif kvótakerfisins og aflasamdráttar á sókn flotans og þar með tilkostnaði við veiðarnar.

Upplýsingar um sókn bátaflotans árið 1984 liggja ekki fyrir nú. Mat á sókn togaranna er byggt á upplýsingum frá LÍÚ um úthaldið janúar—ágúst 1984. Úthaldsdagamælingarnar eru háðar nokkurri óvissu; þannig gæti orðið breyting á aflabrögðum og úthaldi, sem leiddi til sparnaðar í úthaldskostnaði án þess að það mælist sem breyting á úthaldi í skýrslum LÍÚ og Fiskifélags, ef bátur er með færri net í sjó en áður eða landlegur báta og togara verða lengri en áður.

Sýnd eru tvö tilvik um mismunandi sóknarbreytingar. Miðað við tölur frá LÍÚ um úthald togaranna tímabilið janúar—ágúst 1984 dróst sókn minni togara saman um tæplega 7% og stærri togara um tæplega 9½% miðað við sama tímabil árið 1983. Í fyrra

sóknardæminu er gert ráð fyrir, að sókn togaranna síðustu mánuði ársins dragist saman um 15%, þannig að sóknarsamdráttur árið 1984 frá árinu 1983 verði um 9,8% hjá minni togurum og 11,3% hjá stærri togurum. Í síðara úthaldsdæminu er gert ráð fyrir, að sóknin dragist saman um 25% síðustu mánuðina, sem þýðir um 13% sóknarminnkun hjá minni togurunum og um 14,5% hjá stærri togurunum. Forsendurnar eru sýndar hér á eftir:

Sóknarforsendur í úthaldsdæmum togara.

	Minni togarar					Stærri togarar				
	Fyrra úthaldsdæmi			Seinna úthaldsdæmi		Fyrra úthaldsdæmi			Seinna úthaldsdæmi	
	1983	1984	% breyting	1984	% breyting	1983	1984	% breyting	1984	% breyting
Meðalúthald jan.—ág. skv. LÍÚ	217	202	−6.9	202	−6.9	234	212	−9.4	212	−9.4
Áætluð sókn sept.—des.	111	94	−15.0	83	−25.0	112	95	−15.0	84	−25.0
Úthald alls	328	296	−9.8	285	−13.1	346	307	−11.3	296	−14.5

Í fyrra úthaldsdæminu er áætlað, að sókn í bátareikningi aukist um 1,5%, en í síðara dæminu að hún dragist saman um 2,0%. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir 6% samdrætti í sókn í botnfisk og í seinna tilvikinu, að hún dragist saman um 10%. Hvað annan afla varðar er gert ráð fyrir nokkurri sóknaraukningu á rækjuveiðum, sóknarminnkun á síldveiðum en að sókn í annan afla sé nær óbreytt.

Afar torvelt er að meta áhrif samdráttar í sókn á tilkostnað við veiðarnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að olíur, veiðarfæri, ís og löndunarkostnaður fylgi sóknarbreytingunum að fullu, viðhald að hálfu, en fastur kostnaður haldist óbreyttur.

Sóknarbreytingarnar lækka útgjöld í reikningi minni togara, sem nemur um 5,1% af tekjum og gjöld stærri togara lækka um 4,6% miðað við fyrra úthaldsdæmið. Gjöld togaranna lækka um 1,5% af tekjum til viðbótar m. v. seinna dæmið. Aukin sókn í fyrra bátadæminu hækkar tilkostnað, sem svarar 0,3% af tekjum, en í síðara dæminu lækkar kostnaðurinn um rúmlega 1% af tekjum.

Hér á eftir fer yfirlit um meðalafla, bæði á hvern úthaldsdag og hvern togara, á fyrrgreindum forsendum um sóknarbreytingar og er þá miðað við meðalafla á úthaldsdag samkvæmt upplýsingum LÍÚ tímabilið janúar—ágúst 1984 og gert ráð fyrir svipuðum meðalafla á úthaldsdag síðustu mánuðina 1984 og var 1983.

		Meðalafli á togara			
		Minni togarar	Breyting milli ára, %	Stærri togarar	Breyting milli ára, %
	1983	2.828	—	3.833	—
Lausleg áætlun	1984	2.989	−1.0	3.372	−12.0
Forsendur í rekstraráætlun	1985	2.838	−2.1	3.892	15.4
		Meðalafli á úthaldsdag			
	1983	8.9	—	11.1	—
Lausleg áætlun	1984	9.8	10.1	11.0	−0.1
Forsendur í rekstraráætlun 1985					
Fyrra úthaldsdæmi		9.6	−2.0	12.7	15.5
Síðara úthaldsdæmi		10.0	2.0	13.1	19.1

Rekstraráætlunin er færð fram til marsverðlags 1985. Tryggingar eru endurmetnar og reiknað með 40% iðgjaldsendurgreiðslu. Gera verður sérstakan fyrirvara um bátareikninginn, þar sem hann er ekki unninn eftir skiptingu báta í kvótaflokka heldur eftir stærð skipa, þar sem enn liggja ekki fyrir upplýsingar um tekjur og gjöld eftir kvótaflokkum. Ekki er sett fram greiðsluyfirlit fyrir flotann, en unnið verður að athugun á því máli á næstunni.

Fjármagnskostnaður er metinn eftir árgreiðsluaðferð og sýnd tvö tilvik, um 3% og 6% raunvexti af fjármagni. Sýnd eru dæmi um mismunandi rekstrarafkomu togaranna eftir aldri.

Tafla 3. 8. janúar 1985.

Átlað rekstraryfirlit botnfiskveiða árið 1983 (millj. kr.).

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		82	14	96
Tekjur alls	2 166,5	2 491,2	559,8	5 217,5
1. Seldur afli hérlendis	1 937,9	2 047,1	355,6	4 340,6
2. Seldur afli erlendis	61,6	269,9	182,8	514,3
3. Aðrar tekjur	167,0	174,2	21,4	362,6
Gjöld alls (1—6)	2 012,6	2 289,4	553,5	4 835,5
1. Aflahlutir	672,3	678,5	96,0	1 446,8
2. Laun og tengd gjöld	227,7	93,4	71,7	392,8
3. Olíur	324,9	652,5	156,5	1 133,9
4. Veiðarfæri	212,2	208,9	38,7	459,9
5. Viðhald	268,7	292,6	62,4	623,7
6. Annar kostnaður	306,8	363,5	108,2	778,5
7. Verg hlutdeild fjármagns	153,9	201,8	26,3	382,0
Verg hlutdeild, % af tekjum	7,1	8,1	4,7	7,3
Rekstrarafkoma:				
8. Reiknuð árgreiðsla (fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma)	305,4	498,1	92,9	896,4
9. Hreinn hagnaður (9=7−8)	−151,5	−296,3	−66,6	−514,4
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−7,0	−11,9	−11,9	−9,9
Rekstrarafkoma:				
Dæmi um 6% ávöxtun stofnfjár				
10. Reiknuð árgreiðsla (fjárhæð sem skilar 6% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma	362,6	591,4	110,3	1064,3
11. Hreinn hagnaður (11=7−10)	−208,7	−389,6	−84,0	−682,3
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−9,6	−15,6	−15,0	−13,1
Uppgjör fjármagnskostnaðar samkvæmt skattalögum				
12. Afskriftir	230,3	375,6	55,5	661,4
13. Gjaldfærðir vextir og gengism.	621,9	2 069,8	354,7	3 046,4
14. Tekjufærsla v/verðbreytinga	618,0	1 837,8	345,8	2 801,6
15. Hreinn hagnaður eftir verðbr. f. (15=7−12−13+14)	−80,3	−405,8	−38,1	−524,2
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−3,7	−16,3	−6,8	−10,0
Meðalverð aflans, kr. á kg				
Landað heima, heildarverð		9,02	8,06	
Landið erlendis, brúttóverð		20,44	19,69	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)				
Landað heima		2 767	3 151	
Landað erlendis		161	663	
Samtals:		2 928	3 814	
Heildarafli togara (sl. m. h.) þús. tonn		240,1	53,4	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	3 071,0	61 075	66 032	

Athugasemd: Sjá skýringar

Tafla 4. 8. janúar 1985.

Fyrra úthaldsdæmi: Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1985 (millj. kr.).

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Minni togarar: Eldri skráðir fyrir 1977	Minni togarar: Yngri skráðir 1977 og síðar	Minni togarar: Alls	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		45	37	82	12	94
Breyting frá 1983, úthald og sóknartengdur kostnaður, % ...	1,5			−9,8	−11,3	
Tekjur alls (1—4)	3 390,2	2 121,4	1 744,1	3 865,5	763,0	8 018,7
1. Seldur afli hérlendis	3 043,8	1 648,1	1 355,1	3 003,2	431,0	6 478,0
(þ. a. verðuppbætur)	(90.2)	(95,0)	(78,1)	(173,1)	(32,1)	(295,4)
2. Seldur afli erlendis	77,3	307,4	252,7	560,1	291,0	928,4
3. Bætur úr Aflatryggingasjóði .	152,0	91,4	75,1	166,5	31,5	350,0
4. Aðrar tekjur	117,1	74,5	61,2	135,7	9,5	262,3
Gjöld (1—6)	3 019,1	1 838,2	1 511,5	3 349,7	674,9	7 043,7
1. Aflahlutir	1 034,0	544,5	447,7	992,2	123,6	2 149,5
2. Laun og tengd gjöld	328,0	72,6	59,7	132,3	91,0	551,3
3. Olíur	581,1	549,8	452,0	1 001,8	206,9	1 726,8
4. Veiðarfæri	323,6	153,0	125,8	278,8	39,8	642,2
5. Viðhald	387,5	218,6	179,8	398,4	71,4	857,3
6. Annar kostnaður	427,9	299,7	246,5	546,2	142,2	1 116,3
7. Verg hlutdeild fjármagns ...	371,1	283,1	232,7	515,8	88,1	975,0
Verg hlutdeild, % af tekjum	10,9	13,3	13,3	13,3	11,5	12,2
Rekstrarafkoma:						
8. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma)	433,3	318,6	435,3	753,9	113,8	1 301,0
9. Hreinn hagnaður (7—8) ...	−62,2	−35,5	−202,6	−238,1	−25,7	−326,0
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−1,8	−1,7	−11,6	−6,2	−3,4	−4,1
Rekstarafkoma:						
Dæmi um 6% ársvöxtun stofnfjár						
10. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 6% ársvöxtun m. v. 12 ára endingartíma) .	514,4	378,4	516,9	895,3	135,1	1 544,8
11. Hreinn hagnaður (7—10) ..	−143,3	−95,3	−284,2	−379,5	−47,0	−569,8
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−4,2	−4,5	−16,3	−9,8	−6,2	−7,1
Meðalverð aflans, kr. á kg						
Landað heima, heildarverð				14.34	11.85	
Landað erlendis, brúttóverð ...				29,32	28,13	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)						
Landað heima				2 605	3 030	
Landað erlendis				233	862	
Samtals:				2 838	3 892	
Heildarafli togara (sl. m. h.) þús. tonn				232,7	46,7	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	4 360,8	71 200	118 300	92 700	95 367	

Athugasemd: Sjá skýringar.

Tafla 5. 8. janúar 1985.

Seinna úthaldsdæmi: Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1985 (millj. kr.)

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Minni togarar: Eldri skráðir fyrir 1977	Minni togarar: Yngri skráðir 1977 og síðar	Minni togarar: Alls	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		45	37	82	12	94
Breyting frá 1983, úthald og sóknartengdur kostnaður, %	−2,0			−13,1	−14,5	
Tekjur alls (1—4)	3 390,2	2 121,4	1 744,1	3 865,5	763,0	8 018,7
1. Seldur afli hérlendis	3 043,8	1 648,1	1 355,1	0	431,0	6 478,0
(þ. a. verðuppbætur)	(90,2)	(95,0)	(78,1)	(173,1)	(32,1)	(295,4)
2. Seldur afli erlendis	77,3	307,4	252,7	560,1	291,0	928,4
3. Bætur úr Aflatryggingasjóði	152,0	91,4	75,1	166,5	31,5	350,0
Aðrar tekjur	117,1	74,5	61,2	135,7	9,5	262,3
Gjöld (1—6)	2 981,6	1 806,6	1 485,4	3 292,0	663,9	6 937,5
1. Aflahlutir	1 034,0	544,5	447,7	992,2	123,6	2 149,5
2. Laun og tengd gjöld	328,0	72,6	59,7	132,3	91,0	551,3
3. Olíur	500,2	529,6	435,5	965,1	199,4	1 644,7
4. Veiðarfæri	312,5	147,5	121,2	268,7	38,4	619,6
5. Viðhald	380,8	215,0	176,7	391,7	70,2	842,7
6. Annar kostnaður	426,1	297,4	244,6	542,0	141,3	1 109,4
7. Verg hlutdeild fjármagns	408,6	314,7	258,8	573,5	99,1	1 081,2
Verg hlutdeild, % af tekjum	12,1	14,8	14,8	14,8	13,0	13,5
Rekstrarafkoma						
8. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma	433,3	318,6	435,3	753,9	113,8	1 301,0
9. Hreinn hagnaður (7—8)	−24,7	−3,9	−176,5	−180,4	−14,7	−219,8
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−0,7	−0,2	−10,1	−4,7	−1,9	−2,7
Rekstrarafkoma						
Dæmi um 6% ávöxtun stofnfjár						
10. Reiknuð árgreiðsla fjárhæð sem skilar 6% ávöxtun m. v. 12 ára endingartíma	514,4	378,4	516,9	895,3	135,1	1 544,8
11. Hreinn hagnaður (7—10)	−105,8	−63,7	−258,1	−321,8	−36,0	−463,6
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−3,1	−3,0	−14,8	−8,3	−4,7	−5,8
Meðalverð aflans, kr. á kg						
Landað heima, heildarverð				14.34	11.85	
Landað erlendis, brúttóverð				29.32	28.13	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)						
Landað heima				2 605	3 030	
Landað erlendis				233	862	
Samtals:				2 838	3 892	
Heildarafli togara (sl. m. h.) þús. tonn				232,7	46,7	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	4 360,8	71 200	118 300	92 700	95 367	

Athugasemd: Sjá skýringar.

Tafla 6.

Breytingar fiskverðs og kauptaxta 1977—1985.
Vísitölur 1977 = 100.

	Fiskverð botnfiskafli 1)	Kauptaxtar allra launþega	Fiskverð/ kauptaxtar
1977	100	100	100
1978	135	155	87
1979	194	223	87
1980	279	337	83
1981	408	504	81
1982	632	757	84
1983	1 097	1 136	97
1984 maí	1 269	1 311	97
1984 júní	1 397	1 337	104
1984 jan.—okt.	1 326	1 314	101
1984 desember	1 676[2])	1 549	108
1984 allt árið	1 369	1 350	101
Janúar 1985	1 676	1 595	105
Mars 1985	1 676	1 619	104
Maí 1985	1 676	1 664	101
Nóvember 1984—ágúst 1985	1 657	1 614	103

1) Hlutur sjómanna í skiptaverði. Hér er um hreinar verðvísitölur að ræða, sem aflabreytingar hafa ekki áhrif á.
2) Hér er miðað við 20% hækkun á fiskverði til sjómanna frá 21. nóvember 1984.

Tafla 7.

Lauslegar ágiskanir um þróun atvinnutekna sjómanna (á botnfiskveiðum) og annarra launþega 1977—1985.[1])
Vísitölur, 1977 = 100.

	Sjómenn	Verkamenn	Iðnaðarmenn	Allir launþegar	Sjómenn/ verkamenn	Sjómenn/ iðnaðarmenn	Sjómenn/ allir launþegar
1977	100	100	100	100	100	100	100
1978	139	155	152	152	89	91	91
1979	227	231	222	222	98	102	102
1980	359	360	338	339	100	106	106
1981	540	569	524	529	95	103	102
1982	788	859	812	814	92	97	97
1983	1 171	1 314	1 258	1 258	89	93	93
1984 maí	1 431	1 597	1 515	1 525	90	94	94
1984 júní	1 575	1 629	1 544	1 555	97	102	101
1984 desember[2])	1 890	1 838	1 742	1 794	103	109	105
Janúar 1985[2])	1 920	1 976	1 893	1 902	97	101	101
Nóv. 1984-ágúst 1985[2])	1 893	1 996	1 909	1 914	95	99	99
Nóv. 1984-maí 1985	1 881	1 964	1 876	1 888	96	100	100

1) Breytingar á tekjum sjómanna á botnfiskveiðum eru áætlaðar með tilliti til breytinga fiskverðs og afla á mann á botnfiskveiðum og breytinga í aflasamsetningu. Á árinu 1982 er áætlað, að aflaminnkun á mann hafi numið 5,5% en um 14,3% árið 1983. Árið 1984 er gert ráð fyrir um 8,9% aflaminnkun á föstu verðlagi frá 1983. Jafnframt er gert ráð fyrir 12—14% sóknarminnkun að meðaltali árið 1984 frá árinu 1983. Á árinu 1985 er hins vegar gert ráð fyrir 2,8% aflaaukningu á föstu verðlagi frá 1984, en jafnframt nokkru meiri sókn, eða um 1—1½% frá 1984. Hjá verkamönnum er reiknað með 2 ½% hækkun tekna umfram taxta, en 3½% hjá iðnaðarmönnum og 3% hjá öllum launþegum.
2) Hér er miðað við 20% hækkun á fiskverði til sjómanna frá 21. nóvember 1984, sem gildi til ágústloka 1985.

Tafla 8.

8. janúar 1985.

Rekstraryfirlit frystingar, söltunar og herslu 1983.
(millj. kr.)

	Frysting	Söltun	Hersla	Samtals
Tekjur alls:	6 493,8	2 090,2	413,7	8 997,7
1. Útflutningstekjur	6 293,7	1 991,9	413,7	8 699,3
2. Selt af hráefni	58,6	30,3	—	88,9
3. Aðrar tekjur	141,5	68,0	—	209,5
Gjöld alls: (1.—8.)	6 165,6	1 998,3	444,4	8 608,3
1. Laun og tengd gjöld	1 451,2	372,5	64,6	1 883,3
2. Hráefni	3 012,5	1 065,6	207,3	4 285,4
3. Umbúðir	224,7	44,0	4,4	273,1
4. Flutningskostnaður	114,9	37,8	18,1	170,8
5. Orka	199,2	43,5	5,4	248,1
6. Viðhald	205,6	79,4	13,0	298,0
7. Annar kostnaður	328,1	158,7	22,5	509,3
8. Verðbreytingarfærsla v/birgða	629,4	196,8	109,1	935,3
9. Verg hlutdeild fjármagns	328,2	91,9	−30,7	389,4
Verg hlutdeild, % af tekjum	5,1	4,4	−7,4	4,3
Rekstrarafkoma				
10. Reiknuð árgreiðsla m. v. 3% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	318,8	114,3	23,8	456,9
11. Hreinn hagnaður (1.=10.−9.)	9,4	−22,4	−54,5	−67,5
Hreinn hagnaður, % af tekjum	0,1	−1,1	−13,2	−0,8
Rekstrarafkoma				
Dæmi um 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár				
12. Reiknuð árgreiðsla m. v. 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	431,4	153,3	36,7	621,4
13. Hreinn hagnaður (13.=12.−9.)	−103,2	−61,4	−67,4	−232,0
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−1,5	−2,9	−16,3	−2,6
Uppgjör fjármagnskostnaðar skv. skattalögum				
14. Verg hlutdeild fjármagns (án leiðréttingar á verðbreytingarfærslu v/birgða (14.=9+8)	957,6	288,7	78,4	1 324,7
Verg hlutdeild fjármagns (án leiðréttingar á verðbreytingarfærslu v/ birgða, % af tekjum	14,7	13,8	18,9	14,7
15. Afskriftir	299,9	109,6	16,1	425,1
16. Gjaldfærðir vextir og gengism.	1 279,9	388,7	94,5	1 763,1
17. Tekjufærsla v/verðbreytinga	616,8	255,2	1,9	873,9
18. Hreinn hagnaður eftir verðbreytingafærslur (18.=14.−15.−16.+17.)	−5,4	45,6	−30,3	9,9
Hreinn hagnaður, % af tekjum	−0,0	2,2	−7,3	0,1
Greitt úr Verðjöfnunarsjóði	—	117,7	23,0	140,7
Greitt í Verðjöfnunarsjóð	—	—	—	—

Athugasemdir: Sjá skýringar.

Tafla 9.

Rekstraryfirlit frystingar og söltunar m. v. rekstrarskilyrði í mars 1985.
(Millj. kr. Gengi USD = 39.93)

	Frysting	Söltun	Samtals
Tekjur alls:	9 236,8	2 579,9	11 816,7
1. Útflutningstekjur	8 989,4	2 500,0	11 489,4
2. Selt af hráefni	72,0	24,5	96,5
3. Aðrar tekjur	175,4	55,4	230,8
Gjöld alls: (1.—7.)	8 185,9	2 310,7	10 496,6
1. Laun og tengd gjöld	2 103,7	488,9	2 592,6
2. Hráefni	4 585,6	1 305,8	5 891,4
3. Umbúðir	320,5	50,8	371,3
4. Flutningskostnaður	157,5	43,0	200,5
5. Orka	278,1	69,8	347,9
6. Viðhald	293,2	137,6	430,8
7. Annar kostnaður	447,3	214,8	662,1
8. Verg hlutdeild fjármagns	1 050,9	269,2	1 320,1
Verg hlutdeild, % af tekjum	11,4	10,4	11,2
Rekstrarafkoma			
9. Reiknuð árgreiðsla m. v. 3% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	379,4	135,9	515,3
10. Reiknuð árgreiðsla m. v. 3% ávöxtun rekstrarfjár	128,9	23,2	152,1
11. Viðbót vegna raunvaxta umfram 3% v/birgða	188,8	34,9	223,7
12. Árgreiðsla samtals (12.=9.+10.+11.)	697,1	194,0	891,1
Hreinn hagnaður	353,8	75,2	429,0
Hreinn hagnaður, % af tekjum	3,8	2,9	3,6
Rekstrarafkoma **Dæmi um 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár**			
13. Reiknuð árgreiðsla m. v. 6% ávöxtun stofn- og rekstrarfjár 25 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma véla og tækja	462,1	165,6	627,7
14. Reiknuð árgreiðsla m. v. 6% ávöxtun rekstrarfjár	257,7	46,5	304,2
15. Viðbót vegna raunvaxta umfram 6% v/birgða	60,0	11,6	71,6
12. Árgreiðsla samtals (16.=13.+14.+15.)	779,8	223,7	1 003,5
Hreinn hagnaður	271,1	45,5	316,6
Hreinn hagnaður, % af tekjum	2,9	1,8	2,7
Framlegð, % af tekjum, skilgr. SH/SÍS	23,6	28,3	

Athugasemdir: Sjá skýringar.

Skýringar við rekstraryfirlit botnfiskvinnslu árið 1983 og framreikningur til rekstrarskilyrða í mars 1985. (Töflur 8 og 9).

Reikningar ársins 1983
(Tafla 8)

Rekstraryfirlitið er reist á ársreikningum 64 frystihúsafyrirtækja og 54 saltfisk- og skreiðarhúsa árið 1983. Reikningsyfirlitin eru unnin á hliðstæðan hátt og áður.

Tekið hefur verið tillit til áhrifa verðlags á birgðir og er birgðahagnaðurinn, sem fram kemur í ársreikningunum, leiðréttur þannig að matsverð birgða í ársbyrjun og árslok er fært til áætlaðs meðalverðlags ársins 1983. Mismunurinn er færður til gjalda undir liðinn verðbreytingafærsla vegna birgða.

Fjármagnskostnaður er endurmetinn samkvæmt árgreiðsluaðferð. Er Samsetning fjármagns áætluð eftir efnahagsreikningum 90 fiskvinnslufyrirtækja árið 1983. Fjármagnsstofninn er metinn út frá afskriftum í ársreikningi. Endingartími fasteigna er áætlaður 25 ár og véla og tækja 8 ár og jafnframt áætluð rekstrarfjárþörf miðað við birgðastöðu í árslok 1983, sem færð hefur verið til meðalverðlags á árinu 1983. Sýnd eru tvö tilvik um mismunandi ávöxtun á fjármagni 3% og 6%. Einnig er sýnt uppgjör á rekstrarafkomu eftir reglum skattalaga.

Rekstraráætlanir frystingar í mars 1985.
(Tafla 9)

Fiskverðhækkunin 21. nóvember 1984 er metin um 20,5% fyrir frystingu. Miðað er við gengi USD = kr. 39.93. Áætlað er, að framleiðsla frystiafurða dragist saman um 2,5% árið 1984 og framleiðsla árið 1985 verði svipuð og var árið 1984.

Gert er ráð fyrir, að markaðsverð í dollurum hafi lækkað um 4,5% frá árinu 1983 og samsetningarbreyting framleiðslunnar hafi rýrt framleiðslutekjur sem nemur 2,5% af tekjum til viðbótar. Þessar áætlanir eru byggðar á tölum um framleiðslu tímabilsins janúar-júlí 1984 og áætlun um samsetningu framleiðslunnar tímabilið ágúst til desember 1984. Nákvæmari framleiðslusamsetning fyrir árið 1984 liggur væntanlega fyrir fljótlega, og verða forsendur fyrir tekjuhlið rekstraráætlunarinnar endurmetnar, þegar það uppgjör liggur fyrir og tölurnar því settar fram með fyrirvara, hvað þetta atriði varðar.

Tekið hefur verið tillit til lækkunar á flutningsgjöldum til Evrópu og Ráðstjórnarríkjanna. Gert er ráð fyrir, að flutningsgjöld til meginlands Evrópu lækki um 25% og um 46% til Rússlands. Í heild er áætlað að lækkunin nemi um 13% eða sem nemur tæplega 1% af tekjum frystingar.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til breytinga á útflutningsgjöldum frá því sem var á árinu 1983. Fjármagnskostnaður er endurmetinn eftir árgreiðsluaðferð og sýnd tvö tilvik, um 3% og 6% ávöxtun á fjármagni. Birgðahaldstíminn er metinn 5,5 mánuðir. Greiðslustaða hefur ekki verið metin, en stefnt er að því að gera það á næstunni. Launahækkun í mars 1985 er tekin með, en ekki er gert ráð fyrir að framleiðslulaun dragist saman í samræmi við áætlaðan samdrátt í framleiðslu, sem þýðir tæplega 2% launahækkun á framleiðslueiningu umfram breytingar kauptaxta. Önnur gjöld eru einnig færð fram til marsverðlags 1985.

Rekstraráætlanir söltunar í mars 1985.
(Tafla 9)

Fiskverðshækkunin í söltun 21. nóvember 1984 er metin 18,8%. Miðað er við gengi USD = kr. 39.93. Að öðru leyti er miðað við áætluð rekstrarskilyrði í mars 1985. Gert er ráð fyrir, að framleiðslan dragist saman um 17% frá 1983 miðað við fast verðlag. Að frátöldum tandurfiski er áætlað, að samdráttur framleiðslunnar frá 1983 verði um 36%.

Gert er ráð fyrir, að markaðsverðlag í dollurum hafi hækkað um tæplega 3,0% frá árinu 1983 á óverkuðum þorski en lækkað nokkuð á öðrum afurðum söltunar. Til dæmis er gert ráð fyrir um 12% verðlækkun á söltuðum ufsaflökum og um 16% verðlækkun á þorskflökum.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði, þar sem innistæða í saltfiskdeild sjóðsins er uppurin, en greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði voru um 7% af tekjum söltunar árið 1983. Reiknað er með 5,5% útflutningsgjaldi frá áramótum, en árið 1984 var það 4%.

Framleiðsla á tandurfiski er metin sérstaklega í framreikningi og er ástæðan fyrir því sú, að miðað er við grunn ársins 1983, en framleiðsla á tandurfiski hófst ekki fyrr en árið 1984. Hefur framleiðslukostnaður á tandurfiski í rekstraráætlun verið metinn í samræmi við áætlanir SÍF. Er í því sambandi meðal annars tekið tillit til betri nýtingar og lægri launakostnaðar við tandurfiskframleiðslu en framleiðslu á óverkuðum fiski.

Upplýsingar um markaðsverð eru frá SÍF og er miðað við áætlun samtakanna um meðalverð á vetrarvertíð 1985. Gert er ráð fyrir óbreyttum flutningsgjöldum.

Fjármagnskostnaður er endurmetinn eftir árgreiðsluaðferð og sýnd tvö tilvik, um 3% og 6% ávöxtun. Gert er ráð fyrir 3,5 mánaða birgðahaldstíma að meðaltali, sem er í samræmi við áætlanir SÍF. Greiðslustaðan hefur ekki verið metin, en stefnt er að því að ganga frá efni þar að lútandi á næstunni.

Í áætlun um rekstrarskilyrði í mars 1985 hefur verið tekið tillit til hækkunar launa í mars og eru gjaldabreytingar lauslega áætlaðar.

Ed. 550. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
Leiga lausafjármuna í atvinnuskyni telst einnig verslun samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem sannanlega stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sækja um slíkt leyfi. Skal leyfið veitt þótt þeir fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hefur það færst í vöxt að ýmsir aðilar selji lausafjármuni á leigu í atvinnuskyni. Slík atvinnustarfsemi, t. d. leiga myndbanda, er oft umsvifamikil og svipar henni um margt til verslunarreksturs. Þó hafa sjaldnast verið gerðar kröfur til rekstrarleyfis. Í gildandi lögum um verslunaratvinnu segir að tilgangur þeirra sé m. a. að tryggja að þeir aðilar, sem fást við verslun, séu búnir þeim hæfileikum að þeir geti uppfyllt skyldur sem

slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu. Þar er stefnt að því að viðkomandi aðilar hafi þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum varðandi verslunarrekstur sem telja má nauðsynlega til að reka slíka starfsemi. Eðlilegt sýnist að sömu kröfur séu gerðar til þeirra aðila sem fást við leigu á lausafjármunum í atvinnuskyni. Leyfisbinding starfseminnar stuðlar m. a. að því að lög og reglur viðkomandi henni séu fremur virtar þar eð ella kann t. d. að vera hætta á því að réttur til leigu lausafjármuna í atvinnuskyni sé dæmdur af hlutaðeigandi, sbr. 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að verslunarleyfi þurfi til leigu lausafjármuna í atvinnuskyni, t. d. myndbanda, áhalda og bíla. Þó eru gerðar vægari kröfur til þeirra, sem sannanlega stunda slíka starfsemi við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi. Ekki er gert ráð fyrir því að þeir sem stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni en hafa verslunarleyfi geri sérstakar ráðstafanir vegna gildistöku laganna.

Eins og málum er nú háttað er ekki skylt að láta skrá fyrirtæki sem leigja út lausafjármuni nema um sé að ræða hlutafélög en þau eru skráð hjá hlutafélagaskrá. Verði frumvarpið að lögum verður það hins vegar almenn skylda að láta skrá þessi fyrirtæki, sbr. 1. og 16. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Sþ. 551. Fyrirspurn [343. mál]

til menntamálaráðherra um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 1982?

Sþ. 552. Fyrirspurn [344. mál]

til viðskiptaráðherra um raunvexti afurðalána.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvaða raunvextir hafa verið á afurðalánum vegna útflutnings annars vegar og á afurðalánum vegna sölu innanlands hins vegar á tímabilinu frá 1. ágúst 1984 til 1. febrúar s. l.?

Ef hér er um mismun að ræða, telur þá ráðherra að sá mismunur sé eðlilegur og hvaða efnahagsleg rök eru fyrir honum?

Sþ. 553. Fyrirspurn [345. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslukvittanir lánastofnana.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Er viðskiptaráðherra reiðubúinn til þess að setja reglur um gerð greiðslukvittana frá bönkum, lífeyrissjóðum og öðrum lánastofnunum sem tryggi að ávallt séu gefnar við greiðslu sundurliðaðar upplýsingar um afborgun láns annars vegar og upphæð vaxta, verðbóta og kostnaðar hins vegar svo að greiðendur fái fullnægjandi upplýsingar um þær fjárhæðir sem þeim er heimilt að færa til frádráttar á skattaframtali skv. gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt?

Sþ. 554. Fyrirspurn [346. mál]

til félagsmálaráðherra um hlunnindaskatt.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve miklar voru tekjur sveitarfélaga árið 1984 af 4% hlunnindaskatti skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga?
2. Hvaða sveitarfélög hafa möguleika á að nýta þennan tekjustofn og hver þeirra hafa beitt heimild laganna og lagt hlunnindaskatt á utansveitarmenn?
3. Hve margir eigendur hlunninda á landinu eru búsettir utan þeirrar sveitar þar sem hlunnindaeign þeirra er?

Nd. 555. Frumvarp til laga [347. mál]

um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85.)

I. KAFLI

Um lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar.

1. gr.

1. gr. laga nr. 71 30. maí 1984 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Þó skulu 4% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 25% ekki, og 8% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir og minni, en 21% ekki.

2. gr.

2. gr. laga nr. 71 30. maí 1984 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 7% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, auka-aflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og gilda frá 1. mars 1985 og taka til afla, sem landað er frá þeim tíma.

II. KAFLI

Um sjómannafrádrátt.

Breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

4. gr.

1. málsl. 1. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Sjómannafrádrátt að fjárhæð 180 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi eða skipi gerðu út af íslensku skipafélagi telst stunda sjómannsstörf.

5. gr.

2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Frádrátt er nema skal 12% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum og launum vegna sjómannsstarfa um borð í farmskipum, farþegaskipum, rannsóknarskipum, varðskipum, björgunarskipum og sanddæluskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

6. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

III. KAFLI

Um aðgerðir til lækkunar olíuverðs.

7. gr.

Við 1. gr. laga nr. 52 30. maí 1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, endurgreiða olíufélögunum frá og með 1. apríl 1985 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris vegna kaupa á gasolíu og svartolíu en ríkissjóður fellir jafnframt niður 45% gjaldtöku af mismun sölu- og kaupgengis gjaldeyris og þóknun (prósision) þeirri er bankarnir taka af félögunum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis vegna kaupa á framangreindum vörum.

8. gr.

Lög nr. 6 13. febrúar 1976, um gjald af gas- og brennsluolíum, falli úr gildi frá og með 1. apríl 1985.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum:

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður frá 1. apríl 1985:

27.10.60 og 27.10.70.

10. gr.

d-liður 11. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, orðist svo:

1⅓% af heildarsölu olíufélaga annarri en sölu á gasolíu og svartolíu, sbr. 10. gr. d.

Ákvæði þessarar greinar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu landsútsvars á árinu 1986 vegna sölu á árinu 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 28. febrúar og 1. mars 1985 tókust samningar milli Landssambands íslenskra útvegsmanna f. h. aðildarfélaga þess annars vegar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. sambandsfélaga þess vegna yfirmanna á fiskiskipum og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði hins vegar. Voru þessir samningar samþykktir við atkvæðagreiðslu í aðildarfélögunum.

Hinn 4. mars s.l. náðist samkomulag um nýja kjarasamninga milli samninganefnda útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands um kjör undirmanna á fiskiskipum. Þessir samningar voru hins vegar víðast hvar felldir við atkvæðagreiðslu í félögum sjómanna en samþykktir af hálfu útvegsmanna og hófust því samningaumleitanir að nýju. Samningar tókust 7. mars sl. Á lokastigi samninganna beindu samninganefndir sjómanna og útvegsmanna þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún beitti sér fyrir því, að 2% lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar, sem hún hafði lýst yfir að yrði stefnt að fyrir lok ársins, kæmi til framkvæmda þegar frá 1. mars 1985. Áður hafði eftir fundi með samningsaðilum hjá forsætisráðherra 28. febrúar 1985 verið lagður fram eftirfarandi listi um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar:

„Listi um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna á fiskiskipum og útvegsmanna, lagður fram eftir fundi með samningsaðilum hjá forsætisráðherra 28. febrúar 1985:

1. Fjárhagur áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs verður bættur þannig að hún geti lagt fram 80 m.kr. árið 1985 til þess að bæta lífeyrisréttindi sjómanna á þann hátt, sem þeir og útvegsmenn hafa komið sér saman um. (Sbr. fylgiskjöl I og II með frumvarpi þessu).
2. Sjávarútvegsráðherra mun enn fremur gera ráðstafanir til þess, að áhafnadeildin geti hækkað fæðisdagpeningagreiðslur til sjómanna sérstaklega um 25% frá 1. mars 1985. Fæðisdagpeningar úr deildinni fylgi síðan í meginatriðum breytingum fæðiskostnaðar á fiskiskipum eftir mati stjórnar Aflatryggingasjóðs hverju sinni. Endurgreiðsla úr áhafnadeild til stóru togaranna, þar sem áhafnir hafa frítt fæði, verður aukin sem svarar 25% hækkun fæðisdagpeninga og verður síðan ákveðin samsvarandi föst greiðsla á áhafnarmann á dag, sem útgerðin greiðir með fastakaupi.
3. Fjármálaráðherra mun beita sér fyrir því að fiskimannafrádráttur við álagningu tekjuskatts verði aukinn úr 10% í 12% af launatekjum af fiskveiðum.
4. Ríkisstjórnin lýsir því yfir, að í endurskoðun þeirri, sem hún lætur nú undirbúa á sjóðakerfi sjávarútvegs og löggjöf, er varðar hlutaskipti á fiskiskipum, stefni hún að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (eða auka þann hluta hennar, sem kemur til hlutaskipta) um 2% fyrir lok þessa árs. Í þessari endurskoðun verður sérstaklega hugað að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar við landanir erlendis.
5. Ríkisstjórnin mun þegar gera breytingar á verðlagningu á olíuvörum til útgerðar, m. a. með niðurfellingu opinberra gjalda sem valda mun um 2% lækkun á olíukostnaði útvegsins.
6. Gerðar verði ráðstafanir til þess að olíuverð til fiskiskipa haldist í meginatriðum óbreytt fram yfir miðjan maí n.k.

7. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingartillögum á ákvæðum frumvarps til siglingalaga um tryggingar sjómanna, sem nú liggur fyrir Alþingi, í samræmi við samkomulag sjómanna og útvegsmanna, sem fylgir þessum lista." (Sbr. fskj. III með frumvarpi þessu).

Ríkisstjórnin leggur með þessu frumvarpi fyrir Alþingi tillögur um framkvæmd framangreindra aðgerða, þar sem meðal annars er kveðið á um, að 2% lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar, sbr. 4. lið hér að framan, komi til framkvæmda þegar frá 1. mars 1985. Auk þess er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins þar sem meðal annars eru ákvæði til að framkvæma 1. og 2. tölulið listans hér að framan. Þá hefur samgönguráðherra ritað samgöngunefnd efri deildar bréf til þess að fylgja eftir 7. tölulið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

UM I. KAFLA

Um 1. og 2. gr.

Hér er lagt til, að sú 2% lækkun sérstaks kostnaðarhlutar útgerðar, sem ríkisstjórnin hafði lýst yfir, að stefnt yrði að fyrir lok þessa árs (sbr. 4. lið í listanum hér að framan), komi til framkvæmda þegar frá 1. mars 1985, jafnt við sölu innanlands sem erlendis. Þetta er gert að tilmælum sjómanna og útvegsmanna í bréfi dagsettu 7. mars 1985 (Fskj. IV).

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um II. KAFLA

Með ákvæðum þessa kafla er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við 3. tl. í lista ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að greiða fyrir kjarasamningum. Jafnframt eru í þessum kafla gerðar tillögur um jöfnun á skattalegri stöðu farmanna og fiskimanna en fyrirheit fjármálaráðherra um þær breytingar áttu þátt í lausn á kjaradeilu farmanna.

Um 4. gr.

Algengt er að erlend leiguskip með íslenskum áhöfnum séu í förum á vegum íslenskra skipafélaga. Af þessum sökum er sú tillaga gerð að hinn fasti sjómannafrádráttur nái til lögskráðra manna á leiguskipum sem eru í förum fyrir íslensk skipafélög.

Um 5. gr.

Sjómönnum er að tvennu leyti mörkuð sérstaða í gildandi lögum. Annars vegar njóta allir sjómenn hins svonefnda sjómannafrádráttar sem er 180 kr. á hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf. Hins vegar fá fiskimenn sérstakan frádrátt sem nemur 10% af beinum tekjum af fiskveiðum. Hinn sérstaki fiskimannafrádráttur var á sínum tíma (1972) lögleiddur til lausnar kjaradeilu og meðal annars rökstuddur með sérstöðu sjómanna vegna fjarveru frá heimili.

Með þessari grein er lagt til að hundraðshluti hins svonefnda fiskimannafrádráttar hækki úr 10% í 12% í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar. Þá er lagt til að frádráttur samkvæmt þessum lið nái jafnt til farmanna sem fiskimanna.

Þau rök sem lágu til grundvallar fiskimannafrádrættinum eiga einnig við um þá farmenn sem starfa langdvölum frá heimilum sínum. Verður því að telja eðlilegt að jöfnuð sé skattaleg meðferð sjómanna. Ætla má að fyrirheit um breytingu í þessa átt hafi stuðlað að því að samningar tókust í kjaradeilum farmanna. Frádráttur þessi tekur einungis til launa samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

Áætlað hefur verið að tekjuskattur sjómanna við álagningu 1985 lækki um 40—50 milljónir kr. verði frumvarp þetta að lögum, þar af um 20 milljónir vegna hækkunar svonefnds fiskimannafrádráttar úr 10 í 12%.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um III. KAFLA

Með ákvæðum þessa kafla er lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum ákvæðum varðandi opinber gjöld á gasolíu og svartolíu. Samanlögð áhrif þeirra breytinga munu lækka olíuverð til útgerðar um rúmlega 2%. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði eru eftirfarandi:

	Lækkun í m. kr. á ári	Heildaráhrif lækkunar á olíuverð (%)
1. Lækkun leyfisgjalda bankanna, sbr. rgl. nr. 19/1985 um breyting á rgl. nr. 519/1979	3,7	0,1
2. Niðurfelling gjalds af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta	22,5	0,5
3. Niðurfelling innflutningsgjalds af gasolíu og svartolíu og niðurfelling magntolls á gasolíu og svartolíu	4,7	0,1
4. Niðurfelling landsútsvars af gasolíu og svartolíu	59,2	1,33
Samtals:	90,1	2,03

Rúmlega helmingur heildarfjárhæðarinnar kemur útgerðinni til góða.

Lækkun leyfisgjalda skv. 1. lið hefur þegar tekið gildi, sbr. rgl. nr. 19/1985.

Þá hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns, sem væntanlega mun leiða til frekari lækkunar á olíuvörum til útvegsins. Erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um hversu mikil sú lækkun verður og er hún því ekki tekin inn í töfluna hér að ofan.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður tvenns konar gjöld í ríkissjóð vegna kaupa á gasolíu og svartolíu til landsins. Annars vegar 45% gjald á gengismun. Er lagt til að bankarnir endurgreiði samsvarandi fjárhæð til olíufélaganna og veldur það 0,1% lækkun olíuverðs en lækkun kostnaðar á hverju ári vegna þessa er áætluð 4,3 millj. kr. Hins vegar er lagt til að niður verði fellt 45% gjald í ríkissjóð af umboðsþóknun bankanna, enda verði gjaldskrá bankanna vegna viðskipta með gasolíu og svartolíu lækkuð sem þessu nemur og gjöldin verði því 55% af núverandi gjaldskrá. Þetta mun valda 0,4% lækkun olíuverðs og árlegri lækkun olíukostnaðar um 18,2 milljónir króna. Þessar breytingar munu ekki hafa nein áhrif á hag bankanna en tekjur ríkissjóðs munu lækka um 22,5 milljónir á heilu ári.

Um 8. gr.

Lagt er til með þessari grein að lög nr. 6/1976 verði felld úr gildi. Mun niðurfelling þeirra valda 0,1% lækkun olíuverðs og kosta ríkissjóð 4,7 milljónir á ári.

Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi tollskrá er lagður magntollur á gasolíu og svartolíu er nemur 5 aurum á hvert tonn. Hér er lagt til að þessi tollur verði felldur niður. Kostnaður ríkissjóðs af þessu mun nema 18 þús. kr. á ári og niðurfellingin mun valda 0,0005% lækkun verðs á gasolíu og svartolíu.

Um 10. gr.

Með grein þessari er lagt til að sala á gasolíu og svartolíu verði felld niður sem skattstofn landsútsvars hjá olíufélögunum, en landsútsvar er nú 1⅓% af heildarsölu félaganna. Landsútsvar olíufélaganna er þáttur í verðmyndun á olíuvörum og veldur niðurfelling þess á gasolíu og svartolíu því verðlækkun sem nemur 1,33%. Heildartekjutap sveitarfélaga af þessu miðað við verðlag í febrúar 1985 og sölumagn ársins 1984 er áætlað 59,2 milljónir kr.

Lagt er til að lækkun landsútsvars komi til framkvæmda við álagningu 1986 vegna sölu á árinu 1985. Hún mun engu að síður hafa þegar áhrif til lækkunar olíuverðs samkvæmt þeim reglum sem fylgt hefur verið við ákvörðun verðsins.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG

um greiðslur iðgjalda til Lífeyrissjóðs sjómanna.

Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annars vegar og Landssamband ísl. útvegsmanna hins vegar gera með sér svofellt samkomulag fyrir hönd aðildarfélaga sinna um greiðslur iðgjalda til Lífeyrissjóðs sjómanna:

1. **Iðgjaldagreiðslur.**
   Iðgjaldagreiðslur skulu vera 10% af viðmiðunargrunni. Skulu útvegsmenn greiða 6%, en sjómenn 4%.
2. **Greitt skal af heildarlaunum í eftirfarandi áföngum.**
3. **Viðmiðunargrunnur.**
   a. Iðgjaldsstofn skal ekki vera lægri en kauptrygging.
   b. Vinni skipverjar ólögskráðir við skip eða búnað þess skal greiða af þeim launum.
   c. Tímabilið 1. mars 1985 til 31. janúar 1986 er viðmiðunargrunnurinn 80% af heildarlaunum.
   d. Tímabilið 1. febrúar 1986 til 31. desember 1986 er viðmiðunargrunnurinn 90% af heildarlaunum.
   e. Frá og með 1. janúar 1987 skal greitt af heildarlaunum.
4. **Greiða skal iðgjald af orlofsfé.**
5. **Samkomulag þetta kemur í stað samkomulags um lífeyrissjóð, er samningsaðilar gerðu með sér þann 16. febrúar 1981.**

Reykjavík, 28. febrúar 1985.

F. h.
F.F.S.Í.
Guðjón A. Kristjánsson.

F. h.
L.Í.Ú.
Kristján Ragnarsson.

Reykjavík, 4. mars 1985.

F. h.
S.S.Í.
Óskar Vigfússon.

Fylgiskjal II.

Dags. 14. febrúar 1985.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók embættis ríkissáttasemjara vegna funda í málum nr. 1/1985, 3/1985 og 5/1985.

Fundur hófst fimmtudaginn 14. febrúar 1985, kl. 13.30, í húsakynnum ríkissáttasemjara að Borgartúni 22, Reykjavík.

Bókun gerð kl. 22.40:

Samninganefnd útvegsmanna óskar að taka fram, að samkomulag þetta um greiðslur iðgjalda til lífeyrissjóða sjómanna, er háð því skilyrði að sjávarútvegsráðherra ákveði að verja 1% af skiptaverði alls afla úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs til útgerða til þess að standa undir hluta af greiðslum útgerðar til lífeyrissjóða sjómanna. Fjármunir þessir verða teknir af endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti.

Samninganefndum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er kunnugt um þetta skilyrði og gera ekki ágreining um þessa ráðstöfun.

RÍKISSÁTTASEMJARI

Ofangreindur útdráttur staðfestur,
Elísabet Ólafsdóttir,
skrifstofustjóri.

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG

er um það á milli FFSÍ og SSÍ annars vegar og FÍB og LÍÚ hins vegar, að fara þess sameiginlega á leit við Alþingi, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 172. grein frumvarps til siglingalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.

Fjárhæðir miðast við dagsetningu samkomulags þessa.

2. málsgrein 172. greinar verði svohljóðandi:

„Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum, er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr., sem hér segir:

1. Dánarbætur:
   a) Kr. 360 000 við andlát, er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
   b) Kr. 140 000 til viðbótar greiðslu skv. a-lið, ef bætur greiðast skv. c- eða d-lið og skiptist á sama hátt og bætur skv. a-lið.

c) Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í 3 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.
d) Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. sömu greinar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
b) Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: kr. 9 100 fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1—25%, kr. 18 200 á bilinu frá 26—50% og kr. 27 300 fyrir hvert örorkustig umfram 50%".

Niður falli í 3. mgr.: „talið frá 1. júlí 1983".

Örorkubætur við 100% örorku mundu þá vera 2 047 500.

Reykjavík, 28. febrúar 1985.

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna.
Kristján Ragnarsson.

F. h. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.
Þórhallur Helgason.

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
Guðjón A. Kristjánsson.

Reykjavík, 4. mars 1985.

F. h. Sjómannasambands Íslands.
Óskar Vigfússon.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 7. mars 1985.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til þess að greiða fyrir kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, dags. 28. febrúar sl. kom eftirfarandi fram:

„Ríkisstjórnin lýsir því yfir, að í endurskoðun þeirri, sem hún lætur nú undirbúa á sjóðakerfi sjávarútvegs og löggjöf, er varðar hlutaskipti á fiskiskipum, stefni hún að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (eða auka þann hluta hennar, sem kemur til hlutaskipta) um 2% fyrir lok þessa árs. Í þessari endurskoðun verður sérstaklega hugað að því að lækka sérstakan kostnaðarhlut útgerðar við landanir erlendis."

Við undirritaðir beinum því hér með sameiginlega til sjávarútvegsráðherra, að hann beiti sér fyrir því að þessi fyrirhugaða lækkun hins sérstaka kostnaðarhluta (sbr. lög nr. 71 1984) um 2% komi til framkvæmda þegar í stað, bæði hvað varðar landanir heima og erlendis.

F. h.	F. h.	F. h.
F. F. S. Í.	S. S. Í.	L. Í. Ú
Guðjón A. Kristjánsson.	Óskar Vigfússon.	Kristján Ragnarsson.

Til sjávarútvegsráðherra,
Halldórs Ásgrímssonar,
Lindargötu 9,
Reykjavík.

Ed. 556. Frumvarp til laga [348. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar, sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr., 5 málsgr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo: Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld og skip, sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali, er varðar skrásetta bifreið, og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir. Fer nú um það efni samkvæmt VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala, er varða skráð skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir. Skal slíku skjali þinglýst, þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma, skal senda skjöl, er hana varða til þinglýsingardómara í nýja umdæminu, en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja, ef lögfestar verða. Felur frumvarp þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því, að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt, svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið, má þinglýsing fara fram að nýju, en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja, að tiltækar séu upplýsingar um það, hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið, er gert ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlitsins, þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinu, verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum, er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að þegar skjal er varðar skráða bifreið er móttekið til þinglýsingar skuli dómari senda bifreiðaeftirlitinu tilkynningu og verði þessa getið í ökutækjaskrá, samkvæmt nánari reglum þar um. Við það er miðað að þess verði einungis getið í ökutækjaskrá að skjal hafi verið móttekið og við hvaða embætti það var, en hins vegar verði ekki færðar í skrána upplýsingar um efni skjals.

Um 2.—5. gr.

Samkvæmt gildandi þinglýsingalögum fer um þinglýsingu um skráðar bifreiðir samkvæmt reglum VI. kafla, þar sem m. a. er byggt á umdæmaskiptingu, eins og um þinglýsingu skipa minni en 5 rúmlesta. Lagt er til að um þinglýsingu þessa fari framvegis eftir reglum VII. kafla um þinglýsingu á lausafé almennt.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þykir að halda því ákvæði um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir að eigi þurfi að þinglýsa eignarheimild heldur skuli sú eignarheimild sem fram kemur í ökutækjaskrá talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjals.

Um 8. gr.

Gildistaka er miðuð við gildistöku nýrra umferðarlaga samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga sem liggur fyrir Alþingi.

Sþ. 557. Tillaga til þingsályktunar [349. mál]

um þróunarstofur landshlutanna.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði um áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegun.
4. Þróunarstofur starfi í nánum tengslum við byggða- og áætlanadeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
5. Þróunarstofur skuli m. a.:
   a. sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir;
   b. vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
   c. varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
   d. starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var lögð fram á 106. löggjafarþingi en kom þá ekki til afgreiðslu. Hún er hluti af stefnumörkun Bandalags jafnaðarmanna á sviði byggðastefnu og **valddreifingar.**

Hér er gerð grein fyrir tillögum um skipulag þessara mála á heimaslóð og lagt til að settar verði á fót **þróunarstofur í landshlutum.**

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Um einstaka liði í þingsályktunartillögunni má segja eftirfarandi:

Í 1. lið er lögð áhersla á hið tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofunum.

Í 2. lið er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa, enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um almennar kosningar héraðsstjórnvalda sem mundu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Í 3. lið þingsályktunarinnar er lögð áhersla á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, héðum og lífsháttum, er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Í 4. lið er lagt til að þróunarstofur starfi í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Í 5. lið er lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Þar er einnig lagt til að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, s. s. Vegagerðar, Pósts og síma og Rarik, svo að dæmi séu nefnd.

Sþ. 558. Tillaga til þingsályktunar [350. mál]

um bætta aðstöðu hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu.

Flm.: Sigríður Þorvaldsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að fyrir upphaf næsta leikárs verði gerðar endurbætur á aðstöðu fatlaðra til að sækja Þjóðleikhúsið.

Undirbúningsvinna að þessum framkvæmdum hefjist hið fyrsta.

Greinargerð.

Í byggingarlögum nr. 54 16. maí 1978 er m. a. það nýmæli að fjallað er um aðstöðu fatlaðra. Þar stendur: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar."

Gera verður ráð fyrir að hagsmuna hreyfihamlaðra sé gætt í nýbyggingum en treglega hefur gengið að færa eldri opinberar byggingar í viðunandi horf fyrir fatlaða. Það á ekki síst við um Þjóðleikhúsið en þar er örðugt fyrir hreyfihamlaða að komast upp háar útitröppur og stiga og innan dyra er mikið um mishæðir.

Ekki er hægt að koma nema tveimur hjólastólum fyrir í húsinu en í gildandi byggingarsamþykkt er kveðið á um að 1% sætarýmis skuli vera ætlað hjólastólum. Samkvæmt því ætti að vera rými fyrir sjö hjólastóla í húsinu en sæti eru þar 661. Einnig er salernisaðstaða enn ófullnægjandi þó að bætt hafi verið úr brýnasta vandanum með því að setja snyrtingu í forstofu framan við sal. Þó nær sú snyrtiaðstaða því miður ekki þeirri stærð sem reglugerðir gera ráð fyrir.

Hinn 22. maí 1980 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um málefni hreyfihamlaðra þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og gera kostnaðaráætlun um þau verk sem brýnust þóttu.

Þessi úttekt var gerð og skilaði starfshópur um ferlimál fatlaðra úttekt sinni 2. apríl 1981. Í framhaldi af þessum niðurstöðum lagði starfshópurinn til í bréfi dagsettu 26. júní 1981 við þáverandi félagsmálaráðherra að hann hæfi viðræður við menntamálaráðherra og forsætisráðherra — sem yfirmann húsameistara — um breytingar á Þjóðleikhúsinu. Félagsmálaráðherra varð við þessari tillögu og í september 1981 lögðu húsameistari og formaður starfshópsins fram athuganir og áætlanir til endurbóta á húsinu. Þar var gert ráð fyrir:

1. að sett yrði upp lyfta með 5 viðkomustöðum á austurhlið hússins,
2. að nýtt stórt anddyri með miðasölu hússins yrði byggt við austurhlið,
3. að sæti í 10. og 11. röð í sal yrðu losuð svo að hægt væri að skapa þar rými fyrir 7 hjólastóla,
4. að sérhannaðri snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða yrði komið fyrir í kjallara í tengslum við núverandi salerni og fatageymslu,
5. að möguleikar yrðu á því fyrir fatlaða að komast að litla sviðinu og í veitingasal.

Lausleg kostnaðaráætlun um breytingarnar var gerð og hljóðaði sú áætlun upp á 2 600 000 kr. Þar er gert ráð fyrir að anddyri það hið mikla, sem áætlað var, kostaði 800 þús. kr. eða tæplega þriðjung alls kostnaðarins. Farið var fram á a. m. k. 800 þús. kr. til að hefja undirbúningsframkvæmdir á árinu 1982.

Þáverandi félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra ákváðu að þeirri 1 000 000 kr., sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir 1982 vegna breytinga á húsnæði vegna fatlaðra, yrði varið til ofangreindra breytinga á Þjóðleikhúsinu. Það verður að segjast eins og er að ekkert varð úr framkvæmdum og féð var því ekki nýtt.

Á fjárlögum 1983 var fjárveiting að upphæð 1,4 milljónir kr. ætluð til verksins en enn varð ekkert úr framkvæmdum, þó svo að samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra reyndi að ýta á eftir málinu með bréfi dagsettu 30. júní 1983 til menntamálaráðherra. Á fjárlögum 1984 mun hafa verið veitt sama fjárhæð og árið áður til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra en ekki bar á því að það fé væri nýtt til breytinga á Þjóðleikhúsinu. Hins vegar var 200 þús. kr. af þessu fé varið til framkvæmda annars staðar.

Á fjárlögum þessa árs virðist ekki vera nein fjárveiting til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra. Við leggjum því til að eftirstöðvum af þeim 3,8 millj. kr., sem samtals var gert ráð fyrir á fjárlögum á árunum 1982, 1983 og 1984 til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra, verði nú varið til þess að setja upp lyftu, lagfæra stétt og skapa aðstöðu fyrir hjólastóla á miðsvölum.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu gerðu í febrúarmánuði s. l. frumkostnaðaráætlun um endurbætur í þessu sambandi. Þessi áætlun er byggð á upplýsingum frá embætti húsameistara ríkisins og vélsmiðjunni Héðni og sýnir eftirfarandi:

Stétt	kr.	600 000
Lítið anddyri (án miðasölu)	kr.	300 000
Lyfta með 4 viðkomustöðum	kr.	1 300 000
Lyftustokkur úr stáli og gleri	kr.	400 000
Múrbrot og gryfjugerð	kr.	350 000
	kr.	2 950 000

Hönnunar- og eftirlitskostnaður er ekki innifalinn í þessari áætlun, en gera má ráð fyrir að hann verði allt að 10% af kostnaði. Sáralítið kostar að losa um sæti til að fá rými fyrir átta hjólastóla og haft var samráð við umsjónarmann eldvarna um stað fyrir hjólastóla á miðsvölum.

Flm. telja að þessar 3,6 milljónir kr., sem ekki hafa enn verið nýttar en gert var ráð fyrir á fjárlögum, séu yfrið nóg fé til að koma þessu máli heilu í höfn þannig að hreyfihamlaðir geti sótt Þjóðleikhúsið rétt eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Fylgiskjal I.

Þingsályktun

um málefni hreyfihamlaðra.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir.

Samþykkt á Alþingi 22. maí 1980.

Fylgiskjal II.

Starfshópur um ferlimál fatlaðra:
Reykjavík, 2. apríl 1981.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Undirritaðir hafa kynnt sér Þjóðleikhúsið með hliðsjón af umferð fatlaðra.

Eftirtalin atriði þarf að leysa til þess að viðunandi megi teljast og án þess að gerðar séu of róttækar breytingar á húsinu.

1. Góð bílastæði eru við aðalinngang. Setja þarf lyftupall við austurhluta tröppu og rjúfa handrið við húsvegg þannig að hjólastóll komist af lyftupalli á stétt framan við aðaldyr. Sjálfvirkan búnað væri æskilegt að setja á eina af hurðunum. Skábraut þarf að setja á tröppur í anddyri (réttur halli fæst ekki vegna plássleysis).
2. Fullnægjandi snyrtingu þarf að setja í forstofu framan við sal. Frá miðdyrum salar er hægt að komast beint inn í salinn. Möguleiki þarf að vera á því að fjarlægja sæti og mynda rými fyrir hjólastóla (ákvörðunaratriði er hve mörg sæti eigi að vera hægt að fjarlægja).

Í þessari greinargerð er ekki gert ráð fyrir því að fatlað fólk komist niður í kjallara hússins, en möguleiki væri á að það kæmist upp í forstofuna á efri hæðinni með stigalyftu.

Björn Kristleifsson.
Helgi Hjálmarsson.
Hrafn Hallgrímsson.
Óli Hilmar Jónsson.

Athugun á hæfni byggingar fyrir hreyfiskerta.

BYGGING: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ.

	Hámarksvægi	Úttektarvægi	Vægi eftir lagfæringu	Athugasemdir
I. Aðkoma og stæði:	15	10	10	
1. Afstaða til inngangs	7	6	6	
2. Gerð stæða	4	4	4	
3. Upphitun inngangssvæðis	4	0	0	
II. Aðalinngangur:	25	1	20	Setja þarf lyftupall við útitröppur og skábraut í anddyriströppur. Æskilegt væri að setja sjálfvirkan búnað á hurðir.
1. Aðkoma	10	0	8	
2. Tröppur og skábrautir	10	0	8	
3. Dyrabúnaður	5	1	4	
III. Tilhögun innanhúss:	60	16	36	Fjarlægja þarf sæti við miðdyr í sal til að mynda rými fyrir hjólastóla.
1. Lega og gerð stiga og lyfta	20	0	10	
2. Gangabreiddir	15	10	10	Séstaklega þarf að athuga merkingu fyrir blinda og heyrnarlausa.
3. Lega og gerð snyrtinga	10	3	8	
4. Hurðarbreiddir og þröskuldar	10	3	8	
5. Merkingar	5	0	x	
Summa	100	27	66	


Í þessari úttekt er ekki gert ráð fyrir því að fatlaðir komist niður í kjallarann, en möguleiki væri að setja stigalyftu í tröppu sem tengir forstofurnar saman.

Fylgiskjal III.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ: KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR LYFTUR
(Unnin af Héðni.)

1.	Stigalyfta í tröppum	Kr.	250 000,00
2.	Stigalyfta í tröppum upp í miðasölu í austurátt	—	250 000,00
3.	Stigalyfta á útitröppum upp í miðasölu í suðurátt	—	300 000,00
4.	Stigalyfta upp í gang úr miðasölu	—	180 000,00
5.	Palllyfta upp í gang úr miðasölu	—	150 000,00
6.	Stigalyfta úr hliðaranddyri í austurátt niður í kjallara og upp í gang	—	600 000,00
7.	Stigalyfta í kjallara niður í veitingastað	—	250 000,00
8.	Palllyfta í kjallara niður í veitingastað	—	200 000,00
9.	Átta manna fólkslyfta, 5 hæðir, þrír inngangar	—	1 400 000,00[x])
	Lyftustokkur úr stáli og gleri	—	400 000,00
10.	Ein glerlyfta, 2ja manna, 2 hæðir	—	400 000,00
11.	Tvær glerlyftur, 2 hæðir	—	750 000,00

[x]) Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir fjórum viðkomustöðum en ekki fimm og verð því 1 300 000 kr.



2. hæð. Neðri svalir.

Ed. 559. Nefndarálit [309. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna fulltrúa ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Sömu aðilar létu nefndinni í té skriflegar athugasemdir um málið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem lögð er fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Helgi Seljan, fundaskr. | Kolbrún Jónsdóttir.

Björn Dagbjartsson. | Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 560. Breytingartillaga [309. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

1. málsgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Lágmarksdagpeningar eru ¼ hluti sömu launa.

Nd. 561. Frumvarp til laga [351. mál]

um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný gr. er orðist svo:

Nú ákveður félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á töku fæðingarorlofs skv. lögum nr. 97 1980, að hverfa úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti og til heimilisstarfa vegna barnsburðar og er þá þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi er félagsmaður í, skylt að veita félagsmanninum heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að 7 ár, enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Slíkur félagsmaður nýtur allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir félagsmenn, þ. á m. lánsréttinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heimavinnandi húsmæður eru eina atvinnustéttin í landinu sem engra lífeyrisréttinda nýtur. Með lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, var öllum öðrum stéttum, sem ekki áttu þegar aðild að lífeyrissjóði, gert skylt að kaupa sér aðild; einnig þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Fyrir hina síðast töldu voru lífeyrissjóðir viðkomandi starfsstétta opnaðir með lögum þessum. Áður hafði

með sérstökum lögum verið stofnaður lífeyrissjóður fyrir bændur þar sem ríkið og neytendur voru lögskyldaðir til mótframlags. Eftir þessa lagasetningu eru húsmæður eina starfsstéttin sem ekki nýtur lífeyrisréttinda og er það aðeins eitt dæmi um réttleysi húsmæðranna og hve mikið skortir á að samfélagið meti störf þeirra til jafns við störf annarra.

Margar tillögur hafa verið fluttar um lífeyrisréttindi fyrir húsmæður, m. a. tillaga á þessu þingi frá Páli Péturssyni, á þskj. 33. En þær hafa enn ekki náð fram að ganga. Flestar eða allar hafa þær gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiddi 6% iðgjaldahlut á móti 4% húsmóðurinnar. Enda þótt menn hafi ekki hikað við að leggja úr ríkissjóði framlög til lífeyrisréttindakaupa annarra starfsstétta hefur vafist fyrir mönnum að afgreiða lífeyrisréttindakaup húsmæðra á sama hátt. Auðsætt er því að slíku takmarki ná menn ekki með einni afgreiðslu. Menn verða því að leita annarra leiða til þess að ná því takmarki og þá í áföngum. Frumvarp þetta er einmitt slíkur áfangi, skref í átt til þess endanlega takmarks að tryggja húsmæðrum fulla viðurkenningu sem aðrar starfsstéttir hafa þegar hlotið, þ. á m. lífeyrisréttindi.

Í langflestum tilvikum hafa konur þegar hafið störf úti á vinnumarkaðinum er þær ganga í hjónaband og eru flestar við slík störf er þær stofna heimili. Þegar fjölgar svo í fjölskyldunni og móðirin stendur frammi fyrir því vali hvort hún kýs að starfa áfram utan heimilis og koma barni sínu í fóstur eða hverfa af vinnumarkaðinum til heimilisstarfa að hluta eða öllu leyti, þá eru að sjálfsögðu fjölmörg áhorfsmálin, þ. á m. lífeyrismál. Kjósi konan að hverfa af vinnumarkaðinum og til heimilis- og uppeldisstarfa missir hún ekki aðeins atvinnutekjur heldur falla þá niður réttindakaup hennar í lífeyrissjóði. Sé um að ræða konu sem hefur t. d. ekki greitt nógu lengi í lífeyrissjóð til þess að tryggja sér lánsréttindi fellur einnig sá möguleiki niður er hún hverfur til heimilisstarfanna, og sennilega einnig réttur hennar til lántöku jafnvel þótt hún uppfylli skilyrði sjóðsins um lágmarkstíma varðandi aðild að sjóðnum. Fyrir ungt fólk, sem er að afla sér íbúðarhúsnæðis, getur þetta verið þungt á metaskálunum og beinlínis orðið þess valdandi að kona heldur áfram störfum utan heimilis þótt hún vilji heldur sjálf annast uppeldisstörfin og heimilishaldið.

Tilgangur frumvarps þessa er einmitt sá að koma til móts við fólk sem á við slíkan vanda að etja. Með þeirri nýju grein, sem frumvarpið leggur til að sett verði í lög nr. 55/1980, lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er lífeyrissjóðum gert skylt að heimila konu, sem óskar að hverfa úr starfi utan heimilis og til heimilisstarfa vegna barnsburðar, að halda áfram sem félagsmaður í lífeyrissjóðnum í allt að 7 ár. Með orðalaginu „á óbreyttum grundvelli“ er átt við að iðgjöld til sjóðsins verða þá metin hverju sinni á grundvelli þeirra launa sem greidd eru fyrir sambærilegt starf og það sem konan stundaði áður en hún hvarf til heimilisstarfanna, og jafnframt að henni verði heimiluð lífeyrissjóðsaðildin allt að því marki sem hún var. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að slíkur sjóðfélagi njóti allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir sjóðfélagar njóta, þ. á m. lánsréttinda.

Þá er að sjálfsögðu enn ósvarað spurningunni um hlut atvinnurekanda í lífeyrissjóðsiðgjaldinu (6%) eftir að hætt er störfum úti á vinnumarkaðinum. Tillögur hafa áður verið gerðar um að ríkissjóður taki að sér að greiða slíkan iðgjaldahlut en þær hafa ekki náð samþykki. Í frv. er því farin millileið. Samkvæmt frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því að konan, eða öllu heldur heimilið, taki að sér greiðslu þessa iðgjaldshluta einnig og greiði þannig samtals 10% lífeyrissjóðsiðgjald. Sagan er þó ekki öll sögð með því.

Í 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru ákvæði um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar. Í staflið D í þessari grein segir m. a. um hvað draga megi frá skattskyldum tekjum:

„Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristryggingin keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og séu þar m. a. fyrirmæli um vörslu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en 11% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum

greiðslum. Hafi atvinnurekandi greitt hluta iðgjaldsins skerðist réttur launþega til frádráttar sem því nemur.

Fjármálaráðherra getur veitt heimild til að víkja frá framangreindu hámarki iðgjaldsfrádráttar þegar sérstaklega stendur á.“

Samkvæmt orðalagi greinarinnar er ljóst, að allt iðgjaldið (10% af viðmiðunarlaunum, eða jafnvel meira) er frádráttarbært við skattlagningu með sama hætti og iðgjaldshluti lífeyrissjóðsfélaga þar sem atvinnurekandi greiðir mótframlag. Nú má ætla að heimavinnandi húsmóðir hafi úr litlum eigin tekjum að spila og nýtist því skattfrádrátturinn illa. En þá kemur til ákvæði 2. mgr. 63. gr. laganna þar sem ónýttur frádráttur hennar kemur til góða sem frádráttur hjá maka. Þannig nýttist iðgjaldið til fulls sem skattfrádráttur hjá hjónunum undir öllum kringumstæðum. Slíkt jafngildir að sjálfsögðu ekki því að ríkissjóður greiddi „atvinnurekendahlut“ lífeyrisiðgjalds á móti húsmóðurinni, en þessi frádráttur tekjuskattslaganna, sem hafa alls ekki verið notuð með þeim hætti sem hér er bent á, opna þó leið til að greiða eitthvað fyrir lífeyristryggingu húsmæðra, þótt vissulega sé hér aðeins um að ræða áfanga að endanlegu takmarki. Til þess að svo geti orðið þarf að sjálfsögðu að vera tryggt að lífeyrissjóðir heimili húsmæðrum slík réttindakaup og það tryggir frv. þetta ef að lögum verður. Áhersla skal lögð á að hér er um að ræða heimild handa húsmæðrum, en þær eru sjálfráðar hvort þær nýta hana eða ekki.

Rétt er að benda á að ekki er óumdeilt hvort ákvæði 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem vitnað var til hér að framan, tryggi heimavinnandi húsmóður rétt til frádráttar á lífeyrissjóðsiðgjaldi af viðmiðunarlaunum þótt flutningsmenn frv. og gagnkunnugir og sérfróðir menn telji svo vera. Óumdeilt er að skv. orðanna hljóðan í greininni ætti svo að vera, en séu skoðaðar athugasemdir með frumvarpi því sem flutt var á Alþingi og síðar varð að lögum nr. 75/1981 þá stendur í athugasemdunum um fyrrgreint ákvæði að hér sé ekki verið að gera neinar breytingar frá ákvæðum eldri laga. Þau lög, sem féllu úr gildi við samþykkt laganna sem síðar urðu nr. 75/1981, gerðu hins vegar ráð fyrir því að um launatekjur þyrfti að vera að ræða til að iðgjald af lífeyristryggingu yrði frádráttarbært. Það er því á ákvæðum eldri laga og athugasemd með frv. að nýjum lögum sem sú skoðun byggir að breyta þurfi texta gildandi laga til þess að tryggja frádrátt lífeyrissjóðsiðgjalds til skatts hjá þeim sem ekki njóta launatekna, en ekki á lagatextanum sjálfum sem einn og sér heimilar þetta. Álit flm. er að engu þurfi að breyta í gildandi tekjuskattslögum til að slíkur frádráttur sé heimill en rétt er að sú nefnd, sem fær frv. til meðferðar, athugi þetta mál sérstaklega og geri þá tillögu um breytingu, slíkt er lítið mál ef rétt þykir að taka af tvímæli.

Að lokum skal fram tekið að enda þótt rætt sé um húsmæður í grg. og í heiti frv. er ekkert í frv. sem kemur í veg fyrir að karlmaður, sem uppfyllir skilyrði laga nr. 97/1980 um rétt til töku fæðingarorlofs, geti horfið til heimilisstarfa í tengslum við barnsfæðingu konu sinnar og haldið lífeyrissjóðsaðild sinni óskertri. Þvert á móti nær frv. jafnt til karla og kvenna að þessu leyti.

Sþ. 562. Fyrirspurn [352. mál]

til félagsmálaráðherra um breytingar á húsnæði fyrir hreyfihamlaða.

Frá Sigríði Þorvaldsdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd úttektar á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang, skv. þingsályktun frá 22. maí 1980, um málefni hreyfihamlaðra?

2. Hvað líður frumvarpi því, sem ríkisstjórninni var falið að semja og leggja fyrir Alþingi, skv. sömu þingsályktun, um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til breytinga á húsnæði vegna hreyfihamlaðra?

Sþ. 563. Tillaga til þingsályktunar [353. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum sem gerður var í New York 18. desember 1979.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I.

Samningur um afnám alls misréttis gagnvart konum var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 18. desember 1979 í ályktun 34/180. Hann var lagður fram til undirritunar í New York 1. mars 1980 og einnig á ráðstefnunni um kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í júlí 1980. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd á ráðstefnunni 24. júlí 1980 með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Samningurinn var árangur fimm ára starfs ýmissa nefnda Sameinuðu þjóðanna, m. a. nefndar efnahags- og félagsmálaráðsins um réttarstöðu kvenna og þriðju nefndar allsherjarþingsins.

II.

Samningurinn er í anda annarra mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að, þ. e. alþjóðasamnings frá 7. mars 1966 um afnám alls kynþáttamisréttis, alþjóðasamnings frá 19. desember 1966 um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og alþjóðasamnings frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Samkvæmt 1. gr. samningsins er misrétti gagnvart konum skilgreint sem hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að takmarka eða gera að engu að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

Í samningnum eru síðan ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að afnema misrétti gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum. Í II. hluta samningsins er fjallað um ráðstafanir á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi. III. hluti varðar ráðstafanir á sviði menntunar, atvinnumála, heilsugæslu og öðrum sviðum efnahags- og félagslífs. Í 14. gr. eru sérstökum vandamálum, sem konur í dreifbýli eiga við að etja, gerð skil.

IV. hluti fjallar um réttarstöðu kvenna, þ. á m. um löghæfi og hjúskaparstöðu.

Samkvæmt 17. gr. samningsins er sett á stofn nefnd um afnám misréttis gagnvart konum sem hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samningsins. Samkvæmt 18. gr. skulu aðildarríki skila skýrslu til nefndarinnar um lagalegar, réttarlegar, stjórnunarlegar og aðrar ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að framfylgja ákvæðum samningsins og um þá þróun sem orðið hefur í þessu tilliti.

III.

Samningurinn öðlaðist gildi 3. september 1981 og eru eftirfarandi 68 ríki aðilar að honum: Ástralía, Austurríki, Bangladesh, Barbados, Bútan, Brasilía, Búlgaría, Byelorússía, Danmörk, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Egyptaland, Ekvador, El Salvador, Eþíópía, Filipseyjar, Frakkland, Gabon, Grikkland, Grænhöfðaeyjar, Guatemala, Guinea, Guyana, Haítí, Honduras, Indonesía, Jamaíka, Alþýðulýðveldið Jemen, Júgóslavía, Kanada, Kenya, Kína, Kólombía, Kongó, Alþýðulýðveldið Kórea, Kúba, Alþýðulýðveldið Laos, Líbería, Malí, Máritanía, Mauritíus, Mexíkó, Miðbaugs-Guinea, Mongólía, Nicaragúa, Noregur, Nýja Sjáland, Panama, Perú, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Rwanda, St.-Lúcía, St.-Vincent og Grenadines, Senegal, Sovétríkin, Spánn, Sri Lanka, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Tógó, Úkraínía, Ungverjaland, Uruguay, Venezuela, Víetnam og Þýska alþýðulýðveldið.

IV.

Með lögum nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla, er tryggð framkvæmd helstu meginreglna samningsins. Þegar samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd lá fyrir að breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að geta framfylgt ákvæðum 2. tl. 9. gr. um jöfn réttindi kvenna og karla varðandi þjóðerni barna þeirra. Var það gert með lögum nr. 49/1982 um breytingu á lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt.

Ekki er talin þörf frekari lagasetningar né annarra ráðstafana til þess að geta framfylgt samningnum. Fer ríkisstjórnin því fram á það með tillögu þessari að Alþingi heimili fullgildingu samningsins af Íslands hálfu.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um afnám alls misréttis gagnvart konum.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum,

með tilliti til þess að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna staðfestir trú á grundvallarmannréttindi, mannvirðingu og manngildi og á jafnan rétt karla og kvenna,

með tilliti til þess að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna áréttar grundvallarregluna um að misrétti sé ekki leyfilegt og lýsir yfir því að allir menn séu frjálsbornir og jafnir að virðingu og réttindum og að öllum beri þar til greind réttindi og frelsi, án nokkurrar mismununar, þ. á m. vegna kynferðis,

með tilliti til þess að ríkjum sem aðilar eru að alþjóðasamningunum um mannréttindi ber skylda til þess að tryggja jafnan rétt karla og kvenna til að njóta allra efnahagslegra, félagslegra, menningarlegra, borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda,

hafa í huga alþjóðasamninga þá sem gerðir hafa verið að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana til þess að stuðla að jafnrétti karla og kvenna,

CONVENTION

on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women.

The States Parties to the present Convention,

noting that the Charter of the United Nations reaffirms faith in fundamental human rights, in the dignity and worth of the human person and in the equal rights of men and women,

noting that the Universal Declaration of Human Rights affirms the principle of the inadmissibility of discrimination and proclaims that all human beings are born free and equal in dignity and rights and that everyone is entitled to all the rights and freedoms set forth therein, without distinction of any kind, including distinction based on sex,

noting that the States Parties to the International Covenants on Human Rights have the obligation to ensure the equal right of men and women to enjoy all economic, social, cultural, civil and political rights,

considering the international conventions concluded under the auspices of the United Nations and the specialized agencies promoting equality of rights of men and women,

einnig með tilliti til ályktana þeirra, yfirlýsinga og tillagna sem Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir hafa samþykkt til að stuðla að jafnrétti karla og kvenna,

hafa þó áhyggjur af því að konur eru enn beittar miklu misrétti þrátt fyrir þessar samþykktir,

minna á að misrétti gagnvart konum brýtur í bága við grundvallarreglur um jafnrétti og virðingu fyrir manngildi, hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, félags-, efnahags- og menningarlífi í löndum þeirra, hindrar aukna hagsæld þjóðfélags og fjölskyldu og veldur því að örðugra er fyrir konur að notfæra sér til fulls möguleika sína til þjónustu fyrir land sitt og mannkynið,

hafa áhyggjur af því að konur hafa, þar sem fátækt ríkir, lakastan aðgang að fæðu, heilsubót, menntun, þjálfun og atvinnumöguleikum og öðrum nauðsynjum,

eru sannfærð um að tilkoma hinnar nýju alþjóðlegu efnahagsskipunar sem byggð er á sanngirni og réttlæti muni stuðla verulega að eflingu jafnréttis karla og kvenna,

leggja áherslu á að afnám *apartheid*-stefnunnar, allrar kynþáttamismununar, kynþáttamisréttis, nýlendustefnu, nýrrar nýlendustefnu, árásarstefnu, erlends hernáms og yfirráða og afskipta um innanríkismál ríkja sé nauðsynlegt til þess að karlar og konur fái notið réttinda sinna að fullu,

árétta að efling heimsfriðar og öryggis, slökun spennu í alþjóðamálum, gagnkvæm samvinna allra ríkja óháð félagslegu og efnahagslegu kerfi þeirra, almenn og algjör afvopnun og sérstaklega kjarnorkuafvopnun undir ströngu og virku alþjóðaeftirliti, staðfesting á grundvallarreglum um réttlæti, jafnrétti og gagnkvæmum hag í samskiptum ríkja í milli og viðurkenning á rétti þjóða, sem eru undir erlendum yfirráðum og yfirráðum nýlenduvelda, til sjálfsákvörðunar og sjálfstæðis, jafnt sem virðing fyrir fullveldi og landamærahelgi, muni efla félagslegar framfarir og framþróun og muni því stuðla að algeru jafnrétti karla og kvenna,

eru sannfærð um að algjör og alhliða þróun lands, velferð í heiminum og málstaður friðarins krefjast þátttöku kvenna í sem ríkustum mæli og til jafns við karla á hvaða vettvangi sem er,

noting also the resolutions, declarations and recommendations adopted by the United Nations and the specialized agencies promoting equality of rights of men and women,

concerned, however, that despite these various instruments extensive discrimination against women continues to exist,

recalling that discrimination against women violates the principles of equality of rights and respect for human dignity, is an obstacle to the participation of women, on equal terms with men, in the political, social, economic and cultural life of their countries, hampers the growth of the prosperity of society and the family and makes more difficult the full development of the potentialities of women in the service of their countries and of humanity,

concerned that in situations of poverty women have the least access to food, health, education, training and opportunities for employment and other needs,

convinced that the establishment of the new international economic order based on equity and justice will contribute significantly towards the promotion of equality between men and women,

emphasizing that the eradication of *apartheid,* of all forms of racism, racial discrimination, colonialism, neo-colonialism, aggression, foreign occupation and domination and interference in the internal affairs of States is essential to the full enjoyment of the rights of men and women,

affirming that the strengthening of international peace and security, relaxation of international tension, mutual co-operation among all States irrespective of the social and economic systems, general and complete disarmament, and in particular nuclear disarmament under strict and effective international control, the affirmation of the principles of justice, equality and mutual benefit in relations among countries and the realization of the right of peoples under alien and colonial domination and foreign occupation to self-determination and independence, as well as respect for national sovereignty and territorial integrity, will promote social progress and development and as a consequence will contribute to the attainment of full equality between men and women,

convinced that the full and complete development of a country, the welfare of the world and the cause of peace require the maximum participation of women on equal terms with men in all fields,

hafa í huga hinn mikla skerf sem konur leggja fram til velferðar fjölskyldunnar og þróunar þjóðfélagsins, sem hingað til hefur ekki verið viðurkenndur að fullu, hið félagslega mikilvægi móðurhlutverksins og hlutverk beggja foreldra fyrir fjölskylduna og uppeldi barnanna og eru sér þess meðvitandi að barnsfæðingarhlutverk konunnar á ekki að vera undirrót misréttis heldur skal ábyrgð á uppeldi barna vera skipt milli karla og kvenna og alls þjóðfélagsins,

eru sér þess meðvitandi að breytinga er þörf á hinu hefðbundna hlutverki karla og kvenna í þjóðfélaginu og fjölskyldunni til að jafna réttindi karla og kvenna fyllilega,

eru staðráðin í að framfylgja grundvallarreglum þeim sem settar eru fram í yfirlýsingunni um afnám misréttis gagnvart konum og gera í því skyni nauðsynlegar ráðstafanir til að afnema slíkt misrétti í hvaða mynd sem er,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. HLUTI

1. gr.

Í samningi þessum merkir „misrétti gagnvart konum" hvers kyns aðgreiningu, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

2. gr.

Aðildarríkin fordæma allt misrétti gagnvart konum, eru ásátt um að framfylgja með öllum tiltækum ráðum og án tafar stefnu sem miðar að afnámi misréttis gagnvart konum og takast í þessum tilgangi á hendur:

a. að setja grundvallarregluna um jafnrétti karla og kvenna í stjónarskrár sínar eða aðra viðeigandi löggjöf, sé hún þar ekki fyrir, og að ábyrgjast með lögum eða öðrum viðeigandi ráðum að grundvallarreglu þessari verði framfylgt í raun:

b. að gera viðeigandi ráðstafanir með lögum og aðrar ráðstafanir þar með talið viðurlögum, þar sem við á, sem banna allt misrétti gagnvart konum;

c. að koma á lagavernd á réttindum kvenna á grundvelli jafnréttis við karla og að tryggja fyrir lögbærum dómstólum landsins og hjá öðrum

bearing in mind the great contribution of women to the welfare of the family and to the development of society, so far not fully recognized, the social significance of maternity and the role of both parents in the family and in the upbringing of children, and aware that the role of women in procreation should not be a basis for discrimination but that the upbringing of children requires a sharing of responsibility between men and women and society as a whole,

aware that a change in the traditional role of men as well as the role of women in society and in the family is needed to achieve full equality between men and women,

determined to implement the principles set forth in the Declaration on the Elimination of Discrimination against Women and, for that purpose, to adopt the measures required for the elimination of such discrimination in all its forms and manifestations,

have agreed on the following:

PART I

Article 1

For the purposes of the present Convention, the term "discrimination against women" shall mean any distinction, exclusion or restriction made on the basis of sex which has the effect or purpose of impairing or nullifying the recognition, enjoyment or exercise by women, irrespective of their marital status, on a basis of equality of men and women, of human rights and fundamental freedoms in the political, economic, social, cultural, civil or any other field.

Article 2

States Parties condemn discrimination against women in all its forms, agree to pursue by all appropriate means and without delay a policy of eliminating discrimination against women and, to this end, undertake:

(*a*) To embody the principle of the equality of men and women in their national constitutions or other appropriate legislation if not yet incorporated therein and to ensure, through law and other apropriate means, the practical realization of this principle;

(*b*) To adopt appropriate legislative and other measures, including sanctions where appropriate, prohibiting all discrimination against women;

(*c*) To establish legal protection of the rights of women on an equal basis with men and to ensure through competent national tribunals and other

opinberum stofnunum raunverulega vernd til handa konum gegn hvers konar misrétti;

d. að eiga ekki hlut að né framfylgja misrétti gagnvart konum og ábyrgjast að opinber stjórnvöld og stofnanir breyti í samræmi við þessa skyldu;

e. að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja;

f. að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til þess að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér misrétti gagnvart konum;

g. að fella úr gildi öll hegningarlagaákvæði sem fela í sér misrétti gagnvart konum.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á öllum sviðum, sérstaklega á sviði stjórnmála, félagsmála, efnahags og menningar, þ. á m. með lagasetningu, til þess að ábyrgjast fulla þróun og framfarir til handa konum í þeim tilgangi að tryggja að þær geti á grundvelli jafnréttis við karla framfylgt og notið mannréttinda og grundvallarfrelsis.

4. gr.

1. Geri aðildarríki sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist skal það ekki talið misrétti eins og það er skilgreint í samningi þessum, en skal ekki á neinn hátt hafa í för með sér að ójöfnum eða ólíkum skilyrðum sé viðhaldið. Ráðstafanir þessar skulu felldar niður þegar markmiðunum um sömu tækifæri og meðferð hefur verið náð.

2. Geri aðildarríki sérstakar ráðstafanir, þ. á m. þær ráðstafanir er greinir í samningi þessum, sem miða að því að vernda móðurina, skal það ekki talið misrétti.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir:

a. til að breyta félagslegum og menningarlegum hegðunarvenjum karla og kvenna með það fyrir augum að takast megi að uppræta fordóma og venjur sem byggjast á hugmyndinni um vanmátt eða ofurmátt annars hvors kynsins eða á viðteknum hlutverkum karla og kvenna;

b. til þess að tryggja að fjölskyldufræðsla feli í sér viðeigandi skilning á móðurhlutverkinu sem félagslegu fyrirbrigði og viðurkenningu á

public institutions the effective protection of women against any act of discrimination;

(*d*) To refrain from engaging in any act or practice of discrimination against women and to ensure that public authorities and institutions shall act in conformity with this obligation;

(*e*) To take all appropriate measures to eliminate discrimination against women by any person, organization or enterprise;

(*f*) To take all appropriate measures, including legislation, to modify or abolish existing laws, regulations, customs and practices which constitute discrimination against women;

(*g*) To repeal all national penal provisions which constitute discrimination against women.

Article 3

States Parties shall take in all fields, in particular in the political, social, economic and cultural fields, all appropriate measures, including legislation, to ensure the full development and advancement of women, for the purpose of guaranteeing them the exercise and enjoyment of human rights and fundamental freedoms on a basis of equality with men.

Article 4

1. Adoption by States Parties of temporary special measures aimed at accelerating *de facto* equality between men and women shall not be considered discrimination as defined in the present Convention, but shall in no way entail as a consequence the maintenance of unequal or seperate standards; these measures shall be discontinued when the objectives of equality of opportunity and treatment have been achieved.

2. Adoption by States Parties of special measures, including those measures contained in the present Convention, aimed at protecting maternity shall not be considered discriminatory.

Article 5

States Parties shall take all appropriate measures:

(*a*) To modify the social and cultural patterns of conduct of men and women, with a view to achieving the elimination of prejudices and customary and all other practices which are based on the idea of the inferiority or the superiority of either of the sexes or on stereotyped roles for men and women;

(*b*) To ensure that family education includes a proper understanding of maternity as a social function and the recognition of the common

sameiginlegri ábyrgð karla og kvenna á uppeldi og þroska barna sinna. Sé þá jafnframt fyrir hendi skilningur á að hagsmunir barnanna varða mestu í hvívetna.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna.

II. HLUTI

7. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi í landinu og skulu sérstaklega ábyrgjast konum til jafns við karla rétt:

a. til þess að kjósa í öllum kosningum og almennum allsherjaratkvæðagreiðslum og vera kjörgengar í öll störf sem kosið er til í almennum kosningum;

b. að taka þátt í mótun stjórnarstefnu og framkvæmd hennar og gegna opinberum störfum og inna af hendi allar opinberar sýslanir á öllum stigum stjórnkerfisins;

c. að taka þátt í störfum, félögum og stofnunum utan stjórnkerfisins sem sinna opinberu og stjórnmálalegu lífi í landinu.

8. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja konum til jafns við karla, og án nokkurs misréttis, tækifæri til þess að koma fram fyrir hönd ríkisstjórna sinna á alþjóðavettvangi og taka þátt í störfum alþjóðastofnana.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita konum sömu réttindi og körlum til þess að öðlast, breyta eða halda þjóðerni sínu. Þau skulu ábyrgjast sérstaklega að hvorki erlendur eiginmaður, né breyting á þjóðerni eiginmannsins meðan á hjónabandinu stendur, breyti sjálfkrafa þjóðerni eiginkonunnar, geri hana ríkisfangslausa né þröngvi þjóðerni eiginmannsins upp á hana.

2. Aðildarríkin skulu veita konum sömu réttindi og körlum varðandi þjóðerni barna þeirra.

III. HLUTI

10 gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart

responsibility of men and women in the upbringing and development of their children, it being understood that the interest of the children is the primordial consideration in all cases.

Article 6

States Parties shall take all appropriate measures, including legislation, to supress all forms of traffic in women and exploitation of prostitution of women.

PART II

Article 7

States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in the political and public life of the country and, in particular, shall ensure to women, on equal terms with men, the right:

(*a*) To vote in all elections and public referenda and to be eligible for election to all publicly elected bodies;

(*b*) To participate in the formulation of government policy and the implementation thereof and to hold public office and perform all public functions at all levels of government;

(*c*) To participate in non-governmental organizations and associations concerned with the public and political life of the country.

Article 8

States Parties shall take all appropriate measures to ensure to women, on equal terms with men and without any discrimination, the opportunity to represent their Governments at the international level and to participate in the work of international organizations.

Article 9

1. States Parties shall grant women equal rights with men to acquire, change or retain their nationality. They shall ensure in particular that neither marriage to an alien nor change of nationality by the husband during marriage shall automatically change the nationality of the wife, render her stateless or force upon her the nationality of the husband.

2. States Parties shall grant women equal rights with men with respect to the nationality of their children.

PART III

Article 10

States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women

konum til að tryggja þeim sömu réttindi og körlum á sviði menntunar og skulu sérstaklega tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna:

a. sömu skilyrði til starfsfræðslu og verklegrar fræðslu, sama aðgang að námi og til að hljóta prófgráðu í hvaða menntastofnun sem er í dreifbýli jafnt sem þéttbýli. Slíkt jafnrétti skal tryggja í forskólamenntun, almennri menntun, tæknimenntun, starfsmenntun og æðri tæknimenntun svo og hvers konar verklegri þjálfun;

b. aðgang að sama námsefni, sömu prófum, kennarastarfsliði með sömu hæfnisskilyrðum og sams konar skólahúsnæði og skólabúnaði;

c. útrýmingu viðtekinna hugmynda um hlutverk karla og kvenna á hvaða stigi sem er og varðandi alla menntun með því að stuðla að blönduðum bekkjum karla og kvenna og annars konar menntun sem muni stuðla að því að þessu markmiði verði náð og sérstaklega með endurskoðun kennslubóka og námsáætlana og aðlögun kennsluaðferða;

d. sömu tækifæri til þess að njóta góðs af námsstyrkjum og annarri aðstoð vegna náms;

e. sömu tækifæri til aðgangs að símenntun, þ. á m. áætlunum um lestrarkennslu fullorðinna og vinnandi fólks, sérstaklega þeim sem miða að því að minnka, eins fljótt og unnt er, bilið milli menntunar karla og kvenna;

f. að lækka hlutfall þeirra stúlkna sem hætta námi og skipuleggja námsáætlanir fyrir stúlkur og konur sem ótímabært hafa hætt námi;

g. sömu tækifæri til þess að taka virkan þátt í íþróttum og líkamsrækt;

h. aðgang að sérstakri uppfræðslu til þess að stuðla að heilbrigði og velferð fjölskyldunnar, þ. á m. upplýsingum og ráðgjöf um fjölskylduáætlanir.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja þeim sömu réttindi á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, sérstaklega:

a. rétt til atvinnu sem ófrávíkjanlegan rétt allra manna;

b. rétt til sömu atvinnutækifæra, þar með talið að beitt sé sama mælikvarða við val starfsmanna;

c. rétt til frjáls vals um starf og atvinnu, rétt til stöðuhækkunar, starfsöryggis og allra starfsfríð-

in order to ensure to them equal rights with men in the field of education and in particular to ensure, on a basis of equality of men and women:

(*a*) The same conditions for career and vocational guidance, for access to studies and for the achievement of diplomas in educational establishments of all categories in rural as well as in urban areas; this equality shall be ensured in pre-school, general, technical, professional and higher technical education, as well as in all types of vocational training;

(*b*) Access to the same curricula, the same examinations, teaching staff with qualifications of the same standard and school premises and equipment of the same quality;

(*c*) The elimination of any stereotyped concept of the roles of men and women at all levels and in all forms of education by encouraging coeducation and other types of education which will help to achieve this aim and, in particular, by the revision of textbooks and school programmes and the adaptation of teaching methods;

(*d*) The same opportunities to benefit from scholarships and other study grants;

(*e*) The same opportunities for access to programmes of continuing education, including adult and functional literacy programmes, particularly those aimed at reducing, at the earliest possible time, any gap in education existing between men and women;

(*f*) The reduction of female student drop-out rates and the organization of programmes for girls and women who have left school prematurely;

(*g*) The same opportunities to participate actively in sports and physical education;

(*h*) Access to specific educational information to help to ensure the health and well-being of families, including information and advice on family planning.

Article 11

1. States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in the field of employment in order to ensure, on a basis of equality of men and women, the same rights, in particular:

(*a*) The right to work as an inalienable right of all human beings;

(*b*) The right to the same employment opportunities, including the application of the same criteria for selection in matters of employment;

(*c*) The right to free choice of profession and employment, the right to promotion, job security

inda og starfsskilyrða og rétt til verklegrar þjálfunar og endurþjálfunar, þar með talið verklegrar kennslu, æðri verklegrar þjálfunar og endurtekinnar þjálfunar;

d. rétt til sömu umbunar, þar með talið fríðinda, og sömu meðhöndlunar gagnvart vinnu sem er jafn og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu;

e. rétt til almannatrygginga, sérstaklega þegar hætt er störfum vegna aldurs, atvinnuleysis, veikinda, örorku og elli og vegna annars vanhæfis til vinnu, sem og rétt til orlofs;

f. rétt til heilsuverndar og öryggis á vinnustað, þar með talið verndar til barneigna.

2. Til þess að koma í veg fyrir misrétti gagnvart konum vegna hjúskapar eða móðurhlutverksins og til þess að framfylgja raunverulegum rétti þeirra til vinnu skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir:

a. til þess að banna, að viðlögðum viðurlögum, brottvísun úr starfi vegna þungunar eða fjarveru vegna barnsburðar svo og misrétti varðandi brottvísun úr starfi vegna hjúskaparstöðu;

b. til þess að koma á fæðingarorlofi eða leyfi með sambærilegum fríðindum af hálfu hins opinbera án þess að missa fyrra starf, starfsaldur eða greiðslur félagslegra bóta;

c. til þess að stuðla að því að séð sé fyrir nauðsynlegri félagslegri þjónustu til þess að styrkja foreldra til þess að þeir geti sameinað skyldur sínar við fjölskylduna ábyrgð í starfi og þátttöku í opinberu lífi, sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana;

d. til þess að sjá fyrir sérstakri vernd fyrir konur á meðgöngutímanum við störf sem eru þeim skaðleg.

3. Verndarlöggjöf varðandi mál sem falla undir grein þessa skal endurskoðuð öðru hverju í ljósi vísinda- og tækniþekkingar og skal endurskoðuð, felld úr gildi eða aukin eins og nauðsyn ber til.

and all benefits and conditions of service and the right to receive vocational training and retraining, including apprenticeships, advanced vocational training and recurrent training;

(*d*) The right to equal remuneration, including benefits, and to equal treatment in respect of work of equal value, as well as equality of treatment in the evaluation of the quality of work;

(*e*) The right to social security, particularly in cases of retirement, unemployment, sickness, invalidity and old age and other incapacity to work, as well as the right to paid leave;

(*f*) The right to protection of health and to safety in working conditions, including the safeguarding of the function of reproduction.

2. In order to prevent discrimination against women on the grounds of marriage or maternity and to ensure their effective right to work, States Parties shall take appropriate measures:

(*a*) To prohibit, subject to the imposition of sanctions, dismissal on the grounds of pregnancy or of maternity leave and discrimination in dismissals on the basis of marital status;

(*b*) To introduce maternity leave with pay or with comparable social benefits without loss of former employment, seniority or social allowances;

(*c*) To encourage the provision of the necessary supporting social services to enable parents to combine family obligations with work responsibilities and participation in public life, in particular through promoting the establishment and development of a network of child-care facilities;

(*d*) To provide special protection to women during pregnancy in types of work proved to be harmful to them.

3. Protective legislation relating to matters covered in this article shall be reviewed periodically in the light of scientific and technological knowledge and shall be revised, repealed or extended as necessary.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum á sviði heilsugæslu til þess að tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna aðgang að heilsugæsluþjónustu, þar með talið fjölskylduáætlunum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar greinar skulu aðildarríkin tryggja konum viðeigandi

Article 12

1. States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in the field of health care in order to ensure, on a basis of equality of men and women, access to health care services, including those related to family planning.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this article, States Parties shall ensure to

þjónustu í sambandi við þungun, barnsburð og tímabilið eftir fæðingu með því að veita ókeypis þjónustu þegar það er nauðsynlegt svo og fullnægjandi næringu á meðgöngutímanum og brjóstgjafartímanum.

13. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum á öðrum sviðum efnahags- og félagslífs til þess að tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna sömu réttindi, sérstaklega:

a. rétt til fjölskyldubóta;

b. rétt til bankalána, veðlána og annarra tegunda lánsfjárviðskipta;

c. rétt til þess að taka þátt í tómstundastörfum, íþróttum og öllum greinum menningarlífs.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu taka tillit til hinna sérstöku vandamála sem konur í dreifbýli eiga við að etja og hins mikilvæga hlutverks sem konur í dreifbýli gegna í efnahagslegri afkomu fjölskyldna þeirra, þar með talið starfs þeirra í þeim greinum efnahagslífsins þar sem peningar eru ekki mælikvarði, og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa séu virt gagnvart konum í dreifbýli.

2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum í dreifbýli til þess að tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna að þær taki þátt í og hafi hag af þróun í dreifbýli og skulu sérstaklega tryggja þeim rétt:

a. til þess að taka þátt í gerð og framkvæmd þróunaráætlana á öllum stigum;

b. til þess að eiga aðgang að viðunandi heilsugæsluaðstöðu, þ. á m. upplýsingum, ráðgjöf og þjónustu varðandi fjölskylduáætlanir;

c. til þess að hafa beinan hag af almannatryggingakerfinu;

d. til þess að hljóta hvers konar þjálfun og menntun, formlega og óformlega, þ. á m. þá er varðar raunhæfa lestrarkennslu, svo og m. a. hagræði af hvers konar þjónustu sveitarfélagsins og almannafræðslu til þess að auka tæknikunnáttu þeirra;

e. til þess að skipuleggja samhjálparhópa og samvinnufélög í því skyni að hljóta jafnan aðgang að efnahagslegum tækifærum í gegnum atvinnu hjá öðrum eða sjálfstætt;

f. til þess að taka þátt í hvers konar athöfnum í samfélaginu;

women appropriate services in connexion with pregnancy, confinement and the post-natal period, granting free services where necessary, as well as adequate nutrition during pregnancy and lactation.

Article 13

States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in other areas of economic and social life in order to ensure, on a basis of equality of men and women, the same rights, in particular:

(*a*) The right to family benefits;

(*b*) The right to bank loans, mortgages and other forms of financial credit;

(*c*) The right to participate in recreational activities, sports and all aspects of cultural life.

Article 14

1. States Parties shall take into account the particular problems faced by rural women and the significant roles which rural women play in the economic survival of their families, including their work in the non-monetized sectors of the economy, and shall take all appropriate measures to ensure the application of the provisions of this Convention to women in rural areas.

2. States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in rural areas in order to ensure, on a basis of equality of men and women, that they participate in and benefit from rural development and, in particular, shall ensure to such women the right:

(*a*) To participate in the elaboration and implementation of development planning at all levels;

(*b*) To have access to adequate health care facilities, including information, counselling and services in family planning;

(*c*) To benefit directly from social security programmes;

(*d*) To obtain all types of training and education, formal and non-formal, including that relating to functional literacy, as well as, *inter alia,* the benefit of all community and extension services, in order to increase their technical proficiency;

(*e*) To organize self-help groups and co-operatives in order to obtain equal access to economic opportunities through employment or self-employment;

(*f*) To participate in all community activities;

g. til þess að eiga aðgang að lánsviðskiptum og lánum í landbúnaði, markaðsaðstöðu, viðeigandi tækni og sömu meðferð varðandi endurbætur á landi og í landbúnaði svo og skipulagningu landnáms;

h. til þess að njóta mannsæmandi lífsskilyrða, sérstaklega varðandi húsnæði, heilsugæslu, rafmagn og vatnsuppsprettur, flutninga og samgöngur.

(*g*) To have access to agricultural credit and loans, marketing facilities, appropriate technology and equal treatment in land and agrarian reform as well as in land resettlement schemes;

(*h*) To enjoy adequate living conditions, particularly in relation to housing, sanitation, electricity and water supply, transport and communications.

IV. HLUTI

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita konum jafnrétti við karla að lögum.

2. Aðildarríkin skulu veita konum sama löghæfi í borgaralegum málum og körlum og konum sömu tækifæri til þess að njóta þess löghæfis. Þau skulu sérstaklega veita konum sömu réttindi til þess að gera samninga og ráðstafa eignum og skulu veita þeim sömu meðhöndlun á öllum stigum dómsmeðferðar.

3. Aðildarríkin eru ásátt um að allir samningar og allir aðrir gerningar einkamálalegs eðlis sem hafa þau áhrif að lögum að þeir takmarki löghæfi kvenna skulu taldir dauðir og ómerkir.

4. Aðildarríkin skulu veita körlum og konum sömu réttindi varðandi lög um flutning manna og frelsi til þess að velja sér dvalarstað og lögheimili.

PART IV

Article 15

1. States Parties shall accord to women equality with men before the law.

2. States Parties shall accord to women, in civil matters, a legal capacity identical to that of men and the same opportunities to exercise that capacity. In particular, they shall give women equal rights to conclude contracts and to administer property and shall treat them equally in all stages of procedure in courts and tribunals.

3. States Parties agree that all contracts and all other private instruments of any kind with a legal effect which is directed at restricting the legal capacity of women shall be deemed null and void.

4. States Parties shall accord to men and women the same rights with regard to the law relating to the movement of persons and the freedom to choose their residence and domicile.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema misrétti gagnvart konum í öllum málum varðandi hjúskap og samskipti innan fjölskyldunnar og skulu ábyrgjast sérstaklega á grundvelli jafnréttis karla og kvenna:

a. sama rétt til þess að stofna til hjúskapar;

b. sama rétt til þess óháð að velja sér maka og stofna til hjúskapar einungis með frjálsu og fullkomnu samþykki;

c. sömu réttindi og skyldur meðan á hjúskap stendur og við slit hjúskapar;

d. sömu réttindi og skyldur sem foreldrar, óháð hjúskaparstöðu þeirra, í málum er varða börn þeirra. Hagsmunir barnanna skulu í hvívetna varða mestu;

e. sömu réttindi til þess að ákveða á frjálsan og ábyrgan hátt fjölda barna þeirra og bil milli barneigna og að hafa aðgang að upplýsingum, fræðslu og aðferðum til þess að þau geti notfært sér þessi réttindi;

f. sömu réttindi og skyldur varðandi lögráð, fjárhald, forráð og ættleiðingu barna eða svip-

Article 16

1. States Parties shall take all appropriate measures to eliminate discrimination against women in all matters relating to marriage and family relations and in particular shall ensure, on a basis of equality of men and women:

(*a*) The same right to enter into marriage;

(*b*) The same right freely to choose a spouse and to enter into marriage only with their free and full consent;

(*c*) The same rights and responsibilities during marriage and at its dissolution;

(*d*) The same rights and responsibilities as parents, irrespective of their marital status, in matters relating to their children; in all cases the interests of the children shall be paramount;

(*e*) The same rights to decide freely and responsibly on the number and spacing of their children and to have access to the information, education and means to enable them to exercise these rights;

(*f*) The same rights and responsibilities with regard to guardianship, wardship, trusteeship

aða gerninga séu þessi hugtök í lögum ríkisins. Hagsmunir barnanna skulu í hvívetna varða mestu;

g. sömu persónuréttindi sem eiginmaður og eiginkona, þar með talið rétt til að velja sér eftirnafn, atvinnu og starf;

h. sömu réttindi til handa báðum mökum varðandi eignarrétt, öflun, umsýslu, stjórnun, not og ráðstöfun eigna hvort sem er endurgjaldslaust eða fyrir verðmætt endurgjald.

2. Trúlofun og gifting barns skulu ekki hafa neinar lögfylgjur og gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til þess að ákvarða lágmarkshjúskaparaldur og gera að skyldu að skrá hjónavígslur á opinberri skrá.

and adoption of children, or similar institutions where these concepts exist in national legislation; in all cases the interests of the children shall be paramount;

(*g*) The same personal rights as husband and wife, including the right to choose a family name, a profession and an occupation;

(*h*) The same rights for both spouses in respect of the ownership, acquisition, management, adminstration, enjoyment and disposition of property, whether free of charge or for a valuable consideration.

2. The betrothal and the marriage of a child shall have no legal effect, and all necessary action, including legislation, shall be taken to specify a minimum age for marriage and to make the registration of marriages in an official registry compulsory.

V. HLUTI

17. gr.

1. Til þess að fylgjast með framkvæmd ákvæða samnings þessa skal stofna nefnd um afnám misréttis gagnvart konum (hér á eftir kölluð nefndin), sem skipuð skal átján sérfræðingum þegar samningur þessi öðlast gildi en tuttugu og þremur eftir að þrítugasta og fimmta aðildarríkið hefur fullgilt eða gerst aðili að honum, og skulu þeir hafa trausta siðgæðisvitund og hafa þekkingu á því sviði sem samningurinn tekur til. Aðildarríkin skulu kjósa sérfræðinga úr hópi þegna sinna og skulu þeir starfa sem einstaklingar og skal höfð í huga sanngjörn hnattfræðidreifing og að þeir séu fulltrúar ólíkra menningarsvæða og helstu lagakerfa.

2. Nefndarmenn skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu af lista einstaklinga sem aðildarríkin tilnefna. Sérhvert aðildarríki má tilnefna einn af þegnum sínum.

3. Fyrsta kosningin skal fara fram sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Minnst þremur mánuðum fyrir hvern kjördag skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda bréf til aðildarríkjanna og bjóða þeim að leggja fram tilnefningar innan tveggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn skal gera skrá í stafrófsröð um alla þá sem þannig eru tilnefndir og gefa til kynna aðildarríkin sem hafa tilnefnt þá og skal leggja hana fyrir aðildarríkin.

PART V

Article 17

1. For the purpose of considering the progress made in the implementation of the present Convention, there shall be established a Committee on the Elimination of Discrimination against Women (hereinafter referred to as the Committee) consisting, at the time of entry into force of the Convention, of eighteen and after ratification of or accession to the Convention by the thirty-fifth State Party, of twenty-three experts of high moral standing and competence in the field covered by the Convention. The experts shall be elected by States Parties from among their nationals and shall serve in their personal capacity, consideration being given to equitable geographical distribution and to the representation of the different forms of civilization as well as the principal legal systems.

2. The members of the Committee shall be elected by secret ballot from a list of persons nominated by States Parties. Each State Party may nominate one person from among its own nationals.

3. The initial election shall be held six months after the date of the entry into force of the present Convention. At least three months before the date of each election the Secretary-General of the United Nations shall address a letter to the States Parties inviting them to submit their nominations within two months. The Secretary-General shall prepare a list in alphabetical order of all persons thus nominated, indicating the States Parties which have nominated them, and shall submit it to the States Parties.

4. Kosning nefndarmanna skal fara fram á fundi aðildarríkjanna sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna kallar saman í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Á þeim fundi, þar sem tveir þriðju aðildarríkjanna skulu mynda lögmætan fund, skulu þeir tilnefndra taldir kjörnir í nefndina sem hljóta flest atkvæði og hreinan meiri hluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

5. Kjörtímabil nefndarmanna skal vera fjögur ár. Þó skal kjörtímabil níu nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningunni renna út að tveimur árum liðnum. Þegar eftir fyrstu kosninguna skal formaður nefndarinnar velja nöfn þessara níu manna með hlutkesti.

6. Kosning fimm annarra nefndarmanna skal fara fram samkvæmt ákvæðum 2., og 3. og 4. tl. þessarar greinar eftir þrítugustu og fimmtu fullgildinguna eða aðildina. Kjörtímabil tveggja þeirra nefndarmanna sem þá eru kosnir skal renna út að tveimur árum liðnum og skal formaður nefndarinnar velja nöfn þessara tveggja nefndarmanna með hlutkesti.

7. Til þess að skipa í sæti er kunna að losna skal það aðildarríki sem fráfarandi nefndarmaður kom frá tilnefna annan sérfræðing af þegnum sínum að samþykki nefndarinnar áskildu.

8. Nefndarmenn skulu, með samþykki allsherjarþingsins, fá greiðslur af efnum Sameinuðu þjóðanna með þeim skilmálum og skilyrðum sem þingið kann að ákveða og skal það taka tillit til þess hve ábyrgð nefndarinnar er mikilvæg.

9. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal láta í té nauðsynlegt starfslið og aðstöðu til þess að nefndin geti rækt starf sitt á fullnægjandi hátt samkvæmt samningi þessum.

18. gr.

1. Aðildarríkin takast á hendur að leggja fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til athugunar nefndarinnar skýrslu um lagalegar, réttarlegar, stjórnunarlegar og aðrar ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að framfylgja ákvæðum samnings þessa og um þá þróun sem orðið hefur í þessu tilliti:

a. innan eins árs frá gildistöku fyrir viðkomandi aðildarríki, og

b. síðan að minnsta kosti einu sinni á hverjum fjórum árum og enn fremur hvenær sem nefndin óskar þess.

4. Elections of the members of the Committee shall be held at a meeting of States Parties convened by the Secretary-General at United Nations Headquarters. At that meeting, for which two thirds of the States Parties shall constitute a quorum, the persons elected to the Committee shall be those nominees who obtain the largest number of votes and an absolute majority of the votes of the representatives of States Parties present and voting.

5. The members of the Committee shall be elected for a term of four years. However, the terms of nine of the members elected at the first election shall expire at the end of two years; immediately after the first election the names of these nine members shall be chosen by lot by the Chairman of the Committee.

6. The election of the five additional members of the Committee shall be held in accordance with the provisions of paragraphs 2, 3 og 4 of this article, following the thirty-fifth ratification or accession. The terms of two of the additional members elected on this occasion shall expire at the end of two years, the names of these two members having been chosen by lot by the Chairman of the Committee.

7. For the filling of casual vacancies, the State Party whose expert has ceased to function as a member of the Committee shall appoint another expert from among its nationals, subject to the approval of the Committee.

8. The members of the Committee shall, with the approval of the General Assembly, receive emoluments from United Nations resources on such terms and conditions as the Assembly may decide, having regard to the importance of the Committee's responsibilities.

9. The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary staff and facilities for the effective performance of the functions of the Committee under the present Convention.

Article 18

1. States Parties undertake to submit to the Secretary-General of the United Nations, for consideration by the Committee, a report on the legislative, judicial, administrative or other measures which they have adopted to give effect to the provisions of the present Convention and on the progress made in this respect:

(*a*) Within one year after the entry into force for the State concerned; and

(*b*) Thereafter at least every four years and further whenever the Committee so requests.

2. Skýrslurnar mega gefa til kynna þau atriði og vandkvæði sem áhrif hafa á að hve miklu leyti skyldum samkvæmt samningi þessum hefur verið framfylgt.

19. gr.

1. Nefndin skal setja sér fundarsköp.

2. Nefndin skal kjósa embættismenn sína til tveggja ára kjörtímabils.

20. gr.

1. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur á ári til athugunar á skýrslum þeim sem lagðar eru fyrir í samræmi við 18. gr. samnings þessa.

2. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði fara fram í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna eða á öðrum viðeigandi stöðum sem ákveðið er af nefndinni.

21. gr.

1. Nefndin skal fyrir milligöngu fjárhags- og félagsmálaráðsins gefa árlega skýrslu til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um starfsemi sína og má gefa ábendingar og gera almennar tillögur sem byggðar eru á skýrslum og upplýsingum sem hún hefur móttekið frá aðildarríkjunum. Skýrsla nefndarinnar skal hafa að geyma slíkar ábendingar og tillögur ásamt umsögnum, ef einhverjar eru, frá aðildarríkjunum.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal til upplýsingar koma skýrslum nefndarinar á framfæri við nefndina um stöðu kvenna.

22. gr.

Sérstofnanir skulu eiga rétt á fulltrúa þegar athugun fer fram á framkvæmd þeirra ákvæða samnings þessa sem falla undir starfssvið þeirra. Nefndin getur farið þess á leit að sérstofnanir leggi fram skýrslur um framkvæmd ákvæða samningsins sem falla undir starfssvið þeirra.

VI. HLUTI

23. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á ákvæði sem eru fremur til þess fallin að koma á jafnrétti karla og kvenna sem kunna að vera í:

a. löggjöf aðildarríkis, eða

b. einhverjum öðrum alþjóðasamningi eða alþjóðasamþykkt sem í gildi er fyrir það ríki.

2. Reports may indicate factors and difficulties affecting the degree of fulfilment of obligations under the present Convention.

Article 19

1. The Committee shall adopt its own rules of procedure.

2. The Committee shall elect its officers for a term of two years.

Article 20

1. The Committee shall normally meet for a period of not more than two weeks annually in order to consider the reports submitted in accordance with article 18 of the present Convention.

2. The meetings of the Committee shall normally be held at United Nations Headquarters or at any other convenient place as determined by the Committee.

Article 21

1. The Committee shall, through the Economic and Social Council, report annually to the General Assembly of the United Nations on its activities and may make suggestions and general recommendations based on the examination of reports and information received from the States Parties. Such suggestions and general recommendations shall be included in the report of the Committee together with comments, if any, from States Parties.

2. The Secretary-General shall transmit the reports of the Committee to the Commission on the Status of Women for its information.

Article 22

The specialized agencies shall be entitled to be represented at the consideration of the implementation of such provisions of the present Convention as fall within the scope of their activities. The Committee may invite the specialized agencies to submit reports on the implementation of the Convention in areas falling within the scope of their activities.

PART VI

Article 23

Nothing in this Convention shall affect any provisions that are more conducive to the achievement of equality between men and women which may be contained:

(*a*) In the legislation of a State Party; or

(*b*) In any other international convention, treaty or agreement in force for that State.

24. gr.

Aðildarríkin takast á hendur að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í löndum sínum sem miða að því að framfylgja fullkomlega réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum.

25. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirskriftar fyrir öll ríki.

2. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna annast vörslu samnings þessa.

3. Fullgilda skal samning þennan. Fullgildingarskjölum skal komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

4. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir öll ríki. Aðild skal öðlast gildi með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

26. gr.

1. Beiðni um endurskoðun samnings þessa getur sérhvert aðildarríki lagt fram hvenær sem er með skriflegri tilkynningu sem senda skal til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skal ákveða aðgerðir þær, ef einhverjar eru, sem gera skal vegna slíkrar beiðni.

27. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Gagnvart ríki, sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalsins til vörslu, öðlast samningurinn gildi á þrítugasta degi eftir þann dag sem það afhenti sitt fullgildingar- eða aðildarskjal til vörslu.

28. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal veita móttöku og senda öllum ríkjum texta þess fyrirvara sem ríki gera þegar þau fullgilda eða gerast aðilar.

2. Fyrirvari sem er ósamrýmanlegur markmiði og tilgangi samnings þessa skal ekki leyfður.

Article 24

States Parties undertake to adopt all necessary measures at the national level aimed at achieving the full realization of the rights recognized in the present Convention.

Article 25

1. The present Convention shall be open for signature by all States.

2. The Secretary-General of the United Nations is designated as the depositary of the present Convention.

3. The present Convention is subject to ratification. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-Genaral of the United Nations.

4. The present Convention shall be open to accession by all States. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 26

1. A request for the revision of the present Convention may be made at any time by any State Party by means of a notification in writing addressed to the Secretary-General of the United Nations.

2. The General Assembly of the United Nations shall decide upon the steps, if any, to be taken in respect of such a request.

Article 27

1. The present Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of deposit with the Secretary-General of the United Nations of the twentieth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying the present Convention or acceding to it after the deposit of the twentieth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of the deposit of its own instrument of ratification or accession.

Article 28

1. The Secretary-General of the United Nations shall receive and circulate to all States the text of reservations made by States at the time of ratification or accession.

2. A reservation incompatible with the object and purpose of the present Convention shall not be permitted.

3. Afturkalla má fyrirvara hvenær sem er með tilkynningu um það sem send er aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal tilkynna það öllum ríkjum. Slík tilkynning skal öðlast gildi þann dag sem hún er móttekin.

29. gr.

1. Sérhverri deilu milli tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki er útkljáð með samningum, skal að beiðni eins þeirra lögð í gerð. Hafi aðilar ekki komið sér saman um gerðardómsmeðferð innan sex mánaða frá dagsetningu beiðninnar um gerð má hvor eða hver aðilanna sem er vísa deilunni til alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við samþykktir dómstólsins.

2. Sérhvert aðildarríki má þegar það undirritar eða fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum lýsa því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. tl. greinar þessarar. Hin aðildarríkin skulu ekki vera bundin af þeim tölulið gagnvart ríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Sérhvert aðildarríki sem gert hefur fyrirvara í samræmi við 2. tl. þessarar greinar má hvenær sem er afturkalla þann fyrirvara með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

30. gr.

Samningi þessum skal komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og eru textarnir á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku jafngildir.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

3. Reservations may be withdrawn at any time by notification to this effect addressed to the Secretary-General of the United Nations, who shall then inform all States thereof. Such notification shall take effect on the date on which it is received.

Article 29

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of the present Convention which is not settled by negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If within six months from the date of the request for arbitration the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State Party may at the time of signature or ratification of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by paragraph 1 of this article. The other States Parties shall not be bound by that paragraph with respect to any State Party which has made such a reservation.

3. Any State Party which has made a reservation in accordance with paragraph 2 of this article may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 30

The present Convention, the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts of which are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

In witness whereof the undersigned, duly authorized, have signed the present Convention.

Sþ. 564. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um virka þátttöku ríkisfyrirtækja í uppbyggingu atvinnulífs.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Valdimar Indriðason, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að sú stefna skuli vera ríkjandi í stjórn og rekstri atvinnufyrirtækja sem ríkið á að hluta eða öllu leyti að þau skuli ein sér eða í samvinnu við önnur vera virkir aðilar að hvers kyns nýjungum í uppbyggingu atvinnurekstrar.

Því felur Alþingi ráðherrum þeim, sem fara með málefni slíkra fyrirtækja, að hlutast til um að stjórnir þeirra hrindi þessari stefnu í framkvæmd hvarvetna sem færi gefst.

Greinargerð.

Þörf Íslendinga fyrir öfluga uppbyggingu atvinnulífs er óumdeild. Verðmætamyndun í þeim atvinnurekstri, sem fyrir er í landinu, er af ýmsum ástæðum hvergi nærri nóg til að skila þeim lífskjörum sem fólkið í landinu er reiðubúið til að sætta sig við, og því er þörfin knýjandi að allra leiða sé leitað til að setja á fót nýjan atvinnurekstur, nýta auðlindir og aðstöðu, sem nú er ekki nýtt, og bæta nýtingu þess sem fyrir er.

Við þessu verður allur atvinnurekstur í landinu að bregðast og beita öllum þeim ráðum sem honum eru tiltæk til að koma í verk arðbærum nývirkjum til að skjóta nýjum stoðum undir atvinnulíf víðs vegar um landið.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að því mikla afli, sem fólgið er í mannafla, þekkingu og aðstöðu fyrirtækjanna sem ríkið á að öllu eða verulegu leyti, sé beitt af fullum þunga í þessa átt.

Sé litið til aðstæðna í kjördæmi flm. á þessi tillaga ekki síst við þar. Í héraðinu eru mörg fyrirtæki í einka- eða félagseign og einstaklingar í atvinnurekstri sem eflaust munu axla sinn hlut í þeirri atvinnuþróun sem þarna er þörf fyrir. Í héraðinu eru sömuleiðis tvö meiri háttar atvinnufyrirtæki á vegum ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins og Íslenska járnblendifélagið hf.

Flm. þessarar tillögu telja nauðsynlegt að Alþingi lýsi afdráttarlaust yfir þeirri stefnu að ríkisfyrirtækjum af þessu tagi beri að taka virkan þátt í þeirri uppbyggingu atvinnulífs sem þörf er fyrir. Flm. er kunnugt að bæði þessi fyrirtæki, sem hér eru nefnd, hafa haft uppi nokkra viðleitni í þessa átt.

Það er mjög mikilvægt að forráðamenn starfsemi af þessu tagi finni að baki sér stuðning og þrýsting af hálfu Alþingis til að beita þeim mætti, þekkingu, reynslu og stjórnunargetu, sem er fyrir hendi í þessum fyrirtækjum, til að þrautreyna allar leiðir til að koma nýjum atvinnurekstri á laggirnar í héraðinu.

Nd. 565. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt.
Guðmundur Einarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Pálmi Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 566. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur Einarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Pálmi Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 567. Frumvarp til laga [355. mál]

um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsheita og starfsréttinda þeirra heilbrigðisstétta sem sérlög gilda ekki um og heilbrigðismálaráðherra ákveður hverju sinni að fella undir lögin, sbr. 2. gr.

Sé um að ræða heilbrigðisstéttir sem lokið hafa viðurkenndu námi fyrir tæknimenntað starfsfólk við lækningar skal nota orðið heilbrigðistæknir í lögum þessum sem sameiginlegt starfsheiti þeirra.

2. gr.

Rétt til þess að starfa hér á landi sem starfsmenn heilbrigðisstéttar skv. lögum þessum hafa þeir einir sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að loknu námi.

Ráðherra ákveður hvaða stéttir skuli teljast til heilbrigðisstétta skv. lögum þessum. Í slíkum tilvikum setur ráðherra reglur með nánari ákvæðum um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt er hann ákveður að fella undir þessi lög að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis.

Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða fólk er starfað hefur í viðkomandi starfsgrein án þess að hafa tilskilda starfsmenntun, skal ætíð leita umsagnar viðkomandi starfsstéttar og landlæknis áður en leyfi er veitt. Sé um að ræða menntun sótta til annarra landa er ráðherra heimilt að veita tímabundin réttindi eða gera kröfu um íslenskt ríkisfang.

3. gr.

Rétt til þess að nota hér á landi starfsheiti sem heilbrigðismálaráðherra ákveður að fella undir lög þessi, sbr. 2. gr., hafa þeir einir sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Þær stéttir, er falla undir lög þessi, starfa við heilbrigðisstofnanir, kennslustofnanir heilbrigðisstétta eða matvælastofnanir. Starfa þær ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til þeirra starfa, sem undir þessi lög heyra aðra en þá sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að vera skv. þeim.

6. gr.

Um þær starfsstéttir, er falla undir lög þessi, gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga, nr. 80/1969, með síðari breytingum.

Reglur læknalaga gilda og um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.

Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglna, sem kveðið er á um í 2. gr., getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, með síðari breytingum, að undanskildum ákvæðum um tannsmiði í lögum nr. 39/1980.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 28. janúar 1985, til heilbrigðis- og trygginganefndar Nd. óskaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftir því að nefndin flytti meðfylgjandi frumvarp á yfirstandandi þingi.

Nefndin varð sammála um að verða við þeim tilmælum en mun athuga frumvarpið betur milli umræðna.

Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Á undanförnum árum hefur mjög færst í vöxt að hinar ýmsu heilbrigðisstéttir hafi sótt um lögverndun starfs og starfsheitis. Hefur þá ýmist verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um hinar einstöku stéttir eða kveða á um þær í reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, þ. e. a. s. hafi verið um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða eins og röntgentækna og lyfjatækna svo að dæmi séu tekin. Samkvæmt þessu nægir reglugerð sé um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða en að öðrum kosti þarf sérlög.

Nú er augljóst að sífelld setning sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir gengur ekki til lengdar og reyndar er spurningin sú hvort ekki hafi þegar verið gengið of langt í þeim efnum. Það hefur lengi verið skoðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að nær væri að útbúa heildstæða löggjöf um heilbrigðisstéttir sem gæfi heimildir til setningar reglugerðar um hina einstöku hópa þar sem tekið yrði á sérmálum þeirra, svo sem hverrar menntunar sé nauðsynlegt að krefjast, í hverju starfið skuli fólgið og þar með hver réttindi þeirra skuli vera og ekki síst hvaða skyldur þeir skuli bera. Forsenda fyrir því, að hægt sé að viðurkenna starfsstétt sem heilbrigðisstétt, hlýtur að vera sú að fyrir liggi markvisst og skipulagt nám í skóla innanlands eða utanlands sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna. Slíkt nám verður að miðast við ákveðna sérhæfingu vegna mikilvægis starfans svo að hann sé leystur af hendi á sem farsælastan hátt enda ábyrgð heilbrigðisstétta meiri en gerist yfirleitt vegna þess hve mistök í starfi eða vanræksla geta orðið afdrifarík.

Haustið 1982 fól þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavar Gestsson, Ingimari Sigurðssyni, deildarlögfræðingi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Ólafi Ólafssyni landlækni að gera tillögur að frumvarpi til laga um heilbrigðisstéttir, þ. e. a. s. tillögur að rammalögum sem tækju yfir heilbrigðisstéttir almennt ekki aðeins tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, að svo miklu leyti sem ekki hefðu þegar verið sett sérlög um viðkomandi stéttir. Þeir Ingimar og Ólafur skiluðu áliti í búningi frumvarps til laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta í septembermánuði s. l. Höfðu þeir áður leitað umsagna ýmissa heilbrigðisstétta sem ekki búa við löggildingu, svo sem Félags íslenskra læknaritara og Sjúkranuddarafélags Íslands, svo og ýmissa félaga sem njóta löggildingar,

t. d. Sjúkraliðafélags Íslands, Ljósmæðrafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands, Félags íslenskra sjúkraþjálfara og Lyfjatæknafélags Íslands. Lýstu allir þessir aðilar sig ýmist sammála frumvarpsdrögunum eða höfðu engar athugasemdir fram að færa, þ. e. a. s. töldu þau í engu skerða starfssvið sitt.

Til ráðuneytisins hafa borist bæði formlega og óformlega beiðnir frá nokkrum félögum um löggildingu sem liggja í ráðuneytinu óafgreiddar þar sem ráðuneytið vill freista þess að vinna að setningu heildarlaga um heilbrigðisstéttir eins og áður hefur fram komið. Sem dæmi má nefna beiðni frá Félagi íslenskra læknaritara, Sjúkranuddarafélagi Íslands, Félagi matvæla- og næringarfræðinga, Félagi heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga og frá líffræðingum starfandi í heilbrigðiskerfinu, þ. e. a. s. sem sérmenntað hafa sig eftir líffræðinám í heilbrigðisgreinum.

Hér á eftir fylgir greinargerð sem Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur hefur tekið saman varðandi réttindi og skyldur heilbrigðisstétta með hliðsjón af skipan mála erlendis og hér á landi:

Réttindi og skyldur heilbrigðisstétta.

Víðast hvar erlendis hafa stjórnvöld kosið að setja sérstakar reglur um svonefndar heilbrigðisstéttir. Hafa þá gjarnan verið sett lög, svokölluð rammalög, sem heimila stjórnvöldum að kveða nánar á um hvaða starfsfólk telja skuli til heilbrigðisstétta. Slíkum reglum er ætlað að þjóna þeim tilgangi að kveða sérstaklega á um þessa hópa vegna sérstöðu starfa þeirra, ekki síst hvað snertir ábyrgð í starfi, en talið er og nú almennt viðurkennt að vankunnátta og mistök heilbrigðisstarfsfólks geti haft í för með sér alvarlegri afleiðingar en mistök annarra starfshópa yfirleitt. Margir hafa bent á að mjög óeðlilegt sé að taka fyrir einstaka starfshópa og kveða sérstaklega á um þá, þ. e. a. s. að slíkir hópar séu settir undir strangari starfsaga en aðrir. Hefur jafnvel verið haldið fram að slíkt brjóti í bága við grundvallarréttindi, þ. e. a. s. stjórnarskrárákvæði um frelsi mannsins til starfa.

Hér á landi hefur þessi leið ekki verið valin nema að takmörkuðu leyti, þ. e. a. s. eingöngu hvað snertir tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Í stað þess hefur verið talið nægjanlegt að binda hendur hinna einstöku starfsstétta í heilbrigðisþjónustunni með lögum sem gilda um hverja stétt, þ. e. a. s. þegar lög eru fyrir hendi sem ekki er í öllum tilvikum.

Engum blandast hugur um að störf þau, sem heilbrigðisstéttir vinna, eru vandasöm og skiptir miklu að rétt sé að þeim staðið hvað snertir kunnáttu og leikni. Er ekki lengur umdeilt að slíku verði best náð með því að löggjafinn kveði sérstaklega á um ábyrgð þessara aðila. Á alþjóðlegu dómaraþingi, sem haldið var á Ítalíu 1974, var lýst yfir eindregnum stuðningi við þetta sjónarmið og stungið upp á því að reynt yrði að koma á sameiginlegum reglum sem mest í samræmi við þær reglur er gilda í Svíþjóð.

Lengi má um það deila hvaða hópa eigi að telja til heilbrigðisstétta. Nokkur mörk er hægt að setja og um margt þarf ekki að deila. Erfitt er að skýra orðið heilbrigðisstétt þar sem það nýtur ekki lögskýringar hér á landi. Hins vegar hafa íslensk lög gert ráð fyrir því að starfandi séu samtök heilbrigðisstétta eins og glöggt kemur fram í lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú lög nr. 59/1983.

Í 3. grein áðurnefndra laga, þar sem kveðið er á um starfsemi landlæknis, segir m. a. að landlækni sé skylt að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta. Hvað átt er við með orðinu heilbrigðisstétt er hins vegar ekki skýrt í lögunum. Þannig verður landlæknir að meta framangreint komi til slíks, þ. e. a. s. kveði ekki sérlög um einstakar stéttir á um þetta eða reglugerðir settar skv. lögunum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Þannig fer ekki milli mála að mjög æskilegt er að hafa ákvæði í lögum er geri ráðherra kleift að gefa út reglugerð um nánari túlkun á orðinu heilbrigðisstétt, þ. e. a. s. rammalög.

Á undanförnum árum hefur mjög færst í vöxt að hinir einstöku hópar, sem telja sig til heilbrigðisstétta, hafa farið fram á það við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að sett verði sérstök lög um þá, þ. e. a. s. til að tryggja starfsheiti og starfsréttindi viðkomandi hópa og jafnframt að kveða á um skyldur. Sem kunnugt er hefur lengi verið skortur á fólki til hinna ýmsu starfa innan heilbrigðisþjónustunnar. Því hefur það einnig verið hagsmunamál hinna einstöku hópa að aðilar, sem skortir menntun til hinna sérhæfðu starfa, fái ekki að starfa við þau. Slíkt fæst ekki nema tryggt sé með lögum að aðeins þeir sem viðurkenndir eru sem slíkir megi vinna að viðkomandi störfum. Þannig hafa hin einstöku lög, er gilda um heilbrigðisstéttir, gengið út frá því að framangreint bann gildi um alla aðra en þá sem hafa viðurkenningu ráðherra til starfans. Ekki þarf að efast um að löggjöf sem þessi herðir mjög á öllu eftirliti með viðkomandi starfsgrein. Enn fremur veitir þetta hinum almenna borgara aukna vernd og leiðir til réttaröryggis. Rétt er að benda á að erfitt er fyrir yfirvöld, í þessu tilviki Tryggingastofnun ríkisins, að gera samninga um þátttöku í kostnaði vegna starfa hinna einstöku heilbrigðisstétta nema þær njóti réttinda og beri skyldur.

Eftir því sem næst verður komist eru þeir hópar sem tilheyra svonefndum heilbrigðisstéttum um 20 talsins. Virðist tilhneigingin vera sú að skýra orðið heilbrigðisstéttir þröngt, sérstaklega ef við miðum við hversu hóparnir eru fáir borið saman við nágrannalöndin en þar eru hóparnir helmingi fleiri. Ekki hafa allir þessir 20 hópar lögvarin réttindi þótt þar hafi mikið áunnist á undanförnum árum. Vitanlega gilda um þessa hópa lög um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, sé slíku til að dreifa, jafnframt því sem þeir falla undir almenn hegningarlög vegna starfa sinna. Þannig eru þeir á engan hátt leystir undan skyldum þótt engin sérlög gildi um þá. Það er því framar öllu réttindi og lögverndun starfsheitis sem suma hópana skortir.

Hér á eftir skal reynt að gera grein fyrir réttindum og skyldum einstakra hópa, að svo miklu leyti sem löggjafinn hefur kosið að kveða á þar um.

1. **Læknar.**

Um réttindi þeirra og skyldur fer skv. læknalögum nr. 80/1969, ásamt síðari breytingum. Til þess að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi og bera titilinn læknir þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá læknadeild Háskóla Íslands, svo og framhaldsnámi á sjúkrahúsi eftir vissum reglum sem læknadeild setur og heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Læknakandídatar þurfa að hafa lokið svokölluðu kandídatsnámi áður en þeir hljóta réttindi. Til þess að fá umrætt leyfi þarf að hafa meðmæli læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Hér er um sérreglur að ræða þar sem ráðherra hefur í öðrum tilvikum allt að því óskorað vald til þess að veita leyfi, að vísu að fenginni umsögn stéttarfélags eða skóla. Munurinn er sá að ráðherra er ekki bundinn af umsögn þeirra hópa eins og hann er bundinn af meðmælum eða andmælum læknadeildar og landlæknis þegar um lækna er að ræða. Einu afskipti ráðherra eru í reynd þau að hann getur lögum skv. sett sem skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi að viðkomandi hafi gegnt starfi við heilsugæslustöð í allt að 6 mánuði. Skv. þeim reglum, sem gilda nú, er þessi skylda 4 mánuðir.

Til þess að öðlast takmarkað eða tímabundið lækningaleyfi hér á landi þarf til meðmæli landlæknis sem skal um slíkt hafa samráð við læknadeild Háskóla Íslands. Sem stendur hefur aðeins einn Íslendingur takmarkað lækningaleyfi en hann starfar sem hnykkir (kiropraktor). Tímabundin leyfi eru hins vegar oft veitt sérstaklega kandídötum þegar þeir þurfa að gegna störfum úti í héraði.

2. **Tannlæknar.**
Um tannlækningar gilda lög nr. 7/1929 og eru þau komin verulega til ára sinna og þjóna á margan hátt ekki raunverulegum tilgangi lengur. Á ofanverðu ári 1973 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um tannlækningar og síðla þings 1983-1984 var lagt fram enn nýtt frumvarp og það endurflutt á s. l. hausti. Samkvæmt lögunum frá 1929 hefur sá rétt til þess að stunda sjálfstæðar tannlækningar sem fullnægir þeim skilyrðum að hafa lokið prófi frá tannlæknaskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisstjórn ríkisins. Jafnframt þarf hann að tala og skilja fullkomlega íslenska tungu og að afloknu námi að hafa verið a. m. k. 1 ár aðstoðarmaður við tannlækningar hjá viðurkenndum tannlækni hér á landi eða á annan hátt aflað sér slíkrar þekkingar og reynslu í tannlækningum að áliti heilbrigðisstjórnarinnar. Þannig er ekki skilyrði fyrir tannlæknaleyfi að Háskólinn eða landlæknir fjalli um umsóknir þótt slíkt sé gert með hliðsjón af læknalögum sem að mestu er nú farið eftir þar sem lögin frá 1929 eru að mestu óraunhæf og óframkvæmanleg. Á síðari árum hefur það ekki verið gert að skilyrði að viðkomandi hafi starfað í eitt ár heldur hafa menn fengið leyfi allt að því nýkomnir frá námi. Byggist þetta ekki síst á því að skortur hefur verið á tannlæknum, ekki síst úti á landi. Enn fremur hefur reynst erfitt að koma slíkum kandídötum í stöður aðstoðarmanna tannlækna. Samkvæmt íslenskum lögum er ekki gert ráð fyrir neinu takmörkuðu leyfi handa tannlæknum.

3. **Ljósmæður.**
Um ljósmæður gilda lög nr. 67/1984, ljósmæðralög. Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hér á landi hefur sá einn sem hefur til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra. Viðkomandi þarf að hafa lokið prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands eða öðru jafngildu námi erlendis að dómi ljósmæðraráðs sem ráðherra skipar. Útlendingar þurfa að hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli. Störf ljósmæðra er að annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Þær starfa að fæðingarhjálp og mæðravernd. Ljósmóðir, sem stundar fæðingarhjálp í heimahúsum á eigin vegum, skal tilkynna það viðkomandi héraðslækni og leggja fyrir hann skilríki sín.

4. **Hjúkrunarfræðingar.**
Um hjúkrunarfræðinga gilda hjúkrunarlög nr. 8/1974, með breyting nr. 32/1975. Rétt til slíkra starfa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra. Til þess að fá slíkt leyfi þarf viðkomandi að hafa lokið prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða Háskóla Íslands. Einnig er heimilt að veita öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis, leyfi. Ekki eru gerðar neinar kröfur um það að viðkomandi stéttarfélag fjalli um umsóknir nema að því leyti að hjúkrunarráð verður að meta forsendur leyfis þeirra sem lokið hafa námi erlendis.

5. **Sjúkraþjálfarar.**
Um sjúkraþjálfara gilda lög nr. 58/1976. Rétt til þess að starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og þarf hann að uppfylla þau skilyrði að vera íslenskur ríkisborgari og hafa lokið prófi við skóla sem viðurkenndur er fullkominn skóli af yfirvöldum viðkomandi lands, þ. e. a. s. þar sem nám er stundað. Ráðherra ber að leita umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis. Heimilt er að veita öðrum en íslenskum ríkisborgurum slík leyfi en þá skv. meðmælum áðurnefndra aðila.

6. **Lyfjafræðingar.**
Um lyfjafræðinga gilda lög nr. 35/1978. Rétt til að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra sem leitar umsagnar landlæknis og þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd. Sá einn á rétt á starfsleyfi sem hefur lokið háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Enn fremur ber honum að uppfylla eftirfarandi kröfur:
   1. vera íslenskur ríkisborgari; þó er hægt að víkja frá þessu;
   2. vera lögráða;
   3. vera heilbrigður andlega og líkamlega;
   4. hafa unnið a. m. k. eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu, eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi;
   5. hafa lokið prófi í íslenskri lyfjalöggjöf ef umsækjandi hefur eigi áður lokið slíku prófi við Háskóla Íslands.

7. **Aðstoðarlyfjafræðingar.**
Um aðstoðarlyfjafræðinga gilda lög nr. 35/1978, um lyfjafræðinga. Rétt til þess að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmacia) hefur sá einn sem hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra. Rétturinn er bundinn við þá eina sem lokið hafa aðstoðarlyfjafræðiprófi frá Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala í Háskóla Íslands. Auk þess ber aðstoðarlyfjafræðingi að uppfylla sömu skilyrði sem greint er frá hér að ofan varðandi lyfjafræðinga.

8. **Lyfsalar.**
Um lyfsala gilda ákvæði laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982. Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða sem reknar eru af stofnunum. Þegar einstaklingi er veitt lyfsöluleyfi skulu umsóknir lagðar fyrir þriggja manna nefnd sem skipuð er af ráðherra, þannig: einn skv. tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn skv. tilnefningu Apótekarafélags Íslands auk lyfjamálastjóra sem er formaður nefndarinnar. Nefndin lætur ráðherra í té umsókn um faglega hæfni þeirra umsækjanda sem eru að hennar áliti hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu ef umsækjendur eru fleiri en þrír. Skilyrði fyrir að fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi skv. I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, þ. e. a. s. hafi starfsréttindi sem lyfjafræðingur.

9. **Félagsráðgjafar.**
Um félagsráðgjafa gilda lög nr. 41/1975, um félagsráðgjöf. Þeir þurfa til leyfi heilbrigðismálaráðherra og þurfa að hafa lokið prófi frá félagsráðgjafarskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn stéttarfélags félagsráðgjafa.

10. **Iðjuþjálfar.**
Um iðjuþjálfa gilda lög nr. 75/1977 en rétt til þeirra starfa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra og má eingöngu veita leyfi þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi við skóla sem viðurkenndur er sem slíkur af heilbrigðisstjórn þess lands þar sem námið er stundað. Leita skal umsagnar námsbrautar í iðjuþjálfun og landlæknis áður en leyfi er veitt. Heimilt er að veita ótakmarkað og tímabundið leyfi til

annarra en þá þurfa fyrrgreindir umsagnaraðilar að mæla með veitingunni. Í ákvæðum til bráðabirgða í þessum lögum er Iðjuþjálfafélagi Íslands fengið hlutverk námsbrautarinnar þar til hún hefur tekið til starfa.

11. **Þroskaþjálfar.**
Um þroskaþjálfa gilda lög nr. 18/1978, um þroskaþjálfa. Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfi og kalla sig þroskaþjálfa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra. Leyfið er bundið því að viðkomandi hafi lokið prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusystraskóli Íslands). Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað en áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Félagsins Þroskahjálpar og Þroskaþjálfaskólans. Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

12. **Meinatæknar.**
Um meinatækna fer skv. lögum nr. 99/1980. Þeir þurfa til leyfi heilbrigðismálaráðherra og leyfið má veita þeim sem lokið hafa prófi frá meinatæknadeild Tækniskóla Íslands. Hvað snertir nám stundað erlendis er heimilt að viðurkenna það sé það viðurkennt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað. Í slíkum tilvikum ber ávallt að leita umsgnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands. Eingöngu er heimilað að veita takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi í þeim tilvikum þar sem um er að ræða aðila sem voru í starfi þegar lögin öðluðust gildi en uppfylltu ekki skilyrði um menntun. Í þeim tilvikum ber ávallt að leita umsagnar Meinatæknafélagsins og slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir. Meinatæknar starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

13. **Sjóntækjafræðingar.**
Um sjóntækjafræðinga gilda lög nr. 17/1984. Rétt til þess að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra. Slíkt leyfi skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Áður skal leita umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis. Heimilt er að veita þeim sem uppfylla þessi skilyrði, að öðru leyti en hvað íslenskt ríkisfang varðar, ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn áðurnefndra aðila. Enn fremur getur ráðherra veitt þeim íslenskum ríkisborgurum sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfellt ótakmarkað leyfi að fenginni umsögn sömu aðila.
Störf sjóntækjafræðinga eru að annast almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra. Sjóntækjafræðingum er einungis heimilt að fullvinna eða selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun eða forskrift læknis.

14. **Sjúkraliðar.**
Um sjúkraliða gilda lög nr. 58/1984. Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra og til þess þarf hann að hafa lokið prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðrum skólum hér á landi sem heilbrigðismálaráðuneytið viðurkennir. Einnig er heimilt að veita leyfi þeim sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis en í slíkum tilvikum þarf til umsögn Sjúkraliðafélags Íslands. Starfssvið sjúkraliða er ekki skilgreint í lögunum.

15. **Röntgentæknar.**
Um röntgentækna gildir reglugerð nr. 209/1971 sem sett er með stoð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Skv. reglugerðinni öðlast þeir nemendur sem lokið hafa prófi frá Röntgentæknaskóla Íslands og hlotið prófskírteini starfsheitið röntgentæknar. Hlutverk röntgentækna er að aðstoða röntgenlækna við röntgengreiningu og að framkvæma sjálfstætt sumar tegundir röntgenrannsókna eftir fyrirmælum. Enn fremur að meta ástand sjúklinga að nokkru og aðstoða þá eftir þörfum skv. fyrirmælum.

16. **Matartæknar.**
Um matartækna fer skv. reglugerð nr. 242/1981. Rétt til að starfa sem matartæknir hér á landi og kalla sig matartækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra. Til þess að fá slíka löggildingu þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá matvælatæknibraut fjölbrautaskóla eða öðru prófi sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna. Hlutverk matartækna er að annast matreiðslu sérfæðis fyrir sjúka samkvæmt nánari skipun læknis eða annars sérfræðings undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra. Reglugerð um matartækna er sett með stoð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

17. **Lyfjatæknar.**
Um lyfjatækna fer skv. reglugerð nr. 199/1983, um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 15. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76 1982, og lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971. Til þess að mega kalla sig lyfjatækni og starfa sem slíkur þarf leyfi heilbrigðismálaráðherra. Til þess að geta fengið slíkt leyfi þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá Lyfjatæknaskóla Íslands eða hliðstæðu prófi sem metið er gilt að mati skólastjórnar Lyfjatæknaskóla Íslands. Starfssvið lyfjatækna eru störf við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings. Vert er að vekja athygli á að heimilt er þó að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, sbr. 24. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982.

18. **Heilbrigðisfulltrúar.**
Um heilbrigðisfulltrúa gildir relgugerð nr. 150/1983, um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa, sbr. og breyting nr. 765/1983. Þessi reglugerð er sett með stoð í 26. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Til þess að mega kalla sig heilbrigðisfulltrúa og starfa sem slíkur hér á landi þarf leyfi heilbrigðismálaráðherra. Leyfið er bundið þeim skilyrðum að viðkomandi hafi menntun á sviði heilbrigðiseftirlits sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfið er veitt skal leita álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjanda. Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:
a. háskólapróf í heilbrigðiseftirliti:
b. háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms eða starfsreynslu; starfsreynsla skal vera 12 mánuðir;
c. önnur sambærileg menntun. Hlutverk heilbrigðisfulltrúa er að starfa að heilbrigðiseftirliti í umboði heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum laga og reglna sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á.

Þær stéttir, sem hér hafa verið taldar upp, heyra allar undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Tvær aðrar stéttir, sem teljast til heilbrigðisstétta og búa við löggildingu, eru starfandi, annars vegar sálfræðingar sem heyra undir menntamálráðuneytið og hins vegar dýralæknar sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Allar þessar starfsstéttir falla

undir það að vera háðar reglulegu eftirliti landlæknis í samræmi við lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Sú leið hefur verið valin þegar veitt eru starfsréttindi til heilbrigðisstétta að í þeim tilvikum, þar sem hægt er að ljúka námi hér á landi, er ekki gerð krafa um íslenskt ríkisfang. Í þeim tilvikum, þar sem nám verður ekki stundað hér á landi, er hins vegar gerð krafa um íslenskt ríkisfang og helgast þessi regla af því að annars gætu útlendingar komið hér til starfa og það á kostnað Íslendinga sem hugsanlega væru í námi án þess að nokkur afskipti væru af því höfð nema hvað snertir atvinnuleyfi.

Enn fremur hefur verið fylgt þeirri meginreglu þegar ný lög eru sett um heilbrigðisstéttir að í þeim er kveðið á um það að þeir sem starfa fyrir gildistöku laganna og hafa ekki tilskilda menntun skuli eiga kost á réttindum annaðhvort skilyrtum eða óskilyrtum og er þá oft tiltekinn sá tími sem viðkomandi þarf að hafa starfað fyrir gildistöku laganna eða reglugerða sem settar eru með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Hvað snertir afskipti skóla heilbrigðisstétta og hinna einstöku heilbrigðisstétta af starfsveitingum hefur verið fylgt þeirri meginreglu að viðkomandi aðilar hafi umsagnarrétt um leyfisveitingar, þ. e. a. s. í þeim tilvikum sem ekki er um að ræða nám frá viðurkenndum skóla hér á landi. Undantekning frá þessari reglu er starfsleyfi til lækna sem háð er meðmælum læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Ef um er að ræða nám stundað erlendis getur verið um hvoru tveggja að ræða, þ. e. a. s. umsagnarrétt eða matsrétt þannig að ráðherra er háður mati viðkomandi aðila.

Eitt mesta vandamálið, sem heilbrigðisyfirvöld standa frammi fyrir nú varðandi löggildingu heilbrigðisstétta, er hversu skammt lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, ná. Í þeim er eingöngu fjallað um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar en erfitt hefur reynst að fá endanlega túlkun á orðinu tæknimenntaður og skal þar bent á sem dæmi reglugerð nr. 242/1981, um matartækna, en skiptar skoðanir voru um það hvort hægt væri að fella störf þeirra undir hugtakið tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Rétt er að vekja athygli á því að á vegum ráðuneytisins var á s. l. hausti lagt fram nýtt frumvarp til laga um tannlækningar og unnið er að gerð nýrra læknalaga í framhaldi af tillögu stjórnskipaðrar nefndar sem skilaði tillögum sínum haustið 1982. Ekki er með frumvarpi þessu ætlunin að breyta þeim lögum sem þegar hafa verið sett né hrófla á einn eða annan hátt við starfsheitum og starfsréttindum þeirra heilbrigðisstétta sem eru starfandi nú. Einungis er ætlunin að búa svo um hnútana að ekki þurfi að koma til sér löggjafar um hverja stétt sem leitar eftir slíku hér eftir enda slíkt aðeins til að æra óstöðugan.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um til hverra atriða lögin taki, þ. e. a. s. til starfsheita og starfsréttinda þeirra heilbrigðisstétta sem sérlög gilda ekki um. Á þennan hátt er ekki ætlunin að hrófla við þeim sérlögum sem þegar hafa verið sett, þ. e. a. s. starfsheitum, starfsréttindum og starfsskyldum þeirra hópa. Það er heilbrigðismálaráðherra að taka ákvörðun um það hverju sinni hvaða hópar falli undir lögin, sbr. nánar athugasemdir við 2. gr.

Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða heilbrigðisstétt sem notið hefur lögverndunar og lokið viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar, er ætlunin að þær haldi áfram að heita heilbrigðistæknar eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, en í 8. gr. er lagt til að þau lög verði úr gildi numin enda þjónar engum tilgangi að hafa tvenn rammalög á þessu sviði. Með þessu ákvæði á að vera tryggt að þær stéttir, sem falla undir lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, haldi að fullu réttindum sínum.

Um 2. gr.

Um þessa grein er það að segja að gert er ráð fyrir því að eigi geti verið um heilbrigðisstétt að ræða nema hún hafi lokið prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði. Það er heilbrigðismálaráðherra að ákveða hvaða stéttir skuli teljast til heilbrigðisstétta skv. þessum lögum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra setja reglur með nánari ákvæðum um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt sem hann ákveður að fella undir þessi lög að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis. Í reynd færi þetta þannig fram að viðkomandi stéttarfélag sækti um það til ráðherra að fá að teljast til heilbrigðisstétta og legði jafnframt fram drög að reglum um nám og menntunarskilyrði. Þannig kæmu tillögurnar í öllum tilvikum frá viðkomandi starfsstétt og ráðherra sendi tillögurnar til umsagnar landlæknis. Þannig ætti að vera tryggt að sem best sé á málum tekið.

Í 3. málsgr. 2. gr. er sett inn ákvæði til þess tryggja það að þeir sem eru í starfi án þess að hafa tilskilda starfsmenntun geti fengið réttindi að fenginni umsögn viðkomandi starfsstétta og landlæknis án þess að beitt sé kröfum um menntun. Enn fremur er sleginn sá varnagli að ráðherra sé heimilt að veita tímabundin réttindi og gera kröfur um íslenskt ríkisfang sé um að ræða menntun sótta til annarra landa. Eins og kom fram í greinargerð hér á undan hefur þessari reglu verið beitt í slíkum tilvikum, m. a. að tryggja það að útlendingar geti ekki komið hér og lagt undir sig ákveðnar starfsstéttir.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um þau störf sem heilbrigðisstéttir annast. Samkvæmt greininni starfa heilbrigðisstéttir við heilbrigðisstofnanir eða við kennslustofnanir heilbrigðisstétta og við matvælastofnanir. Í þessu tilviki skal vakin athygli á að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn matvælamálefna hér á landi með hliðsjón af hollustu matvæla, notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum og geislavirkra efna. Það eru fyrst og fremst aðilar sem starfa að þessum þáttum matvælagerðar sem falla undir hugtakið heilbrigðisstétt.

Gert er ráð fyrir því að heilbrigðisstéttir geti starfað annaðhvort undir handleiðslu eða á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði eða sjálfstætt, þ. e. a. s. á eigin ábyrgð. Þetta fer eftir því um hvers konar störf er að ræða og við hvers konar stofnanir þau eru unnin.

Um 5. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar en hún er í samræmi við þær greinar sem settar hafa verið í lögum um heilbrigiðsstéttir til þessa.

Um 6. gr.

Allar heilbrigðisstéttir, sem kveðið er á um í lögum, falla undir ákvæði læknalaga nr. 80 1969, með síðari breytingum, að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað. Í þessu tilviki er um að ræða þagnarskyldu, ákvæði um sviptingu starfsréttinda, endurveitingu, ákvæði og viðurlög vegna brota í störfum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 7. gr.

Hér er ákvæði um það að heimilt sé að setja í reglugerð ákvæði um frekari framkvæmd laganna. Hér er ekki átt við reglugerðir um einstakar starfsstéttir, sbr. 2. gr., heldur eina reglugerð um nánari útlistun á framkvæmd laganna gerist þess þörf.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir því að lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, með síðari breytingum, falli niður að undanskildum ákvæðum um tannsmiði í lögunum nr. 39 1980 en í þeim lögum er kveðið á um það að tannsmiðir teljist ekki til heilbrigðisstétta enda falla þeir undir iðnstéttir og lúta yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Á sínum tíma voru um þetta nokkrar deilur og var tekið af skarið með þessari breytingu 1980.

Sþ. 568. Fyrirspurn [356. mál]

til iðnaðarráðherra um úttekt á stofnunum og fyrirtækjum á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Að hvaða athugunum á stofnunum og fyrirtækjum, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, hefur verið unnið frá miðju ári 1983?
2. Hvaða aðilar, einstaklingar, nefndir eða ráðgjafarfyrirtæki, hafa unnið að hverju verkefni?
3. Hvað hefur verið greitt hverjum aðila fyrir slíkar athuganir og úttektir?
   Sundurliðun óskast varðandi hvert verkefni (stofnun eða fyrirtæki) og heildargreiðsla til hvers aðila, laun og annar kostnaður.
4. Með hvaða hætti hafa þessar athuganir verið fjármagnaðar, sundurliðað eftir fjárlagaliðum eða öðrum framlögum.
5. Hvaða athuganir eru byrjaðar sem enn hafa ekki leitt til útgjalda?

Skriflegs svars er óskað.

Sþ. 569. Fyrirspurn [357. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Guðmundi Einarssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var með bréfi 27. júní s. l. til að vinna að frumvarpi um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir setningu laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir á yfirstandandi þingi?

Ed. 570. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hl. er samþykkur þeirri meginstefnu frv. að sóknargjöld verði ekki lengur nefskattur án tillits til tekna manna eins og verið hefur, heldur tiltekinn hundraðshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns.

Brýn þörf er á að fjárhagur safnaða sé efldur, enda er ljóst að víða eiga fámennir söfnuðir í erfiðleikum með að standa undir viðhaldi á kirkjum, og ekki síður upphitun eftir þá gífurlegu hækkun sem orðið hefur á raforkuverði í seinni tíð.

Hins vegar er hæpið að heimila að sóknargjöld geti orðið allt að 0,8% af útsvarsskyldum tekjum enda væri það veruleg aukning á heildarskattbyrði fyrir þá sem fyrir því yrðu, og ekki á bætandi eins og lífskjör fólks eru nú.

Einnig er hæpið að stjórnvöld í héraði, í þessu tilviki safnaðarfundir og sóknarnefndir, fái svo mikið svigrúm til álagningar gjalda. Sóknargjald ætti að vera sama prósenta á alla skattgreiðendur óháð búsetu, en að svo miklu leyti sem þarfir safnaðanna eru mismunandi mætti mynda jöfnunarsjóð sem veitti fé til safnaða sem eiga við fjárhagserfiðleika að stríða af einhverjum ástæðum. Til að tryggja sem jafnasta aðstöðu safnaða væri eðlilegt að raforka til upphitunar á kirkjum væri alls staðar seld á lágmarksverði.

Undirritaður leggur til að ákvæði 3. gr. frumvarpsins, sem heimilar tvöföldun sóknargjalda, allt að 0,8%, verði fellt brott og frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:

Af innheimtum sóknargjöldum skulu 10% lögð í jöfnunarsjóð. Framlög úr jöfnunarsjóði skulu einkum ætluð sóknarkirkjum þar sem tekjur hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests. Sjóðurinn er í vörslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum biskups og prófasta samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Alþingi, 11. mars 1985.

Ragnar Arnalds.

Sþ. 571. Tillaga til þingsályktunar [358. mál]

um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi.

Flm.: Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs umhverfis Gullfoss og Geysi. Jafnframt verði hafin vinna við heildarskipulag svæðisins og undirbúin kaup á þeim landspildum þar, sem ekki eru þegar í eigu ríkisins.

Frumvarp til laga um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Gullfoss og Geysir eru oftlega nefndir í sömu andrá. Fáir staðir á Íslandi eru jafnþekktir og víðkunnir, ekki aðeins meðal Íslendinga sjálfra og allra þeirra erlendu gesta er landið sækja heim, heldur og um víða veröld, um mikilvægi þessara staða í hugum Íslendinga er óþarft að fjölyrða frekar.

Vaxandi straumur ferðamanna ár frá ári, innlendra sem erlendra, að Gullfossi og Geysi gerir að verkum að nauðsyn ber nú til að grípa til sérstakra ráðstafana svæðinu þar í kring og náttúru þess til verndar. Slíkum ráðstöfunum fylgir eðlilega nokkur kostnaður og sýnist sjálfsagt og eðlilegt í ljósi staðreynda málsins að hann komi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Með því að skipuleggja betur en nú er móttöku ferðamanna á þessu svæði væri unnt að skapa fleiri störf í þeirri grein heimamönnum til handa. Ferðamönnum þarf að standa til boða margvísleg þjónusta, svo sem veitinga- og gistiþjónusta, leiðsögn í skoðunarferðum sem farnar væru, ýmist fótgangandi eða á hestum.

Vegna þess hve skammt er milli Gullfoss og Geysis má segja að þessir tveir staðir séu nánast samliggjandi og því sé eðlilegt að ferðamannaþjónusta fyrir svæðið sé aðeins á öðrum staðnum, en vel skipulögð og ætluð þeim sem koma á báða staðina. Ekki er vandalaust að skipuleggja þjónustu af þessu tagi í jafnviðkvæmu umhverfi og hér um ræðir.

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu eiga Gullfoss og Geysir, þessar perlur íslenskrar náttúru, að vera í sama þjóðgarði þar sem ferðamenn, jafnt innlendir sem erlendir, eiga þess kost að njóta þessara einstæðu náttúruundra. Stofnun þjóðgarðs á þessu svæði þarf að undirbúa vandlega í samvinnu við sveitarstjórn, landeigendur, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins og fleiri aðila. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að undirbúningur hefjist sem fyrst þannig að leggja megi frumvarp um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 572. Tillaga til þingsályktunar [359. mál]

um tafarlausa lækkun vaxta og stöðvun nauðungaruppboða.

Flm.: Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan, Garðar Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir, Geir Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Skúli Alexandersson, Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fyrirskipa tafarlausa lækkun vaxta og endurmat á hækkun einstakra húsnæðislána vegna verðtryggingarákvæða eftir að bannað var að greiða vísitölubætur á laun frá 1. júní 1983.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum:

1. Að fram fari rannsókn á efnahagslegum áhrifum lánskjaravísitölunnar, sérstaklega áhrifum hennar á fjárhagsafkomu húsnæðiskaupenda og húsbyggjenda eftir að vísitölubætur á laun voru bannaðar með lögum frá 1. júní 1983.
2. Að gerð verði áætlun um endurgreiðslu á þeim upphæðum af húsnæðislánum, sem eru umfram hækkanir á kaupgjaldsvísitölu og hafa verið inntar af hendi á árinu 1983 og síðar. Mismunurinn bætist við höfuðstól lánanna og komi fyrst til greiðslu þegar lánin eru greidd upp að öðru leyti. Höfuðstóll lánanna verði lækkaður sem nemur minni hækkun byggingarvísitölu en lánskjaravísitölu frá 1980. Kannað verði hve mikinn kostnað þessi aðgerð hefði í för með sér og gerðar tillögur um fjáröflun í þessu skyni.

3. Að settar verði reglur um endurgreiðslu fasteignaveðlána til einstaklinga þannig að misgengi vísitalna og raunvaxtabreytingar valdi ekki þyngri greiðslubyrði en upphaflega var til stofnað.
4. Að ákvörðun um hámarksvexti inn- og útlána verði tekin úr höndum Seðlabanka og lánastofnana.
5. Að skammtímaveðlánum og lausaskuldum, sem stofnað hefur verið til vegna íbúðakaupa og húsbygginga s. l. 5. ár, verði breytt í lengri lán sem verði ekki til skemmri tíma en átta ára.

Meðan rannsókn sú stendur yfir, sem kveðið er á um í þingsályktun þessari, er óheimilt að láta fara fram nauðungaruppboð á íbúðum, enda sé um einu íbúð viðkomandi að ræða.

Rannsókn og tillögugerð samkvæmt þessari þingsályktun skal lokið fyrir 30. apríl n. k. Þangað til skal viðskiptabönkum og Húsnæðisstofnun gert kleift að fresta afborgunum lána. Seðlabankinn endurkaupi lán í þessum tilgangi uns annað hefur verið ákveðið.

Greinargerð.

Alþýðubandalagið hefur lengi varað við afleiðingum hárra vaxta og verðtryggingu fjárskuldbindinga án samhengis við launaþróun. Þegar bannað var að greiða vísitölubætur á laun hrundi fjárhagur þúsunda húsbyggjenda og íbúðareigenda í landinu, auk allra þeirra sem nú verða að una okurkjörum á leigumarkaði. Nú getur fólk hvorki byggt né borgað skuldir. Hreint neyðarástand er ríkjandi á heimilum, gluggaumslögin bera daglega boð um gjaldfallnar kröfur sem eru óviðráðanlegar. Örvæntingin grípur um sig og afleiðingarnar eru stórfelld félagsleg vandamál fyrir fjölskyldurnar, ekki síst börnin sem alast upp í ægilegri óvissu og öryggisleysi. Þá er hætt við að skapist ný vandamál sem aldrei verða leyst með peningum, hversu há sem lánin eru.

Þannig hefur harðstjórn peningaaflanna leikið alþýðuheimilin. Ríkisstjórnin gefur út Lögbirtingablaðið nær daglega til þess að tilkynna um eignasviptingu fólksins; áratugastrit er að engu gert með tilflutningi fjármagns frá fólkinu til milliliðanna og undirheimahagkerfisins. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar í fyrra um „frelsi“ í vaxtamálum hófst stórfelldur tilflutningur fjármuna – milljörðum saman – út úr bankakerfinu í neðanjarðarhagkerfið. Þar neyðist fólk til að skrifa undir afföll af verðtryggðum skuldabréfum – jafnvel 25%. Þeir sem kaupa bréfin eru í undirheimunum; bréfin eru á handhafa og engin skattayfirvöld ná til þeirra.

Á undanförnum áratugum hefur alþýðufólki tekist að eignast íbúðir. Nú veldur stefna ríkisstjórnarinnar því að þessar íbúðir eru að hverfa til fjáraflamannanna í stórum stíl. Samdráttur í framleiðsluatvinnuvegunum hefur leitt til lækkunar íbúðarverðs á landsbyggðinni og þar eru íbúðir að verða óseljanlegar. Kemur sú kjaraskerðing til viðbótar við önnur vandamál sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á. Vaxtaokur og verðtrygging er jafnframt vandamál framleiðsluatvinnuveganna; gerist því hvort tveggja í senn að framleiðslan á í vök að verjast og fólkið, sem býr úti á landi, verður auk kjaraskerðingarinnar að taka á sig stórfelldar lækkanir íbúðarverðs á dauðum markaði. Þessi staðreynd hefur svo aftur í för með sér fólksflótta af landsbyggðinni, röskun á lífskjörum og síðan hækkandi íbúðarverð á Reykjvíkursvæðinu – meðal annars okurverð á leiguhúsnæði. Þannig lokast um þjóðina vítahringur stjórnarstefnunnar; örvæntingin setur svip sinn á heimilin.

Alþýðubandalagið hefur þegar lagt fram tillögur í vaxtamálum í frumvarpsformi. Þar er einnig bent á leiðir til fjármögnunar, meðal annars með sköttum á verslun og banka. Hér er flutt tillaga um tafarlausar aðgerðir á fleiri sviðum. Verður nánari grein gerð fyrir tillögugreininni í framsögu.

Sþ. 573. Fyrirspurn [360. mál]

til utanríkisráðherra um geymslu kjarnorkuvopna og komur herskipa til landsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Taka yfirlýsingar utanríkisráðherra um að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi einnig til herskipa sem koma í hafnir hérlendis eða sigla um íslenska lögsögu?
2. Er utanríkisráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að banna siglingar herskipa um íslenska lögsögu og komur þeirra í hafnir hérlendis nema fullvíst sé að þau beri ekki kjarnorkuvopn?

Sþ. 574. Fyrirspurn [361. mál]

til sjávarútvegsráðherra um uppboðsbeiðnir Fiskveiðasjóðs.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvaða beiðnir hefur Fiskveiðasjóður lagt fram um nauðungaruppboð á fiskiskipum vegna vanskila við sjóðinn?
2. Hvaða fiskiskip eru í slíkum vanskilum við sjóðinn að óskað mun verða nauðungaruppboðs?

Óskað er skriflegs svars.

Sþ. 575. Tillaga til þingsályktunar [362. mál]

um aðstoð við íslensk fyrirtæki til að tileinka sér alþjóðlega tækni í rekstri, framleiðslu og viðskiptum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til aðgerða sem hafi það markmið að aðstoða íslensk fyrirtæki við að tileinka sér alþjóðlega tækni í rekstri, framleiðslu og viðskiptum.

Aðgerðir þessar verði tvíþættar:

1. Sett verði upp kerfi viðskiptafulltrúa sem aðstoði íslensk fyrirtæki í þeim löndum sem lengst eru komin í tækni og stjórnun fyrirtækja.
2. Lagðar verði fram áætlanir um að aðstoða íslensk fyrirtæki við að tileinka sér nýjustu aðferðir við framleiðslu, stjórnun og sölu.

Verkefni viðskiptafulltrúanna verði fyrst og fremst að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að komast í samvinnu eða samband við vel rekin og nýtískuleg fyrirtæki erlendis sem eru tilbúin til að selja framleiðsluleyfi, tækni og/eða stjórnunar- og markaðsþekkingu, eða á annan hátt að aðstoða við þróun fyrirtækja á Íslandi.

Viðskiptafulltrúarnir verði tengdir sendiráðum Íslands og þeim stofnunum sem veita fyrirtækjum aðstoð.

Greinargerð.

Rekstur fyrirtækja í heiminum einkennist nú af því að breytingar og framfarir verða sífellt hraðari, öll viðskipti eru að verða alþjóðlegri og sífellt aukin áhersla er lögð á rannsóknir og vöruþróun. Þrátt fyrir að Ísland liggi mitt á milli stórra markaðssvæða er íslensk atvinnustarfsemi mjög einangruð. Það er jafnframt viðurkennd staðreynd að íslensk fyrirtæki eru flest of smá til að geta staðið undir umfangsmiklu rannsóknar- og þróunarstarfi og ekki hæf stjórnunarlega til að starfa á alþjóðlegum vettvangi. Það er því mikil hætta á að fyrirtækin dragist aftur úr og muni í framtíðinni tapa framleiðslu sinni til sterkari og betur skipulagðra fyrirtækja erlendis.

Ýmislegt hefur á undanförnum árum verið gert til þess að aðstoða fyrirtæki á Íslandi, en það hefur flest verið gert af vanefnum, enda hefur fyrirtækjunum gengið illa að komast út úr þeirri einangrun sem þau hafa búið við. Það er því álit flm. að þörf sé á að leita nýrra leiða ef árangur á að nást.

Framfarir í fyrirtækjum byggjast fyrst og fremst á tæknilegri og stjórnunarlegri þekkingu starfsmanna og því hversu vel starfsmönnunum gengur að tileinka sér nýja þekkingu og nýta hana í störfum sínum. Enginn skortur er á upplýsingum og ódýrt og auðvelt er að fá upplýsingar í miklu magni. Kostnaðurinn við að tileinka sér tækni er fyrst og fremst fólginn í því að velja og hafna og sameina upplýsingarnar í kerfi þannig að samspil náist í framleiðslu og sölu. Ráðgjafar og tæknistofnanir gegna mikilvægu hlutverki í þessu efni, en bestur árangur næst þó þegar bein samvinna fyrirtækja tekst og upplýsingarnar eru seldar eða þeim miðlað sem framleiðsluleyfum, sölu- eða þróunarsamningum. Þekkingarmiðlunin verður auk þess að vera mjög markviss ef hún á að koma að gagni. Milligöngumaðurinn þarf að þekkja mjög vel getu og þarfir fyrirtækjanna sem leita að þekkingu og hafa auk þess góða yfirsýn yfir þá möguleika sem eru fyrir hendi. Markvissasta og fljótlegasta aðferðin er því að koma á sambandi milli íslenskra og erlendra fyrirtækja sem hafa náð bestum árangri og eru tilleiðanleg til þess að miðla af tæknilegri og stjórnunarlegri þekkingu sinni.

Ed. 576. Frumvarp til laga [363. mál]

um breyting á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Síðari málsgr. 10. gr. laganna breytist og orðist svo:

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Tvo samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis og síðar Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

2. gr.

Í stað „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna kemur: 31. desember 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengdur verði gildistími þeirra ákvæða laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, er varða Sölustofnun lagmetis, og að breytt verði ákvæðum um skipun stjórnar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Frumvarpið er flutt samkvæmt tilmælum Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins, en stjórn Sölustofnunar lagmetis telur mikilvægt, að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Með lögum nr. 51/1982 var gildistími I. kafla laganna framlengdur um eitt ár, frá 31. desember 1982 til 31. desember 1983, og með lögum nr. 77/1983 um tvö ár, frá 31. desember 1983 til 31. desember 1985.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau, að í löndum Austur-Evrópu, þar sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti, er hvarvetna einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni að ræða kaupanda megin. Slíkur kaupandi væri því, ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun yrði íslenskum seljendum í óhag. Rétt þykir að bregðast við þessu með áframhaldandi einkarétti og jafna þar með samningsaðstöðuna. Er því lagt til, að I. kafli laga nr. 58/1981, þ. e. greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. desember 1990. En rétt þykir, að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður, og að því tilskildu, að starf stofnunarinnar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. framangreindra laga nr. 58/1981.

Rétt þykir að taka nú ákvæði um skipun stjórnar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins til endurskoðunar, þannig að áhrif Sölustofnunar verði aukin, enda eru fullvinnslugjöld, er aðildarfyrirtæki stofnunarinnar greiða, megintekjustofn sjóðsins. Þá þykir rétt að sjávarútvegsráðherra hafi óbundnar hendur við tilnefningu stjórnarmanns, en skv. gildandi lögum ber honum að leita ábendinga sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda, áður en tilnefning fer fram. Með sama hætti er talið eðlilegt, að iðnaðarráðherra skipi án tilnefningar, auk formanns, annan stjórnarmann.

Samkvæmt þessu munu Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ekki tilnefna menn í stjórn sjóðsins, en iðnaðarráðherra mun hafa aukinn sveigjanleika til að skipa menn í stjórn eftir því sem verkefni sjóðsins krefjast hverju sinni.

Fylgiskjal.

13. febrúar 1985.

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Hr. Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Varðandi framlengingu laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Á fundi stjórnar Sölustofnunar lagmetis 18. janúar s. l. var rætt um að ofangreind lög ganga úr gildi 31. desember 1985 og þar með ákvæði um einkarétt á sölu til ríkja í Austur-Evrópu.

Stjórn S. L. var á einu máli um, að brýna nauðsyn beri til þess að lögin verði framlengd í nokkur ár til viðbótar, a. m. k. um fimm ár — ekki síst með tiliti til þeirrar reynslu, er stofnunin hefur af þeim viðskiptaháttum, er fleiri en einn aðili koma fram gagnvart kaupendum í Austur-Evrópuríkjum. Hefur slíkt ætíð leitt til undirboða og truflana á þessum mörkuðum. Eins hafa lögin um Sölustofnunina stuðlað að festu innan samtakanna og atvinnugreinarinnar og því full ástæða til að þau lög haldi gildi sínu enn um sinn.

Við leggjum áherslu á þann vilja S. L. að óska þess við ríkisstjórnina, að hún leggi fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp um framlengingu laganna, og sendum því til áréttingar hjálögð ljósrit af bréfum frá helstu framleiðendum innan samtaka okkar. Í þeim kemur fram eindreginn vilji framleiðendanna um að S. L. verði áfram gert að starfa samkvæmt lögum með þeim réttindum og skyldum sem þeim fylgja. Þyrfti hið nýja frumvarp að verða að lögum á þingi því sem nú situr.

Virðingarfyllst

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Theodór S. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Sþ. 577. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Ríkismati sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda, Félagi Sambands fiskframleiðenda og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Lög um Ríkismat sjávarafurða voru samþykkt á Alþingi vorið 1984 og tóku gildi 1. ágúst það ár, nr. 53/1984. Þau hafa því ekki verið í gildi lengur en í rúma sjö mánuði. Þótt um það megi deila hvernig slíku mati sé best fyrir komið hefur enn ekki nægileg reynsla fengist af framkvæmd hinna nýsettu laga. Nefndin leggur því til að tillagan verði afgreidd með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem síðasta löggjafarþing samþykkti lög um Ríkismat sjávarafurða sem tóku gildi 1. ágúst 1984 og Alþingi hefur með því svo nýlega lýst vilja sínum um það hvernig málum þessum skuli háttað sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um mál þetta nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Kristín S. Kvaran mun skila séráliti.

Alþingi, 14. mars 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Eggert Haukdal.	Björn Dagbjartsson.
Garðar Sigurðsson.	Þórarinn Sigurjónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 578. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28 apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi sínum og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Guðmundur Einarsson.

Alþingi, 14. mars 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Gunnar G. Schram.
Ingvar Gíslason. Friðrik Sophusson.

Nd. 579. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og athugað ýmsa þætti þess. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur Einarsson og Halldór Blöndal.

Alþingi, 14. mars 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Gunnar G. Schram.
Ingvar Gíslason. Friðrik Sophusson.

Nd. 580. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og fengið Óskar Hallgrímsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, til að gefa ýmsar upplýsingar sem varða frv. Breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þingskjali.
Nefndin vill taka fram eftirfarandi:

1. Ráðgjafarnefnd skv. 3. gr. þarf að ná samkomulagi um framkvæmd laganna ef tryggja á eðlilega samvinnu allra aðila.
2. Um skyldu atvinnurekenda skv. 14. gr., að tilkynna vinnumiðlun um öll laus störf, verður að ná samkomulagi við samtök þeirra, enda er ekki ávallt auðvelt að skilgreina hvað eru „laus störf".
Í þessari tillögu er gengið út frá að við þessi markmið verði staðið að undanteknu árinu 1985, sem er í samræmi við fjárlög 1985. Í þeim var hlutfall útgjalda ákveðið 1,9%.

Þjóðarframleiðsla. Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er þjóðarframleiðsla ársins 1985 áætluð 86 400 m.kr. og er vöxtur frá fyrra ári 0,6%. Ekki liggur fyrir opinber spá um aukningu þjóðarframleiðslu næstu árin, en Þjóðhagsstofnun vinnur nú að slíkri spá í tengslum við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Því hefur verið valið að miða vöxt við sama hlutfall og notað var á síðari tveimur árum fyrri vegáætlunar, eða 2%.

Heildarfjármagn. Í samræmi við ofangreindar forsendur verður fjármagn vegáætlunar 1985—1988 eins og fram kemur í töflu hér á eftir. Við samanburð ber að hafa í huga að árin 1986—1988 eru á verðlagi sem er 15% hærra en 1985.

	Aukn. þjóðar-framl.	Þjóðar-framl.	Hlutf. til vegagerðar	Útgjöld til vegagerðar	Vísitala vegagerðar
1985	0.6%	86 400	1.9%	1650	1480
1986	2.0%	101 300	2.4%	2430	1700
1987	2.0%	103 400	2.4%	2480	1700
1988	2.0%	105 500	2.4%	2530	1700

0.2. Tengsl vegáætlunar og langtímaáætlunar.

Vegáætlun sú, sem hér er fjallað um tekur til tveggja síðari ára fyrsta tímabils og tveggja fyrstu ára annars tímabils langtímaáætlunar. Við skiptingu útgjalda er höfð hliðsjón af vegáætlun fyrir árið 1985, vegáætlun og langtímaáætlun fyrir árið 1986 og langtímaáætlun fyrir árin 1987 og 1988.

Á föstu verðlagi felur tillagan í sér 11% minnkun fjármagns 1985 og um 13% aukningu fjármagns 1986, miðað við gildandi vegáætlun fyrir þau ár.

Minnkandi þjóðarframleiðsla og lægra hlutfall til vegamála fyrstu þrjú ár langtímaáætlunar veldur því að nokkuð vantar upp á að markmið hennar náist. Skerðing fjármagns hefur bitnað á öllum liðum vegáætlunar, nema vetrarviðhaldi, en mest þó á fé til nýrra framkvæmda og sumarviðhalds.

Hér á eftir verður borið saman annars vegar það fjármagn, sem varið hefur verið og verja á samkvæmt tillögu þessari til nýbygginga og sumarviðhalds á árunum 1983—1986 og það fjármagn sem verja átti til þessara verkefna samkvæmt langtímaáætlun og hins vegar fjármagn í áðurnefnd verkefni á árunum 1987 og 1988 samkvæmt þessari tillögu og langtímaáætlun. Allar tölur eru á áætluðu verðlagi þessa árs, þ. e. VT 1480.

	1983	1984	1985	1986	Samt.	Hlutf.
Nýjar framkv.:						
Langtímaáætlun	821	887	973	978	3659	100%
Vegáætlun	677	794	735	1013	3219	88%
Sumarviðhald:						
Langtímaáætl.	528	551	580	610	2269	100%
hlutf. af þörf	80%	82%	85%	88%		
Vegáætlun	434	529	522	596	2081	92%
hlutf. af þörf	66%	79%	77%	86%		

	1987	1988	Samt.	Hlutf.
Nýjar framkvæmdir:				
Langtímaáætlun	1103	1143	2246	100%
Vegáætlun	1035	1041	2076	92%
Sumarviðhald:				
Langtímaáætlun	639	678	1317	100%
Vegáætlun	625	656	1281	97%

0.3 Verðgrundvöllur vegáætlunar 1985—1988.

Hækkun verðlags milli áranna 1984 og 1985 er áætluð 27% og er það í samræmi við endurskoða spá Þjóðhagsstofnunar. Svarar það til vísitölu vegagerðar 1480. Milli áranna 1985 og 1986 er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 15% (v. t. 1700). Síðari tvö árin eru einnig á því verðlagi.

	1985	1986—88
Vísitölur	1 480	1 700
	27%	15%

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1985—1988.

1.1. Markaðar tekjur.

Eftirfarandi áætlun um markaðar tekjur Vegasjóðs næstu þrjú árin er unnin í sameiningu af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og Vegagerðar ríkisins. Verðforsendur árið 1985 eru í samræmi við þjóðhagsáætlun og miða við 27% hækkun milli 1984 og 1985. Milli 1985 og 1986 er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 15%. Síðari tvö árin eru á sama verðlagi, eins og nánar er gert grein fyrir í kafla 0.2. Heildartekjur eru áætlaðar eins og fram kemur í töflu hér að neðan. Auk lögbundinna markaðra tekna er gert ráð fyrir, skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar að 50% af heildartekjum ríkissjóðs af bensínsölu skuli að lágmarki renna til vegamála. Til viðbótar bensíngjaldinu koma því aðrar tekjur af bensíni uns 50%-markinu er náð. Þá er gert ráð fyrir að gúmmígjald verði fellt niður frá árinu 1985. Nánar er gerð grein fyrir forsendum spárinnar í eftirfarandi köflum. (Upphæðir eru í m. kr.).

Ár	Bensín-gjald	Aðrir bensínsk.	Þunga-skattur	Samtals
1985	845	130	410	1 385
1986	990	150	480	1 620
1987	1 010	155	490	1 655
1988	1 030	155	500	1 685

1.1.0 Spá um bifreiðafjölda.

Bifreiðum hefur fjölgað mjög ört hér síðustu árin. Er nú svo komið að bifreiðaeign á íbúa er að verða með því hæsta sem þekkist í heiminum í dag. Eflaust eru margar ástæður fyrir mikilli bifreiðaeign Íslendinga, en telja má að þar vegi þungt strjálbýli og miklar vegalengdir ásamt því, að bifreiðin er tiltölulega hagkvæmur kostur til fólks- og vöruflutninga. Fjölgun bifreiða er eðlilega mjög sveiflukennd milli ára og endurspeglast þar almennt ástand efnahagsmála. Sem dæmi má nefna, að á síðasta áratug var fjölgun bifreiða milli einstakra ára mest 12,9%, en minnst 0,1%.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Fólksfl. bílar	Vöru-bílar	Burðargeta vörub. (tonn)	Bifr. alls
1960	14.228	89	325	5 703		20 256
1970	37 304	183	555	5 727	23 525	43 586
1980	81 025	357	1 117	7 873	39 394	90 015
1984	96 200	404	1 107	10 947	48 998	108 254
Árleg aukn. s. l. 10 ár	7,0%		6,2%	5,1%		6,8%

Heldur hefur dregið úr fjölgun bifreiða síðustu tvö árin, en næstu fjögur ár er gert ráð fyrir 2% árlegri aukningu.

Ár	Bifreiða-fjöldi 1/7	Þar af með bensínhreyfli	Innfluttir bílar
1985	113 500	102 000	8 500
1986	115 800	104 300	9 500
1987	118 100	106 400	10 000
1988	120 400	108 500	10 500

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Tekjur af bensíni eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bíl svo og upphæð bensíngjaldsins og annarra skattstofna. Síðastliðin ár hafa orðið miklar breytingar á meðaleyðslu eins og sést í eftirfarandi töflu.

	1970	1975	1980	1984 áætl.
Meðaleyðsla á bíl ltr.	1 732	1 623	1 412	1 260

Áætlað er að meðaleyðsla minnki enn á næsta ári, en verði óbreytt úr því. Bensínsala eykst skv. þessu á þessu ári um 2,2 mltr, og síðan um 2% hin þrjú árin. Bensíngjaldið verður hækkað á þessu ári í samræmi við heimildir og verður meðalgjald ársins 1985 23% hærra en ársins 1984. Miðað er við að aðrir skattstofnar verði óbreyttir (söluskattur 24,0%, tollur 50%). Verð á bensíni er í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar.

Ár	Fjöldi bíla	Meðal-eyðsla	Notkun m.ltr.	Bensíng. kr/ltr.	Bensíng. m.kr.	Tollur Sölusk. m.kr.	Samtals Bensín skattar	50% af bensín skattar
1985	102 000	1 260	128,5	6,60	845	1 100	1 945	975
1986	104 300	1 255	131,1	7,58	990	1 290	2 280	1 140
1987	106 400	1 255	133,7	7,58	1 010	1 320	2 330	1 165
1988	108 500	1 255	136,4	7,58	1 030	1 340	2 370	1 185

1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er greiddur af dísilbílum og samsvarar hann bensíngjaldi hjá bensínbílum. Þungaskattur er tvenns konar. Annars vegar er árgjald og hins vegar km-gjald. Árgjald er eins og nafnið bendir til fast og hækkar eftir eigin þyngd bílsins. Aðalreglan er sú, að það er innheimt af dísilbílum sem eru að heildarþunga 3 tonn og minni. Þó er eigendum þeirra heimilt að velja á milli km-gjalds og árgjalds. Þetta er viss galli á kerfinu þar sem hver og einn hefur möguleika á að velja það skattform sem lágmarkar skatt hans. Önnur frávik frá aðalreglunni eru þau að af bílum í eign bænda er greitt hálft gjald.

Km-gjald fyrir hvern ekinn kílómetra er greitt af öðrum dísilbílum og er það stighækkandi eftir þyngd. Gjaldið er innheimt þrisvar sinnum á ári.

Áætlun um tekjur af þungaskatti gerir ráð fyrir óbreyttu magni árið 1985, en aukning um 2% á ári úr því. Taxtar eru hækkaðir einu sinni á ári í samræmi við verðlagsforsendur nema árið 1985, þá er gert ráð fyrir aukahækkun í júní.

(Upphæðir í m. kr.)

Ár	Árgjald	Km-gjald	Samtals
1985	70	340	410
1986	82	398	480
1987	84	406	490
1988	85	415	500

1.2. ANNAÐ FRAMLAG RÍKISSJÓÐS.

Til þess liðar heyrir beint framlag ríkissjóðs og lánsfjárframlag. Í fjárlögum er hætt að skipta lánsfé niður á einstakar framkvæmdir, heldur er lántakan hluti af fjáröflunarþörf ríkissjóðs. Nánari skilgreining þessa liðar liggur því ekki fyrir.

	1985	1986	1987	1988
Annað framlag ríkissjóðs	365	810	825	845

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1985—1988.

2.0. STARFSMANNAMÁL

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 423 um síðustu áramót í 415 stöðugildum. Þar af voru 153 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 146,5 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 150. Samkvæmt vegáætlun fyrir árin 1983—1984 var heimilað að fjölga stöðum samkvæmt kjarasamningum B.S.R.B. og B.H.M. um þrjár á árinu 1985 og 3 á árinu 1986. Hér er bæði um að ræða stöður tæknimanna og stöður á skrifstofu. Stafar fjölgun þessi m. a. af auknum umsvifum í samræmi við langtímaáætlun og vegna breytinga á bókhaldskerfi sem m. a. mun leiða til virkara kostnaðareftirlits.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

2.1 STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Haldið verður áfram að þróa bókhaldsvinnslu Vegagerðarinnar. Frá árinu 1984 var tekið í notkun nýtt tölvuúrvinnslukerfi fyrir bókhald og áætlanagerð, en þáverandi úrvinnslukerfi hafði verið í notkun frá árinu 1974 með góðum árangri. Verður lögð áhersla á að nýta sem best aukna möguleika hins nýja kerfis, sérstaklega hvað varðar aukin tengsl bókhalds, áætlanagerðar og kostnaðareftirlits. Á árinu 1985 verður haldið áfram að þróa útskriftir og skjámyndir úr hinu nýja bókhaldskerfi. Þá verður einnig tekið í notkun nýtt úrvinnslukerfi vegna kaupaukauppgjörs og tímaskráningar. Það kerfi skilar færslum yfir í launakerfi ríkisins.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þess liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofu. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmiss konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirlit og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem hafa engan eða lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1984 nutu alls 38 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa flestir greitt iðgjöld það lengi.

Fastir starfsmenn 31. desember 1984.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals des. 1984
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	4	2	39
Tæknilegur undirbúningur	35	5	5	6	5	5	7	5	73
Vegaeftirlit	6								6
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	13	1					1	1	16
Iðnlærðir verkstjórar	8	1		3	1	3	4	4	24
Verkstjórar	2	8	7	10	8	6	11	11	63
Iðnaðarmenn	19	1		8	1	3	6	4	42
Vélamenn	10	10	6	19	12	10	15	14	96
Verkamenn	14	7	1	4	5	6	9	6	52
Ráðskonur, matráðskonur	5	1		1	1	1	2	1	12
Fastir starfsm. í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsm. í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsm. í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsm. í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsm. í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsm. í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsm. í desember 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsm. í desember 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsm. í desember 1976	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er skipt niður í tvo meginþætti, sumarviðhald og vetrarviðhald. Í meðfylgjandi töflu er fjármagnsþörf til viðhalds vega ásamt tillögum um fjárveitingar 1985—86 og hlutfall þeirra miðað við þörf.

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun, né tekið tillit til aukinnar umferðar. Á fskj. 2.2.1.—01 er sýnd þróun fjárveitinga til viðhalds frá 1975.

Gerð var úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega 1978. Við þá úttekt voru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur Svía og Norðmanna til sinna þjóðvega. Með tilliti til þess að hér er svo langt í land með að koma þjóðvegakerfinu í viðunandi ástand er þó nokkuð slakað á kröfunum um gæði veganna.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ. e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar á árunum 1979—84 verið frá 59% til 79% af reiknaðri fjármagnsþörf sumarviðhalds.

Gerð er tillaga um að fjárveiting 1985 verði 77% af þörf og hækki í 86% af þörf 1986. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 1,5% á ári vegna aukinnar umferðar, og að lagðir séu 130 km af bundnum slitlögum á ári. Þessar tillögur verða að skoðast sem algert lágmark.

Enn er mikið af malarvegum með þunga umferð. Þannig var í lok ársins 1984 66 km með meiri sumarumferð en 750 bíla á dag og 1 448 km með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag.

Nú er unnið að endurskoðun á fjármagnsþörf til sumarviðhalds. Sú endurskoðun mun m. a. taka mið af þeirri aukningu sem orðið hefur á bundum slitlögum og þeirri reynslu sem fengist hefur af endingu þeirra. Ljóst þykir að slík endurskoðun mun leiða af sér einhverja röskun á fjárþörf milli liða. Ekki er líklegt að heildarþörf fyrir viðhaldsfé muni breytast mikið við endurskoðunina. Með hliðsjón af framanrituðu eru einungis settar fram tölur um viðhaldsþörf fyrir 1985 og 1986 í meðfylgjandi töflu. Eru þær tölur byggðar á eldra matinu.

	1985 Vísitala 1480			1986 Vísitala 1700		
	Þörf viðh. m. kr.	Tillaga m. kr.	%	Þörf viðh. m. kr.	Tillaga m. kr.	%
1. Sumarviðhald						
1.1. Viðhald malarvega	235	169	72	266	226	85
1.2. Viðhald bund. slitl.	119	96	81	154	127	82
1.3. Viðhald brúa	32	29	91	37	30	81
1.4. Viðhald varnargarða	4	3	75	5	4	80
1.5. Heflun vega	111	88	79	136	118	87
1.6. Rykbinding	44	32	73	50	43	86
1.7. Vinnsla efnis	104	82	79	118	109	92
1.8. Vatnask. og ófyrirséð	23	19	83	26	24	92
1.9. Vegmerkingar	6	4	67	6	5	83
	678	522	77	798	686	86
2. Vetrarviðhald		139			218	
Samtals		661			904	

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð, en efnisgæði, úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag eins og hér er tilgreint, lengd malarvega í árslok 1984:

Sumardagsumferð bílar/dag		Ár á milli endurnýjunar slitlags	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endurnýjun slitlags km
Minni en	50	9.0	2424	269
50—	100	7.5	1821	243
100—	200	6.4	1652	258
200—	300	5.2	720	138
300—	500	3.7	506	137
500—	750	2.5	156	62
750—	1000	1.6	21	13
Meira en	1000	1.3	45	34
	Samtals		7345	1154

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en alltof oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Árið 1983 skiptist kostnaður við viðhald malarvega sem hér segir, á áætluðu verðlagi 1985:

	m.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	18,2	10,8
Umferðarmerki, stikur og leiðarar	6,1	3,6
Mölburður	49,1	29,1
Ræsi, skurðir, rásir	22,7	13,5
Viðgerðir og styrk. á malarvegum	45,1	26,7
Vatnaskemmdir	22,7	13.5
Ýmis kostnaður	4,7	2,8
Samtals	168,6	100,0

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Árið 1983 var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 77 m.kr. sem skiptist á eftirtalda kostnaðarliði, á áætluðu verðlagi 1985:

	m.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	5,0	6,5
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	8,3	10,8
Vegmálun	2,8	3,6
Umferðarljós, lýsing	5,4	7,0
Yfirlagnir	43,4	56,4
Axlir, gangbrautir	3,8	4,9
Viðgerðir	8,3	10,8
Samtals	77,0	100,0

Fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við lengd bundins slitlags í árslok 1984 og áætlaða aukningu til loka áætlunartímabilsins.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 3-4 m.kr. verði varið á ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

2.2.1.5. Vegheflun.

Árið 1983 varð kostnaður við heflun malarvega 79,4 m.kr., á áætluðu verðlagi 1985.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að líði langur tími á milli heflana myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina, valda því að næsta heflun verður mun dýrari.

Fjármagnsþörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveimur síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnsþörf. Af þessum ástæðum er lagt til, að fjárveiting til heflunar fyrir áætlunartímabilið verði 79% af þörf fyrir árið 1985 og aukist í 87% 1986.

2.2.1.6. Rykbinding.

Árið 1983 var varið til rykbindingar 14,0 m.kr. á áætluðu verðlagi 1985 og voru rykbundnir um 800 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnsþörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 200 bíla á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árið 1983 var unnið eftirfarandi magn slitlagsefnis:
Malað efni ..... 283 000 m^3.
Harpað efni ..... 3 000 m^3.
Árlega þarf að vinna um 475 000 m^3 af slitlagsefni og er þá miðað við að malað efni sé á öllum þjóðvegum. Unnið hefur verið um 60% af því efni sem talið er nauðsynlegt.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnsþörf talin um 23 m.kr. árið 1985.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til vegmerkinga verði 4 m.kr. á árinu 1985, en verði 5 m.kr. 1986. Unnið verður að áframhaldandi endurbótum á vegmerkingum, auk þess sem gert er ráð fyrir auknum kostnaði við viðhald merkjanna.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Á meðfylgjandi töflu er sýndur kostnaður við vetrarþjónustu s. l. 10 ár. Kostnaður er mjög sveiflukenndur, en fer þó greinilega vaxandi eins og sjá má í síðasta dálki töflunnar. Það hefur sýnt sig að batnandi vegir og breyttar umferðar- og flutningsvenjur kalla á aukna þjónustu og hefur vetrarviðhald því ekki farið minnkandi að undanförnu.

S. l. vetur reyndist óvenju erfiður í mokstri og varð halli 50 m. kr. á þessum lið 1984.

Ár	Á verðl. 1984 m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1975	146,4	110,7
1976	102,2	77,2
1977	96,3	72,8
1978	119,3	90,2
1979	133,8	101,1
1980	91,4	69,1
1981	159,0	120,2
1982	122,5	92,6
1983	186,8	141,2
1984	165,3	124,9

S. l. 10 ár hefur meðalkostnaður við vetrarþjónustu, skipt niður á tvö fimm ára tímabil, verið þannig (kostnaður á verðlagi 1985):

	Jan. Mars	Apríl Júní	Júlí Sept.	Okt. Des.	Samt.
1975–1979	76	31	9	30	146
1980–1984	88	35	7	51	181
Aukning %	16	13	−23	70	24

Fjárveiting til vetrarþjónustu 1985 er 139 m. kr. en eins og meðfylgjandi tafla sýnir reynist nauðsynlegt að hækka fjárveitingu verulega og er því fjárveiting 1986 218 m. kr.

TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Árið 1980 varð veruleg aukning á fjárveitingum til nýrra vega og brúa. Hefur framkvæmdamáttur fjárveitinga haldist í aðalatriðum óbreyttur síðan. Vegna verðlagsþróunar varð þó nokkur minnkun á árinu 1983. Framkvæmdamáttur fer síðan vaxandi árin 1984—86.

Skipting fjár á milli einstakra liða innan þessa verkefnaflokks er í megindráttum í samræmi við tillögu að langtímaáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í vor. Nokkur breyting er þó gerð varðandi fjármögnun brúa á stofnbrautum. Í langtímaáætlun var kostnaður við þessar brýr talinn með kostnaði viðkomandi vegarkafla. Til að hjálpa til við fjármögnun þessara brúa var hluti af brúafé tekinn inn í fjárveitingar til stofnbrauta.

Í langtímaáætlun var þessi tilhögun hagkvæm og gaf gott yfirlit yfir verkefnið í heild. Á hinn bóginn er visst hagræði að því í vegáætlun að halda fjárveitingum til brúa aðskildum frá fjárveitingum til stofnbrauta. Hefur því verið fært til fjármagn af stofnbrautum yfir á brýr, að því marki, að allar brýr 10 m og stærri, sem byggja skal á stofnbrautum séu byggðar fyrir fjárveitingar til brúa. Þetta á þó ekki við um brýr sem teljast til sérstakra verkefna á stofnbrautum. Þær greiðast af fjárveitingum til þess verkefnaflokks. Þá eru smábrýr á stofnbrautum ennþá inni í fjárveitingum til almennra verkefna á stofnbrautum. Getur komið til álita að færa þær einnig yfir á brúaliðinn, og mætti gera það við meðferð málsins á Alþingi.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Við skiptingu fjár á einstaka liði er haldið þeim hlutföllum, sem fram koma í langtímaáætlun. Eru það svipuð hlutföll og gilt hafa undanfarin ár.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Hér er haldið þeirri skiptingu á verkefnaflokka, sem notuð hefur verið hin síðustu ár og gefið góða raun, þ. e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Eru hlutföll milli flokka svipuð og í gildandi vegáætlun. Á árinu 1983 bætist við nýr verkefnaflokkur, en það eru hinir svonefndu Ó-vegir (Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúli). Hefur þótt rétt að halda þeim aðskildum frá öðrum verkefnum innan stofnbrauta, vegna sérstöðu þessara vega og stærðar verkefnanna.

Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

	1985 m.kr.	1986 m.kr.	1987 m.kr.	1988 m.kr.
a) Almenn verkefni	203	310	320	320
b) Bundin slitlög	145	220	220	230
c) Sérstök verkefni	157	260	270	264
d) Ó-vegir	42	80	80	80

a) Almenn verkefni.
Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Fjárveitingar undir þessum lið geta þó einnig gengið til bundins slitlags í tengslum við nýbyggingu vega svo og til smærri brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum.

b) Bundin slitlög.
Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa, svo og á kafla sem byggðir eru upp fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum.

c) Sérstök verkefni.
Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði viðkomandi verka, þar með talið brúargerð og bundið slitlag.

d) Ó-vegir.
Fjárveiting er í samræmi við tillögu að langtímaáætlun. Framkvæmdum við Ólafsvíkurenni lýkur á þessu ári. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdum í Óshlíð verði langt komið á tímabilinu og byrjunarframkvæmdir við Ólafsfjarðarmúla hefjist 1988.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveiting til þjóðbrauta 1985 er 105 m.kr., en hækkar í 176 m.kr. síðasta ár tímabilsins, og verður þannig veruleg aukning á framkvæmdamætti.

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum.

Lagt er til að sérstök fjárveiting sem samþykkt var á gildandi vegáætlun til að flýta lögn bundins slitlags á þá þjóðvegi í kauptúnum og kaupstöðum, sem enn hafa malarslitlag haldi áfram út þetta áætlunartímabil. Er við það miðað að verkefni þessu verði þá að mestu lokið. Fjárveiting þessi er 16 m. kr. 1985, en fer síðan hækkandi og er 27 m. kr. 1988.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1984 séu ógreiddar girðingakröfur um 90 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 3600 ha. meðfram vegum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa verkefnis verði 10 m.kr. 1985, en verði 15 m.kr. 1988.

2.4. TIL BRÚAGERÐA

Lagt er til, að fjárveiting til brúa verði 57 m.kr. 1985, en 83 m.kr. 1986, 83 m.kr. 1987 og 84 m.kr. 1988. Eins og áður er að vikið, eru fjárveitingar til allra brúa taldar hér, aðrar en fjárveitingar til brúa á sérstökum verkefnum og til smábrúa á stofnbrautum.

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 800 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 3,4 m.kr. á árinu 1985, en 5 m.kr. á árunum 1986–87. og 6 m.kr. árið 1988.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 3,4 m.kr. á árinu 1985, en 5 m.kr. á árunum 1986–88.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 3,2 m.kr. á árinu 1985 og 4 m.kr. á árunum 1986–88.

2.5.4. Bláfjallavegur.

Lagt er til, að fjárveiting af fjallvegafé verði 8,6 m.kr. á árinu 1985, 11 m.kr. á árinu 1986 og verði framkvæmdum þá lokið.

2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 0,4 m.kr. á árinu 1985, en hækki í 1 m.kr. á árunum 1986–88.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember næsta ár á undan. Tímakaup þetta er áætlað kr. 91,40 þann 1. desember n. k. en var kr. 74,90 þann 1. desember 1984.

Samkvæmt vegalögum skal ríkisframlag eigi vera lægra en tveimur og hálfum sinnum innheimt heimaframlög, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. gr. sömu laga, næsta ár á undan. Ríkisframlag á móti aukaframlögum heimamanna er þó heimilt að greiða á viðkomandi ári, en áætlað er, að einungis helmingur þess verði greiddur á sama ári.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1985—1986 áætlaðar eins og hér segir. (Upphæðir í m. kr.).

Ár		1985		1986
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga		18,8		23,0
Samkv. 23. gr. vegalaga		0,3		0,4
Aukaframlög heimamanna		3,8		4,7
Auka-ríkisframlag	8,6		17,2	
Ríkisframlag samkv. 21. gr. og 26. gr. vegalaga	36,7	45,3	47,8	65,0
Samtals		68,2		93,1

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Vegalögum var breytt á Alþingi 14. mars 1983, þannig að framlag til þjóðvega í þéttbýli er ekki lengur bundið við ákveðinn hundraðshluta af mörkuðum tekjum Vegasjóðs (12 ½%). Nú ákveðst framlagið af Alþingi hverju sinni án skilyrða í lögum.

Lagt er til að fjárveitingin verði 96,0 m. kr. árið 1985, en hækki í 137,0 m. kr. árið 1986 og verði sama upphæð næstu tvö ár tímabilsins. Er þar með stefnt að því, að fjárveitingin nái sama verðgildi og hún hafði á árunum 1971–1982 eins og ætlunin var, þegar vegalögum var breytt 1983, en framkvæmdamáttur fjárins hefur minnkað nokkuð árin 1984 og 1985 vegna lækkunar ríkisútgjalda.

Samkvæmt vegalögum er ¾ hlutum framlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis skv. 34. gr. vegalaga. (Upphæðir í m. kr.).

Ár	1985	1986	1987	1988
Heildarframlag	96,0	137,0	137,0	137,0
¼ hluti	24,0	34,3	34,3	34,3
Til skipta skv. íbúatölu	72,0	102,7	102,7	102,7

Íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1983 var 212.059. Fjárveiting 1984 var 88,5 m. kr. og upphæð á hvern íbúa varð því kr. 313,12.

2.8 TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar 1985—88 er gert ráð fyrir að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa verði 3,2 m. kr. árið 1985. Fjárveiting 1986 er hins vegar 6,0 m. kr.

Gert er ráð fyrir, að því fé, ásamt afskriftarfé véla, verði eins og að undanförnu, fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum og vélum til brúagerða o. s. frv.

2.8.2. Til bygginga áhaldahúsa.

Á árinu 1985 er fjárveiting 4,8 m. kr., og 10,0 m. kr. árin 1986—88.

Fjárveitingum þessum, ásamt hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu, verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum, eða verið er að vinna að.

Helstu verkefni sem unnið er að, og fyrirhuguð eru á áætlunartímabilinu, eru bygging áhaldahúsa í Búðardal, Patreksfirði, Hólmavík, Vopnafirði, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði.

Auk þess verður þessum fjárveitingum varið til þess að sinna öðrum minni, en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á öðrum bækistöðvum Vegagerðarinnar víðs vegar um landið.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting þessi er ½% af mörkuðum tekjum Vegasjóðs samkvæmt lögum. Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

III. UM FLOKKUN VEGA.

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1985.

3.2.1. Stofnbrautir.

Engar tillögur eru um breytingar á stofnbrautum.

Í fylgiskjali 2.3.1.-01. eru vegalengdir stofnbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir samkvæmt vegáætlun 1983–1986.

26 Landvegur lengist, náði áður að Þjórsárdalsvegi skammt austan brúar á Þjórsá hjá Sandafelli.
206 Holtsvegur falli niður.
218 Dyrhólavegur falli niður.
257 Ártúnsvegur falli niður.
262 Vallarvegur lengist, náði áður að Velli.
266 Oddavegur lengist, náði áður að Vindási.
282 Ásmundarstaðavegur styttist, náði áður að Ásvegi.
288 Kálfaholtsvegur. Hér er um að ræða nafnbreytingu og lengingu á Hamravegi.
32 Þjórsárdalsvegur styttist, endar nú við Landveg skammt austan Þjórsárbrúar hjá Sandafelli.

304 Oddgeirshólavegur lengist og yfirtekur Langholtsveg í Flóa, náði áður að Oddgeirshólum.
318 Langholtsvegur í Flóa falli niður sem nafn og númer, er nú innifalinn í Oddgeirshólavegi.
329 Mástunguvegur lengist, náði áður að Skáldabúðum.
375 Arnarbælisvegur styttist, náði áður að Egilsstöðum.
509 Hagavegur falli niður.
527 Varmalandsvegur styttist, náði áður á Norðurárdalsveg.
568 Skógarnesvegur styttist, náði áður á Ólafsvíkurveg hjá Stóru-Þúfu.
591 Neðribyggðavegur falli niður.
592 Skorravíkurvegur falli niður.
722 Vatnsdalsvegur lengist, þ. e. hann yfirtekur Grímstunguveg, en álman yfir Vatnsdalsá hjá Undirfelli falli niður.
723 Grímstunguvegur falli niður sem nafn og númer, er nú innifalinn í Vatnsdalsvegi.
754 Héraðsdalsvegur styttist, náði áður á Kjálkaveg.
757 Tunguhálsvegur falli niður.
761 Fjallvegur falli niður.
762 Sæmundarhlíðarvegur styttist, náði áður að Fjalli.
766 Brimnesvegur falli niður.
783 Höfðastrandarvegur. Hér er um að ræða nafnbreytingu og lengingu á Unadalsvegi syðri.
788 Haganesvíkurvegur falli niður.
802 Ólafsfjarðarvegur eystri falli niður sem nafn og númer, er nú innifalinn í 82 Ólafsfjarðarvegi, sem er stofnbraut.
803 Kleifavegur lengist, byrjaði áður vestan Ólafsfjarðarár.
824 Finnastaðavegur styttist, náði áður að Saurbæ.
825 Dalsvegur styttist, náði áður að Syðra-Dalsgerði.
826 Hólavegur lengist, tekur yfir kaflann frá Eyjafjarðarbraut vestri að Gnúpufelli, sem áður var hluti af Sölvadalsvegi.
827 Sölvadalsvegur styttist, byrjaði áður við Eyjafjarðarbraut vestri.
830 Svalbarðseyrarvegur styttist, byrjaði áður við Vaðlaheiðarveg.
849 Baldurheimsvegur lengist, náði áður að Litlu-Strönd.
866 Austursandsvegur styttist, náði áður að Akurseli.
868 Laxárdalsvegur styttist, náði áður að Laxárdal.
870 Kópaskersvegur lengist, náði áður að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Kópaskeri falli niður.
915 Vesturárdalsvegur lengist, byrjaði áður innan Skógalóns.
922 Grófarselsvegur falli niður.
923 Jökuldalsvegur lengist, náði áður að Brú.
929 Fellavegur styttist, náði áður að Austurlandsvegi við Rangá.
942 Steinsvaðsvegur falli niður.
943 Hjaltastaðarvegur styttist, náði áður á Borgarfjarðarveg við Gagnstöð.
971 Lónsheiðarvegur falli niður.

Þá er lagt til að eftirtaldir vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:
267 Selalækjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Varmadal að Selalæk.
914 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.

Í fylgiskjali 2.3.2.-01. eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj.2.2.1.-01.

SUMARVIÐHALD ÞJÓÐVEGA.
Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1985.

Ár	Viðhalds-kostnaður m. kr.	Lengd þjóðvega km	Viðhalds-kostn. á km. þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á þjóðvegum m.km	Kostn. á hvern ekinn km kr.
1975	271,2	8386	32,5	71 364	420	0,65
1976	294,3	8336	35,3	71 459	420	0,70
1977	255,0	8336	30,6	73 410	449	0,57
1978	318,1	8409	37,8	78 481	450	0,71
1979	326,1	8338	39,1	84 141	449	0,73
1980	334,3	8328	40,1	90 015	472	0,71
1981	326,6	8316	39,3	95 606	485	0,67
1982	360,7	8306	43,4	100 936	500	0,72
1983	324,5	8306	39,1	106 459	485	0,67
1984	406,1	8269	49,1	108 254		

Fskj.2.3.0.-01.

ÞJÓÐVEGIR 1. JANÚAR 1985.

	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	467,6	1114,8	14,3	1596.7
Reykjaneskjördæmi	192,9	174,7	66,3*	433,9
Vesturlandskjördæmi	511,6	904,9	13,6	1430,1
Vestfjarðakjördæmi	806,0	513,3	15,0	1334,3
Norðurlandskjördæmi vestra	363,9	729,4	13,2	1106,5
Norðurlandskjördæmi eystra	578,9	625,3	14,7	1218,9
Austurlandskjördæmi	850,2	587,2	26,0	1463,4
Samtals	3771,1	4649,6	163,1	8583,8

* Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Fskj.2.3.0.-02.

Bundið slitlag 1. janúar 1985.

	Steypa km	Malbik km	Olíumöl km	Klæðning km	Samtals km
Suðurlandskjördæmi		6,2	109,2	139,5	254,9
Reykjaneskjördæmi	46,7	46,6	63,3	22,1	178,7
Vesturlandskjördæmi		2,9	16,0	73,0	91,9
Vestfjarðakjördæmi		9,1		43,7	52,8
Norðurlandskjördæmi vestra	0,8	0,2		117,8	118,8
Norðurlandskjördæmi eystra		11,4		96,1	107,5
Austurlandskjördæmi	0,6		11,8	104,2	116,6
Samtals	48,1	76,4	200,3	596,4	921,2

Fskj. 2.3.1.-01.

Stofnbrautir 1. janúar 1985.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	11,9	455,7	467,6
Reykjaneskjördæmi	9,9	183,0	192,9
Vesturlandskjördæmi		511,6	511,6
Vestfjarðakjördæmi		806,0	806,0
Norðurlandskjördæmi vestra		363,9	363,9
Norðurlandskjördæmi eystra		578,9	578,9
Austurlandskjördæmi		850,2	850,2
Samtals	21,8	3749,3	3771,1

Fskj. 2.3.2.-01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1985.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	5,6	1109,2	1114,8
Reykjaneskjördæmi		174,7	174,7
Vesturlandskjördæmi	37,3	867,6	904,9
Vestfjarðakjördæmi	9,0	504,3	513,3
Norðurlandskjördæmi vestra	25,1	704,3	729,4
Norðurlandskjördæmi eystra	4,4	620,9	625,3
Austurlandskjördæmi	11,5	575,7	587,2
Samtals	92,9	4556,7	4649,6

Fskj. 2.4.-01.

Aldur brúa 10 m og lengri.

Byggingarár	FJÖLDI BRÚA Á stofn-brautum	Á þjóð-brautum	Á sýslu-vegum	Alls	Reiknað álag
Fyrir 1910		1	1	2	Mannþröng 400 kg/m^2
1910 - 1919	4	3		7	Mannþröng 400 kg/m^2
1920 - 1929	10	9	3	22	Mannþröng 400 kg/m^2 eða vagn 6 tonn
1930 - 1939	24	39	3	66	Mannþröng 400 kg/m^2 eða vagn 6 tonn
1940 - 1949	38	42	5	85	Mannþröng 400 kg/m^2 eða vagn 6 - 10 tonn
1950 - 1959	96	97	29	222	Vagn 20 - 34 tonn
1960 - 1969	73	66	36	175	Vagn 20 - 34 tonn
1970 - 1979	97	26	24	147	Vagn 20 - 63 tonn
1980 - 1984	28	12	7	47	Vagn 63 tonn
Samtals	370	295	108	773	

Fskj. 2.6. - 01.

Sýsluvegir 1. janúar 1984.

	Samkv. a - c lið 19. gr.				Samkv. d - e lið 19.gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V.-Skaftafellssýsla		16,8	121,3	138,1	4,5	142,6	
Rangárvallasýsla		9,2	228,9	238,1	64,3	302,4	
Árnessýsla		1,6	309,3	310,9	6,7	317,6	
							762,6
Gullbringusýsla			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla		1,0	84,5	85,5		85,5	
							91,3
Borgarfjarðarsýsla		1,7	84,1	85,8	6,5	92,3	
Mýrarsýsla	1,0	10,3	114,8	126,1	29,1	155,2	
Dalasýsla	6,9	18,0	54,6	79,5	13,0	92,5	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							492,7
A.-Barðastrandarsýsla		5,4	24,8	30,2	63,8	94,0	
V.-Barðastrandarsýsla	0,3	3,6	47,2	51,1	43,6	94,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,5	24,5	41,0	69,7	110,7	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,5	32,6	36,1	51,1	87,2	
Strandasýsla		5,8	45,1	50,9	88,4	139,3	
							525,9
V.-Húnavatnssýsla	0,7	7,3	96,3	104,3	55,9	160,2	
A.-Húnavatnssýsla		10,9	104,9	115,8	38,6	154,4	
Skagafjarðarsýsla	15,9	34,5	156,0	206,4	5,4	211,8	
							526,4
Eyjafjarðarsýsla	0,5	5,9	101,1	107,5	15,7	123,2	
S.-Þingeyjarsýsla	3,0	26,1	172,6	201,7	2,0	203,7	
N.-Þingeyjarsýsla	0,9	17,8	106,6	125,3		125,3	
							452,2
N.-Múlasýsla		34,4	160,8	195,2	35,3	230,5	
S.-Múlasýsla		12,1	112,2	124,3	42,5	166,8	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	2,1	65,0	67,9	27,0	94,9	
							492,2
Samtals	31,7	257,2	2 363,9	2 652,8	690,5		3 343,3

Fskj. 2.7. - 0 1.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1985.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	11,7	2,5	14,2	0,1
Reykjanes	27,3	1,0	28,3	1,9
Reykjavík	25,1		25,1	11,0
Vesturland	11,9	1,7	13,6	
Vestfirðir	11,8	3,2	15,0	
Norðurland vestra	9,4	2,8	12,2	1,0
Norðurland eystra	12,3	2,4	14,7	
Austfirðir	23,3	2,4	25,7	0,3
Samtals	132,8	16,0	148,8	14,3

Sþ. 584. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]

um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Flm.: Helgi Seljan, Jón Kristjánsson, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og því hvort aðrar leiðir séu ekki heppilegri og æskilegri fyrir byggðarlög og þjóðarheild. Sérstaklega verði athuguð áhrif útboða á byggðaþróun í landinu og samhliða heildarhagkvæmni þeirra verði litið til röskunar á rekstri ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni.

Settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra á þann veg að smærri verktakar á einstökum svæðum og aðilar heima í héraði hafi sem besta möguleika á því að taka að sér verkefni í nágrenni sínu. Jafnframt verði undirbúnar reglur sem koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti einokað verktakastarfsemina.

Greinargerð.

Útboð á vegum hins opinbera hafa mjög farið í vöxt á undanförnum árum. Þessi útboð eiga sér vissa stoð í lögunum um skipan opinberra framkvæmda og síðan samþykkti Alþingi þingsályktun um útboð verklegra framkvæmda á vegum hins opinbera þar sem þeim yrði við komið. Hin almenna stefna hefur því verið að út skuli boðið og reglan sú að tekið sé lægsta tilboði.

Þannig hafa verkefni flust frá aðilum í heimabyggð með tilviljanakenndum hætti en sem bein afleiðing af útboðsstefnunni almennt að sjálfsögðu. Forsendur þess, að útboð eigi rétt á sér, eiga að vera heildarhagkvæmni og þau mega aldrei leiða til þess að þjónusta ýmissa aðila á landsbyggðinni leggist af eða framkvæmdafjármagnið flytjist úr heimabyggðum með þeim hætti sem nú gerist. Ýmislegt þarf því að athuga áður en fylgt er í blindni útboðsstefnu í öllum greinum. Ólíkar munu oft þær tölur, sem kynntar eru í upphafi, þeim tölum sem endanlega eru greiddar. Valda þessu verðbætur, ófyrirsjáanleg atvik, villur í verklýsingu, efnistökuskilyrði, eftirlit og umsjón með verkum að ógleymdu smáa letrinu svokallaða, ásamt ýmsum atriðum, sem verktakinn getur sótt um vegna fyrirvara í verksamningi, bæði framantalin atriði og önnur. Það er hins vegar öllu hljóðara um þessar tölur og þær ekki eins í hámælum hafðar og hagkvæmnistölurnar sem básúnaðar eru í upphafi. Það skal tekið fram að vissulega gildir þetta engan veginn um öll verk en þetta jafngildir því að alhæfingin um alhliða ágæti útboðanna stenst ekki.

Útboðin hafa á sér margar hliðar og væri freistandi að nefna nokkur atriði en aðeins skal staðnæmst við áhyggjuefni Verktakasambandsins sem forráðamenn sambandsins hafa rætt á þessum vetri og eru það undirboðin og afleiðingar þeirra fyrir hina smærri verktaka sem hafa séð eina færa leið til að brjótast inn á markaðinn, þ. e. að bjóða svo lágt að útboðið hefur falið í sér endalokin um leið og oft hefur ekki tekist að ljúka við verk sem þannig hefur verið ástatt um. Undirboð í smærri verk af hálfu voldugustu verktakanna hafa hins vegar ekki sakað þá mjög. Þetta hafa verið nokkurs konar aukaverkefni sem unnt hefur verið að vinna til hliðar við eða í hléum frá stórverkefnum.

Samkeppnin í útboðsheiminum er grimm og miskunnarlaus og lögmálið um hinn sterka og betur setta gildir þar ríkulega. Margir hinna smærri aðila, sem hafa viljað hasla sér völl á þessu sviði, hafa horfið af vettvangi illa sárir eða óvígir með öllu.

En veigamesta ástæðan fyrir þingsályktunartillögu af þessu tagi snertir þó landsbyggðina, þjónustuaðilana þar og möguleika þeirra í þessari samkeppni eða útilokun þeirra frá þessum markaði.

Nú er það staðreynd að hvert meðalstórt byggðarlag þarf á þjónustuaðilum að halda, s. s. vinnuvélaeigendum og vörubifreiðastjórum. Sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar þurfa á ýmiss konar þjónustu þeirra að halda en stopul kann sú aðstoð — sú nauðsynlega þjónusta — að verða ef þessir aðilar ætla að byggja á því einu sína lífsafkomu og hafa um leið eðlilegan arð af tækjum sínum. Ýmis verk á vegum hins opinbera, vegagerð, hafnargerð og flugvallargerð, alveg sér í lagi vegagerðin, hafa hins vegar gert þessum aðilum það kleift að sinna sínu ómetanlega þjónustuhlutverki fyrir byggðirnar. Í þessum verkum hins opinbera hafa þessir aðilar fengið þá viðspyrnu og þá viðbót sem hefur dugað þeim til þjónustuhlutverksins heima fyrir. Ef þeir missa að miklu leyti möguleika til þátttöku í verkum þessum — að ekki sé nú minnst á ef þeir missa alla möguleika — þá er hætt við að velflestir gefist upp, selji tæki sín og flytji brott — til kjötkatlanna syðra þá — þar sem stóru verktakarnir blómstra á kostnað landsbyggðarinnar og þjónustuaðila þar.

Þessi uggvænlega þróun blasir við og við henni ber að snúast réttilega með einhverju því fyrirkomulagi og þeim reglum sem tryggi hlut heimaaðila og aðild þeirra að verkum þeim sem hið opinbera hefur með höndum. Þessi mál þarf öll að grandskoða og flm. óttast ekki óhagkvæmni af annarri skipan þessara mála en nú gildir ef litið er til allra átta og þátta þessa máls. Hér er um veigamikið byggðamál að ræða, stórkostlegt atriði fyrir byggðarlögin og íbúana þar og þetta er spurning um eðlilega hlutdeild íbúa landsbyggðarinnar í atvinnulífinu í heimabyggðum. Allra leiða þarf því að leita til að koma hér á eðlilegri skipan mála þar sem hagkvæmni í víðustu merkingu situr í fyrirrúmi, fyrir hið opinbera, fyrir byggðirnar, fyrir íbúana sem þurfa á þjónustu þessara aðila að halda.

Flm. gera sér ljósa grein fyrir erfiðleikum í allri framkvæmd og setningu reglna um þá framkvæmd. Svæðaskiptingin er ein þeirra leiða sem athuga ber þó að ekki séu allir sáttir við þá hugmynd. Aðstoð við smærri verktaka og heimaaðila í upphafi kemur til greina. En síðast en ekki síst þarf að huga að því hvaða verk skuli boðin út og hver hagkvæmnin raunverulega verður þegar upp er staðið — hin þjóðhagslega hagkvæmni fyrir heildina.

Flm. láta fylgja hér með ályktun og greinargerð frá Vörubifreiðastjórafélaginu Snæfelli á Austurlandi sem sýnir ljóslega vandamálið eins og það blasir við af sjónarhól þeirra sem málið snertir mest. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi hefur fjallað um málið og áhyggjur margra þar af þróun mála eru ótvíræðar og af því tilefni mun verða boðað til fundar allra þessara aðila með þingmönnum kjördæmisins.

Svipaða sögu má eflaust rekja frá öðrum landshlutum þó að hér sé að þessu erindi vikið sérstaklega. Hins vegar er ljóst af tillögu og greinargerð Snæfells að aðilar þar ganga í öllu lengra en við flm. en hafa þó mjög mikið til síns máls í öllum veigamestu atriðunum. Greinargerð þeirra sýnir hins vegar glögglega alvöru þessa máls sem lögð er áhersla á með flutningi þessarar tillögu.

Fylgiskjal.

ÁLYKTUN FRÁ VÖRUBIFREIÐASTJÓRAFÉLAGINU SNÆFELLI.

Stjórn Vörubifreiðastjórafélagsins Snæfells á Fljótsdalshéraði, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri mótmælir harðlega heimildarlögum um útboð opinberra framkvæmda í vega-, hafna- og flugvallagerð á landsbyggðinni sem beitt hefur verið í vaxandi mæli s. l. tvö ár.

Stjórnin skorar á alþingismenn Austurlandskjördæmis að beita sér á yfirstandandi Alþingi og í ríkisstjórn fyrir niðurfellingu útboða hins opinbera í framangreindum framkvæmdum og afnámi útboðslaga hvað þær varðar.

Stjórn V.B.F. Snæfells telur að farsælast sé fyrir byggðarlögin og þjóðarheildina að framangreind opinber verkefni séu unnin af tiltækum mannafla og tækjakosti heimabyggðarlaga sem njóti óskoraðs forgangsréttar til vinnu við þau undir stjórn hæfra verkstjóra á vegum hins opinbera eins og tíðkast hefur frá upphafi samgöngubóta á Íslandi. Stjórnin telur hins vegar eðlilegt að leitast sé við að semja um og vinna á afkastahvetjandi töxtum þar sem því verður við komið og allir taki þátt í á hverjum vinnustað, svo sem verkstjórar, vörubifreiðastjórar, vinnuvélastjórar og aðrir starfsaðilar.

Greinargerð.

Stjórn V.B.F. Snæfells telur að sú reynsla, sem fengist hefur af útboðum, sýni:

1. Að útboð opinberra framkvæmda, svo sem vega-, flugvalla- og hafnagerðar, sé alvarlegt tilræði við íbúa landsbyggðarinnar hvað varðar stórkostlega fækkun atvinnutækifæra, fjárhagslega afkomu fólksins og sveitarfélaga, þ. e. sjálfum lífsgrundvellinum er kippt undan þúsundum manna og störf, sem þeir hafa unnið við að öllu eða nokkru leyti, fengin í hendur öðrum aðilum, oft og tíðum utanhéraðs og úr fjarlægum landshlutum.

2. Að af útboðum leiði óbætanlega byggðaröskun fyrir landsbyggðina og þjóðfélagið allt þar sem atvinnulífið og atvinnulaust fólk af landsbyggðinni mun streyma til Reykjavíkursvæðisins í meiri mæli en áður hefur þekkst. Þetta fólk verður að hverfa frá eignum sínum í heimabyggðum nánast verðlausum og byrja að berjast fyrir lífinu á nýjum stöðum með tvær hendur tómar og e. t. v. atvinnulaust. Fasteignir fólksins, sem eftir verður, verða einnig verðlausar. Eftir standa hnípnar byggðir, rúnar fólki, fjármunum, tækjakosti, félags- og menningarlífið bíður hnekki og fátæktin heldur þar innreið sína. Höfuðborgarsvæðinu mun hins vegar síður en svo greiði gerður með frekari flóttamannastraumi þangað en orðið er.

3. Að útboðum í vegagerð megi jafna til brottrekstrar þúsunda manna úr vinnu sem þeir hafa byggt lífsafkomu sína og fjölskyldna sinna á beint eða óbeint. Stjórnin bendir á að um 500 vörubifreiðastjórar innan L.V. á landsbyggðinni hafa haft alla sína vinnu, eða að stærstum hluta til, hjá Vegagerð ríkisins. Ætla má að álíka fjöldi manna á þungavinnavélum hafi einnig meginhluta vinnu sinnar hjá Vegagerð ríkisins eða alls um 1000 atvinnutækifæri fyrir menn og vélar. Þá má ætla a. m. k. eitt til eitt og hálft starf í ýmiss konar þjónustu og viðgerðum. Það mun því vægt áætlað að um 2000—2500 atvinnutækifæri tapist af landsbyggðinni með útboðum Vegagerðarinnar einnar. Þessi atvinnutækifæri margfaldast síðan með vísitölufjölskyldustærð sem mun vera 4.5 manns. Því eru það a. m. k. 9—11 þúsund manns á landsbyggðinni sem útboð á verkefnum Vegagerðar ríkisins kippa lífsgrundvellinum undan beint eða óbeint. Það skal tekið fram að sé útboðum ekki beitt nema að hluta á hverjum stað leiðir það til nánast sömu niðurstöðu því að fjárveitingar til vegaframkæmda hafa verið það naumt skammtaðar á undanförnum árum að ekkert hefur mátt utan af þeim klípa til að byggðarlögin gætu haldið úti tækjakosti sínum sem þeim er líka lífsnauðsynlegur til að annast önnur verkefni heima fyrir. Tækjakostur á landsbyggðinni hefur verið keyptur til að þjóna Vegagerð ríkisins fyrst og fremst og er því sniðinn eftir hennar kröfum.

4. Að íslenskt þjóðfélag þolir engan veginn þá spákaupmennsku og/eða markaðshyggju sem í útboðum felist er leiðir til gjaldþrots fjölda einstaklinga og fyrirtækja sem tapa eignum sínum á óraunhæfum undirboðum í verk eða á verkefnaleysi fyrir ónýttan tækjakost og mannafla. Afleiðing þessa verður að **einn eða örfáir** verktakar verða einráðir á markaðnum. Þeir munu fljótlega bindast beinum eða óbeinum samtökum, skipta landinu á milli sín og bjóða í verkefni það sem þeim sýnist þar sem samkeppnisaðilarnir eru horfnir og raka svo til sín ómældum gróða af almannafé. Slíkt slys má ekki verða.

5. Að kostnaðaráætlanir verka eru í raun ekki annað en spár sem langt er frá að alltaf rætist.

6. Að ósannað er að framkvæmdakostnaður lækki við beitingu útboða. Opinberar stofnanir láta fjölmiðlum stöku sinnum í té upplýsingar um hlutfall tilboðsupphæðar af kostnaðaráætlun verks en birta hins vegar aldrei hver hafi orðið endanlegur kostnaður við framkvæmdina né hlutfall af kostnaðaráætlun þegar verki er lokið og **allur** kostnaður er tekinn með í reikninginn. Krefjast verður þess að í lok hvers verks sé birt í fjölmiðlum annars vegar upphafleg kostnaðaráætlun og hins vegar endanlegur kostnaður þar sem sundurliðaður er kostnaður við undirbúning, hönnun, útboð, greiðslur til verktaka vegna tilboðs, svo og reikningsvinnu v/galla á útboði og/eða ófyrirséð eftirlit og úttekt verksins, svo og lögfræði- og dómsmálakostnaður. Enn fremur hver hafi orðið hagnaður eða tap verktakans í hverju tilfelli.

7. Að útboðum opinberra framkvæmda megi líkja við fjárhættuspil þar sem fjármunir almennings eru lagðir undir. Verði tap á verki hjá verktaka verður hann gjarnan gjaldþrota, tapar eignum sínum, lánardrottnar tapa skuldakröfum og útboðsaðili getur tapað líka. Verði hins vegar hagnaður af verki hjá verktaka rennur hann óskiptur í vasa hans til ráðstöfunar að vild. Sé verkið hins vegar unnið beint á vegum hins opinbera rennur sá hagnaður, sem verða kann í verklok, í fjárhirslur þess. Er þá unnt að ráðstafa honum til frekari framkvæmda, landi og lýð til heilla.

8. Að með útboðum sé kastað upp fjöreggi landsbyggðarinnar til grips fyrir ævintýramenn sem eygja skjótfenginn peningagróða af þeim ef heppnin er með og/eða með undirboðum fyrst í stað ef fjárstuðningur er nægilegur á bak við til að standa af sér tímabil á meðan verið er að útrýma keppinautum til að geta orðið einráðir á markaðnum síðar.

9. Að með útboðum í vegagerð lenda verkefnin oft í hendur aðila sem aldrei hafa komið nálægt þess háttar verkefni og kunna því lítt til verka. Af hljótast svo mistök, málaferli, kostnaður og margháttuð óánægja sem komast hefði mátt hjá.

10. Stjórnin varar við hugmyndum um lokuð útboð með byggða- og/eða umdæmismörkum þar sem verktökum, er ætla sér stærri hlut en sín byggðarlög, er í lófa lagið að setja upp útibú á áhugaverðum svæðum, svo mörg sem þurfa þykir. Þá geta og verktakar heimabyggða leitt hverjir aðra í ógöngur og tilfærsla vinnunnar frá einum til annars milli verkefna og ára er afar óheppileg.

11. Stjórnin bendir á að opinberar fjárveitingar á landsbyggðinni eru skattpeningar fólksins sem hana byggir og því eigi það skýlausan rétt á að njóta forgangsréttar til vinnu við þessi verkefni með tiltækan tækjakost og mannafla.

12. Stjórn V.B.F. Snæfells telur að heimildarlög um útboð opinberra verkefna hafi í framkvæmd snúist upp í andhverfu sína er verki sem ómanneskjulegt niðurbrjótandi þrúgunarafl á landsbyggðina og þjóðina alla. Stjórnin álítur þessa löggjöf mistök sem Alþingi beri skylda til að leiðrétta nú þegar.

Því skorar stjórn V.B.F. Snæfells á Alþingi og ríkisstjórn að fella úr gildi heimildir til útboða nema á allra stærstu verkum, s. s. við jarðgangagerð og virkjanir sem tækjakostur viðkomandi og nærliggjandi byggðarlaga ræður ekki við en binda þau útboð þó því skilyrði að hverjum verktaka sé skylt að láta allt vinnuafl og allar frambærilegar nothæfar vinnuvélar og vörubíla viðkomandi byggðarlaga njóta óskoraðs forgangsréttar til vinnu við verkið á undan eigin tækjum á gildandi kauptöxtum á hverjum tíma. Einnig að útboðsaðili verði gerður ábyrgur fyrir öllum kröfum sem gerðar eru á hendur verktakanum í gjaldþrotamálum vegna verka sem hann hefur annast þannig að þeir aðilar, sem hafa látið verktökum í té vinnu sína, vélavinnu, vöru eða þjónustu, eigi ekki á hættu að tapa fjármunum sínum í viðskiptum við þá eins og dæmi sanna að gerst hefur.

Egilsstöðum, 25. jan. 1985.

Virðingarfyllst
f. h. stjórnar V.B.F. Snæfells.

Björn Pálsson,
framkvæmdastjóri.

Bragi Gunnlaugsson,
formaður.

Nd. 585. Frumvarp til laga [49. mál]

um vinnumiðlun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

Samhljóða þskj. 49 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna,
Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Atvinnuleysistryggingasjóðs og
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

6. gr. hljóðar svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

Ed. 586. Frumvarp til laga [309. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. mars.)

Samhljóða þskj. 491 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

1. málsgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Lágmarksdagpeningar eru ¼ hluti sömu launa.

Sþ. 587. Frumvarp til fjáraukalaga [367. mál]

fyrir árið 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1980 er veitt:

		Þús. gkr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	915 948
01	Forsætisráðuneyti	123 470
02	Menntamálaráðuneyti	10 324 495
03	Utanríkisráðuneyti	1 030 427
04	Landbúnaðarráðuneyti	1 152 018
05	Sjávarútvegsráðuneyti	1 280 864
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 718 975
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	23 062 320
10	Samgönguráðuneyti	4 234 051
11	Iðnaðarráðuneyti	2 318 941
12	Viðskiptaráðuneyti	1 781 801
13	Hagstofa Íslands	48 153
14	Ríkisendurskoðun	53 559
	Samtals	53 045 022

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1980. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1980 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1980.

Ed. 588. Frumvarp til laga [368. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1980 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. gkr.

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	2 240 607	3 156 555
01	Forsætisráðuneyti	3 112 959	3 236 429
02	Menntamálaráðuneyti	50 556 805	60 881 300
03	Utanríkisráðuneyti	3 592 196	4 622 623
04	Landbúnaðarráðuneyti	16 301 237	17 453 255
05	Sjávarútvegsráðuneyti	5 818 831	7 099 695
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	15 780 526	22 499 501
07	Félagsmálaráðuneyti	10 579 277	10 439 697
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	115 672 645	138 734 965
09	Fjármálaráðuneyti	25 979 946	15 954 417
10	Samgönguráðuneyti	33 605 515	37 839 566
11	Iðnaðarráðuneyti	14 351 254	16 670 195
12	Viðskiptaráðuneyti	28 871 734	30 653 535
13	Hagstofa Íslands	265 587	313 740
14	Ríkisendurskoðun	346 737	400 296
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	16 164 196	9 029 602
	Samtals	343 240 052	378 985 371

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	340 084 100	382 775 803
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	835 500	650 631
13	Ýmsar tekjur	5 257 700	9 456 067
	Mismunur	−2 937 248	−13 897 130
	Samtals	343 240 052	378 985 371

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1980, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 589. Fyrirspurn [369. mál]

til landbúnaðar- og dómsmálaráðherra um skotárás lögreglu og Landhelgisgæslu á sauðfé í fjöllum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Frá Karvel Pálmasyni og Magnúsi Reyni Guðmundssyni.

1. Hver ákvað skotárás þá sem gerð var úr þyrlu Landhelgisgæslunnar á sauðfé í Sigluneshlíðum og fjallinu Tálkna á sunnanverðum Vestfjörðum 15. mars s. l.?
2. Var hún gerð með vitund eða samþykki ráðherra?
3. Hverjar voru ástæður þess að gripið var til svo vafasamra aðgerða?
4. Voru aðfarir þessar hinar einu réttu að mati ráðherra?

Sþ. 590. Fyrirspurn [370. mál]

til landbúnaðarráðherra um væntanlegt verð á áburði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað er gert ráð fyrir að áburðarverð til bænda hækki mikið í vor?
2. Hvaða ástæður eru til hækkunar á áburðarverði?
3. Eru fyrirhugaðar ráðstafanir af hálfu ríkisstjórnarinnar til að auðvelda bændum kaup á áburði?
4. Er ráðgert að greiða niður áburðarverð úr kjarnfóðursjóði eins og á síðasta verðlagsári?

Sþ. 591. Fyrirspurn [371. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðuppgjör til bænda.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað olli því að uppgjör á endanlegu verði til bænda fyrir verðlagsárið 1983—84 lá ekki fyrir fyrr en í janúar 1985?
2. Er að vænta breytinga á endanlegu uppgjöri, m. a. til að auðvelda bændum skipulagningu á búrekstri?

Ed. 592. Frumvarp til laga [372. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 12. febr. 1940, um hitaveitu Reykjavíkur.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Borgarsjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu er nefnist Hitaveita Reykjavíkur. Verkefni fyrirtækisins er að virkja jarðhita í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar og framleiða og selja rafmagn.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Hitaveita Reykjavíkur setur gjaldskrá um verð þeirrar raforku er hún selur. Gjaldskráin öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný gr. er orðist svo:

Af efni, tækjum og vélum til þeirra orkuvera, sem Hitaveita Reykjavíkur reisir, skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að afla Hitaveitu Reykjavíkur sams konar heimildar til raforkuframkvæmda og önnur sambærileg orkuver hafa þegar, t. d. Hitaveita Suðurnesja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga stendur „bæjarstjórn“ en ekki, „borgarstjórn“ af eðlilegum ástæðum. Enn fremur er kveðið skýrt á um einkaleyfi Hitaveitu Reykjavíkur til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Ekki er talin ástæða til þess að halda þessu ákvæði um einkaleyfið inni í lögunum lengur þar sem borgarstjórn hefur í hendi sér sem yfirvald byggingarmála á þessu svæði að ákveða hvort öðrum en Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Líkur til að áhugi sé fyrir slíku, miðað við núverandi aðstæður, eru taldar heldur litlar. Í frv. er aftur á móti bætt inn til viðbótar heimildarákvæði til Hitaveitu Reykjavíkur til framleiðslu og sölu rafmagns.

Um 2. gr.

Greinin er í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1974.

Þykir rétt að gæta samræmis í lögum þessum.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í l. nr. 21/1974 (Krafla), l. nr. 100/1974 (Hitaveita Suðurnesja) og l. nr. 105/1974 (Bessastaðaá) og ætlun flm. er sú að greinin nái til orkuversins sjálfs og þess búnaðar sem þar þarf til en ekki til veitukerfisins sem reisa þarf til þess að flytja orkuna til viðtakanda.

Sþ. 593. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Það er greinilegt að meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar eins og fram kemur í frávísunartillögu hans að ríkisstjórnin sé engan veginn reiðubúin til þess að breyta starfsháttum sínum, t. d. með því að draga úr miðstýringu og opinberum tilkostnaði og með því að hætta afskiptum af verðlagningu vöru í viðskiptum milli aðila.

Það hlýtur að teljast eðlilegra að það gæðamat, sem notað er við verðlagningu vöru, sé samningsatriði milli kaupenda og seljenda hennar. Undirrituð leggur þess vegna til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. mars 1985.

Kristín S. Kvaran.

Nd. 594. Frumvarp til laga [373. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Flm.: Magnús Reynir Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein er orðist svo:

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til að byggja eða kaupa skólahús eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Styrkurinn getur numið allt að 50% af byggingarkostnaði eða kaupverði húsnæðis enda leggi viðkomandi sveitarfélag jafnhátt framlag á móti. Styrkur ríkissjóðs skal aldrei vera hærri en framlag sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur þá breytingu í för með sér að ríkissjóður styrki tónlistarskóla til að byggja eða kaupa skólahúsnæði en í gildandi lögum eru ekki ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs sé þó bundið því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag leggi fram fé úr sjóði sínum til þessara mála.

Með lögunum nr. 22/1975 er viðurkennt hversu mikilvæg tónlistarkennsla er og ríkissjóður og sveitarfélög taka að sér að greiða laun vegna kennslunnar sem er stærsti kostnaðarliðurinn.

Það verður að teljast eðlilegt að þessir aðilar standi einnig sameiginlega að byggingu skólahúsnæðis eða kaupum á hentugu húsnæði þar sem þess gerist þörf. Því er lagt til að lögunum verði breytt þannig að í þeim sé gert ráð fyrir þátttöku ríkissjóðs að undangenginni ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um að leggja fé til þessara mála.

Sþ. 595. Fyrirspurn [374. mál]

til landbúnaðarráðherra um vatnstöku Íslandslax hf. í Grindavík.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Var ráðherra ljóst þegar hann heimilaði Íslandslaxi hf. vatnstöku í landi Staðar í Grindavík að samningaviðræður stjórnar Hitaveitu Suðurnesja og Íslandslax hf. um sölu á heitu vatni voru á lokastigi?
2. Var haft samráð við bæjarstjórn Grindavíkur eða aðra aðila á Suðurnesjum um samning ráðuneytisins við Íslandslax hf.?
3. Var haft samráð við iðnaðarráðherra um þessa samningsgerð?
4. Hafa verið gerðar rannsóknir á því hvað vatnsbólin á Suðurnesjum þola mikla vatnstöku án þess að það hafi áhrif á neysluvatn íbúanna?
5. Hefur ráðuneytið í hyggju að gera hliðstæða samninga við aðrar laxeldisstöðvar sem fyrirhugað er að reisa við strendur Grindavíkur?

Sþ. 596. Fyrirspurn [375. mál]

til forsætisráðherra um íhlutun stjórnvalda í kjarasamninga á vinnumarkaði.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hversu oft og með hvaða hætti hafa stjórnvöld gert ráðstafanir á s. l. 15 árum til að breyta launagreiðslum skv. löglega gerðum kjarasamningum á vinnumarkaði?

Óskað er sundurliðunar og dagsetninga á ráðstöfunum hverrar ríkisstjórnar fyrir sig á umræddu tímabili.

Nd. 597. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofu háskólans í meinafræði, Orkustofnun, Félagi háskólakennara, Rannsóknaráði ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Líffræðistofnun háskólans og Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá hefur nefndin fengið til viðtals fulltrúa frá Háskóla Íslands, menntamálaráðuneyti og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin telur rétt að leggja fram breytingartillögur við 2. og 5. gr. frv. Skýringar við þessar breytingartillögur eru eftirfarandi:

Við 2. gr.

Í fyrri málsgreininni er lagt til að nú sé veitt heimild til að flytja dósent í prófessorsstöðu. Tillaga um þetta var samþykkt í háskólaráði í september 1982.

Í umsögnum Félags háskólakennara og Raunvísindastofnunar háskólans um frv. er vakin athygli á nauðsyn þess að opna dósentum og forstöðumönnum háskólastofnana leið til stöðuhækkunar og á þann hátt að veita starfsmönnum viðurkenningu á grundvelli hæfni. Kostnaðarauki yrði í flestum tilvikum lítill, stundum enginn.

Rétt er að taka fram að tilflutningur í dósents- og prófessorsstöður er bundinn við einstaklinga, þannig að þegar viðkomandi einstaklingur hverfur úr starfi verður staðan á ný bundin við það starfsheiti sem viðkomandi var fluttur úr.

Síðari mgr. er óbreytt frá því sem er í frv. að öðru leyti en því að vitnað er til þeirra reglna sem gilda um flutning dósenta í prófessorsembætti. Rétt er að taka fram að hér er átt við þá forstöðumenn háskólastofnana sem skipaðir eru eða settir í forstöðumannsstarfið. Ekki er átt við forstöðumenn stofnana innan háskóladeilda sem kjörnir eru úr hópi kennara til ákveðins tíma í senn.

Við 5. gr.

Breytingartillagan við fyrri mgr. 5. gr. miðar að því að gera ákvæðið um þróunarmiðstöð háskólans, sem skv. breytingartillögunum verður nefnd þjónustumiðstöð, skýrari. Gert er ráð fyrir að miðstöðin standi undir eigin rekstri og að tekjur hennar verði gjöld fyrir veitta þjónustu.

Varðandi síðari mgr. 5. gr. er sú breyting lögð til að tekin er út úr frv. heimild til að eiga aðild að öðrum félögum en þeim sem eru með takmarkaða ábyrgð eigenda. Gert er ráð fyrir að fé til þátttöku fáist úr sjóðum háskólans sjálfs, aðallega úr háskólasjóði. Ágóði mun og renna til háskólans. Ábyrgð er takmörkuð og því stofnast ekki sjálfkrafa til ríkisábyrgðar á rekstrinum.

Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frv.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu.

Alþingi, 20. mars 1985.

Halldór Blöndal, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Hjörleifur Guttormsson.	Kristín S. Kvaran.	Maríanna Friðjónsdóttir.
	Magnús Reynir Guðmundsson.	

Nd. 598. Breytingartillögur [235. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Í stað síðustu málsgr. 11. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

   Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

   Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr. er hljóði svo:

   Í tengslum við skrifstofu háskólans starfar þjónustumiðstöð sem annast gerð samninga milli aðila innan háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs.

   Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.

Nd. 599. Lög [283. mál]

um breyting á lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 463.

Nd. 600. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 282.

Nd. 601. Lög [111. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars.)

Samhljóða þskj. 115.

Nd. 602. Frumvarp til útvarpslaga. [5. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. mars.)

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum, sem sett eru með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika, átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara.

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkvæmt 3.—6. grein þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmætt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju.
2. Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.
3. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.
   Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og hún synjar þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.
4. Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
5. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
6. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt V. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
7. Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.
8. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær þar sem nánar er kveðið á um hver sé handhafi útvarpsleyfis, reglur, samningstíma og leyfisgjald. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni.

4. gr.

Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga sbr. 3. grein, skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd gefur út reglur um auglýsingar, m. a. með hliðsjón af lengd dagskrár viðkomandi stöðva og samanburði við hlut auglýsinga og reglur um flutning í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsréttarnefnd ákveður auglýsingataxta með hliðsjón af tillögum viðkomandi útvarpsstöðva, svo og gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra. Rísi ágreiningur í þessu efni milli útvarpsréttarnefndar og Ríkisútvarpsins skal vísa honum til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Sé þráðlausum útsendingum svo háttað að einungis áskrifendur með sérstakan útbúnað ná þeim er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

5. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldar reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. grein:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarpsstöð, er leyfi fær til útsendingar um þráð, er óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá en getur innheimt afnotagjöld.
4. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 3., 6., 7. og 8. töluliðum 3. greinar sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem eru innan samfellds svæðis. Sama gildir innan stofnunar, t. d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss, eða vinnustaðar.

6. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

7. gr.

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

8. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.—7. greina.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

II. KAFLI
Ríkisútvarpið.

9. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

10. gr.

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Það skal m. a. flytja efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

11. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Þjónusta Ríkisútvarpsins skal í engu minnkuð frá því sem nú er hjá Ríkisútvarpinu.

12. gr.

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

13. gr.

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

14. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 10. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkts dagskrárefnis þyki sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

16. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild.

Fjármáladeild fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast öflun og útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Gerð dagskrárefnis getur farið fram í deildunum sjálfum eða utan þeirra samkvæmt sérstökum verksamningum. Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má, sbr. 15. gr.

Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

III. KAFLI
Fjármál Ríkisútvarpsins.

17. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Útvarpsstjóri ákveður útvarpsgjald að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

18. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

19. gr.

Eigandi sjónvarpsviðtækis, sem nota má til móttöku á útsendingu Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili.

20. gr.

Eigandi sjónvarpstækis, sbr. 19. gr., skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það innheimtudeild Ríkisútvarpsins mánaðarlega á sérstökum eyðublöðum sem innheimtudeild lætur í té. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilsfang beggja aðila, svo og tegund viðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

21. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. skráningarnúmer sem auðkennir hvert tæki,
2. tegund viðtækis og framleiðslunúmer,
3. dagsetningu frumskráningar,
4. fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang eiganda,
5. dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans,
6. dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda eins og segir í 4. tölulið; einnig skal greina hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu,
7. upplýsingar um lögtak sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 24. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps.

22. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi sjónvarpstæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur sjónvarpsviðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 20. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

23. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

24. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Þegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

25. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

26. gr.

Ríkisútvarpið, útvarpsréttarnefnd og Póst- og símamálastofnunin skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnunina um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

27. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnunin um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynast raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja, sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendinga, sbr. 3. gr., er viðkomandi stöðvum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum, en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

28. gr.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, t. d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

V. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

29. gr.

Hver sá sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði hljóðupptöku af öllu frumsömdu, útsendu efni. Þó er heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar.

30. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

31. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 30. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 30. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

32. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 28. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 28. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 20. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

33. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og nr. 49/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum 3. gr., má ekki veita til lengri tíma en þriggja ára.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Ed. 603. Frumvarp til laga [98. mál]

um sóknargjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 102 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 4. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð er nemur sóknargjaldi því sem honum hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar ef hann hefði talist til hennar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði.

Gjöld samkv. 4. og 5. gr. skal greiða til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá 1. desember næstliðinn.

7. gr. hljóðar svo:

Innheimtumönnum þinggjalda eða innheimtumönnum útsvara og annarra gjalda til sveitarsjóða er skylt að annast innheimtu gjalda samkvæmt þessum lögum ef sóknarnefndir eða stjórnir trúfélaga óska þess. Innheimtumaður stendur sóknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu fé eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Um innheimtuþóknun fer eftir því sem um semst.

Sóknarnefndir geta sjálfar annast innheimtu framangreindra gjalda eða falið það sérstökum innheimtumanni gegn þóknun er um semst. Stjórn trúfélags getur á sama hátt haft á hendi innheimtu gjalds samkvæmt 4. gr. Innheimtumenn þinggjalda innheimta gjöld samkvæmt 5. gr.

Sóknarnefndum og stjórnum trúfélaga ber eigi síðar en 31. mars á álagningarárinu að tilkynna hlutaðeigandi skattstjóra, sbr. 6. gr., og innheimtumanni hverjum falin skuli innheimta gjalds samkvæmt ákvæðum I. kafla, svo og 4. gr. Ákveða má í reglugerð, sbr. 9. gr., tímamark fyrr á árinu.

8. gr. orðist svo:

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar.

Ríkissjóður leggur fram fé til héraðssjóðs eftir því sem mælt er fyrir um í fjárlögum og úthlutar kirkjuráð því fé til sjóðanna og undirbýr tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög.

Sóknarnefndum ber að gera stjórn sjóðsins skil á gjaldi samkvæmt 1. mgr. eigi síðar en 30. apríl næstan á eftir að gjöld eru fallin í gjalddaga.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykkta héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Sþ. 604. Fyrirspurn [376. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Frá Maríönnu Friðjónsdóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem samkvæmt ályktun Alþingis frá 17. febrúar 1981 átti að gera tillögur um hvernig réttindum fólks í óvígðri sambúð yrði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignar- og erfðaréttar?

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp á yfirstandandi þingi sem tryggi réttarstöðu þessa fólks?

Sþ. 605. Fyrirspurn [377. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um skort á hjúkrunarfræðingum á kvenlækningadeild Landspítala Íslands.

Frá Maríönnu Friðjónsdóttur.

Til hvaða aðgerða hyggst heilbrigðismálaráðherra grípa vegna skorts á hjúkrunarfræðingum til starfa á kvenlækningadeild Landspítalans?

Sþ. 606. Fyrirspurn [378. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur atvinnurekenda í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hve margir þeirra, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, greiða nú til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og hvernig er háttað eftirliti með því að þeir fylgi reglum sem gilda um skil á lífeyrissjóðsiðgjöldum?

Greinargerð.

Skv. lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, segir m. a. í 7. gr. að skylda til greiðslu iðgjalda nái til þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skylt er að reikna sér endurgjald fyrir starf við eigin rekstur skv. nánar tilvitnuðum ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, enda séu þeir ekki aðilar að öðrum sjóðum sem lögbundnir eru eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu. Spurt er hve margir greiði til sjóðsins skv. þessari grein.

Í 8. gr. laganna segir m. a. í 3. mgr. að þeir sjóðfélagar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 7. gr., skuli standa skil á iðgjaldi sínu mánaðarlega. Spurt er hvernig eftirliti með iðgjaldagreiðslum þeirra sé háttað.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 607. Fyrirspurn [379. mál]

til viðskiptaráðherra um útflutningsmál iðnaðarins.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til frumvarps um útflutningstryggingar sem nefnd skipuð af forsætisráðherra samdi árið 1982?
2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að leggja fram frumvarp um Útflutningstryggingar Íslands á þessu þingi?
3. Hefur ríkisstjórnin gert einhverjar ráðstafanir í framhaldi af tillögum nefndarinnar um eflingu Útflutningslánasjóðs, þannig að starfssvið hans víkki og nái til fleiri greina en það gerir nú, og hins vegar að hann geti veitt hærri lán en til þessa og til lengri tíma?
4. Með hvaða hætti telur ríkisstjórnin að unnt sé að gera Útflutningslánasjóði kleift að bjóða:
   a. samkeppnislán,
   b. útflutningslán,
   með sömu kjörum og sambærilegir sjóðir í samkeppnislöndum Íslands?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 608. Fyrirspurn [380. mál]

til samgönguráðherra um búnað bandaríska herliðsins í stöðvum Landssímans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hefur samgönguráðuneytið gefið út heimild til Pósts og síma til að setja búnað frá bandaríska herliðinu í stöðvar Landssímans á nokkrum stöðum á landinu? Hvers eðlis er þessi búnaður og hvaða tilgangi þjónar hann?

Sþ. 609. Fyrirspurn [381. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmdir á vegum bandaríska herliðsins á Íslandi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur koma nýrra orustuflugvéla til Keflavíkurflugvallar, og jafnframt fjölgun úr 12 vélum í 18, verið samþykkt í ríkisstjórninni?
2. Hefur ríkisstjórnin gefið heimild til að reisa fleiri sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli, til viðbótar þeim níu sem þar eru í byggingu, og hvenær var gefin heimild til að byggja skýli nr. 4—9?
3. Hefur ríkisstjórnin gefið heimild til að byggðir verði 2. og/eða 3. áfangi olíubirgðastöðvar í Helguvík?
4. Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanríkisráðuneyti borist einhverjar áætlanir, lýsingar, umleitanir eða erindi varðandi byggingu nýrrar stjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli?
5. Hafa ríkisstjórn Íslands eða utanríkisráðuneyti borist einhverjar áætlanir, umleitanir eða erindi varðandi nýjar framkvæmdir við flugbrautir á Keflavíkurflugvelli?

Sþ. 610. Skýrsla

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1984, samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1984.

(Lögð fyrir Alþingi hinn 21. mars 1985.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Skýrsla þessi fjallar um helstu þætti ríkisfjármálanna á árinu 1984. Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds í árslok 1984 eru skoðaðar í ljósi fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar um afkomu ríkissjóðs frá því í maí.

Árið 1984 einkenndist af miklum sveiflum í efnahagsstarfseminni og snemma árs þótti sýnt að stefndi í verulegan hallarekstur hjá ríkissjóði. Gripið var til sérstakra ráðstafana af hálfu ríkisstjórnarinnar sem komu fram í umfangsmiklum aðgerðum og lagasetningu í maí 1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum. Hér verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar í maí frá niðurstöðum bráðabirgðatalna ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á árinu 1984. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggir á rekstrargrunni, mun eitthvað frábrugðinn þeim tölum sem hér eru birtar, einkum vegna óinntra uppgjöra í árlok 1984 sem ekki eru tekin með í bráðabirgðauppgjöri. Hér er fjallað sérstaklega um lántökur opinberra aðila á árinu 1984 og þær skoðaðar í ljósi lántökuheimilda ársins. Jafnframt er gerð grein fyrir lántökum fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja með hliðsjón af lántökuheimildum til að fá heildarmynd af framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins. Í töfluviðauka eru ýmis yfirlit til frekari glöggvunar á mikilsverðum þáttum ríkisfjármálanna.

Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds lágu fyrir um miðjan janúarmánuð. Byggir það uppgjör í megindráttum á greiðslugrunni. Fjárlög eru ávallt á greiðslugrunni, þar sem þau sýna greiðslustrauma innan tiltekins fjárlagaárs. Samanburður fjárlaga og bráðabirgðatalna ríkisbókhalds eru á sama grunni og gefa því raunhæfa viðmiðun.

Yfirlitið hér að neðan sýnir afkomu ríkissjóðs 1984 miðað við fjárlög, endurskoðaða áætlun frá í maí 1984 og bráðabirgðatölur ríkisbókhalds (allar fjárhæðir í m. kr.):

	(1) Fjárlög 1984	(2) Endurskoðuð áætlun í maí 1984	(3) Bráðabirgðatölur 1984
1. Tekjur	17 895	18 525	20 747
2. Gjöld	18 284	19 570	19 964
3. Tekjur umfram gjöld	**−389**	**−1 045**	**783**
4. Lánahreyfingar (Seðlabankinn meðtalinn), nettó	415	1 145	213
5. Viðskiptareikningar, nettóútstreymi	−20	−100	−355
6. Greiðsluafgangur	**6**	**—**	**641**

Yfirlitið ber þess glögg merki hve afkoma ríkissjóðs var óviss á árinu 1984. Útlit var fyrir tæplega 700 m. kr. aukningu á rekstrarhalla hans frá afgreiðslu fjárlaga til endurskoðaðrar áætlunar í maí 1984. Afkoma ríkissjóðs batnaði verulega seinni hluta ársins, einkum vegna mikillar eftirspurnar innanlands og kom það fram í auknum tekjum hans. Þannig

aukast tekjur ríkissjóðs um rúmar 2 200 m. kr. frá maíáætluninni á sama tíma og útgjöld aukast aðeins um tæpar 400 m. kr. Jákvæð afkoma ríkissjóðs á árinu 1984 kemur fram í 783 m. kr. rekstrarafgangi og 641 m. kr. greiðsluafgangi.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu reyndist hin sama og greiðsluafgangurinn, þar sem ekki var um að ræða neinar nýjar lántökur eða afborganir af lánum hjá Seðlabanka Íslands á árinu 1984. Samtala rekstrarafgangs, lánahreyfinga utan Seðlabanka og viðskiptareikninga myndar því jákvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 641 m. kr.

2. Ríkisfjármál

c) Að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að almenningur geti keypt hlut í félaginu.
d) Að selja allt að 20% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni á almennum markaði, á því verði sem ákveðst skv. b- og c-lið hér að framan. Skulu öll hlutabréf sem seld verða vera skráð á nafn. Til frekari sölu á hlutafjáreign ríkissjóðs þarf samþykki Alþingis.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða, dreifa og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað. Enn fremur annast félagið námarekstur til að afla hráefna til framleiðslunnar.

Heimilt er félaginu að annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til endurráðningar hjá hinu nýja hlutafélagi og skulu þeim boðnar sambærilegar stöður og þeir áður gegndu hjá ríkisfyrirtækinu. Þeir starfsmenn, sem notið hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku laga þessara, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóðnum.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 3. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 8 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á stofnfundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag, og fer iðnaðarráðherra með eignarhlut ríkisins í félaginu.

5. gr.

Í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins skv. lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skal félagið greiða landsútsvar er nemi 1% af aðstöðugjaldsstofni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 35/1948, um Sementsverksmiðju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að koma hér á landi upp verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist sementsverksmiðja á Akranesi, sem rekin hefur verið frá árinu 1958 sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Sementsverksmiðjan hefur að mestu verið byggð fyrir lánsfé. Beint framlag eigandans, ríkisins, var nær ekkert en ábyrgðir voru látnar í té í fyrstu. Ljóst er að sú eignamyndun, sem orðið hefur í fyrirtækinu, hefur skapast við fremur hátt verðlag á framleiðslunni, því auk framleiðslukostnaðar varð verðið á sementi að standa undir afborgunum og vöxtum af byggingarlánum. Fleira kemur hér einnig til, einkum rýrnun lánsfjár fyrir verðbólgu, a. m. k. að því er varðar innlend fjárfestingarlán. Það fer ekki milli mála að það hefur frá öndverðu íþyngt fyrirtækinu að eigandi þess lagði því ekki til fé að neinu ráði.

Er þess að vænta að innborgað hlutafé hefði talsverðu getað breytt um stöðu fyrirtækisins, þar á meðal gert kleift að selja framleiðsluna á lægra verði og þannig hefði verksmiðjan orðið enn þýðingarmeiri lyftistöng við nýbyggingarframkvæmdir þjóðarinnar.

Enn er þetta fyrirtæki í uppbyggingu eftir að hafa starfað rúman aldarfjórðung. Skuldir þess eru miklar og er ljóst að æskilegt er að grynna á þeim og greiða niður þungbær lán. Ein leið til þess er að mynda hlutafélag um verksmiðjuna og selja á almennum markaði hlutabréf í henni. Yrði þá framlag ríkisins til hins nýja félags öll eign þess í Sementsverksmiðju ríkisins og fylgifé hennar, flutningatækjum og afgreiðslustöðvum.

Með frumvarpi þessu, sem að stofni til er samið af Ásgeiri Péturssyni, bæjarfógeta, Björgvini Sigurðssyni hrl. og Eiríki Tómassyni hrl., er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur sementsverksmiðjunnar. Telja verður rökrétt og eðlilegt að velja hlutafélagaformið um atvinnurekstur á vegum ríkisins. Hlutafélagaformið er bæði viðurkennt og vel þekkt félagaform, sem löggjafinn hefur sett ítarlegar reglur um. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögum er ákvæði, er vernda rétt minni hluta eigenda. Þar sem ríkið býður öðrum samstarf er því alveg sérstaklega viðeigandi að nota hlutafélagaformið. Þá eru einnig, af stjórnunarlegum ástæðum, sterk rök til að gera öll ríkisfyrirtækin að hlutafélögum. Kosturinn við þetta er enn fremur sá að félaginu er settur sami almenni starfsrammi og flestum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ. e. rammi hlutafélagalaga. Sá starfsrammi er sveigjanlegri en hreinn ríkisrekstur og á því að geta stuðlað að bættri stjórnun fyrirtækisins.

Ljóst er að með því að stofna hlutafélag um sementsverksmiðjuna yrði aðilum, sem áhuga hafa á hagkvæmum rekstri þessa fyrirtækis, veittur kostur á því að leggja því lið, bæði með ráðum, víðtækri reynslu, fjármagni og markaðsstöðu. Mætti hugsa sér að meðal þeirra sem hug hefðu á þátttöku í slíkri félagsstofnun væru starfsmenn fyrirtækisins, sveitarfélög, byggingarfélög, steypuframleiðendur og aðrir framleiðendur, sem háðir eru sementsnotkun. En þá er ótalið að eðlilega gæti hinn almenni borgari óskað þess að leggja fé til starfseminnar og er það þýðingarmikið stefnumál að opna þannig atvinnurekstur landsmanna fyrir framlögum almennings og framtaki.

Þá er ljóst að með slíkri formbreytingu fengi stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins aukið aðhald og reyndar æskilegan vettvang til þess að gera grein fyrir gerðum sínum á aðalfundum og hluthafafundum, þar sem gagnrýni, tillögur og nýmæli um bætta starfshætti gætu komið fram. Slíkir starfshættir auka yfirsýn, veita upplýsingar og tryggja öruggari stjórn á málum verksmiðjunnar. Þeir efla og kynni með hinum ýmsu þáttum framleiðslu- og byggingaraðila í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um sementsverksmiðjuna. Er þá jafnframt gert ráð fyrir því að ríkissjóður eigi stærstan hluta í hinu nýja félagi eða a. m. k. 80% hlutafjárins. Það er bundið samþykki Alþingis að selja hlutabréf umfram þann fimmtung, sem ráð er fyrir gert í greininni.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skýrgreina í lögunum tilgang og hlutverk hlutafélagsins í samræmi við þær horfur, sem eru á starfsemi þess í framtíðinni.

Ljóst er að aðalverkefni fyrirtækisins er að framleiða sement. En vissulega er og verður nauðsynlegt að verksmiðjan annist flutninga á framleiðslu sinni, einkum ósekkjuðu sementi. Þá þykir rétt að hafa í lögunum heimild fyrir verksmiðjuna til þess að afla sér hráefna til framleiðslunnar. Námarekstur fer nú fram á vegum verksmiðjunnar, þar sem er líparítnáman í Hvalfirði. Heimild til efnavinnslu tengdrar sementsframleiðslunni mundi t. d. ná yfir framleiðslu annarra efna en sements úr hráefnum verksmiðjunnar. Auk þess kæmi til álita að framleiða önnur efni eða vörur úr öðrum efnum, sem tengjast sementsnotkun. Óhjákvæmilegt er að hafa heimild til þess, að á vegum verksmiðjunnar séu stundaðar rannsóknir, sem tengjast verksmiðjurekstrinum, bæði í því skyni að bæta gæði framleiðslunnar og auka hana. Ekki er sú heimild á neinn hátt því til fyrirstöðu að verksmiðjan geti falið öðrum slíkar rannsóknir, svo sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða öðrum sambærilegum stofnunum.

Um 3. gr.

Rétt þykir að tryggja rétt núverandi starfsmanna ríkisfyrirtækisins til endurráðningar hjá hlutafélaginu. Í greininni er lagt til að við endurráðninguna verði fastráðnum starfsmönnum boðin sambærileg staða hjá hlutafélaginu, þ. e. á vegum ríkisins, og því myndist ekki réttur til að krefjast biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Margir núverandi starfsmenn hafa notið réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og má vænta þess að þeir starfi áfram við fyrirtækið. Ekki sýnist rétt að þeir missi réttindi sín hjá lífeyrissjóðnum við þá formbreytingu, sem hér er stefnt að. Því er þeim áskilinn áframhaldandi réttur á aðild að lífeyrissjóðnum.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að veita hér undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu, því í upphafi er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði einn eigandi að hlutabréfum í félaginu. Af þessu leiðir og að eðlilegt er að láta lög þessi koma í stað stofnsamninga skv. hlutafélagalögum.

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um sementsverksmiðjuna taka lög um hlutafélög, nr. 32/1978, sjálfkrafa gildi um félagið. Gilda þau að öllu leyti um fyrirtækið utan þess, sem með öðrum hætti er skipað í þessum lögum.

Um 5. gr.

Fyrirtækið greiðir nú landsútsvar. Með tilliti til eðlis starfseminnar þykir rétt að félagið greiði áfram landsútsvar í stað aðstöðugjalds og er lagt til að það verði 1% af aðstöðugjaldsstofni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að Sementsverksmiðjan greiði skatta og opinber gjöld með sama hætti og annar atvinnurekstur í landinu.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 612. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Eiður Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Sigríður Þorvaldsdóttir, Geir Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði með eftirtöldum hætti:

1. útgáfu handbóka,
2. námskeiðahaldi,
3. söfnun tölvutækra gagna,
4. öðrum aðferðum við söfnun og miðlun upplýsinga sem hentugar þykja.

Nefndarmenn verði tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

1. Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs,
2. Byggingarþjónustunni,
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands,
5. Iðntæknistofnun,
6. Húsnæðisstofnun ríkisins,
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Verkefnið njóti stuðnings ríkissjóðs í þrjú ár.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi. Hún hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt nú.

Eitt af einkennum nútímans er það gífurlega magn upplýsinga sem til er á flestum sviðum. Tæknilegar framfarir hafa valdið því að möguleikar til öflunar, geymslu og dreifingar upplýsinga margfaldast næstum á hverju ári.

Ein meginforsenda þess að vestrænar þjóðir haldi lífskjörum sínum á næstu árum jafngóðum og nú er að þær nýti þær upplýsingar sem tiltækar eru í atvinnumálum, félagsmálum og á fleiri sviðum. Aldrei hefur verið dýrara að standa í stað. Það mun hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks þjóðfélags og þeirra gæða sem það mun geta boðið þegnum sínum að hér verði sem fyrst mörkuð sú almenna upplýsingastefna sem þegar er farið að fylgja víða erlendis.

Húsbyggingar og húsnæðiskostnaður eru einn stærsti liðurinn í útgjöldum á heimilum ungs fólks nú og mun verða svo um langa framtíð. Á undanförnum árum, og raunar enn, hefur athyglin einkum beinst að öflun lánsfjár til húsbygginga. Minni áhersla hefur verið lögð á að lækka byggingarkostnað sem að miklu leyti hefur dulist í verðbólgubáli og óverðtryggðum lánum. Hann verður hins vegar greinilegri þegar sífellt fleiri búa í húsnæði sem eingöngu er reist fyrir verðtryggt lánsfé. Gildir þar einu hver eignaraðild íbúanna er.

Á hérlendum markaði er fjölbreytt framboð á tækni, efni og þjónustu til húsbygginga og umfangsmiklar rannsóknir fara fram hjá ýmsum aðilum. Erlendis skýtur á hverju ári upp kollinum fjöldi nýjunga í þessum efnum. Ýmsar stofnanir hérlendis búa yfir mikilli reynslu og eiga upplýsingar sem mættu koma að meira gagni en þær gera í dag. Mikið skortir á að þessari vitneskju sé komið áleiðis á virkari hátt til íslenskra húseigenda og aðila í byggingariðnaði.

Það er enginn vafi á því að nú þegar eru til aðferðir sem mundu lækka rekstrar- og byggingarkostnað húsa stórkostlega. Nægir þar að benda á leiðir til orkusparnaðar. Það hefur aldrei verið brýnna að safna tiltækri þekkingu saman, gera hana aðgengilega og dreifa henni. Þótt einstaklingar verji miklum tíma til að afla sér upplýsinga þá eru takmörk fyrir því hverju þeir geta áorkað í þeim efnum á eigin spýtur. Það liggur því beint við að gert verði átak í því að safna þessari þekkingu saman á einn stað og koma henni á framfæri við húsbyggjendur og húseigendur.

Verkefnistillaga þessi miðar að því að þeir aðilar, sem málið er skyldast, bindist samtökum um að tilgreina og hrinda í framkvæmd þeirri gagnasöfnun og útgáfustarfsemi sem nauðsynleg er í þessu skyni. Meðal annars er lagt til að vinna skólanemenda verði nýtt við vissa þætti þessara verkefna eftir því sem þeir eru færir um og það samrýmist námi þeirra. Í þessu skyni verði leitað eftir samvinnu við ýmsa skóla sem kenna greinar sem að gagni mættu koma. Með því að hagnýta vinnu nemendanna með þessum hætti vinnst það m. a. að þeir fá bein kynni af þessum viðfangsefnum og námsvinna þeirra nýtist við uppbyggingu gagnasafnanna. Fyrirkomulag af þessari gerð mundi styrkja samband skóla og atvinnulífs, báðum þessum aðilum til góðs. Gert er ráð fyrir að allt skráð efni yrði ýmist þegar í byrjun sett í tölvutækt form eða auðvelt yrði að koma því í slíkt form síðar. Þannig mætti gera heildarverkefnið mun ódýrara og aðgengilegra en ella.

Lagt er til að verkefnið verði skipulagt sem samvinnuverkefni eftirtalinna aðila sem allir búa nú þegar yfir mikilli þekkingu á þessu sviði. Óþarft er að setja á fót nýja stofnun í þessu skyni. Hægt er að nýta aðstöðu sem þegar er til í gögnum, vélbúnaði og hugbúnaði. Einnig mætti hugsa sér að rekstur verkefnisins í heild, eða einstakra hluta þess, verði boðinn út. Má t. d. í þessu sambandi benda á starfsemi Byggingarþjónustunnar sem þegar hefur talsverða reynslu á þessu sviði. Hjá Rannsóknaráði ríkisins hafa þegar verið uppi tillögur í þessum málum.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi sjö manna nefnd sem skipuð verði einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

1. Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs,
2. Byggingarþjónustunni,
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands,
5. Iðntæknistofnun,
6. Húsnæðisstofnun ríkisins,
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Reiknað er með að verkefnið verði fjármagnað og rekið með:

1. einhverju vinnuframlagi fyrrgreindra aðila,
2. vinnuframlagi nemenda, og jafnvel kennara, í greinum sem varða húsbyggingar (nemendur og kennarar Háskóla Íslands, Tækniskóla og iðnskóla),
3. sölu handbóka og námskeiðagjöldum,
4. gjöldum fyrir aðgang að gagnasöfnum,
5. þriggja ára framlagi á fjárlögum.

Við skiptingu þessarar þjónustu verði lögð megináhersla á að stofnanir, sem mest afskipti hafa af húsbyggingarmálum, séu í beinu sambandi við gagnasöfnun. Sama gildi um sveitarstjórnir, byggingarfulltrúa, iðnráðgjafa, byggingavöruverslanir, byggingaverktaka, arkitektastofur og verkfræðistofur, svo að dæmi séu nefnd.

Með beinu tölvusambandi þessara aðila mætti tryggja sem mesta nýtingu, áreiðanleika og gagnsemi þessara upplýsinga fyrir íslenskan húsnæðisiðnað.

Ed. 613. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega og fengið til viðtals seðlabankastjóra, formann Sambands viðskiptabankanna, sem jafnframt er bankastjóri Landsbankans, og bankastjóra annarra ríkisbanka, Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Meðan nefndin vann að málinu hefur ríkisstjórnin, í samráði við Seðlabanka Íslands, ákveðið að endurkaup afurðalána færist til viðskiptabankanna og bindiskylda verði lækkuð vegna þessara breytinga úr 28% í 18%. Jafnframt hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að frá 1. maí muni bændur fá innlagða mjólk greidda að fullu innan mánaðar og sláturafurðir um áramót og verði þetta m. a. gert kleift með rýmkun á reglum um afurðalán.

Eðlilegt er að reglur Seðlabankans um bindingu sparifjár verði teknar til endurskoðunar þegar séð er hver áhrif þeirra breytinga verða sem nú standa yfir. Í ljósi þess leggja undirritaðir nefndarmenn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 21. mars 1985.

Jón Kristjánsson, frsm. Egill Jónsson.

Ed. 614. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta ítarlega á mörgum fundum og m. a. fengið til viðtals þá Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Jónas Haralz formann Sambands viðskiptabanka og bankastjóra Landsbankans, Stefán Pálsson bankastjóra Búnaðarbankans og Halldór Guðbjarnason bankastjóra Útvegsbankans, ásamt Axel Kristjánssyni aðstoðarbankastjóra.

Meðan á umfjöllun málsins stóð í nefndinni hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur, í samráði við Seðlabanka Íslands, ákveðið að bankinn lækki bindiskyldu sína úr u. þ. b. 28% í 18% og afurðalán flytjist algerlega til viðskiptabankanna. Hér er þó ekki um það að ræða að lagaheimildir til bindingar sparifjár landsmanna breytist, en Seðlabanki Íslands hefur nú heimild til að binda allt að 38% sparifjárins.

Það er mat meiri hl. nefndarinnar, eftir þá skoðun sem málið hefur fengið og þær upplýsingar sem aflað hefur verið, að svigrúm viðskiptabankanna muni aukast við það að bindiskyldan færist niður í 18%, bæði til að sinna almennum viðskiptum og sjá um afurðalán. Að því er Búnaðarbankann varðar mundi þó Seðlabankinn þurfa að lána honum um 170 milljónir, og er gert ráð fyrir 10 ára láni.

Ljóst er að staða viðskiptabankanna mundi batna verulega ef sparifjárbindingin færi niður í 10% eins og frv. þetta gerir ráð fyrir og ekki ætti Seðlabankinn þá að þurfa að lána Búnaðarbanka neitt til að hann gæti stundað eðlileg viðskipti, þar á meðal afurðalán. Stefán Pálsson bankastjóri gat þess að allir þessir útreikningar miðuðust við óbreytt fyrirkomulag afurðalána. Að því er afurðalán til sjávarútvegs og fiskvinnslu varðar er einnig rétt að benda á að þau eru nú þegar að öllu leyti í erlendri mynt.

Allir bankastjórar viðskiptabankanna, sem á fund nefndarinnar komu, lýstu því skýrt yfir að staða stofnana þeirra, er þeir stýra, mundi stórum batna við lækkun bindiskyldu. Bankastjóri Landsbankans sagði að lausafjárstaða bankans mundi komast í lag ef bindiskyldan lækkaði í 10%. Bankastjóri Búnaðarbankans taldi sig vel geta fallist á að meira fé yrði losað, enda yrði bankinn þá betur fær um að sinna atvinnuvegunum og sérstaklega afurðalánum landbúnaðarins, og bankastjóri Útvegsbankans kvað sig hlynntan því að bindiskyldan yrði lækkuð niður í 10%, og jafnvel meira.

Að öllu þessu athuguðu telur meiri hl. nefndarinnar einsætt að samþykkja beri frv., þótt til álita hafi að vísu komið að lækka bindiskyldu enn meir, en þess er þá að gæta að Seðlabankinn hefur þegar notað hluta þessa fjár til verðbréfakaupa og því er kannski ekki eðlilegt að færa heimild til sparifjárbindingar niður fyrir 10 af hundraði.

Þótt ákvörðunin um að færa nú sparifjárbindinguna niður í 18% sé góðra gjalda verð er þess að gæta að þar er einungis um nýja stjórnvaldaákvörðun að ræða og stjórnvöld geta á hverjum tíma fært bindinguna upp að nýju, allt að 38% samkvæmt gildandi lögum. Óeðlilegt er að þau hafi slíkt vald. Alþingi á að hafa þar lokaákvörðun og þess vegna er nauðsynlegt að breyta lögum, þrátt fyrir þær nýju reglur sem nú gilda, a. m. k. um sinn. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt, að öðru leyti en því sem varðar gildistöku laganna, en breytingartillaga er flutt um það efni á sérstöku þingskjali og þá höfð hliðsjón af yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um skjótari greiðslur afurðaverðs til bænda.

Jónína Leósdóttir, Bandalagi jafnaðarmanna, sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Ragnar Arnalds hefur þann fyrirvara um afstöðu sína að bindiskylda gæti átt fullan rétt á sér til að fjármagna sameiginleg verkefni þjóðarinnar og draga úr erlendum lántökum. En með hliðsjón af því, sem gerst hefur í afurðalánamálum að undanförnu og eftir að Seðlabankinn hefur hætt endurkaupum á afurðalánum, er hann samþykkur lækkun bindiskyldu bankanna í 10%.

Alþingi, 21. mars 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Valdimar Indriðason.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Ed. 615. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EG, VI, RA, SDK).

2. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1985.

Ed. 616. Frumvarp til laga [384. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85.)

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni, eða hætta er talin á slíku.

Hættumat skal ná til byggðra svæða svo og annarra svæða, sem skipuleggja skal.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

3. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu annast hættumat, setja reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess, um flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja.

Reglur þessar skulu staðfestar af félagsmálaráðherra.

Almannavarnir ríkisins skulu einnig annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum.

4. gr.

Sérstök nefnd, ofanflóðanefnd, skal vera Almannavörnum ríkisins til aðstoðar um þessi mál.

Almannavarnir ríkisins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn ríkisins, Veðurstofa Íslands og Viðlagatrygging Íslands tilnefna sinn manninn hver í nefndina. Fulltrúi Almannavarna ríkisins skal vera formaður.

Verkefni ofanflóðanefndar er að fjalla um tillögur sem berast og gera tillögur til Almannavarna ríkisins um allt sem varðar varnir gegn ofanflóðum.

5. gr.

Veðurstofa Íslands skal annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana.

6. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, sbr. 2. gr., skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Skal sá starfsmaður starfa að fyrirmælum Veðurstofu Íslands, sem greiðir helming launa hans fyrir þessi störf samkvæmt samkomulagi þar um.

7. gr.

Sveitarstjórn lætur gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði, sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð sem fyrir er á hættusvæðum fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

8. gr.

Tillögur sveitarstjórnar ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skulu lagðar fyrir Almannavarnir ríkisins og öðlast gildi að fengnu samþykki þeirra og staðfestingu félagsmálaráðherra.

9. gr.

Sveitarstjórnir skulu annast framkvæmdir hver í sínu umdæmi í samræmi við samþykktar áætlanir. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir staðfesting ráðherra sbr. 8. gr.

10. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, er sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Tekjur sjóðsins skulu vera:

1) 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
2) Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
3) Aðrar tekjur.

11. gr.

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1) Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
2) Greiða má allt að 4/5 hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
3) Greiða má allt að 4/5 hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði, sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins.

12. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum, sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

13. gr.

Kostnaður vegna ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. júlí 1983 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í nefndina voru skipaðir Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Hafliði Helgi Jónsson veðurfræðingur, Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur, Helgi Hallgrímsson verkfræðingur og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri. Hlynur Sigtryggsson veðurstofustjóri tók sæti í nefndinni í byrjun september 1984 í stað Hafliða Helga Jónssonar.

Nefnd þessi var skipuð í framhaldi af samþykkt þingsályktunar um heildarlöggjöf um skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum, sem samþykkt var á Alþingi 2. apríl 1981, en hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla."

Nefndin hefur haldið 29 fundi um málið og rætt við ýmsa aðila um verkefnið. Þá fór nefndin einnig vestur til Patreksfjarðar og Ísafjarðar til viðræðna við heimamenn um snjóflóð og snjóflóðavarnir.

Nefndin varð fljótt sammála um það að eitt helsta atriðið sem hægt væri að koma á nú þegar væri að koma upp kerfi eftirlitsmanna á þeim stöðum þar sem hætta er talin á snjóflóðum, manna sem hefðu eftirlit með snjóalögum og væru í beinu sambandi við Veðurstofu Íslands, sem leiðbeindi þeim til þess að meta aðstæður á hverjum tíma. Því var í mars s. l. komið á námskeiði fyrir núverandi og væntanlega eftirlitsmenn og sóttu það námskeið menn frá 12 stöðum á landinu sem fengu fræðslu um snjóflóð, eiginleika þeirra og hugsanlegar afleiðingar. Jafnframt var talið nauðsynlegt að safna saman öllum gögnum um snjóflóð sem fallið hafa á fyrri árum til þess að geta gert sér betur grein fyrir þeirri hættu sem fyrir hendi er á þessum stöðum. Því réð Veðurstofan starfsmann til þess að færa inn á kort öll þekkt snjóflóð á tveimur stöðum til þess að skýra þessa mynd nánar og er það nauðsynlegur þáttur við gerð hættumats.

Nefndin hefur átt viðræður við Guðjón Petersen framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins og Ásgeir Ólafsson forstjóra Viðlagatryggingar Íslands um þessi mál, en þeir hafa báðir víðtæka reynslu á þessu sviði og þekkingu á tjónum sem snjóflóð og skriðuföll valda.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru að setja þurfi löggjöf um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, þar sem skýrt sé kveðið á um hvernig vinna skuli að þessum málum, hverjir fari með stjórn þeirra og á hvern hátt sé best tryggt að komið sé á vörnum á þeim stöðum þar sem hætta er talin vera mest og vísast um það til frumvarpsins og athugasemda við einstakar greinar þess.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Almannavarnir ríkisins annist veigamikla þætti varðandi varnir gegn ofanflóðum. Er þá annars vegar haft í huga að hagkvæmast sé að fela þetta verkefni stofnun sem er þegar fyrir hendi og hins vegar að verkefnið samræmist mjög vel hlutverki Almannavarna ríkisins eins og það er skilgreint í lögum.

Þannig er lagt til að Almannavarnir ríkisins skuli annast hættumat og setja reglur um forsendur og aðferðir um gerð þess, og að sérstök ráðgjafarnefnd sem nefnd hefur verið ofanflóðanefnd skuli vera Almannavörnum ríkisins til aðstoðar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar Almannavarna ríkisins, Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, Skipulagsstjórnar ríkisins, Veðurstofu Íslands og Viðlagatryggingar Íslands og sé fulltrúi Almannavarna ríkisins formaður hennar. Einnig eru tekin af öll tvímæli um að Veðurstofan annist svo sem verið hefur öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinni úr þeim, annist mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóðflóðahættu og gefi út viðvaranir um snjóflóðahættu, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að í öllum sveitarfélögum þar sem hætta er talin á snjóflóðum skuli ráðinn sérstakur eftirlitsmaður sem starfi undir yfirstjórn Veðurstofu Íslands, sem og greiðir helming launa hans samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Að fengnu því hættumati sem Almannavarnir ríkisins láta gera skal sveitarstjórn gera tillögu um gerð varnarvirkja. Var talið rétt að sveitarstjórn annaðist gerð þessara tillagna til þess að tryggja að ábyrgðin og frumkvæðið sé hjá heimamönnum enda er það talið affarasælast. Peningar eru afl þess sem gera þarf og þess vegna taldi nefndin rétt að stofna sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, sem skal vera í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera 5% heildariðgjaldatekna Viðlagatryggingar Íslands og árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni. Greiða skal úr ofanflóðasjóði allan kostnað við gerð hættumatsins og heimilt að greiða allt að ⅘ hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki og kaup og uppsetning tækja og búnaðar sem gæti sérstaklega stutt rannsóknir á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Nefndin hefur áætlað að heildarkostnaður gæti legið á bilinu 250—400 millj. kr. við þær aðgerðir, sem nauðsynlegt er talið að þyrfti að gera á þeim þéttbýlisstöðum sem taldir eru búa við hættu af ofanflóðum og af því þyrfti hluti ofanflóðasjóðs að geta orðið 200—320 milljónir kr. og þá á eftir að gera ráð fyrir þeim kostnaði sem sveitarfélög muni sjálf taka að sér. Þannig er hægt að gera ráð fyrir að hægt verði að framkvæma nauðsynlegustu aðgerðir vegna hættu á ofanflóðum á næstu árum og síðan verði hægt að styrkja nauðsynlegt viðhald og aðrar framkvæmdir. Allar eru þessar kostnaðaráætlanatölur þó mikilli óvissu háðar.

Nefndin telur að breyta þurfi grein 3.1.8. í byggingarreglugerðinni frá 1979 þannig að bannað sé að byggja á svæðum, ekki einungis þar sem tjón hefur orðið af snjóflóðum heldur einnig þar sem talin er hætta á slíku. Komið hefur í ljós að á nokkrum stöðum á landinu hafa verið reistar byggingar á óbyggðum svæðum þar sem sannanlega hafa aldrei orðið tjón af völdum snjóflóða en eru þó þekkt sem snjóflóðahættusvæði.

Þá telur nefndin einnig rétt að undanþáguheimild sé fyrir hendi til að leyfa byggingar á slíkum svæðum, þó með því skilyrði að þær byggingar séu sérstaklega styrktar eða varnarvirki byggð, enda liggi einnig fyrir samþykki Almannavarna ríkisins og staðfesting félagsmálaráðherra á þeirri framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lýst því markmiði laganna að vinna að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla. Til hagræðis er samheitið ofanflóð notað um snjóflóð og skriðuföll.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um það að meta skuli hættu á ofanflóðum í sveitarfélögum, þar sem ofanflóð hafa ógnað byggð eða hætta er talin á slíkri ógn. Enn fremur er kveðið á um að slíkt hættumat skuli vera fastur liður í skipulagsvinnu viðkomandi sveitarfélaga, og tekið skuli fullt tillit til þess við skipulagningu byggðar.

Samkvæmt gildandi skipulagslögum eru öll sveitarfélög skipulagsskyld. Tekur sú skipulagsskylda til allra bygginga og mannvirkja annarra en bygginga á lögbýlum. Í reynd eru skipulagsuppdrættir einkum gerðir af þéttbýlisstöðum. Í dreifbýli er sjaldnast um slíkt að ræða, en látið nægja að gera uppdrætti af einstökum byggingum og mannvirkjum.

Í þéttbýli er um tvö þrep skipulags að ræða, aðalskipulag og deiliskipulag. Aðalskipulag markar meginatriði í þróun byggðar í sveitarfélaginu, sýnir landnotkun, umferðarkerfi o. s. frv.

Í gildandi lögum og reglugerð um skipulagsmál eru ekki ákvæði um mat á náttúruhamförum eða hvernig skuli tekið tillit til þeirra við gerð skipulags. Eðlilegt er að að hættumat sé liður í undirbúningsvinnu fyrir aðalskipulag svo og svæðisskipulag ef um slíkt er að ræða.

Í tillögu að nýrri skipulagsreglugerð eru tekin upp ákvæði sem stefna í þessa átt. Varnarvirki fyrir hættusvæði, sbr. 7. gr., verða á hinn bóginn hluti af deiliskipulagi.

Hættumat yrði fyrst og fremst gert fyrir þéttbýli a. m. k. fyrst í stað. Til greina kemur þó einnig að gera hættumat fyrir einstaka staði eða mannvirki í dreifbýli þar sem sérstök ástæða þætti til, t. d. útivistarsvæði.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. skulu Almannavarnir ríkisins annast hættumat. Til að samræma hættumat fyrir hina ýmsu þéttbýlisstaði er nauðsynlegt að setja reglur um forsendur og aðferðir við gerð þess. Þá þarf einnig að setja reglur um flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð varnarvirkja. Við samningu slíkra reglna má styðjast við erlendar fyrirmyndir, en staðfæra þarf þær og aðlaga íslenskum aðstæðum. Þar sem reglur þessar munu hafa víðtæk áhrif á þróun byggðar í mörgum sveitarfélögum er lagt til að félagsmálaráðherra staðfesti þær.

Hættumat sýnir svæði sem talin eru hættuleg vegna ofanflóða og flokkar þau. Hættumat felur einnig í sér tillögur að landnýtingu og forsendur og hugmyndir að varnarvirkjum fyrir þá byggð sem komin er, svo og fyrir óbyggð svæði, sem aðalskipulag nær til.

Þegar hættumat liggur fyrir má draga verulega úr hættu á manntjóni og slysum með gerð neyðaráætlana og fræðslustarfi. Er Almannavörnum ríkisins einnig falið þetta verkefni.

Um 4. gr.

Ofanflóðanefnd skal vera Almannavörnum ríkisins til aðstoðar og ráðuneytis um málefni þau, sem frumvarp þetta tekur til. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana, sem einkum eiga hlut að máli. Er hlutverk nefndarinnar þá einnig að samræma sjónarmið og störf þessara aðila og búa mál í hendur Almannavarna ríkisins.

Þess er að vænta, að leita þurfi til enn fleiri stofnana og samtaka varðandi þessi mál, en ekki er þó lagt til að fjölga í ofanflóðanefnd af þeim sökum. Þar sem nefndin er Almannavörnum ríkisins til aðstoðar, er lagt til að fulltrúi þeirra sé formaður hennar.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að Veðurstofa Íslands skuli annast gagnaöflun og rannsóknir varðandi snjóalög, snjóflóð og snjóflóðahættu, svo og gefa út aðvaranir um snjóflóðahættu. Í gildandi lögum um Veðurstofu Íslands eru ekki nein bein ákvæði um þessi atriði. Þrátt fyrir það hefur Veðurstofan unnið að þessum verkefnum undanfarin ár. Hefur hún í samvinnu við Almannavarnir ríkisins gefið út aðvaranir um snjóflóðahættu.

Ákvæði greinarinnar miða að því að festa í sessi núverandi starfsemi Veðurstofunnar á þessum vettvangi. Haft er í huga að sömu ákvæði verði tekin upp í lög um Veðurstofu Íslands, þegar þau verða endurskoðuð.

Um 6. gr.

Til að unnt sé að meta snjóflóðahættu í hverju byggðarlagi, verður að safna gögnum um veðurfar og snjóalög í byggðarlaginu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarstjórn feli sérstökum starfsmanni þetta verkefni. Hér er um hlutastarf að ræða. Umfang starfsins og lengd athugunartímans yrðu misjöfn eftir aðstæðum og árferði.

Miðað er við að athugunarmaður sé starfsmaður sveitarstjórnar og hafi náið samráð við hana og almannavarnanefnd sveitarfélagsins varðandi störf sín. Veðurstofa Íslands hefur

faglega stjórn athugana á hendi, leggur til tæki í þessu skyni og kennir starfsmanninum til verka. Hún fær einnig allar niðurstöður mælinga og athugana og metur snjóflóðahættu í samráði við athugunarmann. Veðurstofan endurgreiðir sveitarfélaginu helming launa starfsmannsins fyrir þau störf sem hér um ræðir, skv. samkomulagi þar um.

Í nokkrum sveitarfélögum hafa athugunarmenn þegar hafið störf. Hefur reynsla af því verið góð.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er það hlutverk sveitarstjórnar að fengnu hættumati, sbr. 3. gr., að láta gera endanlegar tillögur að varnarvirkjum og hanna þau. Á þetta við um byggð svæði og óbyggð. Þá er kveðið á um að ekki megi byggja á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð sem fyrir er á hættusvæðum fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að tillögur sveitarstjórnar og áætlanir um varnarvirki skuli háðar samþykkt Almannavarna ríkisins og staðfestingu félagsmálaráðherra. Almannavörnum ber að ganga úr skugga um það að reglur um hættumat og hættusvæði séu virtar í hvívetna. Enn fremur skulu þær hafa í huga að hagsýni sé gætt við gerð varnarvirkja og að kostnaður við varnaraðgerðir sé í eðlilegu hlutfalli við verðmæti og hagsmuni, sem verja á.

Um 9. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Með tilliti til þess að sveitarstjórn fær að jafnaði mikinn meiri hluta kostnaðar við varnarvirki greiddan úr ofanflóðasjóði (sbr. 11. gr.) er sett inn ákvæði um, að verk skuli unnin á grundvelli útboðs, verði því við komið.

Um 10. gr.

Hlutverk ofanflóðasjóðs er að auðvelda þeim sveitarfélögum, sem búa við hættu af ofanflóðum, að koma upp vörnum. Í greininni er kveðið á um tekjur sjóðsins. Er þar annars vegar um fastan tekjustofn að ræða til frambúðar, þ. e. 5% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Er áætlað að þær tekjur geti numið um 5 m. kr. árið 1985. Hins vegar er um að ræða árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun, sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni. Markmiðið með þessu framlagi er að skapa fjárhagslegt svigrúm til að gera nokkurt átak í þessum málum á næstu árum eftir gildistöku laganna. Auk þessara tveggja tekjustofna koma til aðrar tekjur svo sem vaxtatekjur.

Í gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands er stjórn stofnunarinnar heimilað að styrkja framkvæmdir sem eiga að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Með ákvæðinu í 10. gr. er bundið að ákveðinn hluti af iðgjaldatekjum Viðlagatryggingar renni til varna gegn tjóni af völdum ofanflóða. Verði þetta ákvæði að lögum, er eðlilegt að sama ákvæði sé fellt inn í lög um Viðlagatryggingu.

Telja verður eðlilegt að Viðlagatrygging taki þátt í kostnaði við gerð varnarvirkja, þar eð þau munu draga úr bótagreiðslum stofnunarinnar vegna ofanflóða. Til samanburðar við framlag Viðlagatryggingar má geta þess að bótagreiðslur hennar vegna snjóflóða hafa verið sem hér segir:

Árin 1976—82	Engar bætur
Árið 1983	7.7 m. kr.
Árið 1984 (til loka september)	4.4 m. kr.

Lagt er til að ofanflóðasjóður sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands og annist hún ávöxtun og bókhald fyrir sjóðinn. Með því móti ætti kostnaði að vera haldið í lágmarki.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um þátttöku ofanflóðasjóðs í kostnaði við hina ýmsu þætti varna.

Sjóðurinn skal greiða allan kostnað við hættumat og undirbúningsvinnu hættumats. Ákvæðið miðar að því að hættumat sé gert svo fljótt sem verða má fyrir alla þéttbýlisstaði, sem taldir eru hafa þörf fyrir slíkt mat, án þess að viðkomandi sveitarfélög þurfi að leggja fram fé til þess. Er þá haft í huga að hættumatið ásamt tilheyrandi neyðaráætlun getur þegar orðið mikilvægt hjálpartæki til að draga úr hættu á slysum og manntjóni.

Þátttaka sjóðsins í öðrum þáttum varna má nema allt að 4/5 hlutum af kostnaði þeirra. Nær sú heimild til framkvæmdakostnaðar við varnarvirki, þar með talinn kostnaður við hönnun og annan undirbúning, eftirlit með framkvæmdum, svo og kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna. Sé talið hagkvæmara að kaupa fasteign til niðurrifs í stað þess að gera varnarvirki fyrir hana, má sjóðurinn taka þátt í kaupunum. Þá er sjóðnum heimilt að taka að sama marki þátt í kaupum og uppsetningu tækja og búnaðar sem sérstaklega er aflað til rannsókna vegna snjóflóðahættu.

Í greininni er kveðið á um að Almannavarnir ríkisins geri tillögur til félagsmálaráðherra um úthlutanir úr sjóðnum, en ráðherra tekur endanlega ákvörðun um þær.

Nefnd sú, sem samdi lagafrumvarp þetta, hefur reynt að meta lauslega kostnað við gerð varnarvirkja fyrir núverandi byggð í þeim þéttbýlisstöðum, sem taldir eru búa við hættu frá ofanflóðum. Niðurstaðan varð sú, að heildarkostnaður gæti legið á bilinu 250—400 m. kr., og þá hluti ofanflóðasjóðs 200—320 m. kr.

Þó að þetta mat sé mjög mikilli óvissu háð, gefur það vísbendingu um að greiða megi mikinn hluta kostnaðar við varnir á 10 árum með fjármagni ofanflóðasjóðs og framlagi viðkomandi sveitarfélaga.

Um 12. gr.

Ákvæði um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og sölugjalds á sér mörg fordæmi í svipuðum tilvikum, sem hér um ræðir. Heimild til þessa var þegar tekin inn í fjárlög fyrir 1984.

Um 13. gr.

Lagt er til að kostnaður vegna ofanflóðanefndar sé greiddur úr ríkissjóði. Er þá haft í huga, að kostnaður vegna stjórnunar þessara mála er allur greiddur úr ríkissjóði í gegnum viðkomandi stofnanir. Er eðlilegt að sama gildi um ofanflóðanefnd.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 617. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Upphaf III. liðar ákvæðis til bráðabirgða í 1. gr. orðist svo:

Auk sérstakra bóta samkvæmt II skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa o. s. frv.

Sþ. 618. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Fiskifélagi Íslands, Þjóðhagsstofnun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi Sambands fiskframleiðenda, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, viðskiptaráðuneytinu og sjávarútvegsráðuneytinu.

Þótt flestar umsagnirnar hvetji til aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bæta hag sjávarútvegs er jafnframt ljóst að niðurstöður liggja fyrir um mörg þau atriði sem lagt er til í þingsályktunartillögunni að athuguð séu. Ríkisstjórnin hefur vanda sjávarútvegsins til athugunar og meðferðar og hefur reyndar frá því tillagan var flutt þegar gert ráðstafanir í þágu sjávarútvegsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að **tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. mars 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form. Björn Dagbjartsson, frsm. Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.

Nd. 619. Breytingartillaga [49. mál]

við frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

6. gr. orðist svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum, með 10 þúsund íbúa eða fleiri, skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

Nd. 620. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. mars.)

1. gr.

1. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísindadeild.

2. gr.

Í stað síðustu málsgr. 11. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

3. gr.

2. málsgr. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor meðan hann gegnir rektorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors, að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár skal háskóladeild taka afstöðu til þess hvernig með stöðuna skuli fara og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr. er hljóði svo:

Í tengslum við skrifstofu háskólans starfar þjónustumiðstöð sem annast gerð samninga milli aðila innan háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú, sem kveðið er á um í 1. gr., skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.

Ed. 621. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. mars.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 21/1984 og brbl. 102/1984, komi ný ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II.

I.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1985 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

		M. kr.
a.	Almenn deild	230
b.	Verðjöfnunardeild	230
c.	Áhafnadeild	80

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða. Þá mun ríkissjóður leggja fram 50 m. kr. til áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

II.

Árið 1985 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt II skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í II, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

IV.

Árið 1985 skal áhafnadeild, auk greiðslu fæðispeninga, greiða 80 m. kr. til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 622. Fyrirspurn [385. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úrbætur í sjávarútvegi á Suðurnesjum.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er sjávarútvegsráðherra reiðubúinn til þess að gera sérstakar ráðstafanir sem verða megi til að endurbæta og endurreisa rekstur sjávarútvegsgreina á Suðurnesjum með hliðsjón af því uggvænlega ástandi sem þar ríkir í þessum efnum?

2. Er ráðherra tilbúinn til að úthluta, vegna þeirrar óskar sem fram hefur komið, viðbótarkvóta til þeirra skipa sem gerð eru út af svæðinu og hafa þá hliðsjón af þeim samdrætti í veiðikvóta sem rekja má til sölu margra öflugra fiskiskipa frá Suðurnesjum að undanförnu?
3. Er ráðherra reiðubúinn til þess að leita leiða til að koma á miðlun afla til þessa svæðis frá stöðum sem ekki ráða við þann afla sem á land berst nema fá til erlent vinnuafl?

Sþ. 623. Fyrirspurn [386. mál]

til landbúnaðarráðherra um breytingu á niðurgreiðslum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða breyting hefur orðið á hlutfalli niðurgreiðslna í útsöluverði helstu landbúnaðarafurða s. l. 5 ár?
2. Hvert væri verð á einingu á helstu landbúnaðarafurðum til neytenda nú ef sama niðurgreiðsluhlutfall væri í gildi og á árinu 1982? Gildandi verð á einingu óskast tilgreint til samanburðar.
3. Hver hefur verið árleg heildarupphæð niðurgreiðslna á árunum 1975—1984 á verðlagi ársins 1985?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 624. Fyrirspurn [387. mál]

til sjávarútvegsráðherra um viðmiðunarverð Fiskveiðasjóðs á skipum.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hefur stjórn Fiskveiðasjóðs orðið við þeirri beiðni ráðherra að ákveða viðmiðunarverð er gildi við endursölu á þeim skipum sem kunna að verða seld á nauðungaruppboði?

Sþ. 625. Fyrirspurn [388. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað vegna samninganefndar um stóriðju og vegna stóriðjunefndar.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hvaða kostnaður hefur orðið vegna starfs samninganefndar um stóriðju og vegna stóriðjunefndar sem skipaðar voru 14. júní 1983, sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

a. heildarkostnaður vegna hvorrar nefndar,
b. sundurliðun eftir árum 1983 og 1984,
c. sundurliðun eftir verkefnum,
d. þóknun til einstakra nefndarmanna og starfsmanna nefndanna,
e. þóknun til einstakra ráðunauta (aðkeypt ráðgjöf),
f. ferðakostnaður,
g. annar kostnaður?

Óskað er skriflegs svars.

Sþ. 626. Fyrirspurn [389. mál]

til iðnaðarráðherra um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá Helga Seljan.

1. Eru uppi áætlanir um að draga úr starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins, m. a. með því að fela öðrum stofnunum ákveðin, veigamikil verkefni þess?
2. Hvað hyggst ráðuneytið gera til að tryggja enn betur þann þýðingarmikla þátt öryggismála sem Rafmagnseftirlitið annast nú?

Sþ. 627. Fyrirspurn [390. mál]

til menntamálaráðherra um vélstjóranám.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hve margir nemar voru innritaðir til vélstjóranáms á 1., 2., 3. og 4. stigi á árunum 1976-1985 og hve margir luku námi á hverju stigi á þeim tíma?
2. Hve margir nemar fóru á sama tímabili í vélgæslunám og luku því?

Svör óskast sundurliðuð eftir skólum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 628. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur fulla þörf á að skipa sérstaka nefnd til að athuga rekstrarvanda sjávarútvegsins þó að miklar upplýsingar liggi þegar fyrir um marga þætti hans. Fyrst þarf að draga saman þessar upplýsingar, síðan auka verulega við þær, skoða þær síðan og skilgreina jafnframt hina margvíslegu og margþættu erfiðleika í rekstri sjávarútvegsins og leita loks leiða til að leysa hann á skipulegan og markvissan hátt — og hrinda því í framkvæmd.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur til að till. verði samþykkt og gamalgróin upplýsingastofnun í sjávarútvegi, Fiskifélag Íslands, gerir það einnig. Ýmis önnur samtök í sjávarútvegi eru hlynnt sjónarmiðum sem koma fram í tillögunni, þar á meðal eru SH, SÍF og Félag Sambands fiskframleiðenda.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að till. verði samþykkt.

Alþingi, 25. mars 1985.

Kristín S. Kvaran, fundaskr.	Garðar Sigurðsson, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 629. Fyrirspurn [391. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvaða afgreiðslu hafa þingsályktanir, bornar fram af einstökum þingmönnum og samþykktar á Alþingi á tímabilinu frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1985, hlotið hjá stjórnvöldum?

Óskað er eftir að fram komi afgreiðsla stjórnvalda á hverri þingsályktun fyrir sig og hve langan tíma hver ályktun var til meðferðar hjá stjórnvöldum áður en til framkvæmda kom.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 630. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þingmenn Bandalags jafnaðarmanna hafa þrisvar sinnum flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, þar sem lagt er til að sú skipulagsbreyting verði gerð á ákvörðun Verðlagsráðs um verð á sjávarafla að lágmarksverð verði ákveðið í frjálsum samningum af fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda í Verðlagsráði sjálfu. Frumvörpin gera ráð fyrir að niður verði felld 10. gr. laganna þar sem fjallað er um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs þar sem sæti á meðal annarra oddamaður frá Þjóðhagsstofnun. Breytingin felur það í sér fyrst og fremst að tekið er fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafla og ábyrgð þess á þeim.

Hlutdeild ríkisvaldsins hefur á undanförnum árum leitt til gengisfellinga, upptöku gengismunar, dreifingar uppsafnaðs söluskatts og þess háttar meðaltalsæfinga í kringum núllpunktinn. Slík stjórnlist kann einhverjum að þykja „pólitískt skynsamleg“ á hverjum tíma en á ekkert skylt við skynsamlega stefnu í efnahags- og atvinnumálum.

Í frumvarpi því um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem hér er fjallað um, er enn þá að finna óbreytt ákvæði um yfirnefnd eins og er í 10. gr. laganna frá 1974. Undirritaður flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali um að þessi grein verði felld niður úr frumvarpinu. Ef sú breytingartillaga nær ekki fram að ganga mun hann greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði um að Verðlagsráði sé heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega standi á að mati ráðsins enda sé einróma samkomulag um það í ráðinu. Í 8. gr. frumvarpsins er nýtt ákvæði um að Verðlagsráð skuli haga verðákvörðunum sínum þannig að það stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. að tekið verði mið af gæðum sjávaraflans eftir því sem markaðsaðstæður bjóða upp á. Undirritaður telur bæði þessi ákvæði til bóta og væntir þess að þau móti starfsemi nýs Verðlagsráðs verði frumvarp þetta að lögum.

Alþingi, 25. mars 1985.

Guðmundur Einarsson.

Nd. 631. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá Guðmundi Einarssyni og Kristínu S. Kvaran.

Við 10. gr. Greinin falli niður.

Nd. 632. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og leitað umsagnar um málið.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Ingvar Gíslason.

Gunnar G. Schram. | Halldór Blöndal.

Sþ. 633. Tillaga til þingsályktunar [392. mál]

um réttarstöðu heimavinnandi fólks.

Flm.: Maríanna Friðjónsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd sem hafi það verkefni að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélagnu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Öllum er ljóst í orði þjóðhagslegt gildi starfa heimavinnandi fólks. Má í því sambandi benda á umönnun ungra barna og aldraðra á heimilunum sem ella tækju pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka. Einnig má benda á uppeldislegt gildi sem ekki verður metið til fjár þegar til lengri tíma er litið. Störf heimavinnandi fólks hafa því í för með sér beinan fjárhagslegan sparnað fyrir þjóðfélagið.

Ýmis félagsleg réttindi, sem öðrum þykja sjálfsögð, eru ýmist mjög takmörkuð fyrir heimavinnandi fólk eða alls engin.

1. Ekki liggur ljóst fyrir um hve stóran hóp þjóðfélagsþegna er að ræða sem eingöngu vinnur heimilisstörf, en á árinu 1982 voru 80% kvenna 16 ára og eldri með einhverja vinnu utan heimilis.
2. Heimavinnandi fólk hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi.

3. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir, og sjálfsögð félagsleg réttindi eins og orlof, lögskipaður hvíldartími og fleira fyrirfinnst ekki.
4. Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð hvað varðar skattlagningu og aðrir þegnar þjóðfélagsins, og lýsir það sér m. a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja.
5. Heimavinnandi fólk þarf að tryggja sérstaklega á skattaskýrslu og er eini hópur þjóðfélagsins sem slíkt gildir um.
6. Heimavinnandi fólk hefur ekki sama rétt til sjúkradagpeninga og aðrir.
7. Hafi einstaklingur varið mestum hluta ævi sinnar til heimilisstarfa en kýs síðan að halda út á vinnumarkaðinn að nýju er fyrra starf mjög lítils metið í launum eða starfsaldurshækkunum.
8. Heimavinnandi konur sitja ekki við sama borð og útivinnandi hvað varðar fæðingarorlof sem greitt er úr almannatryggingum. — Hér er hið opinbera að skipta konum í verðflokka.
9. Heimavinnandi fólk, sem er í hlutastarfi á vinnumarkaði, missir einnig ýmis félagsleg réttindi.

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur atriði sem sýna ljóslega réttleysi heimavinnandi fólks sem vert væri að hafa í huga við úttekt þessa. Auðvitað kemur margt annað til greina, svo sem menntunarmál heimavinnandi fólks, en staðreynd er að atvinnumöguleikar kvenna eru takmarkaðri en annarra þegar þær koma á vinnumarkaðinn eftir langa fjarveru við heimilisstörf og barnauppeldi. Mikið skortir á að þessu hafi verið mætt með skipulagðri fullorðinsfræðslu, endurmenntun og starfsþjálfun sem opni heimavinnandi fólki fleiri möguleika til atvinnu.

Það er einlæg von flutningsmanna að mál þetta hljóti skjótan framgang og á því verði tekið af fullri alvöru og skilningi.

Sþ. 634. Tillaga til þingsályktunar [393. mál]

um niðurfellingu söluskatts af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

Flm.: Maríanna Friðjónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að fella nú þegar niður söluskatt af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

Greinargerð.

Á síðasta ári var Ríkisútvarpinu gert skylt að greiða alls 46,6 milljónir kr. í söluskatt af auglýsingum. Hins vegar eru dagblöð og flest tímarit undanþegin þessari skattlagningu. Telja verður óeðlilegt eins og nú er, meðan undanþágur frá söluskatti tíðkast, að gera ríkisstofnun á borð við Ríkisútvarpið að greiða skatta sem aðrir aðilar með hliðstæða starfsemi eru undanþegnir.

Benda má á það að ýmis blöð, sem vart teljast menningarleg eða fræðandi, jafnvel þótt velviljaðir menn vildu skilgreina þau svo, eru undanþegin söluskatti af auglýsingum.

Sþ. 635. Breytingartillögur [365. mál]

við till. til þál. um vegáætlun árin 1985—1988.

Frá Ragnari Arnalds, Helga Seljan, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Garðari Sigurðssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Skúla Alexanderssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við I. Áætlun um fjáröflun. 1.2 Önnur framlög 1985. Í stað „265“ komi: 525.
2. Við II. Skipting útgjalda. 2.3 Til nýrra þjóðvega 1985.
   a. Við 1.1 Stofnbrautir almennt. Í stað „203“ komi: 281.
   b. Við 1.2 Bundin slitlög. Í stað „145“ komi: 201.
   c. Við 1.3 Sérstök verkefni. Í stað „157“ komi: 217.
   d. Við 1.4 Ó-vegir. Í stað „42“ komi: 58.
   e. Við 2 Þjóðbrautir. Í stað „105“ komi: 145.
   f. Við 3 Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum. Í stað „16“ komi: 22.
   g. Við 4 Girðingar og uppgræðsla. Í stað „10“ komi: 14.

Ed. 636. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamninga um örugga gáma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, um gáma.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma.

Alþingi, 25. mars 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Árni Johnsen.
Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Valdimar Indriðason.
	Jón Kristjánsson.	

Ed. 637. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 17. júlí s. l. sumar. Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 24. mars 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Eiður Guðnason.	Davíð Aðalsteinsson.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Sþ. 638. Tillaga til þingsályktunar [394. mál]

um atvinnumál á Norðurlandi eystra.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta vinna nú þegar tillögur til úrbóta í atvinnumálum á Norðurlandi eystra. Tekið verði á eftirfarandi atriðum:

1. leiðum til úrbóta á þessu ári svo að komist verði hjá frekari brottflutningi fólks og atvinnuleysi á svæðinu,
2. markmiðum sem stefna beri að í náinni framtíð í samvinnu við atvinnumálanefndir í kjördæminu,
3. fjármögnun í þeim tilgangi að efla atvinnulífið með því að stofna þróunarsjóð sem hlíti stjórn heimamanna,
4. uppbyggingu iðngarða þar sem fyrirtækjum gefst kostur á atvinnuhúsnæði til leigu.

Greinargerð.

Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra fer vaxandi og veldur heimamönnum síauknum áhyggjum. Fólksflótti er frá þessu landsvæði í leit að atvinnu, t. d. eru um 200 iðnaðarmenn frá Akureyri starfandi á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hætta er á að fiskvinnslufólk missi sína atvinnu vegna uppboða á togurum. Til þess að sporna við þessari þróun þarf að styrkja stoðir þess atvinnulífs sem fyrir er og leita nýrra leiða atvinnulífinu til eflingar hvort sem það er í smáum eða stórum stíl.

Mikilvægt er að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni þannig að sem flestum gefist kostur á starfi við sitt hæfi. Til þess að ná því takmarki er það höfuðatriði að stjórnvöld marki stefnu í atvinnumálum í samvinnu við heimamenn á hverjum stað.

Þau atriði, sem þessi tillaga til þingsályktunar felur í sér, mætti hugsa sér að falin yrðu fleiri en einum aðila til úrlausnar.

Á næstu árum mun fjöldi ungmenna koma á vinnumarkaðinn. Á árinu 1983 voru á Norðurlandi eystra 2705 manns á aldrinum 15—19 ára eða 541 að meðaltali í árgangi, á sama ári urðu aðeins til 60 ný störf. Brottfluttir umfram aðflutta voru 204 það sama ár og 220 atvinnulausir að meðaltali á mánuði. Á árinu 1984 eykst atvinnuleysi á mánuði hverjum um nær 50% og fer upp í 326 manns. Hefðbundnu atvinnugreinarnar, sjávarútvegur og landbúnaðar, munu ekki taka við auknum fjölda fólks á komandi árum. Því verður að leita nýrra leiða til þess að sporna við byggðaröskun og félagslegri upplausn.

Mikið hefur verið rætt um nýjar greinar svo sem örtölvutækni, líftækni og fiskeldi sem vænlega kosti fyrir okkur Íslendinga. Til þess að fylgja þessu eftir er fyllilega tímabært að

setja á laggirnar nefnd sem hugaði að iðnaði af þessu tagi á sama hátt og stóriðjunefnd fjallar um málefni stóriðjunnar. Slík nefnd yrði heimaaðilum til ráðuneytis um vænlega kosti í nýiðnaði.

Athygli manna hefur á undanförnum árum einkum beinst að stóriðju en ekki má eingöngu einblína á hana til eflingar atvinnu. Við þurfum að vera opin fyrir öllum möguleikum sem völ er á í atvinnulífinu til eflingar svo framarlega sem þær eru þjóðhagslega hagkvæmar.

Oft veldur skortur á fjármagni því að góðum hugmyndum er ekki hrundið í framkvæmd; það stoðar lítið að koma með nýjar tillögur um eflingu atvinnulífsins ef fjármagn fæst ekki til framkvæmda. Það fyrirkomulag, að sjóðir og stofnanir í Reykjavík ráða því hvernig fjármagninu er úthlutað, leiðir ekki til betri nýtingar. Raunhæfara er að hver landshluti fái til ráðstöfunar það fjármagn, sem þar er aflað, í mun ríkara mæli en nú er. Á meðan svo er ekki er nauðsynlegt að stofna þróunarsjóði í hverjum landshluta fyrir sig sem væri undir stjórn heimamanna. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir að útvega 500 millj. kr. til nýs þróunarfélags, auk þess sem 50 millj. kr. eru á fjárlögum yfirstandandi árs í sama skyni. Þessu fjármagni ætti að dreifa til þróunarsjóða, þ. e. iðnþróunarsjóða. Með því væri meiri von til þess að ákvarðanir í þessum málum og ábyrgð á þeim héldust í hendur.

Uppbygging iðngarða, þar sem fyrirtækjum gæfist kostur á því að leigja atvinnuhúsnæði, er ein leið til að auðvelda mönnum að setja á stofn fyrirtæki. Með því móti væri fjármagni og kröftum einstaklinga og félaga beint að því að byggja upp þann rekstur sem um er að ræða á meðan fyrirtækin væru að festa rætur.

Þó að þessi tillaga taki til atvinnumála á Norðurlandi eystra er ekki þar með sagt að atvinnuástand sé viðunandi í öðrum landshlutum. Það er ekki nóg að ræða eingöngu um hlutina heldur þarf að hefjast handa um úrbætur. Viðeigandi er því að byrja á þeim landshluta þar sem atvinnuleysi er mest.

Á s. l. ári var atvinnuleysi 2,8% á Norðurlandi eystra. Í janúar s. l. var 4,7% atvinnuleysi á sama svæði. Auk þess má áætla að 1—2% heimamanna sæki vinnu suður til Reykjavíkur og nágrennis.

Ed. 639. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 26. mars 1985.

Egill Jónsson, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.

Eiður Guðnason.

Sþ. 640. Fyrirspurn [395. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslustyrki eða niðurgreiðslur til kartöfluverksmiðja.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve hárri upphæð munu niðurgreiðslur eða framleiðslustyrkir til kartöfluverksmiðja nema á þessu ári?
2. Hvernig var upphæðin ákveðin og við hvað miðast hún?
3. Er þess að vænta að verð á unnum kartöflum til neytenda lækki sem nemur niðurgreiðslunni eða framleiðslustyrknum?

Sþ. 641. Fyrirspurn [396. mál]

til menntamálaráðherra um sýningar Þjóðleikhússins.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hversu margar leiksýningar hefur Þjóðleikhúsið haft á eftirtöldum svæðum s. l. 5 ár: Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi?
2. Hve marga leikstjóra eða leikara lét Þjóðleikhúsið leikfélögum úti á landi í té s. l. 5 ár?

Ed. 642. Frumvarp til laga [397. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum.

2. gr.

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a) vera fjárráða
b) hafa forræði á búi sínu
c) vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðasta ár.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi, fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

3. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

Lögreglustjóri skal tilkynna leyfisveitingu sveitarstjórn, eldvarnareftirliti, heilbrigðisnefnd og vinnueftirliti.

4. gr.

Skipti fyrirtæki um rekstraraðila skal strax sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

5. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

6. gr.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir dauðsfallið án nýs leyfis.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a) ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt
b) ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum, eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

a) Gistihús.
Gististaður, þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.
b) Gistiheimili.
Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
c) Gistiskáli.
Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.
d) Gisting á einkaheimilum.
Gisting á heimili leigusala.
Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

9. gr.

Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

a) Veitingahús.
Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.

b) Skemmtistaður.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.
c) Veitingastofa, greiðasala.
Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.
d) Veisluþjónusta, veitingaverslun.
Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.
e) Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.
Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

10. gr.

Rekstraraðilar er undir þessi lög falla skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

11. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi samkvæmt lögum þessum og sér um að þau séu endurnýjuð. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

12. gr.

Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og brunamál.

13. gr.

Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.
Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

14. gr.

Ráðherra setur reglugerð samkvæmt lögum þessum ekki síðar en sex mánuðum eftir gildistökuna. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.
Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af Matthíasi Bjarnasyni, samgönguráðherra, í ágúst 1983, en í henni áttu sæti Lúðvíg Hjálmtýsson, ferðamálastjóri, sem var

formaður, Hólmfríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri og Kolbrún Harðardóttir, heilbrigðisráðunautur.

Frumvarpið er flutt svo til óbreytt efnislega. Aðeins er skotið inn 2. mgr. 2. gr., sem til varð í lögum nr. 57/1982.

Af hálfu nefndarinnar fylgdi frumvarpinu svohljóðandi greinargerð:

Hin nýju frumvarpsdrög eru töluvert frábrugðin núgildandi lögum. Greinum er fækkað verulega. Felld eru niður ákvæði, sem upp hafa verið tekin í önnur lög, er ná jafnframt til veitinga- og gistihúsa. Einnig eru felld út ákvæði, sem að mati nefndarinnar eiga ekki heima í lögum um veitinga- og gististaði, svo og ákvæði, sem vegna breyttra aðstæðna eru orðin úrelt.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir ákvæðum frumvarpsdraganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögin ná yfir alla sölu á gistingu til gesta og gangandi hvort heldur er á almennum gististöðum eða einkaheimilum. Einnig ná þau til allrar veitingasölu, sem almenningur á aðgang að þ. e. utan mötuneyta og stofnana, og leigu á samkomusölum til funda eða skemmtistaðahalds, með veitingum eða án. Í umræðum innan nefndarinnar voru skiptar skoðanir um hversu langt skyldi ganga, samanber ákvæði 9. gr., lið d og e.

Um 2. gr.

Almenn ákvæði um fjárræði, forræði og heimilisfesti.

Um 3. gr.

Almenn ákvæði um leyfisútgáfu, tíma, endurnýjun o. s. frv. Þær aðstæður geta verið til staðar er brjóta í bága við almannaheill, og því sé réttlætanlegt að synja leyfisumsókn þótt almennum skilyrðum sé fullnægt.

Í núgildandi lögum skal álits sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar leitað áður en leyfi er veitt. Í framkvæmd hefur raunin ærið oft orðið sú, að fyrir ferst að leita slíks álits, eða svör berast seint og illa. Rekstur hefst því á bráðabirgðaleyfum og er rekinn á þeim árum saman. Því er talið raunhæfara að skylda útgáfuaðila til þess að tilkynna strax þeim aðilum, er málið snertir, að leyfi hafi verið gefið út. Þeirra er síðan að starfa eftir þeim lögum, er um þeirra starfsemi gilda.

Um 4.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8.—9. gr.

Í þessum gr. er leitast við að flokka þá starfsemi, er undir lög þessi fellur. Við skiptinguna er einkum tvennt haft í huga:

a. að gesturinn geti gert sér sem gleggsta hugmynd um þá starfsemi og þjónustu, sem í boði er.
b. að árétta, að öll sala á veitingum og gistingu, sem almenningur á aðgang að, fellur undir lög þessi.

Um 10. gr.

Mjög takmarkaðar tölulegar upplýsingar eru til um ýmsa þætti ferðaþjónustunnar. Háir þetta allri skipulagningu greinarinnar. Er vilji bæði meðal einkaaðila og opinberra til að bæta þar úr.

Um 11. gr.

Talið er nauðsynlegt, að árlega sé gefin út skrá yfir gild leyfi, bæði til upplýsinga og til þess að fylgja endurnýjun eftir.

Um 12. gr.

Í núgildandi lögum og reglugerð við þau eru ákvæði um eftirlit með rekstri veitinga- og gistihúsa. Frá gildistöku laganna hafa hins vegar verið samþykktir sérstakir laga- og reglugerðabálkar um hina ýmsu eftirlitsþætti. Gilda þeir um veitinga- og gistihús sem og annan atvinnurekstur. Telst óþarft að hafa tvenn lög um þessi atriði.

Um 13. gr.

Þjónusta gistihúsa er þess eðlils, að er að uppgjöri kemur, hefur gesturinn eytt því er greiða ber. Því verður veð ekki tekið í hinu selda. Þykir rétt að taka megi veð í einhverju öðru, er gesturinn hefur meðferðis.

Þess má geta að sambærilegt ákvæði er í nýsamþykktum norskum lögum um veitinga- og gistihús.

Um 14. gr.

Sem sjá má af frumvarpsdrögunum eru þau einföld í sniðum. Er gert ráð fyrir að mun nánari ákvæði verði sett með reglugerð, enda er hún sveigjanlegri og auðveldara um breytingar með breyttum starfsháttum og aðstæðum í atvinnugrein, sem er í örri þróun. Er sérstaklega bent á þörf þess að ákvarða með reglugerð:

a. búnað gististaða.
b. búnað veitingastaða.

Nefndin telur að í reglugerð um veitinga- og gististaði eigi að vera samræmd ákvæði um starfstíma veitingahúsa. Ákvæði hér að lútandi er nú að finna í reglum um slit á skemmtunum og öðrum samkomum frá 16. júlí 1979, lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926, reglugerð um sölu og veitingar áfengis nr. 118/1954 og gildandi samþykktum í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins.

Um 15.—16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 643. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

Frv. þetta liggur nú fyrir Alþingi öðru sinni. Á síðasta þingi fékk nefndin málið til athugunar og sendi þá út beiðnir um umsagnir. Eftir þeim umsögnum var kallað að nýju í haust þegar frv. kom til nefndarinnar og hafa borist svör frá eftirgreindum aðilum:

Sjómannasambandi Íslands,
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,
Sjómannafélagi Ísfirðinga,
Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda,
Landssambandi ísl. útvegsmanna,
Verkalýðsfélagi Akraness,
Stýrimannafélagi Reykjavíkur,
Stýrimannafélagi Íslands,
Slysavarnafélagi Íslands og Hafskipum hf.

Hefur nefndin haft mið af þessum umsögnum við umfjöllun um frv. og við gerð breytingartillagna sinna, en að öðru leyti felst nefndin á frv. í megindráttum.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 2., 9., 20., 39., 68., 69., 70., 73., 87., 120., 122., 127., 152., 159., 174., 184., 196., 204. og 242. gr., eru einkum orðalagsbreytingar sem horfa til glöggvunar en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Varðandi breytingartillögu við 199. gr. skal tekið fram að nefndin taldi að orðalag 2. málsl. fyrri mgr. samkvæmt frv. gæti leitt til óæskilegrar niðurstöðu, einkum gagnvart sjómönnum sem stundum eiga erfitt um vik að gæta réttar síns sökum langvarandi fjarvista og þess háttar, og er því lagt til að þessu ákvæði frv. verði breytt á þann veg að hæfilegt tillit sé tekið að þessu leyti til þarfa þeirra en jafnframt til hagsmuna grandlausra viðsemjenda eigenda skips, svo sem nánar er skýrt í greinargerð er fylgdi frv.

Þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á 221. og 226. gr. frv., er ætlað að tryggja eftir föngum að rannsókn sjóslysa verði sem nákvæmust og leiði til fullrar vissu um orsakir slyss og er mælt með auknum lögreglurannsóknum í því augnamiði. Jafnframt er lagt til að lögtekin verði ákvæði um skráningar- og tilkynningarskyldu slysa.

Breytingartillaga nefndarinnar við 172. gr. frv. er til samræmis við samkomulag sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands annars vegar og Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda og Landssamband íslenskra útvegsmanna hins vegar gerðu með sér um það efni þann 28. febrúar 1985, í tilefni af þáverandi vinnudeilu sjómanna og útgerðarmanna.

Dr. Páll Sigurðsson dósent, formaður endurskoðunarnefndar siglingalaga, hefur unnið með nefndinni og aðstoðað hana á ýmsan hátt við meðferð málsins.

Alþingi, 26. mars 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Árni Johnsen.
Jón Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 644. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „vert“ í 3. tl. fyrri mgr. komi: virði.
   b. Síðari mgr. orðist svo:
      Öll þau atriði, sem eru talin í 1. mgr., skulu sönnuð með skoðunargerð dómkvaddra manna eða annarra sem að lögum eru til þess bærir.

2. Við 9. gr. Í stað orðanna „ef honum ber nauðsyn til þess“ í niðurlagi fyrri málsl. 2. málsgr. komi: ef honum er nauðsyn á því.

3. Við 20. gr.
   a. Í stað orðanna „líta á“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: kanna; og í stað orðsins „vert“ í sama málsl. komi: virði.
   b. Í stað orðanna „eða hjálpa farmi við á annan veg“ í fyrri málsl. 2. mgr. komi: eða gera aðrar ráðstafanir til að verja farminn skemmdum.
   c. Fyrri málsl. 3. mgr. orðist svo: Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög kveða á um eða venja er fyrir á þeim stað.

4. Við 39. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Farmsamningshafi skal færa vöru að skipshlið en farmflytjandi annist fermingu hennar, búlkun alla, undirbreiður og refti.

5. Við 68. gr. Í stað orðsins „stjórnarherrar“ í g-lið 2. mgr. komi: stjórnvöld.

6. Við 69. gr. Í stað orðanna „enda er honum ekki skylt að greiða skaðabætur“ í niðurlagi 1. mgr. komi: og er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

7. Við 70. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Bætur samkvæmt 68. gr. skal ákveða eftir því verðgildi sem varan mundi hafa haft ósködduð við afhendingu á réttum stað og tíma.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsl. er orðist svo: Með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skal slíkur gámur, bretti eða flutningsbúnaður teljast vera ein eining eða stykki, sbr. 2. mgr.

8. Við 73. gr. Fyrri málsl. 2. mgr. orðist svo: Við flutning, sem fram fer með skipi í eigu annars en farmflytjanda, er sá sem annast flutninginn ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins samkvæmt sömu ákvæðum og farmflytjandi.

9. Við 87. gr. Í stað orðanna „láta það fara þær ferðir“ komi: láta skip fara þær ferðir.

10. Við 120. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Með „farsala“ er í þessum kafla átt við þann sem í atvinnuskyni eða gegn þóknun í viðskiptaaugnamiði tekur að sér eftir samningi að flytja með skipi farþega eða farþega og farangur.

11. Við 122. gr. Greinin orðist svo:
    Ákvæðum þessa kafla verður ekki beitt ef flutningurinn er háður alþjóðasamningi um flutning með annars konar farartæki en skipi.

12. Við 127. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
    Skylt er farþegum að fara að öllu leyti eftir fyrirmælum þeim sem gefin eru um góða háttsemi og reglu á skipi.

13. Við 152. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
    Hafi eigi verið samið á annan veg fer fullnaðarmat og niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns fram á þeim stað sem útgerðarmaður velur.

14. Við 159. gr. Greinin orðist svo:
    Þegar meta skal sök á árekstri samkvæmt 158. gr., skal dómari taka tillit til þess, hve langan tíma skipstjórnarmaður hafði til að gera sér grein fyrir aðstæðum.

15. Við 172. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:
    Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum, er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr., sem hér segir:

    1. Dánarbætur:
        a. 360 000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
        b. 140 000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptist á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.
        c. mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.
        d. mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. sömu greinar.

    2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
        a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
        b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9100 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1—25%, 18 200 kr. á bilinu frá 26—50% og 27 300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

    b. Orðin „talið frá 1. júlí 1983“ í 4. mgr. falli brott.

16. Við 174. gr. 2. tl. fyrri mgr. orðist svo: tjón er hlýst af seinkun flutninga á skipi með fram, farþega eða farangur þeirra.

17. Við 184. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Takmörkunarsjóð skal varðveita í Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka í Reykjavík, sem hann ákveður, og skal þess gætt að sjóðurinn sé ávaxtaður á eðlilegan hátt.

18. Við 196. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
    Dómari getur falið löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóna að gera tillögur um eða annast tiltekin og afmörkuð verkefni sem á dómara hvíla samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta þó ætíð borið ákvarðanir, tillögur eða athafnir niðurjöfnunarmanns undir dómara.

19. Við 199. gr.
    a. 2. málsl. fyrri mgr. orðist svo: Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips hafi áskilnaði um dæmdan sjóveðrétt eigi verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur gekk.
    b. 3. málsl. fyrri mgr. falli brott.

20. Við 204. gr. Í stað orðanna „til lúkningar kostnaði á farmi“ í niðurlagi fyrra málsl. 2. tl. komi: til lúkningar kostnaði vegna farms.

21. Við 221. gr. Í stað síðari mgr. komi þrjár nýjar mgr. er orðist svo:

Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu eða Rannsóknarlögreglu ríkisins við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar eftir því sem frekast verður við komið, einkum þó ef manntjón hefur orðið eða meiri háttar líkamstjón. Skal lögð á það áhersla að lögregluranns6kn hefjist sem fyrst eftir að slys varð eða skip kom til hafnar. Skulu skipstjóri og skipverjar, svo og útgerðarmaður skips, veita alla þá aðstoð er þeir geta í té látið vegna lögregluranns6knar. Niðurstöður og gögn lögregluranns6knar skulu lögð fram í sjóprófi svo skjótt sem auðið er, en eigi skal fresta upphafi sjóprófs af þeim sökum einum að þau liggi enn eigi fyrir.

Skipstjóra er skylt að óska eftir því að lögregluranns6kn vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns, sem greinir í 2. mgr., fari fram. Skipstjóri skal eigi halda skipi úr höfn þar sem lögregluranns6kn fer fram nema í samráði við lögregluyfirvöld.

Skipstjóra eða þeim, er kemur í hans stað, er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa er verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m. a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

22. Við 226. gr. 4. mgr. orðist svo:

Í tengslum við sjópróf skal dómurinn skoða skip ef telja má að slík skoðun geti skipt einhverju máli fyrir rannsókn slyss og jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma aðra þá skoðun sem nauðsyn ber til.

23. Við 242. gr. Greinin orðist svo:

Ákvörðun um fyrirhugaða málshöfðun út af brotum gegn ákvæðum þessa kafla skal tilkynnt samgönguráðuneyti.

Nd. 645. Frumvarp til laga [398. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Páll Dagbjartsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum á aldrinum 7—14 ára er skylt að sækja skóla.

Undanþágu frá skólaskyldu má þó veita, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Aldur nemanda miðast við það almanaksár er nemandi nær téðum aldri.

2. gr.

Fyrri málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Grunnskóli er tíu ára skóli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að ákveða skýrt í lögum hver skuli vera skólaskylda barna á Íslandi.

Í 88. gr. laga um grunnskóla er kveðið svo á um að 9 ára skólaskylda skuli koma til framkvæmda hér á landi 6 árum eftir gildistöku laganna eða árið 1980. Á hverju þingi síðan hefur verið samþykkt að fresta gildistöku þessa ákvæðis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að mikil andstaða er gegn 9 ára skólaskyldu, ekki síst meðal skólamanna sem starfa á grunnskólastigi og gerst þekkja til.

Í þessu frumvarpi er lagt til að grunnskóli skuli vera 10 ára skóli hvað **fræðsluskyldu** varðar en **skólaskylda** aðeins 7 ár.

Með hugtakinu fræðsluskylda er átt við að hinu opinbera sé skylt að sjá börnum og unglingum á tilteknum aldri fyrir öruggri skólagöngu og þar njóti allir sömu réttinda til námsgagna og annars búnaðar. Þar af leiðandi þurfi enginn að hverfa frá námi sakir þröngs efnahags.

Hugtakið skólaskylda skýrir sig sjálft. Sjálfsagt og eðlilegt er að gera ráð fyrir því að starfræktur sé skóli fyrir 6 ára börn en dregið hefur verið mjög í efa ágæti þess að þau séu skylduð til að sækja skóla með lagaboði.

Í 1. grein laga um grunnskóla, svo og þessa frv., er skýrt tekið fram að grunnskólinn skuli vera fyrir **öll** börn. Með þeirri breytingu sem þetta frv. felur í sér, þ. e. að stytta skólaskyldu um eitt ár frá því sem nú gildir, er gert ráð fyrir að auðveldara verði að nálgast þetta markmið og skapa aukið svigrúm í tveim efstu bekkjum grunnskólans til að koma til móts við þarfir og óskir hvers einstaklings. Þannig yrði til frjáls og aðgengilegur tveggja ára „miðskóli“ með námsframboð við allra hæfi, bæði þeirra sem ýmissa orsaka vegna eru seinfærir í námi og eins hinna sem eru næmir og skarpir.

Löng skólaskylda tryggir ekki gæði menntunar.

Sþ. 646. Fyrirspurn [399. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvaða rök voru lögð til grundvallar þegar ráðið var í skrifstofustjórastöðu í félagsmálaráðuneytinu 1. mars s. l.?
2. Telur jafnréttismálaráðherra að þessi ráðning hafi verið í samræmi við jafnréttislög?

Ed. 647. Frumvarp til laga [49. mál]

um vinnumiðlun.

(Eftir 3. umr. í Nd., 27. mars.)

Samhljóða þskj. 49 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna,
Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Atvinnuleysistryggingasjóðs og
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

6. gr. orðist svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

Sþ. 648. Fyrirspurn [400. mál]

til forsætisráðherra um Kolbeinsey.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar sem samþykkt var 20. apríl 1982 um Kolbeinsey?

Nd. 649. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og leitað umsagna um málið.

Frumvarp um sama efni var til umfjöllunar í sjávarútvegsnefnd á síðasta þingi. Þann 16. maí 1984 afgreiddi sjávarútvegsnefnd málið á sama hátt og nú.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Ingvar Gíslason.

Gunnar G. Schram. | Halldór Blöndal.

Sþ. 650. Fyrirspurn [401. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuverð til Járnblendifélagsins.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Er iðnaðarráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að hafnir verði samningar um hækkun á raforkuverði til Járnblendifélagsins?
2. Hvað hefur íslenska ríkið lagt fram til Járnblendifélagsins á árunum 1979—1984 í formi
   a. aukins hlutafjár og
   b. lána með ríkisábyrgð?

   Upphæðir verði tilgreindar á föstu verðlagi miðað við árið 1984.

Sþ. 651. Fyrirspurn [402. mál]

til dómsmálaráðherra um lögregluvarðstöð í Garðabæ.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Telur dómsmálaráðherra ekki tímabært að koma á fót lögregluvarðstöð í Garðabæ ásamt tilheyrandi búnaði til aukinnar þjónustu fyrir íbúa þar?
2. Ef svo er, hvenær má búast við að lögregluvarðstöð þar verði opnuð?

Nd. 652. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt og hefur því verið flutt að nýju óbreytt. Í fylgiskjölum með þessu nefndaráliti eru umsagnir nokkurra málsaðila sem bárust sjútvn. við umfjöllun málsins á síðasta þingi. Allar umsagnir, sem bárust við umfjöllun málsins nú, eru prentaðar hér sem fylgiskjöl.

Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að semja frv. til laga um selveiðar við Ísland. Í þessa nefnd voru skipaðir: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneyti, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefnd þessi skilaði til sjávarútvegsráðuneytis drögum sem eru samhljóða frv. þessu að öðru leyti en því að lagt var til að 3. gr. frv. hljóðaði svo:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð 5 mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða.“

Í frumvarpsdrögum hinnar stjórnskipuðu nefndar var svohljóðandi athugasemd við 3. gr.:

Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé ráðuneytinu til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjávarútvegsráðuneytið þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir sem nefndar eru í þessari grein og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða af fulltrúum þessara aðila þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt.

Ráðuneytið mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir sem það tæki um selveiðar og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með tillögur og ábendingar um atriði sem að þessum málum lytu.

Í frv., sem sjávarútvegsráðherra lagði síðan fyrir þingið og hér er um fjallað, er hins vegar gerð sú breyting að 3. gr. hljóðar svo:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Hér hefur ráðherra gert veigamikla breytingu á þeim drögum sem hin stjórnskipaða nefnd samdi. Þessi ákvörðun ráðherrans gegnir furðu enda tveir af fjórum nefndarmönnum mjög tengdir störfum ráðuneytisins. Formaður nefndarinnar var, eins og áður segir, skrifstofustjóri ráðuneytisins og í nefndinni sat einnig þáverandi forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Björn Dagbjartsson, sem einnig er formaður svokallaðrar hringormanefndar og hefur því mótað stefnuna í þessum málum um langa hríð.

Í umsögn um frv. frá **Náttúruverndarráði** er eindregið lagt til að 3. gr. frv. verði færð í fyrra horf. Nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar frv., svo sem 6. og 8. gr.

Stjórn **Búnaðarfélags Íslands** telur einnig í umsögn dags. 27. apríl 1984, heppilegra að til sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál sem varða selveiðar svo sem lagt er til í 3. gr. frv. þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi. Stjórn Búnaðarfélagsins lýsir sig einnig andvíga 1. gr. frv. og vísar til þess að málefni, er varða selveiðar, hafa hingað til verið undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins.

Ákvörðun ráðherrans um að hafna skipan formlegrar ráðgjafar- og samráðsnefndar, sem ráðgast megi við um **selveiðistefnu,** er enn óskiljanlegri ef litið er til þess að ráðherrann hefur haft starfandi sér við hlið formlega ráðgjafarnefnd til að ráðfæra sig við um **fiskveiðistefnu** sína. Þar hafa fulltrúar málsaðila fjallað um framkvæmd stefnunnar og ráðherrann hefur lokið miklu lofsorði á það fyrirkomulag. Við nýlega endurskoðun „kvótamálsins" komu ekki fram nein áform ráðherrans um að breyta þessari formlegu tilhögun í það horf að ráðherra skuli hafa samráð við viðkomandi aðila um stjórn og skipulagningu veiðanna eftir því sem við eigi hverju sinni svo að notað sé orðalag úr 3. gr. frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Í nýútkomnu fjölriti Landverndar, Selir og hringormar, er ítarleg umfjöllun um frv. og ýmsar veigamiklar athugasemdir gerðar bæði við frv. og þátt hringormanefndar í að móta stefnuna í þessum málum hér á undanförnum árum.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar telur mikilvægt að fylgt sé tillögum nefndarinnar sem samdi frv., Náttúruverndarráðs og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Með lagasetningu í þessu efni er verið að gera tilraun til að koma skipulagi á mál sem hefur verið viðkvæmt. Því telur minni hl. nefndarinnar óverjandi af sjávarútvegsráðherra að ganga svo eindregið gegn tillögum þessara aðila án þess að hafa rökstutt sitt mál á viðhlítandi hátt.

Minni hl. flytur breytingartillögur við 2. og 3. gr. frv. á sérstöku þingskjali. Verði þær breytingartillögur ekki samþykktar leggur hann til að frv. verði fellt.

Alþingi, 27. mars 1985.

Guðmundur Einarsson

Fylgiskjal I.

Umsögn hringormanefndar.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar,
Alþingi við Austurvöll.

Hringormanefnd,
c/o Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
Skúlagötu 4,
Reykjavík, 25. febr. 1985.

Hringormanefnd hefur áður fengið frumvarpið til umsagnar og er vísað til hennar.

Það skal þó tekið fram að í nýjum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 72 frá 30. maí 1984, í 17. gr. um markmið Hafrannsóknastofnunar þá er ekki kveðið jafn sterkt að orði um þátt hennar í rannsóknum á selum við Ísland og í 2. gr. frumvarps til laga um selveiðar. Telja verður eðlilegt að samræma þessa grein 17. gr. ofangreindra laga eða einfaldlega fella 2. gr. niður. Fyrri athugasemdir og breytingartillögur við 2. gr. í selveiðifrumvarpinu falla því af sjálfu sér niður vegna breytinga á lögum um starfsemi Hafrannsóknastofnunar í lögum nr. 72.

Að lokum skal það undirstrikað sem áður að það geti ekki átt að vera tilgangur laganna um selveiðar við Ísland að tryggja friðhelgi sela meir en orðið er heldur örva selveiðar hér við land.

F. h. hringormanefndar,
Erlingur Hauksson (sign.),
sjávarlíffræðingur,
starfsmaður hringormanefndar.

Bréf hringormanefndar til sjávarútvegsnefndar neðri deildar.
(30. apríl 1984.)

Á fundi hringormanefndar í s. l. mánuði var fjallað um þau drög að frumvarpi til selveiða sem þá lágu fyrir. Athugasemdir, sem gerðar voru, fylgja hér á eftir:

Um 2. gr.

Í 2. gr. segir að Hafrannsóknastofnunin skuli annast rannsóknir á selum við Ísland og er það í raun aðeins staðfesting á því sem segir í 17. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum árum nokkuð sinnt rannsóknum á þessu sviði og stefnt er að því að auka þær rannsóknir. Í seinni hluta greinarinnar segir að sé aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar falin tiltekin rannsóknaverkefni verði sjávarútvegsráðuneytinu gert kleift að fylgjast með því hvernig að slíkum rannsóknum sé staðið og hverjar séu niðurstöður þeirra. Er þetta gert vegna þess að utan Hafrannsóknastofnunar gætu verið sérfræðingar sem æskilegt þætti að fá til ákveðinna rannsókna á þessu sviði. Þá þykir ekki ástæða til að leggja stein í götu þeirra sem kynnu að vilja leggja fram fé og fyrirhöfn vegna rannsókna á selum og umhverfi þeirra en þeim gert að láta sjávarútvegsráðuneytið fylgjast með rannsóknum og niðurstöðum þeirra.

Um 3. gr.

Í 3. grein er tekið fram við hverja sjávarútvegsráðuneytið skuli hafa samráð um framkvæmd laganna en það eru eftirtaldir aðilar: Náttúruverndarráð vegna þeirra áhrifa

sem breyting á stofnstærð og aðstöðu sela kann að hafa á lífríkið og umhverfið; Hafrannsóknastofnunin þar sem leita verður vísindalegrar ráðgjafar um allar fyrirhugaðar breytingar á selveiðum; Búnaðarfélag Íslands vegna þeirra hlunninda sem landeigendur kunna að hafa af selveiðum; og Fiskifélag Íslands vegna tengsla sela við önnur sjávardýr, ekki síst varðandi mengunarhættu og hættu á sníkjudýrum. Ekki er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðuneytið hafi alltaf samráð við alla þessa aðila, heldur eftir því sem við á hverju sinni. T. d. þykir ekki ástæða til að sjávarútvegsráðuneytið hafi samráð við Fiskifélag Íslands varðandi veiðar sem eingöngu snerta hlunnindi landeigenda.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem ráðherra getur gripið til varðandi stjórn og skipulag selveiða. Ekki er ástæða til þess að skýra hvern lið sérstaklega en fáist þessar heimildir getur ráðherra sett reglur um bann við selveiðum á ákveðnum svæðum, ákveðið bann við veiðum ákveðinn tíma, friðað ákveðnar selategundir sé ástæða talin til þess og ákveðið heildarfjölda þeirra sela sem drepa má. Jafnframt gæti ráðherra sett reglur um veiðiaðferðir og t. d. hlaupvíddir skotvopna, enn fremur ákveðið hvernig ganga skuli frá selshræjum. Heimilt væri að ákveða aðgerðir til fækkunar sela, t. d. með veiðiverðlaunum eða ráðningu sérstakra veiðimanna. Í 8. lið er vikið að veiðum á svæðum sem friðlýst hafa verið af Náttúruverndarráði og í 9. lið er veitt heimild til þess að setja reglur til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar. Enda þótt Ísland sé ekki aðili nú að slíkum samningi er vitað að uppi eru m. a. í Kanada hugmyndir um stofnun alþjóðlegrar nefndar um selveiðar og þykir því eðlilegt að hafa þessa heimild hér. Má segja það sama um 6. lið og mörg önnur ákvæði þessarar greinar að hér er aðeins um heimildir að ræða fyrir ráðherra en ekki er ljóst nú að hve miklu leyti þær verði notaðar fyrst um sinn en þó má segja að hér sé ekki gengið lengra en nauðsynlegt er ef möguleikar eiga að vera til þess að skipuleggja veiðarnar að fullu.

Helstu breytingartillögur við frumvarpið, sem nefndin vill gera, eru eftirfarandi:

2. grein orðist svo:

Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland. Sjávarútvegsráðuneytið getur einnig veitt þeim sem þess óska heimild til ákveðinna rannsókna á selum og umhverfi þeirra. Í umsóknum um heimild til rannsókna skal koma fram hvaða rannsóknarsvið er fyrirhugað, umfang rannsóknanna og tilgangur. Sjávarútvegsráðuneytinu skal jafnan kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum slíkra rannsókna. Sjávarútvegsráðuneytinu skal afhent eintak af öllum skýrslum sem gerðar eru um slík verkefni.

Í 6. grein komi nýr liður, t. d. milli núverandi 6. og 7. liðar, svohljóðandi:

... 6. „sett reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi;“

Nýr liður verður 7. „sett reglur um hvernig snúist skuli til varnar gegn mengun af völdum sels, sýkingar í sel og sníkjudýrum í sel;

7. liður verður 8. „ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela, sé þess talin þörf;“ o. s. frv.

Að lokum vill nefndin taka það fram að hún telur það alls ekki nauðsynlegt og geti ekki átt að vera tilgangur laganna að tryggja friðhelgi sela meir en orðið er heldur þvert á móti að örva selveiðar og sjá til þess að þær verði áfram stundaðar alls ekki í minna mæli en gerðist hér á árum áður.

F. h. hringormanefndar,

Björn Dagbjartsson.

Fylgiskjal II.

Félag Sambandsfiskframleiðenda:

Umsögn um frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.
(4. maí 1984.)

Selur og selveiðar eru fiskvinnslunni óviðkomandi að öðru leyti en því að selurinn mengar umhverfi sitt og á stóran þátt í því að sníkjudýrum í fiski fjölgar. En það er ekki síður vandamál þjóðfélagsins í heild þar sem það leiðir til lægri launa en annars væri unnt að greiða og jafnframt til lægra fiskverðs.

Fram að þessu hefur fiskvinnslan ekki heldur séð ástæðu til þess að amast við þeirri samkeppni sem selurinn veitir manninum í veiðum á nytjafiski. Það hefur verið litið svo á að það væri Alþingis að hafa frumkvæðið um að draga úr þeirri samkeppni ef því sýndist ástæða til.

Fiskvinnslunni er kappsmál að draga úr hringormavandamálinu og hefur haft uppi verulega viðleitni í þá átt á undanförnum árum. Þar sem ekkert er í frumvarpi þessu sem þarf að hafa bein áhrif á að draga úr þeirri viðleitni sjáum við enga ástæðu til að hafa uppi andmæli gegn því.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags Sambandsfiskframleiðenda,
Árni Benediktsson.

Fylgiskjal III.

Umsögn Náttúruverndarráðs.

Náttúruverndarráð, 11. mars 1985.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll,
101 Reykjavík.

Meðfylgjandi er umsögn Náttúruverndarráðs um frumvarpið, dags. 30. apríl 1984. Þar sem frumvarpið hefur ekkert breyst sér Náttúruverndarráð enga ástæðu til að breyta fyrri umsögn sinni en ráðið vill ítreka eftirfarandi:

Náttúruverndarráð fagnar því að lagt er fram frumvarp til laga um selveiðar við Ísland. Ráðið leggur áherslu á að slíkt frumvarp verði gert að lögum hið fyrsta. Náttúruverndarráð getur þó ekki samþykkt óbreytt það frumvarp sem nú liggur fyrir en leggur áherslu á að 3. grein frumvarpsins verði breytt í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd er samdi frumvarpið lagði til. Náttúruverndarráð bendir á að breytingin, sem gerð hefur verið á 3. grein frumvarpsins, er grundvallarbreyting á frumvarpinu í heild og ef 3. greininni verður ekki breytt í fyrra horf þá verður að breyta ýmsum öðrum greinum frumvarpsins í samræmi við það, t. d. 6. og 8. grein.

Náttúruverndarráð vekur athygli á nýútkomnu fjölriti Landverndar, Selir og hringormar, en þar er ítarleg umfjöllun um ofannefnt frumvarp á bls. 68—75.

Með vinsemd og virðingu,
f. h. Náttúruverndarráðs
Sigrún Helgadóttir (sign.),
líffræðingur.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis frá 13. apríl s. l. þar sem beiðst er umsagnar Náttúruverndarráðs um frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Náttúruverndarráð fagnar því að frumvarp til laga um selveiðar við Ísland hefur nú loksins verið lagt fram en liðið er rúmt ár frá því að nefnd, sem skipuð var til að semja slíkt frumvarp, lauk störfum og skilaði frumvarpi til sjávarútvegsráðuneytisins.

Sagt er í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu á Alþingi að það sé frumvarp nefndarinnar enda þótt 3. greininni, einhverri mikilvægustu grein frumvarpsins, sé gjörbreytt frá frumvarpi nefndarinnar. Þetta er grundvallarbreyting á frumvarpinu í heild og breytir forsendum annarra greina þess.

Vakin er athygli á að nýafstaðið Náttúruverndarþing samþykkti eftirfarandi ályktun um selveiðar við Ísland:

Um setningu laga um selveiðar.

Fimmta Náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algjörlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er svo sem á friðlýstum svæðum og látrum.

Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frumvarp það, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leggur þingið eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt. Hún hljóðar svo í frumvarpinu:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd, er samdi frumvarpið, lagði til:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórnun og skipulagningu selveiða."

Bent skal á upphaflega greinargerð með 3. grein en hún er svohljóðandi:

Í 3. gr. er gert ráð fyrir stofnun nefndar sem sé ráðuneytinu til aðstoðar um skipulag og stjórn selveiða. Nefnd þessi er hugsuð þannig að í henni séu aðilar frá samtökum og stofnunum sem selveiðar snerta með mismunandi hætti. Er ljóst að sjávarútvegsráðuneytið þyrfti fyrir allar veigameiri ákvarðanir varðandi selveiðar að hafa samráð við þau samtök og stofnanir sem nefndar eru í þessari grein og því heppilegast að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum þessara aðila þannig að samráð og samstarf allra viðkomandi aðila yrði sem best tryggt.

Ráðuneytið mundi leita umsagnar nefndar þessarar varðandi ákvarðanir sem það tæki um selveiðar og eins mundi nefndin að eigin frumkvæði koma með tillögur og ábendingar um atriði sem að þessum málum lytu.

Náttúruverndarráð leggur eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði færð í fyrra horf og er þá samþykk frumvarpinu en nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar þess, t. d. 6. og 8. gr.

Með vinsemd og virðingu,

Eyþór Einarsson,
formaður.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Hafrannsóknastofnunin,
Reykjavík, 21. febr. 1985.

Vísað er til bréfs yðar dags. 14. febr. þar sem óskað er umsagnar Hafrannsóknastofnunar um selveiðar við Ísland.

Hafrannsóknastofnun telur nauðsynlegt og sjálfsagt að sett verði lög um selveiðar ekki síst í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á undanförnum árum.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um fyrirkomulag rannsókna á selum. Þar er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðuneytið feli tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunar ákveðnar rannsóknir á selum en stofnuninni verði gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum rannsókna.

Enda þótt nauðsynlegt sé að hafa rétt til að fylgjast með rannsóknum eftir að þær eru hafnar verður að telja enn mikilvægara að hvers konar rannsóknaáætlanir séu ræddar og gagnrýndar á faglegum grundvelli áður en þær hefjast. Með slíkri málsmeðferð hefur t. d. stundum sparast verulegt fé á Hafrannsóknastofnun. Með þetta í huga er hér með lagt til að 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Hafrannsóknastofnun annast rannsóknir á selum við Ísland. Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunar ákveðnar selarannsóknir er þeim skylt að senda Hafrannsóknastofnuninni, og e. t. v. fleiri aðilum, til umsagnar ítarlega áætlun um tilgang og framkvæmd rannsóknanna áður en þær hefjast. Þá skal Hafrannsóknastofnun ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.

Virðingarfyllst,
Jakob Jakobsson (sign.).

Fylgiskjal V.

UMSÖGN BÚNAÐARFÉLAGS ÍSLANDS.
(27. apríl 1984.)

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 25. apríl 1984 var gerð eftirfarandi bókun:

„Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis sendir frumvarp til laga um selveiðar við Ísland Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar.

Með því að málefni, er varða selveiðar, hafa verið undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins og athugasemdir hafa ekki verið við það gerðar þá getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ekki fallist á þá breytingu sem 1. gr. frv. fjallar um.

Þá er það álit stjórnarinnar að heppilegra sé að til staðar sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál er varða selveiðar svo sem lagt er til í 3. gr. frumvarps þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi."

Ljósrit af bréfi Árna G. Péturssonar um málið fylgir.

Virðingarfyllst,
Jónas Jónsson.

Til stjórnar
Búnaðarfélags Íslands.

Reykjavík, 9. apríl 1984.

Efni: Frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Að gefnu tilefni skal fram tekið: Þann 31. ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra mig í nefnd til að semja frumvarp til laga um selveiðar við Ísland. Mig furðaði slíkt þar sem selamál heyrðu undir landbúnaðarráðuneyti en leit svo til að samkomulag hafi orðið á milli ráðuneyta að setja umsjón með selveiðum undir sjávarútvegsráðuneyti eins og yfirumsjón með hvalveiðum við Ísland.

Af umræðum innan nefndarinnar var svo að skilja að slík tilhögun þætti eðlilegust af hálfu ráðamanna.

Nefndarmenn voru allir sammála um að þörf gæti verið á opinberri íhlutun varðandi stjórn selveiða við Ísland en slík ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Að öðru leyti er í frumvarpinu hvergi gengið á rétt bænda og landeigenda varðandi selveiðar umfram það sem er að finna í lögum.

Með vinsemd og virðingu,
Árni G. Pétursson.

Fylgiskjal VI.

BRÉF FISKIFÉLAGS ÍSLANDS.
(24. apríl 1984.)

Með vísun til bréfs sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 13. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Stjórn Fiskifélags Íslands er einróma samþykk frumvarpi þessu og hvetur til þess að það fái framgang hið allra fyrsta.

Hjálagt eru samþykktir um selveiðar gerðar á 41. og 42. fiskiþingum.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Fiskifélags Íslands,
Ingólfur Arnarson ritari.

41. fiskiþing

Selveiðar og hringormavandamál.
(Þingskjal 4.)

Tillaga allsherjarnefndar.
Framsögumaður: Þorsteinn Jóhannesson.

41. fiskiþing þakkar störf selormanefndar og telur áframhaldandi starf hennar nauðsynlegt. Til þess að halda selastofninum í skefjum er brýnt að áfram verði haldið verðlaunaveitingum fyrir hvern veiddan sel. Fiskiþing leggur áherslu á að með lagafrumvarpi því, sem nú er í undirbúningi um selveiðar, verði gert kleift að vinna að fækkun sela við strendur landsins.

Greinargerð.

a. Fiskiþing hvetur til þess að á hverjum tíma verði reynt eftir föngum að nýta selafurðir, t. d. til refafóðurs o. fl. Slátur- og frystihús verði hvött til þess að auðvelda veiðimönnum nýtingu selafurðanna.

b. Fiskiþing telur brýnt að veiðimönnum sé gert skylt að ganga tryggilega frá þeim selskrokkum sem ekki er unnt að flytja til vinnslu.
c. Fram hefur komið að selormur kostar fiskvinnslu landsmanna árlega um 1 milljón vinnustunda, eða um 60 millj. kr. á núgildandi verðlagi.
d. Ormar í útfluttum fiskafurðum geta valdið ómælanlegu tjóni á erlendum mörkuðum.

Þorsteinn Jóhannesson. Bjarni Jóhannsson.
Ingólfur Stefánsson. Benedikt Thorarensen.
Hjörtur Hermannsson. Jónas Jónsson.

(Samþykkt á Fiskiþingi 11. maí 1982.)

---

42. fiskiþing

Fækkun sels og hringormavandamál.
(Þingskjal 10.)

Tillaga fiskiðnaðar- og tækninefndar.
Framsögumaður: Hjalti Gunnarsson.

42. fiskiþing vekur athygli á að hringormur hefur aukist það mikið í fiski á undanförnum árum að margt bendir til að helstu stofnar nytjafiska við landið séu þegar orðnir sýktir af völdum þessa sníkjudýrs og sé það farið að standa þeim fyrir þrifum. Fiskiþing telur því að þetta vandamál snerti ekki lengur fiskiðnaðinn einan heldur þjóðina alla og megi því einskis láta ófreistað til að koma í veg fyrir að það valdi óbætanlegu tjóni.

Fiskiþing metur mikils það sem gert hefur verið til fækkunar sels við landið en telur að ekki hafi náðst nægur árangur í því efni enda hefur hringormur í fiski aukist um allt land á seinustu árum. Leggur þingið því til að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að koma í veg fyrir frekara tjón í þessu efni.

Greinargerð.

Hringormur í þorski 1963–1983.

Um og eftir 1960 tóku nokkur frystihús upp þann hátt að greiða bónus fyrir snyrtingu og pökkun á fiski. Fram til þess tíma hafði komið fram í sýnum að nokkuð bar á að ormur væri í þorski og þurfti því að gefa sérstakan tíma í bónusútreikningunum til að fjarlægja hann. Sýni sýndu einnig að merkjanlegur munur var á hringormamagni eftir veiðisvæðum.

Athugun, sem gerð var í Súgandafirði og Halldór Bernódusson skrifar um í 11. tbl. Ægis 1983, undir fyrirsögninni „Vandamál vegna aukningar á hringormi í fiski," gerir þessu máli allgóð skil. Sérstaka athygli hefur vakið að smáþorskur, sem var veiddur á Breiðafirði, út af Ísafjarðardjúpi og þar fyrir austan, var með fleiri orma í sér en þorskur frá öðrum veiðisvæðum. Þannig var t. d. þorskur, sem veiddur var á dýpri miðum, eða fyrir utan 30 sjómílur, með allt að ½ hringorm í kg af flökum en þorskur veiddur á grunnslóð var með 1 — ½.

Á árunum 1960—1970 er merkjanleg aukning á hringormi í þorski og staðfestu sýnatökur að hann jókst jafnt og þétt. Þannig var svo komið 1971—1972 að vertíðarþorskur, veiddur af línu- og togveiðibátum á Vestfjarðamiðum, hafði í sér að jafnaði um 2 hringorma og þorskur veiddur af smærri bátum á grynnri miðum var með allt að 3—4 orma. Í sýnum frá 1974 og 1975 kemur fram að á þessum árum er ekki umtalsverð aukning á hringormi í þorski en þess verður vart að munurinn er farinn að verða meiri eftir veiðisvæðum. Á þessum árum veiddist stundum þorskur með 1—2 orma í sér en einstöku daga var þorskur tekinn til vinnslu sem var með að jafnaði 6 orma í kg af flaki.

Þegar skoðuð eru ormasýni frá þessum árum kemur í ljós að það hefur orðið allveruleg aukning á hringormi í þorski. Á tímabilinu jan.—maí 1983 var hringormur í þorskafla togaranna frá 3,13 — 3,96 ormar og yfir sumarmánuðina júní—sept. var fjöldi orma á bilinu 2,48 — 2,91. Sýni úr þorski, sem veiddist í flotvörpu á Halamiðum um miðjan okt. s. l., reyndist vera með í sér 3,2 orma. Þetta þýðir að frá jan.—okt. 1983 eru að meðaltali 2,98 ormar í þorski sem togarar veiddu á Vestfjarðamiðum, allt austur á Strandagrunn.

Þegar athuguð eru sýni sem tekin eru af línu- og færafiski er málið enn alvarlegra því að í jan.—mars s. l. kemur fram að fjöldi orma í sýnum er 5,55 — 7,68 að meðaltali en einstaka sýni eru með allt að 12,1 orm. Á tímabilinu júní—okt. eru 5,61—8,43 ormar en einstaka sýni eru með allt að 17,6 orma í kg af flökum og frá jan.—okt. 1983 eru að meðaltali um 6,7 ormar í kg af þorskflökum, en aflinn var frá línu- og færabátum.

Í fiski með 7 ormum í kg er vinnan við að tína orma úr 40% af snyrtingar- og pökkunartíma hans. Það tekur m. ö. o. 1,54 mínútu að tína orma úr 1 kg af þorskflökum.

Í þorski, sem landað var af togurunum í okt., voru að meðaltali 3,2 ormar sem er 25,4% af staðaltíma fyrir snyrtingu og pökkun, eða 00,53 úr mínútu þurfti til að tína orma úr hverju kg af þorskflökum. Hraðfrystihús, sem hefur á þessu ári fengið til vinnslu 60% þorsk frá togurum og 40% frá bátum, þarf að fjarlægja að meðaltali 4,72 orma úr kg af flökum. Ef þetta frystihús framleiðir 2000 tonn á ári af frystum þorskflökum og það tekur 1,04 mín. að tína hringorma úr hverju kg lítur dæmið þannig út:

Þorskflök 2 000 000 kg × 1,03 = 2 060 000 mín.: 60 = 31 332 vinnustundir. Tímakaup í dagvinnu var í október 63,77. Meðalbónusgreiðslur eru um 30%. Álögur á taxtakaup samkv. úrskurði kjararannsóknanefndar 1977 eru 47% (ef til vill hærri í dag). Tímakaup með launatengdum gjöldum kr. 112,87. 34 333 vinnustundir á 112,87 kr. = 3 875 165,00. En hringormar í þessum 2 000 tonnum af þorskflökum urðu alls 9,44 milljónir talsins.

Sölusamtök fiskiðnaðarins hafa undanfarin ár reynt að stuðla að lausn hringormavandamálsins með aðild sinni að „hringormanefnd". Meðal annars hafa fyrirtækin greitt verulegar fjárhæðir til örvunar selveiða. Þar er þó erfitt um vik þar sem stjórnvöld hafa hingað til ekki talið sér málið skylt.

Hjalti Gunnarsson. Óli Guðmundsson.
Karl Auðunsson. Jón Magnússon.
Ágúst Einarsson. Eiríkur Guðmundsson.

(Samþykkt samhljóða.)

Fylgiskjal VII.

Ályktun aukafundar sýslunefndar V-Húnavatnssýslu.
(21. des. 1983.)

„Aukafundur sýslunefndar V-Hún., haldinn 21. des. 1983, lýsir undrun sinni á þeirri aðferð sem viðhöfð er við að halda niðri selastofninum við landið þar sem skotmenn eru verðlaunaðir fyrir seladráp. Það hefur m. a. leitt til þess að bændur hafa orðið fyrir mikilli ágengni skotmanna, jafnvel á friðlýstum varplöndum og sellátrum. Sýslunefndin bendir á að mun eðlilegra væri að styrkja þá sem áður stunduðu selveiðar og höfðu af því tekjur þannig að þeir gætu áfram nýtt sér kópveiði í ábataskyni enda er sá veiðiskapur raunhæfasta og eðlilegasta leiðin til að halda selastofninum niðri."

Þessi samþykkt var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Sýslunefndarmenn líta svo á að enn sé í gildi hið fornkveðna að „á skuli að ósi stemma". Það muni sem sagt vera heppilegra að vinna á ungviðinu, eins og gert er t. d. við grenjavinnslu, heldur en að skotmenn séu að þenja sig út og suður um allan sjó til þess að skjóta fullorðna seli.

Fylgiskjal VIII.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Reykjavík, 18. mars 1985.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis,
c/o Stefán Guðmundsson, formaður,
Alþingi.

Frumvarp til laga um selveiðar við Ísland.

Vér vísum í bréf yðar, dags. 14. febr. 1985, varðandi ofangreint frumvarp.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er aðili að hringormanefnd og vísar í umsögn nefndarinnar með bréfi hennar dags. 25. febr. 1985.

Virðingarfyllst,
SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA,
Hjalti Einarsson (sign.).

Fylgiskjal IX.

Selir og hringormar.
(Úr Riti Landverndar, útg. 1985.)

5.5 Frumvarp til laga um selveiðar 1984.

Í ágúst 1982 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd er skyldi semja frumvarp til laga um selveiðar. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Náttúruverndarráðs, Búnaðarfélags Íslands og sjávarútvegsráðuneytis. Furðu gegnir að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skyldi eiga fulltrúa í nefndinni en Hafrannsóknastofnun, sem skv. lögum skal annast rannsóknir á selum, algjörlega sniðgengin. Hér hlýtur aðeins það að liggja að baki að forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er jafnframt formaður hringormanefndar. Eins og áður hefur komið fram (kafli 3.3.1) var gengið fram hjá Hafrannsóknastofnun við skipun hringormanefndar.

Laganefndin skilaði af sér frumvarpi vorið 1983. Það var síðan í athugun hjá sjávarútvegsráðuneytinu í eitt ár en lagt fram undir þinglok vorið 1984 sem stjórnarfrumvarp og skyldi hraða afgreiðslu þess fyrir þingslit. Í ljós kom að sjávarútvegsráðuneytið hafði gert á frumvarpinu eina veigamikla breytingu sem breytti öðrum greinum frumvarpsins í grundvallaratriðum. Þrátt fyrir þessa breytingu lagði sjávarútvegsráðherra frumvarpið fram sem það væri óbreytt frumvarp laganefndarinnar.

5.5.1 Athugasemdir við frumvarpið.

Margar athugasemdir má gera við frumvarpið þótt stutt sé. Fyrir það fyrsta er titill þess: „Frumvarp til laga um selveiðar við Ísland." Selveiðar eru sérstaklega dregnar fram fyrir aðra þætti er varða seli, s. s. rannsóknir á þeim og friðun. Hér er lagt til að heiti frumvarpsins verði breytt og það kallist „Frumvarp til laga um seli og selveiðar við Ísland".

1. gr. frumvarpsins færir sjávarútvegsráðherra yfirumsjón allra mála er selveiðar varða og þá um leið rannsóknir og friðun á selum. Það skýtur skökku við að aðeins sé tekið fram að ráðherra eigi að hafa yfirumsjón með **selveiðum.** Rannsókna og hugsanlegra friðunaraðgerða er að engu getið til jafns við veiðar á selum.

Fram til þessa hafa selveiðar verið taldar til hlunninda bænda og þau mál löngum heyrt

undir landbúnaðarráðuneytið. Með frumvarpi þessu afsalar landbúnaðarráðuneytið sér rétt til að hafa áhrif á nýtingu sela sem hlunninda fyrir bændur.

Í 2. gr. frumvarpsins er Hafrannsóknastofnun falið að annast rannsóknir á selum. Samkvæmt þessari grein getur sjávarútvegsráðherra þó falið öðrum aðilum tilteknar rannsóknir þótt Hafrannsóknastofnun eigi að fá að fylgjast með rannsóknum og niðurstöðum. Ekkert er kveðið á um að Hafrannsóknastofnun geti haft áhrif á gang rannsóknanna með beinum tengslum. Samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem giltu allt fram til 30. júlí 1984 (nr. 64/1965), skyldi Hafrannsóknastofnun **ein** annast rannsóknir á selum svo að 2. gr. frumvarpsins breytir engu um skipulag rannsókna að þessu leyti. Hún færir þó öðrum aðilum möguleika á að annast tilteknar rannsóknir og er það mjög einkennilegt að það vald sé í höndum ráðherra án þess að hann þurfi að hafa nokkurt samráð við Hafrannsóknastofnun um málið. Hér er í raun verið að lögbinda það ástand sem skapaðist með skipan hringormanefndar árð 1979. Svo sem áður segir (kafli 3.3.1) skipaði sjávarútvegsráðherra hringormanefnd án nokkurs samráðs við Hafrannsóknastofnun, í trássi við gildandi landslög. Að gera Hafrannsóknastofnun kleift að „fylgjast með gangi og niðurstöðum rannsókna“ er í raun engin breyting frá því ástandi sem ríkir í dag í þessum málum. Hringormanefnd hefur staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á lifnaðarháttum sela síðan 1979 og ritað um þær margar skýrslur sem ekki má nota eða vitna í nema með leyfi hringormanefndar. Það var ekki fyrr en árið 1984 að farið var að senda þessar skýrslur á bókasafn Hafrannsóknastofnunar en áður höfðu margar rannsóknastofnanir fengið neitun um aðgang að skýrslunum (sjá kafla 3.3.2).

Eina breytingin, sem gerð var í frumvarpinu í meðförum stjórnvalda, var á 3. grein þess. Hún kom þannig frá nefndinni sem upphaflega samdi frumvarpið:

3. gr.

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefndinu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða.“

Sú breyting, sem ráðuneytið gerði, er mjög varhugaverð. Þetta er grundvallarbreyting þannig að aðrar greinar frumvarpsins geta ekki staðið óbreyttar ef þessi breyting nær fram að ganga. Breytingin færir ráðherra afarmikil og vandmeðfarin völd þar sem frumvarpið gefur veika leiðsögn um vinnubrögð og meðferð selveiðimála. Ráðherra er í rauninni í sjálfsvald sett að ráðfæra sig við hvern þann sem hann vill að eigin ákvörðun. Þar eð sjávarútvegsráðuneytið hefur skipað hringormanefnd og talið ástæðulaust að amast við aðgerðum hennar er þess ekki að vænta að ráðuneytið muni aðhafast nokkuð það sem mundi breyta núverandi ástandi í selveiðimálum og því yrði starfsemi hringormanefndar treyst í sessi.

Ef 3. gr. verður ekki breytt aftur í upprunalegt horf verður að breyta 1. gr. frumvarpsins á þann hátt að þótt sjávarútvegsráðuneytið fái yfirumsjón mála er varða seli og selveiðar þá skuli ráðuneytinu skylt að sinna þeim málaflokki í nánum tengslum við landbúnaðar- og menntamálaráðuneyti.

Á sama hátt hlyti að verða að breyta 2. gr. þannig að ef sjávarútvegsráðuneytið felur aðilum utan Hafrannsóknastofnunar tilteknar rannsóknir þá sé það aldrei gert án fyllsta

samráðs við þá stofnun. Reynslan sýnir að það er ekki hægt að treysta sjávarútvegsráðuneyti til að meta hverjum skuli fela rannsóknir á selum. Það er siðlaust að hægt sé að setja slíkar rannsóknir í hendur hagsmunaaðilum einum saman og það verður augljóslega að lögbinda að óháðir rannsóknaaðilar hafi yfirumsjón slíkra rannsókna.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti stjórnað framkvæmd laganna með reglugerðum. Það geta verið skammvinnar lausnir sem unnt er að fella niður með einu pennastriki. Til dæmis væri raunhæfara að hafa skýrari og fastmótaðri friðunarákvæði um sjaldgæfa farseli, s. s. hringanóra, vöðusel og rostung.

Í 8. gr. er svo gert ráð fyrir að lög, sem nú eru í gildi og varða seli, falli úr gildi. Þar á meðal eru lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30/1925. Er sjálfsagt að fella þau lög úr gildi? Alþingi hefur oft fjallað um skotveiðar á sel og geyma Alþingistíðindi mikinn fróðleik um þær rökræður, einkum frá tímabilinu 1845 til 1925. Þessi saga er rakin í grófum dráttum í kafla 2.3.1. Skýr rök réðu lagasetningum um skotveiði, t. d. hvað varðar áhrif skotmennsku á seli í látrum, dreifingu þeirra og hegðun. Í ljósi þeirrar sögu kemur undarlega fyrir sjónir að í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, sé slegið striki yfir fyrri verk Alþingis og rökin gleymd án þess að þau hafi verið hrakin enda lifnaðarhættir sela þeir sömu nú sem áður fyrr. Ef selafrumvarpið verður að lögum óbreytt verður á ný heimilt að skjóta sel um allan Breiðafjörð, og jafnt í látrum sem annars staðar. Bann við skotum í látrum eiga sér stoð í lögum allt frá árinu 1816.

Einhver átakanlegustu áhrif af aðgerðum hringormanefndar eru þau að selabændur á því svæði, þar sem selaskot eru bönnuð, hafa sjálfir byrjað að skjóta seli til að fá greidd verðlaun fyrir kjálka og selja kjötið til loðdýrafóðurs. Forfeður þessara sömu manna börðust lengi fyrir setningu laganna frá 1925. Í DV 3.12. 1984 segir frá bónda við Breiðafjörð sem leigði sér skyttu sem „vann það afrek að veiða 550 seli í sumar; heilar 60 lestir“. (Bls. 64).

Það getur hvorki talist sjálfsagt né skynsamlegt að fella lögin frá 1925 úr gildi án þess að neitt hliðstætt komi í staðinn. Ef skotmennska verður leyfð í selalátrum eru miklar líkur á því að látrin splundrist og þeir selir, sem eftir lifa, færi sig á nýjar slóðir. Slíkur flutningur á milli staða, inn á svæði þar sem selir hafa ekki haldið sig áður, getur svo orðið til þess að staðhæfingar um aukningu í selastofnum verði enn háværari. Í kjölfarið getur slíkt haft áhrif á ráðamenn um að selum sé að fjölga úr hófi fram.

Enginn vafi er á því að bæta þarf lög um seli og selveiðar, einkum er varðar yfirstjórn af hálfu stjórnvalda. Síðustu ár hefur ríkt vandræðaástand vegna verðfalls á selafurðum og aukinna stjórnlausra skotveiða til fækkunar á sel fyrir tilstilli hringormanefndar. Ummæli fyrrverandi sjávarútvegsráðherra á 41. fiskiþingi 1982 beinast í þá veru:

> „Ég er þeirrar skoðunar að sel þurfi að fækka en hins vegar þurfi að gera það á — eigum við að segja — viðkunnanlegri hátt en gert var í sumar [1982] og um það gildi a. m. k. lög, reglugerðir og heimildir“. (Steingrímur Hermannsson 1982, bls. 624).

Frumvarp til laga um selveiðar endurspeglar ríkjandi ástand í kjölfar skipunar og aðgerða hringormanefndar og er greinilegt að það á að lögbinda þetta ástand. Tímabundið verðfall á selskinnum hefur oft orðið áður og tískan er eins og hún er. Rætt hefur verið um nýtingu á selum til loðdýrafóðurs en loðdýrarækt er einnig háð sveiflum tískunnar. Það er ljóst að frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, er meingallað og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar og umsagna allra aðila sem málefni sela og selveiða snertir.

Í lok þessa kafla um nýtt frumvarp um seli skal minnt á að þau eru fleiri villtu dýrin sem um er deilt á Íslandi en selir og má nefna ref, mink, hreindýr, mýs, rottur, máfa, hrafn, örn, rjúpu, gæsir, álft, endur, æðarfugl og hvali. Það er brýn þörf á því að samin verði heildarlöggjöf um skipulag rannsókna á villtum dýrum og stjórn þeirra en nú fellur þessi málaflokkur undir a. m. k. fjögur ráðuneyti. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á villtum

dýrum hafa verið tilviljanakenndar og háðar áhuga einstakra manna. Enginn einn aðili í stjórnkerfinu ber ábyrgð á því að fylgst sé með þessum dýrum. Er þeim að fjölga, eru einhver þeirra í útrýmingarhættu, eru fækkunaraðgerðir árangursríkar og borga þær sig? Og þannig mætti lengi spyrja. Á sama hátt og Hafrannsóknastofnun fylgist með nýtingu okkar á gæðum hafsins, stundar vísindarannsóknir og kemur með tillögur um nýtingu, Veiðimálastofnun fylgist með nýtingu áa og vatna og Landgræðslan nýtingu gróðurlenda og þá ætti að vera til óháður rannsóknaaðili sem hefði með rannsóknir á villtum dýrum að gera og kæmi með rökstuddar tillögur um stjórn þeirra.

Nd. 653. Breytingartillögur [210. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. 2. gr. hljóði svo:
   Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland. Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar ákveðnar rannsóknir á selum skal Hafrannsóknastofnuninni ávallt gert kleift að fylgjast með áætlunum, undirbúningi, gangi og niðurstöðum þeirra rannsókna.
2. 3. gr. hljóði svo:
   Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Fjórir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningum Náttúruverndarráðs, Hafrannsóknastofnunar, Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytis um hvaðeina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða.

Nd. 654. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Ragnar Hall borgarfógeti var fenginn til að upplýsa nefndarmenn um ýmis atriði frumvarpsins og leysti hann vel og skilmerkilega úr öllum spurningum sem fyrir hann voru lagðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en gerðar verði á því tvær breytingar sem lagðar verða fram á sérstöku þingskjali.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1985.

Stefán Valgeirsson, varaform., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Halldór Blöndal.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 655. Breytingartillögur [50. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. A-liður orðist svo: kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda samkvæmt VII. kafla laga nr. 60/1984.
2. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaðinu. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Ed. 656. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík.

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

Dómur getur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómsstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Sitji tveir menn í dómi og ágreiningur verður á milli þeirra ræður atkvæði dómsformanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 8. febrúar 1985 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hraðari og skilvirkari meðferð skatta- og efnahagsbrota í dómskerfinu.

Í nefndinni áttu sæti: Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Þórður Björnsson, ríkissaksóknari, Gunnlaugur Briem, yfirsakadómari, Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri og Garðar Valdimarsson, skattrannsóknarstjóri. Ritari nefndarinnar var Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri.

Nefndinni var ætlað að hraða störfum og skila áliti eigi síðar en 1. mars 1985. Hefur hún því orðið að takmarka tillögur sínar um hraðari meðferð mála við breytingar, sem unnt er að láta koma þegar til framkvæmda.

Með hliðsjón af framansögðu eru tillögur nefndarinnar eftirfarandi:

1. Að ráðinn verði einn lögfræðingur til embættis ríkissaksóknara og að einn saksóknari þar hafi það sem forgangsverkefni að annast ætluð skatta- og efnahagsbrot og hafa á hendi sókn í stærri málum fyrir sakadómi.
2. Að dómurum við sakadóm Reykjavíkur verði fjölgað um 2 vegna skatta- og efnahagsbrota og að lögð verði áhersla á að dómarar þeir sem falin er meðferð mála út af ætluðum skatta- og efnahagsbrotum, hafi eða öðlist æfingu og reynslu í slíkum málum.
3. Að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins verði stofnuð sérstök deild sem rannsaki skatta- og efnahagsbrot. Að ráðnir verði 4 rannsóknarlögreglumenn til RLR vegna þessara mála. Að í framangreinda deild verði skipaðir 2 lögreglufulltrúar.
4. Að lagt verði fyrir Alþingi meðfylgjandi frumvarp um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem felur í sér:
   A. Að meðdómandi geti verið 1.
   B. Að umfangsmikil og vandasöm mál vegna skatta- og efnahagsbrota verði að jafnaði rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur.
5. Að nú þegar verði ráðinn sérfróður maður í skatta- og efnahagsbrotum er starfi sem ráðunautur í þágu RLR og ríkissaksóknara.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 1. og 4. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. verði breytt á þann veg að mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Tilgangurinn með því að stefna þessum málum fyrir sakadóm Reykjavíkur er að við eflingu hans geti meðferð mála þar orðið hraðvirkari og skilvirkari en annars staðar á landinu. Skatta- og efnahagsbrot eru oft mjög flókin og margþætt og eigi á annara færi að fjalla um þau og dæma en þeirra, sem fengið hafa mikla æfingu og reynslu í meðferð slíkra mála. Sérhæfing dómenda er grundvallaratriði ef takast á við flókin skatta- og efnahagsbrot.

Í öðru lagi er lagt til að 4. mgr. verði breytt þannig að heimilt verði að kveðja til einn sérfróðan meðdómanda í stað tveggja, sem nú er skylda ef kvaddir eru til sérfræðingar. Tveggja manna dómur ætti að nægja í mörgum málum og meðferð máls í slíkum dómi er einfaldari en í dómi skipuðum þremur mönnum. Lagt er til að þegar tveir menn skipa dóm ráði atkvæði dómsformanns ef ágreiningur verður. Þetta fyrirkomulag um einn meðdómanda gilti áður í verðlagsdómi og þótti gefast vel.

Ed. 657. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið.

Á síðasta þingi var flutt frumvarp um sama efni og var það samþykkt í efri deild, en var eigi afgreitt frá neðri deild.

Sú breyting er gerð við endurflutning frumvarpsins nú að ekki er gengið svo langt að leggja til að lögbinda notkun ökuljósa allan ársins hring. Þess í stað er lagt til að notkun ökuljósa verði lögbundin frá 1. sept. til 30. apríl ár hvert, í þeirri von að frumvarpið nái fram að ganga.

Ákvæði 2. gr. er þáttur í þeirri viðleitni að tryggja sérstaklega öryggi ungra vegfarenda (skólabarna).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. mars 1985.

Haraldur Ólafsson, form.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.	Helgi Seljan.
Jónína Leósdóttir.	Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 658. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.
Jónína Leósdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. mars 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 659. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Maríönnu Friðjónsdóttur.

Á eftir 16. gr. komi ný grein er orðist svo:
Við Ríkisútvarpið skal komið á fót starfsmannaráði sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðsins á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um hliðstæð ráð í opinberum stofnunum.

Nd. 660. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu S. Kvaran og Maríönnu Friðjónsdóttur.

1. Við 10. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning

varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m. a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

2. Við 13. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:
Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn, en að þeim tíma liðnum skal staða hans auglýst á ný laus til umsóknar. Heimilt er að endurráða sama mann í starfið í 5 ár til viðbótar.
Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárhag þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

3. Við 15. gr. Við greinina bætast nýjar mgr. svohljóðandi:
Annað hvert ár skal menntamálaráðuneytið í samráði við yfirstjórn útvarpsins efna til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og býður til hennar fulltrúum helstu almannasamtaka.
Ríkisútvarpið skal beita sér fyrir reglubundnum könnunum á því hvernig hlustað er á hljóðvarp og horft á sjónvarp, jafnt varðandi Ríkisútvarpið sem og aðrar útvarpsstöðvar er leyfi fá skv. 3. gr.

4. Á undan 32. gr. í VI. kafla komi ný grein er orðist svo:
Alþingi kýs nefnd sjö þingmanna er hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga þessara, svo og þróun fjölmiðlunar og lagasetningu um útvarpsmálefni meðal nágrannaþjóða. Jafnframt skal nefndin huga að nauðsynlegum breytingum á lögunum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín í nóvember ár hvert þar til endurskoðun laganna er lokið.

5. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög nr. 19/1971, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 8/1975 og 49/1979.

Ed. 661. Frumvarp til laga [404. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Á árinu 1985 er stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands heimilt að kaupa skuldabréf af viðskiptabönkum og sparisjóðum fyrir allt að 500 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Fjár til kaupanna skal sjóðurinn afla með yfirtöku lána úr Framkvæmdasjóði Íslands, sbr. lög nr. 43 30. maí 1984 og bráðabirgalög nr. 102 30. júlí 1984.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður stimpilgjald af skuldabréfalánum samkvæmt 1. mgr. í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Við kaup á skuldabréfum samkvæmt 1. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976, en skuldabréf þessi skulu vera tryggð með veði í fiskiskipum og/eða fasteignum og á þann hátt sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að tilhlutan sjávarútvegsráðherra tók til starfa á miðju ári 1984 „Vinnuhópur um breytingu viðskiptaskulda sjávarútvegsfyrirtækja í lengri lán". Skuldbreytingar þessar áttu ekki að taka til skulda eða vanskila við stofnlánasjóði. Þær skyldu miðast við lausaskuldir og vanskil umfram eðlilega gjaldfresti við almenna viðskiptamenn, opinbera aðila svo sem rafveitur svo og lífeyrissjóði. Í vinnuhópi þessum voru fulltrúar frá: Sjávarútvegsráðuneyti, Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Samkomulag varð milli þessara aðila um framkvæmd skuldbreytingarinnar. Ríkisstjórnin hafði ákveðið að Framkvæmdasjóður Íslands útvegaði fé til þessara skuldabréfakaupa allt að 500 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt, sbr. lög nr. 43 30. maí 1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984 og bráðabirgðalög, nr. 102 30. júlí 1984 um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

Ríkisstjórnin samþykkti tillögur vinnuhópsins á fundi sínum 9. ágúst 1984 og óskaði jafnframt eftir því við Fiskveiðasjóð, að sjóðurinn yfirtæki skuldbreytingarlán samkvæmt framansögðu. Í bréfi Fiskveiðasjóðs Íslands til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 10. sept. 1984, segir svo m. a.:

„Á yfirstandandi ári hafa, að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, verið gerðar margvíslegar aðgerðir til stuðnings útgerð og fiskvinnslu, sem taldar voru nauðsynlegar til að gera henni kleift að mæta ýmsum utanaðkomandi erfiðleikum svo sem minnkandi afla á undanförnum árum og beinum aflatakmörkunum á þessu ári. Liður í þessum aðgerðum er breyting á skuldum útgerðar við stofnlánasjóði, sem Fiskveiðasjóður hefur tekið þátt í samkvæmt reglugerð, sem Sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út.

Nú hefur ríkisstjórnin hinn 9. f.m., samþykkt að beina þeim tilmælum til stjórnar Fiskveiðasjóðs, að sjóðurinn verði einnig þátttakandi í skuldbreytingu lausaskulda útgerðarinnar, sem ákveðin hefur verið og áætlað er að geti numið allt að kr. 500 millj. Hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir útvegun lánsfjár í gegnum Framkvæmdasjóð í þessu skyni.

Með því að telja verður, að hér sé um að ræða mikilvægan þátt í stuðningsaðgerðum við útgerð og fiskvinnslu og tengist þeim skuldbreytingum, sem farið hafa fram á þessu ári, telur sjóðsstjórnin eftir atvikum rétt að verða við þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar.

Sjóðsstjórnin bendir á að yfirtaka sjóðsins á skuldabréfum skv. fyrrgreindum tilmælum, getur ekki hafist fyrr en heimildir eru fengnar að lögum varðandi veðmörk o.fl. Að fengnum slíkum lagaheimildum yrði stofnaður nýr lánaflokkur eða deild við sjóðinn og um það efni gefin út sérstök reglugerð."

Skuldbreytingar þessar fara þannig fram, að viðskiptabankar og sparisjóðir kaupa skuldabréf af útgerðum og fiskverkendum. Þau kaup eru langt komin. Nú er brýnt, að yfirtaka Fiskveiðasjóðs geti hafist sem fyrst, enda er fyrsti vaxtagjalddagi skuldabréfanna 1. maí 1985.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kaup á skuldabréfum þeim, sem um ræðir í gr., falla ekki undir hið almenna hlutverk Fiskveiðasjóðs sem stofnlánasjóðs sbr. l. 44/1976. Því þykir nauðsynlegt að heimila slík kaup sérstaklega með þessari grein. Þau skuldabréf, sem Fiskveiðasjóður kaupir, svo og þau lán sem hann tekur þeirra vegna hjá Framkvæmdasjóði Íslands, verða í japönskum yenum.

Um 2. gr.

Ljóst er að mörg þeirra fyrirtækja, sem í hlut eiga, geta ekki sett nægilegar tryggingar fyrir lánum sínum og uppfylla þannig ekki ákvæði laga nr. 44/1976, um veðmörk. Þess vegna þykir nauðsynlegt að stjórn Fiskveiðasjóðs sé óbundin af 11. og 12. gr. laganna um veðmörkin.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 662. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1985 var lagt fram í janúarmánuði s. l. og var það grundvallað á lánsfjáráætlun sem afhent var á Alþingi í desember. Afgreiðsla fjárlaga hafði í för með sér að lánsfjárþörf ríkissjóðs jókst umfram það sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir.

Í framsöguræðu fjármálaráðherra um frumvarpið kom meðal annars fram að fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar mundu leiða til breytinga á frumvarpinu á seinni stigum. Jafnframt kom þar fram að tillögur ríkisstjórnarinnar yrðu kynntar fjárhags- og viðskiptanefnd sem fengi frumvarpið til umfjöllunar.

Nefndin hefur að undanförnu fjallað um þessi mál og hafa henni borist margháttuð erindi og gögn. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Við afgreiðslu fjárlaga 1985 hækkaði erlend lánsfjárþörf ríkissjóðs um 302 m. kr., þar af hjá A-hluta um 295 m. kr. og B-hluta um 7 m. kr. Aukin lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs stafaði einkum af auknum rekstrarhalla. Lánsfjárþörf B-hlutans stafaði af heimild Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna til 5 m. kr. lántöku og Pósts og síma til 2 m. kr. viðbótarlántöku frá fyrri áætlunum. Þessar ráðstafanir fólu í sér að heildarfjáröflun var áformuð alls 10 170 m. kr. á árinu 1985, þar af var ráðgert að afla 2568 m. kr. innanlands og 7602 m. kr. með erlendum lántökum.

Viðbrögð stjórnvalda að undanförnu hafa verið þau að takmarka beri erlendar lántökur þar sem því verður við komið með skynsamlegum hætti. Hagstæð afkoma ríkissjóðs á síðasta ári, auk áforma um hert skattaeftirlit og skattskil, eru talin gera kleift að lækka erlenda lántöku A-hluta ríkissjóðs um 750 m. kr. Jafnframt er lántaka Rafmagnsveitna ríkisins lækkuð um 6 m. kr. með samsvarandi lækkun í framkvæmdum. Þessi ráðstöfun felur í sér að erlend lántaka fyrirtækisins jafngildir endurgreiðslum af erlendum lánum þess, eða 169 m. kr. Þá eru lántökur Landsvirkjunar til framkvæmda lækkaðar um 316 m. kr. eða úr 1200 m. kr. í 884 m. kr. Sú ákvörðun felur í sér að framkvæmdum við 5. áfanga Kvíslaveitu er

frestað um óákveðinn tíma, auk þess er beitt eins miklum niðurskurði á framkvæmdum við Blöndu á þessu ári og unnt er án þess að útiloka að því markmiði verði náð að fyrsta vél virkjunarinnar verði komin í rekstur 1988 eins og núverandi verkáætlun gerir ráð fyrir. Lántöku Landsvirkjunar að fjárhæð alls 884 m. kr. er áætlað að ráðstafa þannig að 516 m. kr. renni til framkvæmda við Blönduvirkjun og 368 m. kr. til annarra framkvæmda. Að síðustu var ákveðið að takmarka erlendar lántökur atvinnufyrirtækja við 1500 m. kr. á árinu 1985 og er það 336 m. kr. lækkun frá fyrri áætlun. Reiknað er með að nýjar reglur og viðmiðanir um erlendar lántökur, sem m. a. fela í sér þrengri heimildir banka til ábyrgða, leiði til minni lántöku. Í þessari áætlun er ekki tekið mið af hugsanlegri aukningu vegna þess að einkaaðilum verði heimiluð erlend lántaka án sérstaks leyfis, enda komi hvorki til banka- eða ríkisábyrgðir.

Á hinn bóginn hefur reynst óhjákvæmilegt að gera nokkrar lagfæringar á fyrri áætlunum í ljósi nýrra upplýsinga. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir einstökum breytingum.

Þar ber hæst viðbótarheimild Byggingarsjóðs ríkisins til 403 m. kr. erlendrar lántöku á árinu 1985. Sú hækkun skýrist annars vegar af því að útlit er fyrir að innlend fjáröflun reynist um 215 m. kr. minni en áætlað var, þar af eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna 175 m. kr., og útlit er fyrir 40 m. kr. útstreymi á skyldusparnaði ungmenna. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi skil á viðskiptaskuldum sínum hjá Seðlabanka og ríkissjóði, alls 188 m. kr. frá fyrra ári, sem ekki var í fyrri áætlunum. Með þessu móti má ætla að fjáröflun til sjóðsins verði tryggð á árinu 1985. Varðandi lánveitingar sjóðsins er rétt að taka fram að tillaga meiri hl. gerir ráð fyrir að lánveitingar sjóðsins verði óbreyttar að krónutölu frá lánsfjáráætlun. Hins vegar felur tillagan í sér nokkra breytingu á samsetningu lánveitinga sjóðsins þar sem ákveðið hefur verið að ráðstafa um 200 m. kr. af þessu fé til lánveitinga fyrir húsbyggjendur í greiðsluerfiðleikum. Þessi ráðstöfun kemur óhjákvæmilega fram í minni lánveitingum sjóðsins til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum. Af þessu er ljóst að tryggja þarf breytta úthlutun lána úr sjóðnum eigi áætlunin að standast.

Bætt er við lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, 62 m. kr., þar af 50 m. kr. til Sjóefnavinnslunnar og 12 m. kr. til grænfóðurverksmiðju í Skagafirði. Af lántöku Sjóefnavinnslunnar fara 36 m. kr. til að standa undir fjármagnskostnaði og um 14 m. kr. er áætlaður kostnaður vegna varðveislu og gæslu á mannvirkjum. Grænfóðurverksmiðju í Skagafirði er heimiluð 12 m. kr. lántaka til endurfjármögnunar lána og framkvæmda.

Lántaka Steinullarverksmiðju er hækkuð um 15 m. kr., eða úr 60 m. kr. í 75 m. kr. Í ljósi nýrra upplýsinga um framkvæmdir verksmiðjunnar er þessi hækkun nauðsynleg. Ekki þarf að leita heimildar til þessarar hækkunar í lánsfjárlögum þar sem hún er þegar til staðar í lögum um verksmiðjuna, nr. 61/1981.

Lántökur hitaveitna hækka alls um 166 m. kr. frá því sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir. Lántökuheimild Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækkar um 20 m. kr. vegna fjármagnskostnaðar. Auk þess er Hitaveitu Akureyrar heimiluð 140 m. kr. lántaka til skuldbreytinga og framkvæmda, en greiðslubyrði veitunnar af áhvílandi lánum er mjög þung. Þá er Hitaveitu Siglufjarðar heimiluð 6 m. kr. lántaka vegna erfiðrar greiðslufjárstöðu.

Þar sem löggjöf um svonefnt þróunarfélag liggur ekki fyrir er talið rétt að fella niður 4. gr. frumvarpsins. Þess í stað er ráðgert að fela Framkvæmdasjóði að annast nauðsynlega lántöku í þessu skyni. Lántökuheimild Framkvæmdasjóðs samkvæmt 7. gr. er því hækkuð um 500 m. kr. eða úr 942 m. kr. í 1442 m. kr.

Bætt er við nýrri grein, er verður 9. gr., sem heimilar Útflutningslánasjóði 70 m. kr. erlenda lántöku á árinu 1985. Þessi lántökuheimild er ætluð til að gera sjóðnum kleift að standa undir fjárskuldbindingum sínum og verkefnum.

Í III. kafla frumvarpsins kemur ný grein er verður 26. gr. Nauðsynlegt er að afla viðbótarheimildar til erlendrar lántöku vegna lánsfjárlaga 1984. Við framkvæmd lánsfjáráætlunar 1984 reyndist óhjákvæmilegt að afla 367 m. kr. með erlendum lántökum þar sem innlend lánsfjáröflun reyndist mun minni en áætlað var. Hér er um að ræða 287 m. kr. erlenda lántöku Byggingarsjóðs ríkisins og 80 m. kr. erlenda lántöku Endurlána ríkissjóðs til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

Að teknu tilliti til þeirra breytingartillagna sem nefndin leggur fram nema heildarlántökur 9303 m. kr., þar af er innlend fjáröflun 2393 m. kr. og erlendar lántökur 6910 m. kr. Þessar tillögur fela í sér raunhæfara mat á innlenda lánsfjármarkaðnum en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Á sama tíma hafa erlendar lántökur þjóðarbúsins verið lækkaðar um tæpar 400 m. kr. frá því sem fyrirhugað var í lánsfjáráætlun 1985.

Alþingi, 28. mars 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
(millj. kr.)

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Lífeyris-sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**400**	**—**	**—**	**380**	**3 295**	**4 075**
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	806	1 406
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 109	1 289
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	1 061	1 061
Sveitarfélög	—	—	—	—	319	319
II Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**1 045**	**188**	**553**	**1 786**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	700	188	553	1 441
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	**—**	**200**	**180**	**—**	**1 562**	**1 942**
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	1 442	1 792
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
Útflutningslánasjóður	—	—	—	—	70	70
IV Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**1 500**	**1 500**
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 500	1 500
Heildarfjárþörf (I—IV)	**400**	**200**	**1 225**	**568**	**6 910**	**9 303**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárþörf opinberra aðila 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjáráætlun 1985	Endurskoðun eftir afgr. fjárlaga 1985	Áætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	**3 299**	**3 601**	**3 248**
1.1 A-hluti	**1 861**	**2 156**	**1 406**
1.2 B-hluti	**1 438**	**1 445**	**1 842**
Byggðasjóður	120	120	120
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	403
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	150	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	—	5	5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	340	340
RARIK, almennar framkvæmdir	175	175	169
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	500	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10	10
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	30[1])	32[1])	32[1])
Umferðarmiðstöð	3	3	3
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	100	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 800**	**1 800**	**1 061**
Landsvirkjun	1 200	1 200	884
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	40	40
Steinullarverksmiðja	60[2])	60[2])	75[2])
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	—	—	50
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	—	—	12
Þróunarfélag	500	500	0[3])
3. Sveitarfélög	**153**	**153**	**319**
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	65	65	85
Fjarhitun Vestmannaeyja	82	82	82
Hitaveita Akureyrar	—	—	140
Hitaveita Rangæinga	6	6	6
Hitaveita Siglufjarðar	—	—	6
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	**5 252**	**5 554**	**4 628**
5. Innlend fjáröflun	**780**	**780**	**780**
Útgáfa spariskírteina	400	400	400
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	180	180	180
Önnur fjáröflun	200	200	200
6. Erlend lán	**4 472**	**4 774**	**3 848**
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 519	2 821	2 468
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 800	1 061
Sveitarfélög	153	153	319

[1]) Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.
[2]) Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.
[3]) Lántökuheimild að fjárhæð 500 m. kr. flyst á Framkvæmdasjóð.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Byggingarsjóður ríkisins 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjár-áætlun 1985	Áætlun 1985
Innstreymi	**2 497**	**2 685**
Ríkissjóður	622	622
Skyldusparnaður, nettó	0	÷40
Lífeyrissjóðir	875	700
Sérstök fjáröflun	188	188
Afborganir, vextir, verðbætur	625	625
Tekjur tæknideildar	28	28
Erlend lán	150	553
Annað	9	9
Útstreymi	**2 497**	**2 685**
Rekstrarkostnaður	42	42
Afborganir, vextir, verðbætur	665	665
Endurgr. til Seðlabanka Íslands	—	150
Endurgr. til ríkissjóðs	—	38
Lánveitingar	1790	1790
Lánveitingar	**1 790**	**1 790**
Nýbyggingar	705	1 265
Eldri íbúðir	760	
Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir	58	58
Viðbyggingar og endurbætur	90	90
Heilsuspillandi húsnæði	15	15
Einstaklingar með sérþarfir	12	12
Orkusparandi breytingar á húsnæði	150	150
Lán vegna greiðsluerfiðleika	0	200

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal IV.

RARIK, almennar framkvæmdir 1984 og 1985
(þús. kr.)

	Fjárlög 1984	Áætlun 1985
Stofnlínur	**60 750**	**82 430**
Prestbakki — Kirkjubæjarklaustur	—	2 540
Vogaskeið — Grundarfjörður	6 300	20 030
Sauðárkrókur — Hofsós	340	—
Akureyri — Dalvík	26 240	33 030
Laxá — Kópasker	19 010	—
Stuðlar — Eskifjörður	3 170	—
Eskifjörður — Neskaupstaður	500	23 230
Eyvindará — Egilsstaðir	—	1 100
Aðveitustöð Stöðvarfjörður — Kirkjuból	—	1 500
Hólar — Höfn II	340	—
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 500	1 000
Lúkning verka fyrra árs	3 350	—
Aðveitustöðvar	**45 030**	**27 950**
Prestbakki	—	13 750
Flúðir	3 430	—
Hella	6 640	—
Njarðvík	—	2 600
Ólafsvík	560	—
Skagaströnd	5 530	—
Eskifjörður	12 000	2 000
Lagarfoss	—	5 140
Stuðlar	4 000	—
Fáskrúðsfjörður	360	460
Teigarhorn	500	—
Hólar	1 510	—
Lúkning verka fyrra árs	3 350	—
Raflínusími og fjargæsla alls	7 150	4 000
Geymsluhús o. fl.	**5 000**	**23 220**
Innanbæjarkerfi	**47 240**	**40 000**
Vélar og tæki	**10 000**	**5 000**
Dísilstöðvar	**6 980**	**400**
Almennar framkvæmdir samtals	**175 000**	**179 000**
Fjármögnun framkvæmda	**175 000**	**179 000**
Heimtaugargjöld	7 000	10 000
Lántökur	168 000	169 000

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ed. 663. Breytingartillögur [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, VI, EgJ).

1. Við 1. gr. Í stað „2 489 000“ komi: 2 436 000.

2. Við 3. gr. Í stað „1 200 000“ komi: 884 000.

3. 4. gr. orðist svo:
   Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til endurfjármögnunar og framkvæmda.

4. Við 6. gr.
   a. Í stað „65 000“ í 1. tl. komi: 85 000.
   b. Við gr. bætast tveir nýir tl. er orðist svo:
      4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
      5. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 140 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. Við 7. gr. Í stað „942 000“ komi: 1 442 000.

6. Á eftir 8. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 70 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. Á eftir 24. gr. komi ný gr. er hljóði svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 287 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Byggingarsjóður ríkissins tók á árinu 1984.
   Þá er fjármálaráðherra heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 80 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Endurlán ríkissjóðs tóku á árinu 1984 til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

Nd. 664. Breytingartillaga [351. mál]

við frv. til l. um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Í stað orðanna „enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin“ í niðurlagi fyrri málsl. 1. gr. komi: enda taki ríkissjóður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda en félagsmaður greiði sinn eigin hlut.

Nd. 665. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Maríanna Friðjónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Magnús Reynir Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna falli niður:

87.06.02	Öryggisbelti.
87.13.01	Barnavagnar.
87.13.09	Hlutar.
94.01.12	Öryggissæti í ökutæki, fyrir börn.
94.01.16	Öryggissæti í ökutæki, fyrir börn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að aðflutningsgjöld verði felld niður af ofangreindum vörum fyrir börn.

Það er fráleitt að öryggistæki, eins og barnabílstólar, skuli sett í 20% tollflokk þegar önnur farþegasæti í bílum bera einungis 3% jöfnunargjald. Mikill áróður hefur verið rekinn fyrir því af hálfu umferðaryfirvalda að foreldrar gæti öryggis barna sinna í umferðinni og er notkun öryggissæta í bílum, sérstaklega ætluð börnum, einn liður í þeim áróðri. Hið sama á við um öryggisbelti.

Barnavagnar bera nú 50% toll og auk þess leggst á þá 24% vörugjald. Einnig leggst ofan á þetta hvort tveggja söluskattur þannig að um er að ræða nálega 100% hækkun frá innkaupsverði.

Nú er tíska að tala um að bæta fjárhag heimilanna með einhverju móti. Hér er bent á einn útgjaldalið sem auðveldlega má fella brott. Það er ljóst mál að í flestum tilvikum er það unga fólkið, á aldrinum 20—35 ára, sem er að eignast börn í þessu þjóðfélagi. Þetta er sama fólkið og stendur í þeim voða að koma sér þaki upp yfir höfuðið. Þetta fólk er ekki komið í hálaunastöður í þjóðfélaginu aldursins vegna. Samt er því refsað efnahagslega með ýmsum hætti fyrir það að ala upp nýja íslenska þegna.

Þetta mál er flutt meðal annars til þess að létta undir með foreldrum ungbarna.

Fylgiskjal I.

Umferðarráð:
Flokkun á umferðarslysum fyrir aldur 0—6 ára 1984.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Farþegi í framsæti	Farþegi í aftursæti	Fótgangandi	Ökumaður á reiðhjóli	Ökumaður á þríhjóli	Farþegi á dráttarvél	Annað	Samtals
1 árs	2	1	1	2	—	—	—	—	—	3
2 ára	4*[1]	2	—	3*[1]	3	—	—	—	—	6
3 ára	5	5	—	6	3	—	1	—	—	10
4 ára	4	1	—	1	4	—	—	—	—	5
5 ára	5	2	—	4	3	—	—	—	—	7
6 ára	7	6*[1]	—	2	9	1	—	1*[1]	—	13
Samtals	27	17	1	18	22	1	1	1	—	44

* Merkir ein(n) látin(n).

Fylgiskjal II.

Umferðarráð:
Sala á öryggisbúnaði fyrir börn í bílum árin 1982, 1983 og 1984.
(5. mars 1985.)

	1982	1983	1984	Samtals
Barnabílstólar	1145	1486	1084	3715
Bílpúðar	86	377	1019	1482
Barnabílbelti	59	158	403	620
Einingar samtals	1290	2021	2506	5817

Til viðbótar fengust upplýsingar um sölu á eftirtöldu:

Festingar fyrir burðarrúm	0	0	33	33
Aukafestingar fyrir barnabílstóla	16	60	80	156
Bílbelti í framsæti	447	518	550	1515
Bílbelti í aftursæti	0	0	207	207

Tölur þessar eru frá eftirtöldum aðilum:
Bílanausti hf.
G.T. búðinni hf.
Olíufélaginu Skeljungi hf.
Olíuverslun Íslands hf.
Vörðunni hf.
Velti hf.
Versluninni Fífu.
Að auki flytja nokkrar verslanir sjálfar inn barnabílstóla, en ekki mun það vera í miklum mæli.

Nd. 666. Frumvarp til laga [406. mál]

um breytingu á lögum nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Flm.: Maríanna Friðjónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Magnús Reynir Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Tollskrárnúmerin 87.13.01 og 87.13.09 í A-lið 1. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að fellt verði niður 24% vörugjald af barnavögnum og hlutum til þeirra. Að öðru leyti vísast til greinargerðar sem fylgir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., mál nr. 405.

Nd. 667. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um vélstjórnarnám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Birgir Ísl. Gunnarsson og Magnús Reynir Guðmundsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. mars 1985.

Halldór Blöndal, form., frsm. Maríanna Friðjónsdóttir. Hjörleifur Guttormsson.

Ólafur G. Einarsson. Kristín S. Kvaran.

Ed. 668. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á allmörgum fundum og aflað upplýsinga um ýmsa þætti þess. Er frumvarpið var lagt fram lýstu fulltrúar stjórnarandstöðunnar þeirri skoðun að það væri lítt í samræmi við veruleikann. Réttmæti þeirrar staðhæfingar hefur síðan komið í ljós þar sem ríkisstjórnin hefur síðan gert á því fjölmargar breytingar. Frumvarpið er þó enn víðs fjarri veruleikanum, — að ekki sé talað um þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi starfsferils síns.

Það kom fram af hálfu ríkisstjórnarinnar um það leyti er frumvarpið var til 1. umræðu að stjórnarflokkarnir hefðu ákveðið að draga úr erlendum lántökum sem svaraði um 1000

milljónum króna. Það hefur komið á daginn að hér var eingöngu um áróðurshjal og frómar óskir að ræða því að ekki vottar fyrir neinni raunhæfri viðleitni af hálfu ríkisstjórnarinnar til að draga úr erlendum lántökum, ef frá er skilin lækkun á lántökuheimild Landsvirkjunar sem nú er ætluð 884 millj. kr. í stað 1200 millj. kr. áður. Annar niðurskurður að því er erlendar lántökur varðar er sýndarmennskan ein því að hann er eingöngu fólginn í því að áætla lántöku ríkissjóðs 750 milljónum króna lægri en gert var við afgreiðslu fjárlaga enda þótt forsendur fjárlaga hafi í engu breyst að því er þetta varðar og útgjöld verði sýnilega ekki minni en þá var ákveðið. Það er deginum ljósara að verði útgjöld ríkissjóðs með þeim hætti sem fjárlög gera ráð fyrir mun ríkissjóður taka þessar 750 millj. kr. að láni með einhverjum hætti, hvað sem líður samþykkt lánsfjárlaga. Er þá annaðhvort að því stefnt að afla lánsheimilda eftir á eða auka skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka. Sömu sögu er að segja um lækkun á erlendum lántökum einkaaðila úr 1836 millj. kr. í 1500 millj. kr. Ekkert liggur fyrir um hvernig þessum niðurskurði eigi að fylgja eftir eða hvort reynt verði að fylgja honum eftir.

Erlendar lántökur eru nú samtals áætlaðar 6915 milljónir króna þegar áætlunin hefur verið lækkuð um 316 millj. kr. vegna minni orkuframkvæmda, auk fyrrnefnds sýndarniðurskurðar um 750 millj. kr. og 336 millj. kr. vegna einkaaðila. Þrátt fyrir þessa sýndarmennsku lækka erlendar lántökur aðeins um 385 millj. kr. miðað við þá lánsfjáráætlun sem fram var lögð fyrir áramót. Má því með réttum rökum staðhæfa að lánsfjáráætlun hafi hækkað verulega síðan stjórnarflokkarnir gáfu þá yfirlýsingu að dregið yrði úr erlendum lántökum.

Þegar núverandi stjórnarflokkar komust til valda setti ríkisstjórnin sér það mark að langtímaskuldir þjóðarinnar færu ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Í árslok 1983 nam þessi hlutfallstala 60.6% og í árslok 1984 61.9%. Seðlabankinn áætlar þetta hlutfall 63.9% í árslok 1985 miðað við áform um erlendar lántökur samkvæmt væntanlegum lánsfjárlögum og miðað við 0.7% vöxt þjóðarframleiðslu, — þrátt fyrir þann talnaleik sem nú er hafður uppi til að geta státað af sem lægstri heildarupphæð erlendra lána.

Minni hl. nefndarinnar telur það brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar nú um stundir að dregið sé úr erlendum lántökum og þær takmarkaðar við óhjákvæmilegar og verulega arðbærar framkvæmdir. Helmingurinn af erlendum langtímaskuldum Íslendinga er bundinn í orkumannvirkjum og ljóst er að ekki verður þörf á viðbótarorku í þágu íslenskra orkunotenda eins fljótt og fyrri orkuspár hafa gert ráð fyrir. Fjárfesting í orkumannvirkjum umfram almennan markað skilar ekki arði nema til staðar séu notendur til að nýta orkuna strax í upphafi og breyta henni í erlendan gjaldeyri. Kemur því að mati minni hl. mjög til greina að draga enn frekar úr framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar.

Margt er enn óljóst að því er varðar lántökuáform ríkisstjórnarinnar. Sérstaklega ber þar að nefna lántökur svonefnds „þróunarfélags“ sem stjórnarflokkarnir sömdu um á s. l. sumri að stofnað yrði á þessu ári. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til lánsfjárlaga var þetta félag nefnt á bls. 7 með 500 millj. kr. lántöku, en nú er það ekki lengur að finna í lánsfjáráætlun sem sérgreint viðfangsefni. Ástæðan er kunn: Stjórnarflokkunum hefur enn ekki tekist að koma sér saman um fyrirkomulag og skipulag þessarar nýju stofnunar sem ætlað er að taka við hlutverki Framkvæmdastofnunar. Enn er engan veginn ljóst hvort um verður að ræða sjóð eða félag. Því er Framkvæmdasjóði nú ætlað að standa fyrir þessari 500 millj. kr. lántöku en engar ákvarðanir liggja fyrir um ráðstöfun þess fjár.

Allt bendir til þess að lánsfjárútvegun til Byggingarsjóðs ríkisins sé langt undir því sem sjóðurinn raunverulega þarf. Undirstaða núverandi húsnæðislánakerfis er hrunin. Svokallaðir tekjustofnar — aðrir en framlög ríkisins — eru orðnir að útgjaldaliðum. Framlög til nýbyggingarlána á að skera niður um 200 milljónir kr. til að unnt sé að koma lítillega til móts við þá húsbyggjendur sem orðið hafa fórnarlömb stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxta- og verðtryggingarmálum. Sú aðstoð er til þess ætluð að bjarga fjölskyldum sem komist hafa í greiðsluþrot, en hún dugar hvergi nærri til og er í flestum tilvikum aðeins gálgafrestur. Nær

fullvíst er að endurgreiðslur úr Byggingarsjóði vegna útstreymis skyldusparnaðar umfram innstreymi verði verulega hærri en gert er ráð fyrir. Á árinu 1984 voru endurgreiðslur vegna skyldusparnaðar 80 millj. kr. umfram innlagðan sparnað. Líklegt er að hið sama verði uppi á teningnum í ár og upphæðin ekki lægri. Þá er enn fremur næsta víst að lántökur hjá lífeyrissjóðum verða minni en ráð er fyrir gert, jafnvel er líklegt að fjáröflun Byggingarsjóðs hjá lífeyrissjóðunum verði neikvæð á þessu ári. Minni hl. nefndarinnar lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni um hvernig komið er fyrir lánakerfinu í húsnæðismálum og þeirri staðreynd að þúsundir fjölskyldna eiga nú í meiri erfiðleikum en dæmi eru um áður vegna rangrar stjórnarstefnu í þessum efnum.

Af framansögðu er ljóst að frumvarp til lánsfjárlaga, sem hér um ræðir, er á margan hátt ófullkomið, og tæpast marktækt. Undirritaðir nefndarmenn vilja þó ekki hindra framgang málsins þar sem ljóst er að ekki má dragast öllu lengur að fjárfestingarsjóðir geti gengið frá útlánaáætlunum sínum. Fulltrúar minni hl. munu sitja hjá við afgreiðslu málsins og hver um sig gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og afstöðu til einstakra greina við 2. umræðu.

Alþingi, 28. mars 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 669. Frumvarp til laga [407. mál]

um Sementsverksmiðju ríkisins.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Helgi Seljan.

1. gr.

Sementsverkmiðja ríkisins hefur heimili sitt og varnarþing á Akranesi. Hún getur haft rekstur annars staðar eftir ákvörðun stjórnar verksmiðjunnar.

Verksmiðjan er í eigu ríkissjóðs en starfar sem sjálfstæð stofnun. Hún lýtur sérstakri stjórn eftir lögum þessum, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Sementsverksmiðju ríkisins er að framleiða, dreifa og selja sement sem framleitt er úr innlendum og erlendum hráefnum fyrir innlendan og erlendan markað.

Enn fremur annast verksmiðjan námurekstur og hráefnisöflun eftir þörfum. Heimilt er henni að annast rannsóknir og þróunarverkefni, svo og efnavinnslu sem tengd er framleiðslu og sölu sements.

3. gr.

Stjórn Sementsverksmiðjunnar skal skipuð sjö mönnum, og skulu fimm kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum en tvo kýs starfsfólk verksmiðjunnar úr sínum hópi. Kosnir skulu jafnmargir varamenn.

Iðnaðarráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann stjórnarinnar og annan varaformann. Sjálf kýs stjórnin sér ritara úr sínum hópi.

4. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hefur með höndum alla stjórn og rekstur fyrirtækisins, svo og framkvæmdir þess og undirbúning þeirra.

Verksmiðjustjórninni er heimilt að taka lán til reksturs og framkvæmda og tekur ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum fyrirtækisins. Þó skal jafnan leita samþykkis ráðherra

ef fé er tekið að láni til stofnkostnaðar nema heimild til lántökunnar hafi verið veitt í fjárlögum eða með sérstakri lagaheimild. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift fimm stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn Sementsverksmiðju ríkisins skal í maímánuði ár hvert halda ársfund fyrirtækisins. Á ársfundi skal leggja fram til umfjöllunar reikninga verksmiðjunnar, skýrslu um rekstur fyrirtækisins og helstu framkvæmdir á liðnu ári, einnig áætlun og tillögur stjórnar um starfsemi yfirstandandi árs.

6. gr.

Rétt til setu á ársfundi Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa: Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjórar fyrirtækisins, tíu fulltrúar kjörnir af starfsmönnum verksmiðjunnar, allir nefndarmenn iðnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, tveir fulltrúar iðnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar fjármálaráðuneytis, tveir fulltrúar frá bæjarstjórn Akraness, tveir fulltrúar frá Sambandi byggingarmanna og tveir fulltrúar frá Félagi íslenskra iðnrekenda.

7. gr.

Við Sementsverksmiðju ríkisins skulu starfa tveir framkvæmdastjórar sem verkmiðjustjórnin ræður. Annar þeirra fer með viðskiptamál fyrirtækisins og veitir því forstöðu í fjárhagslegu tilliti. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í viðskipta- eða hagfræði eða hafa sambærilega menntun. Hinn framkvæmdastjórinn fer með stjórn tæknilegra málefna verksmiðjunnar, þar á meðal stjórn á framleiðslu hennar. Skal hann hafa lokið verkfræðiprófi eða annarri sambærilegri tæknimenntun. Báðir framkvæmdastjórar hafa prókúruumboð fyrir fyrirtækið.

8. gr.

Framkvæmdastjórar annast í umboði verksmiðjustjórnarinnar allan daglegan rekstur verksmiðjunnar og sitja þeir stjórnarfundi og eiga þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Sementsverksmiðjunnar kveður nánar á um skyldur framkvæmdastjóra í erindisbréfum.

9. gr.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikningshalds verksmiðjunnar. Getur ríkisendurskoðandi ákveðið að fela sjálfstæðu endurskoðunarfyrirtæki að annast þá þjónustu og greiðir Sementsverksmiðjan allan kostnað af endurskoðunarstörfum.

10. gr.

Verksmiðjan er undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema fasteignaskatti og landsútsvari eftir lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skulu reikningar sendir iðnaðarráðherra að lokinni endurskoðun, áritaðir af stjórn, framkvæmdastjórn og ríkisendurskoðanda. Reikningar skulu birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Skylt skal Sementsverksmiðju ríkisins að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra að starfsemi verksmiðjunnar valdi tjóni á umhverfi sínu og fullnægja skal hún reglum um öryggi starfsmanna og vernd á heilsu þeirra á vinnustað. Skal þess gætt að framkvæmdir og rekstur verksmiðjunnar séu í samræmi við gildandi lög um hreinlæti á vinnustað og þá staðla sem settir eru samkvæmt því. Enn fremur skal þess ætíð gætt að öll starfsemi á vegum verksmiðjunnar sé í samræmi við núgildandi og síðari lög um mengunarvarnir og náttúruvernd.

12. gr.

Við Sementsverksmiðju ríkisins skal starfa samstarfsnefnd stjórnar verksmiðjunnar og starfsmanna hennar. Í nefndinni skulu eiga sæti báðir framkvæmdastjórar verksmiðjunnar, tveir stjórnarmenn og skal annar vera stjórnarformaður. Starfsmenn verksmiðjunnar kjósa úr sínum hópi fjóra fulltrúa í nefndina. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samstarf verksmiðjunnar og starfsliðs hennar, gera tillögur um aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsmanna og veita ábendingar sem horfa til aukinnar hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Reglugerð um rekstur og starfsemi verksmiðjunnar setur ráðherra að fengnum tillögum stjórnar verksmiðjunnar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, lög nr. 7/1961 og lög nr. 39/1962.

Greinargerð.

Á árinu 1983 skipaði Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um Sementsverksmiðju ríkisins. Í nefndina voru skipaðir þeir Ásgeir Pétursson bæjarfógeti og núverandi formaður stjórnar Sementsverksmiðjunnar og hæstaréttarlögmennirnir Björgvin Sigurðsson og Eiríkur Tómasson.

Nefndin samdi frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi á vordögum 1984 — þá til kynningar — og jafnframt tekið fram að frumvarpið yrði lagt fram á ný haustið 1984. Hér voru gefin fyrirheit um góð vinnubrögð.

Líklegt er að með nokkrum breytingum á frumvarpinu hefði það hlotið samhljóða samþykkt Alþingis ef þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefðu staðið að samþykkt þessa stjórnarfrumvarps jafnstaðfastlega og í einni fylkingu eins og þeir hafa staðið að öðrum frumvörpum ríkisstjórnarinnar. En við fyrirheitið um að leggja frv. fram á ný s. l. haust var ekki staðið.

Þingmenn Alþýðubandalagsins í efri deild Alþingis hafa með framlagningu þessa frv. tekið að sér að standa við yfirlýsingu iðnaðarráðherra um að leggja þetta stjórnarfrumvarp fram á ný. Því er þó breytt í nokkrum atriðum, einkum í sambandi við þátttöku starfsfólks í stjórn, í samstarfsnefnd og á ársfundi. Einnig er það nýtt í þessu frv. að lagt er til að haldinn verði ársfundur fyrirtækisins og tilnefndir fulltrúar á þann fund.

Sömu rök fylgja þessu frv. og því fyrra — en þau voru þessi:

„Enn eru í gildi lög nr. 35/1948, með breytingum, sem gerðar voru með lögum nr. 7/1961, er varða í reynd einungis kjör stjórnarmanna. Lögin frá 1948 eru nánast heimildarlög fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja sementsverksmiðju. Er því orðið tímabært að setja verksmiðjunni heildarlög um rekstur hennar og stjórnun. Áður hefur verið skipuð nefnd til þess að semja lög um Sementsverksmiðju og skilaði hún frumvarpi árið 1970. Ekki varð það frumvarp þó að lögum.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi fyrrgreind heimildarlög og setja fyrirtækinu varanlegan starfsgrundvöll. Er því í þessu lagafrumvarpi að finna ýmis nýmæli um rekstur og stjórnun, atriði er varða fjármál, öryggismál, heilbrigðiskröfur, ráðstafanir gegn mengun og önnur sambærileg efni.

Síðastliðið sumar voru liðin 25 ár, aldarfjórðungur, frá því að verksmiðjan tók til starfa og verður því að telja samningu frumvarps þessa mjög tímabæra ráðstöfun.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eru einnig þær sömu og þá — nema viðvíkandi þeim greinum sem flm. hafa breytt og bætt í hið upphaflega frumvarp.

Með stjórnarfrumvarpi á þskj. 611 hefur iðnaðarráðherra lagt fram nýtt frv. um Sementsverksmiðju ríkisins þar sem lagt er til að stofnað verði hlutafélag um verksmiðjuna.

Með því frumvarpi er ekki verið að setja verksmiðjunni heildarlög heldur verið að færa hana undir hlutafjárlög og minnka vald Alþingis yfir þessari ríkiseign. Alþýðubandalagið mun beita sér gegn því frumvarpi og er algerlega mótfallið því að ríkið selji hluti í Sementsverksmiðju ríkisins.

Með samþykkt þessa frv. okkar Alþýðubandalagsmanna verða Sementsverksmiðju ríkisins sett lög sem skapa fyrirtækinu framtíðar-starfsgrundvöll.

Ítrekuð er staða þess sem ríkisfyrirtækis, starfsfólki tryggður réttur til að hafa áhrif á stjórn þess, tekinn upp sá háttur að fyrirtækið haldi ársfund þar sem Alþingi og ráðuneyti fá aðstöðu til að fylgjast með starfsemi fyrirtækisins og ræða hana, um leið og aðrir viðskipta- og hagsmunaaðilar geta komið með ábendingar sínar um hvaðeina sem betur má fara hjá verksmiðjunni. Með ársfundi fengju stjórn og framkvæmdastjórar fyrirtækisins aukið aðhald og æskilegan vettvang til að gera almenningi grein fyrir gerðum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er réttarstaða fyrirtækisins skýrgreind. Er það gert með svipuðum hætti og nú er í gildandi lögum um ríkisstofnanir, sbr. t. d. 1. og 2. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands. Verður að telja brýna þörf á því að staða verksmiðjunnar í ríkiskerfinu sé skýrt afmörkuð. Þá þykir rétt að tilgreina heimilisvarnarþing fyrirtækisins þannig að eigi fari milli mála hvar lögkröfur séu settar fram á hendur fyrirtækinu enda hefur það aðsetur og rekstur í fleirum en einu lögsagnarumdæmi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins í samræmi við þær horfur sem eru á starfsemi þess í framtíðinni.

Ljóst er að aðalverkefni fyrirtækisins er að framleiða sement. En vissulega er og verður nauðsynlegt að verksmiðjan annist flutning á framleiðslu sinni, einkum ósekkjuðu sementi. Þá þykir rétt að hafa í lögunum heimild fyrir verksmiðjuna til þess að afla sér hráefnis til framleiðslunnar, innanlands og utan. Námurekstur fer nú fram á vegum verksmiðjunnar þar sem er líparítnáman í Hvalfirði. Heimild til efnavinnslu, sem tengd væri sementsframleiðslunni, mundi t. d. ná yfir framleiðslu annarra efna en sements úr hráefnum verksmiðjunnar. Auk þess kæmi til álita að framleiða önnur efni eða vörur úr öðrum efnum sem tengjast sementsnotkun. Óhjákvæmilegt er að hafa heimild til þess að á vegum verksmiðjunnar séu stundaðar rannsóknir sem tengjast verksmiðjurekstrinum, bæði í því skyni að bæta framleiðsluna og auka hana. Ekki er sú heimild á neinn hátt því til fyrirstöðu að verksmiðjan geti falið öðrum slíkar rannsóknir, svo sem t. d. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða öðrum sambærilegum stofnunum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn fyrirtækisins. Er þar um óbreyttar reglur að ræða frá því sem verið hefur síðan lög nr. 7/1961 voru samþykkt á Alþingi um stjórnarmenn kosna af Alþingi, en lagt til að starfsfólk verksmiðjunnar fái aðild að stjórn fyrirtækisins og það kjósi úr sínum hópi tvo stjórnarmenn. Stjórnarmönnum fjölgi því úr fimm í sjö. Þá er lagt til að kosnir verði varamenn, svo og að kosning fari fram að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um kjör varamanna en ástæða þykir til þess að bæta nú úr því. Sama er að segja um stöðu formanns. Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi formann eins og verið hefur en nú er enn fremur gert ráð fyrir því að framvegis verði skipaður varaformaður úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Nýmæli er það í frv. að stjórnin kjósi sér sjálf ritara en í reynd hefur málum verið skipað með þeim hætti um langt skeið.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir fyrirtækisins til lántöku innanlands og utan, til almennra þarfa og til stofnframkvæmda. Er svo frá gengið að ríkissjóður verði ekki skuldbundinn af lántökum vegna stofnkostnaðar, og er þar átt við meiri háttar framkvæmdir eða breytingar á mannvirkjum nema samþykki ríkisstjórnar liggi fyrir á grundvelli fjárlaga eða almennra laga.

Um 5. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sbr. grg. Á ársfundi fyrirtækisins verður fjallað um rekstur þess og stöðu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hverjir skuli vera fulltrúar á ársfundi. Það eru stjórnendur fyrirtækisins, starfsfólk, fulltrúar Alþingis og ráðuneyta, bæjarstjórnar Akraness, svo og fulltrúar frá viðskiptaaðilum — samtals 50 manns.

Um 7. gr.

Þessi grein geymir ákvæði um framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Er með þessu ákvæði staðfest það fyrirkomulag sem í reynd hefur verið viðhaft í meira en áratug, að framkvæmdastjórar séu tveir. Fer annar þeirra með forstöðu fjár- og viðskiptamála en hinn með forustu um tæknimál og framleiðslustörf.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Fram að þessu hefur endurskoðun verið svo háttað að sérstakur löggiltur endurskoðandi hefur annast almenna endurskoðun. Enn fremur hefur ráðherra skipað tvo endurskoðendur sem endanlega ganga frá reikningum áður en þeir eru staðfestir af verksmiðjustjórn.

Hér er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun annist endurskoðunarstörf. Þá verður heimilt að ríkisendurskoðandi feli löggiltum endurskoðanda að annast þessa þjónustu enda greiði verksmiðjan allan kostnað af endurskoðunarstörfum.

Um 10. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórnin gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem verða má. Í greininni er skýrgreint í hvaða búningi reikningar skuli berast iðnaðarráðherra.

Um 11. gr.

Hér eru lagðar skyldur á verksmiðjustjórnina að gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að hindra að verksmiðjureksturinn valdi tjóni á umhverfi sínu. Þá er lögboðið að gætt verði öryggis og hollustuhátta á vinnustað.

Um 12. gr.

Við því má búast að ávallt komi fram málefni sem varða samskipti verksmiðjustjórnar og starfsmanna. Æskilegt er að hafa skýr ákvæði um hvernig með slík mál skuli fara og virðist vænlegast að koma á fót nefnd sem fjalli um slík málefni. Verði hún ráðgefandi aðili, m. a. um aðbúnað starfsmanna og öryggi þeirra á vinnustað og annað það sem til heilla má horfa fyrir báða aðila.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. **670. Frumvarp til laga** [408. mál]

um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Gunnar G. Schram, Kjartan Jóhannsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Mörk Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar skulu breytast þannig að þau ákvarðist framvegis af eftirtöldum línum og bogum milli markapunkta með hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Punktur nr.:		X-hnit:	Y-hnit:	P:
1	í Kópavoginum	22 000,00	13 540,00	1
2	sunnan Kópavogsbrúar	20 900,00	13 250,00	2
3	—	21 027,00	13 158,00	3
4	við Hafnarfjarðarveg	21 100,00	13 060,00	4
5	—	21 060,00	13 020,00	5
6	—	20 897,51	13 013,49	6
7	—	20 750,00	13 050,00	7
8	—	20 796,00	12 932,00	8
9	—	20 880,42	12 731,71	9
10	—	20 433,25	12 571,57	10
11	—	20 238,22	12 451,73	11
12	við Reykjanesbraut	20 102,78	12 386,66	12
13	—	20 113,58	12 354,27	13
14	—	19 776,47	12 317,32	14
15	—	19 681,07	12 331,04	15
16	krómstálbolti í 200 mm steyptum sökkli	19 265,44	12 231,34	16
17	krómstálbolti í 600 mm steyptum sökkli	19 315,74	11 972,63	17
18	krómstálbolti í 200 mm steyptum sökkli	18 925,10	11 725,20	18
19	Smalaholt — þríhyrningspunktur 1023	18 637,17	11 296,15	19
20	krómstálbolti í 600 mm steyptum sökkli	17 372,84	11 089,35	20
21	Arnarstapi — koparbolti í klöpp	17 152,36	8 938,40	21

Vestan við punkt 1 eru mörkin bein lína með hnit Y=13 540,00. Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta og eru miðjur hringboganna ýmist til hægri eða vinstri, miðað við að horft sé frá punkti með lægra númeri að punkti með hærra númeri, frá punkti n að punkti n+1, þannig:

Milli punkta	1 og	2	Bein lína, lengd 1137,58 m.
— —	2 og	3	Hringbogi með radíus 200 m og miðju til hægri.
— —	3 og	4	Hringbogi með radíus 100 m og miðju til vinstri.
— —	4 og	5	Bein lína, lengd 56,57 m.
— —	5 og	6	Hringbogi með radíus 250 m og miðju til vinstri.
— —	6 og	7	Bein lína, lengd 151,96 m.
— —	7 og	8	Hringbogi með radíus 200 m og miðju til hægri.
— —	8 og	9	Hringbogi með radíus 400 m og miðju til vinstri.
— —	9 og	10	Hringbogi með radíus 1155 m og miðju til hægri.
— —	10 og	11	Bein lína, lengd 228,91.
— —	11 og	12	Hringbogi með radíus 730 m og miðju til vinstri.
— —	12 og	13	Bein lína, lengd 34,14 m.
— —	13 og	14	Hringbogi með radíus 680 m og miðju til vinstri.
— —	14 og	15	Bein lína, lengd 96,38 m.
— —	15 og	16	Hringbogi með radíus 585 m og miðju til hægri.
— —	16 og	17	Bein lína, lengd 263,55 m.
— —	17 og	18	Bein lína, lengd 462,41 m.
— —	18 og	19	Bein lína, lengd 516,71 m.
— —	19 og	20	Bein lína, lengd 1281,13 m.
— —	20 og	21	Bein lína, lengd 2162,12 m.

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum sem um ræðir í 1. gr. milli punkta nr. 2 og 16 að báðum meðtöldum og er þá heimilt að gera það með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt sameiginlegri tillögu bæjarstjórna Kópavogs og Garðabæjar, sbr. fskj. I með samningi þessara bæjarstjórna, dags. 18. maí 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Hinn 18. maí 1983 var gerður svofelldur samningur milli bæjarstjórnanna:

Bæjarstjórn Garðabæjar og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gera með sér eftirfarandi samning um breytingu á mörkum kaupstaðanna (sveitarstjórnar- og lögsagnarumdæma) og önnur atriði er leiða af slíkri breytingu.

1. gr.

Aðilar hafa, fyrir sitt leyti, náð samkomulagi um að mörk kaupstaðanna skuli hér eftir vera þau sem tilgreind eru á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 3. mars 1983, sem er hluti samnings þessa og fskj. nr. 1 með samningum. Aðilar skulu nú þegar hlutast til um að lagasetning um slíka breytingu á mörkum kaupstaðanna fari fram hið allra fyrsta.

Arnarnesvegur er frá gatnamótum Bæjarbrautar að Reykjanesbraut í lögsagnarumdæmi Garðabæjar. Austan Reykjanesbrautar er hann í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

Í framhaldi af samningi þessum munu aðilar hlutast til um að hin nýju mörk skuli skilgreind skv. hnitakerfi Landmælinga Íslands og færð á uppdrátt.

2. gr.

Kópavogskaupstaður afsalar Garðabæ með gerð samnings þessa því eignarlandi Kópavogskaupstaðar úr Fífuhvamms- og Smárahvammslöndum sem eru sunnan hinnar nýju markalínu, sbr. fskj. nr. 1.

Garðabær mun virða allan rétt einstaklinga og stofnana á landsvæðum þeim úr Kópavogi er sunnan markanna verða og eru forsvarsmönnum Garðabæjar kunnar kvaðir og réttindi er á landinu hvíla sem eru eftirfarandi:

a. Leiguréttur Hraðbrautar hf. (áður Olíumalar hf.) samkvæmt yfirlýsingu, dags. 21. apríl 1978, sem er fskj. nr. 2 með samningnum.
b. Æfingavöllur Hestamannafélagsins Gusts, sbr. samþykkt bæjarráðs Kópavogs á fskj. nr. 3.
c. Eignarland Pósts og síma við mörk Vífilsstaða- og Fífuhvammslands að svo miklu leyti sem það land verður sunnan nýrra marka.
d. Landsvæði úr jörðinni Smárahvammi en u. þ. b. 10 ha eru í einkaeign.

Garðabær afsalar sér, fyrir sitt leyti, öllum hugsanlegum réttindum, er hann kann að eiga að landsvæðum sem eru norðan markalínunnar samkvæmt samningi þessum, öðrum en þeim sem áskilin eru hér. Enn fremur liggi fyrir sem fskj. nr. 4 yfirlýsing eigenda jarðarinnar Vífisstaða að þeir geri eigi tilkall til eignarréttar á neinum landsvæðum norðan markalínunnar né heldur kröfur um fébætur hverju nafni er nefnast kunna vegna landspildna Kópavogs megin hinnar nýju markalínu.

Kópavogskaupstað er kunnugt um að u. þ. b. 22 ha landspilda úr landi Arnarness, merkt A á fskj. 1 norðan markalínunnar, er í einkaeign.

3. gr.

Aðilar eru sammála um að lega Arnarnesvegar skuli vera sú sem tilgreind er á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 3. mars 1983, sem er fskj. nr. 1 með samningi þessum. Munu aðilar í sameiningu hlutast til um að afla samþykkis annarra stjórnvalda fyrir breytingu þessari enda er staðfesting þessarar legu vegarins og flokkun hans sem stofnbrautar forsenda samnings þessa.

Aðilar lýsa yfir gagnkvæmum vilja sínum til samvinnu um veitustarfsemi (holræsi og vatnsveitu) á þeim svæðum sem aðstæður gera það eðlilegt. Jafnframt er því lýst yfir að nýting lands úr Arnarneslandi til byggðar sé háð viðunandi lausn á holræsamálum svæðisins.

4. gr.

Um deiliskipulag jaðarsvæða skulu aðilar hafa náið samráð. Enn fremur undirgangast aðilar eftirgreindar skuldbindingar um gagnkvæma tilhögun skipulags:

Kópavogskaupstaður mun skipuleggja íbúðarhúsabyggð með tilheyrandi þjónustustofnunum á landspildu þeirri úr Arnarneslandi er nú verður norðan nýju markalínunnar.

Garðabær mun skipuleggja hábungu Hnoðraholts sem útivistarsvæði og friðlýsa Hnoðra og Klapparhól norðan hans. Að öðru leyti mun Garðabær skipuleggja vestur- og norðurhlíð Hnoðraholts sem einbýlishúsabyggð og/eða raðhúsabyggð.

5. gr.

Ákvæði um göngu-, reið- og ökuleiðir.

Garðabær mun í skipulagi gera ráð fyrir reiðleið frá Reykjanesbraut sunnan Arnarnesvegar austur fyrir Hnoðraholt. Aðilar munu í skipulagi gera ráð fyrir gönguleið meðfram Hafnarfjarðarvegi.

Ágreiningsmál vegna samnings þessa skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nema um annað sé samið milli aðila.

Samninganefndir kaupstaðanna undirrita samning þennan með fyrirvara um staðfest-

ingu bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs. Enn fremur er gildistaka samningsins háð því að skilyrðum í eftirtöldum greinum samningsins sé fullnægt.

a. Í 1. gr. Lagasetning um breytt lögsagnarumdæmismörk.
b. Í 2. gr. Yfirlýsing eigenda jarðarinnar Vífilsstaða liggi fyrir um að þeir geri ekki tilkall til landsvæða norðan markalínunnar.
c. Í 3. gr. Samþykki Vegagerðar ríkisins og skipulagsstjórnar ríkisins liggi fyrir um breytta legu Arnarnesvegar og flokkun hans sem stofnbrautar.

Samninganefndirnar munu sameiginlega vinna að því að framangreindum skilyrðum verði fullnægt hið fyrsta.

Garðabæ, 18. maí 1983.

F. h. samninganefndar Kópavogs	F. h. samninganefndar Garðabæjar
Björn Ólafsson (sign.),	Sigurður Sigurjónsson (sign.),
Kristján Guðmundsson (sign.),	Einar Geir Þorsteinsson (sign.),
Richard Björgvinsson (sign.).	Árni Ól. Lárusson (sign.).

Samningur þessi var sendur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í maí 1983 til umfjöllunar vegna ákvæða í 2. gr. um að fyrir lægi yfirlýsing eigenda jarðarinnar Vífilsstaða um að þeir geri ekki tilkall til landsvæða norðan hinnar umsömdu markalínu. Frá heilbrigðismálaráðuneytinu var samningurinn sendur til landbúnaðarráðuneytisins og hefur nú verið undirritað svohljóðandi skjal:

Yfirlýsing.

Landbúnaðarráðherra f. h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. ríkisspítalanna lýsa því hér með yfir að þeir sem eigendur og umráðamenn jarðarinnar Vífilsstaða í Garðabæ samþykkja eftirfarandi í tilefni af samningi bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna, dags. 18. maí 1983:

1. Að landamerki milli jarðanna Vífilsstaða, Garðabæ, og Fífuhvamms, Kópavogi, séu lína sem dregin er milli eftirfarandi hnita í hnitakerfi Reykjavíkur og mörkuð er á uppdrátt gerðan af bæjarverkfræðingum í Kópavogi 3. mars 1983 og aukinn 9. nóv. 1984 og áritaður er sem fskj. nr. 1 með samningi, dags. 18. maí 1983, milli bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna.
   Markapunktar með bráðabirgðahnitum í m eru:
   1. Y=11 972,63
      X=19 315,74
   2. Y=11 725,20
      X=18 925,10
   3. Y=11 400,5
      X=18 707,2

   Framangreind hnit ákvarðast endanlega og nákvæmar þegar skipulagningu á svæðinu og hönnun vega er lokið og varanlegum hnitapunktum hefur verið komið fyrir. Skal fulltrúa Vífilsstaða gefinn kostur á að fylgjast með endanlegri staðsetningu hnitapunktanna.
2. Eigendur Vífilsstaða gera eigi tilkall til eignarréttar á hugsanlegu landi Vífilsstaða skv. dómsátt eigenda jarðanna Vífilsstaða og Fífuhvamms 1. júní 1923 norðan markalínu skv. 1. tölulið þessa samkomulags né heldur kröfur um fébætur vegna lands Kópavogs megin hinnar nýju markalínu.

3. Landamerkjalína skv. 1. tölulið þessarar yfirlýsingar skal koma í stað landamerkja jarðanna Vífilsstaða og Fífuhvamms á því svæði skv. dómsátt eigenda þessara jarða frá 1. júní 1923 en að öðru leyti gilda mörk þau er greinir í sáttinni.
4. Yfirlýsing þessi er háð því skilyrði að eigendur Fífuhvamms nú eða síðar geri ekki tilkall til eignarréttar á landi sunnan markalínu skv. 1. tölulið þessa samkomulags né heldur kröfur um fébætur vegna lands Vífilsstaða megin hinnar nýju markalínu.
5. Yfirlýsing þessi er gefin með þeim fyrirvara að bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykki og áriti yfirlýsingu þessa um að hún muni láta Vegagerð ríkisins í té bótalaust og án annarra kvaða en leiðir af lögum nauðsynlegt land skv. staðfestu skipulagi undir vegarstæði fyrir Arnarnesveg og Reykjanesbraut úr eignarlandi Kópavogskaupstaðar, þ. m. t. því landi sem Kópavogur kann að hafa fengið frá Vífilsstöðum skv. þessari yfirlýsingu. Sama gildir um jarðefni sem Vegagerð ríkisins kann að taka úr umræddu landi til þessarar vegagerðar og tímabundin afnot af landi vegna vegagerðarinnar.
6. Yfirlýsing þessi er og gefin með þeim fyrirvara að bæjarstjórn Kópavogs samþykki og áriti yfirlýsingu þessa um að greiðsla sú, sem Póstur og sími mun hafa lagt inn á bankareikning sem geymslufé (depositum) árið 1946 eða 1947, þá að upphæð gamlar kr. 44 000, vegna bóta fyrir eignarnumið land úr jörðunum Vífilsstöðum og Fífuhvammi, skuli vera eign eigenda Vífilsstaða ef gögn vegna umræddrar greiðslu finnast.

Til staðfestingar framanrituðu er yfirlýsing þessi undirrituð og gerð í 5 samhljóða eintökum og þar af skal eitt eintakið ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Samhliða þessari yfirlýsingu hafa undirritaðir ráðherrar og aðrir sem árita yfirlýsingu þessa áritað tvö eintök af uppdrætti þeim sem vísað er til í 1. tölulið og skal hann fylgja yfirlýsingu þessari og vera hluti af henni.

Reykjavík, 10. jan. 1985.

Landbúnaðarráðherra,
f. h. jarðadeildar
landbúnaðarráðuneytis.

Jón Helgason.
(sign.)

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
f. h. ríkisspítala v/Vífilsstaða.

Matthías Bjarnason.
(sign.)

Fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar er því hér með lýst yfir að bæjarstjórn samþykkir efni 1., 3., 4., 5. og 6. töluliðar ofangreindrar yfirlýsingar eigenda og umráðamanna Vífilsstaða fyrir sitt leyti, sbr. meðfylgjandi fskj.

Reykjavík, 15. jan. 1985.

Kristján Guðmundsson.
(sign.)

Fyrir hönd bæjarstjórnar Garðabæjar er því hér með lýst yfir að bæjarstjórnin er samþykk ofanskráðri yfirlýsingu eigenda og umráðamanna Vífilsstaða um landamerki jarðarinnar og Fífuhvamms í Kópavogi og jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að landamerki milli Vífilsstaða og þess lands, sem Garðabær hefur eignast frá Kópavogskaupstað í Hnoðraholti, skuli vera bein lína dregin úr Hnoðra í hnit Y=11 972,63; X=19 315,74 skv. 1. tölulið ofanskráðrar yfirlýsingar. Kemur þessi merkjalýsing í stað merkjalýsingar í sátt eigenda Vífilsstaða og Fífuhvamms frá 1. júní 1923 á umræddu svæði. Þau merki, sem hér er

lýst, eru sýnd á uppdrætti sem vísað er til í 1. tl. ofanskráðrar yfirlýsingar og áritar fulltrúi Garðabæjar uppdráttinn vegna þeirra landamerkinga sem hér er lýst.

Reykjavík, 15. jan. 1985.
F. h. bæjarstjórnar Garðabæjar.
Jón Gauti
(sign.)

Samþykkjum sem eigendur og umráðamenn Vífilsstaða ofangreind landamerki á milli Vífilsstaða og eignarlands Garðabæjar í Hnoðraholti.

Reykjavík, 10. jan. 1985.

Landbúnaðarráðherra,
f. h. jarðadeildar
landbúnaðarráðuneytis.

Jón Helgason.
(sign.)

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
f. h. ríkisspítala v/Vífilsstaða.

Matthías Bjarnason.
(sign.)

Fylgiskjal með yfirlýsingu.

Bæjarstjórinn í Kópavogi fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs lýsir því hér með yfir að samþykkt á 1., 3., 4. og 5. tölulið yfirlýsingar eigenda og umráðamanna Vífilsstaða, dags. 10. jan. 1985, er bundin því skilyrði að eigendur og umráðamenn Vífilsstaða fallist á skilning bæjarstjórnar á eftirtöldum vafaatriðum í fyrrnefndri yfirlýsingu:

Varðandi 1. og 2. tölulið.

Þar sem lýst er yfir í 2. lið að eigendur Vífilsstaða geri eigi tilkall til eignarréttar Vífilsstaða á landi norðan markalínu samkvæmt 1. tölulið yfirlýsingarinnar sé ekki aðeins átt við land norðan línu um punktana 1, 2 og 3 í 1. lið og þar með eingöngu land vestan línu sem dregin er réttvísandi í norður úr punkti 3 með X-hnit 18 709,72 heldur allt það land sem hugsanlega gæti verið eign Vífilsstaða samkvæmt dómsátt frá 1. júní 1923 norðan þeirrar markalínu sem sýnd er á uppdrætti gerðum af bæjarverkfræðingi Kópavogs, dags. 3. mars 1983, eins og raunar er gerð tillaga um í niðurstöðum á bls. 7 í minnisblaði, dags. 5. nóvember 1984, til landbúnaðarráðherra frá Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi og ráðherra leggur til í bréfi, dags. 12. des. 1984, til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að samþykkt verði. Mörk þeirra landa, þar sem aðilar munu gagnkvæmt ekki gera tilkall til eignarréttar, sbr. einnig 4. lið, yrðu þar með hin sömu og umsamin bæjamörk, þ. e. lína um punktana 1, 2 og 3, sbr. 1. lið, í þríhyrningsstöpul á Smalaholti og þaðan að landamörkum Vatnsenda austanvert í Rjúpnadalshlíð í steyptan jarðfastan stöpul með krómstálbolta og hnit X=17 372,84 og Y=11 089,35 í hnitakerfi Reykjavíkur.

Varðandi 3. tölulið.

Þar sem sagt er í síðustu málsgrein „en að öðru leyti gilda mörk þau er greinir í sáttinni" þá eigi það aðeins við þann hluta markalínunnar úr Hnoðra í Vaðið á Arnarneslæk sem nú eru mörk Vífilsstaða annars vegar og Smárahvamms og Fífuhvamms hins vegar enda eru eldri mörk austan Hnoðraholts úr gildi fallin við samþykkt hinna nýju marka samkvæmt 1. tölulið.

Varðandi 4. tölulið.

Bæjarstjórn Kópavogs fellst á þennan lið og samþykkir jafnframt að með markalínu samkv. 1. tölulið sé átt við markalínuna allt austur að landamörkum Vatnsenda, sbr. það sem sagt er um liði 1 og 2 hér að framan. Bæjarstjórnin mun þar með ekki gera tilkall til þess lands að stærð 12,3 ha sem deilt hefur verið um og samkvæmt landamerkjalýsingu þinglesinni 6. júní 1891 væri eignarland Fífuhvamms suðaustan þess lands sem afsalað var hinn 4. febr. 1947 til Landssíma Íslands með eignarnámi úr löndum Fífuhvamms og Vífilsstaða.

Varðandi 5. tölulið.

Þar sem sagt er í síðustu málsgrein „úr umræddu landi" þá sé aðeins átt við það land í eigu Kópavogskaupstaðar sem fellur undir vegarstæði Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar, þ. e. 60 m breiða spildu 30 m til hvorrar hliðar frá miðlínu veganna. Gildir það jafnt um núverandi eignarland og það land sem Kópavogskaupstaður kynni að hafa fengið frá Vífilsstöðum samkvæmt samkomulagi þessu.

Bæjarstjórn Kópavogs bendir á að þar sem á fyrrnefndum uppdrætti, dags. 3. mars 1983, stendur: „Hnit ákvarðast endanlega og nákvæmar þegar skipulagningu og hönnun vega er lokið og væntanlegum hnitapunktum hefur verið komið fyrir" á þetta aðeins við um markapunkta með hnitum uppgefnum í heilum metrum. Markapunktarnir nr. 1 og 2 í 1. tölulið eru krómstálboltar í steinsteyptum jarðföstum stöplum með nákvæmlega innmældum hnitum sem innfærð eru á fyrrnefndan uppdrátt hinn 9. nóv. 1984 og uppgefin í sentímetrum og eru því ekki bráðabirgðahnit. Hnit á markapunkti 3 hafa verið mæld nákvæmlega og reyndust vera: X=18 709,72; Y=11 404,26.

Kópavogi, 15. janúar 1985.


F. h. bæjarstjórnar Kópavogs,
Kristján Guðmundsson (sign.),
bæjarstjóri.

Séð og ekki gerðar athugasemdir 15. jan. 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu,
Jón Ingimarsson
(sign.)

Viðbót: Punktarnir 1 og 2 eru hinir sömu og punktar 17 og 18 í frumvarpi þessu.

Unnið er nú að gerð aðalskipulags beggja bæjarfélaganna Kópavogs og Garðabæjar en því verður ekki endanlega lokið nema mörk séu ótvíræð. Því ber brýna nauðsyn til að frumvarp þetta fái skjóta afgreiðslu enda er lagasetning um breytt lögsagnarumdæmamörk skilyrði fyrir gildistöku samnings milli sveitarfélaganna dags. 18. maí 1983, sbr. 1. grein.


Garðabær – Kópavogur
Ný lögsagnarumdæmismörk
1:25000

Sþ. 671. Fyrirspurn [409. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning niðurgreiddra landbúnaðarafurða.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvernig var háttað þeim útboðum á flutningi niðurgreiddra landbúnaðarafurða til útlanda sem ráðherra lýsti í svari sínu við fyrirspurn á Alþingi 12. mars 1985?
2. Hvenær áttu umrædd útboð sér stað á árunum 1983 og 1984?
3. Hvort var um svokölluð lokuð eða opin útboð að ræða?
4. Hvernig skiptust flutningar á niðurgreiddum landbúnaðarafurðum milli eftirgreindra flutningafyrirtækja árin 1983 og 1984:
   a. Eimskipafélags Íslands,
   b. Hafskips hf.,
   c. Skipadeildar SÍS,
   d. annarra?

Sþ. 672. Fyrirspurn [410. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um könnun á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi.

Frá Gunnari G. Schram.

Hvað líður framkvæmd ályktunar þeirrar sem samþykkt var á Alþingi árið 1982 um könnun á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi?

Sþ. 673. Fyrirspurn [411. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Valdimar Indriðasyni.

Hafa verið teknar ákvarðanir um framhald hvalveiða, og þar með hrefnuveiða, við Ísland eftir þetta ár? Sé ekki svo: Hvað hyggst sjávarútvegsráðherra leggja til í þessum efnum?

Sþ. 674. Fyrirspurn [412. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit á landgrunni Íslands.

Frá Gunnari G. Schram og Birni Dagbjartssyni.

1. Hvað líður rannsóknum á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen og olíuleit sem ráð var fyrir gert þar í samkomulagi við Norðmenn þann 18. júní 1982?
2. Hvenær mun fram haldið rannsóknum og auðlindaleit á svæðinu út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa sem fyrst var kannað árið 1978?

Nd. 675. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar tveggja aðila: Félags einstæðra foreldra, sem lýsir stuðningi við málið, og Tryggingastofnunar ríkisins, en þaðan hefur engin umsögn borist.

Frumvarp til barnalaga var samið af sifjalaganefnd á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Höfð voru til hliðsjónar nýleg ákvæði Norðurlandaþjóða um sama efni. Frv. var fyrst lagt fyrir Alþingi vorið 1976. Það var flutt fimm sinnum alls en varð að lögum vorið 1981. Lögin tóku gildi 1. janúar 1982.

Þau ákvæði barnalaga, sem um ræðir í þessu frv., eru mjög samtvinnuð löggjöf um almannatryggingar. Upplýst er að sú löggjöf er nú í heildarendurskoðun. Stjórnskipuð nefnd undir forustu Helga V. Jónssonar hrl. vinnur að því verkefni. Með hliðsjón af þessu m. a. leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. mars 1985.

Gunnar G. Schram, form. Friðjón Þórðarson, frsm. Páll Dagbjartsson.

Magnús Reynir Guðmundsson. Stefán Guðmundsson.

Ed. 676. Frumvarp til lánsfjárlaga [245. mál]

fyrir árið 1985.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 2 436 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 884 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til endurfjármögnunar og framkvæmda.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 85 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1985 að fjárhæð 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 140 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1985 að fjárhæð 1 442 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 70 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 78 500 þús. kr. á árinu 1985. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

12. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 8 000 þús. kr. á árinu 1985.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 30 800 þús. kr. á árinu 1985 og er framlagið vegna lífeyrissjóðs bænda, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1985.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1985.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 19 800 þús. kr. á árinu 1985.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1985.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga nr. 69/1984 skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 000 þús. kr. á árinu 1985.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, skal einungis þeirri fjárhæð, sem áætluð er í 4. gr. fjárlaga 1985, varið til rekstrar Rafmagnseftirlitsins en það sem umfram innheimtist skal renna í ríkissjóð.

21. gr.

Þrátt fyrir 8. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi samkvæmt fyrrgreindri lagagrein eigi fara fram úr 8 500 þús. kr. á árinu 1985. Framlag úr ríkissjóði skv. 25. gr. laga nr. 60/1976 til Ferðamálasjóðs skal falla niður á árinu 1985.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 7 000 þús. kr. á árinu 1985.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 96 000 þús. kr. á árinu 1985.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 635 000 þús. kr.

III. KAFLI

25. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 287 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Byggingarsjóður ríkisins tók á árinu 1984.

Þá er fjármálaráðherra heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 80 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Endurlán ríkissjóðs tóku á árinu 1984 til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 677. Lög [235. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 620.

Ed. 678. Frumvarp til laga [324. mál]

um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, um gáma.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 679. Tillaga til þingsályktunar [413. mál]

um samgönguleið um Hvalfjörð.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Ragnar Arnalds, Valdimar Indriðason,
Ólafur Þ. Þórðarson, Eiður Guðnason, Salome Þorkelsdóttir,
Skúli Alexandersson, Gunnar G. Schram, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að nú þegar verði gerð athugun á því hvaða samgönguleið er hagkvæmust um Hvalfjörð. Að þeirri athugun lokinni verði sett fram áætlun um framkvæmdir.

Greinargerð.

Á 103. löggjafarþingi var flutt till. til þál. sem fól í sér að gerð yrði athugun á hagkvæmustu samgönguleiðum um Hvalfjörð. Þeirri tillögu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Í september 1972 var birt álit nefndar sem skipuð var samkvæmt þingályktun frá 18. apríl 1967 til þess að annast alhliða rannsókn á því hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlis í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Nefndarálit þetta var mjög ítarlegt en byggt á forsendum sem nú eru orðnar um eða yfir áratugargamlar.

Eins og áður er um fjóra aðalmöguleika að ræða, þ. e.:

1. ferju yfir fjörðinn,
2. brú yfir fjörðinn,
3. göng undir fjörðinn,
4. veg fyrir fjörðinn.

Í þessari greinargerð verður ekki reynt að endurmeta þær forsendur sem liggja til grundvallar hinum ýmsu valkostum að því er varðar samgöngur um Hvalfjörð enda gerir sú tillaga, sem hér er lögð fram, ráð fyrir slíku endurmati. — Augljóst er þó að með tilkomu málmblendiverksmiðjunnar við Grundartanga, ásamt auknum þungaflutningum frá sementsverksmiðjunni á Akranesi landleiðina um Hvalfjörð og aukinni almennri umferð um fjörðinn, eru forsendur orðnar aðrar en byggt var á í framangreindu nefndaráliti. Einnig er ástæða til að ætla að á síðustu tíu árum hafi orðið tæknilegar framfarir í smíði ferja og brúa og gerð jarðganga. Ef litið er til þeirra möguleika sem eru fyrir hendi varðandi ferjusamband yfir fjörðinn má minna á hvort ekki mætti nýta þau hafnarmannvirki sem þegar hafa verið reist við Grundartanga.

Samkvæmt nefndarálitinu frá 1972 gaf vegur og ferja á milli Kiðafells og Galtavíkur 10—12% afkastavexti en vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð 14—15% afkastavexti. Hér hefur verið mjótt á munum og með vísan til þess sem áður er sagt er full ástæða til að ætla að niðurstöður yrðu aðrar í dag.

Flutningsmönnum að tillögu þessari er ljóst að athugun sem þessi muni hafa einhvern kostnað í för með sér en í það megi ekki horfa af þeirri einföldu ástæðu að á hverri tíð þurfa að liggja fyrir hagkvæmustu valkostir í samgöngumálum.“

Umræddri tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar að tilhlutan allsherjarnefndar Sþ.

Flutningsmönnum er ekki kunnugt um að sú athugun, sem tillagan gerði ráð fyrir, hafi enn komið til framkvæmda, nema þá að mjög litlu leyti. Það er skoðun flutningsmanna að

ekki megi rasa um ráð fram varðandi framtíðarsamgönguleið um Hvalfjörð. Því er þessi tillaga flutt.

Eins og allir vita er enn ólokið miklum og án efa mjög kostnaðarsömum framkvæmdum í Hvalfirði sé miðað við þau áform sem hingað til hafa verið lögð til grundvallar, þ. e. veginum um innanverðan fjörðinn. Endanlega ákvörðun í þessu máli verður að taka áður en langir tímar líða. Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar að allar forsendur, sem hingað til hafa verið hafðar að leiðarljósi í þessu máli, hafi breyst svo að ekki verði hjá því komist að stokka spilin að nýju.

Meðfylgjandi skjal eru hugleiðingar Ólafs Bjarnasonar verkfræðings um brú yfir Hvalfjörð sem birt er með góðfúslegu leyfi hans.

Fylgiskjal.

BRÚ YFIR HVALFJÖRÐ?

Af og til á undanförnum árum hafa sést á opinberum vettvangi hugleiðingar um samgöngur yfir Hvalfjörð, m. a. frá þingmönnum Vesturlandskjördæmis.

Árið 1972 var birt nefndarálit um samgöngur yfir Hvalfjörð. Niðurstaða nefndarinnar var sú að samgöngum væri best hagað á þann hátt sem nú er gert, þ. e. með ferju milli Akraness og Reykjavíkur og vegi fyrir botn Hvalfjarðar.

Á síðasta áratug hafa komið til landsins stórvirkar vinnuvélar og aukin reynsla hefur fengist í stórframkvæmdum á innlendum vettvangi. Slíkt gefur tilefni til endurmats á fyrri hugmyndum og sköpun nýrra.

Svo virðist sem hugleiðingar um vegtengingu yfir Hvalfjörð utanverðan hafi strandað á því að bygging brúar- og vegamannvirkja væri tæknilega örðug og kostnaður væri í engu samræmi við þann fjárhagslega ávinning sem stytting vegarins fyrir Hvalfjörð hefði í för með sér. Um er að ræða langa hengibrú eða göng undir fjörðinn.

Hér á eftir skal vakin athygli á tillögu að lausn þessa viðfangsefnis sem tæknilega á að vera viðráðanleg fyrir íslenska verkfræðinga og verktaka og ástæða er til að athuga nánar og bera saman við aðrar framtíðarhugmyndir um samgöngur yfir Hvalfjörð.

Á meðfylgjandi teikningu er í grófum dráttum sýnd tillaga að legu vegar yfir fjörðinn. Vegurinn liggur frá Norðurkoti á Kjalarnesi yfir að Kúludalsá í Innri-Akraneshreppi. Einnig kemur til álita veglína frá Saurbæ á Kjalarnesi yfir Hnausasker en sá kostur virðist í fljótu bragði heldur dýrari og erfiðari. Gerð vegar og brúar verður nánar lýst hér á eftir.

Í firðinum háttar þannig til að norðan megin í veglínunni er um 30 m dýpi út að miðjum firði en að sunnanverðu er mun grynnra. Þar er 6—10 m dýpi og grynnra upp við land. Í stuttu máli byggist gerð mannvirkja á því að állinn að norðanverðu í firðinum verði fylltur upp en brú verði byggð að sunnanverðu í firðinum þar sem dýpi er minna og öll vinna við undirstöðugerð því auðveldari. Dýpi við brúarstæði er þó nægilegt fyrir umferð minni og meðalstórra skipa.

Segja má að gerð Borgarfjarðarbrúar og nú síðast brúar yfir Grafarvog byggi á sömu grundvallarhugmynd. Sú hugmynd byggist á því að fyllt er með jarðefnum eins mikið og kostur er og stærð brúar miðuð við að röskun verði ekki á hæð sjávarfalla á firðinum innan við brú.

Við undirbúning brúar yfir Grafarvog var gerð vatnafræðileg athugun á stærð brúarops í Grafarvogi þar sem tekið er mið af því að hæð sjávarfalla í voginum verði óbreytt og straumhraði í brúaropi viðráðanlegur. Í því skyni var gert á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen tölfræðilegt líkan af samspili rennslis, vatnsstöðu og stærðar brúarops. Ég tel að nokkuð hafi komið á óvart hve mikið má í raun þrengja að rennsli um brúarop án þess að sjávarfallahæð breytist.

Í sambærilegu reiknilíkani af Hvalfirði er lauslega áætlað að brú þurfi að vera um 500 m löng á þeim stað sem teikningin sýnir. Hver nauðsynleg lengd brúar í raun verður ræðst að verulegu leyti af raunverulegu dýpi við brúarstæði og fleiri atriðum og ber því að taka ofannefnda tölu með fyrirvara. Reiknað er með að brúin verði steinsteypt og bil milli brúarstöpla á bilinu 40—60 m.

Nú er umferð skipa um Hvalfjörð að Grundartangahöfn, Hvalstöð og olíuhöfnum Olíufélagsins og Varnarliðsins. Einnig hefur malarefni verið sótt í Hvalfjörð. Verksmiðjuskip hafa legið í firðinum og í seinni heimsstyrjöldinni hafði floti kaupskipa og herskipa bandamanna viðkomu og bækistöð í Hvalfirði.

Ljóst er að vegagerð má ekki hefta siglingar um fjörðinn. Hér er gert ráð fyrir að hæð undir brú verði slík að íslensk kaupskip og veiðiskip geti siglt undir hana en gera verði eins konar siglingarrennu með vindubrú fyrir stór skip með háa yfirbyggingu. Þar er um að ræða stór olíuskip, flutningaskip eða herskip sem koma sjaldan og mundu lítt trufla umferð vegfarenda um brúna. Siglingarrennu þessa mætti gjarna staðsetja nálægt norðurenda fyllingar.

Stærsti hluti framkvæmda eru jarðfyllingar. Samanborið við mannvirki, sem flestir kannast við, má lauslega áætla að magn fyllingar verði um 50% meira en fylling Sultartangastíflu og mesta hæð fyllingar verði svipuð og hæð Sigöldustíflu. Alla fyllingarfláa verður að grjótverja til varnar öldugangi. Vart er erfiðleikum bundið að afla fyllingarefnis í nágrenninu. Vel má athuga að flytja megnið af fyllingarefni að vetrarlagi þegar bílar og stórvirkar vinnuvélar hafa oft og tíðum takmörkuð verkefni. Þannig má leitast við að gera framkvæmdina ódýrari.


Erfitt er að áætla framkvæmdakostnað með nákvæmni miðað við þær forsendur og upplýsingar sem fyrir liggja en hér er settur fram kostnaðarramminn 7—900 Mkr. Ljóst er að kostnaður getur tekið breytingum þegar hönnunarforsendur hafa verið mótaðar, hagkvæmasta lega vegar ákveðin, nauðsynlegar forathuganir hafa verið gerðar og meiri vinna lögð í hönnun mannvirkja en hér hefur gefist tími til.

Þá vaknar spurningin: Er kostnaður við framkvæmdina í einhverju samræmi við þann ávinning sem með henni fæst? Beinn ávinningur með vegi yfir Hvalfjörð er fyrst og fremst fólginn í styttingu akvegar vestur og norður um land en einnig má telja bætta aðstöðu til hafnargerðar í firðinum og möguleika á lagningu raf- og símalína í veginn. Hringvegurinn styttist um u. þ. b. 46 km og leiðin Reykjavík — Akranes um u. þ. b. 58 km.

Einnig má hugleiða þýðingu Hvalfjarðar fyrir varnir Íslands og annarra vestrænna ríkja og áhrif vegamannvirkja á aðstöðu og öryggi skipa í herfræðilegu tilliti. Um það skal ekki fjallað nánar hér enda eðlilegra að slík umræða fari fram á vettvangi stjórnmála.

Þetta atriði ásamt þeim félagslegu breytingum, sem brúargerðin hefur í för með sér, gefa tilefni til að málið sé reifað á opinberum vettvangi. Það sem átt er við með félagslegum breytingum er nánari tenging Vesturlands við Reykjavíkursvæðið, staða Akraness í samgöngukerfi landsins, áhrif á rekstur Akraborgar, svo að nokkur atriði af mörgum séu nefnd.

Ekki verður hér reynt tölulega að meta arðsemi brúar yfir Hvalfjörð eða bera hana saman við aðra kosti í samgöngum en telja verður fyllstu ástæðu til að slík athugun verði gerð og staðfesting fengin á því að ekki séu tæknileg vandkvæði á gerð mannvirkja eins og þeim er lýst hér í aðalatriðum.



VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THOROODDSEN hf.
VERKFRÆÐIRÁÐGJAFAR FRV

105 Reykjavík, Ármúli 4, Sími: (91) 8 44 99, Fjarriti: 2040 vst is
600 Akureyri, Glerárgata 36, Sími: (96) 2 25 43
310 Borgarnes, Berugata 12, Sími: (93) 73 17
400 Ísafjörður, Fjarðarstræti 11, Sími: (94) 37 06

BRÚ YFIR HVALFJÖRÐ

Hannað	Teiknað	Yfirfarið	Samþykkt	Dagsetning	Verk nr.	Teikn. nr.
ÓB	ÞS			ÁGÚST 1984		

Sþ. 680. Tillaga til þingsályktunar [414. mál]

um úttekt á fjárhagsvanda bænda og ráðstafanir í landbúnaði.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar vegna versnandi afkomu í landbúnaði og mikilla fjárhagserfiðleika bænda að fela ríkisstjórninni:

a. Að beita sér nú þegar fyrir úttekt á fjárhagsstöðu bænda og einstakra búgreina. Athuga skal sérstaklega raunverulegar launatekjur bænda síðustu ár borið saman við viðmiðunarstéttir og horfur varðandi afkomu á næstunni. Einnig verði reynt að meta helstu ástæður fyrir versnandi afkomu, svo sem árferði, markaðsaðstæður og stjórnvaldsaðgerðir, m. a. stefnuna í vaxta- og lánamálum.

b. Að undirbúa tillögur um ráðstafanir til úrbóta í ljósi niðurstaðna úr úttekt, sbr. a-lið, með það að markmiði að koma í veg fyrir yfirvofandi byggðahrun. Slíkar tillögur skulu m. a. miða að því:

- að draga úr greiðslubyrði með almennri lækkun vaxta og lengingu lána,
- að jafna aðstöðu meðal bænda, m. a. með breyttri framleiðslustjórn,
- að örva sölu á landbúnaðarafurðum með vöruþróun, bættri markaðsstarfsemi og niðurgreiðslum,
- að renna styrkum stoðum undir nýjar búgreinar með auknum lánveitingum, betri nýtingu fjármagns, ráðgjöf og góðu skipulagi.

Sérstaklega verði tekið á vanda sauðfjárbænda og þeirra bænda sem lagt hafa í umtalsverðar fjárfestingar á undanförnum 5 árum.

Landbúnaðarráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum úttektar, skv. a-lið, og tillögum til úrbóta, skv. b-lið, í þingbyrjun haustið 1985.

Kostnaður, sem hlýst af ályktun þessari, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Erfiðleikar hafa hrannast upp í landbúnaði undanfarin missiri þrátt fyrir óvenjuhagstætt árferði á heildina litið. Þeir eiga drjúgan þátt í þeirri erfiðu stöðu sem blasir við í mörgum byggðarlögum þar sem búsetuhrun er fram undan verði ekki nú þegar brugðist við með samstilltu átaki hins opinbera í samvinnu við fólkið í byggðarlögunum.

Um þetta ástand vitna ályktanir sem að undanförnu hafa borist frá bændafundum, hagsmunasamtökum bænda og búnaðarþingi. Eru nokkrar þeirra birtar sem fylgiskjöl með þessari tillögu.

Efnahagsstefna stjórnvalda hefur leikið bændur grátt ekki síður en launafólk og aðrar vinnustéttir. Nægir þar að benda á dæmi eins og hávaxtastefnu ofan á verðtryggingu lána og mikinn samdrátt í niðurgreiðslum. Kvótakerfið í landbúnaði hefur mistekist í veigamiklum atriðum og bitnað harðast á litlum bújörðum sem eru margar og skipta miklu í byggðakeðjunni. Tíðar breytingar á fóðurbætisskatti hafa gert bændum erfitt fyrir um skipulag framleiðslunnar og þrátt fyrir skattinn blasir nú við veruleg offramleiðsla mjólkurafurða á nýjan leik eftir tímabundinn samdrátt. Stjórnvöld draga úr hömlu að taka ákvarðanir varðandi framleiðslumagn, áburðarverð og annað er lýtur að hagstjórn í búrekstri. Bændur fá greiðslur fyrir framleiddar afurðir seint og illa og endanlegt uppgjör

fyrir síðasta verðlagsár (1983—84) fékkst ekki fyrr en nær hálfu ári eftir að því lauk. Óvissa ríkir um útflutningsbætur og aðra mikilvæga þætti varðandi búskapinn.

Verðlagningarkerfi búvöru er meingallað og vantar mikið á að kostnaðarliðir séu rétt áætlaðir í verðlagsgrundvellinum.

Allir þessir þættir til samans og fleiri ótaldir hafa leitt til gífurlegrar kjaraskerðingar hjá bændastéttinni sem stóð höllum fæti fyrir vegna óhjákvæmilegra framleiðslutakmarkana. Launaþátturinn í búreikningum hefur rýrnað stig af stigi á meðan tilkostnaðurinn hækkar stöðugt og fram undan er gífurleg hækkun á áburðarverði. Fjölmargir bændur berjast nú í bökkum og skrimta í náð upp á krít hjá kaupfélögum og öðrum afurðasölufélögum. Margir sjá ekki fram úr erfiðleikunum, hvorki varðandi afborganir af lánum, þar á meðal skuldbreytingarlánum sem tekin voru í fyrra, né heldur hvernig greiða á áburð á komandi vori.

Ástandið í sveitum landsins hefur aldrei verið jafnalvarlegt síðan á kreppuárunum á fjórða áratug aldarinnar og fjöldi bænda mun flosna upp af búum sínum á næstunni ef svo fer sem horfir og leita á vinnumarkað í þéttbýli þar sem þrengir að og óvissa ríkir um framtíðina.

Afleiðingar slíkrar þróunar eru ekki aðeins ógnvænlegar fyrir sveitirnar heldur engu síður fyrir þá þéttbýlisstaði er þeim tengjast og byggja í ríkum mæli á úrvinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu við aðliggjandi sveitir.

Það bætir ekki úr skák að stefnumörkun varðandi nýjar búgreinar, svo sem loðdýrarækt og fiskeldi, hefur verið óljós og losaraleg og fyrirgreiðsla og stuðningur af opinberri hálfu ófullnægjandi.

Óhjákvæmilegt er að veita þeim sem ráðast í nýja framleiðslu, svo sem loðdýrarækt, aðstoð og aðlögunartíma, m. a. varðandi lánskjör og afborganir af lánum.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórn að taka nú þegar á þessum málum til að koma í veg fyrir þann ófarnað sem við blasir og létta byrðar þeirra bænda sem verst eru staddir en hafa að öðru leyti forsendur til að halda áfram búskap.

Lögð er áhersla á að niðurstöður þeirrar úttektar á fjárhagsvanda bænda, sem gert er ráð fyrir að stjórnvöld beiti sér fyrir, liggi fyrir sem fyrst þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af þeim þegar mótaðar eru tillögur til að rétta hlut bænda.

Ekki þótti rétt að taka afstöðu til þess í tillögunni til hvaða ráða skuli gripið þótt flutningsmenn telji augljóst í mörgum tilvikum hvar skórinn kreppir.

Meðal atriða, sem hljóta að koma til umfjöllunar þegar gerðar eru tillögur um úrbætur og jöfnun á kjörum bænda, eru eftirtalin:

1. Fjármagnskostnaður.
2. Rekstrarlán, lánshlutfall og uppgjör af hálfu afurðasölufélaga.
3. Framleiðslutakmarkanir, þar á meðal svæðakvóti og bústærð.
4. Útflutningsuppbætur, m. a. hugsanleg nýting fjármagns til jöfnunar á aðstöðu bænda.
5. Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum.
6. Jarðræktarstyrkir, breytt tilhögun.
7. Vinnslukostnaður, aðgerðir til lækkunar og hagræðingar.
8. Verðmyndunarkerfi landbúnaðarafurða.
9. Nýjar búgreinar, stuðningur og skipulag.
10. Félagslegar aðgerðir, m. a. efld afleysingarþjónusta, viðurkenning á vinnuframlagi kvenna á búum og fullt fæðingarorlof.

Um önnur atriði vísast til framsögu með tillögunni.

Fylgiskjal I.

Stéttarsamband bænda:

ÁLYKTUN
um fjárhagsstöðu bænda.
(Mars 1985.)

Stjórn Stéttarsambands bænda telur að svo þunglega horfi nú með fjárhag margra bænda, einkum hinna yngri, að ekki verði hjá því komist að grípa til aðgerða þeim til stuðnings. Stjórnin bendir á að sú aðstoð, sem margir bændur fengu á s. l. ári með breytingu lausaskulda í lengri lán, leysti ekki þann vanda sem bændur standa frammi fyrir vegna verðtryggingar lána og hárra vaxta. Vandi bænda er að því leyti hliðstæður þeim vanda sem húsbyggjendur eiga við að stríða.

Vegna þessarar alvarlegu stöðu skorar stjórn Stéttarsambands bænda á landbúnaðarráðherra að láta þegar kanna möguleika á lengingu lánstíma hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins um a. m. k. 50% til þess að greiðslubyrði dreifist á lengri tíma.

Stjórnin leggur áherslu á að útvegað verði aukið lánsfé til að aðgerðir þessar rýri ekki möguleika Stofnlánadeildarinnar til lánveitinga til atvinnuuppbyggingar í sveitum og nauðsynlegs viðhalds í hinni hefðbundnu búvöruframleiðslu.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKT
fulltrúafundar bænda í Austur-Skaftafellssýslu um hagsmunasamtök sauðfjárbænda.

Fulltrúafundur bænda í Austur-Skaftafellssýslu, haldinn í Holti dagana 15.—16. mars 1985, lýsir eindregnum stuðningi við stofnun hagsmunafélags sauðfjárbænda og telur stofnun þess tímabæra þar sem að undanförnu hefur verið staðið mjög illa að málefnum bænda og greinilega komið í ljós að forsvarsmenn bænda og stjórnvöld hafa ekki reynst hæf til að gæta hagsmuna þeirra.

(Samþykkt án mótatkvæða, en nokkrir sátu hjá.)

Fylgiskjal III.

Búnaðarþing 1985:

ÁLYKTUN
um lækkun niðurgreiðslna.

Búnaðarþing tekur harða afstöðu gegn síðustu lækkun niðurgreiðslna á kjöti og mjólkurvörum fyrir innlendan markað, á sama tíma sem snöggur samdráttur er talinn nauðsynlegur í framleiðslu þessara vara vegna versnandi markaða erlendis.

Sá samdráttur, sem af því leiðir, veldur framleiðendum nú þegar þungum búsifjum. Með lengri aðlögunartíma að breyttum búskaparháttum, að hluta til, gæti betur tekist að vernda byggð að þeim hagkvæmnismörkum sem eðlileg verða talin.

Þá er lækkun niðurgreiðslna neikvæðari og óraunsærri á sama tíma sem kaupmáttur þorra fólks í þjóðfélagingu er svo skertur að neysla landbúnaðarvara er vart orðin sá hollustugrunnur í manneldi sem nauðsyn ber til og matvælainnflutningur eykst á kostnað dýrmæts gjaldeyrisforða.

Búnaðarþing telur því beinast að niðurgreiðslur verði auknar á ný og vill benda á að sú efnahagsaðgerð ætti m. a. að auðvelda frið á vinnumarkaði og koma einkum láglaunafólki til góða.

(Samþykkt samhljóða.)

Fylgiskjal IV.

Búnaðarþing 1985:

ÁLYKTUN
um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Búnaðarþing lýsir vonbrigðum sínum yfir ítrekuðum og neikvæðum mismun skilaverðs og grundvallarverðs ýmissa framleiðsluvara bænda og telur nauðsynlegt að tryggja bændum umsamið verð og greiðslukjör.

Þingið bendir jafnframt á að vöntunin hefur hverju sinni stafað af vanreiknuðum rekstrarkostnaði vinnslustöðvanna við gerð verðsamninga og öðrum vanreiknuðum verðbólguáhrifum við framreikning á hverju verðtímabili.

Þá telur búnaðarþing ámælisvert hjá ýmsum ríkisstjórnum á síðustu árum að viðurkenna ekki að fullu rökstuddan kostnað vinnslustöðvanna að því marki sem annars hefði samist um og í fullri vitund þess að með slíkri afgreiðslu gætu framleiðendur ekki átt þess kost að ná umsömdum launum.

Af framangreindum ástæðum telur búnaðarþing óraunsætt að lögsækja vinnslustöðvar vegna vangreiðslna, hvort sem um er að ræða vinnslustöðvar sem framleiðendur stjórna eða eru rekstraraðilar að eða vinnslustöðvar í eigu annarra og leggur því til að tilgreind þingsályktunartillaga verði felld. Hins vegar væntir þingið þess að fram fari könnun á uppbyggingu og rekstrargrundvelli sláturhúsa með tilliti til betri nýtingar þeirra og meiri hagkvæmni í rekstri.

(Samþykkt samhljóða.)

Fylgiskjal V.

Búnaðarþing 1985:

ÁLYKTUN
um endurskoðun framleiðsluráðslaga.

Búnaðarþing beinir þeirri áskorun til nefndar þeirrar sem vinnur að endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. að hún beiti sér á móti svo hastarlegum breytingum sem boðaðar hafa verið af stjórnvöldum á útflutningi búvara og afnámi alls útflutningsbótaréttar. Jafnframt er því beint til nefndarinnar að kannað verði gaumgæfilega hvaða efnahagslegar og félagslegar afleiðingar fylgdu verulega auknum samdrætti í hefðbundinni búvöruframleiðslu.

Þingið telur algjöra nauðsyn að þeim framleiðslusamdrætti, sem þegar er orðinn í landbúnaði, verði mætt með nýrri atvinnuuppbyggingu og að frekari samdrætti, ef til kemur, beri að stjórna með þeim hætti að svigrúm gefist til að koma á fót annarri atvinnu fyrir þá sem atvinnu sína missa, bæði í sveit og nærliggjandi þéttbýli.

(Samþykkt samhljóða.)

Ed. 681. Frumvarp til laga [415. mál]

um Myndlistaháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

Markmið.

1. gr.

Myndlistaháskóli Íslands (M. H. Í.) skal vera fræðslustofnun, er veitir kennslu og þekkingu í myndlista-, listiðna- og myndmenntagreinum. M. H. Í. skal leitast við að glæða með nemendum listræn viðhorf og vinnubrögð, efla með þeim sjálfstæði og skyldurækni í starfi.

M. H. Í. skal beita sér fyrir almennri fræðslu, tilraunum og rannsóknum á sviði myndlista, listiðna og myndmennta.

2. gr.

M. H. Í. skal hafa samráð og samstarf við þá skóla landsins, er veita menntun í greinum er skara námsefni M. H. Í. til þess að nýta sem best þann tækjakost og kennslukraft sem fyrir er í landinu.

Deildaskipan og námstími.

3. gr.

Í M. H. Í. skulu vera þessar deildir:

Myndlistadeild.
Listiðna- og iðnhönnunardeild.
Listfræðsludeild.
Myndmenntakennaradeild.

4. gr.

M. H. Í. er heimilt að starfrækja undirbúningsdeild fyrir frekara myndlistanám, þar til öðruvísi verður ákveðið. Nám í þeirri deild veitir ekki sjálskrafa rétt til náms í deildum M. H. Í.

5. gr.

Myndlistadeild skiptist í eftirfarandi skorir:

Málunarskor.
Mótunarskor.
Grafíkskor.
Myndvefnaðarskor.

6. gr.

Listiðna- og iðnhönnunardeild skiptist í eftirfarandi skorir:

Auglýsingaskor.
Leirsmíðaskor (keramikskor).
Veftaskor (textílskor).
Iðnhönnunarskor.

7. gr.

Listfræðsludeild skiptist í eftirfarandi skorir:

Barna- og unglingaskor.

Fullorðinsskor.

Fræðsluskor fyrir starfandi myndlista- og listiðnaðarmenn.

Í listfræðsludeild fer námið fram í áföngum, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur eftir því sem ástæður leyfa, heimilað stofnun fleiri skora við skólann.

9. gr.

Námið í myndlista-, listiðna- og iðnhönnunardeild tekur fjögur ár. Námið í myndmenntakennaradeild tekur eitt ár og veitir rétt til kennslu í myndlistagreinum við framhaldsskóla (sjá gr. 13). Menntamálaráðuneytið getur falið myndmenntakennaradeild að annast kennslu í sérgreinum myndmennta fyrir nemendur Kennaraháskóla Íslands, sem valið hafa þær greinar. Námið í undirbúningsdeild tekur hið minnsta eitt ár.

Að hverjum námsáfanga loknum fær nemandinn vitnisburð er segir til um hvort hann hafi staðist lágmarkskröfur þær er M. H. Í. gerir til námsárangurs og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

10. gr.

Um námsefni í deildum og skorum verður kveðið á í reglugerð. Heimilt er að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Árlegur starfstími M. H. Í. skal vera 9 mánuðir.

12. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

13. gr.

Inntökuskilyrði í M. H. Í. er sérstakt inntökupróf.

1. Rétt til að þreyta inntökupróf í undirbúningsdeild M. H. Í. hafa þeir, sem lokið hafa grunnskólaprófi og náð hafa 16 ára aldri. Þeir sem náð hafa 20 ára aldri hafa rétt til að þreyta inntökupróf án skilyrða um grunnskólapróf.
   Nánar skal ákveða um inntökupróf í reglugerð.
2. Rétt til þess að þreyta inntökupróf í M. H. Í. hafa þeir sem:
   a) lokið hafa undirbúningsdeild M. H. Í.,
   b) lokið hafa námi á myndlistabraut framhaldsskóla,
   c) hafa stundað hið minnsta tveggja ára nám í framhaldsskóla og lokið ákveðnum fjölda námseininga í myndlistagreinum.
   Nánar skal ákveða um inntökupróf í reglugerð.
3. Þeir sem sækja vilja um inngöngu í myndmenntakennaradeild skulu hafa:
   a) lokið námi við K. H. Í. með valgrein í mynd- og handmennt eða
   b) lokið námi við M. H. Í. í myndlista- eða listiðnadeildum og auk þess 30 námseiningum í uppeldis- og kennslufræðum.

Stjórn skólans.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með æðstu stjórn skólans, en að öðru leyti fara skólastjóri og skólaráð með stjórn hans.

15. gr.

Skólastjóri er yfirmaður skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart einstaklingum og stofnunum. Hann annast almennt eftirlit með daglegum rekstri hans og vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum hans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólastjóri skal tilnefna úr hópi deildarstjóra skólans staðgengil sinn í forföllum og skal leitað samþykkis ráðuneytisins í því tilviki.

16. gr.

Stjórn skólans er falin skólastjóra og skólaráði. Í skólaráði eiga sæti skólastjóri, rekstrarstjóri, deildarstjórar, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði. Skólastjóri er í forsæti á fundum skólaráðs. Skólaráð skal halda fundargerðabók og skal rekstrarstjóri vera ritari.

Á fundum skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar þess sæki fund hið fæsta. Á fundi skólaráðs ræður afl atkvæða. Ef atkvæði verða jöfn, sker atkvæði skólastjóra úr.

17. gr.

Hlutverk skólaráðs skal einkum vera:

a. að vera skólastjóra til ráðuneytis um daglegan rekstur skólans,
b. að hafa eftirlit með því ásamt skólastjóra að reglur skólans séu haldnar,
d. að annast ásamt skólastjóra skipulag kennslu og hafa forgöngu um nýjungar í skólastarfi,
e. að sjá um úthlutun styrkja og verðlauna til nemenda.

18. gr.

Menntamálaráðherra skipar fasta kennara skólans svo og annað fastráðið starfsfólk að fengnum tillögum skólaráðs.

Heimilt er að hafa skipun tímabundna.

19. gr.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað lausráðið starfslið skólans.

20. gr.

M. H. Í. skal auk skólastjóra og kennara vera búinn því starfsliði er hér segir:

1. Rekstrarstjóri skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi. Rekstrarstjóri gerir fjárhagsáætlun í samráði við skólastjóra og fylgist með framkvæmdum hennar samkvæmt fjárlögum. Hann hefur í umboði skólastjóra heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega og hefur eftirlit með sjóðum hans. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi, starfsmannahaldi og skrifstofustjórn að öðru leyti.
2. Deildarstjórar skulu hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum einstakra deilda skólans.
3. Bókavörður hefur umsjón með öllum námsgögnum skólans og lestrarsal.
4. Ritari annast almenn skrifstofustörf.
5. Húsvörður skal hafa umsjón með húsnæði skólans, húsmunum og tækjum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.

Nemendaráð.

21. gr.

Innan M. H. Í. skal starfa nemendaráð.

Tilgangur þess er:

a. að hvetja nemendur til ábyrgrar afstöðu til skólans, listar og þjóðfélags,
b. að efla félagsþroska og félagslíf innan skólans,
c. að vera skólastjóra og skólaráði til ráðuneytis í málefnum er skólann varða.

Kjósa skal í nemendaráð eftir ákvæðum í reglugerð.

Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Kostnaður o. fl.

22. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands frá 29. apríl 1965.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 27. maí 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að endurskoða lög frá 29. apríl 1965 um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Í nefndinni áttu sæti Hörður Ágústsson skólastjóri M. H. Í. formaður, Bragi Ásgeirsson og Knútur Hallsson. Jónas B. Jónson fræðslustjóri í Reykjavík tók sæti í nefndinni 15. september 1971 og Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri 9. júlí 1976, er Knútur Hallsson baðst lausnar.

Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt greingargerð. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.

Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu. Það var hins vegar sent til ýmissa aðila til umsagnar og bárust umsagnir frá nokkrum þeirra.

Hinn 2. mars 1981 skipaði Ingvar Gíslason þáverandi menntamálaráðherra nefnd, er í áttu sæti Einar Hákonarson þv. skólastjóri M. H. Í., Stefán Ólafur Jónson deildarstjóri og Jón G. Tómasson þv. borgarlögmaður. Hlutverk nefndarinnar skyldi vera að yfirfara frumvarp að lögum um M. H. Í. svo og athugasemdir er borist höfðu frá ýmsum aðilum. Jón G. Tómasson baðst undan starfi í nefndinni þar sem ekki er gert ráð fyrir í lagafrumvarpinu að Reykjavíkurborg verði rekstraraðili að skólanum. Torfi Jónsson skólastjóri tók þá sæti í nefndinni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að heildaruppbygging fyrra frumvarps skyldi haldast í aðalatriðum, en fella ætti niður skilgreiningu kennslugreina sem gert var ráð fyrir. Þótti nefndinni ekki rétt að binda í lög námsgreinar og markmið um of, en gerði ráð fyrir ýtarlegri reglugerð sem yrði samþykkt af menntamálaráðuneytinu.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands er ekki ýkja gamall, stofnaður haustið 1939 af Lúðvig Guðmundssyni. Áður en af stofnun skólans varð, höfðu verið gerðar nokkrar tilraunir til námskeiðahalds af myndlistarmönnum til undirbúnings framhaldsnáms erlendis.

Í stríðsbyrjun lokaðist Evrópa fyrir íslenskum námsmönnum, einnig þeim, sem vildu leggja fyrir sig list- og listiðnaðarnám. Nokkrir fóru til Ameríku, en flestir sátu heima. Upp úr þessum aðstæðum óx Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

Lúðvig fékk hingað til lands reyndan skólamann á sviði myndmennta, Þjóðverjann Kurt Zier, og reyndist það skólanum heilladrjúgt.

Þegar Lúðvig lét af störfum sem skólastjóri og Kurt Zier tók við, mótaði hann skólann í þá mynd, sem hann hefur starfað eftir síðan. Aðrir skólastjórar, er síðar komu, hafa fylgt sömu hugmyndum og aukið við, svo sem með stofnun nýrra deilda o. fl. Skólinn hefur

gengið í gegnum marga hreinsunarelda og allir skólastjórar og kennarar hafa stöðugt unnið að því að bæta hann og efla. Með þessu lagafrumvarpi er reynt að taka mið af þeim kröfum, sem gera verður til myndlistaháskóla og þeim margvíslegu verkefnum, sem honum er ætlað að gegna.

Skólinn er margþættur og segja má að innan veggja hans rúmist fjórir skólar, sem í mörgum löndum eru sjálfstæðar stofnanir. Í fyrsta lagi er skólinn myndlistaskóli, í öðru lagi listiðnaðarskóli, í þriðja lagi kennaraskóli og fjórði þátturinn er sú þjónusta, er skólinn veitir með námskeiðum fyrir áhugafólk um tómstundaiðju og fyrir þá, er vilja mennta sig til meiri hæfni og lífsánægju.

Myndlistadeildin hefur á liðnum árum verið undirstaða myndlistalífs í landinu. Okkar helstu myndlistamenn hafa stigið þar sín fyrstu spor og eru besti vitnisburðurinn um gildi deildarinnar og þess aflmikla starfs, sem þar fer fram.

Mikil umræða hefur átt sér stað um iðnaðinn í þjóðfélagi okkar. Oft hefur verið sagt, að við Íslendingar eigum mikla orku í jarðvarma og vatnsafli, sem væri ónýtt, en nefna má einnig ónýtta orku í hugviti til framleiðslu á ýmsum sviðum. Þar teljum við að listiðnaðardeildin eigi eftir að gegna mikilvægu hlutverki í framtíðinni. Nú þegar hefur deildin sannað ágæti sitt við hönnun umbúða fyrir fiskafurðir okkar og í bókagerð. Keramikframleiðsla er að verða arðbær atvinnuvegur og textíl og vefnaður fyrir ullariðnaðinn. Iðnhönnun fyrir fjöldaframleiðslu er þegar í undirbúningi.

Iðnmeistarakerfið hefur ekki virkað örvandi á framfarir í listiðnaðargreinum. Nýsköpun formsins verður að fá að þróast svo sem á sér stað í fagurlistum. Þess vegna verður að losa um þá fjötra, er halda aftur af eðlilegri framvindu þessara mála.

Það er von nefndarinnar að frumvarp þetta, er hér er fylgt úr hlaði, verði til þess að skólinn skipi þann sess í menntakerfi okkar er honum ber og að hér hafi verið lagt nokkuð af mörkum til þess að koma í réttara horf atriðum er tryggi að skólinn geti gegnt því hlutverki að mennta Íslendinga til listrænnar formsköpunar er komi öllu þjóðlífinu til góða.

Athugasemdir og skýringar við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Staða skólans.

Með nýjum lögum er kveðið á um stöðu skólans í skólakerfinu. Stefna frumvarpsins er að Myndlistaháskóli Íslands verði ríkisrekinn sérskóli á háskólastigi. Myndlista- og handíðaskóli Íslands er nú sambærilegur við myndlistaháskóla víða í Evrópu, enda eru sambærilegar kröfur gerðar til nemenda M. H. Í. og nemenda í háskólum erlendis.

Lögin frá 1965 um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, sem skólinn hefur starfað eftir, eru fyrir löngu orðin úrelt og eru því ný lög nauðsynleg.

Helstu breytingar frá eldri lögunum.

Í 1. gr. er kveðið á um nafn skólans sem breytist í Myndlistaháskóli Íslands. Skammstöfun á nafni skólans M. H. Í. er óbreytt frá því sem áður var.

Í 3. gr. eru taldar upp deildir skólans sem nú eru fjórar: Myndlistadeild, listiðna- og iðnhönnunardeild, listfræðsludeild og myndmenntakennaradeild.

Þessar fjórar deildir greinast í skorir, sem tilgreindar eru í 5., 6. og 7. gr. Iðnhönnunarskor er ný skor í listiðna- og iðnhönnunardeild (sjá 6. gr.) og fræðsluskor fyrir starfandi myndlista- og listiðnaðarmenn er ný í listfræðsludeild (sjá 7. gr.).

Iðnhönnunarskor, sem nánar skal skilgreina í reglugerð, er stofnuð með það markmið í huga að gefa nemendum kost á því að hanna hluti til fjöldaframleiðslu. Hún verður viðbót við listiðnaðardeildirnar og framhald af þeim.

Fræðsluskor fyrir starfandi myndlista- og listiðnaðarmenn verður í námskeiðaformi á svipaðan hátt og önnur kvöldnámskeið.

Námið í myndlista-, listiðna- og iðnhönnunardeild tekur fjögur ár, en námið í myndmenntakennaradeild tekur eitt ár og veitir rétt til kennslu í myndlistagreinum við framhaldsskóla (sjá 9. gr.).

Undirbúningsnám í framhaldsskólum og Myndlistaskóla Akureyrar verður samræmt námi undirbúningsdeildar M. H. Í., eins og nú er gert.

Inntaka nemenda (13. gr.).

Með tilkomu fjölbrautaskólanna hefur undirbúningsnámið færst út til þeirra, svo nú um nokkurra ára bil hafa nemendur komið þaðan beint inn í sérdeildir M. H. Í. Eru það aðallega nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og frá Myndlistaskólanum á Akureyri. Sérstakt samkomulag er í gildi við þessa skóla varðandi prófdómara frá M. H. Í.

Við þessa auknu aðsókn að deildum skólans hafa skapast miklir stjórnunarerfiðleikar og sveiflur í fjölda nemenda í ýmsum deildum og hefur þurft að gera sérstakar ráðstafanir á hverju hausti. Deildirnar eru því að stækka óeðlilega mikið eitt árið og dragast saman hitt, allt eftir því hvaða listgreinar eru í tísku hverju sinni. Því er gert ráð fyrir sérstöku inntökuprófi í hverja deild, en það fyrirkomulag tíðkast víða í nálægum löndum.

Stjórn skólans.

Í 15.—20. gr. er kveðið á um stjórn skólans og verkaskiptingu stjórnenda. Í skólaráði eiga sæti skólastjóri, rekstrarstjóri, deildarstjórar, sem eru fjórir, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði, samtals 9 manns.

Í 20. gr. í 1. málsgrein er getið um rekstrarstjóra, sem vera skal skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi.

Kostnaður.

Í 22. gr. er greint frá því að ríkissjóður greiði kostnað við rekstur skólans.

Ákvæði gildandi þingskapa, sem felld eru niður í frumvarpi þessu, varða ýmis efni, t. d.: Vinnunefndir eru lagðar niður, 6. og 7. mgr. 15. gr. Óhlutbundin kosning í nefndir afnumin, 16. gr., sbr. 49. gr. Felld er niður 29. gr. gildandi þingskapa um ávarp þingdeilda eða sameinaðs þings til forseta lýðveldisins, en að sjálfsögðu standa ákvæði 38. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni óhögguð. Felld eru niður ákvæði sem lúta að því að taka mál út af dagskrá og fá mál tekin á dagskrá, 44. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 3. gr.

Hér er tekið fram að skrifarar í sameinuðu þingi skuli kosnir hlutbundinni kosningu samkvæmt 49. gr. Þetta er breyting frá gildandi lögum sem gera ráð fyrir óhlutbundinni kosningu, en hlutbundinni kosningu megi beita ef níu þingmenn krefjast þess. Þessi breyting, sem hér er gerð, er í samræmi við þá venju sem fylgt hefur verið.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 5. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 7. gr.

Hér er gerð sú breyting að tekið er fram að ekki skuli hluta um sæti ráðherra, svo sem gildir um forseta og skrifara. Þessi breyting staðfestir þá framkvæmd sem verið hefur. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. núgildandi laga hefur verið í þingsköpum síðan 1915 og hefur alltaf átt við þingmenn kosna óhlutbundinni kosningu. Hins vegar hefur alla tíð verið gert ráð fyrir að varamaður, sem gerist aðalmaður eftir þingmann kjörinn hlutbundinni kosningu, taki sæti í þeirri þingdeild er sá sat í sem hvarf af þingi. Ákvæði gildandi laga hefur því ekki átt við síðan stjórnarskrárbreytingin var gerð 1959 og óhlutbundnar kosningar til Alþingis voru afnumdar. Breytingin, sem nú er gerð á þessari grein, er til staðfestingar á þeirri venju sem fylgt hefur verið þegar um hlutbundna kosningu hefur verið að ræða.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt.

Um 11. gr.

Hér er um veigamikla breytingu að ræða þar sem er nýtt ákvæði í 2. mgr. og lýtur að traustari stjórn þingsins til að koma við bættum vinnubrögðum þess. Hér er kveðið á um að forsetar hafi umsjón með starfi þingnefnda þannig að þeir skuli fylgjast með gangi mála sem til nefndanna hefur verið vísað svo sem nauðsynlegt kann að vera til þess að geta skipað málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um hlutverk forseta við framkvæmdastjórn Alþingis og skipan og verkefni skrifstofustjóra Alþingis. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum. Hins vegar er fornt ákvæði um þetta umorðað til samræmis við aukin og breytt umsvif og þá venju sem skapast hefur.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 13. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 14. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 15. gr.

Hér er að finna verulegar breytingar frá gildandi lögum.

Í 1. mgr. er kveðið á að fjárveitinganefnd skuli skipuð níu mönnum. Er það í samræmi við það sem jafnan er þó að stundum hafi verið vikið frá þeirri tölu eins og er í núgildandi lögum sem gera ráð fyrir tíu nefndarmönnum.

Þá er í 1 mgr. tekið upp það nýmæli að í sameinuðu þingi skuli vera félagsmálanefnd. Í 2. mgr. er svo tekið fram að til félagsmálanefndar skuli vísa þeim málum sem félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingа- og menntamálanefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli þar sem fjárveitinganefnd er heimilað að skipa undirnefnd til að starfa að sérstökum verkefnum milli þinga. Nauðsyn hefur krafist að slíkt viðgengist á síðari árum þótt ekki hafi haft stoð í þingsköpum. Hér er úr því bætt með því að lögbinda heimild fyrir slíku.

Í 6. mgr. er veigamikið nýmæli tekið upp. Þar er lagt á herðar fastanefnda þingsins það sem ekki er minnst um vert til að gera möguleg skipuleg og markviss vinnubrögð við stjórn þingsins. Nefndunum er gert að leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann, sbr. 11. gr. Jafnframt eru felld niður ákvæði gildandi laga um svokallaðar vinnunefndir. Þar var gert ráð fyrir að formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skuli skipa eina nefnd, vinnunefnd, til að skipa fyrir um fundatíma og fundastaði fastanefndanna. Hefur reynslan sýnt að ákvæði þetta er þýðingarlaust í framkvæmd. Því, sem þarf að gerast í þessu efni, ætti að vera betur borgið undir almennri stjórn forseta þingsins í samráði við formenn fastanefndanna.

Í 7. mgr. eru gerðar breytingar sem varða mannaskipti í nefndum og leiðir af því að vinnunefndir eru lagðar niður og forsetar taka við hlutverki þeirra.

Í 9. mgr. eru ákvæði um sérnefndir sem í gildandi lögum eru nefndar lausanefndir. Kveðið er svo á að þessar nefndir kjósi sér ekki einungis formann og ritara sem segir í gildandi lögum heldur og varaformann.

Í 10. mgr., sem fjallar um framsögumenn nefnda, er fellt niður það ákvæði í gildandi lögum að engum fastanefndarmanni sé skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en einu. Þykir reynsla sýna að hvorki sé hörgull á framsögumönnum né hætta á að mönnum sé ofþyngt með framsögu.

Um 16. gr.

Í gildandi lögum eru nákvæmar reglur um hvernig fara skuli við óhlutbundna kosningu í nefndir. Með því að ekki tíðkast lengur að kjósa óhlutbundið í nefndir eru reglur þessar með öllu þýðingarlausar. Þær eru því felldar niður og tekið upp það ákvæði að nefndir skuli kosnar hlutbundinni kosningu eins og venja er og vísað til 49. gr. um aðferð við þá kosningu.

Um 17. gr.

Hér er gerð breyting frá gildandi lögum sem leiðir af því að felld hafa verið niður ákvæði um óhlutbundnar kosningar í nefndir.

Um 18. gr.

Fyrri málsgrein er samhljóða 18. gr. gildandi laga. Síðari málsgrein er nýmæli. Með henni er stefnt að því að lagafrumvörp komi svo tímanlega fyrir þingið að því gefist færi á að fjalla um þau með eðlilegum hætti. Er þessi breyting í samræmi við 6. mgr. 15. gr. um að dreifa málum sem jafnast á þingtímann.

Um 19. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt.

Um 20. gr.

Hér er sú breyting frá gildandi lögum að tekið er fram að leita skuli atkvæða um, þegar fyrstu umræðu frumvarps er lokið, hvort það skuli ganga til nefndar ef samþykkt hefur verið að vísa því til annarrar umræðu. Þetta þýðir lögbindingu á þeirri venju sem fylgt hefur verið.

Um 21. gr.

Í þessari grein er sú breyting frá gildandi lögum að fellt er niður ákvæði um að ræða megi frumvarp við aðra umræðu í köflum og að lokinni umræðu um hvern kafla skuli greidd atkvæði um hverja grein í honum. Í framkvæmd hefur þetta ákvæði enga sjálfstæða þýðingu. Ef kaflaskipti frumvarps hafa sérstaka þýðingu fyrir umræðuna má taka mið af því með því að ræða greinar frumvarpsins hverja fyrir sig svo sem ákveðið er í þessari grein að gert skuli.

Um 22. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 23. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 25. gr.

Hér er fellt niður það ákvæði gildandi laga um atkvæðagreiðslu í sameinuðu þingi um lagafrumvarp að þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslu. Í stað þess er vísað til 45. gr. sem kveður á um þessa reglu við atkvæðagreiðslu við nafnakall. Breytingin hér er því ekki efnisbreyting heldur formbreyting.

Um 26. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 27. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru gagngerðar breytingar frá gildandi lögum um alla meðferð þingsályktunartillagna. Þessar breytingar miða einkum að því að setja takmörk fyrir því hvað miklum tíma þingsins megi verja til meðferðar þessara þingmála, svo að meira svigrúm gefist til hins beina löggjafarstarfs við meðferð frumvarpa.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að tillögur til þingsályktana séu bornar fram í sameinuðu þingi. Hér er breyting frá gildandi lögum þar sem talað er um deildir og sameinað þing í þessu sambandi. Felld eru niður ákvæði gildandi laga um að þingsályktunartillögu, er samþykkt hefur verið í annarri þingdeildinni, skuli senda hinni deildinni. Þetta þýðir samt ekki að útilokað sé að bera fram þingsályktunartillögu í þingdeild, en hana má ekki senda hinni deildinni. Af þessu leiðir að tillaga, sem flutt er í þingdeild, getur aldrei orðið ályktun þingsins í heild heldur aðeins annarrar hvorrar þingdeildarinnar. Þetta á því að stuðla að því, að tillögur til þingsályktunar verði aðeins bornar fram í sameinuðu þingi, og þar með gefa þingdeildum meira ráðrúm til löggjafarstarfa.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tvær umræður þurfi um þingsályktunartillögur til þess að þær nái samþykki til fullnaðar. Hér er um breytingu að ræða frá gildandi þingsköpum, þar sem segir að deildin eða þingið ályktí eftir uppástungu forseta hvort þingsályktunartillaga skuli rædd í einni eða tveim umræðum. Þessi breyting, sem hér er lögð til, er frekar að formi til en efni þar sem einni umræðu er oftast frestað samkvæmt gildandi þingvenjum og tillögum vísað til nefndar og síðan umræðunni fram haldið þegar málið kemur úr nefnd. Þannig hafa raunverulega farið fram tvær umræður. Hefur því í framkvæmd enginn munur verið á málsmeðferð hvort heldur ákveðin hefur verið ein eða tvær umræður. Hins vegar hefur breytingin, sem hér er lögð til, þá þýðingu að greitt er fyrir meðferð þingsályktunartillagna með því að umræða um þær má fara fram strax og þær eru teknar á dagskrá í stað þess að samkvæmt gildandi þingsköpum má umræða eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir að þær hafa verið fyrst teknar á dagskrá til að ákveða hvort þær skuli ræddar í einni eða tveim umræðum.

Með 3. mgr. er tekið upp það veigamikla nýmæli að takmarka fyrri umræðu um tillögur til þingsályktana. Gert er ráð fyrir að flutningsmaður hafi allt að 15 mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að 5 mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar sömu tímalengd.

Í 4. mgr. er fjallað um aðra umræðu tillagna til þingsályktana. Þar er ekki gert ráð fyrir að umræðan sé takmörkuð heldur lúti almennum reglum samkvæmt 36. gr.

Samkvæmt 5. mgr. gildir sérregla um umræður um þingsályktunartillögur er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana. Engar sérstakar takmarkanir eru á umræðum um slíkar tillögur heldur gilda almennar reglur samkvæmt 36. gr. við báðar umræður.

Svo er fyrir mælt í 6. mgr. að þingsályktunartillögur, sem bornar kunna að vera upp í þingdeild, skuli lúta sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur sem fluttar eru í sameinuðu þingi.

7. mgr. er hliðstæð síðari mgr. 18. gr.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 30. gr. þingskapa.

Í 3. mgr. er þó tekið upp nýmæli um munnlega skýrslu ráðherra til Alþingis. Er slík skýrslugjöf heimiluð ef ekki verður komið við að prenta og útbýta skýrslu eða ekki þykir ástæða til. Skal þá fara með umræðu sem um skriflega skýrslu væri að ræða. Þetta nýja ákvæði er staðfesting á venju sem skapast hefur um þetta efni.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt 31. gr. þingskapa, nema 5. mgr. sem bætt hefur verið við hana. Er það ákvæði um rétt þingmanna til að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeild skv. 54. gr. stjskr. Hér er þó ekki um nýmæli að ræða heldur orðrétta 7. mgr. 32. gr. þingskapa sem flutt er til og þykir fara betur á þessum stað.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega 32. gr. þingskapa.

Í 5. mgr. er gerð gjörbreyting frá gildandi þingsköpum á meðferð fyrirspurna. Er þar um tvennt að ræða. Annars vegar er umræðan bundin við einungis fyrirspyrjanda og viðkomandi ráðherra. Hins vegar er ræðutími stórlega styttur. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar, fyrirspyrjandi eigi lengur en tvær mínútur og ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í senn. Þó er öðrum þingmönnum en fyrirspyrjanda og ráðherra tryggður réttur til að gera stutta athugasemd enda sé hún að þeirra dómi

nauðsynleg til að koma að leiðréttingu eða upplýsingum um atriði sem máli skiptir. Með þessari breytingu vinnst tvennt. Annars vegar er komið í veg fyrir að umræða um fyrirspurn verði almenn að þátttöku og efni og þannig tryggt að ekki verði drepið á dreif sjálfri fyrirspurninni og tilgangi fyrirspyrjanda með henni. Hins vegar gefst svo meira svigrúm til löggjafarstarfs þingsins með því að umfang fyrirspurna í þingstörfum minnkar.

Í gildandi þingsköpum er réttilega lögð mikil áhersla á skjóta afgreiðslu fyrirspurna. Samkvæmt því skal fyrirspurn ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð. Ef óskað er skriflegs svars skal ráðherra senda forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Í framkvæmd er ekki alltaf hægt að fylgja þessum tímamörkum. Er því hér lögð til sú breyting að tímamörkum þessum skuli fylgja „að jafnaði“ svo sem fram kemur í 4. og 6. mgr. Hér er horfst í augu við staðreyndir en ekki ætlunin að leggja minni áherslu á hraða afgreiðslu fyrirspurna en verið hefur.

Um 32. gr.

Hér er um að ræða nýja grein sem fjallar um umræður utan dagskrár, en í gildandi þingsköpum eru engin ákvæði um það efni. Hins vegar hafa í seinni tíð tíðkast umræður utan dagskrár í það ríkum mæli að rétt þykir að setja ákvæði í þingsköp um þann þátt þingstarfa.

Svo sjálfsagðar sem umræður utan dagskrár geta verið orkar oft tvímælis hve nauðsynlegar þær eru. Hins vegar verður því ekki neitað að þingmenn fýsir ósjaldan að hreyfa áhugamálum sínum vafningalaust. Slíkt sýnir lifandi áhuga þingmanna á mikilsverðum málum og er því af hinu góða en ekki til að amast við.

Með tilliti til þessa er hér að finna ákvæði um umræður utan dagskrár svo að séð verði um að þingmenn geti hreyft áhugaefnum sínum sem ekki finna sér farveg með eðlilegum hætti í formlegum þingmálum.

Ákvæði þessi fara eftir því hve mikilsverð mál er um að ræða. Eftir því fer hvort umræður eru takmarkaðar, sbr. 1. mgr., eða hvort svo er ekki, sbr. 2. mgr.

Með ákvæðum 1. mgr. er opnuð leið fyrir það að fleiri mál megi verða tekin fyrir utan dagskrár en tíðkast hefur. En það má því aðeins verða að umræður séu takmarkaðar mjög.

Með ákvæðum 2. mgr. er gert ráð fyrir umræðum utan dagskrár sem séu það mikilvægar að réttlæti að engar hömlur séu á lengd umræðu umfram það sem leiðir af hinni almennu reglu þingskapa um það efni. Þetta má því aðeins verða að strangar kröfur séu gerðar til mikilvægis þess máls sem til umræðu er því að ekki er ráðrúm í störfum þingsins til slíkra umræðna utan dagskrár nema í undantekningartilvikum. Strangt aðhald í þessum efnum er auðveldara fyrir það að umræður, sem hafnað er utan dagskrár samkvæmt 2. mgr., liggur beint við að fram fari samkvæmt 1. mgr.

Forseti leggur mat á mikilvægi mála sem koma til umræðu utan dagskrár.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 34. gr.

Hér er fellt niður úrelt ákvæði í gildandi þingsköpum um heimild forseta til að veita þingmanni brottveruleyfi eins og það er orðað. Í staðinn er hér að finna í 2. mgr. nýtt ákvæði um málsmeðferð ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður taki sæti hans á meðan. Með þessu ákvæði er gert ráð fyrir að fest verði í þingsköpum sú venja sem fylgt er nú í framkvæmd í þessu efni.

Að öðru leyti er grein þessi óbreytt frá gildandi þingsköpum.

Um 35. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 36. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 37. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 38. gr.

Hér er engin efnisleg breyting frá gildandi þingsköpum en gerð skýrari aðgreining á ýmsum tilvikum við takmörkun á umræðum.

Um 39. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 40. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 41. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt.

Um 42. gr.

Hér er gerð breyting til samræmis við framkvæmd sem fylgt hefur verið. Þannig má hvort heldur sameinað þing eða þingdeild vísa máli til ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Í gildandi þingsköpum er aðeins talað um þingdeild og ráðherra.

Um 43. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 44. gr.

Hér er um breytingar að ræða. Kveðið er svo á að ákveða megi dagskrá næsta þingfundar eftir ályktun sameinaðs þings og þingdeildar eftir því sem við á. Samkvæmt gildandi þingsköpum mátti slíkt ekki gerast nema eftir kröfu tiltekins fjölda þingmanna. Þetta skilyrði er hér fellt niður svo og úrelt ákvæði sem lúta að því að taka mál út af dagskrá og fá mál tekin á dagskrá. Önnur ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá gildandi þingsköpum.

Um 45. gr.

Hér er í 1. mgr. tekið inn sameinað þing en í gildandi þingsköpum eru aðeins nefndar þingdeildir. Þessi breyting er að sjálfsögðu í samræmi við þá framkvæmd þingskapa sem verið hefur.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 47. gr.

Hér er tekið fram í 2. mgr. að komi fram ósk um nafnakall skuli við henni orðið. Þetta kemur í stað ákvæðis í gildandi þingsköpum um að tiltekinn fjöldi þingmanna þurfi að krefjast nafnakallsins og öðrum formsskilyrðum að vera fullnægt.

Engar aðrar breytingar eru hér frá gildandi þingsköpum.

Um 48. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 49. gr.

Hér er kveðið svo á í 1. mgr. að forseti skuli beita hlutfallskosningu. Þetta er breyting frá gildandi þingsköpum þar sem segir að forseta sé heimilt að beita hlutfallskosningu. Þessi breyting er í samræmi við breytingu á 16. gr.

Um 50. gr.

Hér er svo kveðið á að þingmaður geti óskað þess að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut. Þetta er breyting frá gildandi þingsköpum þar sem tilskilinn er tiltekinn fjöldi þingmanna sem þarf til að krefjast þessa. Þykir ekki ástæða til að halda við þetta formsatriði enda sker þingfundur úr um hvað gera skuli.

Um 51. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 52. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 52. gr. gildandi þingskapa.

Um 53. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 52. gr. gildandi þingskapa.

Um 54. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 54. gr. gildandi þingskapa en þó með fyllri ákvæðum um framkvæmdaratriði í samræmi við þá venju sem fylgt hefur verið. Er tekið fram að um útvarp almennrar stjórnmálaumræðu skuli í öllu fara eins og um umræðu um þingmál, sbr. 59. gr.

Um 55. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 56. gr.

Greinin er óbreytt frá 58. gr. gildandi þingskapa.

Um 57. gr.

Greinin er óbreytt frá 59. gr. gildandi þingskapa.

Um 58. gr.

Greinin er óbreytt frá 53. gr. þingskapa.

Um 59. gr.

Hér er um að ræða ákvæði er varða framkvæmdaratriði þegar útvarpað er umræðu um þingmál samkvæmt 58. gr. Þessi ákvæði eru tekin eftir 2. mgr. 54. gr., 56. gr. og 57. gr. gildandi þingskapa. Efnislegar breytingar er hér ekki að finna. En þessi ákvæði eru umorðuð og gerð skýrari auk þess sem aukið er við til samræmis við þá venju sem fylgt hefur verið.

Ákvæðum þessarar greinar ber að beita við útvarp umræðu um vantraust samkvæmt 55. gr. þar sem þar er um þingmál að ræða. Sömuleiðis gilda þessi ákvæði við útvarp almennrar stjórnmálaumræðu þar sem það er beint tekið fram í 54. gr.

Um 60. gr.

Hér eru ákvæði um hvernig með skuli fara ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu um þingmál.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli. Núgildandi þingsköp kveða ekkert á um það tilvik að óskað sé eftir að útvarpað verði umræðu um þingmál samkvæmt 58. og 59. gr. Hér er svo mælt fyrir að forseti ákveði í samráði við þingflokkana hvort orðið verði við tilmælunum. Þetta er í samræmi við þá málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið í þessu tilviki.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það hvernig með skuli fara þegar óskað er hins vegar að útvarpa venjubundinni umræðu eða hluta af umræðu. Hér er um að ræða efnislega óbreytt ákvæði núgildandi þingskapa nema ekki er gert ráð fyrir umræðu í þingi eða þingdeild um hvort útvarp skuli leyft eða ekki.

Um 61. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 62. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 63. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 64. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 65. gr.

Í 1. mgr. er um að ræða óbreytt ákvæði frá gildandi þingsköpum.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem tekur af tvímæli um að skylda til að útvarpa er bundin við hljóðvarp.

Um 66. gr.

Hér er sú breyting gerð frá gildandi þingsköpum að tekið er fram að í sameinuðu þingi skuli eins farið að og í þingdeildum, að ekki megi taka við nokkru málefni nema einhver þingmaður taki það að sér til flutnings. Enn fremur er sú breyting að tekið er fram að ráðherra geti tekið að sér mál til flutnings en slíkt ákvæði hefur sjálfstæða þýðingu þegar ráðherra er ekki þingmaður. Með þessu er ætlunin að festa í þingsköp venju sem að sjálfsögðu hefur verið fylgt.

Um 67. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 68. gr.

Greinin er óbreytt frá 69. gr. gildandi þingskapa.

Um 69. gr.

Greinin er óbreytt frá 70. gr. gildandi þingskapa.

Um 70. gr.

Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi að loknu því þingi sem nú situr.

Sþ. 685. Tillaga til þingsályktunar [417. mál]

um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðjón Þórðarson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi og undirbúa útsendingu slíks efnis með dreifikerfi íslenska sjónvarpsins.

Greinargerð.

Þegar eru hafnar sendingar sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum í Evrópu sem unnt er að taka á móti hér á landi með litlum tilkostnaði. Munu slíkar sendingar aukast mjög á næstu árum. Það er því orðið tímabært að hyggja að því á hvern hátt við Íslendingar getum best notfært okkur þá miklu möguleika sem felast í þessari nýju tækni.

Það er eðlilegt að ríkisstjórnin hafi forustu um stefnumótun og undirbúning aðgerða á þessu sviði, að svo miklu leyti sem atbeini ríkisstofnana er þar nauðsynlegur.

Það er efni þessarar þingsályktunartillögu að vekja athygli á þessari þróun sem í raun felur í sér gjörbyltingu í sjónvarps- og fjarskiptamálum hvað Íslendinga varðar, sem og aðrar þjóðir. Jafnframt telja flutningsmenn æskilegt að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis hér á landi sem sent er frá fjarskiptahnöttum og verði þar um sem víðtækast val að ræða.

Ýmsir áhugaverðir kostir til móttöku sjónvarpsefnis koma til álita. Skal þeirra getið hér og um þá fjallað skv. upplýsingum sem fengnar eru m. a. frá Gústav Arnar, yfirverkfræðingi Pósts og síma.

Þegar eru hafnar sendingar á sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum Póst- og símamálasamtaka Evrópu, **ECS-1** og **ECS-2**, sem unnt er að ná með litlum tilkostnaði hér á landi. Eru það sjónvarpsdagskrár frá Bretlandi, V-Þýskalandi, Frakklandi, Svisslandi, Hollandi, Belgíu og Ítalíu. Unnt er að taka á móti sjónvarpsefni þessu öllu hér á landi. Til þess þarf móttökustöð með um 4 metra loftneti. Mun kostnaðurinn við slíka stöð vera um 1—2 millj. króna. Að auki yrði nokkur kostnaður vegna fjarskiptasendinganna og þess dagskrárefnis sem á móti væri tekið.

Þar sem fjarskiptahnettir þessir eru frá Póst- og símamálasamtökum Evrópu yrði móttaka og dreifing efnis að vera í höndum Pósts og síma hér á landi. Dreifa mætti dagskránum um dreifikerfi íslenska sjónvarpsins á þeim tíma sem dagskrá þess er ekki send út eða með kapalkerfum.

Þess má geta í þessu sambandi að Norðmenn, Finnar, Frakkar, Svisslendingar og Vestur-Þjóðverjar taka við sendingum sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum þessum, m. a. sameiginlegri menningardagskrá sem Frakkar, Belgar og Svisslendingar standa að. Norðmenn taka t. d. á móti þeirri dagskrá og hefur hún fengið góðar undirtektir þar í landi. Þá eru nú sendar út tvær breskar sjónvarpsdagskrár frá **ECS-1** sem nást vel hér á landi og sú þriðja er í undirbúningi. Eru það allt einkastöðvar sem að þeim standa. Vegna tungumálsins sýnast þetta vera áhugaverðir kostir.

Í öðru lagi er að nefna þá sjónvarpshnetti sem senda munu beint til notenda án þess að nokkrar greiðslur þurfi að koma fyrir (Direct Broadcasting Satellites). Sendingar á sjónvarpsefni frá þremur slíkum hnöttum munu hefjast á næstu mánuðum og nást þær sendingar allar hér á landi. Til móttökunnar þurfa menn þó allstór móttökuloftnet, allt frá 4 til 6 metra. Fyrstu sendingarnar af þessu tagi munu hefjast í september 1985 um gervihnöttinn **TV-Sat** sem er eign vestur-þýska ríkisins. Er ráðgert að tveimur dagskrám verði sjónvarpað frá honum.

Í nóvember 1985 er ráðgert að sjónvarpssendingar hefjist frá hnetti sem verða mun í eigu franska ríkisins, **TDF-1.** Munu þrjár rásir fyrir sjónvarpssendingar verða í þeim hnetti.

Í ágúst 1986 er síðan ráðgert að sendingar hefjist frá breska sjónvarpshnettinum **Unisat.** Er sá hnöttur í eigu ýmissa aðila á Bretlandi. Áform eru uppi um að sjónvarpa m. a. dagskrám BBC um þennan hnött en ekki mun það enn fullákveðið.

Á móti sjónvarpssendingum frá þessum hnöttum geta allir sjónvarpseigendur tekið endurgjaldslaust komi þeir sér upp nauðsynlegum loftnetsbúnaði. Dreifa mætti slíku efni einnig eftir kapalkerfum frá sameiginlegri móttökustöð sveitarfélaga eða annarra aðila þætti það hagkvæmara.

Síðast en ekki síst skal hér minnst á þau áform sem uppi hafa verið innan Norðurlandaráðs um sameiginlegar sjónvarpssendingar á Norðurlöndum frá sjónvarpshnetti þeim sem nefndur hefur verið **NORDSAT.** Umræður um mál þetta hafa staðið í mörg ár en endanlegar ákvarðanir enn ekki verið teknar. Er enn allt á huldu um framtíð þess fyrirtækis.

Þá eru uppi hugmyndir um það að hefja tilraunasendingar norska sjónvarpsins hingað til lands í sumar. Yrðu það sendingar frá fjarskiptahnettinum **ECS-2** en í honum hafa Norðmenn leigt rás til þess að senda sjónvarpsefni til Svalbarða og olíupalla á landgrunni Noregs. Mundu þær sendingar geta náð hingað til lands og unnt að senda þær út um dreifikerfi sjónvarpsins utan útsendingartíma þess.

Svo sem hér hefur komið fram er þegar unnt að hefja móttöku erlends sjónvarpsefnis hér á landi með litlum tilkostnaði. Á næstu missirum munu mjög aukast þeir kostir sem við eigum völ á í þessum efnum. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að landsmenn geti nýtt sér þessa möguleika að svo miklu leyti sem atbeini þeirra þarf hér að koma til. Með þingsályktunartillögu þessari er verið að undirstrika hvílík bylting er að eiga sér stað í Evrópu í þessum efnum um þessar mundir og benda á þá kosti sem okkur Íslendingum standa opnir á þessu sviði fjölmiðlunar.

Nd. 686. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt, svo og breytingartillaga við það á þskj. 89.

Í 17. og 19. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 1. apríl 1981, voru sett ákvæði um framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barns frá 18 ára aldri, er meðlagsskyldu lýkur, til tvítugs og jafnframt um framlög vegna sérstakra útgjalda, svo sem vegna skírnar barns, fermingar, vegna sjúkdóms eða greftrunar o. fl. Bæði eru þessi ákvæði heimildir sem úrskurð valdsmanns þarf til að séu nýttar.

Við setningu laganna var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt í þeim tilvikum þegar framfærsluskyldur aðili er látinn eða er af öðrum ástæðum ófær um að taka á sig slíkar greiðslur og Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri í stað meðlags. Frumvarpið er flutt til þess að leiðrétta þessa vangá.

Breytingartillaga sú, sem er á þskj. 89, er til þess flutt að þau önnur börn, sem ekki njóta þessa sama réttar skv. barnalögum, öðlist hann einnig, en það eru börn öryrkja og ellilífeyrisþega sem ekki hafa annan framfærslulífeyri en bætur almannatrygginga. Einnig þar er gert ráð fyrir úrskurði valdsmanna.

Í 71. gr. stjórnarskrár segir svo:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé."

Löggjafanum ber að fylgja eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar með setningu laga í anda hennar. Hafi löggjafanum yfirsést í því efni er siðferðileg skylda hans að leiðrétta það. Frumvarp það, sem hér er fjallað um, er flutt til þess að leiðrétta ágalla barnalaga er varða nokkurn hóp ungmenna í landinu, og því er eðlileg og sjálfsögð skylda Alþingis að samþykkja frumvarpið.

Hagsmunasamtök þeirra einstaklinga, sem hér um ræðir, Félag einstæðra foreldra og þing Sjálfsbjargar 1984, hafa skorað á Alþingi að veita frumvarpinu brautargengi. Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið, ásamt breytingartillögu á þingskjali 89, verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1985.

Guðrún Helgadóttir, fundaskr., frsm.

Guðmundur Einarsson.

Sþ. **687. Skýrsla**

Geirs Hallgrímssonar utanríkisráðherra um utanríkismál.

I. Inngangur.

Ég legg nú skýrslu um utanríkismál fyrir Alþingi í annað sinn síðan núverandi ríkisstjórn hóf störf hinn 26. maí 1983.

Framkvæmd utanríkismála á þessu tímabili hefur byggst á samkomulagi stjórnarflokkanna sem gert var við myndun stjórnarinnar. Var það svohljóðandi:

„Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m. a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.

Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar, og réttindi landsins á hafsbotnssvæðunum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila."

Með þátttöku í því samstarfi þjóða sem nefnt er í textanum, og tvíhliða samskiptum, hefur verið leitast við að gæta sem best þeirra hagsmuna þjóðarinnar er út á við snúa. Farsælt fjölþætt samstarf við góða nágranna og þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna hefur verið hornsteinn utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins í fjóra áratugi. Sú stefna hefur reynst þjóðinni vel og því engin ástæða til að víkja af þeim vegi.

Mesta sameiginlega hagsmunamál þjóða er að heimsfriður haldist. Friðrof eiga sér því miður sífellt stað víðs vegar um heim, en þau eru staðbundin. Ekkert bendir til að friði sé hættara í okkar heimshluta en verið hefur eða að meiri hætta sé á heimsófriði. Þetta er árangur þeirrar árvekni sem unnendur frelsis og lýðræðis hafa sýnt.

Þjóðin hefur því áfram búið við þau skilyrði að ráða sjálf landi sínu og lífsháttum.

Í framkvæmd utanríkisstefnunnar hef ég lagt sérstaka áherslu á að tryggja og treysta grundvöll þess að þjóðin megi í skjóli friðar og frelsis una glöð við sitt — að bjartar vonir hennar megi halda áfram að rætast.

II. Alþjóðamál.

Slit Sovétríkjanna á samningaviðræðum um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu (INF) og langdrægar kjarnaflaugar (START) og yfirlýsing þeirra um að þeir settust ekki að samningaborði að nýju nema Bandaríkin tækju niður allar Pershing II og stýriflaugar í Evrópu og hættu við uppsetningu nýrra mótaði mjög þróun alþjóðamála á árinu 1984. Það var ekki fyrr en fullsýnt þótti að Ronald Reagan yrði endurkjörinn forseti Bandaríkjanna

með miklum yfirburðum að menn tóku að merkja væga þíðu í samskiptum þessara stórvelda. Og nú hafa þau sest að samningaborðinu á ný með nýju sniði. Tíð leiðtogaskipti í Sovétríkjunum og óvissa þeim tengd ætti nú að vera á enda með vali Mikhails S. Gorbachevs í kjölfar andláts Konstantíns Chernenkos. Vonir allra þjóða hljóta að standa til þess að náð verði á næstu árum samningum um gagnkvæma takmörkun kjarnavopna undir öruggu eftirliti.

Nánar verður vikið að þessum málum í köflunum um samskipti austurs og vesturs og afvopnunarmál hér á eftir. Einnig verður í sérstökum köflum aftar í skýrslunni fjallað m. a. um stríðið milli Írans og Íraks, ástandið í Líbanon, stríðin í Kampútsíu og Afganistan, ástandið í Suður-Afríku og hungursneyðina í mörgum Afríkulöndum. Allt eru þetta sterkir drættir í heimsmyndinni nú.

Í skýrslu minni til Alþingis í fyrra vék ég nokkuð að störfum og starfsháttum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Þar eru helstu mál heimsins rædd og þar er víðfeðmasti og á vissan hátt mikilvægasti vettvangur þjóða til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og kynnast skoðunum annarra. Vonir manna stóðu einnig til þess í upphafi að þar yrðu deilumál þjóða og vandamál leyst. Á þessu ári verður minnst 40 ára afmælis hinna Sameinuðu þjóða. Þær eru nú orðnar 159 talsins. Víst eru þær sundurleitar og um margt einnig æði sundraðar. Þótt sjaldan skorti fögur orð er það stundum í reynd fremur svo að blásið er að glóðum ófriðar en að ófriðarbál séu slökkt. Hér kann að vera tekið full djúpt í árinni, en hitt er víst að ekki var ástæðulaust að taka undir með forseta 39. allsherjarþingsins, Jorge E. Illueca, forseta Panama, er hann gagnrýndi vinnubrögð þingsins, fjölda dagskrármála þess og sífellda endurtekningu mikils fjölda ályktana ár eftir ár án þess að nokkuð sé með þær gert. Þær virðast næstum gleymdar þar til nýtt allsherjarþing kemur saman. Þá samþykkir þingið þær aftur lítt breyttar eða óbreyttar og svona gengur það til jafnvel heila áratugi. Ekki fækkaði dagskrárliðum né ályktunum á síðasta allsherjarþingi. Dagskrármálin urðu 143 talsins og þrátt fyrir kvartanir úr öllum áttum komu fram nær 80 tillögur um afvopnunarmál. Í langflestum tilfellum var um að ræða endurflutning á ályktunum fyrri þinga og margar þeirra þó því miður lítt raunhæfar. Aðeins örfáar voru nýjar af nálinni og ekki líklegar til að rjúfa þann vítahring, sem afvopnunarmálin hafa verið og eru í.

Er 39. allsherjarþinginu var frestað 18. desember sl. hafði verið fjallað um 300 tillögur um hin ýmsu málefni, en 12 dagskrárliðir voru þá óræddir og þeim frestað til framhaldsþings á þessu ári. Meðal þeirra eru norður-suður viðræðurnar svonefndu, ástandið í Mið-Ameríku, stríð Írans og Íraks og Kýpurmálið.

Vopnaeftirlits- og afvopnunarsstofnun Bandaríkjanna (US Arms Control and Disarmament Agency), sem er ríkisstofnun, áætlaði í skýrslu sinni frá 15. maí 1984 að heildarútgjöld til hermála í heiminum mundu hækka úr 800 milljörðum dollara á árinu 1983 í 970 milljarða á árinu 1984 og áætlar að þau fari yfir eitt þúsund milljarða dollara á árinu 1985. Sænska rannsóknarstofnunin SIPRI (Stockholm International Peace Research Institute) taldi í skýrslu sem hún gaf út í júní 1984 að heildarútgjöld til hermála í heiminum hefðu numið 750 milljörðum dollurum á árinu 1983 og mundu ná 800 milljörðum 1984. Bandaríska stofnunin segir í fyrrnefndri skýrslu að stærsti hlutinn eða 40% af hinni alþjóðlegu vopnasölu fari til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs og ríkin með hæstu hernaðarútgjöld á íbúa séu Saudi-Arabía, Qatar, Oman, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Ísrael, Kuwait og Lýbía. Sænska stofnunin segir að samkeppnin í hinni alþjóðlegu vopnasölu fari mjög harðnandi. Íran og Írak eigi ekki í nokkrum erfiðleikum með að afla sér allra þeirra vopna og varahluta sem þau sækjast eftir. Langstærstu seljendurnir á hinum alþjóðlega vopnasölumarkaði eru Sovétríkin og Bandaríkin.

Viðleitni til að auka mannréttindi og bæta hag þeirra jarðarbúa, sem búa við bágust

kjör hefur einkennt störf Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra. Ýmsum finnst sorglega seint miða og vissulega er margt óunnið og bágindin víða sár og átakanleg. En ekki má vanmeta það sem gert er og meðal merkustu mála sem samþykkt voru á allsherjarþinginu nú eru tvímælalaust samningurinn um bann við pyntingum og hvers konar ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð manna og yfirlýsingin um efnahagslega viðreisn Afríku.

a. Samskipti austurs og vesturs.

Erfitt hefur reynst að minnka varanlega þá miklu tortryggni milli austurs og vesturs sem magnaðist fljótlega eftir heimsstyrjöldina síðari. Tilraunir til þess að bæta þetta ótrygga ástand hafa fram að þessu mistekist og varanlegt trúnaðartraust hefur ekki skapast milli risaveldanna.

Á tímabili slökunarstefnunnar (détente) á fyrstu árum áttunda áratugarins virtist svo sem hafin væri markviss þróun er dregið gæti úr viðsjám milli Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra annars vegar og Vesturlanda hins vegar. Nokkrir hornsteinar slökunarstefnunnar voru lagðir á þessum árum: SALT I — samningurinn um takmörkun langdrægra kjarnavopna var undirritaður í maí 1972 og MBFR-viðræðurnar í Vín um gagnkvæman samdrátt herafla Varsjárbandalags- og Atlantshafsbandalagsríkja hófust í október 1973. Hámark slökunarstefnunnar var síðan undirritun Helsinki-samþykktarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu 1. ágúst 1975. Við þá undirritun sagði ég m. a.: „Fundur sá, sem við nú sitjum, er lokaáfangi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, en táknar þó miklu fremur upphaf en endi. Upphaf nýrrar viðleitni til að efla samstarfið milli ríkja Evrópu og vina okkar í Norður-Ameríku, Bandaríkjanna og Kanada.“ Þannig bundu menn vonir við jákvætt framhald þróunarinnar, enda var þá enn margt óunnið.

Nýr samningur um takmörkun langdrægra kjarnaeldflauga, SALT II, var undirritaður í árslok 1974 en hann var aldrei staðfestur. Risaveldin virða þó bæði ákvæði hans.

Árið 1977 byrjuðu Sovétmenn að setja upp SS-20 eldflaugar í Austur-Evrópu sem beint var að skotmörkum í ríkjum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Með þeim var valdajafnvæginu í álfunni raskað, hernaðarlegu jafnvægi, sem Sovétmenn höfðu talið vera við lýði áður en þeir hófu þessa uppsetningu. Í desember 1979 tók ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins þá ákvörðun til mótvægis að koma á sjötta hundrað meðaldrægum stýriflaugum og Pershing II eldflaugum fyrir í fimm ríkjum NATO: Belgíu, Bretlandi, Hollandi, Ítalíu og V-Þýskalandi, frá árslokum 1983 til ársloka 1988. Það vill því miður gleymast í þessu sambandi að ákvörðun þessa ráðherrafundar var tvíþætt því Atlantshafsbandalagið bauðst til að hætta við að koma nýju eldflaugunum fyrir, ef Sovétríkin tækju niður SS-20 eldflaugar sínar. Átti að nota árin fjögur fram að umræddri uppsetningu vestrænna kjarnaeldflauga til að freista þess að ná samkomulagi við Sovétríkin um fækkun kjarnavopna í Evrópu. Þetta hefur því miður ekki tekist. Hinar meðaldrægu SS-20 flaugar Sovétmanna eru nú orðnar a. m. k. 400 með 1200 kjarnaodda því hver SS-20 ber þrjá kjarnaodda. Sovétmenn eru enn að koma fjölda SS-20 eldflauga fyrir á um 10 stöðum í Austur-Evrópu. Þess má geta, að sambærilegar eldflaugar ríkja Atlantshafsbandalagsins í Evrópu eru aðeins um 1/10 af því, sem ríki Varsjárbandalagsins hafa komið sér upp, sé borinn saman fjöldi kjarnaodda.

Slökun í samskiptum austurs og vesturs getur ekki eflst á ný né orðið varanleg ef annar aðilinn lítur svo á að hægt sé að skilgreina hana að vild. Traust eða tortryggni ræðst líka af öðrum aðgerðum hlutaðeigandi ríkja. Þannig er ógjörningur fyrir Vesturlönd að horfa fram hjá innrás Sovétmanna í Afganistan, hersetu þar og óstöðvandi blóðbaði allt frá því í desember 1979. Ekki er heldur hægt að þurrka út rás atburða í Póllandi og hvernig margháttuð mannréttindi hafa verið og eru fótum troðin þar og annars staðar í Austur-Evrópu þrátt fyrir hátíðlegar skuldbindingar, t. d. í Helsinki-sáttmálanum. Þá munu fáir

hafa gleymt því er Sovétmenn skutu niður kóreönsku farþegaflugvélina með þeim afleiðingum að hátt á þriðja hundrað manns fórust.

Þegar atburðir á borð við þessa koma í kjölfar uppsetningar meðaldrægra kjarnaflauga Sovétmanna í Austur-Evrópu kallar slíkt beinlínis á varnarviðbrögð Atlantshafsbandalagsins sem ætlað er það hlutverk að forða aðildarþjóðum sínum frá einmitt þesskonar hlutskipti sem hér er lýst. Friður á viðsjárverðum tímum getur nefnilega ekki grundvallast einvörðungu á trú á góðum ásetningi. Hann verður þvert á móti að byggjast á varnarviðbúnaði í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og jafnvægi í vopnabúnaði aðila, helst á sem lægstu stigi. Niðurskurður varna þarf að vera byggður á samningum um afvopnun og á fullnægjandi gagnkvæmu eftirliti samningsaðila, eftirliti sem ekki er hægt að víkjast undan. Einhliða samdráttur eða tilslakanir vesturs gætu eins og bitur reynsla sýnir haft þveröfug áhrif við það sem ætlað er, þ. e. fremur aukið líkurnar á að valdi verði beitt eða hótað en dregið úr þeim.

Eftir að hafin var uppsetning Pershing II flauganna, skv. hinni tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá 12. desember 1979, til mótvægis við aukinn vígbúnað Sovétríkjanna, slitu Rússar hinn 23. nóvember 1983 Genfarviðræðunum um fækkun meðaldrægra kjarnaeldflauga í Evrópu (INF) og um takmörkun langdrægra kjarnaeldflauga (START). Frá þeim tíma má segja, að ríkt hafi óvanalega mikill kuldi í samskiptum austurs og vesturs þar til í september sl. að heldur tók að rofa til.

Öll ríki Atlantshafsbandalagsins hafa þetta kuldatímabil lagt ríka áherslu á að viðræður hefjist að nýju, viðræður án skilyrða. Það skyldi engan undra þótt Bandaríkin og önnur ríki Atlantshafsbandalagsins hafi ekki verið reiðubúin til þess að skuldbinda sig fyrir fram til afvopnunar eða takmörkunaraðgerða. Hefur áherslan því verið lögð á, að þau væru reiðubúin til þess að ræða um allar mögulegar lausnir, þ. á m. að hætta við að koma Pershing II og stýriflaugunum fyrir og jafnvel að eyðileggja þær. En allt slíkt verður að byggja á gagnkvæmni.

Heldur minnkandi kuldablær var á samskiptum austurs og vesturs þegar loks náðist samkomulag á Stokkhólmsráðstefnunni um nefndir og vinnutilhögun eftir mikið þref allt sl. ár. En það sem menn þó einkum bundu vonir við var samkomulag risaveldanna um fund utanríkisráðherranna, Shultz og Gromyko, í Genf, „viðræður um viðræður“ sem fram fóru 7. og 8. janúar sl. Þar varð niðurstaðan að tvíhliða viðræður risaveldanna færu af stað í Genf bráðlega um: a) geimvopn, b) meðaldræg kjarnavopn og c) langdræg kjarnavopn. Þessar viðræður eru svo nýlega hafnar.

Þótt nú blási því heldur byrlegar en undanfarin misseri í samskiptum austurs og vestur er öllum ljóst að mörg ljón eru á vegi samkomulags um afvopnunarmál. Ríki Atlantshafsbandalagsins geta t. d. ekki horft fram hjá þeim algeru yfirburðum sem Sovétríkin hafa að því er varðar mannafla, hefðbundinn herbúnað og meðaldrægar eldflaugar á meginlandi Evrópu; vestrænar kjarnorkuvarnir eru því miður óhjákvæmilegt mótvægi meðan Sovétríkin hafa þessa yfirburði. Enn fremur hafa Sovétmenn ávallt lýst andstöðu sinni við fullnægjandi og gagnkvæmt eftirlit sem nauðsynlegt er til að tryggja að samningar verði haldnir.

Í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar Varsjárbandalagsríkja sem haldinn var í Austur-Berlín 3.—4. desember sl. segir að það sé „nauðsynlegt að gera allt sem mögulegt er til að minnka hernaðarógnina og að koma alþjóðlegum samskiptum á ný inn á braut slökunarstefnunnar og gagnkvæmrar samvinnu ríkja“. Utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins í Brussel 13.—14. desember sl. gaf einnig út yfirlýsingu þar sem m. a. er sagt að verulega beri að fækka kjarnavopnum með samningum milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, samningum sem byggi á réttlátum jafnræðisgrundvelli og jafnvægi. Hægt verði að vera að sannreyna þá með öruggu og gagnkvæmu eftirliti, þannig að allir aðilar geti haft traust á samningunum.

Þessar yfirlýsingar og ýmsar aðrar undanfarið vekja vissulega vonir. Vanmáttur okkar á liðnum árum til þess að snúa vopnakapphlaupinu við varpar þó skugga á vonir um fljótvirkar lausnir í samskiptum austurs og vesturs. Samt megum við ekki missa trúna á betri og bjartari framtíð í þessum efnum og verðum að vinna látlaust að því að breyta vonum í veruleika.

b. Afvopnun.

Við Íslendingar viljum annars vegar leggja lóð á vogarskálar gagnkvæmrar afvopnunar undir öruggu eftirliti og hins vegar tryggja öryggi okkar með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu. Þátttakan í Atlantshafsbandalaginu veitir okkur Íslendingum og öðrum bandalagsþjóðum einstakt tækifæri til þess að fylgjast með og hafa áhrif á viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna í Genf sem fyrr eru nefndar vegna samráða um þessi mál innan bandalagsins. Það leikur á hinn bóginn ekki minnsti vafi á að Sovétmenn telja sér hag í að reka fleyg milli ríkja Atlantshafsbandalagsins. Það er því nauðsynlegt að Vesturlönd samræmi vel afstöðu sína og séu einhuga.

Við endurvaktar viðræður risaveldanna um niðurskurð langdrægra kjarnavopna (START), um meðaldræg kjarnavopn (INF) og jafnframt um geimvopn eru sem fyrr segir miklar vonir bundnar.

START: Langdrægar kjarnaeldflaugar hafa orðið mun markvísari hin síðustu ár. Styrkur risaveldanna felst í því, að hvort um sig telji sig öruggt um að geta gert gereyðingarárás á hitt eftir að hafa sjálft þolað slíka árás. Með því að viðhalda slíkum mætti er haldið aftur af hugsanlegum árásaraðila; hann veit að hann á eyðingu á hættu ef hann ræðst til atlögu. Í því dæmi eru langdrægu kjarnavopnin afgerandi, hvort sem þau eru staðsett á landsvæði annars hvors risaveldisins, í sprengjuflugvélum eða kafbátum. Fækkun langdrægra kjarnavopna er afar flókið mál og viðkvæmt, eins og svo margir þættir afvopnunarmála, t. d. að því er varðar öruggt eftirlit með samningum.

INF: Fækkun meðaldrægra kjarnavopna skiptir grundvallarmáli fyrir Evrópu. Ég hef hér að framan getið fjölda sovésku SS—20 flauganna sem beint er að V-Evrópu og andsvars Atlantshafsríkjanna sem fólst í uppsetningu 572 Pershing II og stýriflauga. Töluverður hluti kjarnavopna Sovétmanna er til taks á Kolaskaga. Stýriflaugar þar, á landi og í kafbátum, geta hæft skotmörk í öllum Evrópuríkjum Atlantshafsbandalagsins. Sovétmenn geta einnig, ef til átaka kemur, beint þeim að skipum á N-Atlantshafinu sem flytja munu herafla og gögn frá Bandaríkjunum. Í varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsins er gert ráð fyrir slíkum flutningum að vestan, svo sem kunnugt er, og eru þeir ein af lífæðum varna bandalagsins.

GEIMVOPN: Af hálfu Sovétmanna hefur verið lögð mikil áhersla á þennan þátt fyrirhugaðra viðræðna við Bandaríkjamenn. Fyrir þeim vakir að stöðva rannsóknir Bandaríkjamanna á varnarkerfum í geimnum, en bæði risaveldin huga nú að notkun geislavopna frá gervihnöttum. Bandaríkjamenn hyggjast fljótlega efna til tilrauna með því að beina geislum frá gervihnetti á móti raunverulegu skotmarki. Gífurlega fjármuni þarf í rannsóknaráætlanir af þessu tagi. Hugmyndin að baki rannsóknaráætlun Bandaríkjanna er sú að varnarkerfi í geimnum geti hugsanlega gert kjarnavopn gagnslaus í framtíðinni. Þess ber að geta að á árunum 1958—1983 var samtals 2114 gervihnöttum með hernaðarhlutverk skotið á loft, en það svarar til a. m. k. 75% allra gervihnatta á þessu tímabili. Hernaðarhlutverk núverandi gervihnatta er fyrst og fremst eftirlit, en tilkoma þeirra gerði mögulega samninga um vopnatakmarkanir sem áður höfðu strandað á ágreiningi um eftirlit.

Það er vissulega ekki hið ákjósanlegasta að þurfa að búa við ógnarjafnvægið svonefnda. Þó er það betra en að búa við þá ógn er fylgir yfirburðum alræðisríkis.

Eftir fund sinn með Shultz í janúar sl. sagði Gromyko á blaðamannafundi að útilokað væri að semja aðeins um einn þátt í Genfarviðræðum risaveldanna. Sovétmenn telji nauðsyn bera til að semja jafnhliða um langdræg og meðaldræg kjarnavopn og bann við geimvopn-

um. Talið er að Sovétmenn standi langt að baki Bandaríkjamönnum í rannsóknum á geimvopnum. En hafa ber í huga að einungis er nú um að ræða rannsóknaráætlanir Bandaríkjamanna og að engar ákvarðanir er hægt að taka fyrr en síðar um hugsanlega notkun varnarkerfa í geimnum, einskonar varnarhlífar gegn eldflaugaárásum. Ekki er við því að búast að ríki vilji við núverandi aðstæður falla frá rannsóknum á þessu sviði sem vitað er að bæði risaveldin hafa stundað a. m. k. síðasta áratug.

MBFR: Viðræðurnar í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og venjulegs vopnabúnaðar héldu áfram hinn 31. janúar sl. og hófst þá 35. lota þessara viðræðna sem fóru af stað 30. október 1973, og sést því að þeim miðar því miður hægt. Þar hittast fulltrúar 19 þjóða frá ríkjum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Við upphaf þessa áfanga ríkti nokkur bjartsýni, sem byggði á því að risaveldin höfðu komið sér saman um að endurvekja tvíhliða viðræður sínar um kjarnavopn í Genf.

Í hinum erfiðu viðræðum í Vín hafa aðilar komið sér saman um nokkur atriði, en mjög erfitt reyndist t. d. að fá upplýsingar um herstyrk Austur-Evrópuríkjanna. Takmarkið er að samanlagður land- og flugher bandalaganna hvors fyrir sig verði eftir samdrátt ekki yfir 900 þúsund manns. Óleyst eru enn mikilvæg atriði. Alvarlegasti ágreiningurinn snertir hugmyndir um eftirlit með samningsbundnum samdrætti herafla í Mið-Evrópu. Dr. Josef Holik sendiherra og málsvari V-Þjóðverja í MBFR-viðræðunum talaði 31. janúar fyrir hönd ríkja Atlantshafsbandalagsins og sagði m. a.: „Staða okkar nú ætti að gera okkur kleift að ná árangri. Samningsefnið er nægjanlega vel skilgreint og þau fáu atriði sem leysa þarf eru öllum ljós. Takist okkur að leysa þau er samkomulag á næsta leiti. Slíkum niðurstöðum er hægt að ná ef báðir aðilar hafa til þess nógu sterkan vilja. Vilja til að rannsaka markvisst þá jákvæðu möguleika sem fyrir hendi eru í hreinskiptnum samningaviðræðum. Við skorum á ríki Austur-Evrópu að takast á við þetta verðuga verkefni með okkur.“ Vegna aðildar sinnar að Atlantshafsbandalaginu geta Íslendingar fylgst vel með viðræðunum í Vínarborg, því um þær fara reglulega fram samráð í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR: Á allsherjarþingi S.þj. 1983 var ákveðið að þriðja auka-allsherjarþing S.þj. um afvopnun skuli haldið eigi síðar en árið 1988. Fyrsta auka-allsherjarþingið var haldið 1978 en annað 1982. Á hinu síðara lýstu margir yfir óánægju sinni með lítinn árangur, enda hefur því miður um langt árabil mikill áhugi á afvopnunarmálum ekki borið árangur sem skyldi. En áhugann sýndi m. a. hin mikla þátttaka ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra í auka-allsherjarþingunum.

Frá því á árinu 1978 hafa umræður um afvopnunarmál innan S.þj. fyrst og fremst farið fram á þremur stöðum:

a) Afvopnunarráðstefnan í Genf (frá 1978 til 1984 kallaðist hún afvopnunarnefndin og var þá ekki eins fast bundin S.þj. og núverandi afvopnunarráðstefna). Þar sitja fulltrúar 40 þátttökuríkja S.þj., þ. á m. kjarnavopnaveldanna fimm. Á afvopnunarráðstefnunni fara fram samningaviðræður um ýmis afvopnunarmál og skilar ráðstefnan skýrslum til allsherjarþings S.þj. Af þeim málum, sem nú eru til meðferðar á þessum vettvangi binda menn mestar vonir við að samkomulag náist fljótlega um alþjóðasamning um bann við eiturefnavopnum.

b) Afvopnunarráðið (Disarmament Commission), en innan þess eiga öll ríki S.þj. sæti. Þar fara fram umræður um afvopnunarmál þegar allsherjarþingið er ekki að störfum.

c) Fyrsta nefnd allsherjarþings S.þj. fjallar nú eingöngu um afvopnunarmál. Í aðalstöðvum S.þj. í New York er starfandi afvopnunarmáladeild og á hennar vegum er starfrækt rannsóknarstofnun um afvopnunarmál. Meðal margháttaðra starfa deildarinnar er að skipulegga afvopnunarvikur sem hefjast 24. október ár hvert og eiga að vekja almenning til vitundar um mikilvægi raunverulegrar afvopnunar.

Segja verður eins og er, að allt of lítið hefur miðað í samkomulagsátt á sviði afvopnunarmála innan S.þj. Um þetta fjallaði ég m. a. í ræðu minni hinn 24. september sl.

við upphaf allsherjarþingsins. Þá sagði ég m. a.: „Ætlum við nú, eins og í fyrra og svipað og á þinginu þar áður, að samþykkja 63 ályktanir um afvopnunarmál án raunverulegrar viðleitni til að jafna ágreining okkar á milli eða benda á leiðir út úr núverandi sjálfheldu?" Ég varð þess var að margir hugsuðu það sama, að hér þyrfti að verða breyting á. En reyndin varð sú að tillögunum fjölgaði, eins og fyrr var getið í þessari skýrslu, en árangurinn varð — ef eitthvað þá breyttist — minni.

Það mál 39. allsherjarþingsins á sviði afvopnunar sem var hvað mest umtalað var „frysting kjarnavopna", sem ekki var nýtt af nálinni. Þrjár tillögur um „frystingu" voru lagðar fram á þinginu, ein af Sovétríkjunum, önnur af Indlandi og hin þriðja af Mexíkó, Svíþjóð o. fl. Samkomulag stærstu kjarnavopnaveldanna er að sjálfsögðu algjört skilyrði fyrir því að slík „frysting kjarnavopna" verði framkvæmd og útilokað er að slíkt samkomulag náist nema tryggt verði öruggt, víðtækt og gagnkvæmt eftirlit með því að samningar verði haldnir. Engin tillagnanna tók nægjanlegt tillit til þessara grundvallaratriða, auk þess sem t. d. var fullyrt í sænsk-mexíkönsku tillögunni að jafnvægi ríkti milli risaveldanna á sviði kjarnorkuvopna. Þar með var m. a. algjörlega litið framhjá hinum nýju kjarnaflaugum Sovétríkjanna í Evrópu. Fastanefnd Íslands gerði ítrekaðar tilraunir í samvinnu við norsku sendinefndina til að ná fram slíkum breytingum á sænsk-mexíkönsku tillögunni er gert hefðu texta hennar raunsærri og þar með okkur, Norðmönnum og etv. fleirum kleift að greiða henni atkvæði — en án árangurs. Ísland greiddi atkvæði gegn sovésku tillögunni, sem með tilliti til aðgerða Sovétríkjanna á sviði kjarnorkuvígbúnaðar verður að telja sýndarmennsku, en sat hjá við atkvæðagreiðslu um hinar tvær.

Þótt hægt miði og alltof mikið óraunsæi ríki má ekki gleyma því sem vel hefur tekist. Þannig hafa á vegum S.þj. verið gerðir a. m. k. 9 mikilvægir alþjóðlegir samningar á sviði afvopnunarmála. Einn þeirra er samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum (NPT). Sá samningur tók gildi 1970 og 125 ríki, þ. á m. Ísland og öll Norðurlönd, eru nú aðilar að honum. Í samningnum skuldbinda kjarnavopnaveldin sig til að láta ekki öðrum ríkjum kjarnavopn í té og kjarnavopnalaus ríki skuldbinda sig til að taka ekki við kjarnavopnum né framleiða slík vopn. Í september n. k. verður þriðja ráðstefnan um framkvæmd samningsins haldin. Af því tilefni hafa Norðurlöndin fimm formlega hvatt öll ríki sem ekki eru aðilar að samningnum til að gerast það. Hafa sendiherrar Norðurlandanna gengið í þessum erindagjörðum á fund ýmissa ráðamanna í þeim ríkjum sem ekki eru aðilar að samningnum. Af þeim ríkjum eru nokkur sem geta nú þegar framleitt kjarnavopn, þ. e. Ísrael, S-Afríka, Argentína, Brasilía, Pakistan og Indland. Þá eru kjarnavopnaveldin Frakkland og Kína ekki aðilar að samningnum.

c. Kjarnavopnalaus Norðurlönd.

Ég ætla að víkja hér sérstaklega að hugmyndinni um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, þar sem um hana hefur mikið verið rætt frá því ég síðast flutti skýrslu mína um utanríkismál.

Norðurlöndin fóru mismunandi leiðir til að tryggja öryggi sitt og sjálfstæði eftir síðari heimsstyrjöldina. Hingað til hefur það gefist þeim öllum vel og hefur skapast það sem kallað hefur verið hið norræna jafnvægi. Áhrifamenn á öllum Norðurlöndum hafa talið rétt að varðveita þetta jafnvægi og varað við að breytingar á stefnu eins Norðurlandanna í öryggismálum gætu haft áhrif til hins verra fyrir hin Norðurlöndin.

Hugmyndin um kjarnavopnalaus Norðurlönd er all gömul. Spurningin er m. a. hvort Norðurlöndin eigi að þessu leyti samleið og þá með hvaða skilyrðum?

Öll gerum við okkur grein fyrir ógn kjarnavopna, og nauðsyn þess að koma í veg fyrir að þeim verði beitt, að ráðstafanir verði gerðar til að fækka og helst útrýma þeim. En

kjarnavopn eru til staðar. Við verðum að horfast í augu við staðreyndir. Vissulega kann svo að vera að ógn kjarnavopna hafi komið í veg fyrir átök og stríð og þannig átt þátt í að vernda friðinn. En við getum verið sammála um að friðinn verðum við að treysta til lengdar með öðrum og betri hætti en ógnarjafnvægi. Er yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd þáttur í því?

Ávallt þegar rætt hefur verið um hugmyndina kjarnavopnalaus Norðurlönd, hef ég talið eðlilegt og sjálfsagt, að við Íslendingar tækjum þátt í umræðunni og athugunum til þess að gera okkur grein fyrir hvað þjónaði öryggishagsmunum okkar og friðargæslu í heiminum almennt best.

Á auka-allsherjarþingi S.Þj. 1978 um afvopnun var m. a. fjallað um hugmyndina að kjarnavopnalausum svæðum. Í álitsgerð um það efni voru forsendur þeirra m. a. taldar að viðkomandi ríki væru sammála um að stofna slík samningsbundin svæði og hvernig grundvöllur væri að þeim lagður svo og hvernig tryggja mætti með raunhæfu eftirliti að svæðin héldust kjarnavopnalaus.

Umræðan um kjarnavopnalaus Norðurlönd má ekki verða til þess að gefa í skyn að kjarnavopn séu nú á Norðurlöndum. Menn skulu hafa hugfast að Norðurlöndin eru nú kjarnavopnalaus. Veruleiki er mun meira virði en allar yfirlýsingar. Hvorki Ísland né önnur Norðurlönd hafa eigin kjarnavopn eða geyma slík vopn innan síns svæðis og öll Norðurlöndin eru aðilar að hinum alþjóðlega samningi gegn útbreiðslu kjarnavopna, eins og fyrr sagði. Þessi staðreynd er mikilvægur þáttur í því norræna jafnvægi í öryggismálum sem ríkt hefur allt frá stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Ég fæ ekki séð að sérstök yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, varðandi svæði sem þegar er kjarnavopnalaust, efli öryggi Íslands, annarra Norðurlanda eða friðargæslu í heiminum nema meira komi til.

Ástæða væri frekar til að beina athyglinni að umræðum um útrýmingu kjarnavopna þar sem kjarnavopn eru nú til staðar en að vera með vangaveltur um svæði sem eru kjarnavopnalaus. Þá á ég t. d. við víghreiðrin á Kolaskaga og við Eystrasalt. Kjarnavopnakafbátarinn sem kom á fjörur Svía um árið minnti okkur óþyrmilega á nálægð þessara ógnarvopna. Skilyrði þess að ný yfirlýsing um kjarnavopnalaus Norðurlönd hafi eitthvert gildi er að slík vopn sem beina má til Norðurlanda séu fjarlægð. Sovétmenn hafa nokkrum sinnum gefið í skyn að hugsanlega megi ræða um tilslakanir af þeirra hálfu varðandi kjarnavopnalaus svæði en ítrekaðar beiðnir norrænna ráðamanna um að Sovétmenn geri nánari grein fyrir þessum hugmyndum hafa engan árangur borið. Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði hefur tæpast nokkurt gildi nema sem þáttur í samningum helstu kjarnavopnaveldanna sem bæru ábyrgðina á að slíkt samkomulag yrði virt. Við hljótum einnig að gera okkur grein fyrir því, að séum við í varnarbandalagi og viljum njóta góðs af því, þá er eðlilegt og sjálfsagt að hafa samráð við bandamenn okkar. Það er hornsteinn í stefnu vestrænna þjóða og öryggisviðbúnaði að líta á bandalagssvæðið sem eina heild, eitt og sama varnarsvæðið. Allar umræður um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum hljóta því að fara fram í samráði við samherja okkar í Atlantshafsbandalaginu. Okkur ber innan og utan Atlantshafsbandalagsins að stuðla að öllu því sem kemur í veg fyrir beitingu kjarnavopna.

Yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði ein sér kann því miður að hafa minni áhrif en vonir standa til. Ég nefni tvennt. Fyrst það að lítill ávinningur er í því að ákveðin svæði séu lýst kjarnavopnalaus ef kjarnavopnum fækkar ekki en eru ýmist flutt þéttar saman eða út í hafið. Við Íslendingar viljum ennþá síður kjarnavopn í eða á höfum úti, þar sem óhapp á friðartímum gæti eytt sjávarauðlindum okkar og þar með lífsbjörg hvað þá heldur ef hugsað er til þess sem ætti sér stað í styrjöld. Annað er það, að kjarnavopnum er vandalaust að skjóta langa vegalengd og einhliða yfirlýsing um kjarnavopnalaus svæði tryggir ekki að þau svæði verði ekki fyrir kjarnavopnaárás ef til átaka kemur.

Allt frá árinu 1981 og lengur hafa utanríkisráðherrar Norðurlandanna haft með sér samráð um hugmyndina um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum, nú síðast á fundi okkar í Helsinki fyrir skemmstu og í Reykjavík í september sl.

Í umræðum í norska Stórþinginu í maí 1984 kom fram, að bæði stjórnarflokkarnir og stjórnarandstöðuflokkarnir þar telja samning um einangrað kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum óraunhæfa ráðstöfun.

Í skýrslu norska utanríkisráðherrans til Stórþingsins í desember s. l. sagði hann m. a.: „Allir samningar varðandi takmarkanir á kjarnavopnum verða fyrst og fremst að vera á vegum stærstu kjarnorkuveldanna tveggja. Ekkert samkomulag um þessháttar vopn í okkar heimshluta er mögulegt án samþykkis Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Noregur er kjarnavopnalaust ríki. Það er hins vegar engin ástæða fyrir okkur að ganga til samninga varðandi þann þátt nema þá sem hluta af víðfeðmu afvopnunarsamkomulagi milli austurs og vesturs. Slíkt samkomulag verður að fela í sér tilslökun af hálfu Sovétríkjanna sem hægt er að sannreyna. Orð, ein sér, nægja ekki."

Í nýrri skýrslu um dönsk öryggismál á 9. áratugnum (Dyvig-skýrslunni) segir, að ráðunautar dönsku ríkisstjórnarinnar í afvopnunarmálum hafi eftir heimsóknir til höfuðborga Norðurlandanna komist að þeirri niðurstöðu að Norðurlöndin séu nú ósammála í afstöðunni til hugmyndarinnar um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þau líti ekki öll á það sem nauðsyn að samningur um slíkt svæði verði hluti af umfangsmeiri aðgerðum á sviði afvopnunar í Evrópu. Hér mun átt við Finnland og Svíþjóð sem telja að samningur um einangrað svæði á Norðurlöndum án kjarnavopna myndi vera til þess fallinn að skapa traust og að önnur ríki myndu líkja eftir honum. Mér virðist ákaflega hæpið að byggja öryggi okkar á slíkri trú. Þær forsendur sem auka-allsherjarþingið kvað nauðsynlegar fyrir kjarnavopnalausum svæðum vantar nú á Norðurlöndum.

Ef kjarnavopnum verður beitt, er öll heimsbyggðin ofurseld þeim án tillits til landamæra. Ef til slíkrar heimsstyrjaldar kemur er hætt við að orð og eiðar verði lítils virði. Meginmarkmiðið hlýtur því að vera það sem vakir fyrir þjóðum Atlantshafsbandalagsins, að koma í veg fyrir að stríð brjótist út. Samningur um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum yrði að vera þáttur í þeirri viðleitni, hluti umfangsmikilla gagnkvæmra aðgerða austurs og vesturs í afvopnunarmálum Evrópu sem miðuðu að kjarnavopnalausri álfu. Norrænt kjarnavopnalaust svæði yrði að vera liður í afvopnunarviðræðum stórveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem bæru ábyrgð á að samkomulag um svæðið yrði virt. Eða eins og forveri minn í embætti Ólafur heitinn Jóhannesson sagði í skýrslu sinni um utanríkismál til Alþingis 1982: „Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni (kjarnavopnalaus Norðurlönd) hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi."

d. Helsinki-samþykktin 1975 og framkvæmd hennar (CSCE-þróunin).

Nú í sumar er áratugur liðinn frá því að Helsinki-samþykktin var undirrituð af leiðtogum 35 þátttökuríkja. Verður þess minnst á sérstökum hátíðarfundi þar í borg um mánaðamótin júlí/ágúst n. k.

Á þessum tíu árum hafa verið tvær framhaldsráðstefnur í Belgrad 1977—'78 og í Madrid 1980—'83. Sú hin þriðja verður í Vínarborg og hefst í nóvembermánuði 1986. Á framhaldsráðstefnunum er m. a. farið yfir framkvæmd þátttökuríkjanna á ákvæðum samþykktarinnar. Þau ákvæði skuldbinda öll ríki Evrópu (nema Albaníu), auk Bandaríkjanna og Kanada, til að fara eftir ákveðnum meginreglum í samskiptum sínum. Þar er ekki aðeins fjallað um öryggismál heldur einnig um samvinnu ríkjanna á sviði viðskipta, iðnaðar, vísinda- og tækni, umhverfismála o. fl. M. a. skuldbundu ríkin sig til þess að efla samvinnu á sviðum mannréttindamála og menningar og menntamála. Á milli framhaldsráðstefnanna

eru haldnir fundir sérfræðinga. Þar er rætt enn frekar um framkvæmd sérhæfðra ákvæða Helsinki-samþykktarinnar. Þannig er þeim þátttökuríkjum sem vanefnt hafa ákvæði samþykktarinnar veitt aðhald.

Nokkrir sérfræðingafundir sem ákveðnir voru á framhaldsráðstefnunni í Madrid hafa farið fram frá því ég flutti skýrslu mína um utanríkismál í fyrra:

a) **Fundur um friðsamlega lausn deilumála** sem haldinn var í Aþenu 21. mars — 30. apríl 1984. Þar lögðu Svisslendingar fram tillögur sem gerðu ráð fyrir lausn deilumála með meðalgöngu og málamiðlun. Ríkjum Varsjárbandalagsins fannst þessi tillaga ganga of langt, en Vesturlönd kváðu hana aftur á móti ekki ganga nógu langt. Töldu þau síðarnefndu m. a. að gerðardómsákvæði tillögunnar væru allt of óljós. Engin samstaða náðist því á fundinum um annað en að lýsa yfir að frekari umræður þyrftu að fara fram innan vettvangs Helsinki-samþykktarinnar. Svisslendingar munu taka málið upp á framhaldsráðstefnunni í Vín í lok næsta árs.

b) **Fundur um Miðjarðarhafsmálefni** sem haldinn var í Feneyjum 16.—26. október 1984. Sérstakur kafli er í lokaskjalinu frá Helsinki um öryggismál og samvinnu í Miðjarðarhafshluta Evrópu. Var þessi fundur haldinn í framhaldi Valletta-fundarins 1979. Allar ákvarðanir á grundvelli Helsinki-samþykktarinnar eru teknar samhljóða að höfðum samráðum. Þótt ljóst sé að einstakir hlutar Helsinki-samþykktarinnar séu misjafnlega mikilvægir fyrir okkur eins og aðra, er jafnljóst að brestur kæmi í samstarfið ef aðildarríkin sinntu aðeins fundum um helstu áhugamál sín hverju sinni. Væri það ekki í samræmi við samþykktina frá Helsinki. Tókum við því þátt í Feneyjafundinum sem fjallaði um efnahags-, vísinda- og menningarsamvinnu Miðjarðarhafsríkja Evrópu og gerði samþykktir um þau efni.

c) **Undirbúningsfundur vegna fyrirhugaðs menningarþings** sem haldinn var í Búdapest 21. nóvember — 4. desember 1984. Madrid-ráðstefnan ákvað að menningarþing („Cultural Forum") skyldi haldið í Búdapest og mun það hefjast 15. október n. k. Þar verður rætt um aukna samvinnu þátttökuríkjanna innan hinna ýmsu sviða menningarmála. Undirbúningsfundurinn gekk frá dagskrá og tímasetningum fyrir menningarþingið. Gengið var út frá að þátttakendur á menningarþinginu yrðu sérfræðingar í samskiptum austurs og vesturs úr utanríkisráðuneytum og stjórnarerindrekar úr menningarmálaráðuneytum, auk ýmissa menningarfrömuða frá ríkjunum. Undirbúningsfundurinn í Búdapest var fyrsti fundurinn innan Helsinki-ferilsins sem haldinn er í Varsjárbandalagsríki.

Á yfirstandandi ári verður, auk hátíðarfundarins í Helsinki og menningarþingsins í Búdapest, haldinn sérstakur fundur í Ottawa um **mannréttindamál.** Hefst hann 7. maí n. k., en undirbúningsfundur 23. apríl. Á Ottawa-fundinum verður m. a. farið yfir, hvernig þátttökuríkin 35 hafa efnt ákvæði Helsinki-samþykktarinnar um mannréttindi, en þar er víða pottur brotinn svo sem kunnugt er.

Helsinki-samþykktin er einstakt skjal er lagði grunn samstarfs milli austurs og vesturs sem ekki á sér hliðstæðu. Í þeirri þróun taka ríkin 35 þátt á jafnréttisgrundvelli. Hvað sem um vanefndir á framkvæmd einstakra þátta Helsinki-samþykktarinnar er að segja má ekki gleyma því að einn áratugur er ekki langur tími. En takmörk eru þó fyrir því hve einstök ríki geta vanrækt efndir mikilvægra ákvæða Helsinki-samþykktarinnar án þess að hún bíði verulegt og varanlegt tjón af.

e. Stokkhólmsráðstefnan.

Þótt Stokkhólmsráðstefnan um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun í Evrópu sé í rauninni sérfræðingafundur innan Helsinki-rammans, eins og framannefndir fundir, kýs ég að hafa sérkafla um hana.

Fyrsta árið var Stokkhólmsráðstefnan haldin í 4 lotum, þ. e. 17. janúar — 16. mars, 8.

maí — 7. júlí, 12. september — 12. október og 6. nóvember — 14. desember s. l. Verður að segjast eins og er að þetta fyrsta ár ráðstefnunnar hafi að mestu farið í ómarkvissar umræður, að öðru leyti en því, að tillögur voru lagðar fram. Á þessu varð í lok ársins breyting, sem vonir eru bundnar við.

Á þessu stigi ráðstefnunnar er aðeins rætt og reynt að semja um aðgerðir til að efla traust og eyða tortryggni milli þátttökuríkjanna 35. Á síðara stigi, e. t. v. eftir ákvörðun Vínarfundarins 1986, er svo stefnt að því að ræða um afvopnunarmál. Í Helsinki-samþykktinni eru ákvæði um skyldu þátttökuríkjanna að tilkynna heræfingar og herflutninga af tilteknu umfangi og um fleiri svonefndar aðgerðir til að efla gagnkvæmt traust og öryggi. Skyldan samkvæmt Helsinki-samþykktinni náði yfir svæði 250 km inn í Sovétríkin, en í Madrid var ákveðið að Stokkhólmsráðstefnan skyldi ræða um svæðið frá Atlantshafi til Úralfjalla ásamt aðliggjandi haf- og loftsvæði ef hernaðaraðgerðir á eða í hafinu eða yfir því standi í sambandi við heræfingar í Evrópu. Orðalagið frá Madrid um Stokkhólmsráðstefnuna var, að þar skyldi reynt að ná samkomulagi um aðgerðir, sem yrðu „hernaðarlega mikilvægar, pólitískt bindandi og séð verði fyrir fullnægjandi eftirliti í samræmi við efnisþætti þeirra." Hugmyndirnar að baki slíkum aðgerðum eru þær að með innsýn aðila í herbúnað og heræfingar hvers annars megi eyða tortryggni og minnka líkur á ófriði. Í þessu felst hins vegar engin fækkun vopna.

Ríki Atlantshafsbandalagsins lögðu þegar í upphafi fram vandaðar og ítarlegar tillögur í anda Madrid-umboðsins. Þar var m. a. fjallað um tilkynningarskyldu vegna heræfinga og hvers konar herflutninga, skyldu til að bjóða eftirlitsmönnum frá öðrum þátttökuríkjum og um aðrar gagnkvæmar ráðstafanir til að tryggja raunhæft eftirlit með því að rétt sé frá skýrt. Var lögð mikil áhersla á slíka innsýn.

Ríki Varsjárbandalagsins kölluðu kröfuna um slíka gagnkvæma innsýn í raun kröfu um lögmætar njósnir. Lögðu þau í staðinn fram tillögur um, að þátttökuríkin geri með sér sáttmála um að beita ekki valdi og verða ekki fyrst til að nota kjarnavopn. Þau nefndu tillögur Atlantshafsbandalagsins tæknilegar og ekki mikils virði, en ríki Atlantshafsbandalagsins kölluðu tillögur Varsjárbandalagsríkjanna endurtekningar á því sem öll þátttökuríki hefðu þegar samþykkt t. d. í Helsinki-samþykktinni, í sáttmála S.Þj. o. fl. Jafnframt var sagt, að kjarnavopnamál ættu ekki heima á Stokkhólmsráðstefnunni, samkvæmt Madrid-samkomulaginu.

Rúmenía lagði fram sértillögur og hlutlausu ríkin einnig. Þá lagði Malta fram tillögur varðandi efni Miðjarðarhafskafla Helsinki-samþykktarinnar.

Í byrjun desember náðist loks samkomulag á ráðstefnunni um nefndaskipan. Það samkomulag tókst m. a. vegna beinna, óformlegra viðræðna bandarísku og sovésku fastafulltrúanna. Standa nú vonir til að starf í nefndunum um fyrirliggjandi tillögur og bætt andrúmsloft risaveldanna leiði til árangurs á Stokkhólmsráðstefnunni þótt enn sé of snemmt að spá um hvenær eða hve víðtæku samkomulagi verði náð.

f. Afríka.

Efnahagslegar þrengingar og óstöðugt stjórnarfar í ýmsum ríkjum Afríku hafa verið helstu einkenni þróunarinnar þar í álfu undanfarin misseri eins og raunar um langa hríð áður.

Apartheid, stefna ríkisstjórnar hvítra manna í **Suður-Afríku** um aðskilnað kynþáttanna og nær algjört réttleysi svarta meirihlutans í landinu er enn óhögguð. Suður-Afríkustjórn þverskallast og einnig við að láta **Namibíu** af hendi. 7 ár eru liðin frá því Öryggisráðið samþykkti ályktun um sjálfstæði Namibíu, sem er gæsluverndarsvæði Sameinuðu þjóðanna. Kveðið var á um frjálsar kosningar í landinu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna, sem undanfara fullveldis og sjálfstæðis Namibíuþjóðarinnar. Margítrekaðar tilraunir hafa verið

gerðar til að fá Suður-Afríkustjórn til að fallast á þá leið til sjálfstæðis Namibíu, sem Öryggisráðið markaði (ályktun 435/1978), en án árangurs. Suður-Afríkustjórn hefur ekki vísað fyrirmælum Öryggisráðsins algerlega á bug heldur haft uppi ýmsa fyrirvara og skilyrði, sem fullnægja yrði áður en til sjálfstæðis landsins kæmi. Veigamesti þrándur í götu nú er það skilyrði Suður-Afríkustjórnar að kúbanskar hersveitir verði á brott frá nágrannaríkinu Angólu áður en Namibía hlýtur sjálfstæði. Þessi krafa Suður-Afríkustjórnar nýtur stuðnings Bandaríkjanna. Þessari kröfu hafa málsaðilar hafnað og segja að kúbanskir hermenn í Angólu komi sjálfstæði Namibíu ekki við. Í febrúar og mars á síðasta ári voru gerðir vopnahléssamningar milli Suður-Afríku og Angólu og Mósambík. Hafa þeir verið sæmilega haldnir. Hafa menn vonað að þessir samningar gætu orðið upphaf jákvæðari þróunar. Síðustu mánuði hefur stjórn Angólu gefið í skyn að hún sé reiðubúin til að senda kúbönsku hersveitirnar, eða a. m. k. hluta þeirra á brott, ef unnt yrði að tryggja það að skæruliðar Jonas Savimbi, sem berjast gegn stjórninni og ráða hluta landsins, dragi úr borgarastríðinu. Gerðist það myndi hugsanlega opnast fær leið til fulls sjálfstæðis Namibíu. Vesturlöndum er nú orðið ljóst, að herða verður andróður og refsiaðgerðir gegn stjórn Suður-Afríku, ef vonir eiga að verða til þess að hún hverfi frá aðskilnaðarlögunum. Þann 12. mars sl. samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samhljóða afar harðorða ályktun gegn stjórn Suður-Afríku. Þar var hún fordæmd fyrir að fangelsa og ákæra um landráð alla helstu forystumenn Lýðræðissambandsins (United Democratic Front), sem eru samtök hvítra manna og svartra, sem berjast gegn apartheid í Suður-Afríku. Þess er krafist að stjórnin láti af drápum á andstæðingum sínum og hætti að hrekja þá frá bústöðum sínum og allir pólitískir fangar verði leystir úr haldi, þeirra á meðal Nelson Mandela, leiðtogi blökkumanna, sem setið hefur í fangelsi á þriðja áratug vegna andstöðu sinnar gegn apartheid og réttleysi hins svarta meirihluta landsins. Það vakti mikla athygli, enda vottur um harðnandi andstöðu Bandaríkjanna gegn apartheid í Suður-Afríku, að Bandaríkin guldu þessari ályktun Öryggisráðsins jáyrði sitt.

Norðurlöndin hafa verið mjög framarlega í hópi þeirra ríkja sem fordæma kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar. Þegar árið 1978 samþykktu norrænu utanríkisráðherrarnir sameiginlega áætlun um aðgerðir gegn stjórn Suður-Afríku. Í júní í fyrra héldu norrænu utanríkisráðherrarnir fund í Stokkhólmi með starfsbræðrum sínum frá nágrannaríkjum Suður-Afríku, skiptust á upplýsingum, ræddu um frekari aðgerðir til að knýja Suður-Afríkustjórn til undanhalds í kynþáttamálum og um aukna aðstoð norrænu ríkjanna við grannríki Suður-Afríku. Hefur hert stefna Norðurlanda verið í undirbúningi upp á síðkastið. Á nýafstöðnum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Helsinki var tillögum Norðmanna þar að lútandi vísað til sérstaks vinnuhóps, sem mun skila áliti síðar á þessu ári.

Á síðasta ári skapaðist algert **neyðarástand í Afríku** vegna matvælaskorts í fjölda Afríkuríkja, einkum á þurrkasvæðunum í álfunni. Ástandið hefur um langt árabil verið mjög bágborið. Samkvæmt nýlegri skýrslu OECD eru þjóðartekjur á mann í 14 fátækum Afríkuríkjum nú lægri en fyrir 15 árum og 12 Afríkuríki hafa nú lægri meðaltekjur á mann en þau höfðu er þau hlutu sjálfstæði. Samkvæmt skýrslum Sameinuðu þjóðanna hefur helmingur vinnufærra manna í álfunni allri ónóga atvinnu eða er atvinnulaus. Miklu hærra hlutfall íbúa Afríku býr við vannæringu en í ríkjum Asíu. Ungbarnadauði er hvergi hærri í heiminum en í Afríku. Þar deyja 5 milljónir ungbarna á ári af þeim 7 milljónum, sem deyja árlega í heiminum öllum. Íbúar Afríku eru samt aðeins tæplega einn sjötti hluti íbúa þróunarlandanna, þar sem barnadauði er mestur. Í heild hefur útflutningur Afríkuríkja minnkað og viðskiptakjör versnað og þau eru flest skuldum vafin. Þannig hækkuðu greiðslur þeirra vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur um 24,3% á síðasta ári.

Ljóst er að stjórn landbúnaðarmála hefur farið í handaskolum í flestum Afríkuríkjum, en flest þeirra utan þurrkasvæðanna eru einkar vel fallin til landbúnaðar.

Talið er að um 30 milljónir manna á þurrkasvæðunum lifi á mörkum lífs og dauða og tugir þúsunda hafa fallið úr hungri og sjúkdómum á síðustu misserum og nú er áætlað að á annan tug milljóna manna hafi þurft að yfirgefa heimili sín í leit að fæðu, vatni og högum fyrir búsmala sinn. Til marks um hve erfiður úrlausnar þessi mikli vandi er má nefna, að í mati Sameinuðu þjóðanna á ástandinu er áætlað að á þessu ári nemi matvælaframleiðslan í **Níger** aðeins 1.9 milljónum dollara, en þörf íbúa landsins fyrir neyðarhjálp með matargjöfum sé 139.5 milljónir dollara.

g. Austurlönd nær.

Skömmu eftir að ég lagði skýrslu mína fyrir Alþingi í fyrra fól Gemayel, forseti Líbanons, Rashid Karami að mynda ríkisstjórn, er vinna skyldi að þjóðarsátt, en borgarastyrjöld hafði þá staðið í Líbanon í fullan áratug. Karami tókst stjórnarmyndunin og áttu fulltrúar allra helstu trúarættflokka og stjórnmálaafla í landinu aðild að stjórninni. Vopnahléi var komið á, en það var illa haldið, einkum í Beirút og nágrenni. Herir Sýrlands og Ísraels sátu áfram í landinu og styrkur stjórnarhersins mjög lítill.

Kosningar höfðu verið boðaðar í Ísrael í lok júlí og var talið að sigur Verkamannaflokksins, sem farið hafði með stjórn í Ísrael allt frá upphafi þar til Likud-bandalag Begins fékk meirihluta, myndi hafa í för með sér stefnubreytingu varðandi Líbanon og herteknu svæðin. Úrslit kosninganna urðu þau, að báðir stóru flokkarnir töpuðu þingsætum. Verkamannaflokkurinn hlaut 44 þingsæti, tapaði 3. Likud-bandalagið fékk 41 þingmann kjörinn, tapaði 7.

Eftir langt þóf tókst myndun þjóðstjórnar stóru flokkanna og skyldu þeir skiptast á um embætti forsætisráðherra árlega.

Peres forsætisráðherra hefur unnið að því innan stjórnar sinnar að Ísrael dragi herlið sitt einhliða til baka frá Suður-Líbanon, en öflug andstaða var við það innan stjórnarinnar. Nú hefur Peres haft sitt fram og lýst yfir að Ísraelar muni draga herlið sitt frá Suður-Líbanon, 22 þúsund hermenn, í þremur áföngum á þessu ári. Fyrsti áfangi brottflutningsins var framkvæmdur í febrúar sl. Sex ráðherrar greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun, en þeir eru 25. Talið er að herseta Ísraela í Suður-Líbanon hafi kostað 600 þúsund dollara á dag.

Erfitt er að spá um hver áhrif þessi ákvörðun Ísraels muni hafa. Peres hefur lýst sig fúsan til samningaviðræðna, er leitt gætu til lausnar á Palestínuvandamálinu, en staða hans er veik vegna andstöðuafla í Likud-bandalaginu.

Þýðingarmiklir pólitískir atburðir og breytingar, sem orðið hafa í málefnum Austurlanda nær á síðustu misserum, gætu haft áhrif á þróun mála í næstu framtíð og gætu orðið til þess að stuðla að nýjum viðhorfum deiluaðila, er leitt gætu til friðarsamninga á grundvelli ályktana Öryggisráðsins nr. 242 (1967) og 338 (1977).

Þegar fyrrum samherjar og vopnabræður Yassir Arafats flæmdu hann með lið sitt á brott frá Líbanon með stuðningi Assad Sýrlandsforseta, komst að nýju á samband milli Arafats og Egypta, en frá því Sadat Egyptalandsforseti gekk til samninga við Ísraela hafði ríkt fullkomið hatur þar á milli. Jórdanía sem og öll önnur Arabaríki stóð að einangrun Egypta eftir heimsókn Sadats til Jerúsalem. Nú hefur hins vegar skapast traust samband milli Mubaraks Egyptalandsforseta og Husseins, konungs Jórdaníu. Í janúar á sl. ári krafðist Hussein þess að Egyptum yrði á ný veitt aðild að Bandalagi Múhameðstrúarríkja (Islamic Conference Organization) og fékk það samþykkt. Í september sl. var komið á ný á fullu stjórnmálasambandi milli Kairó og Amman. Nokkru síðar bauð Hussein Arafat að halda fund þjóðarráðs Palestínumanna (eins konar þjóðþing í útlegð) í Amman. Þeir áttu saman langar viðræður um friðartillögur þær, sem Hussein hefur undirbúið. Á fundi þjóðarráðsins tókst Arafat að vinna algjöran sigur á andstæðingum sínum, vinstri öfgahópum, og fékk þjóðarráðið til að lýsa stuðningi við friðarviðleitni Husseins. Náin samvinna er milli

Mubaraks og Husseins um mótun friðartillagna er leitt gætu til varanlegs friðar en augljóst er að slíkur friður verður ekki tryggður nema PLO viðurkenni ótvírætt tilverurétt Ísraelsríkis og að Palestínuþjóðin eignist land, sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði.

Að lokum er rétt að minna á þær viðræður sem nú fara fram milli stjórna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um ástandið í Mið-Austurlöndum og friðarumleitanir þar. Slíkar viðræður stórveldanna hafa ekki farið fram svo árum skiptir. Þessar viðræður eru leynilegar og engar upplýsingar gefnar um efni þeirra. Samkomulag risaveldanna um tillögur til friðarsamninga gætu ráðið úrslitum um jákvæða framvindu mála í þessum hrjáða heimshluta.

h. Fjarlægari Austurlönd.

Þróun mála í Asíu, víðlendustu heimsálfunni, verður æ stærri þáttur í þróun heimsmála. Í Asíu býr meira en helmingur mannkynsins, og þar eru fjögur af fimm fjölmennustu ríkjum heims: Kína, Indland, Indónesía, og auk þess Sovétríkin, sem teljast jafnt Asíuríki sem Evrópuríki, en þau ráða yfir öllum norðurhluta þessarar risaálfu.

Í austurhluta Asíu hefur hagvöxtur orðið miklu meiri en á Vesturlöndum á undanförnum árum, og framfarir verið þar miklar. Samskipti Vesturlanda við þann heimshluta fara stöðugt vaxandi, — einkum á efnahagssviðinu. Má m. a. nefna, að útflutningur Bandaríkjanna þangað er nú talsvert meiri en til Evrópu, og að viðskipti við Japan verða æ þýðingarmeiri. En samskipti Vesturlanda við Austur-Asíulönd á öðrum sviðum færast einnig í aukana, — og allt bendir til þess að áhrif Asíuríkja í heimsmálum muni fara vaxandi á komandi árum — ekki síst ef hinar miklu framfarir sem nú eru hafnar í Kína, halda áfram. Af þessum ástæðum, og einnig vegna líklegra markaðsmöguleika Íslendinga í Austurlöndum í framtíðinni, bæði hvað snertir vörur og tækniþekkingu, hljótum við að fylgjast í vaxandi mæli með þróun mála í Asíu.

— Eftir 1975 hefur innbyrðis samvinna ríkja Suður-Asíu bandalagsins, ASEAN, stóraukist og leitt til batnandi efnahagsástands í þessum ríkjum. Bandalagið var stofnað 1967 af fimm ríkjum: Thailandi, Indónesíu, Malasíu, Singapore og Filippseyjum. Nýlega hefur sjötta landið slegist í hópinn, þ. e. hið nýja, olíuauðuga Brunei-ríki á norðurströnd Borneo.

— Japan er eitt af mestu iðnaðarveldum heims, og góð samvinna og samstarf hefir tekist milli Japana og Kínverja.

— Á Indlandi hefur ný stjórn komið til valda eftir þingkosningar í kjölfar morðsins á Indiru Gandhi. Of snemmt er að spá, hvort þessi breyting hefur áhrif á utanríkisstefnu Indlands, en Indlandsstjórn hefur löngum haft nána samvinnu við Sovétríkin.

— Sovétmenn hafa á síðari árum, einkum eftir 1978, eflt mjög hernaðarmátt sinn á Kyrrahafssvæðinu, og Kyrrahafsfloti þeirra mun nú vera stærstur af hinum fjórum herflotum þeirra. Stöðugt fjölgar þarna herskipum, kafbátum, herflugvélum og herþyrlum Sovétmanna. Verulegur hluti kafbátaflotans er kjarnorkuknúinn. Mikil sovésk hernaðaruppbygging fer fram á eyjunum norður af Japan, þ. á m. á eyjunum fjórum sem Japanir gera tilkall til. Auk þess hafa Sovétmenn nú fengið aðstöðu í Víetnam, þar sem þeir eru smátt og smátt að efla flota sinn og flugher, en þarna í nánd liggja skipaleiðirnar til og frá Kína og Japan. Sovétflotinn er á sveimi allt frá Okhotskhafi norður við Kamtsjatka og suður fyrir Malakkaskaga, þar sem hann tengist sovétflotanum á Indlandshafi. — Við norðurlandamæri Kína er hinn mikli herafli og herbúnaður sem Kínverjar eru stöðugt að benda á, þ. á m. 100—150 kjarnaeldflaugar (SS—20) sem draga til Japan og Bandaríkjanna.

Í forsetatíð Nixons og Carters var það stefna Bandaríkjamanna að draga úr hernaðarumsvifum sínum á Kyrrahafssvæðinu. En vegna hinnar miklu hernaðaruppbyggingar Sovétmanna auka nú Bandaríkjamenn hernaðarmátt sinn á ný á þessum svæðum.

Um málefni Vestur-Asíu, þ. e. vandamálin við botn Miðjarðarhafsins, hefur þegar verið rætt.

Styrjöld **Írans** og **Íraks** heldur áfram og gengur á ýmsu. Í bili virðast Írakar hafa frumkvæðið. Mannfall hefir verið gífurlegt í styrjöldinni, og stórkostlegt eignatjón í báðum löndunum og á skipum sem hafa orðið fyrir loftárásum á Persaflóa.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að miðla málum milli stríðsaðilja, bæði á vegum S.Þj., samtaka íslamskra ríkja og samtaka óháðra ríkja, en án árangurs. Írakar hófu styrjöldina en sýnast nú vilja ná samkomulagi, en í Íran eru ennþá þau öfl ofan á, sem vilja halda stríðinu áfram, nema Írakar reki núverandi stjórnendur frá völdum og greiði gífurlegar skaðabætur auk þess sem þeir láti af hendi öll hertekin svæði.

Sú breyting hefur nýlega orðið, að Írakar hafa á ný tekið upp stjórnmálasamband við Bandaríkjamenn, en því var slitið í 6 daga stríðinu 1967. Bandaríkjamenn hafa lýst yfir, að upptaka stjórnmálasambandsins þýði ekki að þeir ætli að styðja Írak á hernaðarsviðinu né heldur, að þetta hafi nein áhrif á samstöðu þeirra með Ísrael. Sumir binda vonir við það, að breytingar sem leiði af stofnun stjórnmálasambandsins flýti fyrir lausn á deilum Íraks og Írans.

Í **Afganistan** situr áfram leppstjórn sú, undir forustu Babraks Karmals, sem sett var á fót, er sovétherinn réðst inn í landið um jólin 1979. Þeirri stjórn er haldið við völd af Sovétmönnum, er stöðugt hafa 100—150 000 manna her í landinu. Sovétherinn berst við skæruliða víðsvegar um landið, og beitir nýjustu hernaðartækjum, loftárásum á þorp og bæi og öðrum grimmdaraðferðum, en allt kemur fyrir ekki. Um þrjár milljónir manna hafa flúið frá Afganistan til Pakistan, og nærri ein milljón til Írans, þ. e. alls meira en fimmtungur landsmanna.

Tilraunir aðalframkvæmdastjóra S.Þj. til að finna pólitíska lausn á Afganistanmálinu hafa engan árangur borið. Fulltrúi hans, Diego Cordovez, hefur lengi unnið að því máli, rætt aftur og aftur við stjórnirnar í Moskva, Kabúl, Islamabad og Teheran og haldið fundi um málið (í Genf).

Sú hugsanlega pólitíska lausn sem rætt er um er í aðalatriðum í fjórum þáttum:

— brottflutningur alls erlends herliðs
— heimflutningur flóttafólksins
— afskiptaleysi erlendra ríkja af málum Afganistans
— alþjóðlegar skuldbindingar um að tryggja framkvæmd samkomulagsins.

Ekkert bendir til að nein lausn á Afganistanmálinu sé í sjónmáli.

Í nóvember s. l. samþykkti allsherjarþing S.Þj. á ný áskorun um brottflutning hins erlenda hers frá Afganistan eftir þriggja daga umræður. Að þessu sinni var ályktunin samþykkt með 119 atkvæðum gegn 20, en 14 sátu hjá. Samskonar ályktun var í fyrra samþykkt með 116 atkvæðum gegn 20, en 17 sátu hjá. Þau ríki sem greiða atkvæði gegn ályktuninni eru Sovétríkin, flest kommúnistaríkin í Austur-Evrópu og nokkur lönd þriðja heimsins.

Í **Kampútsíu** hefur nú verið ófriður í 6—7 ár. Víetnamar hafa síðan á árinu 1978 haft mikinn her í landinu, nú 160—180 000 manna herlið. Andspyrnuöflin eru talin hafa yfir að ráða, a. m. k. 40—45 000 hermönnum og skæruliðum og ætla sér sýnilega ekki að sleppa tökunum. Leppstjórnin er Víetnamar komu á fót, undir forustu Heng Samrins, er talin ráða yfir um 30 000 manna her, sem hún ekki getur treyst. Stjórn Heng Samrins er ekki viðurkennd af S.Þj., og eina ríkið sem viðurkennir stjórn hans, auk nokkurra kommúnistaríkja, er Indland. Moskvustjórnin styður Víetnama með gífurlegum framlögum, en eins og fyrr sagði hafa Sovétmenn nú fengið aðstöðu fyrir flota sinn og flugher í Víetnam.

Að samsteypustjórninni sem mynduð var 1982 undir forsæti Sihanouks fursta standa þrír aðilar — Rauðu Khmerarnir, Þjóðfrelsisfylking Son Sanns (Khmer People's National Liberation Front, — KPNLF) og Hin þjóðlega samfylking Sihanouks fursta (National United Front for an Independent Neutral and Peaceful Kamputchea) . Sihanouk er forseti,

Son Sann forsætisráðherra, en forsvarsmaður Rauðu Khmeranna, Khieu Samphan, er varaforseti og utanríkisráðherra.

Samsteypustjórnin nýtur stuðnings ASEAN landanna sex, og auk þess Kínverja. Eftir 1975 hefur verið grunnt á því góða milli Kínverja og Víetnama, og hafa hinir síðarnefndu stöðugt öflugt herlið við kínversku landamærin.

Stöðugt er barist í landinu, fyrst og fremst á þurrkatímanum, og gengur á ýmsu. Bæir og landssvæði eru tekin á víxl af Víetnömum og andspyrnuherjunum eða skæruliðum. Margar herbúða andspyrnuherjanna og skæruliðanna eru nálægt landamærum Thailands, og bardagarnir berast stundum yfir landamærin, og flóttafólk streymir inn í Thailand. Andúð Kampútsíumanna á Víetnömum og leppstjórn þeirra fer vaxandi.

Allar tilraunir til pólitískrar lausnar á Kampútsíuvandamálinu hafa verið árangurslausar. Það er von þeirra sem styðja samsteypustjórn Sihanouks, að hægt sé að þvinga Víetnama til að fara burt með her sinn úr Kampútsíu með stöðugum þrýstingi, m. a. með áframhaldandi efnahagsþvingunum og stuðningi við andspyrnuliðana, en fram að þessu hefur þetta engan árangur borið.

Breytingar í **Kína** sem ég nefndi hér að framan eru miklar og athyglisverðar, en hér er ekki staður né stund til að lýsa þeim, enda þyrfti til þess langt mál. En ljóst er, að Kínverjar eru á ýmsum sviðum að hverfa frá sovéska kerfinu sem innleitt var eftir valdatöku kommúnista 1949. Lengst eru kerfisbreytingarnar komnar í landbúnaðinum, en unnið er að breytingum á öllum sviðum atvinnulífsins. Gífurleg áhersla er lögð á aukinn hagvöxt og eru hugmyndir um breytingar ekki aðeins sóttar til annarra kommúnistaríkja sem innleitt hafa hjá sér endurbætur á hinu marxistíska kerfi, eins og t. d. Ungverjalands, heldur einnig til t. d. Bandaríkjanna og Japans. Breytingarnar hafa leitt til mikillar framleiðsluaukningar í Kína síðustu árin, og ört vaxandi utanríkisviðskipta. Til dæmis þrefaldaðist utanríkisverslun Kína frá 1977 til 1982, þar af 90% við Vesturlönd.

Reynt er, eins og raunar í öllum kommúnistaríkjum, að komast yfir sem mest af tækniþekkingu Vesturlanda. Eru farnar til þess ýmsar leiðir. Til dæmis er nú fjöldi ungra Kínverja við tæknínám á Vesturlöndum, þar sem þeir einnig kynna sér skipulags- og framleiðsluaðferðir. Árið 1979 tóku Kínverjar upp hina svo nefndu „opnunarstefnu" („open-door" policy), sem er fyrst og fremst fólgin í stofnun „sérstakra efnahagssvæða", þar sem dyr standa opnar fyrir erlenda fjárfestingu. Fjögur slík svæði hafa verið opnuð á undanförnum árum, og nýlega hefur verið tilkynnt opnun 15 svæða í viðbót, sem flest eru hafnarborgir. Á þessum stöðum eru bæði fyrirtæki, þar sem allt fjármagnið er í eigu erlendra aðila og „sameiginleg" eða „blönduð" fyrirtæki, þar sem fjármagnið er erlent að hluta. Reynt er að laða að erlent fjármagn með skattaívilnunum og öðru móti.

Nokkuð hefur dregið úr kuldanum í samskiptum Kínverja og Sovétmanna. Ríkin hafa samið um stóraukin verslunarviðskipti og skiptast nú á sendinefndum, íþróttamanna- og listamannaheimsóknum o. s. frv. En af Kínverja hálfu er á því hamrað, að samskipti þessara ríkja geti ekki komist í eðlilegt horf nema þrjú stórmál leysist, þ. e. að Sovétmenn dragi úr herafla sínum á kínversku landamærunum, hætti stuðningi sínum við stríðsrekstur Víetnama í Kampútsíu og kalli heim her sinn frá Afganistan.

Kínverjar og Bretar hafa nú náð samkomulagi um **Hong Kong.** Kínverjar eiga að taka við stjórn þessarar bresku nýlendu árið 1997, en lofa, að óbreytt efnahagskerfi skuli ríkja þar áfram í 50 ár eftir þann tíma. Þeir tala um „eitt ríki, tvö kerfi", enda gerir núgildandi stjórnarskrá Kínverja ráð fyrir slíkum möguleika. Ýmsir telja að Kínverjar vonist eftir svipaðri lausn í framtíðinni hvað snertir Taiwan.

Japan er eitt af aðal iðnaðarríkjum heims eins og fyrr er minnst á. Stefna ríkisstjórnar Japans hefur til skamms tíma verið sú, að útgjöld til varnarmála fari ekki fram úr 1% af þjóðarframleiðslunni. Í landinu hefur verið lítill áhugi á landvarnarmálum, og menn hafa

talið að varnarsamningurinn við Bandaríkin væri næg vörn. En á síðustu árum fara umræður um varnarmál stöðugt vaxandi í Japan, og á það fyrst og fremst rót sína að rekja til hinna auknu hernaðarumsvifa Sovétmanna á Kyrrahafssvæðinu, ekki síst í námunda við Japan. Fjárframlög til varnarmála hafa nú verið aukin verulega í Japan.

Enn hefur ekki verið gerður friðarsáttmáli milli Japans og Sovétríkjanna eftir heimsstyrjöldina, þar eð Sovétmenn ljá ekki máls á því að sleppa fjórum eyjum norður af landinu, sem þeir tóku í stríðslok og Japanir gera tilkall til. Samskipti Japana og Sovétmanna eru þó með eðlilegum hætti og mikil verslunarviðskipti milli þeirra.

Með Japönum og Kínverjum er nú gott samkomulag og Japan er nú stærsti viðskiptaaðili Kínverja.

i. Mið- og Suður-Ameríka.

Í Mið-Ameríku hélt athygli heimsins áfram að beinast einkum að tveimur ríkjum: El Salvador og Nicaragua. Í báðum ríkjunum hefur ríkt og ríkir enn borgarastyrjöld, þar sem uppreisnaröflin njóta utanaðkomandi aðstoðar. Í báðum ríkjunum fóru fram forsetakosningar á síðasta ári og að auki kosningar samtímis til þjóðþings í Nicaragua. Því miður virðist það, sem ég sagði í skýrslu minni til Alþingis í fyrra ætla að koma á daginn: „Kosningar við þær aðstæður, sem nú ríkja í Nicaragua og El Salvador, eru því miður ekki líklegar til að leysa þau miklu pólitísku og félagslegu vandamál sem þar er við að etja eða binda enda á borgarastyrjöldina".

Fyrri umferð forsetakosninganna í **El Salvador** fór fram 25. mars 1984 og fékk enginn frambjóðenda hreinan meiri hluta svo sem áskilið er. Síðari umferðin fór fram í maí milli þeirra tveggja frambjóðenda, sem flest atkvæði höfðu fengið í fyrri umferðinni. Forseti var kjörinn José Napoleón Duarte, frambjóðandi Kristilega lýðræðisflokksins með 53.6% atkvæða. Roberto d'Aubuisson, frambjóðandi Þjóðlega lýðræðisbandalagsins hlaut 46.4% atkvæða.

Duarte tók við embætti 1. júní og hefur honum tekist að draga verulega úr grófustu mannréttindabrotunum í El Salvador. Hann hóf samningaviðræður við uppreisnaröflin, vinstri sinnaða skæruliðaflokka sem kalla sig FMLN („Þjóðfrelsishreyfinguna"), í von um að ná friðarsamningum við þau. Roberto d'Aubuisson hefur rekið harðan undirróður gegn Duarte og er andvígur viðræðum hans við skæruliðahreyfinguna, sem nýtur stuðnings Sandinistastjórnarinnar í Nicaragua og berst gegn þeim tillögum, sem Duarte hefur lagt fram um skiptingu stórjarða til jarðnæðis handa blásnauðum leiguliðum og ýmsum öðrum umbótum á sviði efnahags- og félagsmála. Ef vonir Duartes um þingmeirihluta í kosningunum um mánaðamótin mars/apríl rætast, mun það styrkja til muna viðleitni hans til að koma festu á þjóðmálin.

Í kosningunum í **Nicaragua** í byrjun nóvember s. l. unnu Sandinistar, er komust til valda í byltingunni 1979, er harðstjóranum Somoza hershöfðingja, var steypt af stóli, auðveldan sigur. Hlutu þeir 63% atkvæða, en stærsta stjórnarandstöðuflokknum, Coordinadora-bandalaginu, var meinuð þátttaka í kosningunum. Leiðtogi Sandinista Daniel Ortega var kjörinn forseti og flokkur Sandinista hlaut 61 sæti af 96 á þinginu. Skæruhernaður heldur áfram í landinu.

Vandinn í þessum löndum er því enn óleystur. Varanlegur friður er vandfundinn í Mið-Ameríku, en vonir manna eru bundnar friðaráætlun Contadora-ríkjanna (Venezuela, Mexikó, Columbíu og Panama). Mikilvægasta tillagan í þessari áætlun kveður á um takmörkun og eftirlit með vopnum og herjum í ríkjum Mið-Ameríku; tímaáætlun um brottför erlendra hernaðarráðgjafa, afvopnun skæruliðasveita og útilokun vopnasendinga til þeirra frá erlendum ríkjum; tímaáætlun um undirbúning frjálsra lýðræðislegra kosninga í friðuðu umhverfi, fulla virðingu fyrir mannréttindum og markvissar umbætur í félags- og

efnahagsmálum. Varanleg lausn finnist ekki nema hún sé reist á grundvallarreglum lýðræðis og mannréttinda og réttlátari skiptingu tekna og eigna. Þetta er megininntakið í tillögum Contadora. Bandaríkin höfðu lýst yfir stuðningi við þessar tillögur í meginatriðum og það hafði Kissinger-nefndin einnig gert með þeim fyrirvara að tímabundin aðstoð við El Salvador og Honduras kynni að reynast nauðsynleg meðan uppreisnaröflin nytu hernaðaraðstoðar og vopnasendinga utanað. Nokkrir viðræðufundir hafa átt sér stað milli fulltrúa Bandaríkjanna og Nicaragua um framkvæmd og túlkun Contadora-samkomulagsins, en um það stendur enn djúpstæður ágreiningur, að því er virðist.

Eins og kunnugt er fóru Bandaríkin og nágrannaríkin á karabísku eyjunum með herlið til **Grenada** í október 1983 er stjórnleysi og upplausnarástand ríkti á eyjunni. Forsætisráðherra landsins hafði verið myrtur og landstjórinn í samvinnu við grannríkin hafði farið fram á aðstoð Bandaríkjanna við að koma á friði og tryggja sjálfsákvörðunarrétt íbúanna. Engu að síður var talið að um alvarlegt brot á alþjóðalögum og skerðingu á sjálfstæði Grenada væri að ræða eins og fram kom í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 1983, sem harmaði þessa hernaðaríhlutun. Ísland var meðal þeirra ríkja sem greiddu ályktuninni atkvæði. Áhersla var þar lögð á að erlent herlið hyrfi frá Grenada og efnt yrði til frjálsra kosninga sem fyrst. Bandarískri herinn var nær allur á brott frá eyjunum fyrir árslok 1983. Síðasta allsherjarþing gerði enga ályktun um málefni Grenada, því að það, sem þingið fór fram á í ályktun sinni árið áður hafði nú verið framkvæmt. Kosningar fóru fram á Grenada 3. desember sl. Þjóðlegi lýðræðisflokkurinn (National Democratic Party), sem er miðflokkur, vann yfirburðasigur. Flokkur Gairy, fyrrum forsætisráðherra, sem steypt var af stóli í byltingu marxista, fékk engan mann kjörinn og frambjóðendur tveggja marxískra flokka náðu ekki heldur kjöri.

Andstaðan gegn harðstjórn Pinochet í **Chile** hefur farið vaxandi. Verkföll, kröfugöngur og mótmælafundir hafa verið tíðir undanfarin misseri þótt það sé bannað. Sjötta nóvember lýsti Pinochet yfir herlögum í landinu, en þau höfðu ekki verið í gildi síðan 1978. Í kjölfarið fóru fjöldahandtökur og ritskoðun. Efnahagur landsins er bágur og atvinnuleysi er gífurlegt, einkum í höfuðborginni Santiago.

Í **Argentínu** virðist lýðræði vera að skjóta traustum rótum undir forystu Raúl Alfonsín, sem kjörinn var í lýðræðislegum kosningum eftir 7 ára ógnarstjórn herforingja. Fjöldamargir foringjar í her, flota og flugher hafa verið neyddir til að segja af sér og málaferli eru í gangi gegn leiðtogum herforingastjórnarinnar og nokkrir þeirra þegar í fangelsi. Ákærur gegn þeim eru mjög þungar: Tugþúsundum saman hurfu andstæðingar herforingjanna sporlaust. Þeir höfðu verið líflátnir og huslaðir í fjöldagröfum. Alfonsín virðist staðráðinn í því að setja herinn á þann bekk, sem honum ber í lýðræðisþjóðfélagi. Hann lúti yfirstjórn lýðræðislega kjörinnar ríkisstjórnar, gæti öryggis landsins, en hafi engin afskipti af stjórnmálum.

Í grannríki Argentínu, **Brasilíu,** stærsta ríki Suður-Ameríku með 131 milljón íbúa, gerðist næsta óvæntur stóratburður eftir 21 árs samfellda einræðisstjórn herforingja í landinu: Frambjóðandi stjórnarandstöðunnar, Tancredo Neves, 74 ára að aldri, var kjörinn forseti landsins í janúar sl. undir kjörorðinu: Endurreisn lýðræðis. Hvort Neves tekst að festa lýðræði í sessi í Brasilíu, treysta mannréttindi og hefta pólitísk völd herforingja þar í landi verður tíminn einn að skera úr um. Neves átti að taka við völdum 15. mars, en veikindi hafa hamlað því að hann gæti hafið störf og eykur það óvissu um þróun mála.

Vandamálin sem hinar nýju lýðræðisstjórnir í Argentínu og Brasilíu hafa við að kljást eru gífurleg. Þjóðirnar eru reyrðar í viðjar erlendra skulda, efnahagur almennings bágur og atvinnuleysi gífurlegt, óðaverðbólga ríkjandi (talin vera 230% í Brasilíu í janúar sl. miðað við 12 mánuði), en svipuðu máli gegnir um nær öll ríki álfunnar. Þau hafa undanfarin ár staðið í samningum við alþjóðagjaldeyrissjóðinn um framlengingu lána og frestun afborgana með skilyrðum um aðhaldsaðgerðir til að treysta fjárhag ríkisins, en þær hafa í för með sér

þrengri kjör almennings. Nú mun vera búið að semja um frestun afborgana af erlendum lánum ríkja í Suður-Ameríku, er samtals nema 350 milljörðum Bandaríkjadala. Fjörutíu prósent útflutningstekna Suður-Ameríku fara eingöngu til greiðslu vaxta af þessum lánum. Ný lán eru tekin og greiðslubyrðin fer vaxandi og hagur ríkjanna þar með versnandi.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

a. Sameinuðu þjóðirnar.

Um helstu mál 39. allsherjarþingsins hefur verið fjallað í kaflanum hér á undan um alþjóðamál og í skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um störf þingsins sem er fylgiskjal með þessari skýrslu til Alþingis.

Störf Sameinuðu þjóðanna, stofnana þeirra og sérstofnana eru orðin svo fjölþætt og umfangsmikil, að þess er ekki kostur að skýra frá nema litlu broti af öllu því mikla starfi í árlegri skýrslu til Alþingis sem þessari. Verður því að velja hverju sinni og nú aðeins fjallað sérstaklega um þrjár af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og minnt á Kvennaráðstefnuna sem haldin verður í lok kvennaáratugar í Nairobi í sumar. Þó má einnig nefna að á sl. ári var haldin hér á landi Evrópuráðstefna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar S. þj. (FAO), en Íslendingar hafa sem kunnugt er tekið nokkurn þátt í störfum hennar um langt árabil.

b. Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC).

Á síðasta allsherjarþingi var Ísland kosið fyrsta sinni til setu í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna. Í Sáttmála hinna Sameinuðu þjóða var Efnahags- og félagsmálaráðinu (Economic and Social Council (ECOSOC)) falið mjög mikilvægt og víðtækt hlutverk. Í stuttu máli var því falið að vaka yfir, gæta og efla alla þá fjölmörgu þætti, er stuðla að réttindum manna og velferð þeirra. Því er ætlað að gera athuganir og rannsóknir og gefa skýrslur um alþjóðleg efnahags- og félagsmál, menningar-, mennta- og heilbrigðismál og mál þeim skyld og gera tillögur um slík mál til allsherjarþingsins. Það á að efla virðingu fyrir mannréttindum og frelsishugsjónum. Það gerir drög að alþjóðasamningum og leggur fyrir allsherjarþingið og það getur kallað saman alþjóðaráðstefnur um þau málefni er undir það heyra.

Af þessari upptalningu sem hvergi nærri er tæmandi, sést hve víðtækt og mikilvægt hlutverk Efnahags- og félagsmálaráðsins er. En það er einmitt á þeim sviðum er undir ECOSOC heyra sem Sameinuðu þjóðunum hefur orðið mest ágengt í störfum sínum.

ECOSOC heldur þrjá fundi á ári og sendir mikill fjöldi aðildarríkja, sem ekki eiga aðild að ráðinu, áheyrnarfulltrúa á þessa fundi. Vikufundur er haldinn í New York í febrúar til að skipuleggja störfin á árinu, 3—4 vikna fundur er haldinn í New York í maí og annar 3—4 vikna fundur í Genf í júlí ár hvert. Á vorfundinum í New York er rætt um félagsmál hvers konar og á fundinum í Genf er fjallað um efnahags- og þróunarmál og önnur skyld mál af fjölþættasta tagi.

Fastanefndir Íslands í New York og Genf munu að verulegu leyti fara með aðild Íslands að ráðinu. Eins og gefur að skilja mun þetta hafa í för með sér aukið álag á fastanefndirnar og alþjóðadeild utanríkisráðuneytisins.

c. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

UNESCO er ein sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og hefur aðsetur í París. Sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá stofnuninni. Ísland á nú sæti í framkvæmdastjórn UNESCO f. h. Norðurlanda. Gegnir Andri Ísaksson prófessor því starfi og var hann nýlega valinn einn af varaformönnum stjórnarinnar.

Störf UNESCO árið 1984 mörkuðust mjög af því að Bandaríkin, sem greiða fjórðung útgjalda skv. fjárhagsáætlun stofnunarinnar, höfðu tilkynnt hinn 28. desember 1983 úrsögn úr stofnuninni frá áramótum 1984—1985 að telja. Þá tilkynnti breska ríkisstjórnin í apríl að Bretland hygðist að vísu vera áfram um sinn í stofnuninni en þó þyrfti þar ýmislegt að færa til betri vegar. Mundi ríkisstjórnin endurskoða afstöðu sína til aðildar í árslok og yrði þar þyngst á metaskálunum hverjar umbætur hefðu orðið. Gagnrýni Bandaríkjastjórnar á stofnuninni var einkum þríþætt: Því var haldið fram að UNESCO vasaðist um of í pólitískum deilumálum almenns eðlis, að afstaða stofnunarinnar til fjölmiðlastarfs væri þrándur í götu prentfrelsis í heiminum og að stofnunin væri illa rekin fjárhagslega. Gagnrýni Bretlands var svipaðs eðlis.

Framkvæmdastjórn og aðalforstjóri UNESCO reyndu að miðla málum. Kaus stjórnin á vorfundi sínum úrræðanefnd 13 stjórnarmanna og átti fulltrúi Íslands sæti í henni. Starfaði nefndin um sumarið og skilaði í september áliti um umbætur á fjölmörgum sviðum í starfi stofnunarinnar. Aðalforstjórinn skipaði fimm starfshópa sem einnig lögðu til breytingar til bóta, m. a. varðandi hagsýslu, starfsmannahald og upplýsingamál. Á haustfundi framkvæmdastjórnar voru allar tillögur úrræðanefndar samþykktar og jafnframt ákveðið að framlengja umboð nefndarinnar og fela henni að fylgjast með framkvæmd þeirra umbóta sem hún hefur lagt til. Einnig tók framkvæmdastjórn undir tillögur starfshópa aðalforstjórans.

Norðurlönd voru mjög virk í þessari umbótaviðleitni allri og sama má segja um Vesturlönd yfirleitt en fulltrúar þeirra í París koma reglulega saman til funda í s. k. upplýsingahópi vestrænna aðildarríkja. Fulltrúi Íslands bar fram á haustfundi framkvæmdastjórnar norræna tillögu um samþjöppun starfsáætlunar UNESCO, þ. e. um grisjun verkefnalistans með það fyrir augum að stofnunin legði niður starfsþætti sem ýmist eru umdeildir eða skipta litlu en styrkti í þess stað verkefni sem tengjast beinlínis stofnskrá hennar og eru ekki umdeild. Tillagan fékk misjafnar undirtektir. Var hún því dregin til baka að svo komnu máli en jafnframt tilkynnt að hún yrði borin fram aftur á vorfundi framkvæmdastjórnar árið 1985.

Umbótastarf það sem hér hefur verið á minnst breytti ekki afstöðu Bandaríkjastjórnar sem fannst ekki nóg að gert. Kvöddu Bandaríkin því UNESCO í árslok 1984. Jafnframt tilkynntu Bretar og Singapúr úrsögn úr stofnuninni frá og með áramótum 1985—1986 (Bretland þó með því að tilgreina ýmis skilyrði sem gætu valdið því, ef uppfyllt yrðu, að ríkisstjórnin hætti við úrsögn).

Á aukafundi framkvæmdastjórnar, sem haldinn var í febrúarmánuði 1985, var hnykkt á norrænu tillögunni um samþjöppun starfskrafta. Samþykkti fundurinn tillögu frá fulltrúa Íslands þar sem aðalforstjóra var falið að leggja fyrir vorfundinn sérstakt þingskjal um forgangsröð einstakra verkefna í frumvarpi að starfsskrá stofnunarinnar fyrir 1986—1987.

Örlagastund virðist vera runnin upp fyrir Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, og mun framtíð hennar ráðast að miklu leyti af þeim ákvörðunum sem teknar verða á 23. aðalþingi UNESCO sem fram fer í Sofíuborg í Búlgaríu 8. október — 12. nóvember 1985.

d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).

Ársfundur Evrópusvæðis WHO var haldinn í Kaupmannahöfn í lok september 1984 og sat Matthías Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þann fund ásamt nokkrum embættismönnum. Á þeim fundi var kjörinn nýr framkvæmdastjóri Evrópusvæðisins til næstu 5 ára og var dr. Jo E. Asvall kjörinn. Dr. Asvall er Norðmaður og hafði hann opinberan stuðning allra Norðurlanda. Ráðning dr. Asvall var staðfest á fundi framkvæmdastjórnar WHO í janúar 1985 og tók hann við af Dr. Kaprio 1. febrúar 1985. Dr. Kaprio sem er finnskur lætur nú af störfum eftir 18 ár sem framkvæmdastjóri Evrópusvæðisins.

Náið samráð hefur verið á milli Norðurlanda um málefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og hefur Ísland vegna setu Almars Grímssonar í þrjátíu og eins manns framkvæmdastjórn haft forgöngu um það samráð.

Á ársfundi Evrópusvæðisins gerðu aðildarríkin samþykkt til stuðnings stefnumarki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði allra árið 2000. Árið 1984 gekk Ísland til samvinnu við WHO og nokkur önnur lönd um verkefni um forvarnir og tengist það verkefni náið stefnumarkinu um heilbrigði allra árið 2000. Sérstök stjórnarnefnd var skipuð árið 1984 hér á landi undir formennsku Páls Sigurðssonar ráðuneytisstjóra og ráðinn var yfirlæknir, Hrafn V. Friðriksson, til að annast framkvæmdastjórn þessa samvinnuverkefnis hér á landi.

Um annað tæknilegt samstarf við alþjóðaheilbrigðismálastofnunina má nefna samkomulag um eflingu leitar að leghálskrabbameini og samvinnu um fjölþættar aðgerðir í slysavörnum og skráningu aukaverkana lyfja. Hafa starfsmenn stofnunarinnar heimsótt Ísland og verið til ráðgjafar um aðgerðir. Slíkt tæknilegt samstarf hefur þróast ört undanfarin ár.

Þá ber að nefna að framkvæmdastjórn WHO fjallaði á fundi sínum í janúar 1985 um framkvæmda- og fjárhagsáætlun WHO árin 1986 og 1987 og samþykkti að mæla með því við Alþjóðaheilbrigðisþingið sem haldið verður í maí n. k. að samþykkja þá áætlun enda er hún byggð á óbreyttum útgjöldum. Á sama fundi var ítarlega fjallað um neyðarástandið í Afríku og þátt stofnunarinnar í aðgerðum til úrbóta.

Að lokum skal þess getið að á þessum fundi framkvæmdastjórnarinnar dró heilbrigðisráðherra Kúbu, með vísan til ítarlegra viðræðna aðalframkvæmdastjóra WHO dr. Mahler og Fidel Castro forseta Kúbu, til baka boð um að halda 39. Alþjóðaheilbrigðisþingið í Havana 1986. Venja er að halda þingið í Genf enda skapar það örugg skilyrði um þátttöku aðildarríkja í þinginu. Nokkur uggur hafði verið vegna þessa boðs Kúbumanna um neikvæð áhrif á samstarfið innan stofnunarinnar sem hefur undanfarin ár verið mjög gott.

e. Kvennaráðstefnan í Nairobi.

Sameinuðu þjóðirnar munu halda kvennaráðstefnu í Nairobi, Kenya, í lok kvennaáratugarins í júlí 1985, en tvær kvennaráðstefnur hafa áður verið haldnar á vegum samtakanna, í Mexíkó árið 1975 og í Kaupmannahöfn árið 1980. Einkunnarorð kvennaáratugarins eru friður, frelsi og þróun, og mun Nairobi-ráðstefnan meta árangur átaks samtakanna til að bæta stöðu kvenna í aðildarríkjunum á umræddu tímabili og líta til framtíðarinnar fram að aldamótum um alþjóðlega stefnumörkun í málefnum kvenna í heiminum. Tilgangur samtakanna með því að standa fyrir ráðstefnum um slík afmörkuð efni sem snerta fólk í öllum aðildarríkjunum er að vekja athygli á þeim og leita sameiginlegra leiða til lausnar vandamála. Undirbúningsnefnd að þátttöku Íslands í kvennaráðstefnunni hóf störf í árslok 1982 og aflaði upplýsinga vegna skýrslugerðar o. fl. Nýlega var skipuð sendinefnd á ráðstefnuna. Í henni eru: Sigríður Snævarr, sendiráðunautur, formaður, Esther Guðmundsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, Gerður Steinþórsdóttir, cand. mag., Guðríður Þorsteinsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, og María Pétursdóttir, formaður Kvenfélagasambands Íslands.

f. Evrópuráðið.

Evrópuráðið starfar sem kunnugt er í tveim deildum, ráðherranefnd utanríkisráðherra og staðgengla þeirra, fastafulltrúanna, og ráðgjafarþingi þingmanna, sem þjóðþing aðildarríkjanna kjósa. Alþingi fer með málefni ráðgjafarþingsins en störf þess rek ég ekki sérstaklega þar sem fulltrúar Alþingis munu væntanlega leggja fram greinargerð um það efni eins og undanfarið.

Á árinu var kjörinn nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Marcelino Oreja, fv. utanríkisráðherra Spánar, og tók hann við störfum hinn 1. október sl.

Markmið Evrópuráðsins hefur frá upphafi verið að koma á nánari einingu meðal aðildarríkjanna, sem nú eru 21 að tölu, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra. Þau starfa m. a. saman að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda, laga- og stjórnarfarsmála og leitast við að treysta mannréttindi og frelsi.

Nánast öllum málum er vísað til ráðherranefndarinnar til endanlegrar afgreiðslu, enda hefur hún ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar. Í ráðherranefndinni eru því rædd og ákvörðun tekin um fjölda mála á þeim margvíslegu sviðum, sem nefnd voru hér á undan.

Undanfarin ár hefur mjög aukin áhersla verið lögð á stjórnmálaumræður í ráðherranefndinni m. a. í því skyni að samræma eftir föngum afstöðu lýðræðisríkja Evrópu til ýmissa alþjóðamála og sérmála Evrópu. Í samræmi við þetta hafa farið fram umræður og víðtæk samráð.

Að undanförnu hafa fjórir vinnuhópar fastafulltrúa starfað að álitsgerðum og drögum að ályktunartillögum — í fyrsta lagi um starfshætti Evrópuráðs, í öðru lagi um hlutverk Evrópuráðs í þróun Evrópu til nánari einingar, í þriðja lagi um mannréttindamál og í fjórða lagi um menningarsamvinnu.

Í framhaldi af álitsgerð eins þessara vinnuhópa hefur ráðherranefndin samþykkt ályktun um hlutverk Evrópuráðsins á stjórnmálasviðinu. Í þeirri ályktun segir m. a. að pólitískar umræður í Evrópuráðinu skuli taka mið af eftirfarandi þáttum: Að hafa samráð um alþjóðamál, sem snerta aðildarríkin sameiginlega; að ræða atburði, sem brjóta gróflega í bága við þær meginreglur og hugsjónir, sem stofnunin byggir starfsemi sína á, í því skyni að ná samstöðu um sameiginlega afstöðu til þess háttar atburða; að auðvelda ákvarðanir um viðeigandi aðgerðir til að leysa deilur sem snerta evrópskt samfélag og ógna lýðræðishugsjónum og einingu Evrópu; og loks að aðstoða eftir fremsta megni við lausn vandamála er koma upp milli aðildarríkjanna, í samvinnu við viðkomandi aðila. Í nefndri ályktun er einnig að finna viljayfirlýsingu um aukin samráð milli ráðherranefndarinnar og ráðgjafarþingsins á stjórnmálasviðinu um þau mál sem áhugaverð eru fyrir báða aðila.

Ítarlegar umræður hafa farið fram í ráðherranefndinni um að efla samvinnuna milli Evrópuráðsins og Efnahagsbandalags Evrópu í sameiginlegum málaflokkum í því skyni að komast hjá tvíverknaði. Er hér um að ræða samvinnu m. a. á sviði löggjafar, félagsmála og menningar- og menntamála. Gert er ráð fyrir að ályktunartillaga um þetta efni verði lögð fyrir ráðherranefndina í apríl 1985.

Síðla síðastliðins árs samþykkti ráðherranefndin tillögu frá ráðgjafarþinginu um að setja á stofn óháða nefnd valinkunnra Evrópumanna til að leggja mat á og semja álitsgerð um langtíma horfur og möguleika á samvinnu Evrópuríkja.

g. Norðurlandasamvinna.

Í skýrslu minni til Alþingis í fyrra fjallaði ég nokkuð um eðli, tilgang og fyrirkomulag norrænnar samvinnu og hinn mikla og fjölþætta árangur sem af henni er orðinn. Er því óþarfi að endurtaka það hér. Íslandsdeild Norðurlandaráðs leggur árlega skýrslu fyrir Alþingi um hið fjölþætta norræna samstarf og þingmenn fá greinargerðir um störf nefndar samstarfsráðherranna fimm.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík 4.—8. mars sl. og er þingheimi vafalaust enn í fersku minni. Það var hið 33. í röðinni og verður ótvírætt talið meðal þeirra merkustu vegna þeirra fjölmörgu mikilvægu ákvarðana og samþykkta sem þingið gerði. Ég mun í þessari skýrslu aðeins drepa á þrjár þeirra mikilvægustu: Breytingar á skipulagi norræna samstarfsins, samstarfsáætlun um aukningu hagvaxtar, eflingu atvinnulífs og fjölgun starfa

og stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir vestursvæðið svokallaða, þ. e. Færeyjar, Ísland og Grænland.

Með þeim breytingum, sem samþykktar hafa verið er leitast við að styrkja skipulag norrænnar samvinnu og gera það skilvirkara og ennfremur að bæta umfjöllun norrænna málefna í stjórnkerfum aðildarlandanna. Í samþykktinni felst að almennu fjárlögin og menningarmálafjárlögin verða sameinuð. Enn fremur verða sameinaðar í eina skrifstofu í Kaupmannahöfn þær tvær skrifstofur, sem reknar hafa verið á vegum ráðherranefndarinnar, ein í Osló og önnur í Kaupmannahöfn (menningarmál). Enn fremur er ákveðið að koma á fót iðnþróunarmiðstöð í Osló og flytja Norræna iðnþróunarsjóðinn þangað. Vonir standa til að sameining skrifstofanna muni auðvelda meðferð mála sem spanna fleiri en eitt svið og stuðla að markvissari stjórnun. Eru þessar breytingar raunar taldar forsenda þess að kleift verði að ráðast í þau viðamiklu verkefni, sem samstarfsáætlunin um eflingu hagvaxtar og tryggingu atvinnu felur í sér, en meginátak áætlunarinnar verður að stórefla samgöngur milli Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Til nokkurs jafnvægis við þetta átak var samþykkt á Norðurlandaþinginu í Reykjavík viljayfirlýsing um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Ísland og Grænland. Verður sérstök tillaga gerð um stofnun og markmið sjóðsins sem lögð verður fyrir efnahagsnefnd Norðurlandaráðs til umfjöllunar og er vonast til að sjóðurinn geti tekið til starfa á næsta ári. Þessi samþykkt markar á vissan hátt tímamót í starfsháttum Norðurlandasamvinnunnar.

Tillaga um stofnun norrænnar líftæknistofnunar á Íslandi var reifuð á Norðurlandaþinginu og hefur þegar öflugan stuðning. Standa vonir til að hún verði samþykkt á næsta þingi Norðurlandaráðs.

Þær samþykktir, sem ég hef hér drepið á, auk fjölda annarra, sem hér er ekki getið, sýna og sanna að norræn samvinna er síður en svo á undanhaldi heldur er hún áfram að eflast að umfangi og þýðingu. Norræn samvinna er Íslendingum mjög mikilvæg og þátttaka í henni verður áfram einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

Grænland.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að nánari tengslum milli Íslands og Grænlands. Er ég flutti skýrslu mína um utanríkismál á Alþingi í fyrra, höfðu Grænlendingar sagt sig úr Efnahagsbandalagi Evrópu, og jafnframt gert samkomulag við bandalagið um sérstöðu og tollfríðindi gegn fiskveiðiréttindum við Grænland, sem þeir jafnframt fá gjald fyrir. Úrsögnin átti að koma til framkvæmda um áramótin 1984—85, en af formsástæðum frestaðist brottför Grænlands úr bandalaginu um einn mánuð, og varð eigi fyrr en 1. febrúar sl.

Í janúarlok sl. var gengið frá samningi sem kemur í veg fyrir hömlur í viðskiptum Grænlands og Íslands er leitt hefðu af því að þeir njóta ekki lengur beinnar aðildar að gagnkvæmum fríverslunarsamningi Íslands og EBE.

Gert var ráð fyrir, að Jonathan Motzfeldt kæmi í heimsókn til Íslands í júní sl., en af því gat ekki orðið vegna kosninga til grænlenska landsþingsins og nýrrar stjórnarmyndunar. Hins vegar kom landsstjórnarformaðurinn hingað í september s. l. ásamt nokkrum embættismönnum. Áður fór íslensk sendinefnd til Grænlands til að undirbúa viðræður í Reykjavík. Í Reykjavík átti Jonathan Motzfeldt viðtöl við forsætisráðherra og aðra ráðherra og snerust viðræðurnar um möguleika á að efla og styrkja samskipti Íslands og Grænlands. Rætt var fyrst og fremst um mál sem snerta hafið og fiskveiðar, m. a. um möguleika á samvinnu hvað snertir vernd og nýtingu fiskstofna, þróun fiskveiða, eftirlit með veiðum, hafrannsóknir og markaðsmál, en einnig um samgöngumál, viðskiptamál og landbúnað, um Grænlandssjóð og um samskipti á sviði menntamála. — Í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri áttu ýmsir fulltrúar íslensks atvinnulífs kost á að ræða við grænlensku gestina um möguleika á nánari samskiptum.

Í tengslum við fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík var hinn 6. mars sl. haldinn mjög gagnlegur viðræðufundur með forystumönnum Grænlendinga. Til umfjöllunar voru mörg þeirra sameiginlegu hagsmunamála sem áður voru nefnd, m. a. hugmyndir um sameiginlegar fiskirannsóknir við A-Grænland, samgöngumál o. fl. Þá var rætt um loðnumál.

Með það fyrir augum að auðvelda samskipti Íslands og Grænlands var lagt til af Íslands hálfu, að stofnuð yrði samstarfsnefnd Íslendinga og Grænlendinga, er annist milligöngu milli stjórnvalda landanna á sviði efnahagsmála og fyrst og fremst varðandi allt sem snertir fiskveiðar og hafið. Nú er útlit fyrir, að endanlegt samkomulag náist fljótlega um tilhögun þessara mála.

Grænlendingar eru smátt og smátt að taka í sínar hendur stjórn efnahagsmálanna, auk annarra mála, og um sl. áramót náðu þeir stórum áfanga, er þeir tóku við stjórn tveggja mikilvægustu málaflokkanna sem Konunglega Grænlandsverslunin hefur haft með höndum, þ. e. framleiðslu og útflutningsmála. Á því sviði hefur starfað um þriðjungur allra starfsmanna konunglegu verslunarinnar. Grænlendingar munu á næsta ári taka í eigin hendur vörudreifingu og flutninga.

IV. Varnar- og öryggismál.

Friður og frelsi, sem tryggir sjálfstæði landsins og lýðræði, sem við Íslendingar viljum búa við án afskipta eða yfirgangs annarra, er grundvöllur íslenskrar utanríkis- og öryggisstefnu. Þjóðin hefur í meira en aldarþriðjung haldið fast við þá skoðun, að þessi grundvöllur væri best tryggður með þátttöku okkar í varnarbandalagi vestrænna þjóða og veru varnarliðsins hér á landi.

Lega Íslands frá hernaðarlegu sjónarmiði ræður örlögum þess, ekki síður í dag en á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Á þeirri forsendu verður mótun og framkvæmd íslenskrar varnarstefnu að byggjast. Það er og hefur verið stefna okkar í varnarmálum, að öll starfsemi varnarliðsins miðist við varnir og eftirlit, enda er það í samræmi við varnarsamninginn og stefnu Atlantshafsbandalagsins. Sú aðstaða, sem Bandaríkjunum fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, hefur verið sköpuð hérlendis miðast við þetta hlutverk.

Umræður um hlutverk varnarliðsins.

Umfjöllun um hlutverk varnarliðsins og starfsemi þess hefur verið all ítarleg að undanförnu. Ég tel, að nauðsynlegt sé, að almenningur hafi ávallt nægilega góðar upplýsingar til þess að geta metið stöðu þessa veigamikla máls. Umræður um varnarmál í öðrum ríkjum tengjast oft afgreiðslu fjárlaga er kveða á um fjárframlög til hernaðarþarfa á ári hverju. Því er ekki fyrir að fara hér á landi og því vill bera við, að umræður verði yfirborðslegar og einkennist oft af upplýsingaskorti. Ráðuneytið hefur að undanförnu unnið að því að kynna ýmsar hliðar, er snúa að starfsemi varnarliðsins. Má þar nefna skýrslu um athugun á endurnýjun ratsjárkerfis varnarliðsins og kynningarfundi tengda þeirri athugun, ítarlega skýrslu um starfsemi verktakafyrirtækja á varnarsvæðum, sem gefin var út í apríl 1984, og þá viðleitni, að skýra fyrirfram frá breytingum á búnaði varnarliðsins, svo sem þeirri endurnýjun á orrustuvélum, sem fram munu fara á þessu ári. Ég mun stefna að því, að efla slíka upplýsingastarfsemi, en það er ekki hægt að gera að neinu ráði nema með auknu starfsliði. Vert er í þessu sambandi að vekja athygli á frumkvæði öryggismálanefndar um útgáfu á skýrslu Gunnars Gunnarssonar um áætlanir og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem nýlega hefur birst.

Þekking á varnar- og öryggismálum — Varnarmálaskrifstofa.

Í því skyni að öðlast betri yfirsýn og meiri þekkingu á varnar- og öryggismálum hefur ráðuneytið undanfarið lagt áherslu á að efla tengsl við hermálayfirvöld bandalagsins í Brussel og Norfolk, svo og nágrannaþjóðir okkar. Í maí sl. hóf Ísland þátttöku í störfum hermálanefndar NATO. Fyrir nokkru var haldinn viðræðufundur í London með fulltrúum bresku utanríkis- og varnarmálaráðuneytanna, þar sem skipst var á skoðunum um stöðu mála á Norður-Atlantshafi. Aflað hefur verið upplýsinga frá Norðmönnum vegna ratsjármálsins og viðræður hafa átt sér stað við starfsmenn Atlantshafsbandalagsins um ýmsa þætti þessa sama máls.

Gagnvart Bandaríkjamönnum og Atlantshafsbandalaginu hefur verið lögð rík áhersla á, að íslensk stjórnvöld fái ávallt upplýsingar um hernaðarstöðu landsins og ekki sé hafist handa um neinar áætlanir, er snerta varnarstöðu þess, án samráðs við okkur. Við viljum og verðum að vera virkir þátttakendur í varnarsamvinnu bandalagsins á öllum stigum mála.

Í skýrslu minni til Alþingis um utanríkismál á sl. ári gat ég þess að athugun stæði yfir á því, hvernig heppilegasta tilhögun yrði á eflingu varnarmáladeildar, bæði með hliðsjón af núverandi umfangi verkefna hennar og ekki síður í þeim tilgangi að á vegum utanríkisráðuneytisins verði ávallt til staðar fullnægjandi þekking á varnar- og öryggismálum. Í því skyni að framfylgja þessu markmiði hef ég ákveðið þá breytingu á varnarmáladeild, að framvegis verður starfssvið hennar aukið í áföngum, m. a. með ráðningu sérfræðinga með herfræðilega og hertæknilega reynslu og menntun. Varnarmáladeild mun framvegis verða sérstök skrifstofa í utanríkisráðuneytinu. Verða verkefni varnarmálaskrifstofunnar þessi:

a) Málefni, er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951;
b) Herfræðileg og hertæknileg málefni, er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum, þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt íslenskt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna;
c) Þátttaka í starfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins. Samstarf við varnarliðið og yfirherstjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi (ACLANT) um gerð áætlana varðandi varnir Íslands. Samskipti við varnarmálaráðuneyti ríkja Atlantshafsbandalagsins og annarra ríkja eftir ákvörðun utanríkisráðherra;
d) Skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstjórnina;
e) Samstarf við almannavarnaráð og landhelgisgæslu;
f) Yfirstjórn mála á varnarsvæðunum og þeirra ríkisstofnana, sem starfa á eða eru í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanríkisráðherra, sbr. lög nr. 106/1954 sbr. auglýsingu nr. 96/1969;
g) Eftirlit með verktökum og þjónustuaðilum, er starfa á varnarsvæðum. Samskipti við nágrannasveitarfélög, sem eru í nábýli við varnarsvæðin, og stofnanir og aðila, er hafa hagsmuna að gæta vegna veru varnarliðsins.

Eðli varnarstöðvarinnar.

Varnarliðið er hér til varnar landinu og svæðunum umhverfis það í samræmi við óskir okkar sjálfra. Eftirlitsstarfið, sem varnarliðið innir af hendi, er grundvallarforsenda þess, að ávallt verði hægt að greina aukningu á herstyrk Sovétríkjanna í námunda við Ísland, þannig að Atlantshafsbandalagið geti brugðist við með viðeigandi hætti. Eðli varnarstöðvarinnar hefur ekki breyst, þrátt fyrir umfangsmikla endurnýjun og endurbætur, er hófust snemma á þessum áratug. Endurbætur þessar eru nauðsynlegar eigi varnarstöðin að geta sinnt varnar- og eftirlitshlutverki sínu, en það grundvallast annars vegar á loftvörnum og hins vegar á kafbáta- og skipaeftirliti.

Horfast verður í augu við þá staðreynd, að uppbygging sovésks herafla á Kola-skaga,

sem hófst að verulegu leyti snemma á sjöunda áratugnum meðan slökunarstefnan stóð yfir, hefur verið stöðug og markviss. Í skýrslu norska herforingjaráðsins, sem birt var í janúar sl., er gerð úttekt á hernaðaruppbyggingu Sovétríkjanna á norðurslóðum sl. 20 ár. Komist er að þeirri niðurstöðu, að hún hafi verið mjög mikil og er ekki síst vakin athygli á framförum í herbúnaði. Til að mynda hefur fjöldi stærri sovéskra herskipa Norðurflotans aukist úr 50 í 90 á þessu tímabili, þar af hefur beitiskipum fjölgað úr þrem í tólf. Kafbátum búnum langdrægum eldflaugum hefur fjölgað úr 26 í 39 og kafbátum, er hafa innanborðs meðaldrægar eldflaugar, hefur fjölgað úr 19 í 31. Samtals er talið, að Sovétmenn hafi um 180 kafbáta í Norðurflotanum.

Fyrir okkur Íslendinga eru þær framfarir, sem orðið hafa á tæknibúnaði sovéskra herflugvéla áhyggjuefni. Eldri meðaldrægar sprengjuflugvélar hafa verið útbúnar stýriflaugum, nýjar langdrægar sprengjuflugvélar, sem eru hljóðfráar og nefnast Backfire, hafa verið teknar í notkun og innan nokkurra ára mun enn fullkomnari sprengjuflugvél, sem nefnist Blackjack, bætast við flugflota Sovétmanna.

Loftvarnaþáttur.


Sérhverju ríki stafar ógn af flugi óþekktra herflugvéla í námunda við lofthelgi þess, nema viðhlítandi gagnráðstafanir séu fyrir hendi hverju sinni. Hlutverk varnarliðsins hefur verið að greina allar óþekktar flugvélar, er koma inn á eftirlitssvæði þess, fylgjast með þeim og hafa tiltækan varnarbúnað, ef eitthvað skyldi út af bregða. Eftirlitssvæði varnarliðsins nær í u. þ. b. 140 sjómílur út frá ströndum landsins, sbr. fyrri mynd, sem sýnir bæði eftirlitssvæðið og áætlað sjónsvið fjögurra ratsjárstöðva í 13.000 feta hæð. Til þess að inna þetta hlutverk af hendi hefur varnarliðið á að skipa 12 orrustuvélum, af gerðinni F-4E Phantom, tveimur AWACS ratsjárvélum, einni eldsneytisflutningavél af gerðinni KC-135, og tveimur ratsjárstöðvum, annars vegar á Miðnesheiði og hins vegar á Stokksnesi.

Í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í langdrægum sprengjuflugvélum og stýriflaugum Sovétríkjanna, hefur verið talið nauðsynlegt að efla loftvarnir Íslands og svæðanna umhverfis landið. Síðar á þessu ári eru væntanlegar 18 orrustuvélar af gerðinni F-15, sem munu taka við hlutverki Phantom-vélanna. Nýju vélarnar hafa aukið flugþol, sem gerir það að verkum, að auðveldara verður m. a. að senda þær inn á norðausturhluta eftirlitssvæðisins án eldsneytisbirgðavélarinnar. Verið er að ljúka byggingu níu styrktra flugskýla, sem munu hýsa F-15 orrustuvélarnar og samþykkt hefur verið bygging fjögurra skýla til viðbótar.

Þar eð ekkert ratsjáreftirlit úr landi er fyrir hendi út frá Norðurlandi, og AWACS vélarnar tvær geta ekki verið á lofti allan sólarhringinn, hefur verið til athugunar að byggja tvær nýjar ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi, endurnýja búnað núverandi ratsjárstöðva á Miðnesheiði og Stokksnesi, sem er orðinn úreltur, og setja upp eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli, sem tæki við upplýsingum frá öllum fjórum ratsjárstöðvum. Loftvarnarhlutverk varnarliðsins mun ekki breytast vegna slíkrar endurnýjunar ratsjár- og eftirlitskerfisins, en því yrði gegnt á fullkomnari hátt en nú er unnt. Stöðvarnar yrðu búnar langdrægum flugeftirlitsratsjám, sem næðu til allt að 200 sjómílna svæðis frá hverri stöð og samsvaraði sjónsvið þeirra nokkurn veginn efnahagslögsögu okkar Íslendinga. Aukið sjónsvið ratsjárkerfisins gæfi varnarliðinu meiri tíma til viðbragðs og úthaldsbetri orrustuvélar tryggðu viðbragðsgetuna. Ljóst er því, að endurbætur þessar mundu bæta mjög loftvarnir Íslands sem full þörf er á í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur á vopnabúnaði Sovétríkjanna.

Áætlað er, að um 11 menn þurfi til að sjá um rekstur hverrar ratsjárstöðvar, og yrði þar um íslenska starfsmenn að ræða. Þar eð eftirlit flyttist í eftirlitsstöðina í Keflavík yrði um verulega fækkun varnarliðsmanna á Stokksnesi og á Miðnesheiði að ræða.


Sérstök afnot íslenskra aðila af ratstjárstöðvunum yrðu einkum vegna flugumferðarstjórnar og eftirlits með skipaumferð í grennd við stöðvarnar, en einnig mundu þær veita



veðurupplýsingar. Veita mætti fullkomna flugumferðarþjónustu fyrir millilandaflug og innanlandsflug í algengustu flughæðum og í mörgum tilfellum mætti nota ratsjárnar til að fylgjast með aðflugi að flugvöllum í grennd við stöðvarnar. Sérstakar skiparatsjár, sem komið yrði upp á stöðvunum, gæfu kost á að fylgjast með siglingum allt að 60 sjómílur á haf út. Upplýsingar frá ratsjánum mundu því auka mjög öryggi í lofti og á legi. Áætlað er, að rekstur ratsjárstöðvanna gæti hafist árið 1987 með bráðabirgðabúnaði, sem Bandaríkjamenn legðu til. Endanlegum búnaði, sem Atlantshafsbandalagið kostaði, yrði komið fyrir tveim árum síðar. Íslensk stjórnvöld og íslenskir tæknimenn tækju virkan þátt í framkvæmdum á öllum stigum. Hönnun mannvirkja og búnaðar yrði í samræmi við íslenska staðla og yrði tekið mið af aðstæðum hér á landi. Varðandi frekari upplýsingar um ratsjárstöðvarnar vísast til ítarlegrar skýrslu, sem varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins sendi frá sér í lok sl. árs.

Kafbáta- og skipaeftirlit.

Kafbáta og skipaeftirlit úr lofti hefur verið rekið af varnarliðinu frá Keflavíkurflugvelli síðan það kom til landsins 1951. Núverandi flugvélakostur, vélar af gerðinni Orion P-3C, hefur verið hérlendis síðan 1969 og er ein flugsveit með níu flugvélar staðsett hér í 5 mánuði í senn. Náin samskipti eru við bandalagsþjóðir okkar í Evrópu um kafbátaleit á Norður-Atlantshafi. Daglega taka kafbátaleitarvélar frá Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Kanada,



Noregi og Þýskalandi þátt í þessu eftirliti og skipta með sér leit á afmörkuðum svæðum, sem breytt er dag frá degi. Seinni mynd sýnir dæmi um slík svæði. Vélar frá þessum þjóðum hafa oft nokkurra daga viðkomu á Keflavíkurflugvelli og taka þá þátt í eftirlits- og æfingaflugi varnarliðsins. Er þetta gott dæmi um nána varnarsamvinnu og upplýsingaskipti, sem eiga sér stað innan Atlantshafsbandalagsins.

Í þessu sambandi hefur verið til athugunar hjá utanríkisráðuneytinu erindi Hollendinga um að fá heimild til þess að staðsetja á Keflavíkurflugvelli eina kafbátaleitarvél af sams konar gerð og varnarliðið hefur nú til umráða. Áhugi Hollendinga byggist fyrst og fremst á því, að fá tækifæri til þess að æfa hollenskar áhafnir í eftirlitsstörfum á Norður-Atlantshafi í þágu sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Fjöldi Hollendinga yrði um 30, þ.m. talið bæði áhöfn og starfsmenn til þess að annast viðhald vélarinnar, en dvalartími yrði einn til tveir mánuðir í senn. Ekki yrði um fjölgun í varnarliðinu að ræða, þar sem bandarískum vélum og starfsliði fækkaði samsvarandi.

Kafbátaleit neðansjávar með svonefndu SOSUS-hlustunarkerfi hefur verið starfrækt á Norður-Atlantshafssvæðinu um langt árabil. Hérlendis hefur verið rekin eftirlitsstöð í þessu skyni í tæp 20 ár. Þetta kerfi er, ásamt upplýsingum frá kafbátaleitarflugvélum, mikilsverður þáttur í því, að Atlantshafsbandalagsríkin hafi fullnægjandi upplýsingar um ferðir sovéskra kafbáta á hverjum tíma. Á átaka- eða hættutímum yrði það eitt meginhlutverk sovéskra kafbáta að rjúfa siglingar um Atlantshaf milli Norður-Ameríku og Evrópu. Því er brýnt að hafa eftirlit með kafbátum Sovétmanna, og ekki síst eldflaugakafbátum þeirra, sem ógnað geta þjóðum Atlantshafsbandalagsins beggja vegna hafsins.

Hlutverk landhelgisgæslunnar.

Ég lét þá skoðun í ljós í síðustu skýrslu minni, að kanna þyrfti gaumgæfilega hlutverk landhelgisgæslunnar í eftirlitsstarfi umhverfis Ísland, og hvort ekki væri rétt að koma á verkefnaskiptingu, er gæti stuðlað að mun nákvæmari upplýsingaöflun um skipaferðir nálægt landinu en nú er fyrir hendi. Ég tel brýnt, að lagt verði út í slíka athugun á hlutverki gæslunnar. Hún hefur á að skipa þrem varðskipum, sem í dag eru e. t. v. ekki fullnýtt vegna fjárskorts.

Samkvæmt lögum hefur landhelgisgæslan m. a. það verkefni, að fjarlægja eða gera skaðlaus tundurdufl. Það er mat hermálasérfræðinga Atlantshafsbandalagsins, að það ástand gæti skapast á átakatímum og jafnvel fyrir átök, að tundurduflatálmunum yrði komið fyrir undan ströndum landsins og jafnvel inni á flóum og fjörðum. Enda þótt liðsauki frá Atlantshafsbandalaginu yrði sendur til Íslands til að fjarlægja slíkar tálmanir er ljóst, að hér gæti verið um mjög yfirgripsmikið verkefni að ræða. Því er brýnt, að landhelgisgæslan hafi yfir að búa þeirri þekkingu og hafi á hendi þá stjórnun, að hægt sé að nýta bæði skip gæslunnar og fiskiskip eftir atvikum og þörfum. Landhelgisgæslan hefur um nokkurt skeið unnið að því að kanna þessi mál nánar í samvinnu við varnarmáladeild. Sóttir hafa verið fundir og námsskeið Atlantshafsbandalagsins í þessu skyni, og fyrirhugað er að halda þessari athugun áfram. M. a. hafa Norðmenn boðist til þess að halda sérstakt námskeið á þessu sviði fyrir landhelgisgæsluna.

Helguvík.

Lokið verður á þessu ári við fyrsta áfanga olíubirgðastöðvarinnar í Helguvík, samtals 30.000 m^3 birgðarými og leiðslu til Keflavíkurflugvallar. Í sumar verður hafist handa við 2. áfanga, sem er gerð hafnarmannvirkja og á þeim áfanga að vera lokið 1988. Sömuleiðis verður hafist handa við 3. áfanga A, birgðarými, er nemur samtals 19.000 m^3.

Eldra birgðarýmið á Keflavíkur-Njarðvíkursvæðinu, sem tekið verður úr notkun í áföngum, nemur alls 65.000 m^3, en til viðbótar hefur varnarliðið birgðarými í Hvalfirði, sem nemur 47.000 m^3. Því er heildarbirgðarými varnarliðsins í dag 112.000 m^3, en áætlað er, að birgðarými olíubirgðastöðvarinnar í Helguvík að meðtöldum þjónustugeymum á Keflavíkurflugvelli verði samtals 186.000 m^3eða 66% aukning. Þegar framkvæmdum í Helguvík er að fullu lokið verður ekki þörf fyrir birgðarými varnarliðsins í Hvalfirði, en þar er einnig birgðarými fyrir skip Atlantshafsbandalagsins, er nemur 96.000 m^3. Samanlagt mun því birgðarými í Hvalfirði og Helguvík nema 282.000 m^3 í lok Helguvíkurframkvæmda, en er í dag 208.000 m^3. Heildaraukning er því 74.000 m^3, eða liðlega 35%.

Fullyrt hefur verið, að með aukningu birgðarýmis í Helguvík væri ætlunin að breyta eðli varnarstöðvarinnar og skapa m. a. aðstöðu fyrir langdrægar sprengjuflugvélar bandarískra flughersins (SAC). Þetta er rangt, enda mundu íslensk stjórnvöld ekki samþykkja slíka breytingu á eðli varnarstöðvarinnar. Í umræðum um framkvæmdir í Helguvík sem fram fóru í bandaríska þinginu í mars 1984 kom skýrt fram, að engin áætlun væri fyrir hendi um, að langdrægar sprengjuflugvélar bandarískra flughersins hefðu afnot af Keflavíkurflugvelli eða fengju eldsneyti frá olíubirgðastöðinni í Helguvík beint eða óbeint.

Með framkvæmdum í Helguvík er verið að sameina á eitt svæði eldsneytisbirgðarými varnarliðsins; leggja niður selflutninga eldsneytis frá Hvalfirði til Keflavíkur; taka úr notkun gamla geyma, sem eru að mestu leyti óvarðir, geta valdið mengun og eru fyrir skipulagi, og að lokum og ekki síst að auka birgðarými varnarliðsins í samræmi við áætlanir um hve langan tíma þyrfti til að endurnýja þær birgðir, sem fyrir hendi eru ef til átaka drægi.

Stjórnstöð.

Áform eru fyrir hendi um byggingu styrktrar stjórnstöðvar í stað núverandi, sem er í járngrindarhúsi með mjög ófullkominni aðstöðu að öllu leyti. Staðhæft hefur verið að stjórnstöðinni yrði komið fyrir neðanjarðar, hún væri gerð til að þola kjarnavopn. Hið rétta er, að hér er um að ræða tveggja hæða byggingu, gluggalausa, sem er hönnuð til að hýsa ýmsa stjórnunarþætti, er verið hafa til staðar á Keflavíkurflugvelli frá því að varnarliðið kom fyrst til landsins. Endurnýjun stöðvarinnar hefur því ekki í för með sér neina eðlisbreytingu á þeirri stjórnunarstarfsemi, sem Bandaríkin reka til varnar Íslandi og svæðunum umhverfis landið. Byggingin á að vera útbúin sérstökum hreinsiútbúnaði vegna hugsanlegrar mengunar frá efnavopnum og á þannig að geta hýst starfsmenn þess í allt að eina viku. Slíkt er í samræmi við NATO-staðla, enda byggingin að miklu leyti greidd af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins úr þeim verkefnaflokki sjóðsins, sem greiðir kostnað við flugvelli og flugvallarmannvirki. Viss hætta er talin vera til staðar, að slík vopn kynnu að verða notuð, ef árásir yrðu gerðar á bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins. Því er ekki um neina sérstöðu að ræða hvað Ísland varðar í þessum efnum. Væntanlega yrði hafist handa um byggingu stöðvarinnar á næsta ári.

Verktakastarfsemi fyrir varnarliðið.

Ég lagði fyrir Alþingi á sl. vori skýrslu um verktakastarfsemi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka, sem annast nýbyggingar og viðhaldsverkefni fyrir varnarliðið. Í skýrslunni var rakinn aðdragandi að stofnun þessara fyrirtækja, upplýsingar gefnar um fjárhagslega afkomu, verkefnamagn og birtur listi yfir eigendur. Jafnframt var í skýrslunni lýst því viðhorfi mínu, að hvorki væri heppilegt né hagkvæmt að fjölga beinum viðsemjendum varnarliðsins frá því sem nú er. Hins vegar væri ástæða til þess að opna fyrir þá möguleika, að nýir verktakar hefðu aðstöðu til að taka að sér verkefni í auknum mæli og á sama grundvelli og félögin, er tengjast Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum. Þá væri einnig rétt að kanna ítarlega skilyrði þess, að opna aðildarfélög samningsaðila frekar en nú er. Í því skyni að kanna þetta nánar var sett á laggirnar samstarfsnefnd með aðild beggja verktaka, Verktakasambands Íslands og ráðuneytisins. Í störfum nefndarinnar hefur verið leitast við í fyrsta lagi að skiptast á upplýsingum um verkefni, sem fram undan eru hjá Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum og í öðru lagi, að undirbúa grundvöll fyrir þátttöku undirverktaka í vissum framkvæmdum. Á þessu stigi stendur yfir athugun á því, að opna fyrir undirverktöku við hafnargerðina í Helguvík.

Í skýrslu minni var jafnframt vikið að nauðsynlegri úttekt á tollafgreiðslu til verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli í því skyni að einfalda afgreiðsluhætti. Þessi úttekt hefur staðið yfir í vetur og er framkvæmd af Lögmönnum í Ármúla 3, sem hafa sérfræðilega þekkingu á tollamálum. Henni lýkur á næstunni.

Nýframkvæmdir.

Upphæð nýframkvæmda, sem samþykktar voru af íslenskum stjórnvöldum í nóvember s. l., nam alls 89.9 millj. dollara. Hér er um að ræða áætlaðan heildarkostnað ýmissa verkefna til margra ára og ber þar hæst hafnargerð í Helguvík, sem er þriggja ára verkefni, og greiðist til helminga af Bandaríkjunum og mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Af öðrum verkefnum má nefna fjögur styrkt flugskýli, 19 þúsund rúmmetra birgðarými í Helguvík, viðbótarrafstöð fyrir varnarliðið, leikfimihús við núverandi gagnfræðaskóla varnarliðsins, tvær þjónustubyggingar á nýju athafnasvæði orrustuflugvéla, íbúðarhús fyrir einstaklinga og tækjageymslu.

Verkefnamagn Íslenskra aðalverktaka, sem samanstendur af óloknum framkvæmdum

frá fyrri árum og byrjunarframkvæmdum á framangreindum verkefnum er áætlað að verði á þessu ári 27.7 millj. dollara. Til samanburðar námu heildarframkvæmdir Íslenskra aðalverktaka undanfarin ár: 1981 17.2 millj., 1982 35.2 millj., 1983 41.5 millj. og 1984 34.5 millj. (áætlað). Verkefnamagn Keflavíkurverktaka, sem sjá að mestu leyti um venjubundið viðhald á mannvirkjum varnarliðsins, mun væntanlega verða um 9 millj. dollara. Undanfarin 4 ár hafa Keflavíkurverktakar unnið að viðhaldsframkvæmdum fyrir 8—11.5 millj. dollara á ári.

Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins.

Á síðustu árum hafa ýmsar stærri framkvæmdir varnarliðsins verið greiddar að mestu leyti eða að hluta úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Ég tel nauðsynlegt að gera ítarlega úttekt á hugsanlegri aðild Íslands að sjóðnum, hvaða réttindi og skyldur fylgja slíkri aðild, hver yrði bein kostnaðarhlutdeild og hvaða óbeinna kostnaðarþátta þyrfti að taka tillit til. Með aðild að sjóðnum tekur viðkomandi ríki að sér alla hönnunarþætti þeirra verkefna, sem ráðist er í, og stjórn á öllum þeim framkvæmdum, sem ákveðið er af viðkomandi ríki og Atlantshafsbandalaginu að leggja út í.

Fjöldi varnarliðsmanna og íslenskra starfsmanna.

Fjöldi varnarliðsmanna var um s. l. áramót alls 3.057. Í skylduliði varnarliðsmanna voru samtals 2.045 manns, þar af 1230 börn.

Samtals störfuðu 2.282 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót. Alls voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1.069, þar af 22 í ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka voru 480 og starfsmenn Keflavíkurverktaka voru 144.

Ný flugstöð. Flugumferð.

Jarðvegsframkvæmdum við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sem hófst haustið 1983, lauk í júní 1984. Nú er unnið að öðrum áfanga byggingarinnar, sem gerir ráð fyrir, að uppsteypu hennar verði lokið fyrir 1. júní n. k. og að hún verði orðin fokheld með gleri og frágengnu þaki fyrir 1. október n. k. Sex tilboð bárust í þennan áfanga og var lægsta tilboði, frá Ístaki h. f., tekið. Þessar framkvæmdir ganga allar samkvæmt áætlun. Á árinu var á grundvelli útboðs jafnframt gengið frá kaupum á gler- og burðarvirki frá Bandaríkjunum og verður ísetningu lokið fyrir 1. október n. k. Þá voru í nóvember s.l. opnuð tilboð í gerð vatnsveitu og skolplagna vegna flugstöðvar og athafnasvæðis hennar. Ellefu tilboð bárust í verkið og var lægsta tilboðinu, frá Hagvirki h. f., tekið. Áætlað er, að þessari framkvæmd ljúki fyrir 1. september n. k. Að ofangreindum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli starfa nú að jafnaði 80 til 90 manns.

Á árinu 1984 fór um hálf milljón farþega um Keflavíkurflugvöll. Brottfararfarþegar voru samtals 165.276 eða um 13% fleiri en árið áður. Til landsins komu 168.470 manns, eða um 16% fleiri en í fyrra. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 170.435 á móti 165.698 árið áður eða aðeins 3% aukning milli ára, sem stafar m.a. af því, að meðan verkfall opinberra starfsmanna stóð yfir í október 1984 höfðu flugvélar Flugleiða í Atlantshafsflugi með alls 14.350 farþega ekki viðkomu á Keflavíkurflugvelli. Þegar á heildina er litið voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll mun meiri á árinu 1984 heldur en umferðarspá gerði ráð fyrir. Í viðmiðunarspá, sem höfð er til hliðsjónar vegna byggingar nýrrar flugstöðvar, er gert ráð fyrir 6% meðaltalshækkun milli ára.

Heildartekjur flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru á árinu 1984 58.3 millj. króna, þar af voru lendingargjöld 49.7 millj. króna. Hagnaður á árinu nam tæplega 31 millj. króna, en var tæplega 16 millj. króna árið 1983.

Fríhöfnin.

Heildarvelta Fríhafnarinnar var á árinu 1984 alls 248,4 millj. króna, og nam hagnaðurinn af rekstri hennar 93 millj. króna. Skil í ríkissjóð voru 100 millj. króna.

Ég er á þeirri skoðun, að fríhöfnin sé eitt þeirra fyrirtækja sem eðlilegt væri, að rekið yrði af einkafyrirtæki, enda eru fríhafnir á Norðurlöndum og víðast hvar annars staðar í Evrópu í einkarekstri, en ríkissjóðir viðkomandi landa hafa af þeim verulegar tekjur í formi leigugjalda og aðstöðugjalda. Verði ákveðið, að fenginni lagaheimild, að bjóða út rekstur fríhafnarinnar, yrði fyrirhugaður útboðsgrundvöllur þannig, að væntanlegur leigutaki greiði leigugjald, sem myndi ákvarðast annars vegar sem lágmarksgreiðsla á ári, og hins vegar sem árlegt hlutfall af veltu fyrirtækisins, og yrði greidd sú upphæð sem hærri reyndist. Með slíku fyrirkomulagi yrði hlutur ríkissjóðs tryggður.

Ýmis rekstur.

Reksturskostnaður lögregluembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 50.7 millj. króna árið 1984. Heildarinnheimta embættisins var 158 millj. króna og innheimtust liðlega 99% af því sem til innheimtu kom. Hjá embættinu starfa 74 fastráðnir starfsmenn, þar af 7 við yfirstjórn, 29 í tollgæslu og 38 í lögreglu. Á árinu var gerð gangskör að því að endurskipuleggja þjálfun lögreglunnar, bæði með upprifjunarnámskeiði á vegum Lögregluskóla ríkisins og reglubundinni þrekþjálfun liðsins.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1984 41.8 millj. króna án söluskatts. Rekstrarhagnaður var 13 millj. króna. Skil í ríkissjóð námu samtals 7.6 millj. króna. Alls var álagður söluskattur 9.1 millj. króna og var því samtals skilað í ríkissjóð 16.7 millj. króna.

V. Hafréttarmál.

Hafréttarmálin eru nú sem fyrr málaflokkur þar sem brýna nauðsyn ber til að staðið sé á verði um hagsmuni Íslands.

Af þeim vettvangi vil ég nú taka eftirfarandi fram:

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.

Þingsályktunartillaga um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna mun innan skamms verða lögð fyrir Alþingi og er það von ríkisstjórnarinnar að unnt verði að fullgilda samninginn sem allra fyrst.

Fylgst hefur verið með starfi nefndar sem vinnur samkvæmt ályktun hafréttarráðstefnunnar að undirbúningi starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómsins.

Hafsbotnsmálefni.

Í marsmánuði 1983 samþykkti Alþingi þingsályktanir annars vegar um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri og hins vegar á Reykjaneshrygg. Í þeirri fyrri var ályktað að fela ríkisstjórninni „að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð Hatton-Rockall-hafsbotnssvæðisins í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans“, og hinni síðari „að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjaneshrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.“ Eru ályktanir þessar í samræmi við fyrri afstöðu þingsins til þessa efnis. Hefur að undanförnu verið staðfastlega unnið að framkvæmd þessarar stefnu, enda er hér einnig um að ræða eitt af stefnumiðum ríkisstjórnarinnar við myndun hennar.

Hinn 5. júlí sl. var Dönum/Færeyingum, Bretum og Írum afhent til kynningar

greinargerð varðandi afmörkun íslenska landgrunnsins suður af landinu. Jafnframt var því lýst yfir að íslensk stjórnvöld teldu eðlilegt að fulltrúar þessara ríkja ræddust við um sameiginlega hagsmuni og ágreining er varðar réttindi á Hatton-Rockallsvæðinu og gerð yrði tilraun til að ná samkomulagi um sameiginlega nýtingu svæðisins og skiptingu afraksturs auðlinda hafsbotnsins. Fyrstu viðbrögð Íra og Breta í ágúst og nóv./des. sl. hafa verið að andmæla þeim grundvelli sem réttindakröfur Íslands eru byggðar á og hafa þeir með því einnig hafnað formlegum viðræðum á grundvelli krafnanna. Er raunar ágreiningur milli Breta og Íra innbyrðis um réttindi á þessu svæði sem þeir hafa haft í hyggju að láta gerðardóm skera úr en undirbúningur undir störf gerðardómsins dregist á langinn. Af hálfu Dana/Færeyinga hafa komið fram sérstök sjónarmið varðandi afmörkum landgrunns Færeyja. Mun áfram verða unnið að málinu m. a. er með hliðsjón af ályktunum Alþingis ákveðinn á næstunni viðræðufundur með Dönum/Færeyingum. Náin samráð hafa verið og verða höfð um mál þetta við utanríkismálanefnd en þar ríkir samstaða um málið og formaður hennar, Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur verið öflugur talsmaður hagsmuna Íslands á opinberum vettvangi hér og erlendis.

Hvalveiðimál.

Á ársfundi alþjóðahvalveiðiráðsins í Buenos Aires 1984 voru eftirfarandi aflamörk ákveðin fyrir hvalveiðivertíð 1985: 161 langreyð, 38 sandreyðar (eftirstöðvar af sex ára aflamarki 504 hvalir), 242 hrefnur (sameiginlegar veiðar á hafssvæðinu við A-Grænland, Ísland og Jan Mayen).

Komandi hvalveiðivertíð er síðasta reglulega vertíðin hér við land fyrir hvalveiðibann samkvæmt ákvörðun hvalveiðiráðsins. Endurskoðun á áhrifum stöðvunarinnar skal fara fram eigi síðar en árið 1990 og munu íslensk stjórnvöld stuðla að upplýsingaöflun í því sambandi.

Hvalveiðimálin hafa verið til ítarlegrar meðferðar í sjávarútvegsráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun og rædd í utanríkismálanefnd. Mun verða gerð sérstök grein fyrir hvalveiðimálum þegar tímabært þykir.

Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO).

Fyrsti ársfundur laxverndunarstofnunarinnar var haldinn í Edinborg 22.—25. maí 1984. Aðilar að stofnuninni eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk f.h. Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Finnland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Spánn hefur einnig sótt um aðild. Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur er forseti stofnunarinnar.

Á ársfundinum lagði íslenska sendinefndin fram í Norðaustur-Atlantshafsnefnd stofnunarinnar ályktun Alþingis frá 14. mars 1983 sem hljóðar svo:

> Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinum í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans, og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi.

Með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma í ályktuninni gerði íslenska sendinefndin tillögu í nefndinni um laxveiðibann utan 12 sjómílna og bann við notkun rekneta. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Þess í stað var samþykkt stjórnunaraðgerð um veiðar Færeyinga sem gerir ráð fyrir að afli þeirra fari ekki yfir 625 lestir.

Ekki hafði tekist að ná samkomulagi meðal upprunaríkja laxastofnsins sem Færeyingar veiða um sameiginlega stefnu gagnvart þeim veiðum. Þessi staða kann að breytast eftir að stofnunin hefur komist yfir byrjunarörðugleika. Ennfremur hefur afstaða Efnahagsbandalags Evrópu til þessara mála breyst eftir útgöngu Grænlands úr bandalaginu.

Á maí-fundi Vestur-Grænlandsnefndar stofnunarinnar tókst ekki að ná samkomulagi um að draga úr veiðum Grænlendinga, þrátt fyrir það að óyggjandi vísindalegar upplýsingar gæfu til kynna að um brýna þörf væri að ræða. En á framhaldsfundi nefndarinnar í júlí 1984 varð samkomulag um verulega lækkun leyfilegs hámarksafla við Vestur-Grænland, í 870 lestir.

Upprunaríkin hefðu kosið að aflamarkið væri sett lægra enda sýndu veiðarnar, sem urðu langt undir leyfðu marki, báglegt ástand stofnsins. Það var þó mat þátttakenda að þessi niðurstaða og hin yfirvegaða málsmeðferð á fundinum væri upphaf að árangursríkara starfi stofnunarinnar.

Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975 með breytingum frá 1981. Heimildin var frá upphafi, við lausn ágreinings vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í september 1972, bundin við tiltekin skip og þeim hefur farið fækkandi og eru nú aðeins 6 talsins. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera hærra en 25%. Afli belgískra skipa á árinu 1984 var 1368 lestir, þar af þorskur 188 lestir.

Samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979, 1981 og 1984 hafa Færeyingar leyfi til að veiða hér við land allt að 17000 lestir af botnfiski, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu 1984 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 8500 lestir, þar af allt að 2000 lestir þorsks, og var sú heimild nýtt að fullu. Nú á árinu 1985 hefur verið veitt heimild fyrir helmingi þess magns en gert er ráð fyrir að áður en lýkur verði leyft heildarmagn það sama og á sl. ári. Samkomulag var einnig gert í mars 1984 um gagnkvæm réttindi til veiða á 30 000 lestum kolmunna á árinu 1984 en íslenskum skipum var leyft að veiða allt að 5000 lestir makríls í stað sama magns af kolmunna. Engar veiðar fóru fram samkvæmt þessu samkomulagi.

Loks hafa Norðmenn samkvæmt samkomulagi frá 1976 heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Afli á árinu 1984 var ákveðinn 1000 lestir, þó þannig að þorskafli mætti ekki fara fram úr 15% í hverri veiðiferð. Fallið var frá uppsögn samkomulagsins af Íslands hálfu en þess í stað var í júní sl. gerður samningur við Noreg um veiðar Íslendinga í norskri lögsögu. Norðmenn veiddu á árinu 1984 704 lestir við Ísland, þar af 91 lest þorsks.

Skipting loðnuveiða.

Um alllangt skeið hefur verið reynt að ná þríhliða samkomulagi um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum milli Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga, þ. e. til síðustu áramóta Efnahagsbandalags Evrópu. Í maí 1983 var lögð fram skýrsla vísindamanna aðilanna þriggja þar sem talið var að álíta bæri 73—86% loðnustofnsins tilheyra íslensku lögsögunni en 14—27% Jan Mayen og Grænlandssvæðunum. Ekki var tekin afstaða til skiptingar þess hluta sem talinn var utan okkar lögsögu milli hinna svæðanna tveggja. Kröfugerðir viðsemjenda okkar hafa verið verulega meiri en við höfum talið eðlilegt og sanngjarnt með tilliti til hins vísindalega álits varðandi dreifinguna og annarra málavaxta, m. a. hvað íslensk efnahagsafkoma er háð loðnuveiðunum. Alvarlegur ágreiningur reis um veiðar þessar á sl. sumri og er nú af Íslands hálfu lögð mikil áhersla á að lausn, a. m. k. til bráðabirgða, fáist fyrir upphaf sumarvertíðar í ár. Það hefur torveldað úrlausn málsins að ágreiningur Norðmanna og Dana/Grænlendinga um lögsögumörkin milli Jan Mayen og Grænlands er áfram óútkljáður.

Fiskveiðar Íslendinga í lögsögu annarra ríkja.

Í framhaldi af athugun á fiskveiðimöguleikum Íslendinga í bandarískri lögsögu var í september sl. undirritaður samningur við Bandaríkin um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna. Samningurinn öðlaðist gildi í nóvember sl. og eru nú til athugunar umsóknir um heimildir til fiskveiða eða fiskvinnslu á grundvelli hans.

Áfram er unnið að könnun á fiskveiðimöguleikum annars staðar, sbr. ályktun Alþingis 16. apríl 1983.

VI. Þróunarsamvinna.

Framlög af ríkisfé til þróunaraðstoðar voru á árinu 1984 rúmar 72 milljónir króna eða 0,107% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Hefur ársfjárhæðin aldrei verið hærri og hlutfallið af þjóðarframleiðslu aðeins einu sinni, þ. e. árið á undan. Á fjárlögum yfirstandandi árs er fjárhæðin um 68,9 millj. kr., þ. e. nálægt 3,2 millj. kr. lægri en í fyrra, eða 0.08% af áætl. þjóðarframleiðslu. Þetta er næsthæsta fjárhæðin og þriðja hæsta hlutfall þjóðarframleiðslu sem varið hefur verið í þessu skyni af Íslands hálfu. Ef bætt er við 8,3 millj. kr. sem varið var úr ríkissjóði fyrr á þessu ári til að greiða niður mjólkurduft sem Hjálparstofnun kirkjunnar keypti til neyðarhjálpar í Eþíópíu hækka opinberu framlögin á árinu í tæpl. 77,2 milljónir kr. og hlutfallið í 0.087% (sjá nánar töflu í fylgiskjali), en raunar er hæpið að telja með í þessu sambandi slíkar útflutningsbætur er hafa það hlutverk að gera verð íslenskra landbúnaðarvara samkeppnisfært við erlent markaðsverð.

Framlög frjálsra félagasamtaka sem upplýsingar liggja fyrir um voru árið 1984 óvenju há, þ. e. meira en þrefalt hærri en árið á undan, vegna þess átaks sem gert var í söfnun til neyðar- og þróunarhjálpar í Eþíópíu. Námu framlög Hjálparstofnunar kirkjunnar, Rauða kross Íslands, Kristniboðssambandsins og Aðventista rúmlega 33,8 milljónum króna eða 0,038% af þjóðarframleiðslu.

Þótt þannig hafi í samanburði við liðin ár verið vel að staðið í fyrra og allvel nú verður ekki framhjá því horft að mikil aukning þarf að verða á þróunarframlögum Íslands næstu árin svo að fullur sómi sé að. Í heild eru framlög hins opinbera á þessu ári nær nífalt lægri en það mark sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ. e. 0,7% þjóðarframleiðslu sem skv. núverandi áætlun væru um 617 milljónir króna. Eins og margsinnis hefur verið minnst á eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð fyrir mörgum árum komin fram úr þessu marki og Finnland, sem á árinu 1983 lagði fram 0,33% þjóðarframleiðslu sinnar, mun að öllu óbreyttu ná því síðar á þessum áratug. Sautján af aðildarríkjum Efnahags- og þróunarstofnunarinnar (OECD), þau sem taka þátt í störfum þróunaraðstoðarnefndar stofnunarinnar (DAC), leggja fram til þróunarríkja frá 0,24% upp í 1.06% þjóðarframleiðslu sinnar, að meðaltali 0,36%. Ísland leggur þannig aðeins fram sem svarar þriðjungi af framlagi þess lægsta.

Með hliðsjón af þessu hef ég fyrir mitt leyti fallist á þá tillögu stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) að stefnt verði að því að ná áðurnefndu 0,7% marki á sjö árum. Einkum ber að auka skerf okkar til framþróunar fiskveiða og jarðhitanýtingar í fátæktarlöndum heimsins sem mörg búa yfir vannýttum auðlindum á þessum sviðum. Margir Íslendingar hafa öðlast mikilsverða sérfræðiþekkingu og reynslu í þessum efnum — meiri en flestir ef ekki allir aðrir. Þeir geta því komið meiru góðu til leiðar á skemmri tíma en aðrir ef fjármagn er fyrir hendi. Raunar er í hópi Íslendinga meiri sérfræðikunnáttu að finna en nýtt verður fyrir þróunarframlög okkar einna enda t. d. jarðhitaframkvæmdir mjög dýrar. Því hefur verið leitast við að koma íslenskum fyrirtækjum og sérfræðingum á framfæri við alþjóðastofnanir, þ. á m. tæknisamvinnu- og þróunardeild Sameinuðu þjóðanna

(UNDTCD) í New York, Matvæla og landbúnaðarstofnun S.þj. (FAO) í Róm og Alþjóðabankann (IBRD) í Washington — og hafa fulltrúar þessara stofnana m. a. komið hingað til viðræðna fyrir atbeina utanríkisráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins. Er það í samræmi við vaxandi áhuga hjá áðurnefndum íslenskum aðilum á að taka að sér verkefni erlendis. Æskilegt er að aukin þróunarframlög Íslands renni fyrst og fremst til verkefna sem Íslendingar geta sjálfir framkvæmt. Það skapar möguleika til þess að hafa bein áhrif á og fylgjast með hvernig fjármagninu er varið og tryggja að það komi að tilætluðum notum. Það leiðir einnig til nánari gagnkvæmra kynna Íslendinga og þjóða þriðja heimsins. Enginn vafi leikur heldur á að það getur verið Íslendingum til góðs að auka samskipti sín við þróunarríkin á sama hátt og við líka vonum að það geti orðið þeim til styrktar.

Á þessu ári eru framlög Íslands til þróunaraðstoðar á vegum alþjóðastofnana hærra hlutfall heildarframlaga okkar en ella sökum þess að ákveðið var að taka þátt í nýrri fjármögnun Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA-7) með því að leggja fram 75,7 milljónir króna samtals árin 1985—1987. Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands eru hins vegar lægri um sinn nú í kjölfar þeirrar verulegu aukningar sem varð á framlögum til stofnunarinnar meðan smíði R/s Fengs stóð yfir. Þetta þarf þó að — og mun væntanlega á allra næstu árum — breytast í samræmi við það sem fyrr er sagt.

Í starfi ÞSSÍ, sem vinnur að þróunarsamvinnu í tengslum við utanríkisráðuneytið, hefur áfram borið hæst samstarfið við **Cabo Verde** að þróun fiskveiða þar er hófst árið 1980. R/s Fengur, fyrsta sérhannaða fiski- og rannsóknarskip fyrir þróunarstarf sem smíðað er hérlendis, kom suður þangað 6. maí 1984 og hefur reynst einkar vel. Fiskileit og tilraunaveiðar í maí/júní sl. undir stjórn dr. Jakobs Magnússonar fiskifræðings benda til þess, skv. bráðabirgðaskýrslu um vísindaniðurstöður, að á veiðisvæði við eyjarnar Maio-Boa Vista-Sal, þar sem togveiðitilraunir voru gerðar á 83 stöðum, megi fá a. m. k. 4000 lesta bolfiskafla á ári án röskunar á núverandi smábátaveiðum. Þetta myndi þýða um 40% aukningu á heildarafla landsmanna sem nú er aðeins um 10 þús. smálestir á ári, nálægt 2/3 túnfiskur. Gæti það skapað árstíðabundin verkefni fyrir 4 fiskiskip í væntanlegum túnfiskflota sem ella lægju bundin við bryggju utan vertíðar eða u. þ. b. hálft árið. Cabo Verde menn hafa nú öðlast frumkynni og eru jákvæðari en áður gagnvart togveiðum, sem þeir hafa verið hikandi við að tileinka sér af ótta við að þær spilltu atvinnumöguleikum smábátafiskimanna. Íslensku rannsóknirnar hafa leitt í ljós að togveiðarnar mundu byggjast á öðrum fisktegundum en nú eru veiddar. Unnið er að gerð korta yfir nýju veiðisvæðin, þar sem getið er fiskstofna og hvernig sjávarbotninn er á hverjum stað. Fiskimenn hafa fengið nokkra þjálfun. Fiskirannsóknarstofa í Mindelo hefur verið efld. Að beiðni Cabo Verde-manna hefur R/s Fengur einnig verið notaður til að reyna að styrkja undirstöður hinna mikilvægu túnfiskveiða landsmanna, s. s. beituöflun, en árangur er takmarkaður enn. Mikill áhugi er hjá stjórnvöldum á að nýta skipið til að leita nýrrar túnfisktegundar, sem bundnar eru vonir við. Þessu hefur verið sinnt m. a. þar sem R/s Fengur hefur reynst mjög vel fallinn til túnfiskveiða og er betur búinn leitartækjum en önnur tiltæk skip. Þetta starf felst að sjálfsögðu í stuðningi við reynda heimamenn, þar sem Íslendingar eru að mestu ókunnugir túnfiskveiðum. Nokkur árangur hefur náðst í eflingu humarveiða og í ljós komið möguleikar á rækjuveiði sem verða kannaðir betur. Brýnt er nú að huga nánar að markaðsmálum, þar sem ætlunin er að selja aukinn afla í S-Evrópu eða annarsstaðar. Stefnt er að áframhaldi allra þátta sem hér voru nefndir í framkvæmdaáætlun verkefnisins fyrir þetta ár. Verkefnisstjóri er nú Jóhannes Guðmundsson, en auk hans dveljast nú syðra 3 íslenskir starfsmenn.

Þeir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, Björn Friðfinnsson stjórnarmaður og dr. Jakob Magnússon, ráðunautur varðandi fiskveiðiverkefni, fóru til Cabo Verde í október sl. til að gera úttekt á framkvæmd fiskveiðiverkefnisins og ræða við stjórnvöld áætlun þessa árs.

Núgildandi samningur Íslands og Cabo Verde um fiskveiðiverkefnið var undirritaður í nóvember 1981 en rennur út um næstu áramót. Má búast við að leitað verði eftir framlengingu hans.

Mannfræðingarnir dr. Gísli Pálsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir alþm. dvöldu á Cabo Verde við rannsóknir frá júní til ágúst sl. með stuðningi m. a. Norrænu Afríkustofnunarinnar. Liggur fyrir fróðleg skýrsla þeirra um rannsóknirnar, en ráðgert er framhald þeirra síðar.

Þrír hagfræðingar frá Cabo Verde, þ. á m. þýskur þróunarráðgjafi, dvöldust hér á landi í 10 daga í lok ágúst sl. til þess að kynna sér skipulag hagstjórnarmála m. a. að því er lýtur að sjávarútvegi. Töldu þeir mjög gagnlegt að kynnast þjóðfélagsþróuninni og stórstígri uppbyggingu hér á þessari öld.

Kynningarstarf um þróunarverkefni var eflt á sl. ári með því að hefja útgáfu á „Fréttabréfi um Þróunarmál", auk útgáfu sérstakra upplýsinga um íslensk verkefni, miðlun kynningarefnis til m. a. kennara og skólanema, o. fl. Efla þarf þessa starfsemi enn frekar.

Tveir íslenskir líffræðikennarar, Gottskálk Friðgeirsson og Daníel Hansen, fóru til kennslustarfa í **Ghana** sl. haust og dveljast þar enn á vegum samtakanna Alþjóðleg fræðsla og samskipti (AFS) með stuðningi menntamálaráðuneytisins og ÞSSÍ. Er von til að framhald geti orðið á þessu starfi, enda er það stefnuatriði á sviði þróunaraðstoðar hins opinbera að örva og styðja eftir getu frjáls félagasamtök til aðgerða. Meira máli skiptir þó að aðeins fimmta hvert barn á skólaaldri í Afríku nýtur nú skólagöngu og því mikil þörf á að sem flestir taki þátt í því umbótastarfi sem vinna þarf.

Læknafélag Íslands hefur látið í ljós áhuga á að „framlag Íslands til þróunarhjálpar gæti að einhverju leyti orðið í formi læknisfræðilegrar þjónustu eða ráðgjafar." Landlæknir, Ólafur Ólafsson, hefur áður vakið máls á þessu og íslenskir læknar notið fyrirgreiðslu til að kynna sér meðferð hitabeltissjúkdóma. Í sambandi við aukningu fjárframlaga til þróunarsamvinnu þarf að kanna nánar möguleika á þátttöku lækna í nýjum verkefnum en t. d. í Afríku er nú læknir fyrir hverja 21 000 íbúa (hér á landi einn fyrir hverja 500).

Dagana 17.—21. mars 1985 sóttu þeir Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ólafur Þ. Þórðarson alþm. alþjóðlega ráðstefnu í Svolvær, Noregi, þar sem fjallað var um reynsluna af fiskveiðiverkefnum í þróunarlöndum sem Norðmenn hafa stutt.

Norræna samstarfið um þróunarverkefni í Austur-Afríku hefur haldið áfram með svipuðum hætti og fyrr, en nú er ákveðið að Finnar taki einir við landbúnaðarverkefninu í Tansaníu. Efling samvinnureksturs í Tansaníu heldur áfram sem norrænt verkefni skv. samningi sem gildir til 1988. Samskonar verkefni í Kenya mun halda áfram til miðs næsta árs en til athugunar er með framhald. Tveir Íslendingar starfa við hvort þessara síðastnefndu verkefna og Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ hefur átt aðild að stjórnun verkefnanna. Mósambík-verkefnið á sviði landbúnaðar hefur dregist verulega saman m.a. vegna öryggisleysis í landinu. Er nú til athugunar hvort rétt sé að halda áfram þátttöku í Kenya- og Mósambík-verkefnunum.

Á hinn bóginn eru fyrir frumkvæði finnska forsætisráðherrans Kalevi Sorsa uppi norrænar ráðagerðir um þróunarverkefni á svæði sem nær yfir 9 lönd í sunnanverðri Afríku (SADCC-lönd). Var m. a. fjallað um stuðning við þessi ríki á ráðstefnu utanríkisráðherra Norðurlanda og landa þessara í júní sl. í Stokkhólmi. Einnig hefur átt sér stað töluverður undirbúningur að norrænni þróunarsamvinnu við Namibíu jafnskjótt og landið öðlast sjálfstæði.

Tvær aðalnefndir norrænar starfa að þróunarsamvinnumálum, þ. e. embættismannanefndin (EKB) sem Helgi Gíslason, sendifulltrúi, situr í fyrir Íslands hönd, og ráðgjafarnefndin (RKB) sem prof. Ólafur Björnsson hefur verið fulltrúi í.

Frá því að **Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna** tók til starfa fyrir 6 árum hafa 36

styrkþegar frá þróunarlöndunum verið á Íslandi við 6—8 mánaða þjálfun, en 19 komið í skemmri námsferðir (frá 2 vikum til 3 mánaða). Nemendurnir hafa komið frá 13 þróunarlöndum, en auk þess hafa komið fjórir einstaklingar frá V-Evrópulöndunum á eigin kostnað.

Árið 1984 voru 8 styrkþegar í sex mánaða námi. Þeir komu frá Burundi (1), Costa Rica (1), Eþíópíu (2), Kína (3) og Thailandi (1). Auk þeirra voru þrír nemendur í 2—3 mánuði frá Indlandi (á vegum UNDP), Svíþjóð og V-Þýskalandi. Yfirmenn jarðhitamála í orkumálaráðuneytum Kenya og Nicaragua komu í stutta kynnisferð. Efnafræðingur kom frá Costa Rica í þrjár vikur að kynna sér meðferð á kalkútfellingum í borholum á háhitasvæðum.

Árið 1985 er gert ráð fyrir 8 styrkþegum í 6 mánaða námi. Þeir munu koma frá Eþíópíu (3), Kenya (3), Thailandi (1) og Tyrklandi (1). Jarðhitaskólinn verður settur 15. apríl. Auk þessara nemenda er gert ráð fyrir nokkrum framámönnum jarðhitamála í Júgóslavíu og Tyrklandi í kynnisferð, en sú ferð er ekki endanlega ákveðin.

Samningur milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar hefur verið endurnýjaður til þriggja ára frá 1. mars 1985. Kostnaðarhlutdeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó verður allt að 25% heildarkostnaðar, en annan rekstrarkostnað greiðum við. Forstöðumaður jarðhitaskólans hefur frá upphafi verið dr. Ingvar Birgir Friðleifsson og hefur hann unnið þar ágætt starf ásamt fleiri íslenskum sérfræðingum.

Aftast í skýrslu þessari er skv. venju að finna yfirlit yfir opinber framlög til þróunarsamvinnu.

VII. Utanríkisviðskiptin 1984.

Viðskiptaráðuneytið hefur látið í té eftirfarandi yfirlit:

Á sviði utanríkisviðskipta er aðalhlutverk stjórnvalda, sem í reynd eru viðskiptaráðuneytið í samstarfi við sendiráðin, eftirfarandi:

1. að tryggja sem best hagsmuni útflutningsatvinnuveganna með alþjóðasamstarfi í EFTA, GATT og OECD og við EBE og milli Norðurlandanna;
2. að efla viðskipti með tvíhliða samningum við lönd sem standa utan þessara alþjóðasamtaka;
3. að efla útflutningsstarfsemina;
4. að greiða fyrir sérstökum viðskiptum og leysa viðskiptavandamál sem upp kunna að koma.

Utanríkisviðskiptin eru mjög þýðingarmikil fyrir efnahagsafkomu Íslendinga. Útflutningur vöru og þjónustu á árinu 1984 var um 50% af þjóðarframleiðslunni. Það skiptir því miklu máli að alþjóðaviðskipti séu frjáls. Á síðustu áratugum hefur mikið áunnist við að bæta markaðsaðstöðuna fyrir íslenskar framleiðsluvörur og munar þar mest um viðskiptafríðindin í löndum Efnahagsbandalagsins. Enn fremur hefur með GATT-samningnum fengist tollfrelsi fyrir freðfiskblokk í Bandaríkjunum. Þá hafa tvíhliða viðskiptasamningar, einkum við Sovétríkin, haft mikla þýðingu fyrir sölu freðfisks og saltsíldar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir utanríkisviðskiptunum árið 1984 og helstu störfum stjórnvalda á því sviði.

Viðskiptajöfnuður.

Mikill halli var á viðskiptum við útlönd árið 1984. Þrátt fyrir það að að heildarútflutningur væri 8,5% meiri á sambærilegu gengi en á árinu áður nam halli á vöruskiptajöfnuði 332 millj. kr. en 1983 var 544 millj. kr. afgangur. Þó ber þess að geta að birgðir útflutningsvara

um síðustu áramót voru 692 millj. kr. meiri en í ársbyrjun. Hins vegar höfðu útflutningsbirgðirnar lækkað um 1 231 millj. kr. á árinu 1983. Lítil breyting varð á viðskiptakjörunum.

Greiðslur vegna ýmiss konar erlendrar þjónustu voru einnig hærri í fyrra en á árinu þar á undan, einkum vegna vaxtagreiðslna og ferðalaga erlendis. Hallinn á viðskiptajöfnuðinum, bæði vegna vöruviðskipta og þjónustu, var því 4 130 millj. kr. en 1 260 millj. kr. 1983 og samsvaraði því 6% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 2,4% árið áður.

Innflutningur.

Vöruinnflutningur í heild jókst um tæp 13% árið 1984. Almennur innflutningur jókst um 14,6%, þar af olíuinnflutningur um 5%. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara dróst saman um 7%. Þar af minnkaði innflutningur skipa og flugvéla um 4,5% og innflutningur á vegum Landsvirkjunar um 52%. Innflutningur vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sem hófst 1984, nam 19 m. kr. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju jókst um 41,7% en innflutningur vegna álbræðslu dróst saman um 1,4%.

Útflutningur.

Árið 1984 var útflutningur **sjávarafurða** um 67% af heildarútflutningnum sem er svipað hlutfall og árið áður. **Fryst fiskflök** voru eins og áður langmikilvægasta útflutningsvaran og var útflutningsverðmæti þeirra um 28% af heildarútflutningnum. Flutt voru út 107 400 tonn af frystum fiskflökum á móti 113 600 tonnum árið áður. Þessi samdráttur stafar af minni botnfiskafla. Bandaríkin voru sem fyrr stærsti markaður fyrir fryst fiskflök og voru flutt út þangað 64 700 tonn á móti 67 100 tonnum árið 1983. Útflutningur til EBE var 26 300 tonn árið 1984 sem er svipað magn og árið 1983 og til Sovétríkjanna voru flutt út 14 300 tonn á móti 19 600 tonnum árið 1983.

Útflutningur á blautverkuðum **saltfiski** nam um 35 500 tonnum sem er nálægt 8 000 tonnum minna magn en árið 1983. Mest munar um samdrátt í útflutningi til Portúgals sem er þýðingarmesti markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk. Voru aðeins flutt út 18 000 tonn af blautverkuðum saltfiski til Portúgals árið 1984 á móti 24 500 tonnum árið 1983. Útflutningur á blautverkuðum saltfiski til Spánar var um 9 100 tonn og hafði aukist um 1 000 tonn frá árinu áður. Útflutningur til Frakklands og Bretlands var svipaður. Útflutningur á þurrkuðum saltfiski nam um 2 700 tonnum sem er svipað magn og árið 1983. Helstu markaðslönd voru Brasilía, Frakkland, Vestur-Þýskaland og Bretland.

Loðnuveiði var aftur leyfð haustið 1983 og var aflamagn ákveðið 640 000 tonn fyrir haust- og vetrarvertíð. Á síðastliðnu hausti var aflamagn Íslendinga á haust- og vetrarvertíð ákveðið 815 000 tonn. Útflutningur á **loðnumjöli og loðnulýsi** gekk vel en verð á afurðunum fór lækkandi á árinu. Út voru flutt 114 000 tonn af loðnumjöli og 54 000 tonn af loðnulýsi. Útflutningur loðnuafurða var 8,5% af heildarútflutningnum árið 1984 og er þá meðtalinn útflutningur á frystri loðnu og loðnuhrognum.

Eins og áður seldu íslensk fiskiskip afla sinn á **ísfiskmörkuðum** erlendis, einkum í Bretlandi og Þýskalandi. Þá varð mikil aukning á útflutningi á **nýjum fiski** í kæligámum með flutningaskipum og voru þannig flutt út 12 700 tonn af fiski á móti 7 000 tonnum árið 1983. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu hefur ekki dregið úr hefðbundnum siglingum íslenskra fiskiskipa á markaði í Bretlandi og Þýskalandi.

Útflutningur **iðnaðarvara** nam um 29% af heildarútflutningum árið 1984 en það er svipað hlutfall og árið 1983. Útflutningur á áli var um 85 000 tonn og hafði minnkað um 20 000 tonn frá árinu 1983 en það ár var mikið flutt út af eldri álbirgðum. Útflutningur á kísiljárni jókst verulega. Þá varð mikil aukning á útflutningi ullarvara, aðallega vegna stóraukins útflutnings til Sovétríkjanna. Útflutningur á ullarvörum til Vestur-Þýskalands jókst árið 1984 eftir nokkurn samdrátt undanfarin tvö ár. Þá var áframhaldandi aukning á

sölu ullarvara til Bandaríkjanna. Einnig varð veruleg aukning á útflutningi ullarvara til Kanada, Grikklands, Ítalíu og Japans. Sala á lagmeti jókst verulega, eða um 520 tonn í 3 390 tonn, aðallega vegna aukinnar sölu til Sovétríkjanna, Frakklands og Vestur-Þýskalands.

Útflutningur á **landbúnaðarvörum** var um 1,7% af heildarútflutningnum árið 1984 á móti 1,1% árið 1983. Útflutningur á kindakjöti jókst úr 2 600 tonnum í tæp 3 600 tonn, aðallega vegna aukinnar sölu til Noregs. Þá jókst útflutningur á osti úr 585 tonnum í 1 005 tonn vegna aukinnar sölu til Bandaríkjanna og Svíþjóðar.

Viðskipti við einstök markaðssvæði og lönd.

Eftirfarandi tafla sýnir **hlutfallslega skiptingu utanríkisviðskiptanna** eftir svæðum og löndum 1983 og 1984:

	Útflutningur		Innflutningur	
	1983	1984	1983	1984
EFTA-lönd	14,9	12,7	22,8	21,3
EBE-lönd	34,7	38,3	45,1	47,3
Austur-Evrópa	8,0	9,5	11,3	11,0
Bandaríkin	28,3	28,4	7,9	6,8
Önnur lönd	14,1	11,1	12,9	13,6

Bandaríkin voru sem fyrr langstærsta markaðsland fyrir íslenskar útflutningsvörur og fóru 28,4% af heildarútflutningnum þangað árið 1984. Er það svipað hlutfall og árið 1983. Útflutningur á frystum fiskflökum minnkaði lítillega eða úr 67 100 tonnum árið 1983 í 64 700 tonn árið 1984. Til að vinna gegn þessari þróun endurvöktu Ísland, Danmörk, Noregur og Kanada á árinu samtök til að kynna frystar sjávarafurðir úr Norður-Atlantshafi á Bandaríkjamarkaði. Samtök þessi (North Atlantic Seafood Association — NASA) voru stofnuð árið 1974 en starfsemi þeirra hafði legið niðri um skeið. Hins vegar rúmlega tvöfaldaðist sala á frystum rækjum og sömuleiðis tvöfaldaðist sala á kísiljárni til Bandaríkjanna og var rúmlega 8 000 tonn árið 1984. Innflutningur frá Bandaríkjunum var aðeins 6,8% af heildarinnflutningnum. Hefur þetta hlutfall farið lækkandi undanfarin ár og á hækkun dollaragengis eflaust þátt í þeirri þróun.

Stærsta markaðssvæðið fyrir íslenskar útflutningsvörur er **Efnahagsbandalag Evrópu.** Árið 1984 fóru 38,3% af útflutningi landsmanna á þennan markað en 34,7% árið áður. Njótum við þýðingarmikilla tollfríðinda fyrir útflutningsvörur okkar vegna fríverslunarsamningsins við bandalagið, bæði fyrir sjávarafurðir og iðnaðarvörur. Mikilvægustu vörurnar, sem tollfríðinda njóta, eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Útflutningur til **EFTA-ríkjanna** var 12,7% af heildarútflutningsverðmætinu. Þar hefur Portúgal nokkra sérstöðu sem stærsti kaupandinn. Útflutningurinn er nær eingöngu saltfiskur. Portúgalar hafa kvartað yfir því að þeir keyptu mun meir af okkur en við af þeim. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að greiða fyrir auknum innflutningi frá Portúgal og hvatt til aukinna kaupa á portúgölskum vörum. Á síðasta ári var verðmæti innflutnings frá Portúgal um 72% af verðmæti útflutnings okkar þangað en þetta hlutfall var aðeins 6% árið 1977. Munar mest um aukinn innflutning á olíuvörum frá Portúgal.

Á síðasta ári fóru fram viðræður milli Matthíasar Á. Mathiesen viðskiptaráðherra og Alvaro Barreto, viðskiptaráðherra Portúgals, um viðskipti landanna og ýmis sameiginleg hagsmunamál varðandi aðildina að EFTA og samningaviðræður Portúgala við Efnahagsbandalagið. Í þessum viðræðum lagði Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra sérstaka áherslu á að ekki yrðu lagðir **tollar á saltfisk** í Portúgal eftir að þeir væru orðnir aðilar að

Efnahagsbandalaginu. Væri það í þeirra þágu sem stærsta innflutningslands á saltfiski í stækkuðu Efnahagsbandalagi. Einnig var rætt um sérstakan 12% toll sem Portúgalir höfðu ákveðið að leggja á innfluttan saltfisk frá ríkjum sem ekki veittu þeim fiskveiðiréttindi. Aðrir áttu aðeins að greiða 3% toll og hefði þetta haft mikið óhagræði í för með sér fyrir íslenska framleiðendur gagnvart Kanadamönnum og Norðmönnum en þeir veita Portúgölum einhver fiskveiðiréttindi. Niðurstaða viðræðnanna var sú að Portúgalir frestuðu álagningu tollsins a. m. k. um sinn.

Viðskiptin við **Austur-Evrópuríkin** breyttust ekki mikið á árinu 1984. Útflutningurinn jókst þó um tæp 20% miðað við meðalgengi dollars en innflutningurinn stóð í stað. Sem hlutfall af heildarútflutningi Íslands jókst útflutningurinn til þessara ríkja úr 8,0% 1983 í 9,5% 1984. Innflutningurinn minnkaði hins vegar úr 11,3% í 11,0%. Viðskiptin við Pólland, sem á undanförnum árum hafa verið óeðlilega lítil, fimmfölduðust á árinu, bæði útflutningur og innflutningur. Aukning útflutningsins stafaði aðallega af útflutningi að nýju á loðnumjöli sem var 75% útflutningsins til Póllands (14 500 tonn). Hlutdeild útflutningsins til Póllands í heildarútflutningnum jókst úr 0,2% 1983 í 1,0% 1984 en var þó lægri en nokkrum árum áður (2,4% 1980). Þá jókst útflutningurinn til Tékkóslóvakíu mikið á árinu (um 150% í krónum) vegna sölu á frystum fiskflökum og loðnumjöli.

Viðskiptin við Sovétríkin á árinu 1984 voru með svipuðu sniði og árið áður. Athyglisvert er að mjög dró úr halla í viðskiptunum. Miðað við meðalgengi dollars minnkaði viðskiptahallinn úr 30 í 19 milljónir dollara. Á sama mælikvarða jókst útflutningurinn um rösk 5% en innflutningurinn dróst saman um tæp 10%. Hlutur útflutningsins í heildarútflutningi Íslands hækkaði úr 7,4% 1983 í 7,8% 1984 en hlutur innflutningsins í heildarinnflutningi minnkaði úr 10,4% 1983 í 9,1% 1984. Nokkrar sveiflur eru oft í magni og verðmæti eftir því m. a. hvernig afgreiðslur skiptast á árið og um áramót. Aukning útflutningsins byggðist aðallega á talsverðri aukningu á útflutningi saltsíldar, úr 16 200 tonnum 1983 í 19 700 tonn 1984. Samkvæmt hagskýrslum minnkaði útflutningur á freðfiski hins vegar úr 25 600 tonnum 1983 í 20 800 tonn 1984 enda þótt sama magn væri selt bæði árin. Útflutningur á lagmeti jókst úr 760 í 820 tonn og á ullarvörum úr 123 í 265 milljónir kr. (meðalgengi dollars hækkaði um 26,6% milli ára). Í ullarvöruútflutningnum munaði mest um stóraukna treflasölu. Miðað við útflutningsverðmæti var freðfiskur í fyrsta sæti (795 milljónir kr.), saltsíld í öðru sæti (619 millj.), ullarvörur í þriðja sæti (265 millj.) og lagmeti í 4. sæti (101 millj.). Olíuvörur voru sem fyrr í 1. sæti innfluttra vara (2 209 milljónir kr.). Olíuviðskiptin við Sovétríkin voru svipuð og 1983. Árið 1984 voru flutt inn 329 000 tonn, þ. e. 74 000 tonn af bílabensíni, 125 000 tonn af gasolíu og 130 000 tonn af svartolíu. Miðað er við keypta og lestaða farma. Samkvæmt Hagtíðindum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 56,4% af heildarinnflutningi allra olíuvara. Hinn 27. desember 1984 var samið við sovéska ríkisolíufélagið um jafnmikil heildarkaup á olíuvörum fyrir árið 1985 og árið áður, 310 000 tonn, og með sömu skiptingu, þ. e. 70 000 tonn af bílabensíni, 100 000 tonn af gasolíu og 140 000 tonn af svartolíu.

Horfur eru á að viðskiptin við Sovétríkin verði svipuð á árinu 1985 og verið hefur. Í október 1984 var gerður samningur um sölu á 19 000 tonnum af frystum flökum og 6 000 tonnum af heilfrystum fiski, að mestu leyti til afhendingar á árinu 1985. Hér var um að ræða 2 000 tonna aukningu á sölu flaka miðað við samninginn fyrir árið 1984. Um svipað leyti var gerður samningur um sölu á saltsíld, aðallega til afhendingar á árinu 1985. Magnið var 18 500 tonn (185 000 tunnur) eða 500 tonnum meira en í samningunum fyrir árið 1984 og 2 500 tonnum meira en í samningnum fyrir árið 1983. Í marsbyrjun 1985 hafði verið samið um sölu á gaffalbitum og lifur að verðmæti 2 milljónir dollara. Á sama tíma árið 1984 hafði verið samið um sölu á lagmeti fyrir 3,4 millj. dollara en árssalan á lagmeti hefur farið fram í áföngum. Horfur eru á að ullarvörusala verði litlu minni en á árinu 1984 þegar salan var

mjög mikil. Í marsbyrjun 1985 hafði Álafoss samið um sölu á 1 380 þús. treflum að verðmæti 3,5 millj. dollara. SÍS hafði þá samið við sovéska samvinnufélagið Sojuzkoopvneshtorg um sölu á ullarfatnaði, treflum og teppum fyrir 3 millj. dollara. Viðskipti samvinnufélaganna byggjast á vöruskiptasamningi að verðmæti 4—5 millj. dollara ár hvert. Á móti íslenskum ullar- og skinnavörum koma gasolíufarmur og matvæli.

Vorið 1985 verður fram haldið viðræðum við Sovétmenn um nýjan viðskiptasamning fyrir tímabilið 1986—1990 en málið var fyrst reifað í hinum árlegu viðskiptaviðræðum við Sovétmenn sem fóru fram í Reykjavík í júlí 1984. Af hálfu íslenskra útflutningsaðila hefur verið óskað eftir talsvert hærri kvótum en í viðskiptasamningnum fyrir 1981—1985. Sovéski markaðurinn er einkum mikilvægur fyrir útflytjendur saltsíldar og freðfisks. Þannig má nefna að á árunum 1983—1984 voru um ¾ af saltsíldarútflutningnum seldir til Sovétríkjanna og um helmingurinn af karfaflökunum og heilfrysta fiskinum. Á árinu 1984 var meira en helmingur af prjónavörum úr ull fluttur út til Sovétríkjanna sé miðað við magn. Þá eru Sovétríkin einnig mikilvægur markaður fyrir lagmeti (um fjórðungur heildarútflutningsins fór þangað 1984). Hallinn í viðskiptunum við Sovétríkin hefur oft verið notaður sem röksemd fyrir því að Sovétmenn keyptu sem mest af íslenskum útflutningsvörum. Uppistaðan í innflutningnum frá Sovétríkjunum hefur jafnan verið olíuvörur (yfir 90% árið 1984) en auk þess má nefna timbur og bíla.

Á árinu fóru fram hinar árlegu viðskiptaviðræður við fulltrúa Póllands og Tékkóslóvakíu en auk þess viðræður við fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins sem haldnar eru annað hvert ár.

Erfiðasta viðskiptavandamál síðustu tveggja ára hefur verið lokun skreiðarmarkaðarins í **Nígeríu.** Árið 1981 var Nígería þriðja stærsta viðskiptaland Íslendinga og keypti þá 13% af heildarútflutningnum. Í fyrra voru aðeins flutt út 1 000 tonn af hertum hausum fyrir 41,6 millj. króna sem samsvaraði 0,2% af heildarútflutningnum. Þetta hefur valdið skreiðarframleiðendum miklum erfiðleikum þar eð óseldar birgðir eru taldar vera 11 000 tonn af skreið og 5 000 tonn af hertum hausum. Ótal tilraunir hafa verið gerðar af hálfu skreiðarútflytjenda og með aðstoð sendiráðsins í London til að fá innflutningsleyfi en í marslok 1985 hafði það ekki borið árangur. Við þetta bætist svo að skreiðarútflytjendur hafa ekki enn fengið greidda skreið fyrir um 20 millj. dollara. Er þar um að ræða ógreiddar innheimtur og eftirstöðvar vanskilaábyrgða sem nema 8,6 millj. dollara, eftirstöðvar umsaminna lána til 3 ára 6,8 millj. dollara og ófrágengin lán til 6 ára 4,7 millj. dollara.

Á hinn bóginn hafa viðskiptin við sum önnur lönd gengið vel og farið vaxandi og má í því sambandi benda á **Japan.** Áður hefur einkum verið selt þangað hvalkjöt, fryst loðna og loðnuhrogn og kísiljárn en í fyrra voru einnig seld þangað um 3 200 tonn af frystum karfa og aukið magn af lagmeti og frystri rækju. Markaðsmöguleikar í Japan eru mjög athyglisverðir og hafa útflytjendur sýnt áhuga á að nýta þá.

Alþjóðasamstarf.

Frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur alþjóðaviðskiptasamstarf eflst mjög og leitt til frjálsari viðskipta milli iðnaðarríkja á flestum sviðum. Af þessari þróun naut Ísland lengi góðs enda þótt framlag þess hafi fram til ársins 1960 verið lítið. Árið 1967 gerðist Ísland fullgildur aðili að Alþjóðlegu tolla- og viðskiptasamtökunum, GATT, og 1970 að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. Með gerð fríverslunarsamnings við Efnahagsbandalagið 1972 fengust enn fremur mikil fríðindi fyrir íslenskar útflutningsafurðir svo að telja má að markaðir þeirra hafi aldrei verið jafn opnir og tollfrjálsir og nú með þeirri veigamiklu undantekningu að skreið hefur í tvö ár verið bannvara í Nígeríu.

Vegna þýðingar utanríkisviðskiptanna fyrir þjóðarbúið hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að standa vörð um það frelsi í alþjóðaviðskiptum, sem náðst hefur, og standa

gegn tilraunum til að skerða það með höftum, tollum eða ríkisstyrkjum. Þetta er og hefur verið afstaða íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi. Á árunum 1980—83 hafa verið talsverð brögð að því að lönd hafi gripið til verndaraðgerða vegna atvinnuleysis og erfiðleika í ákveðnum atvinnugreinum þrátt fyrir yfirlýsingar og aðvaranir GATT, OECD, EFTA og EBE. Þessar aðgerðir hafa þó ekki haft bein áhrif á utanríkisviðskipti Íslands nema hvað varðar ríkisstyrki til sjávarútvegs í Noregi og Kanada. Viðskiptaráðherrar, sem sótt hafa ráðherrafundi OECD og EFTA, hafa margoft gagnrýnt styrkveitingar til sjávarútvegs sem raska samkeppnisaðstöðunni á alþjóðamörkuðum auk þess sem gagnrýni hefur verið borin fram við ráðamenn í Noregi og Kanada.

Starfsemi **Fríverslunarsamtaka Evrópu** — EFTA — einkenndist mikið af undirbúningi fyrir fund æðstu manna aðildarríkjanna í Visby á Gotlandi og fyrir sameiginlegan ráðherrafund EFTA-ríkjanna og ríkja Efnahagsbandalagsins sem haldinn var í Lúxemborg. Fundurinn í Lúxemborg var haldinn af því tilefni að á árinu 1984 voru að fullu komnar til framkvæmda tollalækkanir samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið. Jafnframt var fjallað um nánara samstarf á ýmsum sviðum. Á þessum fundi var lögð áhersla á árangursríkt samstarf þessara ríkja og lýst yfir vilja til að auka það umfram það sem fríverslunarsamningarnir gera ráð fyrir, t. d. á sviði orkumála, efnahagsmála, samgangna og umhverfismála. Á fundinum var einnig rætt um ýmsar verndaraðgerðir en með afnámi tolla í viðskiptum milli ríkjanna hefur borið meir á ýmsum viðskiptahindrunum öðrum en tollum, svo sem ríkisstyrkjum.

Á fundi æðstu manna EFTA-ríkjanna var fjallað um samstarfið innan EFTA og látinn í ljós vilji til að útvíkka það, m. a. með samráði um alþjóðleg viðskiptamál. Á fundi viðskiptaráðherra EFTA-ríkjanna, sem haldinn var samhliða fundi æðstu manna, var samþykkt starfsáætlun fyrir samtökin. Er þar m. a. fjallað um viðskipti með sjávarafurðir og möguleika á því að auka fríverslun með þær. Einnig er þar fjallað um ríkisstyrki og hvernig megi afnema þá. Starfar nú sérstök nefnd við athugun á þessum málum.

Einn liður í EFTA-samstarfinu er starfsemi ráðgjafarnefndar en í henni eiga sæti fulltrúar vinnumarkaðarins og samtaka atvinnulífsins í EFTA-ríkjunum. Auk þess hittast reglulega nefndir sérfræðinga sem fjalla um viðskiptamál, tollamál og efnahagsmál. Þá hittast einnig þingmenn frá EFTA-ríkjunum einu sinni á ári og verður næsti fundur þingmannanefndarinnar haldinn í Reykjavík í júní n. k.

Sameiginleg nefnd Íslands og **Efnahagsbandalags Evrópu,** sem á að fylgjast með framkvæmd fríverslunarsamningsins, hélt tvo fundi á síðasta ári. Var annar fundurinn haldinn á Íslandi en venjulega eru þessir fundir haldnir í Brussel. Framkvæmd samningsins hefur gengið vel en hins vegar hafa á undanförnum árum verið hækkaðir tollar á vörum, svo sem saltsíld og söltuðum ufsaflökum, sem falla utan við vörusvið samningsins.

Aðalvandamálið nú stafar af þeirri ákvörðun Efnahagsbandalagsins í desember 1984 að fella úr gildi einhliða tollaniðurfellingu bandalagsins á innfluttum **saltfiski, saltfiskflökum og skreið** frá og með 1. júlí 1985. Við þetta gæti útflutningur okkar á saltfiski og skreið lent í allt að 13% tolli en saltfiskflökum í allt að 20% tolli í staðinn fyrir að þessar vörur hafa verið tollfrjálsar frá 1971 eða nokkru fyrir gerð fríverslunarsamnings Íslands við bandalagið. Ákvörðun bandalagsins hefur verið tekin í sambandi við væntanlega aðild Portúgals og Spánar að bandalaginu en án fullnægjandi raka. Af Íslands hálfu hefur um langt skeið verið bent á það að aðild Portúgals og Spánar, sem flytja mikinn saltfisk inn, ætti fremur að stuðla að því að tollfrelsi héldist eða tollfrjálsir kvótar væru hækkaðir.

Þetta mikilvæga mál var rætt sérstaklega við bandalagið á fundi embættismanna í Brussel í janúar 1985 og stefnt er að frekari viðræðum við bandalagið um saltfisktollinn á næstunni. Af Íslands hálfu hefur verið undirstrikað að ákvörðun bandalagsins hefði mest áhrif á Ísland af öllum ríkjum þar eð hvorki meira né minna en um 25% af heildarútflutningi

Íslands til EBE-ríkjanna, Portúgals og Spánar, hins stækkaða EBE, á árunum 1983 og 1984 hafa farið þangað (árið 1982 var talan tæp 40% af útflutningnum). Verðmæti hinna umræddu vara var um 10% af öllum útflutningi landsmanna á árunum 1983 og 1984 en tæp 20% af heildarútflutningnum árið 1982. Hefur verið lögð mikil áhersla á það að þessari ákvörðun verði ekki hrundið í framkvæmd eða tollar hafðir sem allra lægstir og tollfrjáls kvóti aukinn. Á árinu 1984 var verðmæti umræddra vara, sem flutt var út til EBE-ríkjanna, Portúgals og Spánar, um 2,3 milljarðar króna eða röskar 70 milljónir dollara. Á árinu 1981 var verðmætið enn meira eða um 150 milljónir dollara. Eru því gífurlegir hagsmunir í húfi ef hækkun tolls mundi leiða til lækkunar útflutningsverðs.

Umræður í **GATT** hafa snúist um framkvæmd þeirra samþykkta sem gerðar voru á ráðherrafundi samtakanna 1982. Vinna við undirbúning að nýrri samræmdri tollnafnaskrá, sem taka á gildi 1. janúar 1987, heldur áfram og hafa mörg ríki lagt fram drög að fyrstu köflum tollskrárinnar. Einnig hafa umræður um viðskipti með landbúnaðarvörur haldið áfram. Þá er farið að ræða tillögur um að hefja nýjar almennar viðskiptaviðræður svipaðar þeim sem kallaðar eru Kennedyviðræðurnar (1964 — 1967) og Tókýóviðræðurnar (1973 — 1979). Þessar viðræður, sem farið er að kalla Brusselviðræður, munu að mestu snúast um þjónustuviðskipti og aðrar viðskiptahömlur en tolla. Eftir að tollar í alþjóðaviðskiptum hafa lækkað svo sem raun ber vitni hefur meira borið á öðrum hömlum. Er stefnt að því að draga úr þeim svo að alþjóðaviðskipti geti haldið áfram að þróast á eðlilegan hátt.

Þátttaka Íslendinga í starfi **Efnahags- og framfarastofnunarinnar** — OECD — í París var með hefðbundnum hætti á árinu 1984. Mest starf mæddi á sendiráði Íslands, einkum vegna tíðra ráðsfunda en einnig vegna þátttöku í ýmsum öðrum fundum. Á árlegum ráðherrafundi OECD, sem haldinn var 17. — 18. maí, var ráðinn nýr framkvæmdastjóri, Frakkinn Jean — Claude Paye sem verið hafði yfirmaður efnahagsdeildar franska utanríkisráðuneytisins og tók hann við störfum af Hollendingnum Emile van Lennep sem gegnt hafði því starfi um 15 ára skeið. Á fundinum hvatti Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra til þess að aðildarríkin drægju úr viðskiptahömlum, svo og útflutningsstyrkjum og öðrum stuðningi aðildarríkjanna við atvinnuvegi sem drægi úr eðlilegri samkeppni í alþjóðlegum viðskiptum og jafngilti því í raun verndarstefnu. Á fundi menntamálaráðherra aðildarríkja OECD 20. — 21. nóvember lagði Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra einkum áherslu á nauðsyn þess að styrkja tengsl menntakerfisins við atvinnulífið og foreldra nemenda. Í febrúar sótti Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, ráðstefnu ráðherra og háttsettra embættismanna um horfur í hagþróun aðildarríkjanna og ráðstafanir af hálfu stjórnvalda til að stuðla að framförum til lengri tíma litið. Í sama mánuði sóttu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins sérstaka ráðstefnu um þróun í atvinnumálum. Þá sóttu fulltrúar að heiman m. a. ýmsa hefðbundna fundi, t. d. fundi fiskimálanefndar, vísinda- og tækninefndar, vátryggingarnefndar og stjórnarnefnda vegarannsókna og skólarannsóknamiðstöðvarinnar. Davíð Ólafsson seðlabankastjóri sótti fundi efnahagsmálanefndarinnar en fundir þeirrar nefndar og skjöl og rit OECD um ástand og horfur í efnahagsmálum heimsins og einstakra landa þykja mjög gagnleg. Þá er vandað til ársskýrslu OECD um íslensk efnahagsmál. Veitir Þjóðhagsstofnun OECD mikla aðstoð við öflun nauðsynlegra upplýsinga og með þátttöku í árlegri yfirheyrslu um efnahagsmálin skömmu fyrir útkomu skýrslunnar. Að sjálfsögðu ber OECD ábyrgð á skýrslunni og semur m. a. niðurstöður þar sem fram koma tillögur til úrbóta. Viðskiptaráðuneytið sér um umfangsmikla dreifingu á skjölum og ritum er berast frá OECD og um 400 nefndum stofnunarinnar, m. a. ársskýrslu um fiskveiðar í aðildarríkjum hennar.

Norrænt viðskiptasamstarf.

Á árinu var mikið starf unnið á vegum stjórnvalda og einkaaðila á Norðurlöndum til að auka viðskipti og efnahagssamvinnu landanna. Þar á meðal tók viðskiptaráðuneytið þátt í starfi á vegum norrænu viðskiptaráðherranna og norrænu ráðherranefndarinnar sem beinist að því að gera Norðurlöndin að **einni markaðsheild.** Fóru fram athuganir á gildandi viðskiptahömlum innan allra Norðurlandanna. Í viðskiptaráðuneytinu var samið ítarlegt yfirlit um þau lög og reglugerðir sem hafa að geyma ákvæði er fela í sér takmarkanir eða aðrar hömlur á viðskiptum Íslands og hinna Norðurlandanna, bæði hvað varðar innflutning og útflutning.

Þrátt fyrir þátttöku Íslands í þessu samstarfi er ljóst að Ísland hefur ekki sama hag af því að koma á fót sameiginlegum heimamarkaði Norðurlandanna og hin löndin. Til að svo verði þarf að nást meiri jöfnuður í viðskiptum landanna. Á árinu 1983 komu 28,5% af heildarinnflutningi Íslands frá hinum Norðurlöndunum en 1984 26,2%. Af heildarútflutningi landsins fóru 5,1% til Norðurlandanna árið 1983 en 8,1% 1984. Sjónarmið Íslendinga hafa mætt skilningi hjá stjórnvöldum hinna Norðurlandanna. Snemma árs 1984 samþykktu samstarfsráðherrar Norðurlandanna að styrkja sérstakt **markaðsátak** Íslands á Norðurlöndunum í því skyni að auka sölu á íslenskum framleiðsluvörum þar. Var ákveðið að ráðherranefnd Norðurlanda veitti 500 þúsund norskar krónur til markaðsátaksins og jafnvirði þeirrar fjárhæðar kæmi frá íslenskum stjórnvöldum. Um 20 íslensk fyrirtæki, valin úr stórum hópi fyrirtækja, taka þátt í markaðsátakinu undir stjórn sænsks markaðssérfræðings. Beitt er nokkuð nýstárlegum aðferðum með því að gera sérstaka markaðsathugun fyrir hvert fyrirtæki. Er gert ráð fyrir að þessu verkefni ljúki á miðju ári 1985 en þegar hefur verulegur árangur skilað sér fyrir þátttakendur.

Efling útflutnings.

Í byrjun september 1984 samþykkti ríkisstjórnin að gert yrði átak til að efla útflutningsstarfsemi og leita markaða fyrir íslensk fyrirtæki erlendis en í því skyni skyldi stofnað útflutningsráð sem næði til allra atvinnuvega. Í samræmi við þessa yfirlýsingu lagði viðskiptaráðherra fram svohljóðandi bókun á ríkisstjórnarfundi hinn 6. september:

1. Í samráði við útflytjendur og samtök þeirra verði hafist handa um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi útflutningsmála og með hvaða hætti æskilegt sé að ríkisvaldið standi að þeim málum. Hér er m. a. átt við hvort ekki sé rétt að ein og sama stofnunin, útflutningsmiðstöð, annist aðstoð við útflytjendur þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutnings ættu aðild að ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði.
2. Á meðan sú endurskoðun fer fram verði áfram unnið við markaðsöflun á vegum og fyrir íslensk fyrirtæki á þann hátt sem tíðkast hefur.
   Þar sem brýnt er að auka nú þegar starfsemi við verkefna- og þjónustuútflutning verði sérstökum nefndum á vegum viðskiptaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis falið það verkefni.
3. Við endurskipulagningu lánamála verði sérstaklega athugað með lána- og tryggingamál útflutningsatvinnuveganna.
4. Í því skyni að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á því efni verði hugmynd um sérstakt útflutningsár sérstaklega könnuð og að því stefnt 1986.

Bókunin var samþykkt og í nóvembermánuði skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að greiða fyrir **útflutningi verkefna og þjónustu.** Nefndin tók fljótlega til starfa og einbeitti sér í fyrstu að því að öðlast yfirsýn yfir það sem væri að gerast hér á landi á þessu sviði útflutningsmála. Einnig sinnti ráðuneytið verkefna- og þjónustuútflutningi með ýmsum öðrum hætti, þ. á m. átti fulltrúi þess sæti í stjórn Norræna verkefnaútflutningssjóðsins

(NOPEF) en sjóðurinn veitti nokkrum íslenskum fyrirtækjum styrki á árinu til forathugana á verkefnum í þróunarlöndunum.

Í samræmi við fyrrgreinda bókun viðskiptaráðherra voru skipaðar tvær aðrar nefndir í byrjun ársins 1985. Var annarri þeirra falið að athuga og gera tillögur um **fyrirkomulag útflutningsmála** og þá sérstaklega hvernig háttað skuli samstarfi útflytjenda og stjórnvalda til eflingar útflutningi. Hinni nefndinni var aftur á móti einkum ætlað að kanna hugmynd um að árið 1986 verði gert að **ári útflutningsins** og sérstök áhersla verði því lögð á ýmiss konar umbætur og ráðstafanir sem eflt geta útflutningsstarfsemi.

VIII. Utanríkisþjónustan.

Í skýrslu minni til Alþingis á síðasta ári lýsti ég þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að huga sífellt að því að utanríkisþjónustan ræki sem best það hlutverk sitt að gæta hagsmuna Íslands erlendis.

Jafnframt því að stöðugt er leitast við að nýta hina fámennu utanríkisþjónustu okkar sem best tel ég nú svo komið að tímabært sé að efla utanríkisþjónustuna m. a. til þess að styðja við bakið á íslenskum útflytjendum við markaðsleit og til þess að fylgjast betur með samkeppnisaðstöðu okkar á erlendum mörkuðum.

Í þessum tilgangi hefur verið gengið frá samkomulagi við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins um að markaðsfulltrúi ÚI starfi um nokkurt árabil við ræðisskrifstofuna í New York. Hefur hann nýlega tekið til starfa. Hér er brotið nýtt blað í samvinnu utanríkisþjónustunnar við samtök útflytjenda. Nauðsynlegt er að efla slíkt samstarf og er í því efni brýn þörf á að samtök helstu útflutningsgreina og stjórnvöld byggi upp fastan samstarfsvettvang til verulegs átaks í markaðsmálum. Um þetta efni er fljótlega að vænta tillagna nefndar sem viðskiptaráðherra hefur skipað. Mun utanríkisþjónustan ekki láta sinn hlut eftir liggja í sameiginlegu átaki í þessum efnum.

Ísland hefur nú stjórnmálasamband við 77 ríki, sem í langflestum tilfellum hefur verið stofnað til að beiðni hinna erlendu ríkja. Við upptöku stjórnmálasambands hefur það oftast verið látið koma skýrt fram að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða skipun sendiherra hjá hinu erlenda ríki að minnsta kosti fyrst um sinn.

Síðan á árinu 1970 hefur sendiráðum eða fastanefndum Íslands erlendis ekki fjölgað en þau eru nú 11 að tölu. Á undanförnum árum hefur umdæmislöndum sendiherra okkar hins vegar stöðugt fjölgað. Nú eru íslenskir sendiherrar tilkynntir hjá 59 ríkjum og fastafulltrúar hjá allmörgum alþjóða- eða milliríkjastofnunum. Af þessu leiðir að störf sendiráðanna hafa aukist til muna á undanförnum árum.

Ég tel nauðsynlegt að gera tillögu um fjölgun sendiráða Íslands erlendis við undirbúning fjárlaga næsta árs.

Þegar hugað er að fjölgun íslenskra sendiráða beinist athyglin einkum að þremur löndum, sem Ísland hefur þegar mikil og góð samskipti við. Þessi lönd eru Kanada, Finnland og Japan.

Mál þessi hafa verið rædd í utanríkismálanefnd Alþingis og er þar t. d. góður hljómgrunnur fyrir stofnun sendiráðs í Kanada, en ég tel eðlilegt að frekari umræður fari fram í nefndinni um framtíðarstefnu í þessum efnum, áður en til ákvörðunar kemur.

Í hálfan annan áratug hefur utanríkisráðuneytið verið til húsa í byggingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Þetta húsnæði hefur ekki verið nægjanlegt til þess að öll starfsemi ráðuneytisins gæti verið undir sama þaki, heldur hefur í allmörg ár þurft að leigja húsnæði annars staðar fyrir varnarmáladeildina. Veldur það að sjálfsögðu vandkvæðum í daglegu

starfi og hindrar hagræðingu. Þar við bætist að embætti lögreglustjóra hefur í nokkur ár haft þörf fyrir að taka leiguhúsnæði ráðuneytisins til eigin nota. Úrbætur í húsnæðismálum utanríkisráðuneytisins eru því orðnar brýnt mál. Á sínum tíma var ákveðið að reyna að fylgja þeirri stefnu að starfsemi Stjórnarráðsins yrði sem mest á sama svæði í grennd við Stjórnarráðshúsið og Arnarhvol. Með þetta í huga tel ég mjög æskilegt að leyst verði úr húsnæðisþörfum utanríkisráðuneytisins með nýbyggingu á lóð ríkisins við Skúlagötu, austan húss rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Fyrir forgöngu forsætisráðherra er hafinn undirbúningur þar að lútandi. Teldi ég rétt að viðskiptaráðuneytið yrði þarna einnig til húsa hvort sem að ráði verður að fela utanríkisráðuneyti stjórn utanríkisviðskipta eða ekki, en mjög margir sem til þekkja eru þeirrar skoðunar að sameina beri ráðuneytin að þessu leyti, sbr. nú síðast ráðagerðir um skipulagsbreytingu á Stjórnarráði Íslands.

Eitt af hlutverkum utanríkisþjónustunnar er að gæta hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum að því er varðar menningarmál. Liður í því starfi er Íslandskynning á erlendri grund m. a. með útgáfu og dreifingu upplýsingaefnis um Ísland.

Unnið hefur verið að verulegri útgáfustarfsemi landkynningarbæklinga, í sumum tilfellum í samvinnu við ýmis íslensk fyrirtæki. Má t. d. nefna útgáfu upplýsingabæklings á sex tungumálum sem er að koma út og verður dreift á vegum utanríkisþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem þess óska.

Áhugi útflytjenda og annarra þeirra sem afla gjaldeyris fyrir þjóðarbúið er í auknum mæli að vakna fyrir gildi öflugrar landkynningar. Er utanríkisþjónustan boðin og búin til að efla samstarf við þessa aðila. Gott samstarf af þessu tagi hefur komist á og er von til að það fari vaxandi. Vel heppnaðar opinberar heimsóknir forseta Íslands til útlanda hafa einnig verið nýttar með samstarfi utanríkisþjónustunnar og útflytjenda til kynningar á Íslandi og íslenskum framleiðsluvörum.

Fylgiskjal 1.

Sendiráð Íslands og fastanefndir — og umdæmi þeirra:

Umdæmi sendiráða Íslands og fastanefnda eru nú sem hér segir, auk þess sem 2 sendiherrar búsettir í Reykjavík annast 14 fjarlæg lönd, einkum í Asíu:

Kaupmannahöfn:
- Danmörk
- Ítalía
- Tyrkland
- Ísrael

Osló:
- Noregur
- Pólland
- Tékkóslóvakía

Stokkhólmur:
- Svíþjóð
- Finnland
- Júgóslavía
- Albanía
- Saudi Arabía

London:
- Stóra-Bretland og Norður-Írland
- Írland
- Holland
- Nígería

Reykjavík:
- Japan
- Kína
- Indland
- Pakistan
- Bangladesh
- Alþýðulýðveldið Kórea
- Kóreulýðveldið
- Indónesía
- Thailand
- Íran
- Írak
- Kýpur
- Túnis
- Ástralía

París:
- Frakkland
- Cabo Verde
- Spánn
- Portúgal
- OECD
- UNESCO

Moskva:
- Sovétríkin
- Búlgaría
- Rúmenía
- Ungverjaland
- Þýska alþýðulýðveldið
- Mongólía

Bonn:
- Sambandslýðveldið Þýskaland
- Austurríki
- Sviss

Brussel:
- NATO
- EBE
- Belgía
- Grikkland
- Luxemborg

Washington:
- Bandaríki N-Ameríku
- Kanada
- Mexíkó
- Brasilía
- Argentína
- Chile
- Perú
- Bahamaeyjar
- Kúba

Genf:
- EFTA
- Evrópuskrifstofur Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir S.þj. í Genf
- Kenýa
- Tanzanía
- Egyptaland
- Eþíópía

New York:
- Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna.

Fylgiskjal 2.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstsambandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Berne Union for the Protection of Literary and Artistic Works).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO).
Norðvestur-Atlantshafsfiskiveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal 3.

Ályktanir á 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Ísland gerðist á 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna meðflytjandi að eftirfarandi ályktunartillögum:

Allsherjarþingið:

1. Ályktun 39/5	Kampútsíumálið.
2. Ályktun 39/72G	Suður-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna.
3. Ályktun 39/72H	Samræmdar aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði.

Fyrsta nefnd:

4. Ályktun 39/53	Algjört bann við kjarnavopnatilraunum.
5. Ályktun 39/65D	Ráðstafanir um bann við efna- og sýklavopnum.

Sérstaka stjórnmálanefndin:

6. Ályktun 39/100	Ráðstafanir gegn flóttamannastraumi.

Önnur nefnd:

7. Ályktun 39/172	Þáttur kvenna í þróunarstarfsemi.
8. Ályktun 39/179	Háskóli Sameinuðu þjóðanna.
9. Ályktun 39/189	Aðstoð við Grænhöfðaeyjar.
10. Ályktun 39/208	Lönd, sem búa við eyðimerkurmyndun og þurrka

Þriðja nefnd:

11. Ályktun 39/46	Alþjóðasamningur gegn pyntingum.
12. Ályktun 39/109	Skyndiaftökur.
13. Ályktun 39/112	Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga.
14. Ályktun 39/130	Samningur um afnám alls misréttis gegn konum.
15. Ályktun 39/135	Samningur um réttindi barna.
16. Ályktun 39/136	Mannréttindasáttmálar.
17. Ályktun 39/137	Afnám dauðarefsingar
18. Ályktun 39/140	Skýrsla flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

Fjórða nefnd:

19. Ályktun 39/44	Menntunar- og þjálfunaráætlun fyrir sunnanverða Afríku.

Fimmta nefnd:

20. Ályktun 39/70	Endurskoðun á greiðslum til ríkja sem leggja til herlið í UNIFIL.
21. Ályktun 39/71A og B	Fjármögnun friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL.

Sjötta nefnd:

22. Ályktun 39/83	Öryggi stjórnarerindreka.
23. Ályktun 39/89	Vernd og velfarnaður barna.

Fylgiskjal 4.

Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1978–1985 (í þús. kr.).

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985[1])
A. Langtímaþróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788	4 788
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580	20 530
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	380	540	960		590			
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	41 410	20 500
5. Alþjóðabankinn (IRBD), hlutafjáraukning	900					5 453	11 856	11 856
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild		332	456	661	1 045	2 650	3 775	4 900
Alls	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	61 915	66 409	62 574
B. Önnur aðstoð.								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	40	59	71	138	250	332	332	332
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	12	26	33	59	173	378	580	552
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	21	52	100	296	683	595	945	1 208
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	29	60	88	132	512	201	297	380
5. Aðstoð við flóttamenn	4	434	182	413	1 911	1 500	318	—
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	9	14	19	34	363	367	477	558
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)		3	12	31	164	112	238	236
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna					58	50	88	104
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)						248	294	258
12. Sérstök matvælaaðstoð vegna hungursneyðar o. fl.					1 150	2 559	2 000	10 800
Alls	127	668	537	1 161	5 354	6 424	5 685	14 588
Samtals	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	68 339	72 094	77 162
Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0.045%	0.046%	0.073%	0.053%	0.075%	0.129%	0.107%	0.087%

1) Áætlun.

Nd. **688. Lög** [226. mál]

um vélstjórnarnám.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 281.

Ed. **689. Frumvarp til siglingalaga.** [149. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 154 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Skip er óbætandi:

1. er engri viðgerð verður við komið á því,
2. er ekki verður gert við það þar sem það er eða á neinum þeim stað er það verður flutt á eða
3. er skipið er ekki talið þess virði að við það sé gert.

Öll þau atriði, sem talin í 1. mgr., skulu sönnuð með skoðunargerð dómkvaddra manna eða annarra sem að lögum eru til þess bærir.

9. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra setur reglur um skipsbækur, færslu þeirra og varðveislu, sbr. þó síðari málsgrein þessarar greinar.

Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim ef honum er nauðsyn á því. Þetta á þó ekki við hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt veittur aðgangur að bókum þess skips nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál sem tengist ferðum skipsins sem viðkomandi bók varðar skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist á því máli.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

20. gr. hljóðar svo:

Laskist skip á ferð svo að bæta verði að mun eða tefja það í umtalsverðan tíma er skipstjóra skylt að láta skoðunar- og matsgerð fara fram. Skulu matsmenn kanna skemmdir og segja álit sitt um hvað aðhafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils virði skipið sé þá óbætt. Þá er skip er bætt skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni.

Nú spillist farmur að mun á ferð eða ráða má af líkum að hann sé svo á sig kominn að nauðsyn beri til að afferma skipið eða gera aðrar ráðstafanir til að verja farminn skemmdum eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs og skal þá skipstjóri láta fara fram lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemmd á farmi skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það hvað ætla má að valdið hafi og hvernig hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög kveða á um eða venja er fyrir á þeim stað. Þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna.

Ef óttast má að farmur hafi spillst á ferð skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en farmur er fenginn í hendur viðtakanda.

39. gr. hljóðar svo:

Farmsamningshafi skal færa vöru að skipshlið en farmflytjandi annast fermingu hennar, búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú hefur skipi verið valinn óvenjulegur staður af ástæðum sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð og er honum þá allt að einu skylt að taka við vöru á venjulegum fermingarstað.

68. gr. hljóðar svo:

Skemmist farmur eða glatist meðan hann er í vörslu farmflytjanda á skipi eða í landi ber honum að bæta tjón sem af því hlýst nema ætla megi að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

Farmflytjandi er ekki ábyrgur þegar hann getur sýnt fram á að tjónið stafar af:

a. yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök eða meðferð skips sem skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum, sem inna starf af hendi í þágu skips, hefur orðið á,
b. bruna nema hann stafi af yfirsjón eða vanrækslu farmflytjanda sjálfs,
c. hættum eða óhöppum sem eru sérkennandi fyrir siglingar,
d. náttúruhamförum,
e. hernaðaraðgerðum,
f. sjóránum eða öðrum þjóðfélagsfjandsamlegum aðgerðum,
g. haldi sem lagt er á eða af öðrum skerðingum sem valdhafar, stjórnvöld eða þjóðir grípa til, svo og af haldi sem lagt er á samkvæmt réttarreglum,
h. sóttkvíartálmun,
i. athöfn eða athafnarleysi vörusendanda eða eiganda vöru, umboðsmanns hans eða fulltrúa,
j. verkfalli, verkbanni eða annars konar vinnuhindrun, án tillits til ástæðu eða umfangs,
k. óeirðum eða borgararóstum,
l. björgun mannslífa, björgun verðmæta á hafi úti eða tilrauna þar að lútandi,
m. leyndum galla á vöru eða sérstökum eiginleikum hennar eða eigin ágöllum hennar,
n. ófullnægjandi pökkun,
o. ófullnægjandi eða ónákvæmri merkingu,
p. leyndum göllum á skipi sem ekki er unnt að komast að raun um með eðlilegri árvekni.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er framflytjandi ábyrgur fyrir tjóni er hlýst af óhaffærni skips ef hún er afleiðing þess að hann eða einhver, sem hann ber ábyrgð á, hefur ekki með eðlilegri árverkni séð til þess að skipið var haffært við upphaf ferðar. Sönnunarbyrði um, að eðlilegrar árvekni hafi verið gætt, hvílir á þeim sem heldur því fram að hann beri ekki ábyrgð.

Lækka má skaðabætur þær sem farmflytjanda ber að greiða eða fella þær niður ef hann sannar að farmsamningshafi eða einhver, sem hann ber ábyrgð á, hafi verið meðvaldur að tjóninu vegna yfirsjónar eða vanrækslu.

69. gr. hljóðar svo:

Hafi verið flutt á skip vara sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti, án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar, er honum heimilt eftir atvikum að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana og er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

Nú er farmflytjanda kunnugt um eiginleika vörunnar við lestun og er honum engu að síður eftir atvikum heimilt að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana ef síðar kemur upp slík hætta fyrir menn, skip eða vöru að óverjandi væri að varðveita vöruna um borð. Er honum þá ekki skylt að greiða aðrar skaðabætur en leiðir af reglunum um sameiginlegt sjótjón.

70. gr. hljóðar svo:

Bætur samkvæmt 68. gr. skal ákveða eftir því verðgildi sem varan mundi hafa haft ósködduð við afhendingu á réttum stað og tíma. Verðgildi vörunnar skal ákveða samkvæmt opinberri verðskráningu, en sé henni ekki til að dreifa þá markaðsverði, og sé hvorugu þessu til að dreifa þá venjulegu verði fyrir vöru sömu tegundar og af sömu gæðum.

Bæturnar geta þó ekki orðið hærri en 667 SDR fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða 2 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru sem skemmist, glatast eða sem afhendingu seinkar á. Skal miða við þá fjárhæð sem hæst getur orðið samkvæmt þessu. Með SDR er átt við þá verðmæliseiningu sem greind er í 177. gr. Gengi þessarar verðmæliseiningar ræðst af þeirri dagsetningu sem löggjöf landsins, þar sem dæmt er í málinu, kveður á um.

Ef notaðir eru gámar, bretti eða svipaður flutningsbúnaður sem vöru er safnað í skal sérhvert stykki eða önnur eining, sem skráð er í farmskírteini eða í annað viðtökuskírteini fyrir flutningnum og pökkuð er í þannig búnað, teljast eitt stykki eða flutningseining þegar beitt er ákvæðum 2. mgr. Með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skal slíkur gámur, bretti eða flutningsbúnaður teljast vera ein eining eða stykki, sbr. 2. mgr.

Farmflytjandi og sendandi vöru mega semja um hærri hámarksbætur en nefndar eru í 2. mgr. og 3. mgr. um ábyrgð farmflytjanda. Hafi sendandi gefið upp tegund og verð vöru og þessar upplýsingar verið færðar án fyrirvara í framskírteinið eða í annað viðtökuskírteini um flutninginn skal það verð lagt til grundvallar um mörk ábyrgðar farmflytjanda ef þetta leiðir til hærri ábyrgðarmarka en reglurnar í 2. og 3. mgr. Jafnframt skal þetta verð lagt til grundvallar sem verðmæti vöru ef eigi verða færðar sönnur á annað.

Farmflytjandi verður aldrei ábyrgur fyrir tjóni eða skemmd á vörunni ef sendandi hefur með sviksamlegum hætti gefið rangar upplýsingar um tegund eða verð í farmskírteini eða í öðru viðtökuskírteini um flutninginn.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið tjóninu eða skaðanum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og honum mátti vera ljóst að tjón mundi sennilega hljótast af.

73. gr. hljóðar svo:

Annist einhver annar en farmflytjandi flutning vöru að nokkru eða öllu leyti er farmflytjandi ábyrgur fyrir tjóni eins og hann hefði sjálfur annast flutning vörunnar alla leið. Ákvæði þessa kafla gilda þá eftir því sem við á. Þetta gildir einnig eftir að farmskírteini hefur verið gefið út.

Við flutning í eigu annars en farmflytjanda er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins samkvæmt sömu ákvæðum og farmflytjandi. Ákvæði 72. gr. gilda eftir því sem við á.

Farmflytjandi og sá, sem ábyrgð ber samkvæmt 2. mgr., eru ábyrgir hvor fyrir annan. Sameiginleg ábyrgð þeirra getur ekki farið fram úr ábyrgðarmörkum þeim sem greind eru í 70. gr.

87. gr. hljóðar svo:

Þegar gerður hefur verið tímabundinn farmsamningur skal farmflytjandi á því tímabili, sem er til ráðstöfunar fyrir farmsamningshafa láta skip fara þær ferðir sem farmsamningshafi mælir fyrir um í samræmi við samninginn.

120. gr. hljóðar svo:

Með „farsala“ er í þessum kafla átt við þann sem í atvinnuskyni eða gegn þóknun í viðskiptaaugnamiði tekur að sér eftir samningi að flytja með skipi farþega eða farþega og farangur.

Með „farþega“ er átt við mann sem flytja á eða verður fluttur með skipi samkvæmt farsamningi og enn fremur þann sem með heimild farsala fylgir ökutæki eða lifandi dýri sem háð er samningi um vöruflutning.

Með „farangri“ er átt við sérhvern hlut, þ. m. t. ökutæki, sem fluttur er í tengslum við samning um farþegaflutning, auk þeirra dýrgripa sem greindir eru í 2. mgr. 138. gr. Með „handfarangri“ er átt við farangur sem farþegi hefur í vörslum sínum eða í klefa sínum eða sem hann flytur með sér í eða á ökutæki sínu. Reglur um farangur gilda ekki ef varan er flutt samkvæmt farmsamningi eða farmskírteini eða skjali sem notað er við vöruflutninga.

122. gr. hljóðar svo:

Ákvæðum þessa kafla verður ekki beitt ef flutningurinn er háður alþjóðasamningi um flutning með annars konar farartæki en skipi.

127. gr. hljóðar svo:

Skylt er farþegum að fara að öllu leyti eftir fyrirmælum þeim sem gefin eru um góða háttsemi og reglu á skipi.

Ákvæði sjómannalaga um heimild til að grípa til ráðstafana gagnvart skipshöfninni, sem nauðsynlegar eru til að halda uppi reglu um borð og til að taka skýrslur af þeim, taka og til farþega eftir því sem við getur átt.

152. gr. hljóðar svo:

Hafi eigi verið samið á annan veg fer fullnaðarmat og niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns fram á þeim stað sem útgerðarmaður velur.

Niðurjöfnun sjótjóna annast löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóna eða, ef þess er alls ekki kostur, tveir dómkvaddir menn. Ágreining um réttmæti niðurjöfnunar má bera undir dómstóla.

159. gr. hljóðar svo:

Þegar meta skal sök á árekstri samkvæmt 158. gr. skal dómari taka tillit til þess hve langan tíma skipstjórnarmaður hafði til að gera sér grein fyrir aðstæðum.

172. gr. hljóðar svo:

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum eða slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr. sem hér segir:

1. Dánarbætur:
   a. 360 000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

b. 140 000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið
c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.
d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. sömu greinar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9 100 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1—25%, 18 200 kr. á bilinu frá 26—50% og 27 300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næst lægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

174. gr. hljóðar svo:

Heimild til takmörkunar á ábyrgð er fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir að því er varðar kröfur sem snerta:

1. tjón á mönnum eða munum þegar tjónið verður um borð í skipinu eða í beinum tengslum við rekstur skipsins eða björgun,
2. tjón er hlýst af seinkun flutninga á skipi með fram, farþega eða farangur þeirra,
3. tjón er hlýst af skerðingu réttinda utan samninga enda eigi tjónið rót sína að rekja til reksturs skipsins eða til björgunar,
4. það að skipi er lyft af hafsbotni, það flutt brott, eyðilagt eða gert óskaðlegt eftir að það hefur sokkið, strandað, verið yfirgefið eða er orðið að flaki og á þetta einnig við um það sem er eða hefur verið um borð í slíku skipi,
5. brottflutnings farms, eyðileggingu hans eða það að farmur er gerður óskaðlegur,
6. úrræði sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka tjón sem ella hefði sætt takmörkun á ábyrgð og enn fremur tjón sem hlýst af slíkum úrræðum.

Eigi sá, sem ábyrgur er, gagnkröfu á hendur kröfuhafa og báðar kröfurnar stafa af sama atburði nær takmörkun ábyrgðar aðeins til þess hluta aðalkröfu em fer fram úr gagnkröfunni.

184. gr. hljóðar svo:

Fyrirmæli þessa kafla gilda um takmörkunarsjóði sem stofnaðir eru samkvæmt 179. gr.

Takmörkunarsjóð skal varðveita í Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim banka í Reykjavík sem ákveður og skal þess gætt að sjóðurinn sé ávaxtaður á eðlilegan hátt.

196. gr. hljóðar svo:

Þegar dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi verða allar ákvarðanir dómsins varðandi takmrökunarrétt, upphæð sjóðsins, lýstar kröfur og skiptingu sjóðsins skuldbindandi fyrir alla þá sem eiga kröfu gegn sjóðnum án tillits til þess hvort kröfunni hafi verið lýst í sjóðnum.

Dómari getur falið löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóna að gera tillögur um eða annast tiltekin og afmörkuð verkefni sem á dómara hvíla samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta þó ætíð borið ákvarðanir, tillögur eða athafnir niðurjöfnunarmanns undir dómara.

199. gr. hljóðar svo:

Sjóveðréttur helst áfram í skipi, að undanskildum tilvikum þeim sem í 202. gr. greinir, þó að eignarréttur yfir því færist til annarra eða breyting verði á skráningu þess. Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gangvart gandlausum viðsemjendum eiganda skips hafi áskilnaði um dæmdan sjóðveðrétt eigi verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur gekk.

Nú hefur skip verið framselt við frjálst afsal til erlends aðila og það hefur í för með sér að veðréttur fyrir kröfu, sem framseljandi var ekki persónulega ábyrgur fyrir, fellur niður eða nýtur lakari forgangs og verður þá framseljandi persónulega ábyrgur fyrir kröfunni allt að verðmæti veðsins.

204. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með sjóveðrétti í farmi:

1. björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns svo og til kostnaðar sem jafnað er niður samkvæmt 86. gr. eða 2. mgr. 157. gr.,
2. kröfur sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hafa gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjaldskröfur þeirra ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar vegna farms; enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru sem seld var í þágu annarra farmeigenda,
3. kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón sem af því stafar að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

221. gr. hljóðar svo:

Tilgangur sjóprófs er að leiða í ljós, svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir sem máli skipta í því sambandi, þ. m. t. upplýsingar um allt það er varðar mat á haffærni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna.

Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu eða Rannsóknarlögreglu ríkisins við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar eftir því sem frekast verður við komið, einkum þó ef manntjón hefur orðið eða meiri háttar líkamstjón. Skal lögð á það áhersla að lögregluransókn hefjist sem fyrst eftir að slys varð eða skip kom til hafnar. Skulu skipstjóri og skipverjar, svo og útgerðarmaður skips, veita alla þá aðstoð er þeir geta í té látið vegna lögregluransóknar. Niðurstöður og gögn lögregluransóknar skulu lögð fram í sjóprófi svo skjótt sem auðið er, en eigi skal fresta upphafi sjóprófs af þeim sökum einum að þau liggi enn eigi fyrir.

Skipstjóra er skylt að óska eftir því að lögregluransókn vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns, sem greinir í 2. mgr., fari fram. Skipstjóri skal eigi halda skipi úr höfn þar sem lögregluransókn fer fram nema í samráði við lögregluyfirvöld.

Skipstjóra eða þeim, er kemur í hans stað, er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa er verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m. a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

226. gr. hljóðar svo:

Þegar sjópróf fer fram hér á landi skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra, skipverja og önnur vitni og lætur þá skýra frá því er þeir vita og máli virðist skipta. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til að millilíðalaus hljóðritun sé notuð.

Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Dómari rannsakar eftir föngum öll þau atriði er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv.

Í tengslum við sjópróf skal dómurinn skoða skip ef telja má að slík skoðun geti skipt einhverju máli fyrir rannsókn slyss og jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma aðra þá skoðun sem nauðsyn ber til.

Þegar halda skal sjópróf ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunar ríkisins í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjópróf ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá sem koma fyrir dóm með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um að sjópróf sé haldið ef hann telur ástæðu til eða þess er krafist af þeim sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs ef hann telur þörf á.

Það sem í grein þessari segir um eftirlitsmann Siglingamálastofnunar ríkisins skal einnig eiga við um fulltrúa rannsóknarnefndar sjóslysa (sbr. 45. gr. laga nr. 52/1970).

Að sjóprófi loknu skal dómari senda ríkissaksóknara, Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa eftirrit af því.

242. gr. hljóðar svo:

Ákvörðun um fyrirhugaða málshöfðun út af brotum gegn ákvæðum þessa kafla skal tilkynnt samgönguráðuneyti.

Sþ. 690. Fyrirspurn [418. mál]

til landbúnaðarráðherra um kostnað við búnaðarþing.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hver var heildarkostnaður við búnaðarþing árin 1984 og 1985? Hve stóran hlut greiddi ríkissjóður? Í svari óskast tilgreindur kostnaður á hvort þing um sig og hvernig hann skiptist á eftirtalda þætti:

a. laun þingfulltrúa,
b. ferðir þingfulltrúa,
c. húsnæðiskostnað þingfulltrúa,
d. dagpeninga þingfulltrúa,
e. annan kostnað.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 691. Fyrirspurn [419. mál]

til dómsmálaráðherra um brunarannsóknir.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Í hvaða tilvikum hafa rannsóknir tæknimanna leitt til gruns um að íkveikja hafi valdið bruna í atvinnuhúsnæði á undanförnum fimm árum?
2. Í hvaða tilvikum hefur með lögreglurannsókn verið úrskurðað að um íkveikju hafi verið að ræða?
3. Í hvaða tilvikum hafa ákærur verið gefnar út?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 692. Fyrirspurn [420. mál]

til landbúnaðarráðherra um frumvarp til laga um fiskeldi.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hver eru markmið væntanlegs frumvarps um fiskeldi?
2. Hvert verður hlutverk landbúnaðarráðuneytis samkvæmt frumvarpinu?

Sþ. 693. Fyrirspurn [421. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sjómannadaginn sem lögskipaðan frídag.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hyggst sjávarútvegsráðherra beita sér fyrir því að Alþingi ákveði nú á þessu þingi að sjómannadagurinn verði lögskipaður frídagur?

Ed. 694. Frumvarp til laga [422. mál]

um launakjör bankastjóra og ráðherra.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Helgi Seljan.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga um ríkisbankana skulu launakjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ákveðin af Kjaradómi, sbr. l. nr. 46/1973, með síðari breytingum. Sama gildir um forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins.

2. gr.

Hvers konar hlunnindi bankastjóra og ráðherra, sem fela í sér að greiddur sé tollur af innflutningi einkabifreiða, eru bönnuð svo og hvers konar launauppbætur í staðinn fyrir þessi hlunnindi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt í framhaldi af umræðu um bílafríðindi bankastjóra undanfarna daga. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Kjaradómur ákveði framvegis öll kjör bankastjóra í stað bankaráðanna eins og nú er.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins gerði miðvikudaginn 10. apríl eftirfarandi samþykkt um þessi mál:

„Þingflokkur Alþýðubandalagsins lýsir fullri andstöðu við bílafríðindi bankastjóra og ráðherra. Þingflokkurinn minnir á að Alþýðubandalagið hefur beitt sér fyrir því að þessi bílafríðindi verði felld niður til handa ráðherrum og ráðherrar flokksins í síðustu ríkisstjórnum notfærðu sér ekki þessi hlunnindi og slíkar greiðslur til þeirra því ekki tilefni til neinna fríðinda bankastjóra. Þingflokkur Alþýðubandalagsins leggur áherslu á eftirfarandi aðgerðir vegna bílafríðinda bankastjóra:

1. Kaup og öll launakjör bankastjóra verði ákveðin af Kjaradómi og afgreiðsla þeirra mála tekin frá bankaráðum.
2. Bílagreiðslur til bankastjóra verði með öllu stöðvaðar frá 1. janúar 1985 enda verður ekki séð að störfum bankastjóra fylgi nokkur sérstök þörf á bifreiðaakstri.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins mun á morgun leggja fram frumvarp á Alþingi með þessum efnisatriðum.“

Nánari grein verður gerð fyrir máli þessu í framsöguræðu.

Nd. 695. Frumvarp til laga [423. mál]

um viðskiptabanka.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar, og viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar.

Einungis hlutafélögum er heimilt að reka aðra viðskiptabanka en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eigum þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík. Um heimili og varnarþing hlutafélagsbanka fer eftir samþykktum þeirra. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

4. gr.

Hlutverk viðskiptabanka er að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi eins og hún er skilgreind í IV. kafla laga þessara. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

Viðskiptabönkum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *banki* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

II. KAFLI

Stofnun hlutafélagsbanka o. fl.

5. gr.

Stofnendur hlutafélagsbanka skulu eigi vera færri en 50. Hluthafar skulu jafnan vera 50 hið fæsta.

Hluthafar geta verið íslenskir ríkisborgarar búsettir hér á landi, íslenska ríkið og stofnanir þess, sýslu- og sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, skráð sameignarfélög, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.

Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a. m. k. 50 hluti og nema minnst kr. 100 000 000. Allt hlutafé skal vera greitt áður en bankinn er skráður í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur.

6. gr.

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka.

Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka. Enginn hluthafa má fara með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra meira en ⅕ hluta samanlagðra atkvæða í bankanum.

7. gr.

Þótt hlutafélagsbanki sé skráður í hlutafélagaskrá má hann eigi hefja starfsemi fyrr en hann hefur fengið starfsleyfi sem ráðherra veitir.

8. gr.

Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja umboðskrifstofur hér á landi. Hlutverk umboðsskrifstofa er að miðla upplýsingum, veita ráðgjöf og sinna annarri þjónustustarfsemi hér á landi á vegum erlendra banka. Umboðsskrifstofum er óheimilt að taka við innlánum, veita útlán eða stunda verðbréfaviðskipti.

Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög gilda um þá banka er setja á stofn umboðsskrifstofur samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Ráðherra ákveður gjald fyrir veitingu leyfis til starfrækslu umboðsskrifstofu.

Tilkynningar, sem senda skal hlutafélagaskrá samkvæmt XVII. kafla laga um hlutafélög, skulu einnig sendar bankaeftirlitinu.

III. KAFLI

Stjórn.

Ríkisviðskiptabankar.

9. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráða svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans.

11. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skipuð þremur bankastjórum hefur með höndum framkvæmdastjórn bankans.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í 12 mánuði sem eru jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf og ákveður verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum bankastjórnar.

13. gr.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

Bankaráð ákveður hver skuli taka sæti af hálfu bankans í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað.

Hlutafélagsbankar.

14. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða. Málefni hlutafélagsbanka falla stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra.

15. gr.

Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

Aðalfundur hluthafa ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

16. gr.

Bankastjórn skipuð einum eða fleiri bankastjórum hefur með höndum framkvæmdastjórn hvers banka. Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf og ákveður verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt nema að fengnu leyfi bankaráðs að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Sameiginleg ákvæði.

18. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum viðskiptabanka í samræmi við lög þessi, reglugerð eða samþykktir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans.

19. gr.

Auk bankastjóra ræður bankaráð útibússtjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir þeim upp starfi. Bankaráði er heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra. Leita skal tillagna bankastjórnar áður en ráðið er í stöður aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þessara starfsmanna.

20. gr.

Bankaráð ákveður hverjum sé heimilt að rita firma banka. Til að skuldbinda banka þarf undirskrift minnst tveggja starfsmanna nema undanþága hafi fengist hjá bankaeftirlitinu. Bankaráði er heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti.

21. gr.

Bankaráð tekur ákvarðanir um eftirtalin mál:

a) Byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum bankans,
b) kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum (stofnunum) sem bankinn á aðild að, svo og útgáfu skuldabréfa samkvæmt 30. gr.,
c) stofnun útibúa,
d) samruna bankans við aðrar innlánsstofnanir, sbr. 50. gr.,
e) afskriftir af útlánum bankans.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skal taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða bankans. Bankaráð hlutafélagsbanka skal leggja fyrir aðalfund tillögu um ráðstöfun tekjuafgangs.

Áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 1. og 2. mgr. skal leitað tillagna bankastjórnar.

Bankaráð mótar almenna stefnu bankans í vaxtamálum og getur að fenginni umsögn bankastjórnar sett almennar reglur um lánveitingar bankans.

Bankaráð fjalla einnig um önnur mál sem bankastjórn leggur fyrir ráðið eða það skal annast samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir.

23. gr.

Bankastjórn viðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerð eða samþykktum, og ákvörðunum bankaráðs.

24. gr.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerð eða samþykktum. Bankaráðsfund skal ætíð halda ef formaður ráðsins eða bankastjórn telur þess þörf eða meirihluti bankaráðsmanna óskar þess.

Formaður bankaráðs og bankastjórn undirbúa bankaráðsfundi. Bankaráðsfundir eru lögmætir ef meiri hluti bankaráðsmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

Um það, sem gerist á bankaráðsfundum, skal haldin gerðabók sem undirrituð er af þeim er fund sitja. Bankastjórn skal reglulega gefa upplýsingar um rekstur og hag bankans á bankaráðsfundum.

Bankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði. Þeir sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð ákveði annað.

25. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans, og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

IV. KAFLI

Starfsemi.

26. gr.

Starfsemi viðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

27. gr.

Viðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem bankastjórn Seðlabanka Íslands ákveður að fengnu samþykki ráðherra.

28. gr.

Viðskiptabanka er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku félagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 20% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í félögum samkvæmt þessari mgr. og lánum, sem hann hefur veitt þeim, má eigi nema hærri fjárhæð en nemur 60% af eigin fé bankans. Ákvæði þetta tekur eigi til samruna banka samkvæmt 50. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr. nema hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 3. ml. 18. gr. laga um hlutafélög. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku hlutafélagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 2% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í hlutafélögum samkvæmt þessari mgr. má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 15% af eigin fé bankans.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga, sbr. þó 30. gr.

29. gr.

Viðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans.

Viðskiptabanka er þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar.

30. gr.

Viðskiptabanki getur gefið út skuldabréf með ákvæði þess efnis að krafa, sem eigandi slíks bréfs eignast á hendur viðskiptabankanum, skuli við slit eða gjaldþrotaskipti á búi viðskiptabanka víkja í skuldaröð fyrir kröfum samkvæmt 82.—85. gr. og 1. tl. 86. gr. skiptalaga.

31. gr.

Viðskiptabanki tekur við geymslufé (depositum).

Innlánsfé í viðskiptabanka ásamt vöxtum og verðbótum er undanþegið kyrrsetningu.

32. gr.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur bankanum samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal bankinn þá að ósk upphaflegs eiganda hins fyrra innlánsskilríkis eða viðtökuskírteinis gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila, og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

33. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og skoðunarmenn mega ekki vera skuldugir þeim banka sem þeir starfa við, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Hið sama gildir um maka þeirra. Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við bankann eftir reglum sem bankaráð setur að fengnum tillögum bankastjórnar.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, skoðunarmenn og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn.

34. gr.

Bækur viðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

V. KAFLI

Um laust fé og eigið fé.

35. gr.

Viðskiptabanki skal kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

36. gr.

Eigið fé viðskiptabanka að meðtöldum ¾ hlutum andvirðis skuldabréfa samkvæmt 30. gr. má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankans. Við niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal bæta samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða en draga frá eftirtalda liði:

a) Eigið fé,
b) peninga í sjóði,
c) innlán í Seðlabanka Íslands,
d) innlán í öðrum innlendum og erlendum innlánsstofnunum,

Bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, má eigi vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans.

VI. KAFLI
Ársreikningur.

37. gr.

Reikningsár viðskiptabanka skal ákveðið í reglugerð eða samþykktum. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra setur nánari reglur um gerð ársreiknings.

38. gr.

Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri athugasemdir fram að færa við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

39. gr.

Ársreikningur viðskiptabanka skal liggja frammi í afgreiðslu bankans og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar.

VII. KAFLI
Endurskoðun.

40. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, og skoðunarmanni, sem er löggiltur endurskoðandi, eða endurskoðunarstofu sem ráðherra skipar til sama tíma.

Á aðalfundi hlutafélagsbanka skulu kjörnir hlutbundinni kosningu a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Í samþykktum hlutafélagsbanka má ákveða að löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu skuli tilnefna á annan hátt.

Skoðunarmaður viðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun.

Þóknun skoðunarmanna ríkisviðskiptabanka er háð samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs. Þóknun skoðunarmanna hlutafélagsbanka er háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Skylt er að veita skoðunarmanni aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skulu bankaráð og starfsmenn bankans veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

41. gr.

Við viðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 19. gr.

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi banka og þáttur í eftirlitskerfi hans.

42. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunar-

venjur á hverjum tíma. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi upplýsingaskyldu banka.

Ákvörðun skoðunarmanna um, að hve miklu leyti þeir byggja á störfum innri endurskoðunardeildar, ræðst af mati þeirra á starfsaðferðum deildarinnar og virkni eftirlitsstarfa.

43. gr.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn, að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram, skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við bankaráð eða bankastjórn, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara.

Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans, skulu skoðunarmenn gera bankaráði og bankaeftirlitinu viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja bankaráðsfundi þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hafa þeir rétt til að sitja hluthafafundi hlutafélagsbanka.

44. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og skoðunarmönnum reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VIII. KAFLI

Slit og samruni viðskiptabanka.

45. gr.

Hafi bankaráð, bankastjórn eða skoðunarmenn viðskiptabanka ástæðu til að ætla, að eigið fé hans sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 36. gr., ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka sé undir lágmarki 36. gr., skal það krefja skoðunarmenn viðskiptabankans þegar í stað um reikningsuppgjör sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr., að eigið fé hlutafélagsbanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr., skal bankaráð án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana það hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr., að eigið fé ríkisviðskiptabanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr., skal bankaeftirlitið tafarlaust krefja bankaráð um greinargerð þar

sem fram kemur til hverra ráðstafana það hyggst grípa. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni. Skal ráðherra síðan leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til af þessu tilefni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn samkvæmt 3. mgr. eða lokið er meðferð samkvæmt 4. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki samkvæmt 36. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni viðskiptabankans til úrbóta muni ekki bera árangur.

46. gr.

Bú viðskiptabanka verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta að hætti III. kafla gjaldþrotalaga.

Slíta ber viðskiptabanka í eftirtöldum tilvikum:

a) Ef ráðherra synjar viðskiptabanka um frest að hætti 5. mgr. 45. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda, án þess að bankanum hafi tekist að auka eigið fé fram yfir lágmark samkvæmt 36. gr.,
b) ef skylt er að slíta hlutafélagsbanka samkvæmt lögum um hlutafélög eða samþykktum félagsins,
c) ef hluthafafundur ákveður að slíta hlutafélagsbanka,
d) ef Alþingi ákveður að ríkisviðskiptabanka verði slitið.

Í þeim tilvikum sem getið er í b, c og d liðum 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs skoðunarmanna hlutaðeigandi viðskiptabanka á sama hátt og samkvæmt 2. mgr. 45. gr. og afhenda það ráðherra ásamt álitsgerð sinni um það hvort eignir viðskiptabankans hrökkvi fyrir skuldum hans.

47. gr.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka samkvæmt a lið 2. mgr. 46. gr. eða fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins í tilvikum, sem eiga undir b, c eða d lið sama ákvæðis að óvíst sé, að eignir viðskiptabankans hrökkvi til greiðslu skulda hans, skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi viðskiptabankans kröfu um að bú viðskiptabankans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eru ákvæði 2. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka samkvæmt b, c eða d liðum 2. mgr. 46. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt, að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum, skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi viðskiptabankans kröfu um að bú hans verði tekið til skipta til slita á viðskiptabankanum.

Er skiptaráðandi hefur kannað, hvort fullnægt sé skilyrðum 46. gr. fyrir kröfunni, skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Þegar er úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn skal skiptaráðandi auglýsa skiptin í Lögbirtingablaði með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga og skal í auglýsingunni tekið fram hvort búið sé tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

48. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka gilda ákvæði IV.—XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra gilda ekki um skipti sem komin eru til samkvæmt 2. mgr. 47. gr.

Þegar ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr., miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 5. mgr. 45. gr., en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem skiptaráðanda berst krafa ráðherra samkvæmt 1. eða 2. mgr. 47. gr.

49. gr.

Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal viðskiptaráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

50. gr.

Samruni hlutafélagsbanka, hvort sem er innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir, má því aðeins fara fram að fengið sé leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda um samrunann ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt.

Hlutafélagsbanka, sem slitið er vegna samruna við annan hlutafélagsbanka eða aðra innlánsstofnun, er eigi skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.

Ríkisviðskiptabönkum er því aðeins heimilt að yfirtaka starfsemi annarra innlánsstofnana að fengið sé leyfi ráðherra.

IX. KAFLI

Refsiákvæði.

51. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

X. KAFLI

Gildistaka o. fl.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Ákvæði VI. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár sem hefst á árinu 1985. Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 11. gr. tekur til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 12. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra sem föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

53. gr.

Viðskiptabankar, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og bankar, sem verða stofnaðir með samruna þessara banka, skulu koma eigin fé í það horf, sem áskilið er samkvæmt 36. gr., innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Hlutafé hlutafélagsbanka, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og banka, sem stofnaðir verða með samruna þessara banka, skal hafa náð því lágmarki, sem ákveðið er í 3. mgr. 5. gr., innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

54. gr.

Innan árs frá gildistöku laga þessara skal ráðherra gefa út reglugerð er hafi að geyma

nánari ákvæði um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Leita skal tillagna ríkisviðskiptabankanna og umsagnar bankaeftirlitsins áður en reglugerðin er sett.

Samþykktir hlutafélagsbanka skulu staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins. Hlutafélagsbankar, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, skulu breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

55. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a) Lög nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 35/1983 um breyting á þeim lögum,
b) lög nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 37/1983 um breyting á þeim lögum,
c) lög nr. 34/1957 um Útvegsbanka Íslands,
d) lög nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 og 89/1984 um breyting á þeim lögum,
e) lög nr. 113/1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 31/1963, 59/1984 og 88/1984 um breyting á þeim lögum,
f) lög nr. 46/1960 um Verslunarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 93/1973,
g) lög nr. 46/1962 um Samvinnubanka Íslands h/f,
h) lög nr. 71/1970 um Alþýðubankann h.f.,
i) ákvæði 11. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,
j) lög nr. 51/1905 um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf sem hljóða upp á handhafa,
k) lög nr. 6/1921 um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.,
l) lög nr. 62/1928 um hlunnindi fyrir lánsfélag,
m) lög nr. 31/1930 um sveitabanka,
n) lög nr. 49/1931 um Ríkisveðbanka Íslands,
o) lög nr. 51/1932 um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara starfa þrír ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur starfa fjórir hlutafélagsbankar, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Verslunarbanki Íslands h/f, Samvinnubanki Íslands h/f og Alþýðubankinn h.f.

II.

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðum ríkisviðskiptabanka.

III.

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa tvo skoðunarmenn fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra endurskoðenda er síðast voru kjörnir af Alþingi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júlímánuði 1981 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra, Tómas Árnason, fimm manna bankamálanefnd. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að henni væri falið „að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöfina um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans með það að

markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabankana".

Í nefndina voru skipaðir: Halldór Ásgrímsson, alþingismaður, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jón G. Sólnes, fyrrv. alþingismaður, Kjartan Jóhannsson, alþingismaður, Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra, og Matthías Á. Mathiesen, alþingismaður. Í maímánuði 1983 tóku tveir nefndarmanna, þeir Halldór Ásgrímsson og Matthías Á. Mathiesen, sæti í nýrri ríkisstjórn og voru þá skipaðir í þeirra stað í nefndina Þorsteinn Pálsson, alþingismaður, sem formaður, og Björn Líndal, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu. Ritari nefndarinnar var ráðinn Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Bankamálanefnd sendi viðskiptaráðuneytinu tillögur sínar að lagafrumvörpum um Seðlabanka Íslands og viðskiptabanka með bréfi hinn 21. mars á þessu ári. Einnig fylgdi bréfinu bókun nefndarinnar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka sem síðar verður vikið að. Skömmu síðar bárust ráðuneytinu sérálit tveggja nefndarmanna, Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar, og fylgja þau frumvarpinu.

Að fengnum tillögunum ákvað viðskiptaráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Búnaðarbanka Íslands og Iðnaðarbanka Íslands h/f þar sem gert var ráð fyrir að málefni þessara banka yrðu færð undir viðskiptaráðuneytið. Var það í samræmi við eina af tillögum bankamálanefndar. Frumvörpin urðu að lögum skömmu fyrir þinglok vorið 1984.

Í byrjun sumars 1984 voru tillögur bankamálanefndar sendar Seðlabankanum og viðskiptabönkunum til umsagnar. Bárust ráðuneytinu umsagnir þessara aðila um mitt sumar og komu þar fram ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara. Hefur í ýmsu verið tekið tillit til þessa við endanlega gerð frumvarpsins. Af hálfu ráðuneytisins er ráðgert að leggja umsagnir bankanna fyrir fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda Alþingis um leið og nefndirnar fá frumvarpið til athugunar. Jafnframt hafa tillögurnar verið teknar til sjálfstæðrar athugunar í ráðuneytinu. Hefur ráðuneytið notið aðstoðar Benedikts Sigurjónssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, við það verk. Þá hefur Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi, farið yfir VI. og VII. kafla frumvarpsins sem fjalla um ársreikning og endurskoðun. Loks fékk ráðuneytið Markús Sigurbjörnsson, fulltrúa yfirborgarfógeta, til að útfæra nánar tillögur bankamálanefndar að VIII. kafla frumvarpsins um slit og samruna viðskiptabanka.

Þrátt fyrir að mikið starf hafi verið innt af hendi við athugun á tillögum bankamálanefndar að frumvarpi til laga um viðskiptabanka er tillögum nefndarinnar fylgt í flestum meginatriðum í hinni endanlegu gerð frumvarpsins sem hér liggur fyrir.

Nú eru starfandi sjö viðskiptabankar hér á landi og námu heildarinnlán þeirra 82% af heildarinnlánum innlánsstofnana í árslok 1983. Þrír þessara banka eru í eigu ríkisins en það eru Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands. Hinir fjórir eru reknir sem hlutafélög en þeir eru Iðnaðarbanki Íslands h/f, Verslunarbanki Íslands h/f, Samvinnubanki Íslands h/f og Alþýðubankinn h. f. Sérstök lög gilda um hvern þessara banka. Af þeim lögum, sem eru í gildi, eru elst lög nr. 113/1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 31/1963, lög nr. 59/1984 og 88/1984. Síðan koma lög nr. 46/1960, sbr. lög nr. 93/1973, um Verslunarbanka Íslands h/f, lög nr. 46/1962 um Samvinnubanka Íslands h/f, lög nr. 11/1961, sbr. lög nr. 35/1983, um Landsbanka Íslands, lög nr. 12/1961, sbr. lög nr. 37/1983, um Útvegsbanka Íslands, lög nr. 71/1970 um Alþýðubankann h. f. og loks lög nr. 28/1976, sbr. lög nr. 39/1983 og 89/1984 um Búnaðarbanka Íslands.

Meðal annarra laga er taka til eða hafa að geyma ákvæði um viðskiptabanka, má nefna lög nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, sbr. lög nr. 51/1984, lög nr. 32/1978 um

hlutafélög, sem gilda um hlutafélagsbanka að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við sérlög um þá banka, lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands ásamt síðari breytingum.

Heildarendurskoðun bankakerfisins hófst fyrir réttum 12 árum þegar þáverandi viðskiptaráðherra, Lúðvík Jósepsson, skipaði bankamálanefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið. Nefndin skilaði áliti í janúar 1973 og hafði þá samið drög að frumvörpum um nýja löggjöf um peningastofnanir eins og nefndin komst að orði í bréfi sínu til ráðherra.

Frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem byggt var á tillögum nefndarinnar, var lagt fyrir Alþingi vorið 1974 en dagaði uppi. Upp frá því hafa nokkrum sinnum verið lögð fyrir Alþingi frumvörp til laga um ríkisviðskiptabanka og frumvörp til laga um hlutafélagsbanka, bæði sem stjórnarfrumvörp og þingmannafrumvörp. Hafa öll frumvörpin verið byggð á fyrrgreindum tillögum að meira eða minna leyti. Ekkert þessara frumvarpa náði fram að ganga.

Eins og áður segir er í flestum meginatriðum fylgt tillögum bankamálanefndar í þessu frumvarpi. Við samningu tillagnanna var hins vegar höfð hliðsjón af þeim frumvörpum sem greind eru að framan og lögð hafa verið fyrir Alþingi. Auk þess átti bankamálanefnd viðræður við bankastjórnir allra viðskiptabankanna er hún vann að tillögugerðinni. Þá hefur og verið aflað ýmissa gagna og m. a. litið til bankalöggjafar á hinum Norðurlöndunum en samhliða reynt að gæta þess að ákvæði frumvarpsins féllu að séríslenskum aðstæðum.

Frumvarpið skiptist í 10 kafla og eru greinar þess 55 talsins auk ákvæða til bráðabirgða. Ýmsum ákvæðum gildandi laga hefur verið breytt eða þau felld brott. Jafnframt er mörgum nýjum ákvæðum bætt við sem ætlað er að færa löggjöfina í nútímalegra horf. Með þessum hætti er reynt að tryggja betur hagsmuni eigenda innlánsfjár og atvinnulífinu betri bankaþjónustu. Samhliða er ætlunin að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri banka.

Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins eru þau sem hér segir:

1. Horfið er frá þeirri skipan að binda starfsemi hvers viðskiptabanka að verulegu leyti við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunasamtök eins og nú er gert í lögum allra viðskiptabankanna nema Landsbankans. Þess í stað segir í frumvarpinu, að viðskiptabanki reki hvers konar viðskiptabankastarfsemi, og er þar nánar skilgreint hvað felst í hugtakinu.
2. Viðskiptabankar verða einungis reknir sem ríkisviðskiptabankar eða sem hlutafélög. Stofnun hlutafélagsbanka verður háð ströngum, almennum skilyrðum. Hingað til hafa hlutafélagsbankar verið stofnsettir með sérstakri löggjöf. Meðal þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir stofnun nýs hlutafélagsbanka, er að greitt hlutafé nemi a. m. k. 100 milljónum króna og hömlur á meðferð hluta séu bannaðar. Starfandi hlutafélagsbankar og bankar, sem verða til við samruna þessara banka, fá fimm ára frest til að aðlaga sig þessum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir að erlendum bönkum verði heimilt að setja á stofn hér á landi umboðsskrifstofur að fengnu leyfi ráðherra. Starfsemi umboðsskrifstofa mun fyrst og fremst felast í öflun og veitingu upplýsinga svo og ráðgjöf við viðskiptaaðila hins erlenda banka hér á landi.
3. Stofnun bankaútibúa er ekki háð leyfi ráðherra eins og nú er samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 10/1964. Á hinn bóginn er kveðið svo á að bókfært verð þeirra fasteigna, sem viðskiptabanki notar undir starfsemi sína, megi ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar 65% af eigin fé bankans. Í frumvarpinu er heitið útibú notað yfir alla afgreiðslustaði utan aðalbanka.
4. Heimild bankastjóra viðskiptabankanna til að sitja í stjórn annarra stofnana eða atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti er þrengd verulega. Verði frumvarpið að lögum má ekki eftir gildistöku þess ráða bankastjóra til lengri tíma en 6 ára í senn.

5. Viðskiptabankar ákveða sjálfir inn- og útlánsvexti og önnur þjónustugjöld. Við ákvörðun vaxta og annarra þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir.
6. Viðskiptabankar hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri án sérstaks leyfis bankastjórnar Seðlabankans sem áskilið er samkvæmt gildandi lögum. Eftir sem áður er ráð fyrir því gert að Seðlabankinn geti sett gjaldeyrisviðskiptum viðskiptabanka ákveðin takmörk að fengnu samþykki ráðherra.
7. Viðskiptabönkum er heimilt að kaupa hlut í almenningshlutafélögum eins og þau eru skilgreind í 3. málslið 18. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Er hér um nýja heimild að ræða fyrir viðskiptabanka. Heimild þessari er sniðinn þröngur stakkur og má samanlagt bókfært virði hlutabréfaeignar viðskiptabanka ekki vera hærra en 15% af eigin fé bankans.
8. Allir viðskiptabankarnir mega taka við geymslufé (depositum). Hingað til hafa einungis ríkisviðskiptabankar tekið við slíku fé.
9. Krafist er að eigið fé viðskiptabanka, að viðbættum hluta af andvirði sérstakra skuldabréfa sem bankinn getur gefið út, nemi a. m. k. 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings og veittum ábyrgðum. Áður en hlutfall eigin fjár er fundið skal þó draga frá tiltekna liði efnahagsreiknings. Fullnægi viðskiptabanki ekki lágmarkskröfum um eigið fé kemur til kasta ákvæða í VIII. kafla frumvarpsins sem fjallar um slit og samruna viðskiptabanka. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um lágmark eigin fjár hjá viðskiptabönkum. Strangar kröfur í því efni eru hins vegar mikilvægt öryggisatriði fyrir eigendur innlánsfjár og aðra sem kröfur eiga á bankann. Gert er ráð fyrir því að starfandi viðskiptabankar og bankar, sem verða til við samruna þessara banka, fái fimm ára frest til að koma eigin fé í rétt horf verði frumvarpið að lögum.
10. Auk skoðunarmanna, sem kjörnir er af Alþingi, skipar ráðherra löggiltan endurskoðanda sem skoðunarmann fyrir hvern ríkisviðskiptabanka.
11. Settar eru reglur um málsmeðferð við slit og samruna viðskiptabanka.

Fjölmargar aðrar breytingar og nýmæli koma fram í frumvarpi þessu og er nánar vikið að þeim í athugasemdum við einstakar greinar.

Í frumvarpinu eru ekki taldir upp starfandi viðskiptabankar. Það er hins vegar gert í bráðabirgðaákvæði sem fylgir frumvarpinu. Bankamálanefnd fjallaði um sameiningu og fækkun viðskiptabanka en varð ekki ásátt um leið er farin skyldi í því efni. Í bókun, sem nefndin gerði og sendi viðskiptaráðherra, segir m. a.:

> „Jafnframt hafa tvö meginsjónarmið verið sett fram í nefndinni um fækkun og sameiningu ríkisviðskiptabanka. Annars vegar er um innbyrðis sameiningu tveggja ríkisviðskiptabanka að ræða en hins vegar sameiningu ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka.
>
> Nefndin gerir ekki tillögur með hvaða hætti þetta skuli gert en meirihluti nefndarinnar, þeir Þorsteinn Pálsson, Björn Líndal og Jón G. Sólnes telja, að það mundi flýta fyrir framgangi málsins að ráðherra hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar sem leggja mætti fyrir Alþingi í frumvarpsformi þegar þing kemur saman í haust".

Í samræmi við þá afstöðu, sem kom fram hjá meiri hluta bankamálanefndar í framangreindri bókun, hefur viðskiptaráðherra falið þremur mönnum að gera tillögur um bætt skipulag og rekstur viðskiptabanka. Er hlutverk þeirra nánar tiltekið að gera tillögur um fækkun og sameiningu viðskiptabanka samhliða færslu viðskipta og útibúa milli banka. Tillögurnar eiga að fela í sér drög að skipulagsbreytingum sem leiða til eðlilegs hlutfalls milli skuldbindinga og ráðstöfunarfjár banka, góðs jafnvægis í útlánum banka til einstakra atvinnugreina, bættrar þjónustu banka við atvinnulífið og lægri kostnaðar við bankarekstur.

Forusta fyrir verkinu hefur verið falin dr. Gylfa Þ. Gíslasyni, fyrrv. ráðherra, en með honum starfa Björn Líndal, deildarstjóri, og Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum.

Afstaða minnihluta bankamálanefndar til þessa máls kemur fram í sérálitum er fylgja frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Í þessari upphafsgrein frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptabankar geti á tvennan hátt haft stöðu að lögum. Annars vegar verði bankarnir reknir af ríkisstofnunum (ríkisviðskiptabankar) og hins vegar af hlutafélögum er fullnægja tilteknum skilyrðum, sbr. 5.–7. gr. frumvarpsins (hlutafélagsbankar). Í öllum meginatriðum er því fylgt sömu skipan mála og nú er.

Ekki þykir ástæða til að fjölga rekstrarformum á þessu sviði. Slíkt myndi gera löggjöfina mun flóknari og hætt er við að ýmis konar sérákvæði um hvert rekstrarform kæmu í veg fyrir að viðskiptabankar byggju við sömu skilyrði að lögum eins og reynt er að stuðla að í frumvarpinu. Sá kostur hefur því verið valinn að auk tiltekinna ríkisstofnana megi einungis hlutafélög reka viðskiptabanka. Er þá haft í huga að hlutafélög eru félög með takmarkaðri ábyrgð og um þau gilda ítarleg lög nr. 32/1978 sem skapa félagsforminu festu, bæði skipulagslega og fjárhagslega. Samkvæmt greininni er ætlunin að lög um hlutafélög gildi um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum um viðskiptabanka. Hlutafélagsbankarnir munu því m. a. þurfa að gegna tilkynningaskyldu gagnvart hlutafélagaskrá.

Í greininni er ekki tekið fram hverjir séu starfandi viðskiptabankar. Það er gert í ákvæði I til bráðabirgða. Er sú skipan mála höfð á þar sem viðskiptaráðherra hefur falið þremur mönnum að gera tillögur um bætt skipulag og rekstur viðskiptabanka með fækkun þeirra og sameiningu, ásamt færslu viðskipta og útibúa milli banka.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar er kveðið á um stöðu ríkisviðskiptabankanna innan stjórnkerfis ríkisins, sbr. og 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Málsgreinin er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um einstaka ríkisviðskiptabanka.

Í síðari málsgreininni er fjallað um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna og er hún samhljóða 2. gr. gildandi laga um þá banka.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um ríkisviðskiptabankana. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er tekið fram að heimili og varnarþing þeirra sé í Reykjavík. Í greininni er lagt til að það ráðist af samþykktum hlutafélagsbanka hvar þeir eigi heimili og varnarþing.

Við endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands hefur verið gert ráð fyrir að 5. mgr. 10. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 10/1964, verði felld brott. Þar segir að innlánsstofnun, er hyggist setja á stofn útibú, skuli sækja um leyfi til þess hjá Seðlabankanum er sendir umsóknina til ráðherra sem tekur ákvörðun um hvort leyfi skuli veitt. Í þessari grein frumvarpsins er bankaráði falið að ákveða hvar viðskiptabanki hefur útibú. Bankaráð er í þessu efni einungis bundið af ákvæðum 2. mgr. 36. gr. frumvarpsins og má um frekari skýringar vísa til þess er segir í athugasemdum við þá grein.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli.

Í 1. mgr. er lagt til að hlutverk viðskiptabanka sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi sem er nánar skilgreind í IV. kafla frumvarpsins, sbr. einkum 26. gr., og má um frekari skýringar vísa til athugasemda við þá grein. Í gildandi lögum er þessum málum skipað á annan hátt. Öll þessi lög nema lögin um Landsbankann kveða svo á að bankarnir skuli hver um sig einkum styðja tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahóp. Þessi skipan þykir ekki heppileg, m. a. með tilliti til útlánaáhættu hvers banka, og er rétt að hver banki geti veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna og einstaklingum.

Í 1. mgr. þessarar greinar er bannað að bankar reki aðra starfsemi en viðskiptabankastarfsemi án sérstakrar lagaheimildar. Samkvæmt 28. gr. frumvarpsins er viðskiptabönkum veitt þröng heimild til að eiga aðild að annarri starfsemi. Engu að síður er það meginstefna frumvarpsins að viðskiptabankar reki eingöngu viðskiptabankastarfsemi. Stefna þessi er í samræmi við ákvæði gildandi laga um viðskiptabanka og byggist á því að tryggja öryggi í rekstri viðskiptabanka og þar með hagsmuni sparifjáreigenda.

Öðrum aðilum en viðskiptabönkum er samkvæmt frumvarpinu óheimilt að reka viðskiptabankastarfsemi. Þeim er hins vegar heimilt að hafa með höndum starfsemi sem felur í sér ákveðna þætti viðskiptabankastarfsemi eða er hliðstæð slíkri starfsemi. Í þessu sambandi má t. d. nefna verðbréfaviðskipti og afborgunarkaup. Starfsemi af þessu tagi eru þó ákveðin takmörk sett, sbr. 2. mgr. 26. gr., þar sem gert er ráð fyrir að einungis viðskiptabankar og aðrir, sem til þess hafa sérstaka heimild í lögum, geti auglýst eða boðist til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Jafnframt er í 2. mgr. lagt til að viðskiptabönkum einum sé rétt og skylt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið banki. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að aðrir aðilar, einkum þeir er reka starfsemi sem er hliðstæð viðskiptabankastarfsemi, villi á sér heimildir. Ýmis fyrirtæki sem bera heiti er felur í sér orðið banki, eru skráð í firmaskrá. Því þykir ekki fært að kveða svo á í frumvarpinu að þeir sem þegar nota orðið banki í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni skuli leggja það niður. Það er og ljóst að þau fyrirtæki sem bera þessi firmaheiti reka starfsemi sem lítil hætta er á að almenningur rugli saman við bankastarfsemi.

II. KAFLI

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Samkvæmt íslenskum rétti þarf nú sérstaka lagasetningu ef stofna á nýjan hlutafélagsbanka. Hér er lögð til sú breyting að löggjafinn setji framvegis ströng almenn skilyrði fyrir stofnun hlutafélagsbanka er geri sérstaka lagasetningu óþarfa ef til þess kæmi að nýr banki væri settur á stofn. Umrædd skilyrði er að finna í þessari grein og 6. gr. frumvarpsins. Þau lúta að fjölda stofnenda og hluthafa, lágmarksfjárhæð og greiðslu hlutafjár, meðferð hluta og takmörkun á atkvæðisrétti einstakra hluthafa.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að lágmarksfjöldi stofnenda og hluthafa verði 50. Samkvæmt gildandi lögum um hlutafélagsbankana ræðst það af ákvæðum laga um hlutafélög hversu strangar kröfur eru gerðar um fjölda stofnenda og hluthafa og segir að stofnendur skuli a. m. k. vera 5 talsins og hluthafar jafnan eigi færri en 5. Samkvæmt þessari málsgrein skulu hluthafar í hverjum hlutafélagsbankanna hins vegar eigi vera færri en 50 talsins. Með þessu stranga skilyrði er leitast við að tryggja að ekki sé ráðist í stofnun banka nema margir aðilar hafi hug á stofnuninni. Verði hluthafar færri en 50 er gert ráð fyrir að félagið fái hæfilegan frest til að fjölga hluthöfum að tilskildu lágmarki, sbr. 4. mgr. 114. gr. hlutafélagalaga. Reynist það árangurslaust kemur til kasta VIII. kafla þessa frumvarps.

Í 2. mgr. eru þeir tæmandi taldir sem geta verið hluthafar í hlutafélagsbanka, og eru það eingöngu íslenskir aðilar. Í 8. gr. frumvarpsins er hins vegar að finna heimild fyrir erlenda banka til að reka umboðsskrifstofur hér á landi.

Með 3. mgr. er sett það skilyrði að hlutafé í hlutafélagsbanka skuli nema a. m. k. kr. 100 000 000. Þess er einnig krafist að hluthafar hafi greitt allt hlutaféð áður en banki er skráður í hlutafélagaskrá og getur hafið starfsemi, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Hér er um mun strangari skilyrði að ræða en gilda almennt um hlutafélög. Samkvæmt lögum um hlutafélög má hlutafé eigi vera lægra en kr. 20 000 og þarf a. m. k. fjórðungur þess að vera greiddur þegar félag er skráð í hlutafélagaskrá, þó aldrei lægri fjárhæð en kr. 10 000. Þessi ákvæði eru reyndar úrelt enda hafa miklar verðlagsbreytingar átt sér stað frá setningu laganna árið 1978 en engu að síður er lágmarkskrafa þessa frumvarps varðandi hlutaféð mun hærri en sú krafa sem almennt væri sanngjarnt að gera til hlutafélaga nú. Með þessu skilyrði frumvarpsins er reynt að stuðla að því að bankar séu það stórar stofnanir strax við upphaf rekstrar að þeir geti sinnt almennri og alhliða bankaþjónustu, sbr. athugasemdir við 1. gr. Full greiðsla á hlutafé áður en banki er skráður í hlutafélagaskrá á einnig að tryggja að bankar geti þegar hafið starfsemi af fullum krafti.

Í 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins er lagt til að starfandi hlutafélagsbankar fái 5 ár til að laga sig að þessum skilyrðum.

Um 6. gr.

Í 1.mgr. er ákvæði þess efnis að ekki megi leggja hömlur á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka. Er þetta í samræmi við það sem nú tíðkast, sbr. 3. ml. 18. gr. laga um hlutafélög.

Ýmis nýmæli er að finna í 1. mgr. Þar er tekið fram að óheimilt sé að ákveða í samþykktum hlutafélagsbanka að tilteknir hlutir hafi aukið atkvæðagildi eða sé skipt með öðrum hætti í sérstaka flokka sem veiti eigendum þeirra sérréttindi umfram aðra hluthafa. Enn fremur er kveðið svo á að enginn hluthafi megi, hvorki fyrir sjálfs sín hönd né annarra, fara með meira ⅕ hluta samanlagðra atkvæða á hluthafafundum í bankanum. Miða ákvæði þessi að því að tryggja sem best að hlutafélagsbankar séu starfræktir sem almenningshlutafélög en ekki í eigu fárra aðila er auk þess ráði meirihluta atkvæða á hluthafafundum.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein veitir viðskiptaráðherra hlutafélagsbanka starfsleyfi eftir að bankinn hefur fengist skráður í hlutafélagaskrá. Með þessu ákvæði er ætlunin að ráðherra gangi úr skugga um það hvort skipulag og fyrirhuguð starfsemi bankans sé í öllum atriðum í samræmi við lög.

Um 8. gr.

Um nokkurt skeið hefur það sífellt færst í aukana að bankar og sparisjóðir erlendis hefji starfsemi utan síns heimalands. Hafa þeir stundum gert það einir sér en einnig í samstarfi við aðra banka, sparisjóði eða önnur fjármögnunarfyrirtæki. Þessari starfsemi getur verið háttað með ýmsu móti. Starfsemi svonefndra umboðsskrifstofa (representative office) með fáum starfsmönnum er algeng. Þar fer fram ýmiss konar þjónustustarfsemi við viðskiptaaðila bankans í viðkomandi landi, s. s. upplýsingastarfsemi, ráðgjöf, og einnig reynir umboðsskrifstofan að afla bankanum viðskipta. Eiginleg viðskiptabankastarfsemi fer þar ekki fram, hvorki móttaka innlánsfjár, útlánastarfsemi né verðbréfaviðskipti. Auk starfrækslu umboðsskrifstofa er einnig algengt að bankar og sparisjóðir erlendis starfræki útibú í öðrum löndum sem geta sinnt hvers konar viðskiptabanka- og sparisjóðsstarfsemi. Um stofnun og starfsemi slíkra útibúa gilda ætíð lög þess lands þar sem útibúin eru starfrækt.

Loks er algengt að bankar og sparisjóðir stofni sameiginlega sjálfstæða banka utan sinna heimalanda. Má í þessu sambandi t. d. nefna Scandinavian Bank Limited í London en til skamms tíma áttu bankar á öllum Norðurlöndum hlutafé í þeim banka. Landsbanki Íslands á nú 3% hlutafjár í bankanum.

Erlendir bankar reka ekki neina þá starfsemi hér á landi sem að framan er lýst. Með hliðsjón af framvindu þessara mála erlendis, þ. á m. á Norðurlöndunum, þykir hins vegar rétt að veita þeim kost á slíku innan þröngra marka. Þá skiptir það máli að ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún hyggist láta endurskoða reglur um beina lántöku fyrirtækja erlendis án ríkisábyrgðar. Af þessum sökum kunna erlendir bankar að hafa áhuga á að reka umboðsskrifstofur hér á landi er hefðu það meginhlutverk að vera tengiliðir milli þeirra og íslenskra lántakenda.

Í greininni er lagt til að ráðherra geti veitt erlendum bönkum leyfi til að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi. Gert er ráð fyrir að ráðherra innheimti gjald fyrir leyfisveitingu. Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög munu gilda um starfsemi umboðsskrifstofa en í þeim kemur m. a. fram að öll lögskipti er leiðir af starfseminni skuli lúta íslenskum lögum og lögsögu. Til viðbótar þessum ákvæðum er lagt til að ráðherra setji frekari reglur um skrifstofurnar. Þykir nauðsynlegt að veita ráðherra nokkurt svigrúm í þessu efni þar sem starfsemi umboðsskrifstofa erlendra banka hér á landi er enn óþekkt.

III. KAFLI

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að yfirstjórn ríkisviðskiptabanka verði í höndum viðskiptaráðherra og bankaráða. Með lögum nr. 89/1984 um breyting á lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbankann var gerð sú breyting að yfirstjórn bankans var færð úr höndum landbúnaðarráðherra í hendur viðskiptaráðherra. Yfirstjórn Landsbankans og Útvegsbankans hefur hins vegar lengst af verið í höndum viðskiptaráðherra. Ákvæði þetta er því einungis staðfesting á þeirri skipan sem nú gildir.

Yfirstjórn viðskiptaráðherra nær einnig til þeirra veðdeilda sem starfræktar eru við ríkisviðskiptabanka. Á þetta m. a. við um veðdeild Búnaðarbankans sem starfrækt er á grundvelli laga nr. 34/1979, sbr. skýringu á 1. gr. þeirra laga. Öðru máli gegnir um fjárfestingarsjóði sem starfræktir eru í tengslum við ríkisviðskiptabanka. Um yfirstjórn þeirra fer eftir þeim lögum er um þá gilda.

Ákvæði 2. mgr. er á sömu lund og ákvæði gildandi laga um skipun bankaráða í ríkisviðskiptabönkum. Í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um Landsbankann og Útvegsbankann eru ákvæði þess efnis að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Ekki þykir lengur ástæða til að halda í skilyrði af þessu tagi og er lagt til að þau séu felld niður. Sams konar skilyrði er ekki í gildandi lögum um Búnaðarbankann og er ekki til þess vitað að það hafi valdið erfiðleikum.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli. Rétt þykir að ráðherra sé veitt ótvíræð heimild til að fylgjast með rekstri ríkisviðskiptabanka hvenær sem hann telur þess þörf.

11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að bankastjórar ríkisviðskiptabanka verði þrír talsins eins og verið hefur. Innan hvers banka mynda bankastjórar bankastjórn sem fer með framkvæmdastjórnina.

Örðugt er að afmarka nákvæmlega þau verkefni sem teljast til framkvæmdastjórnar en til leiðbeiningar má þó vísa til 23. gr. svo og annarra greina frumvarpsins þar sem talin eru upp sérstök verkefni sem bankaráðum er ætlað að hafa með höndum, sbr. t. d. 3., 13., 19. og 21. gr. frumvarpsins en þau falla að sjálfsögðu ekki undir framkvæmdastjórn.

Í 2. mgr. er fjallað um ráðningu, ráðningartíma, uppsögn og frávikningu bankastjóra. Lagt er til að þeirri reglu verði haldið að bankaráð ráði bankastjóra og segi þeim upp starfi. Þá er lagt til að sú breyting verði gerð frá gildandi lögum að bankaráði sé skylt að hafa samráð við ráðherra áður en það víkur bankastjóra fyrirvaralaust frá og án launa vegna brots í starfi. Slík ákvörðun er það sérstaks eðlis að eðlilegt þykir að yfirstjórnandi ríkisviðskiptabanka hafi þar hönd í bagga.

Mikilvægasta nýmæli í 2. mgr. varðar ráðningartíma bankastjóra. Samkvæmt gildandi lögum, sbr. t. d. 10. gr. laga nr. 11/1961, eru bankastjórar ríkisviðskiptabanka ráðnir með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Í framkvæmd hafa bankastjórar venjulega gegnt sínum stöðum allt til þess tíma er þeir fara á eftirlaun. Hér er lagt til að ráðningartíma bankastjóra verði sett takmörk með þeim hætti að ekki megi ráða þá til lengri tíma en 6 ára í senn. Á hinn bóginn er endurráðning heimil. Með þessu er reynt að tryggja að allir æðstu yfirmenn flytjist með hæfilegum fresti milli starfa og er þannig komið í veg fyrir stöðnun innan ríkisviðskiptabankakerfisins án þess að svipt sé burt þeim blæ stöðugleika og festu sem einkenna þarf bankarekstur. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að í ráðningarsamningi bankastjóra sé gert ráð fyrir gagnkvæmum uppsagnarfresti samningsaðila innan ráðningartímans. Um stöðu núverandi bankastjóra í þessu tilliti er fjallað í 2. mgr. 52. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Hér er að finna nýmæli sem tengist takmörkunum á ráðningartíma þeirra, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Er lagt til að bankastjóri skuli við starfslok eiga rétt til biðlauna í 12 mánuði. Tilgangur þessarar reglu er sá að veita bankastjóra hæfilegt svigrúm til að leita sér að nýju starfi við sitt hæfi. Hún á því ekki við þegar bankastjóri hefur öðlast rétt til eftirlauna eða tekur við nýrri stöðu á biðlaunatíma sem jafnhá eða hærri laun fylgja en biðlaununum nemur.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði gildandi laga.

Um 13. gr.

Í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana er kveðið svo á að bankastjórar megi ekki reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf nema samþykki bankaráðs komi til. Grein þessi miðar að því að takmarka enn frekar möguleika bankastjóra ríkisviðskiptabankanna til að gegna öðrum störfum. Jafnframt nær greinin til aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra.

Á þennan hátt er leitast við að hindra að aðrir hagsmunir en hagsmunir hlutaðeigandi banka hafi áhrif á störf bankastjóra, aðstoðarbankastjóra eða útibússtjóra, s. s. við lánveitingar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þessir aðilar geti sinnt störfum sem þeim kunna sérstaklega að vera falin í lögum eða tengjast starfi þeirra innan banka, s. s. seta í stjórn stofnana og fyrirtækja er bankinn á aðild að. Ákvæði greinarinnar girða ekki fyrir að þessir aðilar taki þátt í starfi ýmiss konar áhugamannafélaga og eigi þar sæti í stjórn.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. ml. um vald hluthafafunda er í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög. Í 2. ml. er staðfest sú skipan mála sem tók gildi með lögum nr. 59/1984 og 88/1984 að málefni allra hlutafélagsbankanna heyri undir viðskiptaráðherra. Um yfirstjórn fjárfestingarsjóða, sem starfræktir eru í tengslum við þessa banka, fer eftir lögum sem um þá sjóði gilda.

Um 15. gr.

Samkvæmt lögum um einstaka hlutafélagsbanka gilda nú að nokkru leyti ólíkar reglur um kjör bankaráðs og fjölda bankaráðsmanna. Ákvæði þessarar greinar miða að því að samræma þessi atriði ákvæðum hlutafélagalaga. Er m. a. lagt til að eigi sé skylt að fleiri en þrír menn skipi bankaráð hlutafélagsbanka. Í samþykktum bankanna er hins vegar unnt að kveða svo á að fleiri menn skipi bankaráð, sbr. 6. og 47. gr. hlutafélagalaga.

Um 16. gr.

Þetta ákvæði er nær samhljóða 6. gr. allra gildandi laga um hlutafélagsbankana. Ákvæðið er um margt frábrugðið samsvarandi ákvæðum frumvarpsins um bankastjóra ríkisviðskiptabankanna enda rekstrarformin ólík.

Um 17. gr.

Í gildandi lögum, reglugerðum og samþykktum fyrir hlutafélagssbankana eru engin ákvæði sem takmarka aukastörf bankastjóra eða annarra starfsmanna hlutafélagsbanka.

Samkvæmt þessari grein er hins vegar gert ráð fyrir að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar þurfi leyfi bankaráðs æski þeir þess að gegna störfum utan bankans.

Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að þessir starfsmenn gegni slíkum störfum samrýmist það ekki hagsmunum bankans.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði lýsir almennt því hlutverki sem bankaráðum allra viðskiptabankanna er ætlað að gegna samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðið er að meginstefnu til samhljóða ákvæðum gildandi laga um ríkisviðskiptabankana. Á hinn bóginn skortir slík ákvæði í lög um hlutafélagsbankana en í samþykktum þeirra og reglugerðum er um þá gilda má finna svipuð ákvæði.

Víða í frumvarpinu er að finna ákvæði er kveða nánar á um það hvað felist í umsjón og eftirliti bankaráðs. Um hið fyrrnefnda má t. d. nefna 3., 2. mgr. 11., 1. mgr. 16. og 21. gr. Varðandi síðarnefnda atriðið má t. d. benda á 17., 21., 44. og 45. gr.

Um 19. gr.

Í þeim lögum, er nú gilda um viðskiptabankana, er afskiptum bankaráðs af ráðningu starfsmanna hagað með ýmsum hætti.

Samkvæmt lögum um Landsbankann ræður bankaráðið bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, aðalféhirði, aðalbókara, forstöðumann endurskoðunardeildar og forstöðumenn útibúa utan Reykjavíkur. Í lögum um Útvegsbankann er afskiptum bankaráðs hagað með sama hætti að því fráskildu að forstöðumaður endurskoðunardeildar er ekki nefndur á nafn í lögunum. Lög um Búnaðarbankann gera ráð fyrir að bankaráð ráði í sömu stöður innan bankans og bankaráð Landsbankans að forstöðumanni endurskoðunardeildar undanskildum. Búnaðarbankalögin áskilja einnig að stjórnendur allra útibúa séu ráðnir af bankaráði. Þau lög, er gilda um hvern hlutafélagsbankanna, eru fáorð um þetta efni og kveða einungis svo á að bankaráð ráði bankastjóra. Í samþykktum og reglugerðum um þessa banka segir hins vegar að bankaráð ráði aðalgjaldkera, aðalbókara og forstöðumenn útibúa og umboðsskrifstofa. Samkvæmt samþykkt Iðnaðarbankans er enn fremur gert ráð fyrir að bankaráð ráði aðstoðarbankastjóra.

Samkvæmt þessari grein eiga viðskiptabankarnir að ráða sérstakan forstöðumann, útibússtjóra, að hverju útibúi sem þeir starfrækja. Þá er bönkunum heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að endurskoðunardeild sé til staðar í öllum viðskiptabönkum. Með vísan til þess, að aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar, hver

á sínum stað, eru almennt staðgenglar bankastjóra, er rökrétt að bankaráð ráði þessa starfsmenn. Á hinn bóginn er nauðsynlegt vegna hins nána samstarfs sem þessir starfsmenn þurfa að eiga við bankastjórn, að bankastjórnin eigi tillögurétt um það hverjir ráðnir séu í þessar stöður. Um forstöðumann endurskoðunardeildar gegnir öðru máli. Hann er ráðinn sem trúnaðarmaður bankaráðsins og því ekki eðlilegt að bankastjórn eigi tillögurétt um hver sé ráðinn í stöðuna. Hann veitir forystu þeirri deild viðskiptabanka, sem annast innri endurskoðun samkvæmt 41. gr. frumvarpsins, og gerir bankaráði reglulega grein fyrir því sem deildin verður vísari í störfum sínum. Mikilvægt er að hann njóti nokkurs sjálfstæðis gagnvart bankastjórn. Í greininni er lagt til að bankaráð ákveði laun og önnur ráðningarkjör þeirra starfsmanna sem hér hafa verið taldir. Þetta ákvæði víkur því til hliðar 2. mgr. 1. gr. laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

Um 20. gr.

Ákvæði um ritun firma viðskiptabanka eru nú aðeins í lögum um ríkisviðskiptabankana og er hér lagt til að í höfuðdráttum verði fylgt þeim reglum sem þar er að finna. Segir í greininni að bankaráð ákveði hverjum sé heimilt að rita firma banka. Í öryggisskyni er hins vegar sú takmörkun sett að tveir starfsmenn þurfi að fara með ritunarréttinn í sameiningu svo skuldbindandi sé fyrir banka. Jafnframt er bankaráði heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti, t. d. að réttur tiltekinna starfsmanna í þessu efni nái einungis til ákveðinna tegunda skuldbindinga.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá reglum þessarar greinar. Eru hér höfð í huga þau tilvik þegar afgreiðslur fara fram á vélrænan hátt. Áður en undanþága er veitt er hlutverk bankaeftirlitsins að ganga úr skugga um að fulls öryggis sé gætt við þessar afgreiðslur.

Um 21. gr.

Gildandi lög um viðskiptabankana hafa fá ákvæði að geyma um það hver séu þau mál sem bankaráð taki ákvörðun um. Við gerð þessa frumvarps hefur verið talið nauðsynlegt að bæta hér úr og afmarka skýrar verksvið bankaráða. Eins og bent er á í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins er víða í frumvarpinu að finna ákvæði er kveða á um verkefni bankaráða. Í þessari grein eru flest mikilvægustu verkefnin talin upp.

Í 1. mgr. eru taldir upp 5 málaflokkar sem bankaráð skal ávallt taka ákvörðun um. Núgildandi lög um viðskiptabanka nefna þessa málaflokka ekki á nafn en hins vegar er tekið á flestum þeirra með ýmsum hætti í reglugerðum og samþykktum bankanna. Á það skal bent að bankaráðum er ekki í sjálfsvald sett hvernig þau haga ákvörðunum innan þessara málaflokka heldur takmarkast það af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Má varðandi a- og b-lið vísa til 28., 29., 30. og 2. mgr. 36. gr. frumvarpsins. Að því er varðar c-lið skal tekið fram að breytingar eru ráðgerðar á lögum um Seðlabanka Íslands, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við gildandi lög um ríkisviðskiptabankana og hlutafélagalög.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt 1. og 2. mgr. skuli leita tillagna bankastjórnar.

Í 4. mgr. eru tvö mikilsverð nýmæli. Annars vegar er lagt til að bankaráð móti stefnu hvers banka í vaxtamálum. Er hér við það miðað að breytingar verði gerðar á Seðlabankalögum er geri viðskiptabönkum skylt að ákveða sjálfir þá vexti sem þeir vilja bjóða sparifjáreigendum og taka af lántakendum. Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er ekki ætlunin að bankaráð ákveði vexti af einstökum tegundum inn- og útlána. Það verður í höndum bankastjórnar samkvæmt frumvarpinu. Bankaráð ákveður einungis meginstefn-

una. Er þetta í samræmi við þá verkaskiptingu milli bankaráðs og bankastjórnar sem frumvarpið gerir í megindráttum ráð fyrir. Hitt atriðið, er máli skiptir í þessari málsgrein, er sú heimild sem bankaráði er fengin til að setja almennar reglur um lánveitingar banka. Áður en slíkri heimild er beitt skal umsagnar bankastjórnar leitað. Heimildina verður einnig að skoða með hliðsjón af 23. gr. frumvarpsins þar sem segir að bankastjórn taki ákvörðun um einstakar lánveitingar.

Í reglum um lánveitingar banka mætti m. a. kveða á um skyldu bankastjórnar til að tilkynna bankaráði fyrir fram um sérstaklega stórar lánveitingar til einstakra viðskiptaaðila, tilkynningaskyldu bankastjórnar varðandi þær tryggingar sem teknar væru vegna slíkra lánveitinga, bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé banka o. s. frv.

Um 22. gr.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að um svipað leyti og það verður að lögum muni viðskiptabankar ákveða sjálfir sína vexti. Með þessum hætti er reynt að stuðla að sem minnstum vaxtamun milli inn- og útlána hjá viðskiptabönkum og þar með að sem hagkvæmustum rekstri þeirra. Samráð viðskiptabanka við vaxtaákvarðanir eða við ákvarðanir á þjónustugjöldum kemur í veg fyrir að þessu markmiði verði náð. Þess vegna er lagt til að samráð viðskiptabanka í þessu efni verði bannað. Eftirlit með að ákvæðum greinarinnar verði fylgt, er í höndum bankaeftirlitsins. Jafnframt kemur til greina að beita ákvæðum IV. kafla laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eftir því sem við getur átt.

Um 23. gr.

Fyrr í frumvarpinu, nánar tiltekið í 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 16. gr., hefur komið fram að bankastjórn fer með framkvæmdastjórn viðskiptabanka. Í þessari grein er kveðið nokkru nánar á um það við hvað er átt með orðinu framkvæmdastjórn. Er greinin að meginefni til samhljóða ákvæðum núgildandi laga um ríkisviðskiptabankana. Lög um hlutafélagsbankana hafa ekki að geyma sams konar ákvæði heldur er kveðið á um þetta atriði í reglugerðum eða samþykktum þeirra.

Um 24. gr.

Greinin, sem fjallar um bankaráðsfundi, boðun þeirrra, afgreiðslu mála, seturétt o. fl., er nær samhljóða ákvæðum gildandi laga um ríkisviðskiptabankana. Lög um hlutafélagsbankana hafa ekki að geyma ákvæði um þetta efni.

Um 25. gr.

Í þessari grein er fjallað um þagnarskyldu allra þeirra sem starfa við banka. Svipað ákvæði er að finna í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

IV. KAFLI

Um 26. gr.

Í núgildandi löggjöf um viðskiptabanka hefur verið valinn sá kostur við skilgreiningu á hlutverki bankanna að telja upp einstök verkefni sem þeim er ætlað að hafa með höndum. Í 5. gr. laganna um Landsbankann segir:

„Hlutverk sitt leysir Landsbankinn með því:

a. Að taka fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;

e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf".

Lögin um Verslunarbankann eru að mestu leyti samhljóða lögunum um Landsbankann í þessu efni. Í 9. gr. þessara laga eru verkefni bankans talin þau sem hér segir:

„Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:
1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf."

Nú er lagt til að hugtakið viðskiptabankastarfsemi verði skilgreint með öðrum hætti en hingað til hefur verið gert og að framan er lýst. Sú skilgreining sem lagt er til að fylgt verði í 1. mgr. þessarar greinar, gerir bönkum betur kleift að laga starfsemi sína að breyttum kröfum og aðstæðum á hverjum tíma. Eftir sem áður verður þó starfsemin að vera fólgin í geymslu og ávöxtun fjár og miðlun á peningum, sbr. orðalag málsgreinarinnar. Einnig verður önnur þjónustustarfsemi banka að standa í tengslum við viðskipti sem tengjast slíkri starfsemi.

Skilgreining frumvarpsins á viðskiptabankastarfsemi felur í sér alla þá þætti sem falla nú almennt undir hugtakið, þ. á m. verðbréfaviðskipti. Ákvæðinu er m. ö. o. ekki ætlað að þrengja almennt starfsvettvang viðskiptabanka frá því sem verið hefur. Engu að síður er ætlast til að hugtakið verði skýrt þröngt.

Ákvæði 2. mgr. veitir viðskiptabönkum og öðrum aðilum er til þess hafa lagaheimild, einkarétt á að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Lagaheimildir af þessu tagi eru þegar fyrir hendi í lögum um aðrar innlánsstofnanir, sbr. lög nr. 69/1941 um sparisjóði, lög nr. 46/1937 sem m. a. fjalla um innlánsdeildir samvinnufélaga, lög nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands og póstlög nr. 31/1940 að því er varðar póstgíróstofuna. Samkvæmt 10. gr. laga um Seðlabankann eru þessar stofnanir háðar eftirliti bankaeftirlitsins. Tilgangur þessa eftirlits er fyrst og fremst að gæta hagsmuna þeirra sem eiga innlánsfé í þessum stofnunum eða aðrar kröfur á hendur þeim. Þykir því rétt að kveða skýrt á um einkarétt stofnananna í þessu efni.

Um 27. gr.

Í þessari grein er staðfest sú skipan er nú gildir um verslun viðskiptabankanna með erlendan gjaldeyri. Lög um Seðlabanka og lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála hafa að geyma frekari ákvæði um hvernig háttað skuli verslun með erlendan gjaldeyri hér á landi s. s. reglur um varðveislu þess gjaldeyris sem viðskiptabanka er seldur, um gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, um heimild viðskiptabanka til að semja um yfirdráttarheimildir hjá erlendum bönkum og reglur um lántökur bankanna erlendis.

Um 28. gr.

Í gildandi lögum um viðskiptabankana er ákvæðum er lúta að heimild bankanna til að eiga eignarhlut í öðrum félögum eða stofnunum, hagað með ýmsum hætti. Gætir nokkurs ósamræmis og jafnvel óvissu um hvaða efnis þessar heimildir séu. Í Landsbankalögum er t. d. gert ráð fyrir, að bankinn geti keypt og selt verðbréf, og engra takmarkana getið, t. d.

um hlutabréfaeign. Í lögum um Verslunarbankann segir að bankinn megi ekki kaupa og selja hlutabréf nema í umboði annarra. Um aðild bankans að sameignarfélögum er hins vegar ekkert sagt. Með þessu ákvæði er reynt að eyða því ósamræmi og óvissu sem nú ríkir á þessu sviði bankamála.

Í 1. mgr. er fjallað um félög (stofnanir) sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra skylda starfemi eða starfsemi sem er í eðlilegum tengslum við bankastarfsemi. Þátttaka banka í þessum félögum er bundin því skilyrði að hér sé eingöngu um að ræða félög sem bankar beri takmarkaða ábyrgð á, þ. e. a. s. einungis með framlagi sínu til félaganna. Ótækt þykir að bankar eigi aðild að félögum með ótakmarkaðri ábyrgð þar sem allar eignir bankans standa til tryggingar skuldbindingum félaganna. Þá þykir rétt að framlag banka til félags samkvæmt þessari málsgrein geti einungis numið hluta af eigin fé bankans. Er þetta gert til að tryggja áhættudreifingu hjá bankanum. Að sama marki miðar niðurlag þessarar málsgreinar þar sem mælt er fyrir um að bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í þessum félögum og lánum, sem hann hefur veitt þeim, megi ekki vera meira en sem nemur 60% af eigin fé bankans. Málsgrein þessi tekur ekki til samruna viðskiptabanka enda er samruni háður leyfi ráðherra samkvæmt 50. gr.

Eins og málum háttar nú eiga viðskiptabankar aðild að félögum og stofnunum sem reka skylda starfsemi. Má hér geta aðildar Landsbankans að Útflutningslánasjóði samkvæmt sérstökum lögum, aðildar allra bankanna að Reiknistofu bankanna sem rekin er sem sameignarfélag og samstarfsbanka á sviði greiðslukortastarfsemi í gegnum fyrirtækin VISA ISLAND og KREDITKORT S/F sem bæði eru sameignarfélög. Verði þessi málsgrein samþykkt óbreytt er ljóst að breyta þarf lögum nr. 47/1970 um Útflutningslánasjóð þar sem Landsbankinn ber nú ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Jafnframt verður þá nauðsynlegt að breyta félagsformi þriggja síðartöldu fyrirtækjanna.

Í 2. mgr. er að finna það nýmæli að viðskiptabönkunum verður heimilt innan mjög þröngra marka að leggja fyrirtækjum lið við öflun áhættufjár með kaupum á hlutafé. Þau fyrirtæki sem hér koma til greina eru einungis hlutafélög sem óheimilt er samkvæmt 3. ml. 18. gr. hlutafélagalaga að leggja hömlur á viðskipti með hluti.

Að öðru leyti en að framan greinir er þátttaka eða eignarhald banka í félögum eða stofnunum bannað.

Um 29. gr.

Í gildandi lögum um viðskiptabankana er ekki að finna hliðstætt ákvæði og í 1. mgr. Með málsgreininni er ætlunin að viðskiptabanki eigi einungis fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar. Ekki er talið æskilegt að viðskiptabanki festi laust fé sitt að öðru leyti í fasteignum enda getur féð að meginhluta verið fengið með innlánum til skamms tíma. Á hinn bóginn má ekki skýra orðalag málsgreinarinnar „sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans“ svo þröngt að það taki einungis til þeirra fasteigna sem viðskiptabanki notar á hverjum tíma. Viðskiptabanka er samkvæmt greininni heimilt að festa kaup á fasteignum sem hann hyggst nota í næstu framtíð þótt hann leigi þær út til annarra aðila um skamma hríð.

Í 2. mgr. kemur fram að eignir, sem viðskiptabanki hefur yfirtekið vegna uppgjörs á kröfum, falla ekki undir ákvæði 1. mgr. Á hinn bóginn er lagt til að viðskiptabanki skuli selja þessar eignir jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar en óraunhæft þykir að setja bönkum ákveðinn frest til að selja eignir sem hann öðlast ráðstöfunarrétt yfir með þessum hætti. Sé um að ræða fasteignir ber bankastjórn að leggja málið fyrir bankaráð áður en til sölu kemur, sbr. a lið 1. mgr. 21. gr.

Um 30. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli sem ber að skoða í tengslum við 1. mgr. 36. gr. Samkvæmt

þeirri málsgrein njóta skuldabréf sem viðskiptabanki gefur út á grundvelli þessarar greinar nokkurrar sérstöðu þar sem andvirði þeirra telst að ¾ hlutum til eigin fjár bankans. Þetta fyrirkomulag þekkist erlendis, s. s. í Bretlandi. Með því er viðskiptabönkum gefinn kostur á að bæta fjárhagsstöðu sína og ætti heimild í þessa átt að vera öllum viðskiptabönkunum til hagsbóta. Sérstaklega ættu ákvæðin að koma ríkisviðskiptabönkunum til góða sem nú er ekki kleift að bæta eigið fé sitt með hlutafjárútboði eins og hlutafélagsbankarnir hafa og geta gert. Ákvæðin ættu líka að draga úr líkunum á því að ríkissjóður þyrfti í framtíðinni að hlaupa undir bagga með ríkisviðskiptabönkunum með beinum framlögum til þeirra.

Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að bankaráð taki ákvörðun um útgáfu skuldabréfa af því tagi sem hér um ræðir. Útgáfa bréfanna myndi að sjálfsögðu lúta ákvæðum annarra laga um skuldabréf, s. s. ákvæðum okurlaga og laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þá er gert ráð fyrir að í reglum sem ráðherra setur um ársreikninga viðskiptabanka verði ákvæði um færslu á andvirði þessara skuldabréfa í ársreikningi.

Í ljósi þess að heimilt er að telja andvirði þessara skuldabréfa að ákveðnu marki með eigin fé er nauðsynlegt að sú krafa sem eigandi slíks bréfs eignast á hendur viðskiptabanka skuli við slit eða gjaldþrotaskipti á búi bankans víkja í skuldaröð fyrir kröfum annarra lánardrottna. Er þetta tekið fram í greininni og vísað til reglna skiptalaga um skuldaröð.

Um 31. gr.

Samkvæmt lögum nr. 9/1978 um geymslufé er einungis ríkisviðskiptabönkum heimilt að taka við geymslufé (depositum). Í öðrum lögum er ekki að finna slíka heimild fyrir hlutafélagsbankana. Ekki þykir ástæða til annars en að veita öllum viðskiptabönkunum sama rétt í þessu efni.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum gildandi laga um viðskiptabanka.

Um 32. gr.

Efni þessarar greinar er hliðstætt ákvæðum gildandi laga um viðskiptabankana að því undanskildu að stefnufrestur vegna glataðra innláns- og viðtökuskírteina er styttur úr 6 mánuðum í 3 mánuði.

Um 33. gr.

Í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana eru ákvæði sem banna bankastjórum og starfsmönnum að vera skuldugir þeim banka sem þeir starfa við, bæði sem aðalskuldarar og ábyrgðarmenn. Þetta eru einu ákvæði laga um ríkisviðskiptabanka sem varða efni þessarar greinar. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um þetta efni. Því eru hins vegar gerð nokkur skil í reglugerðum og samþykktum þessara banka.

Nauðsynlegt þykir að í lögum sé skýrt kveðið á um það efni, sem þessi grein fjallar um, og á sama hátt hjá öllum viðskiptabönkum. Sá tilgangur er með ákvæðum greinarinnar að koma í veg fyrir að aðilar nátengdir banka geti notað aðstöðu sína innan viðkomandi banka til að afla sér óeðlilegra hlunninda.

Í ljósi þessa er lagt til að helstu yfirmenn banka, skoðunarmenn og makar þeirra er gegna þessum stöðum, megi ekki vera skuldugir hlutaðeigandi banka, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Um viðskipti annarra starfsmanna við þann banka, sem þeir starfa við, setur bankaráð reglur.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nær samhljóða ákvæðum gildandi laga.

V. KAFLI

Um 35. gr.

Í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana eru ákvæði sem eiga að tryggja að þeir hafi ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé. Má þar m. a. nefna ákvæði þess efnis að eign banka í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum skuli a. m. k. nema fjárhæð sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er að finna svipuð ákvæði.

Aðstæður á peninga- og fjármagnsmarkaði geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og þykir því óraunhæft að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lágmark lauss fjár viðskiptabanka eða annarra innlánsstofnana. Í þessari grein hefur því verið valin sú leið að skilgreina laust fé banka sem peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir. Samhliða því, að laust fé er afmarkað á þennan hátt, er kveðið á um að bankar kappkosti að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar nauðsynlegar greiðslur.

Um 36. gr.

Í gildandi lögum um viðskiptabankana eru engar lágmarkskröfur gerðar um eigið fé þeirra miðað við umfang rekstrar. Engu að síður er hér um mikilvægt atriði í löggjöf um innlánsstofnanir að ræða sem miðar að því að vernda hagsmuni eigenda innlánsfjár þótt banki verði fyrir óvæntum áföllum. Í viðskiptabankalöggjöf allra hinna Norðurlandanna eru ákvæði um lágmark eigin fjár. Í þessari grein er lagt til að tekið verði upp ákvæði þessa efnis. Er lagt til að eigið fé viðskiptabanka megi ekki vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að meðtöldum ¾ hlutum andvirðis skuldabréfa samkvæmt 30. gr., sbr. athugasemdir við þá grein. Við þessa fjárhæð bætist samanlögð fjárhæð veittra ábyrgða utan efnahagsreiknings en frá dragast eignir sem telja má litla hættu á að bankinn tapi.

Þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka er ekki eins rík þörf á að setja reglur um eigið fé þeirra og gildir um hlutafélagsbankana. Engu að síður getur það skipt máli fyrir erlenda banka sem eiga í viðskiptum við íslenskan ríkisviðskiptabanka að ársreikningur sýni að eigið fé sé í fullnægjandi horfi. Enn fremur fela reglur um eigið fé í sér gagnlegt aðhald fyrir ríkisviðskiptabanka og þykir rétt að ríkisviðskiptabankar sæti að þessu leyti sömu starfsskilyrðum og hlutafélagsbankar.

Samkvæmt 37. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um gerð ársreiknings. Setning slíkra reglna getur haft mikið gildi þegar meta skal eigið fé banka. Er þannig unnt að tryggja að við gerð ársreiknings sé gengið út frá sömu forsendum, s. s. við uppgjör einstakra efnahagsliða og mat á eignum og skuldbindingum.

Fari eigið fé undir það lágmark, sem áskilið er í þessari grein, kemur til kasta ákvæða 45. gr. og má um frekari skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Í 2. mgr. er lagt til að bókfært virði fasteigna og búnaðar sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, megi ekki nema hærri fjárhæð en svarar 65% af eigin fé bankans. Þær takmarkanir, sem þetta ákvæði gerir ráð fyrir að settar verði um meðferð bankanna á eigin fé, byggjast á því að óeðlilegt sé að bankar festi allt eigið fé í fasteignum og jafnvel meira fé til. Ákvæðið tekur bæði til fasteigna og búnaðar sem eru í eigu banka og hann hefur á leigu. Samkvæmt 29. gr. frumvarpsins er viðskiptabanka ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans, sbr. athugasemdir við þá grein.

VI. KAFLI

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að reikningsár viðskiptabanka skuli ákveðið í reglugerð eða samþykktum og að fyrir hvert reikningsár skuli gerður ársreikningur. Í gildandi lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka er ákvæði þess efnis að reikningsár (starfsár) skuli vera almanaksárið, en að því er hlutafélagsbankana varðar er tekið á þessu atriði í reglugerð og samþykktum og eru þau ákvæði sama efnis og lögin um ríkisviðskiptabankana.

Þar sem staða viðskiptabanka um áramót getur verið mjög frábrugðin stöðu hans á flestum öðrum tímum árs getur verið gild ástæða til að hafa reikningsár hans annað en almanaksárið sem reikningsár. Þykja því ekki vera rök til þess að lögbinda almanaksárið sem reikningsár.

Í 2. mgr. er sett fram sú meginstefna að ársreikningurinn skuli gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju. Með því er einkum átt við að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við þau sjónarmið sem almennt eru ráðandi hjá sérhæfðu fólki sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma. Á síðustu árum hafa myndast ákveðnar reikningsskilavenjur hjá bönkum og sparisjóðum sem í megindráttum fylgja þeim reikningsskilaaðferðum sem almennt eru notaðar í viðskiptalífinu. Þar sem bankar hafa með höndum sérhæfða starfsemi þykir nauðsynlegt að ráðherra setji nánari reglur um gerð ársreiknings til þess m. a. að sem mestu samræmi verði náð.

Með ákvæði þessu, eru, ef frumvarpið verður að lögum, felld úr gildi lög nr. 35/1983, 37/1983 og 39/1983 um nánari sundurliðun á efnahags- og rekstrarreikningum ríkisviðskiptabankanna. Í þeim reglum sem ráðherra mun setja um gerð ársreiknings verður hins vegar krafist sams konar sundurliðunar.

Um 38. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja að frágenginn ársreikningur ríkisviðskiptabanka verði tilbúin í tæka tíð þannig að ráðherra geti staðfest hann þegar þrír mánuðir eru liðnir frá lokum reikningsársins.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 39. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að haldið sé því fyrirkomulagi að Alþingi kjósi tvo skoðunarmenn fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Sú breyting er þó gerð að hér er lagt til að skoðunarmenn verði kosnir til fjögurra ára í senn í stað tveggja ára eins og er samkvæmt gildandi lögum. Það mikilvæga nýmæli er í 1. mgr. að lagt er til að auk hinna þingkjörnu skoðunarmanna skuli starfa að endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skoðunarmaður sem er löggiltur endurskoðandi og ráðherra skipar. Í stað persónulegrar tilnefningar löggilts endurskoðanda er heimilt að tilnefna endurskoðunarstofu sem er þá fyrirtæki löggiltra endurskoðenda.

Lagt er til að orðið skoðunarmaður verði notað í stað orðsins endurskoðandi. Er það gert með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur þar sem m. a. er kveðið á um það að þeir einir megi nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu sem hlotið hafa til þess löggildingu. Orðið skoðunarmaður er ekki óþekkt í lögum í hliðstæðri merkingu, sbr. notkun orðsins yfirskoðunarmenn í stjórnarskránni.

Í 2. mgr., sem fjallar um hlutafélagsbanka, er lagt til að endurskoðun skuli framkvæmd af a. m. k. tveimur skoðunarmönnum, sem aðalfundur kýs, og skal annar eða einn þeirra

vera löggiltur endurskoðandi. Í samþykktum banka má þó ákveða annan hátt á sjálfri tilnefningu hins löggilta endurskoðanda.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um endurskoðun yfirleitt eða um endurskoðendur bankanna önnur en þau að setja skuli reglur um þessi efni í samþykktir og reglugerðir þeirra. Þessi ákvæði hafa til skamms tíma ekki mælt fyrir um skyldu fyrir hlutafélagsbanka til að hafa löggiltan endurskoðanda í þjónustu sinni. Í kjölfar nýrra laga um hlutafélög hefur á undanförnum árum orðið breyting í þessum efnum. Samkvæmt þessum lögum eru allir þegar starfandi hlutafélagsbankar skyldir til að hafa löggiltan endurskoðanda.

Ákvæði 3.—5. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 41. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli um aðra banka en Landsbankann. Í öðrum bönkum, þar sem starfar sérstök endurskoðunardeild, er málum hennar skipað með reglugerðarákvæðum. Hér er lagt til að við sérhvern viðskiptabanka skuli starfa sérstök endurskoðunardeild sem annist um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns sem ráðinn er af bankaráði, sbr. 19. gr.

Um 42. gr.

Í þessari grein eru sett fram almenn fyrirmæli um inntak endurskoðunarinnar, þ. á m. um að endurskoðun skuli framkvæma í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur. Hugtakið góð endurskoðunarvenja hefur áður verið lögbundið, þ. e. í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög, en með því er einkum átt við að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við þær endurskoðunaraðferðir sem almennt eru viðurkenndar og notaðar af sérhæfðu fólki á hverjum tíma.

Um 43. gr.

Hér er kveðið á um áritun endurskoðenda á ársreikninginn og það hvernig þeir skuli gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar. Kveðið er skýrt á um upplýsingaskyldu þeirra gagnvart bankaeftirlitinu.

Um 44. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VIII. KAFLI

Um 45. gr.

Í gildandi lögum og reglugerðum um einstaka viðskiptabanka er ekki að finna ákvæði um slit þeirra. Hins vegar eru ófullkomin ákvæði um félagsslit í samþykktum hlutafélagsbankanna. Að gildandi lögum gætu slit viðskiptabanka átt sér stað á marga mismunandi vegu. Slit hlutafélagsbanka gætu farið að hætti XIV. kafla laga um hlutafélög annað tveggja með því að hluthafafundur tæki ákvörðun um slit félagsins og löggilt væri skilanefnd eða að slit félagsins færu fram í skiptarétti samkvæmt 3. mgr. 114. gr. laganna. Gætu og forráðamenn hlutafélagsbanka eða lánardrottnar krafist gjaldþrotaskipta á búi bankans samkvæmt almennum skilyrðum III. kafla gjaldþrotalaga. Engar reglur er hins vegar að finna um hvernig standa ætti að slitum ríkisviðskiptabanka en bú slíks banka yrði ekki tekið til gjaldþrotaskipta vegna ákvæða 2. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga.

Ljóst þykir að framangreindar reglur sem til álita gætu komið varðandi slit hlutafélagsbanka, eru óviðunandi. Getur hér verið um mikla hagsmuni að tefla og óeðlilegt að opinbert eftirlit með tilhögun slita sé svo lítið, er hlutafélagsbanki á hlut að máli, eins og raun er á samkvæmt umræddum lögum. Þá er ennfremur óæskilegt að mismunandi reglur gildi um slit

viðskiptabanka eftir því hvort um sé að ræða hlutafélagsbanka eða ríkisviðskiptabanka. Er af þessum sökum í VIII. kafla frumvarpsins lagt til að settar verði sérstakar reglur um þessi efni sem ná til beggja tegunda viðskiptabanka. Með tilliti til þess, að brýnt sé að opinbert eftirlit sé með tilhögun slita, er hér farin sú leið að slit viðskiptabanka eða skipti á búi hans verði í höndum skiptaréttar.

Í þessari grein koma fram sérreglur um aðgerðir ef eigið fé viðskiptabanka fullnægir ekki lágmarki samkvæmt 36. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að gripið sé tímanlega til aðgerða til að lagfæra stöðu viðskiptabanka.

Í 1. mgr. er ákvæði um upplýsingaskyldu forráðamanna viðskiptabanka við bankaeftirlitið. Samkvæmt 2. mgr. á bankaeftirlitið þegar tilkynning samkvæmt 1. mgr. berst því, að krefja endurskoðendur bankans um reikningsuppgjör sem tekur af tvímæli um eigin fjárstöðu hans. Getur bankaeftirlitið einnig krafist slíks uppgjörs að eigin frumkvæði ef það telur ástæðu til.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um hvernig bankaráði hlutafélagsbanka beri að bregðast við ef reikningsuppgjör leiðir í ljós ófullnægjandi stöðu. Skal það þegar boða til hluthafafundar þar sem leitað yrði afstöðu hluthafa til þess meðal annars hvort bætt verði úr eiginfjárstöðu með hlutafjáraukningu eða öðrum aðgerðum. Ber bankaráði síðan að gera bankaeftirlitinu grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta. Bankaeftirlitið á samkvæmt ákvæði þessu að láta ráðherra í té álit sitt um málefnið þar sem ætla verður að fram komi hvort það telji að ráðagerðir bankaráðs til úrbóta séu raunhæfar.

Um áþekka meðferð er að ræða varðandi ríkisviðskiptabanka samkvæmt 4. mgr. Þegar bankaeftirlitið hefur afhent ráðherra þau gögn, sem nefnd eru í ákvæðinu skal hann leggja málið fyrir Alþingi áður en ákvörðun er tekin um framhald mála.

Samkvæmt 5. mgr. ákveður ráðherra að undangenginni meðferð samkvæmt 3. mgr. eða 4. mgr. hvort veita skuli banka frest til að koma eigin fé í lögmælt horf. Synjun um frest samkvæmt ákvæðinu, ákvörðun um niðurfellingu frests eða lok frests sem ekki hefur leitt til úrbóta á eiginfjárstöðu viðskipabanka, leiða samkvæmt a lið 2. mgr. 46. gr. til þess að skylt er að slíta hlutaðeigandi banka. Er hér um meginreglu frumvarpsins að ræða varðandi það hver aðdragandi geti orðið að skyldu til slita viðskiptabanka.

Um 46. gr.

Með 1. mgr. er girt fyrir að bú hlutafélagsbanka verði tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum þ. e. að frumkvæði forráðamanna hans eða lánardrottna. Skipti á búi viðskiptabanka geti samkvæmt frumvarpinu aðeins komið til að frumkvæði ráðherra.

Ákvæði 2. mgr. þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í 3. mgr. er að finna reglu sem varðar tilvik þar sem meðferð að hætti 45. gr. er ekki undanfari slita. Er bankaeftirlitinu falið að afla reikningsuppgjörs og leggja mat á hvort eignir hlutaðeigandi viðskiptabanka virðast hrökkva fyrir skuldum. Mat þetta er veigamikið um tilhögun skiptameðferðar eins og fram kemur í 47. gr.

Um 47. gr.

Samkvæmt 1. mgr. gerir ráðherra kröfu til skiptaráðanda um að bú hlutafélagsbanka eða ríkisviðskiptabanka verði tekið til gjaldþrotaskipta þegar skylda til slita bankans er til komin á þann hátt að annaðhvort hafi ekki tekist að bæta eiginfjárstöðu hans með aðgerðum að hætta 45. gr. eða óvíst er að mati bankaeftirlitsins að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum í tilvikum er eiga undir b, c eða d lið 2. mgr. 46. gr. Þegar fjárhagsstaða viðskiptabanka er slík sem hér um ræðir og líkindi verða að teljast fyrir því, að skuldir hans séu meiri en eignir, er ekki annað auðið en að með bú hans verði farið sem þrotabú. Sérstaklega er tekið fram að ákvæði 2. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga girði ekki fyrir gjaldþrotaskipti á búi ríkisviðskiptabanka.

Ef ljóst þykir að bú viðskipabanka hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra samkvæmt 2. mgr. krefjast þess að skiptaráðandi taki bú bankans til skipta til slita á honum. Búsmeðferð í slíku tilviki lýtur í meginatriðum reglum gjaldþrotalaga, sbr. 48. gr., hvað varðar starfshætti við skiptin en að öðru leyti verður að telja svigrúm meira til ýmissa ráðstafana en endranær við gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt 3. mgr. kveður skiptaráðandi upp úrskurð um kröfu ráðherra. Á könnun hans samkvæmt ákvæðinu að beinast að því, hvort formskilyrðum 46. gr. sé fullnægt áður en afstaða er tekin til kröfunnar. Fer ekki um aðdraganda að úrskurði skiptaráðanda að hætti 2.–5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Í 1. mgr. er vísað til tiltekinna kafla gjaldþrotalaga sem gilda við skipti á búi viðskiptabanka. Ætla verður að ef til skipta á búi viðskiptabanka komi þá yrði við meðferð nokkuð vikið frá tíðkanlegri framkvæmd við gjaldþrotaskipti en gjaldþrotalög veita talsvert svigrúm til þess að skiptum megi haga með hliðsjón af þörfum í hverju tilviki.

Í 2. mgr. er skilgreint hvernig ákvarða skuli frestdag í skilningi gjaldþrotalaga við skipti á búi viðskiptabanka. Um önnur tímamörk færi eftir almennum reglum.

Um 49. gr.

Í 49. gr. hefur verið farin sú leið að fela viðskiptaráðherra að gæta hagsmuna ríkisins við skipti á búi ríkisviðskiptabanka. Hagsmunagæsla þessi samkvæmt 49. gr. varðar að miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka og verður því að ráðgera að farið sé með fyrirsvar þetta í nánu samráði við fjármálaráðherra. Ljóst er að ríkislögmaður kæmi til með að koma fram fyrir hönd ráðherra við skiptin.

Um 50. gr.

Efni þessarar greinar varðar fyrst og fremst hlutafélagsbankana og er í 1. mgr. lagt til að um samruna þeirra gildi ákvæði laga um hlutafélög, sbr. einkum XV. kafla þeirra laga um samruna hlutafélaga. Greinin tekur einnig til samruna hlutafélagsbanka við aðrar innlánsstofnanir en banka og gilda þá ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við getur átt.

Til þess að samruni geti átt sér stað þarf samkvæmt 1. mgr. leyfi ráðherra. Tilgangur þessa er tvíþættur. Annars vegar er hann sá að koma í veg fyrir að hagsmunum þeirra, er eiga innlánsfé í þeim stofnunum sem samruni tekur til, sé stefnt í hættu. Hins vegar á að tryggja að samruninn sé ekki óæskilegur út frá almannahagsmunum, t. d. vegna þess að hann dragi óeðlilega mikið úr samkeppni banka og annarra innlánsstofnana.

Samkvæmt 2. mgr. er ætlunin að reglur hlutafélagalaga um innköllun og skyldu til að halda eignum aðskildum við samruna gildi ekki um samruna hlutafélagsbanka við banka eða aðrar innlánsstofnanir. Er það óþarfi þar sem innlánsstofnanir eru háðar eftirliti bankaeftirlitsins og til samrunans þarf leyfi ráðherra.

Í 3. mgr. er áskilið leyfi ráðherra vegna yfirtöku ríkisviðskiptabanka á starfsemi annarra innlánsstofnana. Hér búa að baki sömu ástæður og greindar eru í athugasemdum við 1. mgr. þessarar greinar. Um samruna ríkisviðskiptabanka innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir þarf sérstaka lagaheimild hverju sinni.

IX. KAFLI

Um 51. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

X. KAFLI

Um 52. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvenær frumvarpið öðlist lagagildi.

Í 2. mgr. eru sérákvæði varðandi gildistöku frumvarpsins. Þau þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Hér er mælt fyrir um lengd þess frests sem lagt er til að starfandi viðskiptabönkum verði veittur til að koma eigin fé í það horf sem áskilið er samkvæmt frumvarpinu. Jafnframt þykir rétt að bankar, sem stofnaðir verða með samruna starfandi viðskiptabanka, njóti sama frests en séu ekki háðir skilyrðum II. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. er hliðstætt ákvæði varðandi hlutafé starfandi hlutafélagsbanka.

Um 54. gr.

Fyrri málsgreinin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti samþykktir hlutafélagsbanka.

Um 55. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau lög sem nauðsynlegt er að falli úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Lög, er varða veðdeildir Landsbankans og Búnaðarbankans, eru þó ekki talin með. Auk þess eru með ákvæði þessu felld úr gildi ýmis önnur lög um banka sem ekki hafa lengur raunhæft gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er útskýrt, hvers vegna sú leið er valin að telja upp starfandi ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka í ákvæði til bráðabirgða, og vísast til þeirrar athugasemdar. Að öðru leyti þarfnast þessi ákvæði ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Sérálit tveggja nefndarmanna í bankamálanefnd um tillögur nefndarinnar að frumvarpi til laga um viðskiptabanka:

I. Sérálit Kjartans Jóhannssonar:

Um mörg efnisatriði þessa frumvarps hefur ekki ríkt ágreiningur en um önnur hefur komið fram skoðanamunur. Frumvarpið eins og það liggur nú fyrir er byggt á áliti meirihluta nefndarinnar. Með þessu séráliti er fyrst og fremst lýst þeim skoðunum mínum sem ekki nutu meirihlutastuðnings í nefndinni og koma þannig ekki fram í frumvarpsgerðinni.

1. Sameining banka.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að endurskoða allt bankakerfið með það að markmiði að skapa stærri og virkari heildir. Þeim tilgangi hefur tæpast verið náð í starfi nefndarinnar. Meirihlutinn hefur talið að vinna bæri að því að sameina ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka og valdi að vísa því verki til viðskiptaráðherra með ósk um að hann hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að

nærtækasta verkefnið og reyndar hið einfaldasta og áhrifaríkasta á þessu sviði sé að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann. Til þess þarf fyrst og fremst pólitíska ákvörðun. Þessi sameining ætti að mínum dómi að gerast með því að eigandinn, ríkið, beitti sér fyrir löggjöf um sameininguna á Alþingi.

2. Trygging innstæðna.

Innstæður sparifjáreigenda eru ekki tryggðar hér á landi andstætt því sem gerist í flestum grannlöndum okkar, nema að því er tekur til ábyrgðar ríkisins á sínum bönkum. Ég tel að slíka tryggingu eigi að taka upp, en ekkert er um það í þessu frumvarpi, og því fer vitaskuld víðsfjarri að skilyrðin um eigið fé viðskiptabankanna samkvæmt frumvarpinu feli í sér nokkurt það öryggi sem krefjast verður í þessu sambandi.

3. Almannaaðhald.

Nýsamþykkt eru á Alþingi lög nr. 36 frá 25. mars 1984 þess efnis að ríkisbankarnir skuli birta með reikningum sínum yfirlit yfir launakostnað, bifreiðakostnað, risnu, ferðakostnað og efnislega fjármuni. Þessi lög þjóna því hlutverki að veita bönkunum almannaaðhald og upplýsa eigendurna, fólkið í landinu, um hvernig stjórn bankanna sé háttað að þessu leyti. Meirihluti nefndarinnar gerir að tillögu sinni að þessi nýsettu lög verði numin úr gildi. Því er ég mótfallinn og tel upplýsingalöggjöf þessa sjálfsagða og eðlilega.

4. Heimild til að stofna banka.

Hingað til hefur í reynd þurft lagasetningu til að stofna banka. Í frumvarpinu eru hins vegar sett almenn skilyrði fyrir stofnun hlutafélagsbanka. Samkvæmt 7. gr. veitir ráðherra starfsleyfi að uppfylltum þessum skilyrðum. Ég tel þetta eðlilegan hátt, en tel rétt að ráðherra hafi heimild til þess að neita að veita starfsleyfið ef hann hefur til þess ríkar ástæður, þó með þeim skilmálum að honum væri þá jafnframt skylt að skjóta málinu til Alþingis. Þetta yrði öryggisatriði ef upp kæmu þau tilvik, sem erfitt er að sjá fyrir, að ekki þætti við hæfi af einhverjum ástæðum að heimila stofnsetninguna.

5. Umboðsskrifstofur erlendra banka.

Ég legg áherslu á að ráðherra setji glögg skilyrði fyrir slíkri starfsemi, sem m. a. feli í sér öruggt eftirlit með starfrækslunni og ótvíræðar heimildir til þesss að afturkalla starfsleyfið, ef ástæða þætti til.

6. Starfsmannaráð.

Í ýmsum grannlöndum okkar á starfsfólk aðild að stjórn banka. Ég tel eðlilegt að þessu yrði þannig skipað hérlendis, að komið yrði á fót starfsmannaráðum, með aðild starfsmanna, bankaráðs og bankastjóra, þar sem fjallað yrði um starfsaðstöðu, nýjungar í rekstri og vinnubrögðum og önnur þau mál sem varða starfsfólk sérstaklega.

7. Hlutabréfakaup banka.

Í b-lið 21. gr. og 2. mgr. 29. gr. er bönkunum heimilað að gerast hluthafi í almennum hlutafélögum og er sú heimild umfram yfirtöku á eignum vegna fullnustu á kröfu. Ég er andvígur þessu. Bankar eiga að vera í bankastarfsemi en ekki ástunda hlutabréfakaup og -sölu. Þarna á að skilja algerlega á milli. Í heimild þessari felst óheppilegur hagsmunaárekstur sem getur haft mjög slæmar afleiðingar.

8. Vaxtamál.

Samkvæmt frumvarpinu ákveður bankastjórn hvers banka vaxtakjör þau sem bankinn býður. Eins og ákvæðin eru úr garði gerð er bankanum frjálst að mismuna viðskiptaaðilum

sínum. Ég tel að hamla eigi gegn slíkri mismunun. Þess vegna tel ég að bankaráð eigi að ákveða þá innláns- og útlánaflokka, sem bankinn býður, og hvaða reglur og ákvæði gilda um þá. Jafnframt ætti þá að gera bönkum að birta þessar ákvarðanir sínar svo og vaxta- og gjaldskrárkjör opinberlega.

9. Útibú.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnun útibúa sé frjáls en ekki háð leyfum eins og nú er. Ég tel einsýnt að leyfisveitingaraðferðin hafi ekki dugað og því verði að leita nýrra leiða. Þannig er ég sammála því að um stofnun útibúa gildi einungis almenn skilyrði. Sé sú leið farin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, vil ég hins vegar að ráðherra sé veitt heimild til þess að fresta **öllum** stofnsetningum útibúa um tiltekinn takmarkaðan tíma, t. d. eitt ár. Þessa gæti gerst þörf við sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu, einkum ef hinar almennu reglur eru slakar og aðhaldslitlar, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

10. Gjaldeyrisviðskipti.

Ég legg áherslu á að þær reglur, sem gilda eiga um rétt til að versla með gjaldeyri, verði allstrangar. Það er í sjálfu sér eðlilegt að allir þeir bankar, sem þess óska, geti keypt og selt gjaldeyri til almennings. Hins vegar verður að hamla gegn því að stórum og kostnaðarsömum gjaldeyrisdeildum, sem veita alhliða þjónustu, verði komið upp að óþörfu.

11. Eiginfjárskilyrði.

Eiginfjárskilyrði og ákvæði um hámark fasteigna og búnaðar í eigu bankans, sem tilgreind eru í 36. gr., eru of lág til þess að hafa nægilega sterk áhrif til þess að þjóna því þríþætta hlutverki að treysta öryggi innistæðna, hamla gegn fjölgun útibúa og annarri útþenslu og í þriðja lagi að stuðla að sameiningu banka. Strengja ætti skilyrðin. Jafnframt kæmi til álita að bjóða bönkum, sem sameinuðust, sérstakan aðlögunartíma hvað þessi skilyrði varðar.

12. Endurskoðendur.

Vegna almannahalds og til að tryggja áhrif ráðherra bankamála tel ég rétt að hann tilnefni einn endurskoðanda hlutafélagsbanka rétt eins og ríkisbanka. Í sumum grannlöndum okkar tilnefnir ráðherra fulltrúa í stjórnir allra banka. Ég vil ná sama markmiði með tilnefningu ráðherra á endurskoðanda.

13. Slit ríkisviðskiptabanka.

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að slit ríkisviðskiptabanka geta ekki að mínum dómi átt sér stað í einu né neinu formi, þar með talið sameining, nema fyrir atbeina Alþingis.

Þessar athugasemdir gefa til kynna sérálit mitt í helstu atriðum. Hins vegar eru ýmis minni háttar atriði sem ég hefði gjarnan viljað hafa eilítið aðrar áherslur á en í frumvarpinu er gert, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það að svo stöddu.

II. Sérálit Lúðvíks Jósepssonar:

Nokkur ákvæði frumvarpsins eru til bóta frá gildandi lögum. Þar nefni ég, að allir viðskiptabankar og um leið allar innlánsstofnanir eiga að verða undir yfirstjórn eins og sama ráðherra.

Þá tel ég rétt að kveða skýrar á um, að bankastjórar ríkisviðskiptabanka gegni ekki öðrum launuðum störfum en þeim, sem beinlínis fylgja bankastjórastarfi þeirra. Sams konar ákvæði hefði ég einnig viljað hafa um hlutafélagsbanka.

Í frumvarpinu eru hins vegar allmörg ákvæði sem ég er andvígur eða tel að ekki sé tímabært að taka hér upp.

Þessi ákvæði eru m. a.:

1. Samkvæmt frumvarpinu er stofnun nýrra hlutafélagsbanka gefin frjáls, að vísu með nokkrum takmörkunum. Ég tel þetta ákvæði óþarft, þar sem augljóslega er fyrst og fremst þörf á því að fækka bönkum og gera þá að stærri einingum.
2. Þá er með ákvæðum frumvarpsins nánast gefið fullt frjálsræði til að stofna ný útibú, eftir því sem stjórnendur bankanna vilja. Þær hömlur, sem settar eru í frumvarpinu um eiginfjárstöðu og hlutfall fasteigna af eigin fé bankans, hafa sáralítil áhrif. Ég tel mikla hættu á, að þetta ákvæði frumvarpsins leiði til fjölgunar útibúa og ofþenslu í bankakerfinu. Með því ákvæði, að einn ráðherra, í stað þriggja nú, hafi með yfirstjórn bankamálanna að gera, ætti að vera auðvelt að stjórna fjölda bankaútibúa og sjá svo um, að þau verði sett þar sem þeirra er eðlileg þörf.
3. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að ráðherra geti „veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi". Þessu ákvæði er ég mótfallinn. Tel ekkert knýja á um þetta mál, nema ætlunin sé að með þessu sé stigið fyrsta skrefið til stofnunar erlendra banka hér á landi, sem ég er andvígur.
4. Gert er ráð fyrir, að ákvörðun vaxta af útlánum og innlánum verði færð frá Seðlabanka og ríkisstjórn til hverrar einstakrar innlánsstofnunar. Tekið er fram, að innlánsstofnunum sé óheimilt að hafa samráð um ákvörðun vaxta og þóknunargjalda. Ég er andvígur þessari breytingu. Tel að hér skorti stórlega á, að einstakir bankar og sparisjóðir geti ákveðið vaxtagjöld og innlánsvexti. Blind samkeppni á þessu sviði er að mínum dómi fráleit og gæti sett hagsmuni sparifjáreigenda í hættu og skapað mikinn vanda hjá þeim sem lán þurfa að taka til lengri tíma, t. d. í sambandi við útflutningsframleiðslu.
5. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bankar geti orðið hluthafar í almennum rekstrarfyrirtækjum, sem ekki tengjast bankarekstrinum á neinn hátt. Ég er andvígur þessu. Tel að innlánsstofnanir eigi áfram að halda sig við það meginverkefni að taka sparifé til ávöxtunar og lána það út á öruggan hátt, en leiða hjá sér áhættuþátttöku í atvinnurekstri.
6. Ég er andvígur 36. gr. frumvarpsins, sem fjallar um eigið fé banka. Sú skilgreining á eigin fé, sem þar er sett fram, er mjög ónákvæm og segir í raun harla lítið um raunverulega getu viðkomandi stofnunar til að standa við skuldbindingar sínar. Greinin sem heild og þær hömlur, sem settar eru um hlutfall fasteigna af eigin fé, munu lítil sem engin áhrif hafa á stofnun nýrra útibúa. Þrátt fyrir ákvæði greinarinnar munu nær allir núverandi bankar og margir sparisjóðir hafa fullan rétt til að stofna til margra útibúa.

Eitt af aðalvandamálum íslenska bankakerfisins, eins og sakir standa, er að bankastofnanir eru of margar, dreifing þeirra er óeðlileg og rekstrareiningar þeirra eru flestar of litlar.

Af þessum ástæðum eru flestir bankar illa færir um að þjóna stærri atvinnufyrirtækjum og óeðlileg misskipting verður í verkaskiptingu bankanna.

Annar mikill galli á bankakerfinu er, að Seðlabankinn er kominn langt út fyrir eðlileg mörk seðlabanka og hefur dregið til sín fjármagn, sem á að vera í viðskiptalífinu. Vald hans er orðið of mikið í ýmsum greinum.

Leiðin til úrbóta í þessum efnum er ekki að gefa vexti frjálsa, ekki stjórnleysi í stofnun útibúa og ekki stofnun nýrra banka.

Ríkið á að ganga á undan og fækka viðskiptabönkum sínum í tvo og síðan á að setja almennar reglur sem leiða munu til þess, hér eins og erlendis, að hlutafélagsbankar sameinist og myndi stærri heildir.

Nd. 696. Frumvarp til laga [424. mál]

um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Annað hjóna eða bæði geta þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutt hefur verið á þessu þingi frumvarp til laga um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962, 53. mál Nd., þskj. 53. Flutningsmenn eru Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson. Efnisgrein frumvarpsins er svohljóðandi:

„Á eftir 3. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgr. er orðist svo:

Nú verður því hjóna, sem á lífi er, ekki veitt heimild til setu í óskiptu búi af ástæðum, er greinir í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, og þrátt fyrir ákvæði 14. og 16. gr. laga þessara skulu skipti þó ekki taka til íbúðarhúsnæðis sem eftirlifandi maki býr í, né til húsmuna hans, nema hann óski sjálfur að búinu sé skipt að öllu leyti, enda uppfylli hann skilyrði 8. gr. og hafi ekki gengið í hjúskap að nýju, sbr. 13. gr. Eftirlifandi maki, sem þannig öðlast umráðarétt yfir íbúðarhúsnæði og húsmunum, hefur ekki eignarráð né ráðstöfunarrétt þeirra eigna eins og um setu í óskiptu búi væri að ræða.“

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Allsherjarnefnd hefur fjallað ítarlega um frumvarp þetta á mörgum fundum. Leitað var álits margra aðila um efni þess. Svör bárust m. a. frá dr. Ármanni Snævarr fyrrv. hæstaréttardómara, Guðrúnu Erlendsdóttur dósent, Ragnari H. Hall borgarfógeta, Lögmannafélagi Íslands og Bjarna Bjarnasyni borgardómara. Þá komu einnig á fund nefndarinnar til viðræðna allmargir aðilar sem sérþekkingu hafa á sviði erfðalaga og erfðamála.

Enginn þeirra, sem lét í ljósi álit sitt á frumvarpinu eða nefndin átti viðræður við, mælti með samþykkt þess í óbreyttri mynd. Komu fram ýmsar athugasemdir um að framkvæmd

þess mundi reynast erfið, það mundi valda réttaróvissu og skertur væri mjög réttur niðja beggja og bréferfingja við búskipti. Á það var bent að samkvæmt gildandi lagaákvæðum á eftirlifandi maki langstærstan hluta í búinu. Hann á í fyrsta lagi helming búsins og erfir síðan ⅓ hluta en niðjar ⅔ hluta af helmingi eignanna. Af þeim sökum væri það áhorfsmál hvort svipta ætti lögerfingja rétti þeirra til þess að krefjast skipta á búi sem eftirlifandi maki situr í. Gæti þeim verið það mikið hagsmunamál að fá arfshlut sinn greiddan úr búinu eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Hins vegar kom fram í ýmsum umsagnanna skilningur á því að við lát maka geta skapast erfiðleikar hjá eftirlifandi maka ef erfingjar gera kröfu um búskipti. Getur þá makinn, sem eftir lifir, þurft að flytja af heimili sínu sem veldur röskun á lífsháttum, ekki síst hjá þeim sem aldraðir eru orðnir.

Niðurstaða könnunar og umræðna í allsherjarnefnd um mál þetta var sú að í stað frumvarps á þskj. 53 flytti nefndin nýtt frumvarp til breytinga á erfðalögum, nr. 8/1962. Með því er komið til móts við ofangreinda hagsmuni eftirlifandi maka og skilyrði sköpuð til þess að hann geti setið í óskiptu búi svo lengi sem hann kýs, jafnvel þótt krafa um skipti búsins komi fram frá niðjum beggja.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. erfðalaganna, nr. 8/1962, getur fjárráða erfingi, sem samþykkt hefur setu eftirlifandi maka í óskiptu búi, þrátt fyrir það krafist skipta á búinu sér til handa með eins árs fyrirvara.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sú breyting verði hér gerð á að annað hjóna eða bæði geti þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til þess að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Með þessu ákvæði er mökum gert kleift að koma í veg fyrir að búi verði skipt að kröfu erfingja, þ. e. niðja beggja, og því hjóna, sem eftir lifir, tryggð áframhaldandi seta í óskiptu búi. Er á þennan hátt þá komið í veg fyrir að eftirlifandi maki þurfi e. t. v. að leysa upp heimili sitt og selja íbúðarhúsnæði til þess að greiða út hlut erfingja.

Til þess að réttur maka, sem lengra lífs verður auðið, til setu í óskiptu búi sé ótvíræður verður að fullnægja því skilyrði að fyrirmæli séu um það gerð í erfðaskrá. Þurfa hjón því að gera slíkan löggerning ef þau vilja að um slíkan búseturétt verði að ræða eftir andlát annars þeirra. Ella gilda hin almennu ákvæði laganna að fjárráða erfingjar geta krafist búskipta með árs fyrirvara.

Athygli skal vakin á því að heimildin til þess að ákveða í erfðaskrá að það hjóna, sem lengur lifir, skuli hafa rétt til að sitja í óskiptu búi tekur aðeins til niðja beggja, fjárráða eða ófjárráða.

Ef hið látna á fjárráða niðja á lífi sem ekki eru niðjar hins geta þeir jafnan krafist skipta sér til handa þrátt fyrir erfðaskrárákvæði.

Viðauki.

Fram skal tekið að Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Einarsson, sem sæti eiga í allsherjarnefnd Nd., samþykktu flutning frumvarpsins þegar ljóst var að nefndin yrði ekki sammála um hið upprunalega frumvarp þeirra á þskj. 53 þar sem þau töldu hið nýja frumvarp skref í rétta átt.

Nd. 697. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Guðmundur Einarsson.	Pálmi Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 698. Þingsályktun [202. mál]

um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 231.

Sþ. 699. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um bætta merkingu akvega.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir vegamálastjóra, Umferðarráðs, Náttúruverndarráðs og Ferðamálaráðs Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Birgir Ísl. Gunnarsson og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 10. apríl 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Eggert Haukdal.	

Sþ. 700. Breytingartillaga [45. mál]

við till. til þál. um bætta merkingu akvega.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingu akvega, setja upp viðvaranir við hættulegar ökuleiðir og samræma merkingar vega alþjóðlegum reglum.

Sþ. 701. Nefndarálit [215. mál]

um till. til þál. um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á fund sinn Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðanda.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Birgir Ísl. Gunnarsson og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 10. apríl 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Stefán Benediktsson, fundaskr. Jóhanna Sigurðardóttir.

Eggert Haukdal. Guðrún Helgadóttir.

Sþ. 702. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leitað umsagna frá eftirtöldum aðilum: Krabbameinsfélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, landlækni og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 10. apríl 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Stefán Benediktsson, fundaskr. Jóhanna Sigurðardóttir.

Guðrún Helgadóttir.

Sþ. 703. Breytingartillaga [12. mál]

við till. til þál. um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því svo fljótt sem verða má að komið verði á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með brjóstamyndatöku (mammografi).

Nd. 704. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Samkvæmt ályktun Alþingis starfar nú stjórnskipuð nefnd að mörkun opinberrar áfengisstefnu. Markmið stefnunnar átti að vera að draga úr áfengisneyslu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur að bjórdrykkja auki áfengisneyslu. Það er og álit þeirra lækna sem allsherjarnefnd boðaði á sinn fund. Minni hl. leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. apríl 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Nd. 705. Nefndarálit [309. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta sem komið er frá Ed. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson og Guðrún Helgadóttir.

Alþingi, 15. apríl 1985.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. Ólafur G. Einarsson.

Guðmundur Bjarnason. Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 706. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. l. nr. 60/1980 og l. nr. 75/1982.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson og Guðrún Helgadóttir.

Alþingi, 15. apríl 1985.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.
Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.
Ólafur G. Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.
Guðmundur Bjarnason.

Nd. 707. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðrún Helgadóttir og Friðrik Sophusson.

Alþingi, 15. apríl 1985.

Pétur Sigurðsson, form.
Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.
Ólafur G. Einarsson, frsm.
Guðmundur Bjarnason.
Jón Baldvin Hannibalsson, með fyrirvara.

Sþ. 708. Fyrirspurn [425. mál]

til landbúnaðarráðherra um stofnútsæði.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hve mörg tonn af stofnútsæði skemmdust vegna frosta í flutningum með Drangi nú nýverið frá Norðurlandi til Reykjavíkur?
2. Hvað er þetta stór hluti af því stofnútsæði sem til er í landinu?
3. Hve hátt er þetta tjón metið?
4. Hver ber beinan fjárhagslegan skaða af þessu tjóni?
5. Hver tók ákörðun um þennan flutningsmáta?
6. Mun það stofnútsæði sem enn er til í landinu fullnægja eftirspurn eða þarf að auka innflutning vegna þessa tjóns?

Sþ. 709. Fyrirspurn [426. mál]

til samgönguráðherra um hafnareglugerð.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður undirbúningi að hafnareglugerð á grundvelli hafnalaga, nr. 69/1984?

Ed. 710. Lög [341. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 621.

Ed. 711. Lög [347. mál]

um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 555.

Sþ. 712. Tillaga til þingsályktunar [427. mál]

um stefnumótun í fiskeldismálum og um rannsóknir og tilraunir á möguleikum á fiskeldi.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd alþingismanna til að gera tillögur um stefnumótun í fiskeldismálum. Nefndin skal einnig gera tillögur um hvernig skuli standa að rannsóknum og tilraunum á möguleikum á fiskeldi í landinu. Nefndin skal kynna sér hvernig þær þjóðir, sem lengst eru komnar á þessu sviði, hafa byggt upp þennan atvinnurekstur hjá sér og leita eftir ráðgjöf erlendis frá ef ástæða þykir til. Nefndin skal leggja höfuðáherslu á að leita svara við því hvort fiskeldi geti orðið að umtalsverðri framleiðslugrein fyrir strjálbýlið í landinu í stað þess samdráttar sem á sér nú stað í hefðbundnum búgreinum. Nefndin skal gera tillögur um fjárveitingar í þessu skyni og hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem unnið er að á hverjum tíma eftir þeim tillögum sem verða samþykktar. Nefndinni ber að gefa Alþingi skriflega skýrslu á ári hverju um það sem verið er að gera á hennar vegum og hvaða lærdóma megi af því draga, svo og um niðurstöður rannsókna og tilrauna þegar þær liggja fyrir.

Greinargerð.

Fiskeldi er víða orðið talsverður atvinnuvegur, ekki síst í nágrannalöndum okkar. Norðmenn, Skotar og Færeyingar ráðgera að auka þessa framleiðslu eftir því sem aðstæður frekast leyfa, enda telja þeir að fiskeldi sé mjög álitleg og ábatasöm framleiðslugrein þar sem sæmileg skilyrði eru fyrir hendi. Norðmenn munu vera í fararbroddi á þessu sviði. Hefur

norska þingið lagt fram mikla fjármuni til margvíslegra rannsókna og tilrauna í þessari atvinnugrein. Árangurinn af þessu starfi hefur ekki látið á sér standa. Um síðustu áramót voru eldisstöðvarnar orðnar um 500 að tölu og veita á þriðja þúsund manns atvinnu. Í ár er stefnt að því að framleiðslan fari í a. m. k. 40 þús. tonn og á næsta ári í 55 þús. tonn. Árið 1983 var þessi framleiðsla 22 400 tonn en aðeins 500 tonn árið 1970. Þessar tölur sýna hvernig þessi framleiðsla hefur þróast þar í landi.

Bæði í norskum og sænskum skýrslum um fiskeldi í vötnum og á sjávarsvæðum er bent á hinar mörgu hliðstæður þessarar atvinnugreinar við landbúnað og við lestur á opinberum hagskýrslum Noregs 1982 má draga þá ályktun að hægt sé að byggja þennan atvinnuveg upp á borð við landbúnaðinn með kerfisbundinni aðstoð, t. d. menntun, leiðbeiningum, þróun, rannsóknum og eftirliti. Landbúnaður í Noregi veitir nú um 150 þús. manns atvinnu en stefnt er að því að 100 þús. ársverk verði í hafbúskap um árið 2000.

Annað stefnumál, sem fylgir þessu sjálfkrafa, er varanleg búseta og full atvinna við strendur Noregs um ófyrirsjáanlega framtíð. Þessar stöðvar eru ekki allar á takmörkuðu svæði sunnarlega í Noregi, þó að verulegur hluti þeirra sé þar, því að nokkrar stöðvar eru einnig í nyrstu héruðum landsins, langt norðan við heimskautsbaug.

Norðmenn halda uppi markvissri byggðastefnu sem frjálslyndir stjórnmálaflokkar standa vörð um. Eitt af stefnumálum þeirra er, og hefur verið, að nýjum fiskeldisstöðvum verði komið upp þar sem þær verða til þess að styrkja strjálbýlið. Þeir hafa sett skorður við að fjársterkir aðilar frá öðrum héruðum geti komist í slíkan rekstur nema að mjög takmörkuðu leyti. En þar í landi, eins og hér, veður frjálshyggjan uppi, sú stefna að fjármagnið eigi að deila og drottna, að það eigi að ríkja óheft frelsi eins og það er kallað. Margt bendir til þess að frjálshyggjumenn reyni að knýja fram breytingar á löggjöfinni en ekki er trúlegt að sú tilraun verði gerð fyrr en eftir kosningar sem verða í haust. Kunnugir telja að fólk í litlum og fátækum héruðum muni snúast til varnar, veita þeim flokkum brautargengi er standa vörð um hagsmuni þessara byggða. Er því talið líklegast að engin breyting verði á löggjöfinni að þessu leyti.

Til að reisa nýja eldisstöð í Noregi þarf leyfi stjórnvalda og í norskum lögum eru ákvæði um stærðarmörk. Stærst má byggja 5000 m^3 á fyrsta ári en eftir þrjú ár má bæta við 3000 m^3 og stöð má því vera allt að 8000 m^3.

Margt bendir til að þessi stefna Norðmanna leiði til þess að fjársterkir aðilar þar í landi fái mikinn áhuga á að komast inn í þennan atvinnurekstur hér þar sem engin stefna hefur enn verið mótuð í þessum málum. Líklegt er að miklir möguleikar séu hér fyrir slíkan atvinnurekstur ef rétt er staðið að málum. Sú litla starfsemi, sem hér er hafin, bendir ótvírætt til þess, t. d. í Lóni í Kelduhverfi.

En hver er hlutur opinberra aðila í mótun stefnu á þessu sviði og rannsóknum á því hvaða möguleikar eru fyrir hendi í þessari framleiðslugrein sem miklar líkur eru á að muni skila meiri arði en nokkur önnur framleiðsla er við höfum komið auga á til þessa? Flm. telja að lítið verði um svör. Um þetta hefur mikið verið talað, en minna gert. En við verðum að móta stefnu í þessum málum og svara ýmsum brennandi spurningum ef ekki á illa að fara. Eigum við að feta í fótspor Norðmanna og láta rannsaka og gera tilraunir með hvort þessi framleiðslustarfsemi sé möguleg fyrir strjálbýlið í landinu til að viðhalda byggð þar sem hefðbundinni framleiðslu í landbúnaði er nú mjög þröngur stakkur skorinn og fullvíst má telja, komi þar ekki til ný atvinnustarfsemi, að fari í eyði? Geta alþingismenn ekki sameinast um það að strjálbýlið sitji fyrir öðrum um þessa framleiðslu þar sem rannsóknir sýna að það er mögulegt og arðvænlegt? Er ekki rétt að setja stærðarmörk á þessar stöðvar eins og Norðmenn gera? Eigum við að hleypa inn í landið óheftu erlendu fjármagni í þessa framleiðslu? Sé það gert, er þá ekki hætta á að slíkt mundi þrengja kost landsmanna á þessu sviði þegar fram í sækir? Líklegt er að fjársterkir erlendir aðilar muni reyna að setja sig niður

þar sem álitlegast er og fleyta þar með rjómann ofan af þessari framleiðslu. Á það að vera stefna okkar?

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til að vekja athygli á hvernig staðið er hér að þessum málum og gera tilraun til þess að fá fram úrbætur þar sem flest bendir til þess að við séum að missa þessi mál úr höndum okkar. Flm. telja að þetta mál sé það mikilvægt að bregða þurfi skjótt við og marka stefnu í þessum málum og hefja nú þegar markvissar rannsóknir.

Þó að þingsályktunartillagan skýri sig sjálf er rétt að fram komi hvers vegna lagt er til að í nefndina verði skipaðir alþingismenn en ekki sérfræðingar á þessu sviði eða embættismenn. Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að framan þá telja flm. að mál þetta sé afar brýnt og nú þegar verði að hefjast handa, gera tillögur um stefnumótun og hefja rannsóknir og tilraunir á þessu sviði. Tillögur að stefnumótun eiga að vera á vegum Alþingis, gerðar af alþingismönnum. Sérfræðingar okkar á þessu sviði eiga að gera rannsóknir og tilraunir en nefnd þingmanna á að leggja fram tillögur fyrir ríkisstjórn og Alþingi, svo og um það hvar eigi að hefja þessar rannsóknir og í hvaða röð þær verði gerðar, með atvinnu- og byggðasjónarmið að leiðarljósi. Flm. telja rétt að þessi nefnd hafi eftirlit með því hvernig að rannsóknum og tilraunum er staðið eftir því sem við verður komið. Meiri trygging fæst fyrir því að eitthvað gerist í þessum málum ef nefnd þingmanna ber ábyrgð á þeim heldur en nefnd sem skipuð er öðrum aðilum. Þingmenn hafa að jafnaði betri aðgang að kerfinu og þekkja betur en aðrir hvernig best er að koma málum þar fram. Þeir eru í betra sambandi við ríkisstjórn og þeir verða að svara fyrir sig á Alþingi ef eitthvað bregður út af með þau störf sem þeir eru settir til að sinna.

Athafnaleysi og vangaveltum í þessum mikilvægu málum verður að linna. Nú verðum við að móta stefnuna og hefjast handa án allra undanbragða.

Ed. 713. Frumvarp til laga [428. mál]

um gjöld af tóbaksvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald — tóbaksgjald — af vörum sem falla undir vörulið 24.01 og 24.02 í 1. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976 með síðari breytingum. Þá skal og greiða gjald af vindlingapappír sem fellur undir tollskrárnúmer 48.01.80 og 48.10.00.

Gjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

a) Tóbak óunnið, tóbaksúrgangur, tnr. 24.01.10—50: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd vörunnar.
b) Vindlar, þ. á m. smávindlar, tnr. 24.02.10: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 6. gr. Séu vindlar með munnstykki telst það hluti af nettóþyngd við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum.
c) Vindlingar, tnr. 24.02.20: 110,50 kr. af hverjum 100 stykkjum.
d) Reyktóbak, tnr. 24.02.31: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 6. gr.
e) Annað unnið tóbak, tnr. 24.02.32—39: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 6. gr.
f) Vindlingapappír, tnr. 48.01.80 og 48.10.00: 6,90 kr. af hverjum 50 stykkjum eða færri í neytendaumbúðum, sbr. 6. gr.

2. gr.

Auk tóbaksgjalds skv. 1. gr. skal greiða vörugjald af vörum sem þar um ræðir. Vörugjaldið skal ákveðið í reglugerð sem fjármálaráðherra setur. Það skal aldrei vera lægra en 30% og aldrei hærra en 60%.

Vörugjald skv. 1. mgr. þessarar greinar skal lagt á tollverð innfluttrar tóbaksvöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum, þ. m. t. tóbaksgjald skv. 1. gr. og tollafgreiðslugjald. Af tóbaksvörum sem framleiddar eru hér á landi og fá einhverja vinnslumeðferð eða er pakkað í neytendaumbúðir hérlendis reiknast vörugjald af verksmiðjuverði.

3. gr.

Af innfluttum tóbaksvörum skal innheimta gjald skv. 1. og 2. gr. við tollafgreiðslu þeirra, ásamt aðflutningsgjöldum.

4. gr.

Allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi vörum sem um ræðir í 1. og 2. gr., hvort sem er til sölu innanlands eða til eigin nota, eru gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum.

Af tóbaksvörum sem framleiddar eru til sölu innanlands og gjaldskyldar eru skv. 1. og 2. gr. reiknast gjöldin við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Framleiðsla tóbaksvöru til sölu erlendis skal undanþegin gjöldum samkvæmt lögum þessum.

Gjaldskyldir aðilar skuli ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta gjöld skv. 1. og 2. gr. og tilgreindir eru á skrá, sbr. 4. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, þau gjöld sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum.

Gjalddagar tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki vegna sölu innlendrar framleiðslu eru sex á ári hverju, 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Við ákvörðun tóbaksgjalds af óunnu tóbaki, tóbaksúrgangi svo og af vindlum, reyktóbaki og öðru unnu tóbaki, sbr. a-, c-, d- og e-lið 2. mgr. 1. gr., ber að leggja til grundvallar nettóþyngd vörunnar án hvers konar umbúða. Við ákvörðun tóbaksgjalds af vindlingapappír, sbr. f-lið 2. mgr. 1. gr., skal stykkjatala í neytendaumbúðum lögð til grundvallar.

7. gr.

Gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum, sem framleiddar eru hérlendis eða fluttar eru inn til neyslu hérlendis, skulu vera merktar merki íslenskra tollyfirvalda. Merkinu skal komið fyrir á hverjum einstökum neytendapakka eða neytendaumbúðum og þannig frá því gengið að það verði ekki rifið burtu án þess að pakkinn eða umbúðirnar beri þess merki.

8. gr.

Tóbaksgjald skv. 2. mgr. 1. gr. skal vera grunntaxti.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að hækka gjald af hverri gjaldskyldri einingu skv. 2. mgr. 1. gr. þannig að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á framfærsluvísitölu, sbr. lög nr. 10/1981. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við vísitölu 1. febrúar 1985, þ. e. 126 stig.

9. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld af innfluttum tóbaksvörum samkvæmt lögum þessum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., lög um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með síðari breytingum.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld samkvæmt lögum þessum af innlendri framleiðslu eða tóbaki sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim svo og ákvæði laga nr. 77/1980 um vörugjald með síðari breytingum.

Um ágreining vegna flokkunar innlendrar tóbaksframleiðslu til gjaldskyldu skv. 1. og 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

Fjárframlög ríkisins til tóbaksvarna skulu ákveðin af Alþingi við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986. Um leið fellur úr gildi 15. gr. laga nr. 74/1984 um tóbaksvarnir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarp þessu er lagt til að tekin verði upp tvö ný gjöld er leggja skal á allt tóbak. Gjöldunum er ætlað að koma í stað einkasölugjalds og söluskatts af tóbaki. Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um verslun ríkisins með áfengi en það frumvarp hefur í för með sér þá breytingu á gildandi lögum, nái það fram að ganga, að einkaréttur ríkisins til innflutnings og sölu á tóbaki og eldspýtum verður afnuminn hinn 1. janúar 1986.

Eins og fram kemur í greinargerð með ofannefndu frumvarpi um verslun ríkisins með áfengi er talið eðlilegra fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbakssölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að afla þessara tekna sem einkasöluaðili, sem í raun hefur aðeins falist í að annast innflutning, birgðahald og dreifingu fyrir umboðsmenn tóbakframleiðenda. Þá er og bent á það að óviðeigandi sé, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Með vísan til þessa er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að afla frá og með 1. janúar 1986 þeirra tekna sem ríkissjóður hefur notið af einkasölugjaldi af tóbaki með sérstökum gjöldum, tóbaksgjaldi og vörugjaldi, sem leggjast skulu á allt innflutt tóbak svo og innlenda

tóbaksframleiðslu sé um hana að ræða. Einkasöluréttur ríkisins á tóbaki fellur hins vegar niður frá sama tíma.

Þar til í desember 1983 hafði sú regla tíðkast um alllangt skeið, varðandi verð tóbaks, að útsöluverð þess var ákveðið hið sama á sams konar tegundum án tillits til innkaupsverðs á hverri tegund fyrir sig. Hækkanir útsöluverðs á tóbaki á þessum tíma áttu í langflestum tilvikum rætur sínar að rekja til hækkunar einkasölugjaldsins en ekki til breytinga sem áttu sér stað á kostnaðarverði þess. Hækkun einkasölugjaldsins var jafnframt nær ætíð ákveðin hlutfallslega sú sama á allar tegundir tóbaks. Fyrir gat komið að tóbak, sem var tiltölulega ódýrt í innkaupi, væri selt á sama verði og sambærilegt tóbak sem var dýrt í innkaupi. Þetta fyrirkomulag við ákvörðun einkasölugjalds og útsöluverðs hafði raunverulega í för með sér að hvorki framleiðendur né umboðsmenn þeirra höfðu áhuga á að halda innflutningsverði niðri því að lágt innflutningsverð hafði engin áhrif á útsöluverðið, heldur leiddi einungis til hærri tekna ríkissjóðs í formi einkasölugjalds. Í ljósi þessa voru fyrir rúmu ári síðan ákveðnar nýjar verðlagningarreglur á tóbaksvörum. Tilgangur hinna nýju reglna var og er að tengja útsöluverðið í mun ríkari mæli en áður innflutningsverðinu á sama hátt og tíðkast í eðlilegu verðmyndunarkerfi. Í megindráttum felast reglur þessar í því að við kostnaðarverð vindlinga er bætt föstu gjaldi (einkasölugjaldi) er nemur nú 1,105 kr. á hvert stykki. Gjald þetta er grunngjald sem breytist í samræmi við þróun framfærsluvísitölu. Á kostnaðarverð vindla og reyktóbaks er hins vegar lagt fast gjald er nemur nú 0,91 kr. á gramm. Sama heildsöluálagning (10%) og sama smásöluálagning (16,5%) er hins vegar á öllu tóbaki. Þá er allt tóbak söluskattsskylt.

Til nánari skýringa skal hér gerð grein fyrir því hvernig verð á pakka af algengri vindlingategund er samsett.

	kr
Kostnaðarverð (komið í hús)	25,80
Einkasölugjald (1,105 kr. × 20 stk.)	22,10
	47,90
Heildsöluálagning, 10%	4,79
Heildsöluverð	52,69
Smásöluálagning, 16,5%	8,70
	61,39
Söluskattur 24%	14,71
Útsöluverð	76,10

Brúttóhagnaður ÁTVR á árinu 1984 nam tæpri 401 m. kr. Tóbaksgjaldið eins og það er ákvarðað í frumvarpinu er jafnhátt því einkasölugjaldi sem innheimt er af tóbaksvörum eftir verðbreytingu þá sem átti sér stað í febrúar s. l. Í ár er gert ráð fyrir að tekjur ÁTVR af einkasölugjaldi verði, miðað við sömu neyslu, um 570 m. kr. á verðlagi marsmánaðar s. l. Í þessu sambandi má minna á að gert er ráð fyrir að hækka einkasölugjaldið í samræmi við framfærsluvísitölu. Athygli skal vakin á því að neyslumynstrið hefur breyst nokkuð mikið að undanförnu í kjölfar hinnar nýju verðstefnu. Neyslan hefur t. d. flust meira yfir í evrópskar vindlingategundir, enda eru þær mun ódýrari en þær amerísku, einkum vegna mjög sterkrar stöðu dalsins. Neyslubreyting af þessu tagi hefur engin áhrif á tekjur af tóbaksgjaldi eins og það er hugsað samkvæmt frumvarpi þessu þar sem það ákvarðast af magni en ekki verði. Hins vegar kann neyslubreyting af þessu tagi að hafa áhrif á aðrar tekjur ríkissjóðs af tóbakssölu, þ. e. tekjur af álagningu og söluskatti, þar sem salan hefur aukist í ódýrari

vindlingategundum á kostnað þeirra dýrari. Mjög erfitt er þó að gera sér grein fyrir hver áhrif þetta kann að hafa á nettótekjur ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er hefur sérregla gilt varðandi söluskattsinnheimtu af öllu tóbaki. Hún felst í því að ÁTVR annast innheimtu og skil hans en ekki smásalar. Ástæðan fyrir þessari sérreglu er sú að þar sem ríkið hefur eitt á sinni hendi alla heildsöludreifingu á tóbaki svo og að tóbak hefur til þessa verið háð verðlagsákvæðum er auðvelt að gera sér grein fyrir skattstofninum og innheimta skattinn með einföldum og tryggum hætti. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki við komið ef einkasöluréttur ríkisins á tóbaki verður afnuminn, svo og verðlagshöft. Af þessu leiðir, komi ekki annað til, að söluskattur af tóbaki yrði í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins á tóbaki innheimtur í smásölu með venjulegum hætti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að ýmsar efasemdir eru uppi um áreiðanleika söluskattsskila smásölunnar hérlendis. Í þessu sambandi er rétt að benda á að söluskattsuppgjör matvöruverslana er í sjálfu sér ótryggt vegna hinna mjög svo flóknu reglna sem um það gilda. Þetta stafar fyrst og fremst af því að nær öll matvara er undanþegin söluskatti. Af þessum sökum hefur þurft að setja flóknar sérreglur um uppgjör þeirra sem í raun eru ekki mjög tryggar. Í ljósi þessa er í frumvarpinu lagt til að eiginlegur söluskattur verði felldur niður af hvers konar tóbaki en þess í stað verði lagt á og innheimt vörugjald er leggjast skal á tollverð tóbaks að viðbættum aðflutningsgjöldum svo sem tolli, tóbaksgjaldi skv. 1. gr. frumvarpsins, tollafgreiðslugjaldi og öðrum gjöldum sem innheimta skal eða innheimt kunna að verða af tóbaksvörum í tolli. Með þessum hætti á að vera tryggt að a. m. k. svipaðar tekjur skili sér í ríkissjóð í formi vörugjalds af tóbaki og nú á sér stað í formi söluskatts. Á árinu 1984 námu söluskattstekjur ríkissjóðs af tóbakssölu tæpum 255,2 m. kr. Eins og áður er rakið er heildsöluálagning ÁTVR nú 10% og leyfð smásöluálagning er 16,5%.

Að því gefnu að þessi álagningarhlutföll breytist ekki í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins og verðlagshafta er ljóst að vörugjaldið af tóbaki verður að vera 31% eigi það að skila sömu tekjum og söluskattur gerir nú. Nauðsynlegt þykir engu að síður, einkum í ljósi þeirra breytinga á neysluvenjum sem átt hafa sér stað að undanförnu svo og að verð á tóbaki verður framvegis ekki háð verðlagsákvæðum, að veita ráðherra nokkurt svigrúm varðandi ákvörðun gjaldsins. Því er lagt til að gjaldið megi lægst vera 30% og hæst 60%. Með þessum hætti verður því hér eftir sem hingað til mögulegt fyrir hið opinbera að hafa bein áhrif á tóbaksverð án þess að til komi sérstök lagasetning í hvert sinn.

Að öðru leyti vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir svo og til athugasemda við frumvarp til laga um verslun ríkisins með áfengi sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að gjald þetta verði innheimt með sama hætti og vörugjald, sbr. lög nr. 77/1980, og sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 107/1978, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að tóbaksgjald verður magngjald, þ. e. visst gjald af þyngd, en vörugjöldin eru verðgjald, þ. e. tiltekið hlutfall af verði. Af þessum sökum er innflutningur tóbaks og innlend framleiðsla gjaldskyld með sama hætti. Jafnframt þessu er lagt til að tilbúin vindlingapappír verði gjaldskyldur með sama hætti og tóbak.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. er lagt til að tóbaksgjald verði innheimt af öllu ósunnu tóbaki. Þetta leiðir til þess að af hráefnum til tóbaksframleiðslu ber þegar við tollafgreiðslu að greiða tóbaksgjald. Framleiðendum er hins vegar heimilt á grundvelli 9. gr. frumvarpsins að draga þannig greitt tóbaksgjald frá því tóbaksgjaldi sem standa ber skil á af innlendri

framleiðslu á tóbaksvörum. Með þessu er tryggt að tóbaksgjald hefur ætíð verið innheimt af öllum tóbaksbirgðum sem til eru í landinu á hverjum tíma.

Samkvæmt b-lið þessarar greinar er lagt til að gjald af hverju grammi af nettóþyngd hvers pakka af vindlum verði 0,91 kr. Til skýringar skal þess getið að óeðlilegt er að hafa fast gjald af hverju stykki af vindlum, líkt og lagt er til varðandi vindlinga vegna mjög mismunandi stærðar þeirra og þyngdar. Á árinu 1984 voru seld 39,6 tonn af vindlum. Miðað við svipaða sölu á næsta ári og á s. l. ári næmu tekjur af gjaldinu af vindlum um 36,0 m.kr. á verðlagi marsmánaðar 1985.

Samkvæmt c-lið er lagt til að gjaldið verði 110,5 kr. af hverjum 100 stykkjum af vindlingum. Ekki er gerð tillaga um að innheimta skuli mismunandi gjald eftir lengd þeirra eða ummáli eins og tíðkast t. d. í Noregi. Tillaga sú sem hér er gerð þykir horfa til mikillar einföldunar, enda tóbaksmagnið oft svipað í vindlingum, þó svo lengd þeirra og ummál sé mismunandi. Gjald af hverju grammi vindlings er samkvæmt þessu aðeins hærra en af öðru tóbaki. Þessi munur er þó minni en hann hefur löngum verið. Á árinu 1984 seldust 447.210 mill af vindlingum (mill = 1000 stk.). Miðað við svipaða sölu má ætla að tekjur af gjaldinu af vindlingum á næsta ári verði rúmar 494 m. kr. á verðlagi marsmánaðar 1985.

Skv. d-lið greinarinnar er lagt til að sama gjald verði lagt á reyktóbak og vindla. Til þessa hefur einkasölugjaldið af reyktóbaki verið nokkru lægra en af vindlum, en ástæðulaust er talið að gera mun hér á. Sala á reyktóbaki á árinu 1984 nam tæpum 36 tonnum. Miðað við svipaða sölu næmu tekjur af gjaldinu á reyktóbaki tæpum 32,8 m. kr. á næsta ári á núvirði.

Í e-lið er lagt til að öðru unnu tóbaki en því sem greinir í a—d-lið verði einnig innheimt 0,91 kr. af hverju grammi. Hér er fyrst og fremst um neftóbak að ræða. Sala þess á árinu 1984 nam tæpu 15,1 tonni. Miðað við óbreytta sölu má því ætla að tekjur af gjaldinu samkvæmt þessum lið nemi u. þ. b. 13,7 m. kr. á núvirði.

Í f-lið er loks gert ráð fyrir að innheimta 6,90 kr. af hverjum 50 stk. eða færri af vindlingapappír. Sala á honum er mjög lítil og tekjur af þeirri sölu óverulegar.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að innheimta skuli vörugjald af öllu tóbaki. Vörugjaldinu er ætlað að koma í stað söluskatts sem nú er innheimtur af því. Lagt er til að ráðherra hafi heimild til að ákvarða gjaldið, þó þannig að það skuli aldrei vera lægra en 30% og aldrei hærra en 60%. Til þess að afla ríkissjóði sömu tekna og söluskattur gerir nú þyrfti vörugjaldið að vera 31%. Með því að veita ráðherra svigrúm til að ákvarða gjaldið innan ofangreindra marka má í raun segja að hann hafi eftir sem áður möguleika til beinna afskipta af tóbaksverði, án þess að til komi afskipti löggjafans hverju sinni. Þá er þessu svigrúmi til ákvörðunar gjaldsins ætlað að tryggja að ráðherra geti í kjölfar neyslubreytinga og breytinga á álagningarhlutföllum ákvarðað gjaldið með tilliti til þeirra áhrifa sem umræddar breytingar hefðu haft á söluskattstekjur ríkissjóðs.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að tóbaksgjald og vörugjald af innfluttum tóbaksvörum skuli innheimt við tollafgreiðslu, ásamt aðflutningsgjöldum, á sama hátt og önnur vörugjöld af innflutningi.

Um 4. gr.

Eins og kunnugt er þá er engin önnur framleiðsla tóbaksvara hérlendis en neftóbaksgerð. Því er ljóst að lang mestur hluti tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki muni innheimtast í tolli. Engu að síður er nauðsynlegt, t. d. vegna núverandi neftóbaksframleiðslu, að kveða á um innheimtu af innlendri framleiðslu. Í þessari grein er kveðið á um hvenær innlend framleiðsla verður gjaldskyld, þ. e. við sölu eða afhendingu vörunnar, og skiptir í því efni ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram, hverjir séu gjaldskyldir, um tilkynningarskyldu þeirra og skráningu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um álagningu og innheimtu gjaldanna af innlendri framleiðslu og eru þær efnislega þær sömu og gilda um álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum nr. 77/1980 og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

Um 6. gr.

Með þessari grein er til öryggis kveðið á um hvað átt sé við þegar kveðið er á um nettóþyngd í lögunum, þ. e. þyngd vörunnar án hvers konar umbúða, þ. m. t. neytendaumbúðir.

Um 7. gr.

Í þessari grein er lagt til að allar gjaldskyldar tóbaksvörur skuli merktar merki tollyfirvalda til sönnunar því að tóbaksgjald hafi verið af þeim greitt. Merkingu þessa annast framleiðendur og er gert ráð fyrir svipaðri eða sömu merkingu og nú á sér stað á vegum ÁTVR. Með þessari merkingu er stefnt að því að auðvelda eftirlit með ólöglegum innflutningi og framleiðslu hvers konar tóbaksvöru.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra að hækka tóbaksgjald í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu. Nú hefur fjármálaráðherra nokkuð óbundnar hendur varðandi ákvörðun einkasölugjaldsins. Í raun má segja að með ákvæði þessu sé verið að takmarka mjög verulega heimildir hans til hækkunar ígildis einkasölugjaldsins frá því sem verið hefur. Eins og kunnugt er þá eru þó nokkur gjöld nú hækkuð samkvæmt sambærilegri heimild, t. d. bensíngjald, þungaskattur og flugvallargjald. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að gjaldið fylgi verðlagi, án þess að til afskipta löggjafans komi hverju sinni, rétt eins og raunin er varðandi ofangreind gjöld og verðgjald eins og toll og söluskatt.

9. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sömu reglur og gilda um vörugjald samkvæmt lögum nr. 77/1980 skuli eftir því sem við getur átt, gilda að öllu leyti um innheimtu tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki samkvæmt þessum lögum, enda er hér um algerlega sambærileg gjöld að ræða að öðru leyti en því að tóbaksgjald tekur mið af stykkjatölu eða þyngd en vörugjöldin af verði. Greinin þarfnast því ekki nánari skýringa.

Um 10. gr.

Skv. a-lið 15. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 74/1984 skal árlega verja 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnarstarfs. Ljóst er að um leið og ríkið missir einkasölurétt sinn á tóbaki er ekki hægt að koma við mörkun fjárframlaga með þessum hætti. Af þessum sökum er sú leið valin að kveða svo á um í þessari grein að framlög ríkisins skuli ákveðin árlega af Alþingi við gerð fjárlaga rétt eins og önnur framlög til heilsuverndar.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra gefi nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara á sama hátt og tíðkast varðandi vörugjöldin samkvæmt lögum nr. 77/1980 og lögum nr. 107/1978.

Um 12. gr.

Með vísan til 10. gr. er nauðsynlegt að fella úr gildi með þessari grein 15. gr. laga nr. 74/1984. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Ed. 714. Frumvarp til laga [429. mál]

um verslun ríkisins með áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum vínanda og áfengi, sem flytja má til landsins og í eru meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Þó er öðrum aðilum heimilt að flytja til landsins varning, sem inniheldur vínanda, hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi.

2. gr.

Áfengisverslun ríkisins annast innflutning vínanda og áfengis samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna, sbr. þó ákvæði II—IV kafla laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur.

Áfengisverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja, annarra en öls.

3. gr.

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis á hverjum tíma.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengisverlsunar ríkisins, svo og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Áfengi, sem Áfengisverslun ríkisins flytur inn eða framleiðir skv. 1. gr. og 2. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæði sérlaga.

6. gr.

Allar vörur, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar.

7. gr.

Leggja skal hald á vörur þær, sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi, og skal afhenda þær Áfengisverslun ríkisins til ráðstöfunar.

Vörur, sem hér um ræðir, skulu með dómi eða sátt upptækar til ríkissjóðs.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Um leið falla lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum, úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og vegna breyttra aðstæðna er með frumvarpi þessu lagt til að einkaréttur ríkisins til sölu á tóbaki og eldspýtum verði afnuminn.

Ríkið öðlast einkarétt til innflutnings og heildsölu tóbaks á árinu 1922. Árið 1926 var einkaréttur þessi afnuminn. Í ársbyrjun 1932 öðlaðist ríkið einkasöluréttinn á ný, sbr. lög nr. 58/1931 og hefur það átt hann æ síðan. Jafnframt þessu öðlaðist ríkið með lögum nr. 65/1934 einkarétt til innflutnings og heildsölu á eldspýtum frá og með miðju ári 1935 og á ríkið þennan rétt ennþá eins og kunnugt er. Þau sjónarmið sem einkum réttlættu einkarétt ríkisins til innflutnings og heildsölu á tóbaki og eldspýtum voru á sínum tíma þau að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi einkasölugjalda af vörum þessum auk þess sem líklegra þótti að þetta fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig var á það bent að með þessum hætti væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á þessum vörum, þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með lögmætum hætti.

Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara. Kemur þar einkum þrennt til. Í fyrsta lagi má afla ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af einkasölugjöldum þessum með mun auðveldari hætti en þeim að fela ríkinu að annast fyrir hönd umboðsmanna innflutning og drefingu umræddra vara í heildsölu. Tekna þessara má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum á innfluttar vörur af þessu tagi og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu sé um hana að ræða, á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Í öðru lagi hefur tóbakseinkasalan í raun aðeins annast innflutning og birgðahald fyrir umboðsmenn en engin takmörkun verið á innflutningi og smásalan algjörlega frjáls. Í þriðja lagi verða möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu þessara vara ekkert síðri við þessa breytingu eftir að merkingar um hollustu eru uppteknar á tóbak. Jafnframt þessu má benda á að óeðlilegt er að ríkið sé að vasast í rekstri, sem augljóst er að einkaaðilar eru fullfærir um að leysa af hendi, eða annist slíkan innflutning fyrir einkaaðila, einkum þegar haft er í huga að engu máli skiptir fyrir ríkissjóð hvor þátturinn er á hafður og um engar takmarkanir á sölu tóbaks hefur verið að ræða. Loks er rétt að hafa í huga að landlæknir fullyrðir að árlega deyji hundruð Íslendinga af völdum reykinga. Í ljósi þessa má því álykta að það sé í raun siðferðislega ámælisvert af ríkinu að stunda verslun með tóbak.

Í frumvarpi þessu er jafnframt gert ráð fyrir að afnema einkasölurétt ríkisins á eldspýtum. Ekki er gert ráð fyrir að leggja sérstakt gjald á eldspýtur, enda hefur ekki verið lagt á þær eiginlegt einkasölugjald heldur hefur einungis verið um að ræða venjulega heildsöluálagningu. Þess skal getið hér að á eldspýtur er lagður 70% tollur við innflutning.

Í frumvarpi til laga um gjöld af tóbaksvörum, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er gerð grein fyrir því, að nettótekjur ríkissjóðs af tóbakssölu muni ekki rýrna við afnám einkasölunnar. Gjöld af tóbaksvörum breytast úr einkasölugjaldi og sölugjaldi í tóbaksgjald og vörugjald sem verða innheimt við tollafgreiðslu.

Eins og kunnugt er þá á sér stað verðjöfnun á tóbaki. Verði frumvarp þetta að lögum fellur hún niður, enda verður ekki séð hvaða sjónarmið það eru sem réttlæta verðjöfnun á tóbaki umfram aðrar vörur, þ. á m. ýmsum nauðsynjavörum.

Í kjölfar frjálsrar verslunar með tóbak er ljóst að tóbaksdeild ÁTVR verður lögð niður að öðru leyti en því að ekki er fyrirhugað fyrst um sinn að leggja niður neftóbaksframleiðslu hennar. Gera má ráð fyrir að a. m. k. átta stöður í tóbaksdeild verði lagðar niður. Þá hlýtur þessi breyting að leiða til fækkunar starfsmanna á aðalskrifstofu, enda á skrifstofukostnaður ÁTVR í verulegum mæli rætur sínar að rekja til tóbakssölunnar. Benda má á í þessu

sambandi að dreifingaraðilar tóbaks í smásölu skipta hundruðum andstætt því sem gildir um áfengi.

Verði frumvarp þetta að lögum er reiknað með því að umboðsmenn hinna ýmsu tóbakstegunda annist framvegis innflutning, birgðahald og heildsöludreifingu þess, með þeim hætti sem þeir telja ákjósanlegastan og hagkvæmastan. ÁTVR mun hins vegar þurfa nokkurn tíma til að selja sínar birgðir og er gert ráð fyrir því að hún muni gera það í samkeppni við hina nýju dreifingaraðila.

Að því er einstakar greinar þessa frumvarps varðar er það að segja að frumvarpið er efnislega algerlega það sama og lög nr. 67/1969 um verslun ríkisins með áfengi og tóbak að öðru leyti en því að öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings og dreifingu á tóbaki og eldspýtum eru felld niður. Eins og kunnugt er var kaflinn um Lyfjaverslun ríkisins felldur niður á sínum tíma með lögum nr. 16/1982 um lyfjadreifingu. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um einstakar greinar frumvarpsins, en hins vegar er vísað til frumvarps um tóbaksgjald vegna hins nýja fyrirkomulags sem fyrirhugað er að koma á varðandi gjaldtöku og verslun með tóbak.

Nd. 715. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum.

Frumvarpið var sent til umsagnar sýslunefndum og búnaðarsamböndum og bárust margar umsagnir sem fólu í sér ábendingar sem nefndin hefur tekið til greina, sumar hverjar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Jón Baldvin Hannibalsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Halldór Blöndal.	Pálmi Jónsson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 716. Breytingartillögur [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr., a-lið (63. gr.). Liðurinn orðist svo:

   Búfjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra. Þá má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á öðru búfé.

Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk, plötumerki og frostmerkingar á stórgripum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja stórgripi er ganga utan afgirtra svæða.

2. Við 1. gr., b-lið (64. gr.). Liðurinn orðist svo:

Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns nema leyfi hans komi til.

3. Við 1. gr., c-lið (65. gr.).
   a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi: Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja.
   b. Á eftir orðunum „birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði“ í 2. mgr. komi: eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins.
4. Við 1. gr., d-lið (66. gr.).
   a. Í stað „1987“ í 1. mgr. komi: 1988.
   b. 4. mgr. falli brott.
   c. A-liður 5. mgr. orðist svo:

      Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu hverrar nýrrar markaskrár. Skal gjaldið fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri mörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár eða lengur frá útgáfu síðustu markaskrár.

   d. C-liður 5. mgr. orðist svo:

      Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á að gjöld samkvæmt a- og b-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins samkvæmt þessari grein.

5. Við 1. gr., e-lið (67. gr.). Á eftir orðunum „eftir útgáfu síðustu markaskrár“ í 1. mgr. komi: eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins.
6. Við 1. gr., f-lið (68. gr.). Liðurinn orðist svo:

Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð sem sett skal að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

Það telst vera sammerking þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

   a. Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er

um eigendaskipti að marki skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður, sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarða. Sé um sama flokk marks að ræða sem ágreiningur er um þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.

b. Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna a-liðar þessarar mgr. getur sá, er markið á að missa, umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar. Skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m. a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess og annarra marka hans.

c. Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka búfé sitt nýju marki.

d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.

7. Við 1. gr., g-lið (69. gr.). Fyrri mgr. orðist svo:

Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

8. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 43 25. maí 1976 og 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 inn í lög nr. 42 12. maí 1969 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 717. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Í stað „1985“ í síðasta málslið greinarinnar komi: 1986.

Nd. 718. Frumvarp til laga [430. mál]

um að fella niður umboð núverandi bankaráða ríkisbankanna og kjósa ný bankaráð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands, 9. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands, 28. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, og 9. gr. laga nr. 12 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, skal

umboð þeirra bankaráða, sem kosin voru á Alþingi 20. des. 1984, falla niður 1. maí 1985. Frá sama tíma skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð fyrir hvern ríkisbanka og jafnmarga til vara sem ganga inn í kjörtíma þeirra bankaráða sem síðast voru kosin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fram hefur komið samþykktu bankaráð ríkisbankanna nýlega að greiða bankastjórum árlegan launaauka að upphæð 450 þúsund kr. í stað bifreiðahlunninda. Þrjú af fjórum bankaráðum ríkisbankanna ákváðu einnig vísitölubindingu launaaukans sem þó er andstæð lögum.

Í umræðum utan dagskrár kom eftirfarandi fram í máli viðskiptaráðherra:

1. „Varðandi skoðun mína á vísitölubindingu umræddra launagreiðslna, þá er hún sú að vísitölubindingin sé andstæð lögum."

2. „Áætlaðar skattgreiðslur munu innifaldar í fjárhæðinni. Þá greiða bankarnir rekstrarkostnað vegna bifreiða bankastjóra."

Ekki hefur því verið á móti mælt að vísitölubinding launaaukans sé brot á lögum.

Þegar upplýst er síðan að í launaaukanum, til viðbótar föstum launum sem ríkið greiðir opinberum embættismönnum, eru reiknaðar áætlaðar skattgreiðslur embættismanna er auðvitað ljóst að sú ákvörðun hefur enga stoð í lögum og er lögleysa.

Margir hafa orðið til að fordæma harðlega og lýsa vanþóknun sinni á þessari ákvörðun, enda er hún algert siðleysi og ofbýður réttarvitund fólks í landinu sem orðið hefur að sæta stórfelldri kjaraskerðingu og afnámi vísitölubóta á laun í nærfellt tvö ár.

Um það þarf vart að fjölyrða að hér er um kalda kveðju og grófa ögrun að ræða við launafólk og lágtekjuhópa í þjóðfélaginu, enda renna bílastyrkirnir í vasa hæst launuðu embættismanna ríkisins og samsvara nærfellt þreföldum lágmarkslaunum í landinu og fjórföldum framfærslueyri fjölda elli- og örorkulífeyrisþega.

Allir þingflokkar og stærstu hagsmunasamtök launafólks í landinu hafa ályktað um þetta mál og lýst vanþóknun sinni á þessari ákvörðun.

Þó ákvörðun um þessar hlunnindagreiðslur hafi verið tekin af bankaráðunum er ábyrgðin ekki síður hjá ríkisstjórninni sem hefur haft að engu vilja Alþingis frá 22. maí 1984 um afnám bílakaupafríðindi embættismanna.

Þetta mál snýr líka að Alþingi Íslendinga. Bankaráðin eru kosin af Alþingi og fara með vald sitt í umboði þess. Þeir bankaráðsmenn, sem að þessari löglausu ákvörðun stóðu, hafa brugðist skyldu sinni, brugðist trúnaði við Alþingi Íslendinga sem veitir þeim umboð til þessa ábyrgðarstarfs. Þess vegna er það skylda Alþingis að bregðast við með viðeigandi hætti.

Vissulega er það svo að ekki bera allir núverandi bankaráðsmenn ábyrgð á þeirri ákvörðun sem nú hefur verið tekin. En með þeirri leið, sem hér hefur verið lögð til, að fella niður umboð núverandi bankaráða gefst Alþingi Íslendinga tækifæri til að leysa þau frá störfum og svipta þá umboði sem staðið hafa að lögleysu og brugðist hafa trausti Alþingis. Jafnframt opnast leið til að veita nýtt umboð þeim sem Alþingi svo kýs.

Hér er um hreina og afdráttarlausa aðgerð að ræða þar sem eitt er látið yfir alla ganga. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að Alþingi geti endurkosið þá sem ekki hafa brugðist trausti þess.

Kjarni þessa máls er sá að Alþingi getur ekki látið það óátalið, eða setið hlutlaust hjá, þegar þeir, sem starfa í umboði Alþingis, bregðast trúnaði þess og brjóta gegn öllu velsæmi og réttlætisvitund fólks í landinu með ákvörðun sem bæði er siðlaus og andstæð lögum sem Alþingi Íslendinga krefur aðra um að fara eftir.

Nd. 719. Frumvarp til laga [431. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árna Hermannssyni, Bægisá I, Baldri Þorsteinssyni, Bægisá II, og Guðmundi Víkingssyni, Garðshorni, eyðijörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 frá 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 frá 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Árna Hermannssonar á Bægisá I, Baldurs Þorsteinssonar á Bægisá II og Guðmundar Víkingssonar í Garðshorni, allir bændur í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Jörðin Hamar hefur verið í eyði um árabil og engin mannvirki, utan gamalt íbúðarhús, eru á jörðinni. Jarðirnar Bægisá I og II og Garðshorn eru mjög landlitlar og fyrirhugað er að leggja nýjan veg í gegnum lönd þeirra Bægisárbænda sem mun skerða verulega ræktunarland þeirra og er ætlan kaupendanna, ef frumvarp þetta verður samþykkt, að skipta landi Hamars að jöfnu á milli sín. Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, jarðanefnd Eyjafjarðarsýslu og Ævarr Hjartarson, ráðunautur Búnaðarsambands Eyfirðinga, hafa mælt með því að Hamar verði seldur í samræmi við óskir þessara bænda.

Fylgiskjal I.

Ytri-Bægisá, 12. apríl 1985.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar,
Stefán Valgeirsson.

Við undirritaðir förum þess á leit við landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis að hún flytji frumvarp um sölu jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Fyrir hendi eiga að vera í landbúnaðarráðuneytinu tilskilin skjöl varðandi söluna.

Virðingarfyllst,

Árni Hermannsson (sign.),
Baldur Þorsteinsson (sign.),
Guðmundur Víkingsson (sign.).

Fylgiskjal II.

Ytri-Bægisá I, 23. jan. 1985.

Jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Við undirritaðir, ábúendur jarðanna Ytri-Bægisár I og II og Garðshorns á Þelamörk í Glæsibæjarhreppi, förum þess á leit við jarðeignadeild ríkisins að fá eyðijörðina Hamar á Þelamörk keypta, með þeim mannvirkjum sem þar eru, með það fyrir augum að henni verði skipt á milli þessara þriggja jarða.

Er það ætlun okkar að Hamar verði ekki metin sem sjálfstæð jörð eftir skiptin heldur falli undir mat hinna jarðanna hverrar fyrir sig.

Virðingarfyllst,

Árni Hermannsson (sign.),
Baldur Þorsteinsson (sign.),
Guðmundur Víkingsson (sign.).

Fylgiskjal III.

Umsögn Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Akureyri, 23. jan. 1985.

Jarðeignadeild, landbúnaðarráðuneytinu.

Málefni: Jörðin Hamar í Glæsibæjarhreppi.

Sem kunnugt er hafa ábúendur jarðanna Ytri-Bægisár I og II og Garðshorns leitað eftir því að fá þessa jörð keypta með það fyrir augum að skipta henni í þrjá hluta og leggja til framangreindra jarða. Umræddar jarðir eru landlitlar og tvær að mestu komnar í þrot með ræktunarland.

Jörðin Hamar er algjörlega húsalaus en hefur nokkurt land og allgott til ræktunar. Land jarðarinnar liggur að löndum þessara þriggja jarða þannig að nýting þess og uppskipti eru mjög auðveld í því tilliti.

Ég fæ ekki séð að ástæða sé til að byggja þessa jörð sem slíka heldur tel ég að réttara sé að tryggja búsetu og búskap aðliggjandi jarða þar sem uppbygging hefur farið fram.

Umræddar jarðir hafa nýtt þessa jörð nú undanfarin ár bæði til beitar og slægna.

Ég mæli því eindregið með að ráðstöfun þessi nái fram að ganga.

Ævarr Hjartarson (sign.).

Fylgiskjal IV.

Umsögn jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu.

Landbúnaðarráðuneytið, Hlöðum, 11. febr. 1985.
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Á fundi jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu hinn 9. febr. 1985 var gerð eftirfarandi bókun:

Bréf dags. 19. jan. 1985 þar sem ábúendur Ytri-Bægisár I og II og Garðshorns á Þelamörk óska eftir meðmælum jarðanefndar vegna fyrirhugaðra kaupa á eyðijörðinni Hamri í Glæsibæjarhreppi sem er ríkisjörð.

Jarðanefnd gerir engar athugasemdir við umsókn þeirra þremenninga og samþykkir fyrir sitt leyti að eyðijörðin Hamar verði seld þeim.

Stefán Halldórsson (sign.).

Fylgiskjal V.

Umsögn oddvita Glæsibæjarhrepps.

Sílastöðum, 16. jan. 1985.

Árni Hermannsson, Ytri-Bægisá I,
Guðmundur Víkingsson, Garðshorni, Þelamörk,
Baldur Þorsteinsson, Ytri-Bægisá II.

Á fundi hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps 11. jan. 1985 var tekið fyrir bréf ykkar dags. 11. jan. 1985 þar sem þið óskið eftir því að hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps mæli með því að jarðeignadeild ríkisins selji ykkur eyðibýlið Hamar í Glæsibæjarhreppi. Jafnframt að hreppurinn afsali sér forkaupsrétti sínum til ykkar.

Erindið var samþykkt.

Greinargerð: Ábúendur Ytri-Bægisár I og Garðshorns hafa nytjað jörðina síðan hún fór úr ábúð og búrekstur þeirra því að hluta grundvallaður á nytjum hennar. Ytri-Bægisá II er fremur landlítil jörð sem yrði stórum byggilegri fengi hún viðbótarland. Mundi slík ráðstöfun stuðla mjög að farsælli búsetu á jörðinni.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Sigfússon oddviti, (sign.).

Sþ. 720. Fyrirspurn [432. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á hörpudisksmiðum í Breiðafirði.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hefur sjávarútvegsráðherra gert ráðstafanir til þess að hörpudisksmiðin í Breiðafirði verði rannsökuð eftir að aflamark á hörpudiski var aukið á þessu ári?

Ef svo er ekki, mun þá ráðherra beita sér fyrir því að nákvæmar rannsóknir fari fram á vegum Hafrannsóknastofnunar er tryggi að veiðisvæði verði ekki ofveidd nú þegar sóknin er aukin?

Ed. 721. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hver maður í þjóðkirkjunni, sem orðinn er 16 ára á tekjuárinu og er heimilisfastur hér á landi samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 75/1981 og á er lagt útsvar samkvæmt lögum nr. 73/1980, skal greiða sóknargjald ár hvert samkvæmt lögum þessum.
   Sóknargjald rennur til þeirrar sóknar þar sem gjaldþegn átti lögheimili hinn 1. desember á tekjuárinu.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sá, sem telst til skráðs trúfélags, sbr. lög nr. 18/1975, skal greiða til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum hefði annars borið að greiða til þjóðkirkjunnar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði af útsvarsstofni, sbr. 2. gr.
3. Við 6. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Framangreind gjöld hlíta sömu reglum og útsvör eftir því sem við getur átt nema annars sé getið, þ. á m. um kærur og úrskurð þeirra. Um gjalddaga, ábyrgð kaupgreiðenda á gjöldum, innheimtuúrræði, þ. á m. tilkall innheimtumanns til greiðslu úr kaupi gjaldþegns og ábyrgð hjóna á gjöldum hvors annars, svo og um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Gjöld þessi og dráttarvextir eru lögtakskræf samkvæmt lögum nr. 29/1985.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Að lokinni álagningu gjalda skv. I. kafla laga þessara getur sóknarnefnd ákveðið, að fenginni umsókn gjaldanda, að lækka eða fella niður álögð gjöld skv. lögum þessum þegar svo stendur á sem greinir í 27. gr. laga nr. 73/1980. Á sama hátt getur stjórn skráðs trúfélags eða ríkisskattstjóri (háskólaráð) lækkað eða fellt niður álögð gjöld sem um er rætt í II. kafla laga þessara.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Innheimtumenn ríkissjóðs skulu annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Innheimtuþóknun skal vera 1% og rennur hún í ríkissjóð. Ríkissjóður skal ársfjórðungslega standa sóknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu gjaldi samkvæmt lögum þessum.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: og að höfðu samráði við fjármálaráðherra varðandi atriði er snerta framkvæmd álagningar eða innheimtu.

Sþ. 722. Fyrirspurn [433. mál]

til forsætisráðherra um ábyrgðir Framkvæmdasjóðs vegna lána til fiskeldisstöðva.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Hvað tefur að Framkvæmdasjóður Íslands veiti Fiskeldi Grindavíkur og Íslandslaxi hf. ábyrgð á láni hjá Norræna fjárfestingarbankanum sem báðir aðilar hafa vilyrði fyrir að fenginni slíkri ábyrgð?

Sþ. 723. Fyrirspurn [434. mál]

til forsætisráðherra um úrbætur í atvinnumálum í Hafnarfirði.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin tekið til umfjöllunar hið alvarlega atvinnuleysi í Hafnarfirði, sbr. síðustu atvinnuleysistölur í bænum og nýlega ályktun verkalýðsfélaganna þar sem áskorun er beint til ríkisstjórnarinnar um úrbætur?
2. Hafa ríkisstjórninni eða einstökum ráðherrum borist einhverjar málaleitanir frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar varðandi aðgerðir til að bæta atvinnuástand þar og þá einkanlega varðandi stöðu og rekstur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar?
3. Hefur ríkisstjórnin einhver áform á prjónunum til úrbóta í atvinnumálum í Hafnarfirði?

Nd. 724. Breytingartillaga [50. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá Karvel Pálmasyni, Kristínu S. Kvaran, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Við b-lið 4. gr. bætist: ríkisábyrgðin er óháð því hver fer með kröfuna.

Ed. 725. Breytingartillögur [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EgJ, JK, VI).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „884 000“ komi: 1 036 000.
   b. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
      Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985.
2. Við 6. gr. bætist nýr tl. er verði 6. tl. og orðist svo:
   Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1985 að fjárhæð 7 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Við 9. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, sem Framkvæmdasjóður tekur og endurlánar skv. 7. gr. vegna þróunarfélags til nýsköpunar í atvinnulífi á árinu 1985, að fjárhæð 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Á eftir 26. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

Sþ. 726. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 36. þingi Evrópuráðsins um fundi þess í maí, september og október 1984 og janúar 1985.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni sem tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.
5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félagsmál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.
10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Yfirlit um ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun sem framar öllu er þing sem fer með umboð þjóðþinga aðildarríkjanna annars vegar og ráðherranefndar sem fer með umboð ríkisstjórnanna hins vegar. Tengslum milli þessara tveggja umboðsaðila er haldið uppi af svokallaðri samvinnunefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing sem svipar til þjóðþinga að eðli til og hlýðir áþekkum þingsköpum en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er það haldið í þrennu lagi, að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með gangi alþjóðamála. Þingið lætur hin margvíslegustu mál til sín taka, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 36. þinginu voru:
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Ingvar Gíslason,
Garðar Sigurðsson.
Varafulltrúar voru:
Kjartan Jóhannsson,
Halldór Blöndal.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:
fastanefnd,
stjórnmálanefnd,
laganefnd (varamaður),
þingskapanefnd (varamaður).

Ingvar Gíslason:
samvinnunefnd,
vísinda- og tækninefnd,
menntamálanefnd,
sveitarstjórna- og skipulagsnefnd,
landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Garðar Sigurðsson:
efnahagsnefnd,
nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður),
nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður),
upplýsinganefnd,
fjárhags- og áætlunarnefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:
heilbrigðis- og félagsmálanefnd,
landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd,
vísinda- og tækninefnd.

Halldór Blöndal:
þingskapanefnd,
fjárhags- og áætlunarnefnd,
fastanefnd (varamaður),
stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari á fyrsta fundi Friðjón Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis, og á öðrum og þriðja fundi Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

36. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt haldið í þrennu lagi, fyrsti hlutinn frá 7. maí til 11. maí 1984, annar hlutinn frá 26. sept. til 4. okt. 1984 og þriðji hlutinn frá 28. jan. til 1. febr. 1985. Þingfundir voru allir haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strassborg.

Gestur vorfundarins var Ramalho Eanes, forseti Portúgal. Hann ræddi m. a. um stöðu Evrópu í heiminum. Ekkert stórveldi kvað hann geta jafnast á við öll ríki Evrópu hvað þekkingu varðar og hefðu þau ríki miklu að miðla þróunarríkjunum í öðrum heimsálfum. Þó að starfsemi Evrópuráðsins væri ekki jafnþekkt og annarra stofnana væri góður andi í öllu samstarfi þess og tilgangurinn framar öllu sá að horfa til framtíðarinnar. Lissabon hefði orðið fyrir valinu sem þingstaður fyrir ráðstefnuna um hlutverk Evrópu í samskiptum iðnríkja og þróunarlanda og í því fælist viðurkenning á þeirri portúgölsku hefð að hafa samskipti við fjarlægar álfur.

Vestur-þýski þingmaðurinn Karl Ahrens var endurkjörinn þingforseti. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var endurkjörinn einn varaforseta þingsins.

Utanríkisráðherra Danmerkur, Uffe Elleman-Jensen, fylgdi hefðbundinni skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði á vorfundi en utanríkisráðherra Frakklands, Roland Dumas, á haustfundi og utanríkisráðherra V-Þýskalands, Hans-Dietrich Genscher, á janúarfundi.

Af öðrum, sem ávörpuðu 36. þing Evrópuráðsins, má nefna Smit-Kroes, samgöngumálaráðherra Hollands, Arnadou-Mahtar M.'Bow, framkvæmdastjóra UNESCO, Mats Hellström, utanríkisviðskiptaráðherra Svía og formann EFTA-ráðsins.

Gestur haustfundarins var forseti Írlands, dr. Patrick J. Hillary. Hann ræddi m. a. um hlutverk Evrópuráðsins sem hugmyndabanka til að leysa ýmiss konar vanda.

Haustið 1984 urðu framkvæmdastjóraskipti hjá Evrópuráðinu. Franz Karasek frá Austurríki lét af störfum og við tók Spánverjinn Marcelino Oreja Aquirre.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

Fyrir 36. þinginu lá skýrsla austurríska þjóðarflokksþingmannsins Steiners sem hann lagði fram fyrir hönd stjórnmálanefndarinnar á vorfundi um ástandið í Tyrklandi. Þrátt fyrir takmarkaðan ræðutíma var málið rætt í tvo daga eða sjötta hluta af fundartíma vorfundar. Að lokum var samþykkt ályktun nr. 822, um ástandið í Tyrklandi, en fjöldi breytingartillagna með textabreytingum var felldur í atkvæðagreiðslu.

Steiner sagði í ræðu sinni að ágreiningur væri um það í þinginu hve miklar framfarir hefðu orðið í Tyrklandi í lýðræðisátt. Tvennt hefði einkum verið haft að leiðarljósi við að semja skýrslu og drög að ályktun, þ. e. virðing fyrir sáttmála Evrópuráðsins og hagsmunir tyrknesku þjóðarinnar. Sjálfri ályktuninni svipar í hvívetna til fyrri samþykkta þingsins um sama efni. Voru drögin samþykkt í stjórnmálanefndinni án mótatkvæða en nokkrir sátu hjá.

Nefnd á vegum þingsins fór til Tyrklands til að kanna aðstæður þar og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að það væri á valdi þjóðþings og ríkisstjórnar Tyrklands að bæta úr þeirri skerðingu á lýðræði og brotum á mannréttindum sem gagnrýnin hefði beinst að og var mælst til þess við sendinefnd þingmannanefndar Tyrklands að koma efni ályktunarinnar á framfæri til réttra aðila. Þótt herlög hafi verið afnumin í 13 sýslum gilda þau enn á öðrum landsvæðum og enn viðgangast pyntingar í landinu.

Tyrkneskir þingmenn svöruðu gagnrýninni með samanburði við ástandið eins og það var áður en herinn tók völdin og menn voru drepnir unnvörpum. Þá nefndu þeir dæmi þess hve hratt miðaði í lýðræðisátt í landinu og töldu margt í málflutningi andstæðinga sinna vera gagnrýni sem samin væri í Sovétríkjunum og vitnuðu til mikillar kosningaþátttöku. Grískur þingmaður spurði hvers vegna Tyrklandi hefði ekki verið vikið úr Evrópuráðinu eins og Grikklandi þegar herforingjarnir tóku þar völdin. Steiner kvaðst telja flesta þingmenn vera meðmælta drögunum að ályktun um málið og ítrekaði að í henni fælist ekki tvöfeldni í skilgreiningu á lýðræði og mannréttindum heldur jákvæð afstaða sem vonandi yrði ekki orðin tóm og þar sem Evrópuráðið fylgdist með þróun mála í Tyrklandi væri von til þess að fullu lýðræði yrði komið á. Drögin voru samþykkt með handaupprettingu en fjórar breytingartillögur komu fram.

Á janúarfundi var ályktun nr. 835, um ástandið í Suður-Ameríku, samþykkt með naumum meiri hluta, 62 á móti 56 og 11 sátu hjá. Tillaga nr. 991, um samskipti Evrópu og Suður-Ameríku á efnahagssviðinu, var einnig samþykkt. Í ályktuninni er meðal annars hvatt til að Evrópuríki veiti umsvifalaust hjálp í hungursneyð og sjái til þess að flóttamenn eigi víst pólitískt hæli.

Að venju voru málefni Kýpur til umræðu á þinginu og var samþykkt ályktun nr. 816, um ástandið á Kýpur.

Þó ekki kæmi til samþykktar af neinu tagi voru málefni Möltu rædd en enginn þingmaður þaðan var viðstaddur umræðurnar. Rædd voru mannréttindamál á Möltu, sem og lög um erlenda íhlutun, bæði á haustfundi og á janúarfundi en ákveðið að ganga ekki til almennrar atkvæðagreiðslu fyrr en á vorfundi 37. þingsins. Tvær skýrslur voru lagðar fram um ástand mála á Möltu og voru niðurstöður þeirra mjög mismunandi. Lögin um erlenda

íhlutun voru samþykkt á þjóðþingi Möltu eftir kosningar 1982 eftir þrjár umræður samkvæmt þingsköpum en stjórnarandstæðingar sátu ekki á þingi eftir kosningarnar svo að þeir tóku engan þátt í umræðum um lögin. Samkvæmt lögunum er tjáningarfrelsi erlendra manna á Möltu skert. Erlendir menn þurfa að sækja um þátttöku í ýmiss konar starfsemi til þingsins að viðlögðum refsiákvæðum. 240 beiðnir hafa komið fram og veitt hafa verið leyfi fyrir þeim. Heinz Schwarz, þingmaður frá þýska kristilega demókrataflokknum, hafði framsögu um málið fyrir hönd laganefndar og taldi lögin ósamræmanleg 3. grein mannréttindasáttmálans er fjallar um tjáningarfrelsi sem engin landamæri setji skorður við. Ítalski jafnaðarmaðurinn Amadei féllst ekki á þá lögskýringu en taldi hins vegar að lögin beindust að því að banna útvarpsstöðvar sem útvarpa áróðri til Möltumanna. Í umræðum kom fram mismunur á málflutningi vinstrisinnaðra og hægrisinnaðra þingmanna. Hinir fyrrnefndu vildu komast hjá meiri háttar ágreiningi en hinir síðarnefndu fordæmdu lögin sem brot á mannréttindaákvæðum og hörmuðu það að þingið skyldi ekki ná samstöðu um málið. Almennt var óánægja með það að tvær skýrslur skyldu koma fram um málið og var þeim vísað aftur í nefnd til frekari umræðu.

Miklar umræður urðu á haustfundi um stöðu mála í Suður-Ameríku. Tveir þingmenn sósíalistaflokka, Fourré frá Frakklandi og Martinez frá Spáni, höfðu lagt fram skýrslu um málið en Blenk, þingmaður kristilegra demókrata frá Austurríki, bar undir atkvæði þá ósk sína að skýrslan yrði dregin til baka vegna þess að hún gæfi ekki rétta mynd af stöðu mála. Var það samþykkt.

Samstarf Evrópuríkja í framtíðinni var rætt og samþykkt tillaga nr. 994, um framtíð samstarfs í Evrópu. Fyrir haustfundi þingsins lágu tvær skýrslur um slíka samvinnu og ein um þau áhrif sem stækkun Evrópubandalagsins hefði á landbúnað í Evrópu. Mælt var með auknu samstarfi milli Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins, aukinni samvinnu milli þings Evrópuráðsins og Evrópuþingsins og fullyrt að þrátt fyrir ýmis vandkvæði léti Evrópubandalagið mjög til sín taka í þróun samstarfs í Evrópu. Hvatt var til þess að auka samvinnu á sviði vísindarannsókna en þótt jafnmargir stundi þau störf í Evrópu og í Japan og Bandaríkjunum samanlagt er árangur rannsóknanna mun minni í Evrópu. Lagt var til að vísindamönnum yrði auðveldað að flytja milli landa til þess að auka hugmyndaflæði og enn fremur var bent á að verja þyrfti fé til verkefna sem fjármögnuð eru sameiginlega af fleiri en einu Evrópuríki.

Ályktun nr. 833, um áhrif stækkunar bandalagsins á landbúnaðarmál var samþykkt. Hvatt til þess að ljúka samningum um þátttöku Spánar og Portúgals í Evrópubandalaginu en jafnframt hvatt til samvinnu milli allra lýðræðisríkja í Evrópu.

Ályktun nr. 836, um samskipti Evrópu og Norður-Ameríku, var samþykkt og rædd á janúarfundi. Tvær skýrslur voru lagðar fram. Var önnur frá stjórnmálanefndinni sem norski íhaldsþingmaðurinn, Harald Lied, hafði framsögu um og fjallaði einkum um varnir Vesturlanda og sameiginlega hagsmuni en ólíkar hugmyndir í Evrópu og Ameríku. Lagt var til að samskipti milli þjóðþinga í Evrópu og Norður-Ameríku yrðu bætt og aukin. Hollenski þingmaðurinn Govert van Tets frá frjálslynda flokknum mælti fyrir skýrslu efnahagsmálanefndar þingsins. Nefndi hann í tölum upplýsingar sem dæmi um það hve markaðir í Bandaríkjunum og Evrópu væru hverjir öðrum háðir. Bandarískir þingmenn voru viðstaddir umræðurnar og tóku þátt í þeim og var rætt af hreinskilni um öll vandamál milli álfanna beggja vegna Atlantshafsins.

Ályktun nr. 828, um fólk sem látið er hverfa, var samþykkt og ályktun nr. 824, um Argentínumenn sem flúðu land sitt en hafa snúið þangað aftur.

Tvær samþykktir voru gerðar um samskipti austurs og vesturs, tillaga nr. 988 og ályktun nr. 826.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.

Utanríkisviðskiptaráðherra Svíþjóðar, Mats Hellström, talaði fyrir skýrslu um starfsemi EFTA-ráðsins en hann var formaður ráðherranefndar EFTA-ráðsins. Skýrði hann frá fundi í Luxemborg milli fulltrúa EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins þar sem m. a. voru ræddar leiðir til að tryggja frjálsa viðskiptahætti. Minntist hann á viðskipti með sjávarútvegs- og landbúnaðarvörur en þótt slík viðskipti falli ekki undir fríverslun þá segir í sáttmála EFTA að ráðið stefni að því að auka alþjóðleg viðskipti með sjávarútvegsvörur. EFTA-ríki hefðu sum með sér tvíhliða samninga til að greiða fyrir fríverslun með fiskafurðir og nefndi hann sem dæmi nýgerðan samning milli Íslands og Sviss (1981) sem felur í sér ákvæði varðandi innflutning á fiski til Sviss. Efnahagsmálanefndin lagði fram ályktun nr. 821, um Fríverslunarsamtökin og störf þeirra frá því í júlí 1981 þangað til í desember 1983.

Ofangreindar umræður um Fríverslunarsamtökin fóru fram samkvæmt venju sem og umræður um stöðu mála hjá OECD. Voru fulltrúar nokkurra ríkja OECD, sem ekki eiga sæti í Evrópuráðinu, viðstaddir. Sir John Osborn, þingmaður breska íhaldsflokksins, mælti fyrir skýrslu um starfsemi OECD. Þá tók til máls framkvæmdastjóri OECD, Jean-Claude Paye. Paye, sem er nýtekinn við starfi framkvæmdastjóra af Emile van Lennep, bar fram þrjár tillögur til úrbóta fyrir ríki OECD. Hvert ríki leysi efnahagsvanda sinn án þess að gera það á kostnað annarra ríkja í alþjóðaviðskiptum. Hagvöxt ber að tryggja án þess að þær aðgerðir auki verðbólgu. Loks beri að styrkja þau ákvæði sem gilda í milliríkjaviðskiptum og efla tengsl við þróunarríki, einkum Afríkuríki fyrir sunnan Sahara. Samþykkt var ályktun nr. 837, um svar við skýrslu um störf OECD 1983, en veigamesta atriði hennar var að mikilvægasta markmið OECD-ríkjanna var talið vera að bæta aðstæður ungs fólks á vinnumarkaðnum.

Þá samþykkti þingið ályktun til ráðherranefndarinnar um samvinnufyrirtæki í Evrópu, einkum á sviði landbúnaðar, en efnahagsmálanefndin hafði gert könnun sem leiddi í ljós að 20% af íbúum Evrópubandalagslandanna eftir inngöngu Spánar og Portúgals eru í samvinnufélögum. Í tillögunni kemur m. a. fram að félögin gegna mikilvægu hlutverki til atvinnusköpunar en kanna beri lögin vel til þess að tryggja að ekki sé hægt að misnota þessa tegund fyrirtækja.

Þrjár breytingartillögur komu fram við tillöguna og voru þær allar samþykktar, þ. á m. breytingartillaga sem Ólafur Ragnar Grímsson hafði haft framsögu um í nokkrum nefndum þar sem aðildarríki EFTA eru hvött til að kanna leiðir til að fella niður gjöld á fiskafurðum í viðskiptum innan bandalagsins.

Tillaga nr. 992, um ráðstefnuna sem haldin var í Lissabon 9.—11. apríl 1984 og fjallaði um hlutverk Evrópu í samskiptum iðnríkja og þróunarlanda, var samþykkt. Umræður urðu um skýrslu sem efnahagsnefndin hafði stąðið að og þeir Harry Aarts, kristilegur demókrati frá Hollandi, og Uwe Holtz, sósíaldemókrati frá V-Þýskalandi, en einnig bárust skýrslur og umsagnir um málið frá öðrum. Á þessari ráðstefnu hafði aðildarríkjum Evrópuráðsins í fyrsta sinn gefist tækifæri til að ræða hlutverk Evrópu í samskiptum við þróunarlöndin. Þingið sendi ráðherranefnd Evrópuráðsins tillögu um að yfirlýsingum ráðstefnunnar yrði komið í framkvæmd, aðildarríkin samhæfðu þróunaraðstoð sína og ykju marghliða þróunaraðstoð og styrktu herferð á vegum Evrópuráðsins í öllum aðildarríkjum þar sem bent yrði á það að iðnríkin og þróunarlöndin eru hvert öðru háð svo að mannkyn megi lifa. Tuttugu og þrír ræðumenn tóku til máls við umræðu um málið á haustfundi. Framsögumenn sögðu að yfirlýsing Lissabonráðstefnunnar markaði til langs tíma þá braut sem sýna ætti þann tilgang sem ætti að felast í þróunaraðstoð þótt ljóst væri að ekki þyrfti byltingarkennt stórátak heldur smáverkefni sem öll miða að framförum og eru innan þess ramma sem yfirlýsingin setur höfuðmarkmiði málefnisins. Þá er nauðsynlegt að virkja almenningsálitið í

aðildarríkjunum til fylgis við markmið til langs tíma og framkvæmd þeirra. Lykilatriði í yfirlýsingunni er kaflinn um tækni og vísindi með tillögum um þróun á því sviði. Ræðumenn bentu á ýmsa agnúa á framkvæmd málsins, t. d. erfiðleika á því að þróunarhjálp nái þangað sem þörfin er brýnust, minnkandi hagvöxt í Evrópuríkjum, örðugleika innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á samningum milli skuldunauta og lánardrottna, erfiðleika við að styðja sjálfsbjargarviðleitni o. fl. Mikill stuðningur kom fram við ráðstefnuna og yfirlýsingu hennar og bar flestum saman um að þetta frumkvæði væri lofsamlegt og hlutverki Evrópuríkja í þróunarsamvinnu hefði verið gerð góð skil. Þá var aðstandendum ráðstefnunnar þakkað frumkvæðið, þ. á m. Ólafi Ragnari Grímssyni alþingismanni sem vann mikið starf við að afla hugmyndinni fylgi á vettvangi þingsins. Knut Frydenlund, þingmaður frá Noregi, lagði áherslu á það að þætti alþjóðastofnana í þróunarhjálp væru gerð verðug skil og málefnum þeirra komið á framfæri í yfirlýsingunni frá Lissabon. Nokkrir ræðumenn gerðu samanburð á yfirlýsingunni og Marshallaðstoðinni. Tillaga nr. 992 var samþykkt nánast einróma með aðeins einu mótatkvæði.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Ítalski kristilegi demókrataþingmaðurinn Franco Foschi lagði fram skýrslu fyrir hönd nefndar um farandverkafólk og flóttamenn og um ólöglega innflytjendur en þeir eru nokkrar milljónir í Evrópu sem hafa flutt norður á bóginn í von um betri lífskjör. Í tillögu þingsins til ráðherranefndarinnar var lagt til að mikil viðurlög verði við brotum á lögum um atvinnuleyfi en jafnframt að ólöglegir innflytjendur njóti fullra mannréttinda í dvalarlöndum. Samþykkt var tillaga um ólöglega landflutninga í Evrópu, nr. 990. Samþykkt var tillaga nr. 984, um að veita flóttamönnum ríkisborgararétt í því landi sem þeir flýja til.

7. Félagsmál.

Tillaga nr. 980 var gerð um málefni 3. ráðstefnu atvinnumálaráðherra Evrópu og skipulagningu ráðstefnunnar, en sú ráðstefna var eitt af mörgu sem skipulagt var á vegum þings Evrópuráðsins til að ræða atvinnuleysi í Evrópu. Margir ræðumenn komu inn á þetta mál í umræðum um efnahagsmál og fleira og tölur voru nefndar og tillögur gerðar til úrbóta. Jafnvel var þetta málefni rætt innan ramma mannréttindaumræðu sem réttindi manna til atvinnu. Rætt var um lækkun eftirlaunaaldurs, styttingu vinnuviku, sérstakt átak til að skapa vinnu fyrir unga fólkið. Sumir þingmenn töldu atvinnumál vera mjög örðug viðfangsefni fyrir stjórnvöld, þeim væri þröngur stakkur skorinn þar sem ekki væri hægt að skipa fólki að kaupa vöru sem það vill ekki eða fær ódýrari annars staðar. Aðrir töldu samvinnu stjórnvalda og einkageirans vera lausnina. Í tillögu þingsins til ráðherranefndarinnar um atvinnumál í Evrópu, nr. 981, var hvatt til rannsókna á áhrifum atvinnuleysis á heilsu manna, Viðreisnarsjóður Evrópu hvattur til að beina fjármagni til staða þar sem það skapaði atvinnu og einkafyrirtæki og stjórnvöld hvött til að vinna saman að atvinnuuppbyggingu.

Tvær samþykktir þingsins lúta að misnotkun eiturlyfja: Tillaga nr. 989, um baráttu gegn misnotkun eiturlyfja, sölu þeirra og dreifingu, og fyrirmæli nr. 423, um skipulagningu á yfirheyrslum vegna baráttunnar gegn misnotkun eiturlyfja og dreifingu og sölu þeirra. Franski sósíalistinn Claude Wilquin hafði framsögu um málið á haustfundi fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndarinnar. Lýsti hann áhyggjum sínum af stöðu þessara mála en eiturlyfjaneysla vex sífellt og neytendur eru oft aðeins 13—16 ára. Björn Körlof, sænskur íhaldsflokksþingmaður, reifaði málið fyrir laganefndina og lagði til að komið yrði á alþjóðlegu refsiréttarkerfi fyrir eiturlyfjamisnotkun. Robert Antretter, þýskur jafnaðarmaður, talaði í nafni menningarmálanefndarinnar og lýsti áhyggjum sínum af þeim áhrifum

sem upplýsingastarfsemi hefði á neyslu eiturlyfja þar sem þær gætu vakið forvitni ungmenna. Ofangreind tillaga var samþykkt samhljóða og hvatt til samræmdra aðgerða allra aðildarríkja á öllum sviðum, sem málið snerta, til þess að vinna bug á þeim vágesti sem eiturlyfin eru í nútímaþjóðfélagi.

8. Menningar- og menntamál.

Á þessu sviði bar hæst ár tónlistarinnar 1985 en undirbúningur þess undir stjórn Tomasar Alexandersson hafði staðið í tvö ár. Á janúarfundi bar það til tíðinda að í stað hefðbundinnar dagskrár í byrjun fundar var leikinn fiðlukonsert eftir Bach og síðan hófust umræður um tónlistarárið. Tónlistarár Evrópu er haldið í tilefni 300 ára afmæla Bachs, Händels og Scarlattis. Í tillögu nr. 1001, um ár tónlistarinnar í Evrópu, er m. a. hvatt til þess að gætt verði að því að varðveita tónlistararfinn í Evrópu og að hlúð verði að ungu tónlistarfólki. Jafnframt var samþykkt ályktun nr. 834 um sama efni.

Þá voru málefni UNESCO rædd á haustfundi. Eftir almennar umræður um vanda UNESCO tók framkvæmdastjóri UNESCO, Amadou-Mahtar M'Bow til máls og svaraði gagnrýninni. Kvað hann ekki vera við framkvæmdastjórann að sakast um vanda stofnunarinnar heldur við aðildarríkin. Það væru þau sem ákvæðu verkefnin, reglurnar og fjármagnið en stofnunin sjálf hefði enga hugmyndafræði og stæði hvorki gegn prentfrelsi né öðru sem hún er sökuð um að standa gegn.

Samþykkt var tillaga nr. 995, um menningarsamvinnu í Evrópu. Íþróttamál voru rædd þegar samþykkt var tillaga nr. 993, um samskipti Evrópuríkja á sviði íþrótta, í framhaldi af fundi íþróttamálaráðherra sem haldinn var á Möltu 15. og 16. maí 1984. Í greinargerð, sem menningar- og menntamálanefndin stóð að um málið, var lýst áhyggjum nefndarmanna vegna þeirrar þróunar að stjórnmálaafskipti færu sívaxandi í sambandi við keppni í íþróttum milli landa sem og auglýsingaskrums í kringum íþróttaiðkanir.

9. Löggjafarmálefni.

Hafréttarmálefni voru rædd á vorfundi 36. þingsins, og var þá samþykkt tillaga nr. 983, um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál. Haase hafði framsögu um skýrslu laganefndar um þetta mál en hann fjallaði um ráðstefnu evrópskra þinga í Palermo 2.—4. nóvember 1983 sem haldin var til að kynna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á ráðstefnunni var hafréttarsáttmálinn ræddur efnislega og menn huguðu að afleiðingum hans, og einstökum atriðum eins og lögsögu ýmiss konar á hafinu, skipaferðum, menningarverðmætum á hafi úti, fiskveiðum, vörnum gegn mengun sjávar, tæknivæðingu þriðja heimsins og námugrefti á hafsbotni og könnuð voru deilumál milli iðnríkja og þróunarríkja og innbyrðis milli aðildarríkja Evrópuráðsins á þessu sviði. Tólf Evrópuráðsríki höfðu þá undirritað sáttmálann en Belgía, Luxemborg, V-Þýskaland, Liechtenstein, Ítalía, Sviss, Spánn, Tyrkland og Bretland höfðu ekki undirritað hann. Vakin var athygli á því að síðustu forvöð til undirritunar voru í árslok 1984.

Framsögumaður viðurkenndi að nokkur atriði væru athugaverð við sáttmálann en engu síður teldi hann engan annan kost betri á þessu sviði en sáttmálann. Fjögur atriði setti hann á oddinn: Meiri samvinnu Evrópuráðsríkja á sviði rannsókna á sjávarlífi. Athuga bæri hugsanlegar afleiðingar þess að Evrópuráðsríkin, sem ekki hafa enn undirritað sáttmálann, hyggist ekki undirrita hann, einkanlega að því er varðar samskipti við þriðja heiminn. Þá taldi hann rétt að rannsakað yrði hvort lög einstakra þjóða og tvíhliða samningar varðandi námugröft á hafsbotni gætu komið í stað ákvæða sáttmálans. Loks vakti hann athygli á staðhæfingum undirbúningsnefndar um alþjóðayfirráð yfir hafsbotninum og taldi mega draga niðurstöður af þeim.

Sir John Osborn, íhaldsflokksþingmaður frá Bretlandi, hafði framsögu um málið fyrir efnahagsnefndina. Hann taldi yfirbyggingu sem sáttmálinn gerði ráð fyrir á sviði námu-

graftar vera mjög mikinn ókost og m. a. þess vegna gæti Bretland ekki sætt sig við hann. Taldi hann að hinir jákvæðu þættir sáttmálans mundu verða virtir sem þjóðarréttur á grundvelli hefðar. Í skýrslu menningar- og menntamálanefndarinnar um málið var lögð áhersla á að þau menningarverðmæti, sem geta verið í skipum á hafsbotni, verði rækilega varin með ákvæðum sáttmálans. Þeir þættir sáttmálans, sem mestri gagnrýni sættu, voru greinilega þeir sem lutu að nýju efnahagskerfi í heiminum, tæknivæðingu þriðja heimsins (technology transfer), ákvæði um sameign mannkyns og ýmis ákvæði sem talin voru letjandi fyrir framkvæmdir á hafinu. Haase sagði í lokaorðum að 95% af olíulindum heims og 85% af fiskimiðum væru innan marka efnahagslögsögu ríkja. Hvatti hann vestræn ríki til að undirrita sáttmálann og taka sæti í hafsbotnsnefndinni þar sem ella yrðu Sovétríkin og bandamenn þeirra allsráðandi þar og enn fremur að eftir að 60 ríki hafa undirritað sáttmálann verður óvissa um gildi fyrri lagavenja á þessu sviði. Landbúnaðarnefndin lagði einnig fram skýrslu um málið og breytingartillögu en á hennar vegum starfar undirnefnd um fiskveiðimál sem Kjartan Jóhannsson þingmaður á jafnframt sæti í. Voru skýrslan og tillagan unnin undir forystu Kjartans í nefndinni en hann hafði áður verið valinn talsmaður nefndarinnar í málinu. Hann var ekki viðstaddur á vorfundi en Spies von Büllesheim, þingmaður kristilegra demókrata frá V-Þýskalandi, hafði framsögu um málið í hans stað. Breytingartillagan varðar yfirstjórn strandríkja á fiskveiðum innan efnahagslögsögu sinnar sem leiða mun til minnkandi samkeppni um takmarkaðan fiskafla, en á hinn bóginn megi koma í veg fyrir mikil efnahagsáhrif á þau ríki sem venju samkvæmt hafa um langt skeið sótt fisk sinn á sömu mið með því að þau geta gert tvíhliða samninga við strandríkið um fiskveiðar.

Tillaga nr. 1005, um öryggismálaráðstefnuna Evrópu og mannréttindi, eru drög að Evrópuráðssamningi. Var málið rætt á janúarfundi og hafði franski þingmaðurinn Jean-Marie Caro framsögu fyrir laganefndina. Ástæðuna að baki tillögunni kvað hann hinn mikla mun á framkvæmd mannréttinda og ákvæðum sem ríkin hefðu skuldbundist en meðal þess sem fram kemur í tillögunni er rétturinn til að nýta ákvæði mannréttinda fyrir dómstólum í eigin landi og gagnvart stjórnvöldum. Þá var tillaga nr. 986, um alþjóðastofnun um mannréttindi, samþykkt.

Á haustfundi var rætt um horfið fólk og samþykkt ályktun um það. Vakin var athygli á því að á tíma herforingjastjórnarinnar í Argentínu hefðu 30 þúsund manns horfið þar. Vakin var athygli á því að hér er um margfalt mannréttindabrot að ræða bæði gegn þeim sem hverfur og fjölskyldu hans. Aðildarríki Evrópuráðsins eru hvött til þess að styðja yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þess efnis að hér sé um glæp gegn mannkyni að ræða og þeir sem bera ábyrgð á slíku séu ekki pólitískir glæpamenn og framsalsákvæði laga og náðun komi ekki til greina.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.

Óvenjumörg mál voru til umræðu og samþykkt á þessu sviði. Tillaga nr. 997, um umhverfis- og atvinnumál, var samþykkt, einnig tillaga nr. 817, um umhverfisverndarsamtök í Evrópu, og fyrirmæli nr. 422, um samvinnu á sviði tækni og vísinda milli Vesturvelda og austantjaldslanda, enn fremur ályktun 827, um samvinnu Vesturvelda og austantjaldsríkja á sviði tækni og vísinda. Í tillögu nr. 1006 er fjallað um loftmengun og súrt regn með þeim afleiðingum sem það hefur á eyðingu skóga.

Tillaga nr. 999 fjallar um þróunaráætlanir og umhverfisvernd á strandsvæðum Evrópu og jafnframt um tengsl umhverfisverndar og atvinnuuppbyggingar.

Sveitarstjórna- og skipulagsnefndin stóð að tillögunni og hafði spænski sósíalistinn Juan Ramon Pajares framsögu um málið. Vitnaði hann í niðurstöður ráðherrafundar um málið 1983. Hvatt er í tillögunni til meiri afskipta stjórnmálamanna af skipulagningu strandsvæða þannig að umhverfisþáttum sé veittur meiri forgangur en títt hefur verið fram að þessu. Ríkisstjórnir eru hvattar til samvinnu á þessu sviði og til þess að takmarka víðar ferðalög.

Tillaga nr. 1003, um mengun sjávar og fiskveiðar, var samþykkt. Í umræðum á janúarfundi um málið kom fram að mengun hefur vissulega áhrif á fiskveiðar en einnig margt annað í sjónum. Nauðsynlegt væri að taka tillit bæði til hagsmuna iðnfyrirtækja og umhverfisverndarsjónarmiða. En áhrif olíumengunar, geislavirks úrgangs og þungmálma væru enn ekki rannsökuð til fullnustu. Hið ríkjandi sjónarmið ætti að vera að sá er skaða veldur beri kostnaðinn.

11. Landbúnaðarmál.

Ein tillaga og þrjár ályktanir voru samþykktar undir þessum lið. Tillaga nr. 1002, um landbúnað á eyjum og vanda landbúnaðar á smáeyjum, var samþykkt, en í henni kemur einkum fram ósk um að veita eyjabændum ókeypis ferjuþjónustu, svipað og aðrir fara ókeypis yfir brýr. Þá er hvatt til þess að eyjabændur hafi sérstaka hliðsjón af því að rækta dýrmæta framleiðslu sem auðvelt er að flytja langan veg.

Ályktanir nr. 818, um ritvinnslu og tölvutækni í landbúnaði, og nr. 833, um áhrif stækkunar bandalagsins á landbúnað, voru samþykktar. Loks var samþykkt ályktun nr. 825, um langtímastjórn á veiðum fisktegunda sem eru í hættu. Sú tillaga var borin fram af Kjartani Jóhannssyni fyrir hönd landbúnaðarnefndar en hann hafði jafnframt unnið ítarlega skýrslu um málið. Í skýrslunni er varað við niðurgreiðslum og styrkjum í sjávarútvegi, svo og hættunni á offjárfestingu og ofveiðum. Í tillögunni er m. a. skorað á aðildarlöndin að fylgja hagkvæmnisjónarmiðum við fiskveiðistjórn þannig að fiskveiðarnar séu stundaðar á heilbrigðum grunni efnahagslega séð. OECD bauð síðan Kjartani að gera grein fyrir þessari skýrslu á fundi fiskveiðinefndar OECD og gerði hann það hinn 17. sept. 1984.

Í desember s. l. fól landbúnaðarnefndin Kjartani að gera skýrslu um laxveiðar í sjó.

12. Yfirlit um ákvarðanir þingsins.

36. þings Evrópuráðsins (maí 1984 — janúar 1985).

Álitsgerðir:

118: um samþykktir 18. fundar sveitarstjórna- og skipulagsnefndar, Strassborg, 18.—20. október 1983,
119: um fjárlög þings Evrópuráðsins 1982, 1984 og 1985.
120: um úthlutun til framkvæmdaáætlunar þingsins árið 1985.

Tillögur:

979 um framtíð heilsugæslukerfis,
980 um málefni 3. ráðstefnu atvinnumálaráðherra Evrópu og skipulagningu ráðstefnunnar,
981 um atvinnumál í Evrópu,
982 um að verja lýðræðið gegn hryðjuverkum í Evrópu,
983 um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál,
984 um að veita flóttamönnum ríkisborgararétt í því landi sem þeir flýja til,
985 um útvegun og nýtingu blóðs og blóðplasma,
986 um alþjóðastofnun um mannréttindi,
987 um ferðir pílagríma um Evrópu,
988 um samskipti austurs og vesturs (almennt um stefnumál Evrópuráðsins),
989 um baráttu gegn misnotkun eiturlyfja, sölu þeirra og dreifingu,
990 um ólöglega landflutninga í Evrópu,
991 um samskipti Evrópu og Suður-Ameríku á efnahagssviðinu,
992 um ráðstefnuna sem haldin var í Lissabon 9.—11. apríl 1984 og fjallaði um hlutverk Evrópu í samskiptum iðnríkja og þróunarlanda,

993 um samskipti Evrópuríkja á sviði íþrótta,
994 um framtíð samstarfs í Evrópu,
995 um menningarsamvinnu í Evrópu,
996 um starfsemi Evrópuráðsins á sviði fjölmiðlunar,
997 um umhverfis- og atvinnumál,
998 um starf Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins í þágu flóttamanna og á sviði mannfjölgunarvanda,
999 um þróunaráætlanir og umhverfisvernd á strandsvæðum Evrópu,
1000 um embættismenn við samstarfsstofnanir Evrópuríkja,
1001 um ár tónlistarinnar í Evrópu,
1002 um landbúnað á eyjum og vanda landbúnaðar á smáeyjum,
1003 um mengun sjávar og fiskveiðar,
1004 um framtíð samvinnu í Evrópu,
1005 um öryggismálaráðstefnuna í Evrópu og mannréttindi,
1006 um aðgerðir til að leysa vanda sem leiðir af loftmengun.

Ályktanir:
816 um ástandið á Kýpur,
817 um umhverfisverndarsamtök í Evrópu,
818 um ritvinnslu og tölvutækni í landbúnaði,
819 um breytingartillögur og munnlegar breytingartillögur (3. regla í þingsköpum þings Evrópuráðsins),
820 um samskipti þjóðþinga við fjölmiðla,
821 um Fríverslunarsamtökin og störf þeirra frá því í júlí 1981 þangað til í desember 1983,
822 um ástandið í Tyrklandi,
823 um störf alþjóða rauða krossins (ICRC),
824 um Argentínumenn sem flúðu land sitt en hafa snúið þangað aftur,
825 um langtímastjórn á veiðum á fisktegundum sem eru í hættu,
826 um samskipti austurs og vesturs,
827 um samvinnu Vesturvelda og austantjaldsríkja á sviði tækni og vísinda,
828 um fólk sem látið er hverfa (m. a. í Suður-Ameríku),
829 um svar við 23. skýrslu um störf milliríkjanefndar um farandverkamenn/flóttamenn,
830 um minnihlutahópa í Rúmeníu,
831 um störf Menningarmálastofnunar S.þ. (UNESCO) og samvinnu hennar og Evrópuráðsins,
832 um samvinnu á sviði vísindamála í Evrópu (skýrsla 1. ráðstefnu ráðherra Evrópu sem fara með vísindamál),
833 um Spán, Portúgal og Evrópubandalagið — áhrif stækkunar bandalagsins á landbúnaðarmál,
834 um tónlistarár Evrópu,
835 um ástandið í Suður-Ameríku,
836 um samskipti Evrópu og Norður-Ameríku (almenn stefna Evrópuráðsins),
837 um svar við skýrslu um störf OECD 1983 (Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu),
838 um hungursneyðina í Afríku.

Fyrirmæli:
422 um samvinnu á sviði tækni og vísinda milli Vesturvelda og austantjaldslanda,
423 um skipulagningu á yfirheyrslum vegna baráttunnar gegn misnotkun eiturlyfja og dreifingu og sölu þeirra,
424 um stöðu minnihlutahópa í Rúmeníu.

Sþ. 727. Fyrirspurn [435. mál]

til menntamálaráðherra um uppeldisstörf á dagvistarheimilum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd þeirrar starfsáætlunar um uppeldisstörf á dagvistarheimilum sem samþykkt var að gerð yrði með lögum nr. 40/1981?

Sþ. 728. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, viðskiptaráðuneyti, Félagi íslenskra iðnrekenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Nefndin leggur til að orðalagi tillögunnar verði breytt og mælir með samþykkt hennar svo breyttrar. Breytingartillagan er flutt á sérstöku þingskjali.

Eggert Haukdal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Kristín S. Kvaran, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson.
Björn Dagbjartsson.	Garðar Sigurðsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 729. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Nd. 730. Lög [309. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 586 (sbr. 491).

Sþ. 731. Fyrirspurn [436. mál]

til iðnaðarráðherra um framhald samningaviðræðna við Alusuisse.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað hefur gerst í samningaviðræðum ríkisstjórnarinnar og Alusuisse í samræmi við bréf um samkomulag frá 5. nóvember 1984?
2. Hver er staðan í samningum varðandi fyrirhugaðar breytingar á framleiðslugjaldi Ísals sem aðilar ætla að leitast við að ljúka „eigi síðar en hinn 1. júní 1985“ og hvaða breytingum stefnir ríkisstjórnin að varðandi skattgreiðslukerfi álversins?
3. Hvenær afhenti ríkisstjórnin Alusuisse bréf um fyrirhuguð kjör og skilmála varðandi stækkun álbræðslunnar, hverjir eru þessir skilmálar og hver er staðan í samningum um stækkun álversins?

Nd. 732. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft mál þetta til athugunar síðan snemma á þessu þingi og fjallað ítarlega um það á mörgum fundum.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar alls 12 aðilum, en auk þess komu fulltrúar frá allmörgum aðilum á fund nefndarinnar til viðræðna um málið. Í flestum þeim umsögnum, sem nefndinni bárust, var annað tveggja mælt með samþykkt frumvarpsins eða gegn því, en þó höfðu sumir þessara aðila ekki tekið afstöðu til málsins. Fram komu þó úr hópi þeirra, sem töldust fremur andvígir frumvarpinu, ábendingar um nauðsyn þess að setja þjóðinni skynsamlega áfengislöggjöf.

Allsherjarnefnd hafði það að leiðarljósi í störfum sínum að þessu máli að hrapa ekki að afgreiðslu frv. heldur athuga það gaumgæfilega og vanda vinnubrögð sín. Jafnframt var það skoðun meiri hl. nefndarmanna að mál af þessu tagi, en breytileg að formi, væru búin að velkjast það lengi fyrir Alþingi að tímabært væri að frv., með þeim breytingum sem nauðsynlegar þættu, kæmi nú til afgreiðslu. Úr því fengist þá skorið hvort það næði fram að ganga. Öllum er ljóst að mál þetta er viðkvæmt og umdeilt. Það haggar þó ekki þeim þingskyldum að láta málið ganga til úrslita.

Niðurstaða málsins varð sú í allsherjarnefnd að nefndin klofnaði í afstöðu til frumvarpsins. Meiri hl., fimm nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þskj. Form. nefndarinnar, Gunnar G. Schram, skrifar þó undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Minni hl. skilar séráliti.

Í breytingartillögum meiri hl. er lagt til að gerðar verði miklar breytingar á frumvarpinu. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Leyfilegur styrkleiki áfengs öls verði einungis á bilinu 4—5% af vínanda að rúmmáli.
2. Skýrt er kveðið á um að sala á áfengu öli verði einvörðungu á vegum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og lúti áfengislögum.
3. Áfengt öl verði aðeins selt í margnota umbúðum og merkingar á þeim verði á íslensku.
4. 0,5% af skatttekjum ríkissjóðs af sölu áfengs öls verði varið til fræðslu um skaðsemi áfengis.
5. Umþóttunartími fyrir gildistöku laganna er lengdur til 1. mars 1986.
6. Lögin verði endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu fyrir árslok 1988.

Auk þessa leggur meiri hl. nefndarinnar sérstaka áherslu á, ef frumvarpið verður samþykkt, að framkvæmd laganna verði hagað þannig að samkeppnisaðstaða innlendrar framleiðslu verði viðunandi og það markmið tryggt með verðlagningarákvörðunum, auk þeirrar verndar sem felst í ákvæðinu um margnota umbúðir.

Svo sem að framan greinir og samkvæmt breytingartillögum á þskj. 733 leggur meiri hl. nefndarinnar til að framleiðsla, innflutningur og sala áfengs öls verði leyfð hér á landi en lúti skýrt mörkuðum og þröngum skilyrðum. Lögð er áhersla á að hér er um áfengan drykk að ræða sem fellur undir áfengislög og er auk þess skýrt afmarkaður frá venjulegu öli sem ekki hefur meiri styrkleika en 2,25% vínanda að rúmmáli.

Í þessu máli eru þau rök meiri hl. veigamest að mikilvægt er að þjóðin búi við löggjöf sem sé það raunhæf að hún sé sæmilega virt og hægt sé að framfylgja henni. Væri þá horfið frá þeim tvískinnungi sem nú ríkir í þessum málum og flestir hljóta að viðurkenna að er ekki viðunandi. Um margra ára skeið hefur hluti þjóðarinnar haft leyfi til að flytja áfengan bjór inn í landið þótt í takmörkuðum mæli sé. Er þar átt við farmenn og flugliða. Síðar bættust almennir ferðamenn í þann hóp. Almennt er viðurkennt að þessari vöru er smyglað til landsins og hefur svo verið lengi. Enginn veit hvaða magn þar er um að ræða en sumar ágiskanir eru ærið stórkostlegar. Enn hefur það gerst að á síðustu árum hafa sprottið upp veitingastaðir sem hver af öðrum byggja starfsemi sína að meira eða minna leyti á blöndun og sölu á svokölluðu öllíki eða bjórlíki. Er þar um eftirlíkingu á áfengu öli að ræða. Ætla má að slíkir drykkir séu fáanlegir á flestum eða öllum þeim 89 veitingastöðum sem nú hafa vínveitingaleyfi hér á landi. Öll er þessi starfsemi talin lögleg en mun þó eftirlitslítil hvað varðar hlutföll við blöndun og styrkleika áfengis.

Að áliti meiri hl. nefndarinnar er þetta ástand ekki til sóma. Heppilegra sé að færa í lög ákvæði um meðferð áfengs öls í landinu sem ekki mismuna borgurunum, staðla þessa vöru að styrkleika og setja skilyrði sem ætla má að verði virt og hægt verði að framfylgja afdráttarlaust. Frekari röksemdir verða kynntar í framsögu.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem eru á þskj. 733.

Alþingi, 17. apríl 1985.

Gunnar G. Schram, form., með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Guðmundur Einarsson.	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 733. Brevtingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (GGS, GHelg, PJ, GE, StG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   3. gr. laganna orðist svo:
   Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   7. gr. laganna orðist svo:
   Bannað er án leyfis dómsmálaráðherra að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið,

óhæft til drykkjar. Þó skal ekki heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem óheimilt er að flytja til landsins, skv. 3. gr., nema til útflutnings.

3. Við bætist ný grein er verði 3. gr., svo hljóðandi:
   8. gr. laganna orðist svo:
   Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.
4. Við bætist ný grein er verði 4. gr., svo hljóðandi:
   9. gr. laganna orðist svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.
   Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.
5. Við 3. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist þannig:
   1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:
   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.
6. Við bætist ný grein er verði 6. gr., svo hljóðandi:
   3. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:
   Árlega skal verja sem svarar 0,5% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.
7. Við 4. gr., er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1986.
8. Við bætist **ákvæði til bráðabirgða,** svo hljóðandi:
   Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu af þeim fyrir árslok 1988.

Nd. 734. Frumvarp til lánsfjárlaga [245. mál]

fyrir árið 1985.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. apríl.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 2 436 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 1 036 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum

fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til endurfjármögnunar og framkvæmda.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 85 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1985 að fjárhæð 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 140 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1985 að fjárhæð 7 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1985 að fjárhæð 1 442 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 70 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, sem Framkvæmdasjóður tekur og endurlánar skv. 7. gr. vegna þróunarfélags til nýsköpunar í atvinnulífi á árinu 1985, að fjárhæð 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 78 500 þús. kr. á árinu 1985. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

12. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema nærri fjárhæð en 8 000 þús. kr. á árinu 1985.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 30 800 þús. kr. á árinu 1985 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1985.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1985.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 19 800 þús. kr. á árinu 1985.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1985.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 000 þús. kr. á árinu 1985.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, skal einungis þeirri fjárhæð, sem áætluð er í 4. gr. fjárlaga 1985, varið til rekstrar Rafmagnseftirlitsins en það sem umfram innheimtist skal renna í ríkissjóð.

21. gr.

Þrátt fyrir 8. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi samkvæmt fyrrgreindri lagagrein eigi fara fram úr 8 500 þús. kr. á árinu 1985. Framlag úr ríkissjóði skv. 25. gr. laga nr. 60/1976 til Ferðamálasjóðs skal falla niður á árinu 1985.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 7 000 þús. kr. á árinu 1985.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 96 000 þús. kr. á árinu 1985.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 635 000 þús. kr.

III. KAFLI

25. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42 1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 287 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Byggingarsjóður ríkisins tók á árinu 1984.

Þá er fjármálaráðherra heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 80 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Endurlán ríkissjóðs tóku á árinu 1984 til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 735. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Þann 26. mars s. l. fékk utanríkismálanefnd til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi sem flutt er af Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Sumarið 1983 kynnti utanríkisráðherra hugmyndir um endurnýjun á ratsjárkerfi varnarliðsins. Fljótlega kom málið til umræðu á vettvangi utanríkismálanefndar og voru frumathuganir utanríkisráðuneytisins kynntar nefndinni 12. desember 1983, þar sem mættu þeir Sverrir H. Gunnlaugsson, deildarstjóri varnarmáladeildar, og dr. Þorgeir Pálsson, dósent við Háskóla Íslands, sem verið hefur helsti ráðgjafi utanríkisráðuneytisins um tæknilega hlið málsins. Þessir tveir menn störfuðu í sérstakri ratsjárnefnd, ásamt Hauki Haukssyni varaflugmálastjóra, Ólafi Tómassyni, yfirverkfræðingi Pósts og síma, og Berent Sveinssyni, yfirloftskeytamanni hjá Landhelgisgæslunni. Nefndin fékk það hlutverk að kanna fyrirhugaðar endurbætur á ratsjáreftirlitskerfi varnarliðsins og þau not sem Íslendingar gætu haft af þessu kerfi. Nefndin skilaði skýrslu um málið í október 1984. Skýrslan var kynnt formlega og tekin til umfjöllunar í utanríkismálanefnd 3. desember 1984 að viðstöddum ratsjárnefndarmönnum sem svöruðu fyrirspurnum. Síðan hefur utanríkismálanefnd tvisvar fjallað um málið á fundum sínum 25. janúar og 2. apríl 1985. Fulltrúar ratsjárnefndar komu á báða þessa fundi þar sem m. a. var sérstaklega rætt um hernaðarlega hlið málsins. Gunnar Gunnarsson, starfsmaður öryggismálanefndar, kom einnig á annan þessara funda og gerði grein fyrir sínu áliti á málinu. Meginatriði þess kom síðar fram í opinberri greinargerð á vegum öryggismálanefndar sem nefnist: „Keflavíkurstöðin: Áætlanir og framkvæmdir". Í þessu samhengi má einnig geta þess að utanríkismálanefnd fór í eins dags skoðunarferð til varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli þann 22. febrúar s. l. og varð þar flestum ljóst að sá búnaður, sem lýtur að ratsjáreftirliti, er vægast sagt úreltur enda að miklu leyti um 25 ára gamall.

Loks má geta þess að á vegum utanríkisráðuneytisins hafa á undanförnum fjórum mánuðum verið haldnir fjölmargir kynningarfundir um málið og þá einkum í þeim byggðarlögum sem eru í grennd við þá staði sem sérstaklega koma til álita fyrir hinar nýju stöðvar.

Ljóst má því vera að mál þetta á sér langan aðdraganda, hefur fengið ítarlega umfjöllun og að í engu hefur verið rasað um ráð fram. Því fer víðs fjarri að leynd hafi hvílt yfir þessu máli og má raunar segja að hér sé brotið blað í sögu afskipta okkar Íslendinga af varnarmálum Íslands með nákvæmari eigin athugun og umfjöllun en áður hefur þekkst. Þessu hlýtur utanríkismálanefnd og Alþingi að fagna.

Af þeim gögnum, sem fram hafa komið, og þeirri umræðu, sem fram hefur farið, telur meiri hl. utanríkismálanefndar að greina megi eftirtalin meginatriði:

1. Hér er fyrst og fremst um endurnýjun á löngu úreltu ratsjár- og eftirlitskerfi varnarliðsins að ræða á suðvestur og suðaustur hornum landsins og byggingu tveggja stöðva, annars vegar á Vestfjörðum og hins vegar á Norðausturlandi, á svipuðum slóðum og ratsjárstöðvar voru starfræktar fyrir aldarfjórðungi. Markmiðið með byggingu nýju stöðvanna er að gera kleift að halda uppi stöðugu eftirliti með flugumferð norðan landsins. Eftirlit á þessum slóðum er nú aðeins fyrir hendi þegar ratsjárflugvélar varnarliðsins eru á flugi.

2. Hlutverk varnarliðsins breytist ekki vegna þessarar endurnýjunar. Ratsjárstöðvarnar fjórar munu gegna sama hlutverki og þær tvær sem nú eru starfræktar, en á fullkomnari hátt, auk þess sem þær ná til stærra svæðis. Annars vegar munu þær þjóna loftvörnum Íslands, þ. e. a. s. fylgjast með svæði sem nokkurn veginn samsvarar efnahagslögsögu okkar. Hins vegar efla þær sameiginlegar varnir Atlantshafsbandalagsins með því að stuðla að öryggi á siglingaleiðunum yfir Atlantshafið sem eru lífæð bandalagsins.
3. Ratsjárstöðvarnar geta ekki talist ögrun við neina þjóð. Hér er um eftirlitsbúnað að ræða sem þeir, sem með friði fara, þurfa ekki að óttast.
4. Búnaður þessi mun ekki auka líkurnar á að árás verði gerð á Ísland ef til styrjaldar kemur. Eins og sagan sannar skiptir lega landsins sköpum í því efni, ekki sá viðbúnaður sem hér er. Ratsjárstöðvar þessar yrðu ekki frekar skotmörk í styrjöld en fjölmörg mannvirki sem eru í landinu nú þegar og almennt teljast ekki hernaðarlegs eðlis, svo sem flugvellir, fjarskiptakerfi, hafnir og orkuver.
5. Stöðvar þessar eru ekki reistar til loftvarna Norður-Ameríku enda er ljóst að stystu flugleiðir milli Kolaskaga og austurstrandar Bandaríkjanna liggja utan sjónmáls ratsjárstöðvanna.
6. Íslenskir aðilar fengju bein afnot af þessum ratsjárstöðvum og þeim upplýsingum sem þær afla. Í þessu sambandi má og geta þess að mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins hefur veitt Norðmönnum fé til hliðstæðra ratsjárstöðva þar í landi og vinna þeir nú að byggingu þriggja nýrra ratsjárstöðva.
7. Flugumferðarstjórn sú, sem við Íslendingar önnumst á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, verður mun traustari við tilkomu þessara endurbóta. Flugmálastjórn hefur um 12 ára skeið notað ratsjá varnarliðsins á Miðnesheiði í þessu skyni. Með fjórum nýjum ratsjám mætti veita alþjóðafluginu fullkomna ratsjárþjónustu á mun stærra svæði, eða allt að 200 sjómílum út frá ströndum landsins. Þetta gæti haft úrslitaáhrif varðandi framhald þessarar þjónustu hér á landi.
8. Ratsjárstöðvarnar munu veita mjög aukið öryggi í innanlandsflugi. Þannig mætti fylgjast með ferðum flugvéla í algengustu flughæðum milli allra landshluta og í mörgum tilfellum mætti fylgjast með aðflugi að flugvöllum í grennd við stöðvarnar.
9. Með tilkomu skiparatsjáa, sem komið yrði upp á stöðvunum, mætti hafa eftirlit með siglingum allt að 60 sjómílum á haf út. Þær mundu því stuðla að auknu öryggi sjómanna á fjölsóttum fiskimiðum og veita upplýsingar um skipaferðir á þeim svæðum.
10. Ratsjárstöðvarnar gætu veitt upplýsingar um veður og kæmi það bæði flugi og siglingum til góða. Stöðvarnar mætti nýta fyrir ýmsan fjarskiptabúnað á vegum íslenskra aðila, svo sem til fjarskipta milli skipa og lands og sjónvarpssendinga til skipa á hafi úti.
11. Starfsmenn stöðvanna yrðu íslenskir og reksturinn í höndum okkar Íslendinga. Allt eftirlit á vegum varnarliðsins flyttist í sameinaða eftirlitsstöð á Keflavíkurflugvelli og því mundi verða veruleg fækkun varnarliðsmanna í stöðinni á Stokksnesi við Hornafjörð. Íslenskir starfsmenn í hverri ratsjárstöð yrðu hins vegar aðeins um ellefu talsins.

Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, telur meiri hl. utanríkismálanefndar að umræddar endurbætur á ratsjárkerfi varnarliðsins séu til góða, bæði fyrir íslensku þjóðina og varnarbandalagið sem við erum og viljum áfram vera aðilar að. Meiri hl. telur því að fella beri tillöguna.

Alþingi, 17. apríl 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Ólafur G. Einarsson.
Gunnar G. Schram.

Nd. 736. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 737. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson, frsm.
Skúli Alexandersson.	Björn Dagbjartsson.	Stefán Benediktsson.
	Egill Jónsson.	

Nd. 738. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi sínum og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 18. apríl 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Sturla Böðvarsson.
Eggert Haukdal.	Karvel Pálmason.	Stefán Guðmundsson.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

Nd. 739. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

(Lagt fram á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—1985.)

1. gr.

Úr 11. gr. falli niður orðin: „og 9. gr.“

2. gr.

33. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Refsivist skal taka út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli og skal ákveðið nánar í reglugerð hvernig úttektin fer fram.

Þegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómþola og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

3. gr.

37. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. Fanga skal greiða laun fyrir vinnuna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsinguna.

Heimila má fanga að stunda vinnu, nám eða starfsþjálfun utan fangelsis og ákveður fangelsisstjóri í samráði við dómsmálaráðneytið hvernig gæslu skuli hagað.

Veita má fanga leyfi til dvalar utan fangelsis um skamman tíma einkum þegar slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu.

Nánari reglur um vinnu fanga, vinnulaun, dvöl utan fangelsis og leyfi samkvæmt þessari grein skal setja í reglugerð.

4. gr.

40. gr.. sbr. lög nr. 16/1976, breytist svo:

a. Í stað töluorðsins „3“ í 1. mgr. komi: töluorðið „2“.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Reynslulausn verður eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar.

5. gr.

4. mgr. 42. gr., sbr. lög nr. 16/1976 orðist svo:

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma. sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma. Sé aðili látinn hefja afplánun að nýju vegna rofa á öðrum skilyrðum en þeim að fremja ekki nýtt brot á reynslutímanum skal dreginn frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

6. gr.

47. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Beita má fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Svipting réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt reglugerð.
2. Svipting vinnulauna.
3. Einangrun í allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga sem eru í fangelsisvist.
4. Enn fremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því sem fangelsið veitir.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis.

Einangrun má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung dæmds refsitíma, nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið og aldrei um meira en helming dæmds refsitíma.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um beitingu agaviðurlaga.

7. gr.

50. gr., sbr. lög nr. 75/1982, orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

8. gr.

Í 1. mgr. 83. gr. a., sbr. lög nr. 20/1981, komi í stað töluorðsins „5 000“ tölurðið „20 000“.

9. gr.

Í 110. gr. falli niður orðin „í 6 mánuði og“.

10. gr.

180. gr. falli niður.

11. gr.

2. mgr. 256. gr., sbr. lög nr. 69/1964, orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 7 000 krónum, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynst sekur um auðgunarbrot, skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í samráði við ráðgjafa ráðuneytisins í hegningarlagamálum, Jónatan Þórmundsson, prófessor. Við samningu þess var einnig höfð hliðsjón af tillögum sem fram hafa komið í hegningarlaganefnd. Rétt er að geta þess að sú nefnd var lögð niður um síðastliðin áramót.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum greinum hegningarlaganna en einkum varða breytingarnar þó málefni þeirra sem afplána refsivist.

Um 1. gr.

Hér er um breytingu á texta að ræða sem leiðir af því að 9. gr. var felld úr gildi með lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984.

Um 2. gr.

33. gr. fjallar nú um hvar skuli taka út refsivist. Í 1. mgr. 2. gr. er lagt til að í stað hegningarhúss sem úttektarstaðar verði kveðið svo á að refsivist skuli tekin út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli.

2. mgr. er nýmæli. Þar er lagt til að heimilað verði að handtaka dómþola sem færa á í úttekt refsingar, hvort sem er vegna refsivistar sem dæmd er sem aðalrefsing eða vegna refsivistar sem er vararefsing fésektar.

Talið hefur verið að ekki lægju fyrir bein lagaákvæði sem heimiluðu slíka handtöku og er lagt til að þetta ákvæði verði sett til að taka af öll tvímæli um lögmæti hennar. Lagt er til að um meðferð þeirrar aðgerðar gildi ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á, en þeir kaflar fjalla um leit og handtöku.

Um 3. gr.

37. gr. fjallar nú um vinnu fanga meðan á fangelsisvist stendur. Í 3. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar og viðbætur.

Eru þær helstar að skýrt er kveðið á um skyldu til að greiða fanga laun fyrir vinnu hans í fangelsinu, svo sem mælt er fyrir í 2. mgr. 8. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973, heimilað verði að fangi stundi vinnu, nám eða starfsþjálfun utan fangelsis, en ekki einungis útvinnu eins og nú segir í 2. mgr. 37. gr. og einnig að heimilað verði að leyfa fanga skammtímadvöl utan fangelsisins án þess að um nám eða vinnu sé að ræða, enda sé slík dvöl utan fangelsisins talin heppileg fanga til endurhæfingar og aðlögunar að samfélaginu utan fangelsisins að refsivist lokinni.

Slík leyfi hafa um alllangt skeið tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Fangar hafa talsvert leitað eftir því að fá slík leyfi einnig tekin upp hér. Undanfarin missiri hefur verið gerð tilraun í smáum stíl með slík leyfi þannig að föngum sem hafa hlotið langa refsidóma hefur verið gefinn kostur á eins dags leyfi á hálfs árs fresti á síðasta hluta refsivistarinnar, enda hafi slíkt verið talið samræmast öryggiskröfum bæði af hálfu fangelsisstjóra og ráðuneytisins.

Greinin gerir ráð fyrir því að nánari ákvæði um framkvæmd þeirra atriða sem greinin fjallar um verði sett í reglugerð.

Um 4. gr.

Nú segir svo í 1. mgr. 40. gr.: „Þegar fangi hefur tekið út ⅔ hluta refsitímans, en þó minnst 3 mánuði, getur dómsmálaráðherra eða annað stjórnvald sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.“

Í a-lið er lagt til að lágmarkstími fyrir þá sem hljóta reynslulausn að loknum ⅔ hlutum refsitímans verði lækkaður úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Með þessu er verið að stuðla að auknu notagildi ákvæðisins og draga úr notkun undantekningarákvæðisins í 2. mgr. 40. gr. sem heimilar reynslulausn er helmingur refsitímans er liðinn. Jafnframt er verið að samræma ákvæðið samsvarandi ákvæðum í hegningarlögum hinna Norðurlandanna.

Í b-lið er lagt til að á eftir 2. mgr. 40. gr. komi ný málsgrein sem segir að reynslulausn verði eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar. Hér er fyrst og fremst verið að takmarka það ákvæði núgildandi 2. mgr. 40. gr. sem segir að reynslulausn megi veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans. Sú breyting sem hér er lögð til þýðir að ekki verður veitt helmingslausn til reynslu á skemmri dómum en tveggja mánaða refsivist. Þessi breyting er einnig gerð til samræmis við hliðstæð ákvæði í hegningarlögum hinna Norðurlandanna. Þá þykir óeðlilegt að veita reynslulausn af styttri dómum en 2ja mánaða refsivist.

Um 5. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á 4. mgr. 42. gr. að fyrri reynslutími komi ekki til frádráttar við síðari reynslulausn nema aðili hafi ekki framið nýtt afbrot og því í reynd um reynslulausn vegna sama dómsins að ræða.

Um 6. gr.

Í núgildandi grein segir að „ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja með reglugerð.“ Þær reglur sem vísað er til hafa almennt ekki verið settar fyrir einstök fangelsi. Um það hvað er brot á reglum fangelsa ríkir óvissa. Í framhaldi af þessari lagabreytingu er ráðgert að setja í reglugerð um fangavist ítarleg ákvæði um beitingu agaviðurlaga.

Þá er lagt til að brott falli orðið „refsiklefi“ úr núgildandi ákvæði. Nú er einangrun vegna agabrota beitt í klefum sem sambærilegir eru við almenna fangaklefa.

Um 7. gr.

Samkvæmt ákvæði 50. gr. má nú eigi beita hærri fésekt en 1 milljón króna nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

Hér er lagt til að hámarkið verði 4 milljónir króna. Síðast var sektarhámarkinu breytt með lögum nr. 75/1982. Miðað við þróun verðlags frá þeim tíma er þessi hækkun nauðsynleg en eðlilegt þykir að láta hámarkstöluna standa á heilli milljón króna. Þá er þess einnig að gæta að nú fylgja sektarákvæði sérrefsilaga sektarhámarki almennra hegningarlaga og er því nauðsynlegt að miða hámarkið einnig við þær breyttu aðstæður.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að hækkuð verði þau mörk sem ákveða lengd fyrningarfrests á fésektarrefsingu. Samkvæmt núgildandi ákvæði sem sett var með lögum nr. 20/1981 er þriggja ára fyrning á fésekt sem er innan við 5 000 krónur en fimm ára fyrningarfrestur á hærri sektum. Hér er lagt til að þetta mark verði hækkað í 20 000 krónur.

Um 9. gr.

Samkvæmt 110. gr. almennra hegningarlaga varðar það fangelsi í sex mánuði og allt að þremur árum ef fangar í refsivist sammælast um að hjálpast að að strjúka. Hér er lagt til að lágmarksrefsing verði felld niður þannig að heimilt verði að dæma skemmra fangelsi en sex mánuði fyrir slíkt brot. Hámarkið standi hins vegar óbreytt.

Breyting þessi er í samræmi við þróun refsiákvæða bæði hér og á hinum Norðurlöndunum og verður lágmark refsingar þá það sem tiltekið er í 34. gr. sem almennt lágmark fangelsisrefsingar eða fangelsi í 30 daga.

Má benda á í þessu sambandi svipaða breytingu á refsilágmarki sem gerð var í 142. gr. með lögum nr. 101/1976 er 3 mánaða refsilágmark var fellt niður vegna rangs framburðar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að 180. gr. verði felld úr gildi. Grein þessi fjallar um vanrækslu á framfærsluskyldu eða á greiðslu meðlags vegna óreglu eða slæpingsskapar svo og um það ef maður verður sveit sinni til þyngsla af sömu ástæðum. Leggur greinin allt að 6 mánaða fangelsi við slíkri hegðan ef viðkomandi vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu sem yfirvöld vísa honum á.

Grein þessi telst vart samrýmast nútíma þjóðfélagsháttum og þeim ákvæðum um félagslega aðstoð og frelsi einstaklingsins sem nú gilda.

Einnig hefur sú kvöð að þurfa að sinna vinnu sem vísað er á, en sæta fangelsi ella, lengi sætt gagnrýni af hálfu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og er af sérfræðinganefnd stofnunarinnar talin brjóta í bága við Alþjóðavinnumálasamþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu (Forced Labour) en sú samþykkt var fullgilt af Íslands hálfu 1958.

Félagsmálaráðuneytið hefur ítrekað óskað eftir því að þessu ákvæði verði breytt eða það afnumið, nú síðast í bréfi dags. 23. mars 1984.

Ekki er vitað til þess að ákvæði þetta hafi verið notað.

Er því talið eðlilegast að fella grein þessa í heild úr gildi.

Um 11. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 256. gr. verði breytt á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi verði viðmiðun hækkuð úr 30 krónum í 7 000 krónur. Eins og ákvæðið er nú er það úrelt og því gagnslaust.

Í öðru lagi er lagt til að í stað þess sem nú segir að því aðeins verði opinbert mál höfðað að sá krefjist sem misgert var við, komi ákvæði þess efnis að mál verði eigi höfðað nema

almenningshagsmunir krefjist þess. Breytingin á málshöfðunarreglunni er í samræmi við þá stefnu að almannahagsmunir fremur en ákvörðun einstaklings, sem brotið er gegn, ráði því hvort mál er höfðað. Nýlegt dæmi um slíka breytingu er þegar 217. gr. var breytt með 10. gr. laga nr. 20/1981. Þessi málshöfðunarregla stuðlar að meira samræmi í ákærum fyrir minni háttar auðgunarbrot.

Miðar þessi breyting að því að almennt verði ekki gerður reki að refsimáli undir þessum kringumstæðum nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem að mati ákværuvaldsins geri refsimál nauðsynlegt.

Nd. 740. Breytingartillaga [424. mál]

við frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8/1962.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Guðmundi Einarssyni og Ellert B. Schram.

Í stað orðanna „heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja“ í 1. gr. komi: heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum annars eða beggja.

Ed. 741. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Við 1. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga um hlutverk bankans skulu reglur um meðferð þess fjár, sem bundið er í bankanum skv. þessari gr., háðar samþykki Alþingis.

Nd. 742. Frumvarp til laga [438. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Karvel Pálmason, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Sjóðsstjórn ákveður, að fenginni umsögn kjararannsóknarnefndar, breytingar á gundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt skal hann, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

3. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til töku ellilífeyris frá 60, 61 eða 62 ára aldri samkvæmt 3. mgr. 12. gr. hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 60, 61 eða 62 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir þann aldur er réttur til töku ellilífeyris stofnast.

4. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 65 ára aldri og síðan aftur við 70 og 75 ára aldur, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. mgr., og gert var við fyrri úrskurð.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

6. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu en miðast einungis við áunnin geymd stig.

7. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Árin 1980—1989 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun samkvæmt 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981—1984, en í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framangreindar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna eru fram komnar bæði til þess að samræma réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna réttindum sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða, aðallega sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, og til þess að lagfæra ýmis ákvæði vegna lagasetningar 1981 um ellilífeyrisréttindi sjómanna við 60 ára aldur og

vegna breytinga á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, sem samþykktar voru á Alþingi 19. desember 1984 (lög nr. 92/1984). Allar leiða breytingarnar til aukinna réttinda sjóðfélaga og skýrist það betur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum um Lífeyrissjóð sjómanna eru þau grundvallarlaun, sem eftirlaunaréttur miðast við, árslaun samkvæmt næstlægsta taxta Dagsbrúnar. Nýgerðir kjarasamningar ASÍ og vinnuveitenda valda því að óheppilegt þykir að miða grundvallarlaun áfram við ákveðinn kauptaxta. Því er lagt til að í staðinn verði grundvallarlaun ákveðin sem föst krónutala sem breytist eins og laun verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Lagt er til að sjóðsstjórn ákveði, að fenginni umsögn Kjararannsóknanefndar, breytingar á grundvallarlaunum og að grundvallarlaun verði 14 100 kr. miðað við kauplag í janúar 1985. Er þar gengið út frá grundvallarlaunum eins og þau voru 1. júní 1984, 11 605 kr. með hækkun um 12,9% í 13 102 kr. frá 6. nóvember vegna meðalhækkunar launa í fyrsta áfanga kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda. Þá er bætt við 4,8% vegna launaflokkahækkunar og breytinga á starfsaldursákvæðum 1. janúar 1985, og loks er bætt við 2,5% vegna sérstakrar hækkunar á verkamannalaunum sem um var samið í febrúar og mars 1984 og hefur ekki enn haft áhrif á grundvallarlaun. Rétt er að geta þess að breytingar á þessari grein eru í fullu samræmi við breytingar á lögum um eftirlaun til aldraðra og breytingar á reglugerðum aðildarsjóða Sambands almennra lífeyrissjóða (SAL).

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum verður sjóðfélagi í Lífeyrissjóði sjómanna að hafa áunnið sér a. m. k. 3 stig á 5 árum til þess að eiga rétt á ellilífeyri. Hér er lagt til að ellilífeyrir verði veittur án skilyrða um lágmarkstíma og lágmarksstigainneign. Hinn 1. janúar 1984 gerðist Lífeyrissjóður sjómanna aðili að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og í því felst m. a. að sjóðurinn stefnir að því að elli-, örorku- og makalífeyrir verði veittur sjóðfélögum án skilyrða um lágmarkstíma og stigainneign eða að viðkomandi sé greiðandi í sjóðinn. Breyting á 1. mgr. 12. gr. er ein af þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera til þess að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið við umrætt samkomulag.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um hækkun ellilífeyris ef sjóðfélagi frestar töku hans frá þeim tíma er réttur til töku stofnast. Í núgildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir hækkun vegna frestunar frá 65 ára aldri, en með lagabreytingu frá 1981 var sjómönnum heimilað, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (15, 20 og 25 ára sjómennska), að hefja töku ellilífeyris frá 60, 61 eða 62 ára aldri eftir því hve langan sjómennskutíma þeir eiga að baki. Nauðsynlegt þykir að breyta þessu ákvæði þannig að upphæð ellilífeyris hækki vegna frestunar á töku frá þeim tíma sem réttur stofnast fyrst. Sjóðfélagi, sem á rétt á ellilífeyri frá 60 ára aldri, mundi þá fá hækkun vegna frestunar frá 60 ára aldri ef hann kýs að hefja ekki töku lífeyris um leið og réttur stofnast en samkvæmt núgildandi ákvæði fær sjóðfélaginn enga hækkun vegna frestunar fyrr en eftir 65 ára aldur.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða endurútreikning réttinda sjóðfélaga sem halda áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins eftir að þeir hefja töku ellilífeyris. Eftir að tekið var að greiða sjóðfélögum ellilífeyri frá 60 ára aldri þykir óeðlilegt að endurreikna ekki réttindi sjóðfélaga fyrr en við 75 ára aldur eins og gert er samkvæmt núgildandi lögum, þ. e. að allt að 15 ár geti liðið frá því sjóðfélagi hefur töku lífeyris þangað til bætt er við rétt hans réttindum áunnum

eftir að taka lífeyris hófst. Breyting í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er umtalsverð aukning á rétindum sjóðfélaga og er lagt til að réttindi verði ávallt endurreiknuð við 65, 70 og 75 ára aldur.

Um 5. gr.

Hér er eingöngu verið að lögfesta skilgreiningu á orðinu sjóðfélagi varðandi rétt til barnalífeyris og samræma orðalag greinarinnar samsvarandi ákvæði í reglugerð sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða. Lagt er til að á eftir orðinu sjóðfélagi í núgildandi ákvæði komi orðin „sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum".

Um 6. gr.

Á sama hátt og í 2. gr. frumvarpsins er hér lagt til að felld verði niður skilyrði um lágmarkstíma iðgjaldagreiðslna og stigainneign sjóðfélaga (5 ár og 3 stig) til þess að réttur til lífeyris stofnist. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. gr.

Um 7. gr.

Hér er lagt til í samræmi við lög um eftirlaun til aldraðra að ákvæði til bráðabirgða um verðtryggingu lífeyris verði framlengt til ársloka 1989. Kveðið er á um að frá ársbyrjun 1985 miðist lífeyrisfjárhæðir hvers mánaðar við grundvallarlaun samkvæmt 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar. Undanfarin ár hafa lífeyrisfjárhæðir breyst ársfjórðungslega og á þeim tímum árs er verðbætur á laun breyttust. Forsendur þeirrar tímasetningar eru nú fallnar brott. Sú mánaðarlega endurskoðun fjárhæða, sem hér er gerð tillaga um, felur í sér nokkra kjarabót fyrir lífeyrisþega þar sem með þessu er tryggt að þeir njóti umsaminna launahækkana með sem minnstri töf.

Sþ. 743. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur á mörgum fundum fjallað um tillögu þessa og þær fyrirætlanir stjórnvalda að heimila Bandaríkjaher og Atlantshafsbandalaginu að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar og endurnýja þær sem fyrir eru. Á fundi nefndarinnar komu af þessu tilefni sérfróðir menn m. a. frá öryggismálanefnd, Pósti og síma og varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins.

Meiri hl. nefndarinnar mælir gegn þessari tillögu en 1. minni hl. leggur til að hún verði samþykkt.

Undirrituð benda m. a. á eftirfarandi atriði sem mæla með samþykkt tillögunnar:

1. Bygging ratsjárstöðvanna táknar ómudeilanlega aukningu hernaðarumsvifa á vegum Bandaríkjahers og NATÓ hér á landi. Um þetta atriði segir Gunnar Gunnarsson, starfsmaður öryggismálanefndar, í nýlegu riti: „Keflavíkurstöðin: Áætlanir og framkvæmdir" m. a. eftirfarandi:

„Hugmyndir um nýjar ratsjárstöðvar eru nátengdar öðrum framkvæmdum og áætlunum, sem varða Keflavíkurstöðina eins og byggingu á styrktum flugskýlum í Keflavík, endurnýjun þeirra orrustuflugvéla sem þar eru, byggingu olíugeyma í Helguvík o. fl. Allt tengist þetta loftvörnum á einn eða annan hátt. Út frá hernaðarlegu sjónarmiði er því eðlilegra að líta á þessar áætlanir sem eina heild, áður en litið er á hvert einstakt atriði fyrir sig." (Bls. 1.)

Þótt ratsjárstöðvarnar einar út af fyrir sig auki ekki stórlega á hernaðarumsvif hérlendis verður að líta á þær í þessu samhengi og í heildarsamhengi við breytingar á eðli herstöðvanna hérlendis í það horf að þær geti orðið mjög mikilvægar í hugsanlegum hernaðarátökum risaveldanna.

2. Fram hefur komið að mikil andstaða er gegn nýjum ratsjárstöðvum, bæði í þeim byggðarlögum, þar sem helst er ráðgert að þær verði reistar, sem og meðal annarra landsmanna.

Í skoðanakönnun dagblaðsins NT, sem birt var 10. apríl s. l., kom fram hjá 70% aðspurðra, sem afstöðu tóku, að helmingur þeirra er andvígur uppsetningu nýrra ratsjárstöðva hérlendis. NT dregur eftirfarandi ályktanir af þessari skoðanakönnun:

„Þegar öll kurl koma til grafar er svo niðurstaðan sú að þjóðin virðist skiptast í tvær nokkurn veginn nákvæmlega jafnstórar fylkingar í afstöðunni til þessa máls og ef þjóðaratkvæðagreiðsla yrði látin fara fram, væru úrslitin langt í frá ráðin fyrirfram."

Í skoðanakönnun DV fyrr í vetur, þar sem spurt var um sama efni kom fram, að meiri hluti þeirra, sem afstöðu tóku, var andvígur hugmyndum um nýjar hernaðarratsjárstöðvar.

Það er þannig ljóst að mikil og víðtæk andstaða er við uppsetningu þessara stöðva og er hún engan veginn bundin við einstaka stjórnmálaflokka.

Þá liggur það fyrir að verulegur hópur þess fólks, sem býr næst þeim stöðum þar sem rætt er um að reisa þessar stöðvar, er andvígur byggingu þeirra. Nægir í því sambandi að vísa í bænarskrá 100 Vestfirðinga til ríkisstjórnar Íslands og mótmæli mikils fjölda íbúa í þremur sveitarfélögum í Norður-Þingeyjarsýslu.

Undirrituð telja að virða beri óskir heimamanna um að mannvirki sem þessi verði ekki reist við bæjardyr þeirra og bygging slíkra hernaðarmannvirkja eigi ekki að koma til greina þar sem veruleg andstaða er við slík áform í heimabyggð.

3. Þá ætlur 1. minni hl. þá málsmeðferð að tengja fyrirætlanir um þessi hernaðarmannvirki æskilegum úrbótum í farþegaflugi um og við landið og reyna að réttlæta þessi áform með röngum staðhæfingum um gildi slíkra hernaðarratsjárstöðva fyrir öryggi sjómanna og siglingar með ströndum fram. Að áliti undirritaðra hljóta Íslendingar sjálfir að tryggja öryggi þeirra sem um loft fara eða höf sigla og gera sjálfir í því skyni nauðsynlegar úrbætur hér á landi.

Þá ætlja undirrituð að innlendum stofnunum eins og Pósti og síma og flugmálastjórn hefur verið flækt í undirbúning vegna þessara hernaðarmannvirkja og virðist ætlað að eiga hlut að starfrækslu þeirra. Ef sú verður reyndin verður erfitt að greina á milli almennrar borgaralegrar starfsemi hérlendis og hernaðarumsvifa og er það í andstöðu við þá stefnu sem stjórnvöld hafa fylgt varðandi samskipti bandaríska herliðsins hérlendis og innlendra aðila til þessa.

Með tilliti til ofangreindra ástæðna leggur 1. minni hl. nefndarinnar til að þessi tillaga verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, frsm.

Hjörleifur Guttormsson.

Sþ. 744. Þingsályktun [45. mál]

um bætta merkingu akvega.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingu akvega, setja upp viðvaranir við hættulegar ökuleiðir og samræma merkingar vega alþjóðlegum reglum.

Sþ. 745. Þingsályktun [215. mál]

um reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 254.

Sþ. 746. Tillaga til þingsályktunar [439. mál]

um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan 5 ára,
b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987,
c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Greinargerð.

Ör þróun hefur verið í síma- og fjarskiptatækni undanfarin ár. Póst- og símamálastofnunin hefur fylgst vel með á þessu sviði og miklar hagsbætur náðst fram fyrir notendur með sjálfvirku sambandi.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma sveitabæjum í sjálfvirkt samband og má heita að því verði að fullu lokið á þessu ári. Unnið hefur verið að stækkun símstöðva og samtengingu í greinistöðvum sem eru 20 í landinu auk svæðisstöðvar í Vestmannaeyjum. Stefnt hefur verið að því að jafna gjöld innan hvers svæðisnúmers en mikill munur er á gjöldum fyrir innansvæðis- og langlínusamtöl.

Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt mælingum Póst- og símamálastofnunarinnar á símaumferð virðast 75% skrefa á landsbyggðinni vera vegna langlínunotkunar en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3—3,5 mín. á langlínu, lætur

nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú 10 sinnum meira en í innanbæjarsamtali.

Mikill hluti langlínusamtala fer nú fram þráðlaust um örbylgjusambönd. Fjárfesting vegna símtala milli landshluta er þannig í engu hlutfalli við vegalengdir þótt takmörk séu fyrir því hve langt má vera á milli örbylgjustöðva. Kostnaður vegna langlínusímtala er óháður vegalengd ef á annað borð er talað út fyrir svæði viðkomandi stöðvar. Sá gífurlegi munur, sem er nú á langlínu- og innanbæjarsímtölum, er þannig mjög langt frá því að endurspegla raunkostnað vegna langlínukerfisins.

Tæknilegir möguleikar eru á því að landið allt geti orðið eitt gjaldsvæði þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna, óháð búsetu, og aðeins spurning um pólitískan vilja og stefnumörkun af hálfu Alþingis.

Jöfnun símgjalda á 5 árum.

Með þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að móta slíka stefnu sem feli það í sér að innan fimm ára verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri kleift að ná þessu marki í áföngum.

Póst- og símamálastofnunin hefur að beiðni flutningsmanna þessarar tillögu áætlað kostnaðarauka fyrir símnotendur á höfuðborgarsvæðinu vegna slíkrar jöfnunar og er hann að sjálfsögðu nokkur en þó er ljóst að jöfnun á gjaldtöku fyrir langlínusamtöl kemur fólki hvar sem er á landinu til góða.

Á sama hátt er ljóst að til að koma á þessum breytingum yrði að styrkja og endurbyggja langlínukerfið. Miðað við að umferð um langlínukerfið tvöfaldaðist eða aukist enn meir við slíka jöfnun símakostnaðar áætlar Póstur og sími að verja þyrfti 800—1000 milljónum króna í að byggja upp kerfið „ef það á að flytja þessa aukningu á fullnægjandi hátt".

Að mati flutningsmanna þarf að leggja í verulegan hluta þessa kostnaðar hvort eð er vegna núverandi og komandi álagstakmarkana, óháð gjaldskrárbreytingum. En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að forsendur Pósts og síma standist er fyllilega réttlætanlegt að leggja í þennan kostnað á nokkru árabili eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Skv. c-lið tillögunnar er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að umrædd gjaldskrárbreyting verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en nokkur hluti þess hóps nýtur nú þegar undanþágu frá greiðslu afnotagjalda.

Sama gjald við stjórnsýslustofnanir innan tveggja ára.

Með svonefndum stafrænum símstöðvum, sem nú eru óðum að leysa eldri kerfi af hólmi, er auðvelt að velja úr tiltekin númer þar sem gjald yrði hið sama fyrir notanda óháð því hvaðan af landinu er hringt. Samkvæmt b-lið þingsályktunartillögunnar er gert ráð fyrir að slíkri jöfnun verði komið á vegna símtala við stjórnsýslustofnanir hvar sem er á landinu á næstu tveimur árum og haldist sú jöfnun í hendur við breytingu símstöðva yfir á stafræn kerfi. Slíkt getur létt undir með fólki, einkum á landsbyggðinni, sem miklu kostar til í samtöl við opinbera aðila á höfuðborgarsvæðinu. Því virðist sjálfsagt réttlætismál að koma á slíkri jöfnun strax og það er tæknilega viðráðanlegt án teljandi kostnaðarauka.

Rétt er að benda á að sú jöfnun símakostnaðar, sem tillagan gerir ráð fyrir, gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur og atvinnurekstri og er því liður í jöfnun á starfsaðstöðu fyrirtækja um allt land. Gildir þetta einnig um tölvuþjónustu og upplýsingamiðlun sem mjög mun færast í vöxt um símakerfi landsins á næstu árum og skiptir miklu að í þeim greinum verði ekki mismunað eftir búsetu.

Ed. 747. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um iðnþróunarsjóði landshluta.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. apríl 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Skúli Alexandersson.	Björn Dagbjartsson.	Stefán Benediktsson.
	Egill Jónsson.	

Nd. 748. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það nokkrum aðilum til umsagnar.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði eftirfarandi ályktun um málið:

„Stjórnin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir ekki með samþykkt þess. Þótt vitanlega sé æskilegt að gengið sé fljótt frá lóðum umhverfis byggingar þá telur stjórnin að frumvarpið komi þar ekki að gagni."

Í umsögn skipulagsstjóra ríkisins segir m. a. að þegar lögin voru samin hafi menn verið sammála um að byggingarlög skyldu vera stuttorð og gagnorð rammalög en síðan yrðu öll minni háttar atriði sett í byggingarreglugerð. Niðurstaðan hafi því orðið sú að sjálf byggingarlögin eru aðeins átta bls. og geyma aðeins þau ákvæði sem óhjákvæmilegt þótti að lögfesta. Byggingarreglugerðin er hins vegar 50 bls. og í henni eru m. a. ýmis ákvæði sem ekki var talið að þyrftu að vera í lögunum sjálfum.

Enn fremur segir skipulagsstjóri ríkisins:

„Það frumvarp, sem þér hafið sent mér til umsagnar, virðist ekki þess eðlis að það eigi heima í byggingarlögum. Miklu fremur ættu þessi ákvæði heima í reglugerð."

Það kemur fram í umsögn skipulagsstjóra að 4. gr. geti vart staðist. Hugsanlegt væri að setja ákvæði þessu líkt í byggingarreglugerð á Reykjavíkursvæðinu en það er eina svæðið þar sem landslagsarkitektar finnast hér á landi. — Í heild leggst skipulagsstjóri ríkisins eindregið gegn því að þessi ákvæði verði tekin inn í byggingarlög.

Vinnuveitendasamband Íslands segir í umsögn sinni:

„Vinnuveitendasamband Íslands mótmælir því mjög ákveðið að sérstakar hömlur séu með löggjöf lagðar á byggingu atvinnuhúsnæðis."

Vinnuveitendasambandið mótmælir þeim áformum, sem í frumvarpinu felast, að veita fámennum hópi manna einkarétt til þess að ákveða hvernig haga skuli fyrirkomulagi á lóðum atvinnufyrirtækja og stofnana. Sérþekking á þessu sviði standi forsvarsmönnum atvinnufyrirtækja og stofnana þegar til boða og ekki verði séð hvaða nauðsyn er á að tryggja umræddum aðilum einokunaraðstöðu hvað varðar skipulagningu og frágang lóða atvinnufyrirtækja og stofnana.

Enn fremur segir Vinnuveitendasambandið í umsögn sinni:

„Að endingu skal á það bent að frumvarp þetta er óskýrt í ýmsum mikilvægum atriðum er augljóslega hlytu að leiða til vandkvæða í framkvæmd ef að lögum yrðu. Þá er einnig ljóst að frv. þetta skerðir stórlega atvinnumöguleika fjölmennra starfsstétta, svo sem garðyrkjumanna og verkafólks, og að auki skerði það eðlilegt forræði atvinnufyrirtækja á því hvernig nýtingu lóða þeirra og landa er háttað."

Mælir Vinnuveitendasamband Íslands eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Verslunarráð Íslands fékk frumvarpið til umsagnar og bendir á „að samþykkt þessa frumvarps hefði í för með sér óeðlilegar hömlur á byggingu atvinnuhúsnæðis. Er það því andvígt samþykkt þessa frumvarps."

M. a. með skírskotun til þessara umsagna er það skoðun nefndarinnar að ekki beri að lögfesta ákvæði frumvarpsins.

Nefndin telur þó að þau efnisatriði, sem fram koma í 1. og 2. gr. frv. og kveða á um ítarlegri ákvæði til að tryggja að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa, þurfi hugsanlega að taka til sérstakrar athugunar í því skyni að tryggja að skýrari ákvæði um frágang lóða við opinberar stofnanir og atvinnufyrirtæki verði sett í reglugerð.

Með vísan til þess leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Reykjavík, 19. apríl 1985.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Guðmundur J. Guðmundsson.	Stefán Guðmundsson.
	Eggert Haukdal.	

Sþ. 749. Fyrirspurn [440. mál]

til félagsmálaráðherra um öndunarfærasjúkdóma hjá starfsfólki álversins í Straumsvík.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Er sami háttur hafður á heilsugæslu hjá starfsfólki álversins og tíðkast hjá öðrum stórum efnaverksmiðjum í landinu?
2. Eru sérstakar hættur á öndunarfærasjúkdómum hjá starfsfólki álversins?
3. Eru vísbendingar um að þessir sjúkdómar séu óeðlilega algengir hjá starfsfólki álversins?
4. Hafa sérstakar kerfisbundnar rannsóknir verið gerðar á tíðni þessara sjúkdóma í álverinu?

Sþ. 750. Fyrirspurn [441. mál]

til félagsmálaráðherra um brunavarnir.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Telur ráðherra tjón af völdum eldsvoða í atvinnuhúsnæði hér á landi óeðlilega mikið? Ef svo er, hverjar telur ráðherrann helstu orsakir þess og hvaða leiðir telur hann helst til úrbóta?

Sþ. 751. Fyrirspurn [442. mál]

til menntamálaráðherra um námaleyfi Kísiliðjunnar.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hvaða afskipti hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð haft af veitingu námaleyfisins til Kísiliðjunnar við Mývatn síðan í lok janúar s. l.?

Sþ. 752. Fyrirspurn [443. mál]

til viðskiptaráðherra um lífeyrismál bankastjóra.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hvers vegna gilda ekki sömu reglur um lífeyrismál ríksbankastjóra og annarra bankastarfsmanna?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 753. Fyrirspurn [444. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni aldraðra.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða hækkun hefur orðið á elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu samanlagt frá 1. júní 1983?
2. Hver hefur orðið hækkun á matvörum í framfærslugrundvelli á sama tíma og á landbúnaðarvörum sérstaklega?
3. Hvaða hækkun hefur orðið á gjöldum í íbúðum fyrir aldraða á sama tíma, til dæmis hjá Reykjavíkurborg?
4. Hver hefur á sama tíma orðið hækkun á:
   a. verði lyfja samkvæmt lyfjaverðskrá I,
   b. verði lyfja samkvæmt lyfjaverðskrá II,
   c. almennri læknisþjónustu,
   d. sérfræðilæknishjálp?
5. Hve margir aldraðir njóta nú heimilishjálpar samkvæmt lögum um málefni aldraðra?
6. Hve margir aldraðir eru á hjúkrunarheimilum?
7. Hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum?
8. Hve margir aldraðir eru á biðlistum vegna elli- og hjúkrunarheimila um þessar mundir?
9. Hefur ráðuneytið látð kanna hve margir aldraðra bera merki um næringarskort, sbr. ummæli Þóris Guðbergssonar ellimálafulltrúa í sjónvarpsfréttum 20. apríl?
10. Hvaða áform hefur ráðuneytið um úrbætur í málefnum aldraðra?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 754. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. l. nr. 30 29. apríl 1967 og l. nr. 55 30. maí 1979.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og sent frv. eftirtöldum aðilum til umsagnar: Almannavörnum ríkisins, Sýslumannafélagi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, öryggismálanefnd, Landssambandi hjálparsveita skáta og Landsambandi flugbjörgunarsveita.

Með hliðsjón af athugasemdum, sem borist hafa, leggur nefndin til að breytingar verði gerðar á 1. gr. frv. og mælir með frv. með þeirri breytingu. Breytingartillagan er flutt á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni voru Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur Einarsson.

Alþingi, 17. apríl 1985.

Gunnar G. Schram, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Sturla Böðvarsson, frsm.

Stefán Guðmundsson.

Nd. 755. Breytingartillaga [275. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. l. nr. 30 29. apríl 1967 og l. nr. 55 30. maí 1979.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir orðunum „póst- og símamálastjóri“ í 2. málsl. 2. efnismálsgr. 1. gr. komi: vegamálastjóri og einn fulltrúi tilnefndur af Landssambandi flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélagi Íslands og Landssambandi hjálparsveita skáta er skipti með sér setu í ráðinu eitt ár í senn.

Sþ. 756. Fyrirspurn [445. mál]

til iðnaðarráðherra um viðræður um kísilmálmverksmiðju á Grundartanga.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hefur stóriðjunefnd átt viðræður við norska fyrirtækið Elkem um þátttöku þess í að reisa kísilmálmverksmiðju á Grundartanga í stað slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði?
2. Sé svo, á hvaða stigi eru þær viðræður og hver gaf stóriðjunefnd fyrirmæli um að hefja þær?

Nd. 757. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný gr. er verði 10. gr. og orðist svo:
Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum.

Ed. 758. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 22. apríl 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 759. Fyrirspurn [446. mál]

til fjármálaráðherra um fjárhagsstuðning við Kvennaathvarfið í Reykjavík.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Eiði Guðnasyni.

1. Hefur fjármálaráðherra kynnt sér fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur Kvennaathvarfsins í Reykjavík?
2. Telur fjármálaráðherra koma til greina að ríkissjóður veiti Kvennaathvarfinu sérstakan stuðning til þess að tryggja áframhaldandi þjónustu þess? Ef svo væri, með hvaða hætti yrði það þá gert?

Sþ. 760. Fyrirspurn [447. mál]

til samgönguráðherra um leigubifreiðaakstur.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hvaða almenningsheill liggur að baki lögum um leigubifreiðar, nr. 36 frá 9. maí 1970?

Ed. 761. Breytingartillaga [98. mál]

við frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá kirkjumálaráðherra.

Á eftir 10. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan innheimtumaður ríkissjóðs nýtur óbreyttra lögkjara samkvæmt bráðabirgðaákvæði I. laga nr. 41/1984 skal innheimtuþóknun samkvæmt 2. málsl. 7. gr. laga þessara renna til innheimtumannsins.

Nd. 762. Frumvarp til laga [98. mál]

um sóknargjöld o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 22. apríl.)

I. KAFLI

Um sóknargjöld.

1. gr.

Hver maður í þjóðkirkjunni, sem orðinn er 16 ára á tekjuárinu og er heimilisfastur hér á landi samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 75/1981 og á er lagt útsvar samkvæmt lögum nr. 73/1980, skal greiða sóknargjald ár hvert samkvæmt lögum þessum.

Sóknargjald rennur til þeirrar sóknar þar sem gjaldþegn átti lögheimili hinn 1. desember á tekjuárinu.

2. gr.

Sóknargjald skal vera 0,20—0,40% af útsvarsstofni hvers gjaldanda samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980 og skal það lagt á í heilum tugum króna. Sóknarnefnd tekur ákvörðun um hundraðstölu innan greindra marka í samráði við héraðsprófast, en fyrir skal þá liggja fjárhagsáætlun sóknar. Sóknargjaldið skal að jafnaði vera hið sama innan hvers prófastsdæmis.

3. gr.

Nú hrökkva tekjur sóknarkirkju ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og er þá heimilt með samþykki safnaðarfundar að hækka sóknargjöld allt að tvöföldu, enda komi til samþykki kirkjumálaráðherra. Í Reykjavíkurprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni að fengnum tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og leitar samþykkis ráðherra.

II. KAFLI

Um gjöld manna sem standa utan þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Hver sá, sem telst til skráðs trúfélags, sbr. lög nr. 18/1975, skal greiða til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum hefði annars borið að greiða til þjóðkirkjunnar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði af útsvarsstofni, sbr. 2. gr.

5. gr.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 4. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð er nemur sóknargjaldi því sem honum hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar ef hann hefði talist til hennar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði.

Gjöld samkv. 4. og 5. gr. skal greiða til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá 1. desember næst liðinn.

III. KAFLI

Um álagningu gjalda samkv. I. og II. kafla, innheimtu, ábyrgð á greiðslu þeirra o. fl.

6. gr.

Skattstjórar skulu leggja á gjöld samkvæmt I. og II. kafla laga þessara og skulu gjaldákvarðanir birtar með sama hætti og útsvör. Sóknarnefnd skal tilkynna skattstjóra ákvarðanir um gjöld þessi eigi síðar en 31. mars það ár sem gjald er á lagt, en með reglugerð, sbr. 9. gr., má ákveða tímamark fyrr á árinu. Með tilkynningu skal fylgja staðfesting kirkjumálaráðherra á heimild til álagningar gjalds eftir því sem við á.

Framangreind gjöld hlíta sömu reglum og útsvör eftir því sem við getur átt nema annars sé getið, þ. á m. um kærur og úrskurð þeirra. Um gjalddaga, ábyrgð kaupgreiðenda á gjöldum, innheimtuúrræði, þ. á m. tilkall innheimtumanns til greiðslu úr kaupi gjaldþegns og ábyrgð hjóna á gjöldum hvors annars, svo og um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti, skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Gjöld þessi og dráttarvextir eru lögtakskræf samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Að lokinni álagningu gjalda skv. I. kafla laga þessara getur sóknarnefnd ákveðið, að fenginni umsókn gjaldanda, að lækka eða fella niður álögð gjöld skv. lögum þessum þegar svo stendur á sem greinir í 27. gr. laga nr. 73/1980. Á sama hátt getur stjórn skráðs trúfélags eða ríkisskattstjóri (háskólaráð) lækkað eða fellt niður álögð gjöld sem um er rætt í II. kafla laga þessara.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Innheimtuþóknun skal vera 1% og rennur hún í ríkissjóð. Ríkssjóður skal ársfjórðungslega standa sóknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu gjaldi samkvæmt lögum þessum.

IV. KAFLI

Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

8. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar.

Ríkissjóður leggur fram fé til héraðssjóðs eftir því sem mælt er fyrir um í fjárlögum og úthlutar kirkjuráð því fé til sjóðanna og undirbýr tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög.

Sóknarnefndum ber að gera stjórn sjóðsins skil á gjaldi samkvæmt 1. mgr. eigi síðar en 30. apríl næstan á eftir að gjöld eru fallin í gjalddaga.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykkta héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

V. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

9. gr.

Heimilt er að setja nánari reglur um gjöld þau er lög þessi taka til, svo og önnur atriði, er varða framkvæmd laganna, í reglugerð sem kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs og að höfðu samráði við fjármálaráðherra varðandi atriði er snerta framkvæmd álagningar eða innheimtu.

10. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1985 vegna tekna á árinu 1984.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breytingu á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan innheimtumaður ríkssjóðs nýtur óbreyttra lögkjara samkvæmt bráðabirgðaákvæði I laga nr. 41/1984 skal innheimtuþóknun samkvæmt 2. málsl. 7. gr. laga þessara renna til innheimtumannsins.

Nd. 763. Frumvarp til laga [448. mál]

um hækkun elli- og örorkulífeyris.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Upphæð ellilífeyris og örorkulífeyris, skv. lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, sbr. 11. og 12. gr. þeirra laga, skal hækka um 20% hinn 1. maí 1985.

Hinn 1. maí 1985 skal uppbót á lífeyri (tekjutrygging) skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbót skv. 2. mgr. 19. gr. þeirra laga, hækka um sama hlutfall og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Á árinu 1985 er fjármálaráðherra heimilt að lækka ríkisútgjöld frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir árið 1985 um allt að 180 milljónum króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hefur fallið mjög á undanförnum árum, þannig að hann er nú einungis um 64% þess sem hann var 1978 og tekjutrygging þyrfti að hækka um

22—25% til að ná sama kaupmætti og 1978. Samkvæmt upplýsingum aðila, sem best til þekkja, búa nú margir elli- og örorkulífeyrisþegar við hörmulega kröpp kjör og stór hópur eldra fólks „hefur þjáðst af næringarskorti í skemmri eða lengri tíma“. Þetta þarf e. t. v. ekki að koma á óvart þegar haft er í huga hve bágar lífeyrisgreiðslur eru nú orðnar.

Í meðaltalstölum um kaupmátt ráðstöfunartekna er bæði tekið tillit til launaskriðs og skattalækkana. Hvorugt þessa kemur elli- eða örörkulífeyrisþegum til góða. Þess vegna dragast þeir enn frekar aftur úr. Til þess að bregðast við þessu er það eitt til ráða að hækka lífeyrinn þeim mun meira.

Staðreyndin er því miður sú að þessi tekjulægsti hópur þjóðfélagsins hefur tekið á sig hvað mesta kjaraskerðingu allra. Um rýrnun kaupmáttar elli- og örorkulífeyris vísast að öðru leyti til fylgirits sem er fengið úr Fréttabréfi Kjararannsóknanefndar. Við það er því að bæta að kaupmáttur um þessar mundir (apríl 1985) mun vera milli 3—4% lakari en á seinasta ársfjórðungi 1984 sem er seinasta talan í yfirliti Kjararannsóknanefndar.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir svo og tekjutrygging hækki hinn 1. maí n. k. um 20%. Með því móti næðist svipaður kaupmáttur að því er tekjutryggingu varðar og var að meðaltali árin 1979—1981, en í almennum elli- og örorkulífeyri næðist svipaður kaupmáttur og var að meðaltali á fyrri árshelmingi 1983. Engu að síður mundi kaupmáttur hins almenna lífeyris því miður enn vera um 23% lægri en hann var árið 1978. Hér er því um lágmarksleiðréttingu að ræða.

Alla Íslendinga hryllir við að heyra að stór hópur aldraðra, sem skilað hafa æviverki sínu í þágu lands og þjóðar, búi við vannæringu og enn stærri hópur þeirra búi við neyðarkjör. Þannig má þetta ekki vera. Úr því verður strax að bæta. Sé talið að svigrúm skorti í fjárlögum ríkisins er ekki að efa að landsmenn munu reiðubúnir að taka því að sparað sé á rekstrarliðum á öðrum sviðum, dregið úr fyrirhuguðum framkvæmdum eða aflað viðbótartekna í þeim mæli sem annað reynist sannanlega ógerlegt.

Meginatriðið er að Íslendingar vilja ekki að sorfið sé að öldruðum og öryrkjum með þeim hætti sem nú hefur gerst.

Lagafrumvarp það, sem hér er flutt, er með svipuðu formi og lögin um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum og þannig eins og þar gert ráð fyrir heimild til fjármálaráðherra til lækkunar ríkisútgjalda.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu ellilífeyrir og örorkubætur hækka um 20% hinn 1. maí n. k. Samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 getur ráðherra ákveðið hækkun bóta í samræmi við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal hann gera það innan 6 mánaða frá breytingunni. Sú heimild hrekkur ekki til að jafna þá kaupmáttarrýrnun sem safnast hefur upp á undanförnum árum. Til þess þarf þannig sérstaka lagaheimild eins og hér er gert ráð fyrir.

2. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og er af sama tagi og í lögunum um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Ársfjórðungs- og ársmeðaltöl fyrir vísitölur kaupmáttar nokkurra lífeyristryggingabóta almannatrygginga 1969—1984.

Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
1980 — 100.

	Elli-/örorku-lífeyrir	Elli-/örorku-lífeyrir að viðbættri tekjutryggingu	Barna-lífeyrir á hvert barn	Mæðra-laun miðuð við 3 börn og fleiri
1969	77,25		66,20	77,25
1970	78,95		67,66	78,95
1971	95,11	53,05	87,78	95,13
1972	111,13	88,09	111,15	111,14
1973	109,64	86,91	109,65	109,66
1974	109,69	87,86	109,70	109,69
1975	93,68	84,75	93,69	93,03
1976	90,62	85,54	90,62	90,61
1977	99,08	95,38	99,08	99,08
1978	108,06	104,95	108,06	108,06
1979	105,19	103,46	105,19	105,19
1980	100,00	100,00	100,00	100,00
1981	98,44	103,32	98,47	98,43
1982	95,43	101,37	95,44	95,43
1983	75,43	85,17	75,42	84,93
1984	70,14	85,34	80,44	122,08
1982 1. ársfj.	98,80	104,60	98,80	98,80
2. ársfj.	96,66	102,34	96,67	96,66
3. ársfj.	97,04	105,17	97,04	97,03
4. ársfj.	90,76	99,16	90,80	90,77
1983 1. ársfj.	85,78	95,39	85,77	85,80
2. ársfj.	78,76	88,35	78,76	84,39
3. ársfj.	71,59	81,59	71,59	86,17
4. ársfj.	69,49	79,20	69,47	83,65
1984 1. ársfj.	69,02	80,84	72,99	98,01
2. ársfj.	69,89	85,99	81,47	127,51
3. ársfj.	68,81	84,67	80,22	125,56
4. ársfj.	72,61	89,35	86,22	134,92

Sþ. 764. Tillaga til þingsályktunar [449. mál]

um að sjávarútvegsráðuneyti fari með fiskiræktarmál.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir, Ellert B. Schram, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríksstjórnina að gera breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, sem feli í sér að fiskeldi, klak og skyld starfsemi í fiskiræktarstöðvum verði á verksviði sjávarútvegsráðuneytis.

Greinargerð.

Ekki verður af gildandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands ráðið hvaða ráðuneyti fer með fiskeldi og skylda starfsemi í fiskiræktarstöðvum. Í reglugerðinni er tiltekið að „Veiði í ám og vötnum svo og önnur veiðimál, er eigi ber undir annað ráðuneyti“ sé á verksviði landbúnaðarráðuneytis. Ekki er ætlunin með þessari tillögu að breyta því. Hin nýja og vaxandi atvinnugrein, fiskeldi í sérstökum fiskiræktarstöðvum, fellur hins vegar ekki undir þessa skilgreiningu.

Nauðsynlegt er að kveða á um undir hvaða ráðuneyti þessi nýja atvinnugrein heyri. Hér er gerð tillaga um að sjávarútvegsráðuneytið fari með þessi mál enda vafalaust að fiskeldi á samleið með sjávarútvegi í mörgum atriðum þ. á m. í markaðsmálum.

Sþ. 765. Fyrirspurn [450. mál]

til viðskiptaráðherra um tryggingar fyrir lánum opinberra lánasjóða.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Telur ráðherra ástæðu til að fram fari opinber rannsókn á útlánum opinberra lánasjóða og ríkisbanka til að ganga úr skugga um að allar lánveitingar séu með fullnægjandi tryggingum?

Sþ. 766. Fyrirspurn [451. mál]

til iðnaðarráðherra um málefni Kísilmálmvinnslunnar hf.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til rekstrar skrifstofu Kísilmálmvinnslunnar hf. frá upphafi, þar með talinn kostnaður af viðræðum við hugsanlega erlenda meðeigendur?
2. Hver er núverandi starfsmannafjöldi Kísilmálmvinnslunnar hf.?
3. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður Kísilmálmvinnslunnar hf. árið 1985?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 767. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og sent málið til umsagnar þeirra aðila sem málið varðar. Hún kallaði fyrir ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, forstöðumann Landmælinga Íslands og mælingaverkfræðinga frá Hnit.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þskj.

Steingrímur Sigfússon mun skila séráliti.

Alþingi, 23. apríl 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.
Sturla Böðvarsson.	Eggert Haukdal.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.

Nd. 768. Breytingartillögur [289. mál]

við frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem landmælingar stunda, hafi samráð sín á milli.
2. Við 5. gr. 1. tl. orðist svo:
   Setning staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og staðfræðilegra grundvallarmælinga til kortlagningar á Íslandi og umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulögðu mælingakerfi.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu gegn greiðslu.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:
   Með sölu korta og þjónustu.
   Með innheimtu sérstaks stimpilgjalds af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds.
   Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:
   1. kort sem gefin eru út eða unnin af ríkisstofnunum eða sveitarfélögum eða fyrir þau,
   2. uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum sem framar öllu er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta,
   3. kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða til kennslu.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. skulu innheimt til ríkissjóðs.

Tekjum samkvæmt þessari grein skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands umfram ofangreindar tekjur skal greiddur úr ríkissjóði.

5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra ákveður með gjaldskrá stimpilgjald samkvæmt 12. gr.
   Enn fremur skal söluverð korta og gjald fyrir þjónustu háð samþykki ráðherra.
6. Á undan 14. gr. í VI. kafla komi ný gr. er orðist svo:
   Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnum sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að heimila þá för um landareignina og uppsetningu mælingamerkja/punkta sem nauðsynleg getur talist vegna landmælinga.
7. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist ný mgr., svohljóðandi:
   Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að þremur árum liðnum.

Sþ. 769. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um að falla frá hugmyndum um að reisa nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi.

Frá 2. minni hl. utanríkismálanefndar.

Þar eð enn liggja ekki fyrir endanlegar tillögur um byggingu nýrra ratsjárstöðva í stað þeirra sem lagðar voru niður á Vestfjörðum og á Langanesi og því ekki hægt að meta gildi þeirra fyrir öryggi Íslands leggur 2. minni hl. til að tillögunni **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. apríl 1985.

Haraldur Ólafsson.

Sþ. 770. Fyrirspurn [452. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslukvóta í landbúnaði.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hver hefur verið heildaraukning framleiðslukvóta á landinu síðan búmarkið tók gildi árið 1980, og hvernig skiptist aukningin á milli svæða?
2. Á hvaða forsendum var þessi aukning leyfð, með hliðsjón af því að tilgangur kvótakerfisins er að vinna gegn offramleiðslu?
3. Hversu miklum viðbótarkvóta hefur verið úthlutað, síðan búmarkið tók gildi, til lögbýla sem höfðu áunnið sér framleiðslukvóta á viðmiðunarárunum 1976, 1977 og 1978:
   a. til mjólkurframleiðslu,
   b. til framleiðslu sauðfjárafurða,
   c. til nautakjötsframleiðslu?

4. Hversu stórum framleiðslukvóta hefur verið úthlutað, síðan búmarkið tók gildi árið 1980, til lögbýla sem enga framleiðslu höfðu á viðmiðunarárunum 1976, 1977 og 1978:
   a. til mjólkurframleiðslu,
   b. til framleiðslu sauðfjárafurða,
   c. til nautakjötsframleiðslu?
5. Hvernig skiptist eignarhald þessara jarða (sbr. 3. og 4. lið) milli ríkis (kirkju), sveitarfélaga og einstaklinga?
6. Hafi verið úthlutað viðbótarkvóta til ríkisbúa utan þeirra framleiðsluréttinda, sem sköpuðust á árunum 1976—78, hversu stór hluti af heildaraukningunni kom þá í hlut ríkisbúa:
   a. til mjólkurframleiðslu,
   b. til framleiðslu sauðfjárafurða,
   c. til nautakjötsframleiðslu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 771. Fyrirspurn [453. mál]

til menntamálaráðherra um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvenær er að vænta stjórnarfrumvarps um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara?

Nd. 772. Frumvarp til laga [454. mál]

um breytingu á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

1. málsgr. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 11/1981) orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 600 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er svo mikið fatlað að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um tollskrá er heimilað að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir þá sem á bifreið þurfa nauðsynlega að halda vegna fötlunar. Með þessu frumvarpi er lagt til að fjölga þeim í 600, eða um 50 bifreiðar.

Á síðustu árum hefur tollalögum verið breytt verulega að því er tekur til tollaívilnana vegna bifreiða fatlaðra. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um fulla niðurgreiðslu aðflutningsgjalda af allt að 40 bifreiðum þeirra sem við mesta fötlun búa, og áður hafði endurnýjunartími verið rýmkaður.

Hins vegar eru nú á biðlista eftir síðustu úthlutun nokkrir tugir fatlaðs fólks sem allan rétt átti á lækkun aðflutningsgjalda af bifreið og þurfti þess nauðsynlega með, en ekki var unnt að sinna umsóknum þeirra þar sem leyfin voru aðeins 550. Aukning um 50 leyfi er talin leysa vanda margra þeirra sem mest þurfa þess með.

Við síðustu úthlutun í febrúar s. l. nam lækkunin 84 000 kr. fyrir hverja bifreið auk niðurfellingar söluskatts. Mun láta nærri að alls væri upphæðin 100 000 kr. á hverja bifreið. Kostnaður við þessa aukningu nemur því u. þ. b. 5 millj. kr. og fer næsta úthlutun fram í febrúar 1986.

Til samanburðar má benda á að hér er um að ræða **jafnvirði 11 launaauka til bankastjóra til bifreiðakaupa,** en um 20 bankastjórar njóta nú þeirra fríðinda.

Nd. 773. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Við 8. gr. 2. mgr. orðist þannig:
   Ákvæði XVII. kafla laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gilda um þá banka er setja á stofn umboðsskrifstofur samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þ. á m. um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur.
2. Við 21. gr.
   a. Við 4. mgr. bætist: Bankaráð ákveður innláns- og útlánaflokka bankans og hvaða reglur og ákvæði gilda um þá.
   b. Við greinina bætist ný mgr. sem orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. skal ráðherra heimilt að fresta stofnsetningu allra nýrra útibúa um eins árs skeið ef hann telur nauðsyn á því.
3. Á eftir 25. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Í hverjum banka skal vera starfandi starfsmannaráð skipað fjórum fulltrúum starfsfólks, tveimur kjörnum af bankaráði og einum fulltrúa bankastjórnar, og skal kjör fara fram árlega í janúarmánuði. Starfsmannaráð kýs sér formann og ritara. Starfsmannaráð skal fjalla um þau málefni er varða starfsaðstöðu, nýjungar eða breytingar í rekstri og vinnufyrirkomulagi og önnur þau mál er varða starfsfólk sérstaklega. Sérhver sá er sæti á í starfsmannaráðinu getur tekið upp slík mál á fundi.
   Bankaráð og bankastjórn skulu vísa málum af þessu tagi til starfsmannaráðsins til umfjöllunar. Starfsmannaráðið gerir tillögur og skilar ályktunum til bankaráðs og bankastjórnar.
4. Við 28. gr. 2. mgr. orðist þannig:
   Viðskiptabanka er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr.
5. Við 37. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi fjórar nýjar málsgr. er orðist svo:
   Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. **Launagreiðslur:**
   a. Heildarlaunagreiðslur.
   b. Föst yfirvinna.
   c. Önnur yfirvinna.
   d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

   Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í a-, b- og c-lið.

II. **Bifreiðakostnaður:**
   a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b. Notkun bílaleigubifreiða.
   c. Notkun leigubifreiða.
   d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. **Risnukostnaður:**
   a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
   b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. **Ferðakostnaður:**
   a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
   b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:
   a. Húseignir, lóðir og lendur.
   b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
   c. Bifreiðar.
   d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:
   1. Keypt og byggt á árinu.
   2. Selt á árinu.
   3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
   4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

6. Við 40. gr. 2. mgr. orðist þannig:
   Á aðalfundi hlutafélagsbanka skulu kjörnir hlutbundinni kosningu a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn. Jafnframt skal ráðherra skipa einn skoðunarmann til sama tíma og sé hann löggiltur endurskoðandi.
7. Á eftir VIII. kafla komi þrír nýir kaflar er orðist svo:

a.

IX. KAFLI

Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka.

51. gr.

Stofna skal Tryggingarsjóð hlutafélagsbanka og skulu allir hlutafélagsbankar vera aðilar að honum.

Tryggingarsjóðurinn er sjálfseignarstofnun og er banka því ekki heimilt að færa framlög sín til hans sem eign í efnahagsreikningi.

52. gr.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit hlutafélagsbanka, sbr. VIII. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum hlutafélagsbanka.

Stjórn Tryggingarsjóðs er heimilt:

1. að veita hlutafélagsbanka lán eða yfirtaka vissar eignir hlutafélagsbanka,
2. að ganga í ábyrgð fyrir hlutafélagsbanka,
3. að bæta, með samþykki aðalfundar Tryggingarsjóðs, sérstakt tap og kostnað sem hlutafélagsbanki verður fyrir.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem hlutafélagsbanka er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

53. gr.

Lýsi hlutafélagsbanki sig gjaldþrota og hætti viðskiptum skal Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka, innan viku frá því að viðskiptum er hætt, greiða innstæðueigendum innstæður sínar allt að kr. 200 þús. af hverri innstæðu. Tryggingarsjóðurinn eignast þá kröfu í þrotabú bankans sem þessari heildargreiðslu nemur.

54. gr.

Hver hlutafélagsbanki skal árlega greiða framlag til Tryggingarsjóðs sem sé ákveðið hlutfall af heildarinnlánsfé bankans um næstu áramót á undan. Fyrstu árin, sem Tryggingarsjóður starfar, skal þetta hlutfall vera minnst 0,15% þar til eigið fé Tryggingarsjóðs hefur náð 2% af heildarinnlánsfé hlutafélagsbankanna. Aðalfundur ákveður hlutfallið með samþykki ráðherra en það skal vera hið sama fyrir alla bankana.

Til þess að Tryggingarsjóður geti þegar við stofnun gegnt meginhlutverki sínu samkvæmt 52. gr. skal hver banki ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er skal nema 0,5% af heildarinnlánsfé bankans um næstu áramót á undan. Þegar samtala ábyrgðarskuldbindinga samkvæmt þessari mgr. og eigin fjár Tryggingarsjóðs skv. 1. mgr. hefur náð 2% af heildarinnlánsfé hlutafélagsbankanna getur fjárhæð ábyrgðarskuldbindinga lækkað sem svarar til aukinna framlaga til Tryggingarsjóðs, sbr. 1. mgr. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu bankarnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni.

55. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Nánari reglur um ávöxtun á fé sjóðsins skal setja í samþykktir hans.

56. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver banki fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðlfund. Hver banki má þó ekki fara með meira en ⅓ hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum. Kjörbréf fulltrúa skal undirritað af meiri hluta bankaráðs hvers banka.

Aðalfundur kýs menn í stjórn og varastjórn og staðfestir ársreikning sjóðsins.

Aðalfundur er ekki ákvörðunarbær nema fulltrúar a. m. k. helmings bankanna séu á fundinum enda fari þeir með a. m. k. ⅓ hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Ráðherra viðskiptamála skal boða til fyrsta fundar Tryggingarsjóðs.

57. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kjörnir hlutbundinni kosningu á aðalfundi til eins árs í senn. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

58. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag banka, þar með talin framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá banka.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi bankanna og viðskiptamanna þeirra og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

59. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

60. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

b.

X. KAFLI

Þóknun vegna ábyrgðar ríkissjóðs.

61. gr.

Ríkisviðskiptabankar skulu greiða árlega þóknun til ríkissjóðs sem sé jafnhátt hlutfall af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan og hlutafélagsbönkum er gert að greiða sem framlag hlutafélagsbanka í Tryggingarsjóð hlutafélagsbanka skv. IX. kafla laga þessara.

c.

XI. KAFLI

Endurskoðun fjárhæða.

62. gr.

Ráðherra skal a. m. k. annað hvert ár og eftir því sem tilefni gefst til endurskoða fjárhæðir í 3. mgr. 5. gr. og 53. gr. þessara laga til samræmis við verðlagsþróun að fenginni umsögn Bankaeftirlitsins.

8. **Ákvæði til bráðabirgða** I orðist þannig:

Sameina skal Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í einn banka fyrir gildistöku laga þessara og tekur hinn sameinaði banki við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Ráðherra skal með reglugerð ákveða nánar um framkvæmd sameiningarinnar.

Við gildistöku laga þessara starfa tveir ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands, Útvegs- og Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur starfa fjórir hlutafélagsbankar, Iðnaðarbanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf.

9. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

Meðan sparisjóðir eru ekki aðilar að Tryggingarsjóði sem veitir jafngóða tryggingu á innstæðum og Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka skulu þeir eiga aðild að þeim sjóði með sömu réttindum og skyldum og hlutafélagsbankarnir.

Verði síðar stofnað til sérstaks Tryggingarsjóðs sparisjóða sem veiti jafngóða tryggingu og Tryggingarsjóður hlutafélagsbanka skal nettóeign Tryggingarsjóðs hlutafélagsbanka skipt í hlutfalli við greidd framlög í sjóðinn og hinum nýja Tryggingarsjóði sparisjóða greiddur nettóeignarhlutinn sem svarar til framlaga sparisjóðanna.

Nd. 774. Frumvarp til laga [455. mál]

um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutafé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Viðskiptabönkum, vátryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum skal, þrátt fyrir ákvæði í lögum sem hamla eða banna þessum aðilum hlutabréfakaup í eigin nafni, heimilt að gerast hluthafar í hlutafélagi því sem stofnað verður samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi sem ræðir um hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé 100 milljónir króna sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. Ef nauðsynlegt reynist til þess að náð verði því lágmarkshlutafé sem greinir í 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem hlutafé allt að 100 milljónum króna til viðbótar framangreindu 100 milljóna króna framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.
3. Að taka lán að fjárhæð samtals allt að 200 milljónum króna og endurlána hlutafélagi skv. 1. gr. án sérstakra trygginga til 5 — 7 ára og að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 milljónum króna eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

5. gr.

Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt 1. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m. a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis: „Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í atvinnulífinu."

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarsjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Með frumvarpi þessu er aflað lagaheimildar til þess að ríkisstjórnin hafi forgöngu um og leggi fram hlutafé í hlutafélag er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Þá miðar frumvarpið að því að greiða fyrir sem víðtækastri þátttöku annarra aðila í hlutafélaginu, annars vegar með því að lögfesta heimild til handa viðskiptabönkum, vátryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum til þess að gerast hluthafar í hlutafélaginu og hins vegar með því að heimila ríkisstjórninni að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í umræddu hlutafélagi. Loks er með frumvarpinu veitt heimild til þess að ríkisstjórnin láni hlutafélaginu allt að 200 milljónum króna án sérstakrar trygginga til 5 — 7 ára verði eftir því leitað af félagsins hálfu eftir að það hefur starfsemi og/eða veiti ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum er hluttafélagið kynni að vilja taka til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 milljónum króna eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Láns- og ábyrgðarheimildin miðar að því að skapa hlutafélaginu aukna möguleika á að rækja hlutverk sitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—4. gr.

Með 1. gr. er ríkisstjórninni falið að hafa forgöngu um stofnun hlutafélags þess er þar um ræðir og skal hún kveðja þá innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu félagsins, sbr. 2. gr. Í 1. gr. er áskilið að hlutafé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna. Ríkið mun leggja fram 100 milljónir króna sem hlutafé, sbr. 1. málslið 1. tl. 4. gr. frumvarpsins. Ákvæðum 3. gr. og 2. tl. 4. gr. frumvarpsins er ætlað að stuðla að víðtækri þátttöku annarra í félaginu þannig að áskilið lágmarkshlutafé náist án frekara framlags ríkisins. Ríkisstjórnin mun í sama skyni enn fremur beita sér fyrir því að stofnsamningur hlutafélagsins geymi ákvæði um að greiðsla hlutafjárloforða dreifist á tvö ár og samþykktir hlutafélagsins geymi ákvæði þess efnis að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir þannig að einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í félaginu geti dregið kaupverð þeirra frá skattskyldum tekjum sínum innan lögleyfðra marka, sbr. lög nr. 9/1984, enda séu hluthafar í félaginu þá a. m. k. 50 talsins. Safnist ekki 200 milljóna króna lágmarkshlutafé þrátt fyrir það sem nú er rakið

geymir 2. málsliður 1. tl. 4. gr. heimild til handa ríkisstjórninni til þess að leggja fram viðbótarhlutafé þannig að lágmarkshlutafé verði náð.

Með viðskiptabönkum er í 3. gr. frumvarpsins bæði átt við banka í eigu ríkisins, aðra en Seðlabanka Íslands, og einkabanka í hlutafélagsformi. Með vátryggingafélögum og líftryggingafélögum er í 3. gr. frumvarpsins átt við innlend félög sem lög nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, taka til. Með fjárfestingarlánasjóðum er í 3. gr. frumvarpsins átt við sjóði þá sem stofnaðir hafa verið með lögum til að efla framleiðslu og framleiðni í atvinnulífinu með veitingu stofn- og fjárfestingarlána.

2. tl. 4. gr. frumvarpsins tekur ekki til þeirra aðila sem um er fjallað í 3. gr. frumvarpsins.

Þar sem frumvarpið byggir á því að ríkið verði einungis einn af mörgum hluthöfum í nefndu hlutafélagi og að stofnun og starfsemi hlutafélagsins verði í samræmi við ákvæði almennra hlutafélagalaga er ljóst að t. d. nafn hlutafélagsins og nákvæm skilgreining á tilgangi þess verða ekki ákveðin fyrr en á stofnfundi hlutafélagsins. En ríkið mun beita sér fyrir að skilgreining stofnsamnings og samþykkta hlutafélagsins á tilgangi þess verði á þessa leið:

„Tilgangur félagsins er að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi.

Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu m. a. heimilt:

1. Að láta gera og fjármagna eða taka þátt í gerð og fjármögnun forkannana og hagkvæmnisathugana.
2. Að eiga frumkvæði að og/eða taka þátt í stofnun, endurskipulagningu og sameiningu fyrirtækja.
3. Að kaupa hlutabréf og/eða skuldabréf atvinnufyrirtækja.
4. Að útvega eða veita áhættulán eða ábyrgðir vegna stofnunar, rekstrar og þróunar fyrirtækja.
5. Að taka þátt í og/eða styrkja hagnýtar rannsóknir á nýjungum í atvinnulífi og tilraunir með þær og aðstoða við öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að hafa frumkvæði að samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja í markaðsmálum, vöruþróun og á tæknisviði.
7. Að taka lán til eigin þarfa og til endurlána.

Í öllu starfi félagsins skal að því stefnt að unnt verði að hagnýta árangurinn af starfsemi félagsins í atvinnurekstri og að félagið fái þá tilkostnað sinn að fullu greiddan, svo sem með hlutafé eða á annan hátt.

Nú eignast félagið hlutabréf í fyrirtækjum og skal félagið þá selja slík hlutabréf jafnskjótt og aðstæður leyfa.“

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að forsætisráðherra fari með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi skv. 1. gr. Í því felst og að forsætisráðherra fari með fyrirsvar ríkisins að því er varðar forgöngu um og undirbúning að stofnun nefnds hlutafélags.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 775. Frumvarp til laga [456. mál]

um Byggðastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

2. gr.

Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu.

3. gr.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.

4. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal skipuð sjö mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til funda. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Forsætisráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að ráða forstjóra.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, þar á meðal hverjar byggðaáætlanir skuli gerðar á vegum hennar. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu eftir því sem þurfa þykir.
4. Að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn.
5. Að fjalla um allar byggðaáætlanir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar eða lagðar eru fyrir stjórnina til samþykktar, sbr. 9. gr. laga þessara.
6. Að fjalla um skýrslur stofnunarinnar um starfsemi hennar.
7. Að taka ákvarðanir um lántöku, sbr. 16. gr. laga þessara.
8. Að setja reglur um lánakjör stofnunarinnar.
9. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ræður forstjóra til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Ráðning forstjóra miðast við sex mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

7. gr.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag stofnunarinnar.
3. Að gera tillögur til stjórnar um áætlanagerð á vegum stofnunarinnar.
4. Að gera tillögur um afgreiðslu á byggðaáætlunum sem lagðar eru fyrir stjórn stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laga þessara.
5. Að gera tillögur um veitingu einstakra lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög stofnunarinnar.
6. Að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar. Stjórn stofnunarinnar skal staðfesta ráðningu helstu starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

II. KAFLI

Starfsemi.

8. gr.

Byggðastofnun fylgist með byggðaþróun og fjallar um áhrif opinberra aðgerða á hana. Getur hún gert tillögur til úrbóta ef þörf þykir.

Stofnunin skal afla upplýsinga, er hún þarf á að halda vegna starfsemi sinnar, í samráði við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands og aðra aðila sem hliðstæðum upplýsingum safna.

9. gr.

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Stjórnin getur jafnframt fjallað um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar, svo sem sveitarstjórnir eða landshlutasamtök, hafa gert og lagt fyrir hana til samþykktar. Heimilt er stjórninni að ákveða að stofnunin skuli taka þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð.

Byggðaáætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra og gerir hann ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir þeim.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra byggðaáætlana sem samþykktar hafa verið af stjórn stofnunarinnar. Áætlanir til lengri tíma en eins árs, sem gerðar hafa verið á vegum stofnunarinnar, skal endurskoða eftir því sem tilefni gefast.

10. gr.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara. Veiting lána og ábyrgða skal byggjast á umsóknum, nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánakjör stofnunarinnar. Skal í því efni bæði höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma og tilganginum með lánveitingum hennar.

11. gr.

Því aðeins er Byggðastofnun heimilt að veita óafturkræf framlög að þau séu ætluð til rannsókna og tilrauna í atvinnumálum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar eða til að koma í veg fyrir neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum.

12. gr.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

14. gr.

Byggðastofnun tekur við öllum eignum Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum sjóðsins, við gildistöku laga þessara.

15. gr.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Eignir Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976.
2. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Fjármagnstekjur.

16. gr.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila, þannig að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði a. m. k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu.

17. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Byggðastofnun og skal stofnuninni gert viðvart svo tímanlega að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði ef sérstaklega stendur á.

19. gr.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

20. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Byggðastofnunar.

22. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi III. og VI. kafli laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og önnur ákvæði þeirra laga sem varða byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóð og verkefni Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal stjórn stofnunarinnar kosin í fyrsta sinn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi eftir samþykkt þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er ákvæði um endurskoðun laga um Framkvæmdastofnun ríkisins. Liður í þeirri endurskoðun var að breyta skyldi lánastefnu Byggðasjóðs í samræmi við upphaflegan tilgang.

Með samkomulagi stjórnarflokkanna frá s. l. hausti var ítrekað að slík endurskoðun skyldi fara fram. Um það er fjallað í þeim hluta samkomulagsins er kveður á um nýsköpun í atvinnulífinu og uppstokkun sjóðakerfisins. Þar segir m. a.: „Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins."

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarstjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Eitt þeirra lagafrumvarpa, er nefndin hefur unnið, er frumvarp það til laga um Byggðastofnun sem hér er lagt fram.

Samkvæmt lagafrumvarpi þessu er Byggðastofnun ætlað að vera sjálfstæð stofnun sem stjórnsýslulega heyrir undir forsætisráðherra. Stofnunin skal lúta sérstakri stjórn sem skipuð skal sjö mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum.

Að þessu leyti er hér um að ræða breytingu frá núverandi skipulagi en sem kunnugt er er hluta af þeirri starfsemi, sem hinni nýju Byggðastofnun er ætlað að sinna, nú komið fyrir sem deild í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hlutverk hinnar nýju Byggðastofnunar er samkvæmt frumvarpi þessu að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu með því að koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði án þess að reynt sé að sporna við því. Í samræmi við þetta hlutverk er gert ráð fyrir að stofnunin veiti lán, ábyrgðir eða óafturkræf framlög.

Þá er stofnuninni ætlað að fylgjast náið með þróun byggðar í landinu og gera áætlanir um hvernig treysta megi byggð og atvinnu á þeim stöðum þar sem byggðaröskun væri talin þjóðfélagslega óæskileg.

Frumvarpið kveður á um að hin nýja stofnun taki við Byggðasjóði sem nú starfar skv. lögum nr. 97/1976. Allar eignir og skuldbindinar Byggðasjóðs renna því til hinnar nýju Byggðastofnunar ef af samþykkt lagafrumvarps þessa verður. Þá er gert ráð fyrir því, sbr. 15. gr. frumvarpsins, að stofnunin fái árlega framlag úr ríkisjóði.

Að auki er ráð fyrir því gert að Byggðastofnun geti, innan ramma lánsfjárlaga, tekið lán og endurlánað síðan.

Slík lántaka getur átt sér stað bæði innanlands og utan þó að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að stofnunin geti tekið lán beint og í eigin nafni eru líkur á að í framkvæmd muni lántökunni hagað þannig að samið verði við aðra innlenda lánastofnun um að annast hina formlegu og tæknilegu hlið slíkrar lántöku. Með því móti mun stofnunin njóta þeirra kosta sem því eru samfara að innlendar endurlánastofnanir leiti sameiginlega eftir erlendri lántöku frekar en einar sér. Eðli Byggðastofnunar er og með þeim hætti að forðast bæri að eyða fjármunum og kröftum í önnur störf en þau er lúta beint að byggðamálum.

Vakin skal athygli á því að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ríkissjóður beri lögbundna ábyrgð á skuldbindingum Byggðastofnunar þó svo að tekið sé fram í lagatextanum að stofnunin sé sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

Innra starfsskipulagi, þar með talið deildaskiptingu, eru ekki settar fastar skorður með lagafrumvarpi þessu. Þess í stað er lagt til að það sé eitt af verkefnum forstjóra að móta innra skipulag stofnunarinnar og leggja hugmyndir þar að lútandi fyrir stjórn hennar til samþykktar.

Með 22. gr. frumvarpsins er forsætisráðherra þó veitt heimild til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipulag Byggðastofnunar. Hugsanlegt er að forsætisráðherra kysi að ákvarða deildaskiptingu stofnunarinnar með reglugerð en andi frumvarpsins er hins vegar sá að það sé lagt í hendur forstjóra og stjórnar að móta starf hennar og stefnu.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega setja stofnuninni starfsáætlun og ákveða auk þess hvaða áætlanir skuli unnar í stofnuninni hverju sinni.

Stjórnin skal og sjálf setja reglur um lánskjör á því fé sem stofnunin lánar út, auk þess að hafa ákvörðunarvald um til hvaða verkefna er lánað. Í því felst jafnframt að stjórnin getur veitt heimild til forstjóra þess efnis að lánveitingar upp að vissu marki séu ákveðnar án þess að fyrir liggi samþykki stjórnar.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er stjórn Byggðastofnunar veitt vald til þess að ráða stofnuninni forstjóra eða segja forstjóra upp störfum. Samkvæmt núgildandi lögum um byggðadeild Framkvæmdastofnunar er það hlutverk stjórnar Framkvæmdastofnunar þegar kemur að ráðningu forstjóra eða framkvæmdastjóra deilda að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um slíka ráðningu. Að fengnum slíkum tillögum ræður ríkisstjórnin síðan forstjóra og framkvæmdastjóra. Miðast ráðning þeirra við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest. Í frumvarpi því sem hér ligur fyrir er vald stjórnar stofnunarinnar aukið að þessu leyti. Stjórnin ræður nú sjálf forstjóra og ákvarðar þau launakjör sem í boði eru. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að uppsagnarfrestur forstjóra verði styttri en nú er eða sex mánuðir.

Um verkefni forstjóra er fjallað í 7. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því er það í verkahring forstjóra að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag eins og áður er vikið að, auk þess að leggja fyrir stjórnina tillögur um gerð áætlana sem unnið er að á hennar vegum. Þá er það og í verkahring forstjóra að gera tillögur til stjórnar um lánveitingar.

Um starfsemi Byggðastofnunar er fjallað í II. kafla lagafrumvarps þessa. Samkvæmt 8. gr. skal það vera eitt af hlutverkum stofnunarinnar að fylgjast náið með byggðaþróun í landinu og fjalla jafnframt um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun. Stjórn Byggðastofnunar skal fjalla um allar byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Þær byggðaáætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra og er ráð fyrir því gert að hann geri síðan ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir þeim áætlunum.

Í 10. gr. frumvarpsins er tekið fram að lánveitingar eða ábyrgðir Byggðastofnunar skuli byggðar á umsóknum nema verið sé að forðast almennt neyðarástand í atvinnu- og byggðamálum. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að lántakendur, þ. e. einstaklingar, fyrirtæki eða sveitarfélög, eigi frumkvæði að því að óska eftir láni frá Byggðastofnun.

III. kafli fjallar um „önnur ákvæði". Samkvæmt 13. gr. er sú skylda lögð á forsætisráðherra að gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar. Er þessu

ákvæði frumvarpsins ætlað að tryggja að sú starfsemi, sem fram fer í Byggðastofnun, komi árlega til umfjöllunar á Alþingi.

Eins og fram hefur komið í athugasemdum þessum er með lagafrumvarpi þessu stefnt að verulegum breytingum á núverandi framkvæmd og skipulagi yfirstjórnar byggðamála. Ótvírætt er að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, munu gera Byggðastofnun allsjálfstæða og skapa um leið möguleika á því að takast megi að gera störf hennar og stefnumótun markviss og árangursrík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun verði sjálfstæð ríkisstofnun og heyri undir forsætisráðherra. Skv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir stofnunin undir ríkisstjórnina eða í raun forsætisráðherra sem oddvita hennar. Eðlilegra er að Byggðastofnun heyri beint undir forsætisráðherra. Ekki er gert ráð fyrir því að ríkissjóður ábyrgist sjálfkrafa skuldbindingar Byggðastofnunar, heldur yrði stofnunin að óska eftir ríkisábyrgð fyrir hverri einstakri lántöku ef slíkt þætti nauðsynlegt.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um hlutverk Byggðastofnunar, þ. e. að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmari þróun byggðar í landinu. Með þessu móti er það lagt á vald stjórnar stofnunarinnar að meta hvað telst á hverjum tíma þjóðfélagslega hagkvæm byggðaþróun og hvernig ýtt verður undir slíka þróun. Hefur stjórnin allfrjálsar hendur í þessu efni.

Um 3. gr.

Lagt er til að Byggðastofnun fylgist með byggðaþróun og geti að eigin frumkvæði gert eða látið gera áætlanir, svo sem fyrir er mælt í greininni. Um þennan þátt í starfsemi stofnunarinnar er nánar fjallað í 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Í 2. málsgrein er fjallað um lánveitingar eða annan fjárhagslegan stuðning stofnunarinnar. Greind eru nokkur markmið með slíkum fjárhagsstuðningi, en sú upptalning er þó ekki tæmandi.

Um 4. gr.

Lagt er til að stjórn Byggðastofnunar verði þingkjörin á sama hátt og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar taki allar meiri háttar ákvarðanir í málefnum hennar, þ. á m. taki hún ákvarðanir um veitingu einstakra lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga. Er þetta í samræmi við valdsvið stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Um 6. gr.

Gerð er tillaga um að forstjórar, einn eða fleiri, annist daglega stjórn stofnunarinnar. Heppilegt er talið að stjórn stofnunarinnar á hverjum tíma geti ráðið því hverjir gegni störfum forstjóra og er því lagt til að ráðningin miðist við sex mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

Um 7. gr.

Hér eru greind verkefni forstjóra stofnunarinnar og þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ljóst er að Byggðastofnun verður á hverjum tíma að afla upplýsinga og vinna úr þeim til þess að geta rækt hlutverk sitt. Ætlast er til að stofnunin fylgist náið með þróun byggðar í landinu og hver áhrif lagasetning, fjárveitingar og aðrar opinberrar aðgerðir hafa á hana. Getur stofnunin að eigin frumkvæði gert tillögur til úrbóta á þessu sviði.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um byggðaáætlanir. Gert er ráð fyrir að stofnunin sjálf geti gert slíkar áætlanir, svo sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur gert til þessa, en jafnframt er stjórn stofnunarinnar veitt heimild til þess að fjalla um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar hafa gert. Getur stjórnin ákveðið að stofnunin taki þátt í kostnaði við gerð slíkra áætlana.

Ekki er einungis ætlast til að Byggðastofnun geri byggðaáætlanir og fjalli um þær, heldur ber stofnuninni einnig að fylgjast með framkvæmd þeirra. Er það í samræmi við það sem áður hefur komið fram um eftirlit stofnunarinnar með byggðaþróun.

Um 10. gr.

Hér er mælt svo fyrir að veiting lána og ábyrgða skuli að jafnaði byggjast á umsóknum nema í sérstökum undantekningartilvikum sem greind eru í ákvæðinu. Þá er lagt til að stjórn Byggðastofnunar hafi allfrjálsar hendur við ákvörðun á lánakjörum stofnunarinnar. Skal hún að sjálfsögðu hafa hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma, en einnig er henni veitt heimild til þess að hafa lánakjör mismunandi eftir því hver tilgangur lánveitinga er hverju sinni.

Um 11. gr.

Lagt er til að Byggðastofnun sé heimilt að veita óafturkræfa fjárstyrki, en aðeins í þeim tilvikum sem greind eru í ákvæðinu.

Um 12. gr.

Hér er Byggðastofnun veitt heimild til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja í samræmi við hlutverk sitt skv. 2. grein frumvarpsins. Þessi heimild er byggð á því að stofnunin geti með þessu móti tekið þátt í nýsköpun atvinnulífs og beinni atvinnuuppbyggingu og þar með stuðlað að hagkvæmri byggðaþróun í landinu.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við gildandi lög og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Gengið er út frá því að Byggðastofnun taki við öllum eignum og skuldbindingum Byggðasjóðs sem þar með verði lagður niður.

Um 15. gr.

Hér er fallið frá viðmiðun laga nr. 97/1976 um hundraðshluta útgjalda fjárlaga, en þess í stað tekinn upp hundraðshluti af þjóðarframleiðslu, sbr. 16. gr.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Byggðastofnun geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis, í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að stofnunin geti tekið slík lán beint og milliliðalaust telji stjórn hennar slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t. d. Framkvæmdasjóðs eða

Seðlabanka. Sú stefna er mörkuð að stofnunin hafi til ráðstöfunar a. m. k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu hverju sinni sem er u. þ. b. 2 af hundraði fjárlaga eins og nú er ákveðið í lögum.

Um 17. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. málsgr. 24. gr., sbr. 33. gr., laga um Framkvæmdastofnun ríkisins og þykir eðlilegt að taka það upp í þessi lög.

Um 18. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. málsgr. 15. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 19. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. málsgr. 24. gr., sbr. 33. gr., laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta um þagnarskyldu er í samræmi við slík ákvæði í lögum um banka og aðrar lánastofnanir og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 36. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 22. og 23. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 776. Frumvarp til laga [457. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. þó 2. og 3. mgr., svo og skuldbindingum þeirra.

Nú verður sett á stofn Byggðastofnun í eigu íslenska ríkisins og skal Byggðastofnun þá eignast helming af fasteign Framkvæmdasjóðs, Rauðarárstíg 25, Reykjavík. Skal fasteignin

eftir það verða óskipt sameign Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar. Þó skal þessum aðilum heimilt að skipta með sér nefndri fasteign með eignaskiptasamningi.

Hinn 1. janúar 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum.

5. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs eru:

1. Eignir Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. þó 2. og 3. mgr. 3. gr. laga þessara.
2. Tekjur af starfsemi samkvæmt 2. gr. laga þessara.
3. Fjármagnstekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdasjóðs.

9. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

10. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m. a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis:

„Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í atvinnulífinu. Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verða sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verði gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarstjóri og síðar framkvæmdastjóri, en hann var ritari nefndarinnar. Nefndin hefur auk þessa frumvarps m. a. samið frumvarp til laga um Byggðastofnun, frumvarp til laga um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu og frumvarp til laga um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins.

Í samræmi við þá nýskipan, sem í ofangreindum frumvörpum felst, en þau verða ýmist lögð fram samhliða eða í framhaldi af þessu frumvarpi, er lagt til í frumvarpi þessu að lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, falli úr gildi. Framkvæmdastofnun ríkisins starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild. Auk þess fer Framkvæmdastofnun með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs.

Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun taki við eignum og skuldbindingum Byggðasjóðs og annist á sviði byggðamála bæði áætlanagerð og lánastarfsemi samkvæmt því sem nánar verður kveðið á um í lögum. Þá er gert ráð fyrir að hlutafélag það, sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir að stofnað verði í því skyni að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi, muni takast á hendur þær rannsóknir á arðsemi og tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina og fyrirtækja og nýjungum í atvinnulífi og það frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja sem núgildandi lög heimila lánadeild Framkvæmdastofnunar og Framkvæmdasjóði. Önnur núverandi verkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins en nú eru talin munu ýmist flytjast til annarra stofnana eða leggjast af.

Nefnd sú, sem samið hefur frumvarp þetta, tók til ítarlegrar athugunar hvort ekki væri eðlilegt að fella lagaákvæði um Framkvæmdasjóð Íslands úr gildi um leið og önnur ákvæði laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins. Niðurstaðan varð sú að rétt væri að setja sérstök lög um Framkvæmdasjóð Íslands sem tæki við eignum og skuldbindingum núverandi Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs þótt hlutverk hins nýja sjóðs yrði annað og þrengra en hlutverk núverandi Framkvæmdasjóðs. Þessi niðurstaða byggist einkum á tvennu. Í fyrsta lagi hefur Framkvæmdasjóður Íslands stofnað til víðtækra skuldbindinga erlendis með lántökum sem eru til allt að 16 ára. Niðurlagning sjóðsins gæti skapað óvissu og óróa hjá lánveitendum og e. t. v. leitt til þess að sumir teldu sér heimilt að gjaldfella lán nú þegar. Í öðru lagi hefur Framkvæmdasjóður Íslands öðlast reynslu og getið sér gott orð á erlendum lánamörkuðum. Getur því reynst hagkvæmt fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila að eiga þess kost að nýta sér milligöngu sjóðsins við lántökur þar sem það kann bæði að auðvelda og einfalda lántökur og verða til þess að lán fáist með hagstæðari vöxtum en ella væri. Af þeim ástæðum, sem nú er getið, var og talið rétt að sjóður sá, sem stofnað er til með frumvarpi þessu, héldi sama heiti og núverandi sjóður, bæði á íslensku og á ensku, en erlendis gengur hann undir hinu enska heiti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk sjóðsins skilgreint. Er það allt annað og miklu þrengra en hlutverk núverandi Framkvæmdasjóðs. Skv. þessari grein er ekki gert ráð fyrir því að sjóðurinn hafi

frumkvæði að lántökum. Honum er einungis ætlað það hlutverk að vera til reiðu fyrir þá fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem óska kynnu milligöngu hans um lántökur. Til þess að álit og markaðsstaða sjóðsins erlendis nýtist kann hins vegar oft að reynast nauðsynlegt að sjóðurinn taki erlend lán í eigin nafni þótt hann sé í reynd að taka slík lán vegna tiltekinna innlendra aðila. Hann mundi síðan endurlána hinum innlendu aðilum gegn eðlilegri þóknun eða vaxtamun enda kæmu til viðhlítandi tryggingar. Sjóðnum er óheimilt að lána eða ráðstafa eigin eignum eða veita ábyrgðir fyrir lánum.

Um 3. gr.

Með tilvísun til þess að starfsemi sjóðsins er nátengd starfsemi sem Seðlabanki Íslands hefur með höndum og ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins þykir rétt að stjórnarmenn séu tilnefndir af þessum aðilum.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein tekur Framkvæmdasjóður við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs, þó með þeim undantekningum er greinir í 2. og 3. mgr. Enn fremur yfirtekur Framkvæmdasjóður skuldbindingar þessara sjóða.

Samkvæmt ársreikningum Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1984 var eigið fé hans pr. 31/12 1984 483,5 milljónir króna. Fasteign Framkvæmdasjóðs, Rauðarárstígur 25, Reykjavík, var í ársreikningnum metin á 75,8 milljónir króna. Í 2. mgr. er kveðið svo á að Byggðastofnun, sem fyrirhugað er að setja á stofn, skuli eignast helming þessarar fasteignar, en Byggðasjóður og Framkvæmdastofnun eru nú til húsa á þessum stað. Þykir eðlilegt er rofin eru þau tengsl sem verið hafa á milli Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs að hin nýja Byggðastofnun eignist hlutdeild í húsnæði því sem nýtt hefur verið af sjóðunum sameiginlega. Fasteignin Rauðarárstígur 25, Reykjavík, yrði þá eftirleiðis óskipt sameign Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar nema þessir aðilar ákvæðu að gera eignaskiptasamning um hana.

Í 3. mgr. segir að eignarhaldsfyrirtæki ríkisins, sem fyrirhugað er að setja á laggirnar, skuli hinn 1. janúar 1986 taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum. Framkvæmdasjóður á nú hlutafé í þremur hlutafélögum, þ. e. 98,28% hlutafjár í Álafossi hf., 64,47% hlutafjár í Norðurstjörnunni hf. og 15,24% hlutafjár í Fjárfestingafélagi Íslands hf. Í ársreikningum Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1984 var hlutabréfaeign sjóðsins metin á 147 milljónir króna.

Um 5.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. september 1985. Lagt verður til að lög um Byggðastofnun öðlist jafnframt gildi þann dag. Er þetta gert svo að nægilegt svigrúm gefist eftir að frumvörpin hafa verið samþykkt sem lög frá Alþingi til þess að undirbúa þær breytingar, sem óhjákvæmilega verða samfara stofnun sjálfstæðrar Byggðastofnunar, nýrri löggjöf um Framkvæmdasjóð og niðurfellingu laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Sþ. 777. Fyrirspurn [458. mál]

til dómsmálaráðherra um almannafrið.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hvers vegna er 7. gr. laga nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, ekki framfylgt gagnvart starfsemi Ríkisútvarps — Sjónvarps með sama hætti og gagnvart starfsemi kvikmyndahúsa?

Sþ. 778. Fyrirspurn [459. mál]

til forsætisráðherra um flótta háskólamenntaðra manna úr þjónustu ríkisins vegna lélegra launa.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við fyrirsjáanlegum flótta háskólamenntaðra manna úr þjónustu ríkisins eftir að niðurstaða Kjaradóms liggur nú fyrir í máli launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna gegn fjármálaráðherra?

Sþ. 779. Fyrirspurn [460. mál]

til landbúnaðarráðherra um grænfóðurverksmiðjur.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hver var afkoma eftirtalinna grænfóðurverksmiðja ríkisins s. l. þrjú ár:
   að Gunnarsholti í Rangárvallasýslu,
   að Stórólfsvöllum í Rangárvallasýslu,
   á Flatey á Mýrum,
   Fóðuriðjunnar í Ólafsdal,
   að Vallhólma í Skagafirði?
2. Hve mikið er til af óseldri framleiðslu ríkisverksmiðjanna frá 1984, miðað við 1. apríl 1985?
3. Hvaða áform eru uppi um starfrækslu verksmiðjanna á þessu ári?
4. Eru uppi áform um að gefa bændum eða samtökum þeirra kost á að annast rekstur verksmiðjanna t. d. með leigu eða kaupum?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 780. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Það er ánægjulegt að frumvarp til laga um Landmælingar Íslands skuli nú komið fram og vera til umfjöllunar á Alþingi. Allir eru sammála um að nauðsynlegt sé fyrir stofnunina að fá lögfestingu á hlutverki sínu og starfssviði.

Nefndin hefur haft málið til umfjöllunar á nokkrum fundum. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með ákveðnum breytingum. Minni hl. er samþykkur þeim breytingartillögum en leggur auk þess til að allveigamiklar breytingar verði gerðar á stjórnarfyrirkomulagi stofnunarinnar. Minni hl. flytur um þetta breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Þær breytingar miða að því að í stað þess að stofnuninni verði einvörðungu stýrt af forstjóra sem ráðherra skipar verði stofnuninni sett stjórn sem fari með yfirstjórn Landmælinga Íslands og gegni þýðingarmiklu hlutverki sem samræmingaraðili á sviði landmælinga.

Þá er að mati minni hl. nauðsynlegt að landmælingastjórn fái ákveðið og lögboðið hlutverk til að gefa út reglur og setja staðla á sviði landmælinga, svo og að fylgjast með því að slíkum reglum sé framfylgt.

Fjölmargir aðilar í landinu hafa á sínum snærum starfsemi sem á einn eða annan hátt tengjast landmælingum og jafnframt er ljóst að mikið verk er óunnið við að koma á samræmi í vinnubrögðum og heildarskipulagi á þessi mál. M. a. með þetta í huga telur minni hl. alveg nauðsynlegt að stjórn stofnunarinnar verði hagað þannig að líklegt sé að auðveldi gott samstarf þeirra fjölmörgu aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Í frumvarpi til laga um Landmælingar Íslands, er lagt var fram á 100. löggjafarþingi 1978, er veruleg áhersla lögð á þetta samræmingarhlutverk landmælingastjórnar. Í 3. gr. þess frumvarps sagði á þessa leið:

„Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra, sem vinna að landmælingum. Landmælingastjórn gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdrátta, samræmt hnitakerfi, hæfisskilyrði landmælingamanna og annað, er að þessu lýtur.

Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi, sem kann að koma upp varðandi samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgönguráðuneytinu og Landmælingum Íslands til ráðuneytis varðandi landmælingamálefni.“

Og 4. gr. frumvarpsins hljóðaði svo:

„Samgönguráðherra skipar landmælingastjórn til fjögurra ára í senn 9 mönnum samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Búnaðarfélags Íslands, Dómarafélags Íslands, Fasteignamats ríkisins, Orkustofnunar, Rannsóknaráðs ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga, Vegagerðar ríkisins, Verkfræðingafélags Íslands.

Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Forstöðumaður Landmælinga Íslands situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.“

Í athugasemdum við frumvarpið sagði svo um 3. grein:

„Með ákvæðum um landmælingastjórn á að tryggja það samstarf á milli aðila, er vinna að landmælinga- og kortagerð, og þá samræmingu á landmælingastörfum, sem lýst er að

framan. Ætla má, að með slíkri stjórn kæmu saman fulltrúar þeirra aðila, sem mest þurfa á landmælingum og kortagerð að halda, og næðist þannig að samræma sjónarmið þeirra og fá yfirlit yfir þarfir þeirra fyrir landmælingar og kortagerð. Sömu aðilar ættu best með að gera tillögur um staðla á sviði landmælinga og samræmingu á öðrum tæknilegum hlutum, er þessi mál varða, svo og hvaða kröfur eigi að gera til landmælingamanna, til þess að þeir hljóti löggildingu. Að öðru leyti starfaði landmælingastjórn sem ráðgefandi nefnd, bæði fyrir samgönguráðuneytið og Landmælingar Íslands.

Hér er því ekki lagt til, að komið sé á fót nýrri ríkisstofnun, heldur sjái Landmælingar Íslands um framkvæmd á samþykktum landmælingastjórnar og veiti henni nauðsynlega starfsaðstöðu.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir verulegri breytingu á stöðu eða hlutverki Landmælinga Íslands sem stofnunar, frá því sem nú er í reynd, fyrir utan það, sem leiðir af samræmdum störfum þeirra, er að landmælingum vinna, en mikilvægt má telja fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum."

Það er skoðun minni hl. að ekkert hafi breyst sem réttlæti þá miklu kúvendingu sem orðið hefur í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir, að því er stjórnarfyrirkomulag og hlutverk Landmælinga Íslands varðar. Því má bæta við að í umsögnum, sem bárust um frumvarpið, er bent á þetta atriði og töldu margir að eðlilegt væri að setja stofnuninni einhvers konar stjórn eða að við hana starfaði sérstök samráðsnefnd. Má í því sambandi benda á umsagnir Rannsóknaráðs ríkisins, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar háskólans og umsagnir mælingaverkfræðinga sem birtar eru sem fskj. með nál. þessu.

Þessu til viðbótar leggur minni hl. til að sett verði í lögin skýrari ákvæði um efni reglugerðar, en leggur að öðru leyti til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali, og með breytingum meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi, 23. apríl 1985.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

UMSÖGN RANNSÓKNARÁÐS RÍKISINS

11. mars 1985.

Samgöngunefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu,
101 Reykjavík.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar neðri deildar Alþingis, dags. 14. febr. s. l., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um Landmælingar Íslands, 289. mál. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs hefur fjallað um frumvarpið og samþykkt eftirfarandi umsögn:

„Framkvæmdanefndin fagnar því að loks er aftur komið fram frumvarp um Landmælingar Íslands. Er varla vansalaust hve lengi hefur dregist að leggja lagalegan grundvöll að starfsemi Landmælinga Íslands. Sú starfsemi er þó einn af mikilvægustu hornsteinum allra rannsókna á náttúru og eðli landsins.

Framkvæmdanefndin fagnar því einnig að með frumvarpi þessu eru verkefni Land-

mælinga skilgreind nokkurn veginn með eðlilegum hætti og er það mikil breyting til batnaðar frá því frumvarpi sem fram kom um þetta mál veturinn 1978—1979.

Framkvæmdanefndin vill þó gera athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins:

1. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórn Landmælinga Íslands skuli vera í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til 5 ára í senn. Framkvæmdanefndin telur eðlilegt vegna samræmingarhlutverks Landmælinga og vegna nauðsynjar á stefnumótun í vali verkefna og starfsháttum að yfir stofnunina sé sett stjórn sem hafi faglega þekkingu á landmælingum og jafnframt þekki til sjónarmiða þeirra helstu opinberu stofnana sem þurfa á landmælingum að halda. Í þessu sambandi má benda á verkfræðideild Háskóla Íslands, Vegagerð ríkisins, Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem eðlilega tilnefningaraðila, auk fulltrúa sem ráðherra skipar beint. Um hlutverk stjórnar mætti setja ákvæði í lögin og vísast í því efni til nýsettra laga um Hafrannsóknastofnun.
2. Í 3. gr. segir að ráðherra skuli ráða aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs leggur eindregið til að þetta verði fellt úr frumvarpinu en þess í stað verði ráðning annarra starfsmanna sett í vald forstjóra og stjórnar. Ráðherravald um ráðningu einstakra starfsmanna annarra en yfirmanna er óþarft og skaðlegt í starfsemi sjálfstæðra stofnana.
3. Í 5. gr. væri æskilegt að kveða skýrar á um frumkvæðisskyldu Landmælinga Íslands til að framkvæma mælingar og gefa út grunnkort a. m. k. í mælikvarðanum 1:25000 og tryggja reglulega endurskoðun þeirra í samræmi við möguleika nýrrar mælingatækni og niðurstöður nýrra mælinga.
4. Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um fjármögnun Landmælinga Íslands. Af ákvæðum kaflans mætti ætla að ekki væri ætlast til að Landmælingar fengju önnur framlög á fjárlögum en þau sem fást af stimpilgjöldum af seldum kortum og afnotum af gögnum stofnunarinnar. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs dregur í efa að miðað við það grundvallarverkefni, sem Landmælingum er ætlað, fáist viðunandi fjárhagsgrundvöllur fyrir landmælingarnar án beinna framlaga úr ríkissjóði. Að öðrum kosti hljóta kort á Íslandi að verða óeðlilega dýr fyrir almennan kaupanda. Samtímis því yrði mikil hætta á að misbeitt yrði heimildarákvæði 11. gr. frumvarpsins til að hafna umsókn um afnot af gögnum stofnunarinnar ef hún telur hættu á tekjuskerðingu af eigin útgáfustarfsemi. Leggur framkvæmdanefndin til að í 12. gr. komi almennt ákvæði um „framlög á fjárlögum eins og ákveðið sé á fjárlögum hverju sinni“ *til viðbótar þeim tekjustofni sem markaður er í greininni.*

Að teknu tilliti til þessara ábendinga leggur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins eindregið til að lög um Landmælingar verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,
f. h. framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins,

Vilhjálmur Lúðvíksson.
(sign.)

Fylgiskjal II.

UMSÖGN VERKFRÆÐI- OG RAUNVÍSINDADEILDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 18. mars 1985.

Til samgöngunefndar
neðri deildar Alþingis.

Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands hefur borist frumvarp til laga um Landmælingar Íslands til umsagnar (Nd., 289. mál).

Sú skoðun virðist ríkjandi í deildinni að auk þess sem talið er í 1.—6. lið 5. greinar frumvarpsins skuli hlutverk Landmælinga Íslands einkum vera að móta stefnu og veita upplýsingar um hina margvíslegu þætti er varða verksvið stofnunarinnar.

Við 5. gr. frumvarpsins þyrfti að okkar áliti að bæta eftirfarandi grein á eftir 1. tölulið:

Útgáfa staðla og reglna um mælingar og kortagerð og söfnun gagna um mælingar og kort sem gerð eru af Íslandi. Nánar verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Þá teljum við rétt að 7. töluliður 5. greinar falli brott. Liðurinn er of óljós og virðist veita ráðherra á hverjum tíma of víðtækt vald í málum Landmælinga Íslands.

Í 6. og 7. grein frumvarpsins eru ákvæði um áætlanir og skilaskyldu. Nauðsynlegt er að tryggja það með einhverjum hætti að þeir sem kunna að fást við landmælingar, myndatöku, kortagerð og útgáfu korta geri slíkt með vitund og samþykki Landmælinga Íslands og skili stofnuninni þeim gögnum sem nefnd eru í 6. og 7. grein frumvarpsins.

Þá telur deildin eðlilegt að stofnuninni sé sett stjórn, t. d. þriggja eða fimm manna, skipuð fulltrúum helstu viðskipta- og hagsmunaaðila t. d. Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar, rannsóknastofnana atvinnuveganna og Háskóla Íslands, og formaður skipaður af ráðherra.

Þá telur deildin fjármögnun Landmælinga Íslands í frumvarpinu ófullnægjandi og nauðsynlegt sé að stofnunin fái fleiri tekjustofna svo að hún megi lifa og dafna. Helst virðist koma til greina að stofnunin fái fasta fjárveitingu til að standa undir hluta af rekstrinum.

Ef þetta frumvarp verður að lögum þarf vafalaust að endurskoða og auka þau lög innan fárra ára. Ástæður þess eru m. a. ör þróun fjarkönnunar úr flugvélum, geimförum og gervihnöttum. Þá mun kortagerð hér á landi án efa aukast og verða fjölbreyttari á næstu árum.

Virðingarfyllst,

Þorleifur Einarsson (sign.),
deildarforseti verkfræði-
og raunvísindadeildar.

Fylgiskjal III.

UMSÖGN RAUNVÍSINDASTOFNUNAR HÁSKÓLANS

Til samgöngunefndar
neðri deildar Alþingis.

Málefni: Frumvarp til laga um Landmælingar Íslands.

1. Skipulag L. Í.

Athugandi er hvort ekki er rétt að auk forstjóra sé stjórn sem væri t. a. m. skipuð þremur mönnum, einum frá Vegagerð ríkisins, einum frá Orkustofnun og einum frá verkfræði- og raunvísindadeild H. Í.

2. Verkefni.

Auk þess sem talið er í 1.—6.lið 5. greinar frumvarpsins skal hlutverk L. Í einkum vera að móta stefnu og veita upplýsingar um hina margvíslegu þætti er varða verksvið stofnunarinnar. Þess vegna væri til bóta að bæta eftirfarandi grein inn í 5. grein frumvarpsins, t. d. á eftir 1. tölulið: Útgáfa staðla og reglna um mælingar og kortagerð og söfnun gagna um mælingar og kort sem gerð eru af Íslandi. Nánar yrði kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Rétt þykir að 7. töluliður 5. greinar falli niður. Hann er óljós og gæti veitt ráðherra óþarflega mikil völd varðandi L. Í.

Meginviðfangsefni L. Í eru landmælingar, loftmyndataka og gerð uppdrátta af Íslandi. Nauðsynlegt er að semja og birta reglur um hnitakerfi, blaðskiptingu korta, samræmda mælikvarða og skráningu, skil og miðlun upplýsinga er þetta varðar. Á alþjóðavettvangi hefur verið unnið að ýmiss konar samræmingu og stöðlun í **kortagerð,** m. a. á vegum S. Þ., og er sjálfsagt að vinna meira að því hér en gert hefur verið.

Í 6. og 7. grein frumvarpsins eru ákvæði um áætlanir og skilaskyldu. Nauðsynlegt er að tryggja það með einhverjum hætti að þeir sem kunna að fást við landmælingar, myndatöku, kortagerð og útgáfu korta geri slíkt með vitund og samþykki Landmælinga Íslands og skili stofnuninni þeim gögnum sem nefnd eru í 6. og 7. grein frumvarpsins.

3. Fjármögnun.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir m. a. um V. kafla: „**Kortagerðarstefna** (sic) í nágrannalöndum okkar er sú að **styrkja** kortagerðarstofnanir sínar og gera þær sem sjálfstæðastar fjárhagslegar einingar...".

Kortagerðarstefnu vantar hér á landi en hún gæti komið fram í áætlunum L. Í. í framtíðinni, sbr. 9. gr. frv. En samanburður við önnur norræn lönd, einkum það hvernig kortagerðarstofnanir þar afla fjár til starfseminnar, er varla raunhæfur og þar með 12. grein frumvarpsins. Höfuðástæða þess er hinn mikli munur sem er á mannfjölda á Íslandi og í nágrannalöndunum og þar með munur á markaði. Önnur ástæða er sú að Landmælingar Íslands skortir nú tæki, húsnæði, sérhannaðar geymslur fyrir filmur o. þ. h. og sérmenntað starfslið til þess að rækja hlutverk sitt eins og þyrfti. Það er varla nokkur von til þess að stofnunin geti aflað þess fjár sem þarf til þess og þar að auki staðið undir kostnaði við loftmyndaflug, endurskoðun korta, gerð og útgáfu nýrra kortaflokka og viðbótarstarfsemi sem nauðsynleg er í náinni framtíð. Slík viðbótarstarfsemi er m. a. tiltekin í frumvarpinu, aðallega í 5.—9. grein. Þar við bætast mælingar og tækjakaup vegna þeirra sem hljóta að koma til sögunnar hér á landi eins og annars staðar, t. a. m. mælingar á hitastigi og

hafstraumum, radarmælingar og mælingar með fjölbylgjuskönnum sem kort eru síðan gerð eftir.

Af þessum ástæðum verða fjárveitingar úr ríkissjóði einnig að koma til auk gjalda sem nefnd eru í 11. og 12. grein frumvarpsins.

Ef þetta frumvarp verður að lögum lítið breytt þarf að endurskoða og auka þau lög innan fárra ára. Ástæður þess eru m. a. ör þróun fjarkönnunar úr flugvélum, geimförum og gervihnöttum. Þá mun kortagerð hér á landi án efa aukast og verða fjölbreyttari á næstu árum.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans.

Gylfi Már Guðbergsson (sign.),
forstöðumaður jarðfræðastofu R. H.

Fylgiskjal IV.

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Í athugasemdum höfunda frumvarpsins kemur fram sú skoðun þeirra að meginmarkmið frumvarpsins sé að lögfesta starfsgrundvöll stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á störfum, skipulagi og verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er. Mest um vert sé að fá tilveru og hlutverk stofnunarinnar staðfest með lögum.

Undirritaðir fagna því að fram skuli komið frumvarp um landmælingar á Íslandi en álíta að nauðsynlegur undanfari slíkrar lagasetningar árið 1985 hljóti að vera ítarleg og fagleg úttekt sérfróðra manna á málefnum Landmælinga Íslands með tilliti til breytinga og umbóta á starfsemi stofnunarinnar.

Að mati undirritaðra er verulegra breytinga og umbóta þörf og þarfnast eftirfarandi þættir m. a. faglegrar umræðu eða úttektar:

1. Mat á nauðsyn einstakra verkþátta í starfsemi Landmælinga Íslands og faglegt mat á framkvæmd þeirra þátta sem taldir eru nauðsynlegir.
2. Gagnasöfnunarhlutverk Landmælinga Íslands og hvernig því hlutverki verði best fyrir komið á tölvuöld með tilliti til gagnabanka.
3. Hugmynd um lagasetningu fyrir Landmælingar Íslands í ljósi niðurstaðna úr liðum 1 og 2 með tilliti til framtíðar þeirra en ekki til að viðhalda skipulagi sem gilti 1960. Enn fremur með tilliti til þeirrar staðreyndar að Landmælingar Íslands ættu að vera **verkfræðistofnun.**
4. Annað.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt og með hliðsjón af umræddu lagafrumvarpi vilja undirritaðir koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við einstakar greinar þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 2. grein.

Í frumvarpi til laga um landmælingar, sem lagt var fram á 100. löggjafarþingi 1978, var lagt til að landmælingastjórn færi með yfirstjórn Landmælinga Íslands, sbr. kafla II, grein 3 og 4. Ástæða þess, að svo var lagt til, var sú að talið var að slík stjórn, skipuð fulltrúum þeirra aðila sem með landmælingar hefðu að gera, hefði besta yfirsýn yfir þarfir landsins fyrir landmælingar og kortagerð á hverjum tíma eða eins og segir í 3. grein þessa frumvarps

frá 1978: „Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra sem vinna að landmælingum.“

Undirritaðir álíta að stjórn Landmælinga Íslands sé best komin undir slíkri landmælingastjórn, þó svo að daglegur rekstur verði í höndum forstjóra sem ætti að vera mælingaverkfræðingur. Menntunarákvæði forstjórans vantar tilfinnanlega í núverandi frumvarp.

Um 5. grein.

1. liður.

Í skýringum höfunda frumvarpsins segir að umfangsmesta verkefni Landmælinga Íslands séu landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar til kortlagningar. Þá segir einnig í athugasemdum þeirra að ekki sé gert ráð fyrir neinum veigamiklum breytingum á starfsháttum né verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er eins og bent var á hér í upphafi.

Til þess að Landmælingar Íslands geti uppfyllt ákvæði þessa liðar þarf að gjörbreyta faglegri starfsemi þeirra frá því sem nú er. Til þess að framkvæma eða hafa umsjón með öllum þeim grundvallarmælingum, eins og höfundar frumvarpsins kjósa að kalla þríhyrninga- og hæðarmælingar sem framkvæmdar eru á vegum hinna ýmsu aðila hvort heldur er til kortagerðar eða annarra nota, þarf að stórauka faglegt starfslið stofnunarinnar.

Það er skoðun undirritaðra að 1. liður 5. greinar ætti heldur að taka til samræmingarþáttar Landmælinga Íslands, þ. e. að sjá til þess að þeir aðilar, sem við grundvallarmælingar fást, fari eftir reglum og stöðlum um mælingar, þ. e. um lágmarksnákvæmni í mælingum, samræmd hnita- og hæðarkerfi, mælikvarða uppdrátta, hæfisskilyrði mælingarmanna o. s. frv.

Þá vilja undirritaðir benda á að mestur hluti allra grundvallarmælinga frá árinu 1956 hefur verið framkvæmdur af öðrum en Landmælingum Íslands. Mælingar þessar hafa verið gerðar m. a. vegna kortagerðar og framkvæmda við byggingu orkuvera og lagningu vega.

2. liður.

Í athugasemdum höfunda kemur fram að þar sem Landmælingar Íslands hafi um árabil ljósmyndað landið úr lofti, til kortlagningar og ýmissa rannsókna sé eðlilegt að þetta verkefni stofnunarinnar verði fest í lög. Þá segir þar enn fremur: „Er stofnunin eini aðilinn sem annast hefur töku loftljósmynda í þágu landmælinga og kortagerðar.“ Að mati undirritaðra er þetta rangt. Bandaríkjamenn mynduðu allt landið úr lofti á árunum 1945 og 1960. Þær myndir eru enn þann dag í dag notaðar til kortagerðar.

Undirritaðir eiga erfitt með að sjá nauðsyn þess, og það árið 1985, að lögfesta þurfi einokunaraðstöðu opinberrar stofnunar á ákveðnum tæknilegum og verkfræðilegum verkefnum. Þar með er loku fyrir það skotið að hagsmunaaðilar geti leitað eftir þessari þjónustu annars staðar frá og fengið þar með samanburð á þjónustu og verði. Í þessu sambandi vilja undirritaðir vísa til annarra landa, svo sem Danmerkur, Svíþjóðar, Þýskalands, Bandaríkjanna og víðar, þar sem þessi þjónusta er í höndum einkaaðila að einhverju eða öllu leyti.

3. liður.

Undirritaðir eru sama sinnis varðandi ákvæði þessa liðar og þess sem sagt var um lið 2 hér á undan, þ. e. þeir sjá ekki að það þjóni almannaheill að setja lög sem tryggja ríkisstofnun einokun á ákveðnum verkefnum.

Á það skal bent í þessu sambandi að s. l. 30 ár hafa einkaaðilar séð um nánast alla kortagerð sem framkvæmd hefur verið í landinu. Á þessum tíma hafa þessir aðilar komið sér upp dýrum og sérhæfðum tækjabúnaði og þjálfað sérmenntað starfsfólk.

Hins vegar dregur enginn í efa samræmingarhlutverk Landmælinga Íslands hvað varðar almenna kortagerð, með tilliti til útgáfu á reglum og stöðlum sem kveða á um mælikvarða, kortablaðskiptingu, kortvarpanir og annað sem lýtur að kortagerð.

4., 5., 6. og 7. liður.

Það er álit undirritaðra að það þurfi að fara fram ítarleg umræða og faglegt mat á nauðsyn og notagildi einstakra verkþátta í starfsemi Landmælinga Íslands áður en til lagasetningar kemur. Þetta á ekki síst við um liði 4, 5, 6 og 7 og má í því sambandi nefna sem dæmi:

1. Atlasblöð í mkv. 1:100000.

Vafasamt er að það borgi sig að viðhalda og endurskoða þessi kort sem unnin eru með tækni frá síðustu aldamótum að hluta.

2. AMS - kort í mkv. 1:50000.

Hvernig er fyrirhugað að endurskoða þessi kort sem teiknuð eru og gefin út af Defence Map Agency í Washington í Bandaríkjunum?

3. Fjórðungsblöð í mkv. 1:250000.

Hvað um endurskoðun þessara korta?

4. Myndkort í mkv. 1:10000 (ortofotokort).

Vafasamt er að þessi kortagerð hafi skilað þeim árangri sem til var ætlast í upphafi. Mjög fáar opinberar stofnanir hafa getað nýtt sér þau að einhverju marki. (Þetta á við um RALA, Orkustofnun, Skipulag ríkisins o. fl.)

Í ljósi ofangreindra dæma álíta undirritaðir það varasamt að binda í lög hin og þessi ákvæði án tillits til notagildis þeirra.

Um 6. grein.

Það er skoðun undirritaðra að stjórnun og samræming á fjármagni og mannafla í landmælingum sé nauðsynleg og landmælingastjórn, sbr. það sem sagt var um 2. grein, sé hinn rétti aðili til þess.

Um 7. og 10. grein.

Ekki er óeðlilegt að niðurstöðum mælinga verði skilað inn til Landmælinga Íslands en umrædd skilaskylda á gögnum er angi á stærri meiði og náskyld innihaldi greina 8 og 11.

Enn þá einu sinni vilja undirritaðir benda á nauðsyn faglegrar umfjöllunar á einstökum verkþáttum í starfsemi Landmælinga Íslands áður en þeir eru bundnir í lögum. Þannig hlýtur t. d. að þurfa að gera ákveðnar faglegar kröfur til þeirra gagna sem á að skila og meta hverju sinni, hvað er nothæft og hvað ekki. Þetta kallar á aukna sérhæfða starfskrafta.

Hafa t. d. Landmælingar Íslands húsnæði, mannafla og tækjabúnað til þess að taka við og varðveita það sem til fellur af gögnum? Eru það eitt og tvö tonn af pappír á ári? Er fyrirhugað að láta bókasafnsfræðinga hafa reiður á gögnunum? Hvað með gagnabanka og tölvuvæðingu hér að lútandi? Þessi atriði ásamt mörgum öðrum þarf að ræða af fagmönnum áður en til lagasetningar kemur.

Í 10. grein er kveðið á um höfundarrétt þannig að Landmælingar Íslands eigi óskoraðan og ótímabundinn rétt á öllu efni sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út...

Ekki kemur fram af orðalagi þessarar greinar hvort umræddur höfundarréttur nær til gagna sem aðrir hafa skilað til Landmælinga Íslands, sbr. 7. grein. Sé svo er það algerlega óaðgengilegt að mati undirritaðra.

Um 8. og 11. grein.

Ákvæði 8. greinar tekur til upplýsingaskyldu L. Í. og aðgangs að gögnum í vörslu stofnunarinnar. „Skulu um það settar reglur síðar.“ Það er skoðun undirritaðra að séu ekki skýlaus ákvæði fyrir hendi um aðgang að gögnum sem stofnuninni eru falin til vörslu muni verða mikill misbrestur á því að gögnum verði skilað inn.

Hvað varðar 11. grein er hún nánast sama eðlis og 8. grein nema hvað bætt hefur verið inn neitunarvaldi fyrir L. Í. Ekki er ljóst hvort það vald nær til gagna sem aðrir hafa skilað til Landmælinga Íslands eða ekki. Hvort heldur sem er er það lítt skiljanlegt sjónarmið sem kemur fram í greininni.

Undirritaðir leggja til að greinar 8 og 11 verði sameinaðar í eina grein sem kveður á um skýlausan aðgang að öllum gögnum stofnunarinnar og afnot þeirra.

Um 12. grein.

Í athugasemdum með þessari grein, á bls. 6, er vitnað til danskra laga um stimpilgjald frá 1929. Þessi lög eru mjög umdeild í Danmörku nú og vegna breyttrar og nýrrar tækni við varðveislu gagna. Þannig hafa verið rekin nokkur mjög undarleg mál fyrir dómstólum þar sem ein opinber stofnun lögsækir aðra fyrir nýtingu gagna sem greidd hafa verið með almannafé.

Að lokum vilja undirritaðir benda á að samræmingarhlutverk Landmælinga Íslands komi ekki nægilega fram í frumvarpinu, né heldur hafi farið fram faglegt mat á nauðsyn ýmissa verkþátta Landmælinga Íslands og komi það greinilega fram í umræddu frumvarpi.

Þá vilja undirritaðir benda á þá staðreynd að landmælingar eru verkfræði. Teiknun korta eftir loftmyndum og allt sem því fylgir er verkfræði. Kortagerð er verkfræði. Því sjáum við ekki nauðsyn þess að tryggja með lagasetningu einkarétt ríkisins á þessu sviði frekar en á öðrum sviðum verkfræðinnar.

Því fara undirritaðir þess á leit að þessar athugasemdir verði teknar til greina og lýsa sig reiðubúna til faglegrar umfjöllunar um landmælingar og kortagerð á Íslandi með tilliti til lagasetningar fyrir Landmælingar Íslands sem eiga við árið 1985 og næstu framtíð.

Guðmundur Björnsson (sign.), mælingaverkfræðingur. Baldur Jóhannesson (sign.), mælingaverkfræðingur. Jón Þór Björnsson (sign.), mælingaverkfræðingur.

Haukur Pjetursson (sign.), mælingaverkfræðingur. Friðrik Adolfsson (sign.), mælingaverkfræðingur.

Sþ. 781. Tillaga til þingsályktunar [461. mál]

um lagningu bundins slitlags á þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram útboð á lagningu bundins slitlags á þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar. Auk verkkostnaðar verði beðið um tilboð í greiðslukjör og leiðir til fjármögnunar sem ekki raski áætluðum fjárveitingum í þetta verk á næstu árum.

Greinargerð.

Íslenskt verktakafyrirtæki hefur nú boðið stjórnvöldum samninga um lagningu bundins slitlags á þjóðveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar. Þetta er gott tilboð sem vert er að athuga nákvæmlega. Af því tilefni er nauðsynlegt að stjórnvöld bregðist skjótt við og láti á það reyna hvort íslensk verktakafyrirtæki geti gert tilboð í verk það, er hér um ræðir, með svipuðum hætti og þegar hefur komið fram. Óafsakanlegt er að kanna ekki mál þetta strax ef nokkur von er til að hraða megi þessu verki og ljúka því án aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð á verktímanum.

Sþ. 782. Fyrirspurn [462. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tryggingar fyrir lánum Fiskveiðasjóðs Íslands.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hefur Fiskveiðasjóður nægar tryggingar fyrir veðlánum til svokallaðra uppboðstogara?
Ef svo er ekki, telur ráðherra að stjórn og forstjóri Fiskveiðasjóðs hafi sinnt skyldum sínum?

Nd. 783. Breytingartillögur [289. mál]

við frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Í stað 2. og 3. gr. komi fjórar nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.) Í stjórn Landmælinga Íslands, landmælingastjórn, skulu vera fimm menn skipaðir af samgönguráðherra til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn tilnefndur sameiginlega af verkfræðideild og raunvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af Orkustofnun, einn tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einn tilnefndur af Vegagerð ríkisins. Auk þess skal einn fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
   b. (3. gr.) Landmælingastjórn fer með yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir verkefnaáætlun. Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra sem vinna að landmælingum, gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdrátta, samræmt hnitakerfi, hæfisskilyrði landmælingamanna og annað er að þessu lýtur.

      Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi sem kann að rísa um samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgönguráðuneytinu og Landmælingum Íslands til ráðuneytis um landmælingamálefni.
   c. (4. gr.) Samgönguráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum landmælingastjórnar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við landmælingastjórn. Forstjóri situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.
   d. (5. gr.) Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar.
2. 4. gr., er verði 6. gr., orðist svo:

   Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um samráð milli þeirra aðila sem landmælingar stunda. Í reglugerð skulu einnig settar nánari reglur um aðferðir við mælingar, vörslu gagna, nákvæmniskröfur til mælinga, og kröfur um hæfi landmælingamanna. Reglur þessar skulu settar að fengnum tillögum landmælingastjórnar.

Nd. 784. Frumvarp til laga [463. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „kosningar“ í b-lið 1. málsgr. komi: almennar alþingiskosningar.
b. Í stað „alþingiskosningum“ tvívegis í b-lið 1. málsgr. komi: almennu alþingiskosningum.
c. 2. málsgr. orðist svo:

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðindanna hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennu alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Sá, sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis.

4. gr.

15. gr. (sbr. lög nr. 48/1968 og nr. 66/1984) orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá, sem uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. málsgr. 19. gr.
2. Þá, sem uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrá skal lögð fram, en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr., enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu, þegar þeir fóru af landi brott.
3. Þá, sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar þessarar greinar, að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs, er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt. Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

5. gr.

21. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er mál getur varðað.
b. 3. mgr. (sbr. lög nr. 90/1981) falli niður.

6. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. bætist: Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem mál getur varðað.

7. gr.

Í stað „3 vikum og 3 dögum“ í 1. mgr. 26. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: 4 vikum.

8. gr.

Í stað „þess háttar, undirkjörstjórnir um“ í 2. mgr. 35. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um.

9. gr.

Síðasti málsliður 2. mgr. 42. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

10. gr.

44. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.
b. Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: 3 vikum.

11. gr.

Orðin „vegna fjarveru“ í 45. gr. falli niður.

12. gr.

3. mgr. 53. gr. orðist svo:

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: Listi ..... (nafn stjórnmálasamtakanna).

13. gr.

4. mgr. 59. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) verði 2. mgr. 83. gr.

14. gr.

62. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

15. gr.

1. mgr. 64. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kjósandi, er neyta vill kosningarréttar síns utan kjörfundar, á rétt á að greiða atkvæði úr því að 3 vikur eru til kjördags og fram á kjördag. Fari kosning fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

16. gr.

Í stað 1.—3. mgr. 66. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá því að hann geti ekki sótt kjörfund á kjördegi. Skal kjósandi, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er, með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa nafn og aðrar upplýsingar um kjósanda í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjald, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðil sinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu, og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim, sem aðstoð veitti, að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjórna og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína, er þannig þarfnast hjálpar.

17. gr.

6. mgr. 71. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) falli niður.

18. gr.

Í stað 3. málsliðar 76. gr. komi: Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá, en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að hafa borist eða berast, meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna, hvar kjósandi er á kjörskrá, og ef unnt er, koma kjörbréfi í rétta kjördeild, en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

19. gr.

92. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla, sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi, og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

20. gr.

Orðin „eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.)“ í 96. gr. falli niður.

21. gr.

Við 2. mgr. 101. gr. bætist: sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

22. gr.

Í stað „sama stjórnmálaflokki“ í 103. gr. komi: sömu stjórnmálasamtökum.

23. gr.

Í stað „stjórnmálaflokks“ í 1. mgr. 106. gr. komi: stjórnmálasamtaka.

24. gr.

2. mgr. 109. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

25. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 111. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

26. gr.

112. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Orðið „nema“ í 3. tölulið falli niður.
b. Síðari málsliður 3. tölulíðar falli niður.

27. gr.

117. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

28. gr.

Í stað „hefur“ í 1. málslið 118. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: hafa.

29. gr.

Á eftir 1. málslið 3. mgr. 120. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna.

30. gr.

Í stað „sbr. 121. og 122. gr.“ í 121. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: sbr. 128. og 129. gr.

31. gr.

125. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „flokksmerki“ í 4. og 5. tölul. komi: merki stjórnmálasamtaka.
b. Í stað „heimilisfastan“ í 6. tölul. komi: eiga lögheimili.

32. gr.

128. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Á undan „yfirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: landskjörstjórn og.
b. 4. mgr. orðist svo:
Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.
c. 5. mgr. falli niður.

33. gr.

133. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. 2. töluliður orðist svo: Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.
b. 9. töluliður falli niður.

34. gr.

2. töluliður 134. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra, sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög (nr. 66 1. júní 1984) um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Voru lögin samþykkt í kjölfar breytinga á stjórnarskránni þar sem breytt var ákvæðum um skiptingu þingsæta milli kjördæma, kosningaaldur lækkaður o. fl.

Við meðferð kosningalagafrumvarpsins í þingnefnd var af hálfu dómsmálaráðuneytisins komið á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum varðandi efni frumvarpsins, þó ekki reiknireglur, svo og ábendingum um lagfæringar á nokkrum atriðum í kosningalögunum og ábendingum um atriði sem æskilegt væri að breyta eða ástæða til að íhuga nánar.

Voru athugasemdir þessar og ábendingar skoðaðar af þingnefnd og fulltrúum þingflokka og gengið frá breytingartillögum við lagafrumvarpið. Ekki vannst þó tími til að afgreiða tillögurnar, en gert var ráð fyrir því að þær yrðu lagðar fyrir Alþingi er það kæmi saman að nýju. Er frumvarp þetta í samræmi við þær tillögur.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 1. gr.

Með stjórnarskrárbreytingunni var ákveðið að í kosningalögum megi víkja frá lögheimili hér á landi sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Með breytingu á kosningalögunum var ákveðið að kosningarrétt skuli þeir íslenskir ríkisborgarar hafa sem átt hafa lögheimili hér á fjórum síðustu árum fyrir kjördag. Breyting frumvarpsins felur í sér að miða tímabilið

við fjögur ár talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Er það gert til hagræðis og öryggis við kjörskrárgerð. Kjörskrár samkvæmt 1. tölulið 15. gr. kosningalaga eru miðaðar við 1. desember. Enn fremur er íbúaskrá þjóðskrárinnar árlega færð upp miðað við 1. desember.

Við 2. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við ýmis önnur ákvæði kosningalaga, þar sem greint er á milli almennra kosninga og uppkosninga.

Við 3. gr.

Vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar er lagt til að sömu reglur verði látnar gilda um það hvenær landskjörstjórnarmaður víkur sæti og gilda um aðra kjörstjórnarmenn.

Við 4. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög, en með breyttu orðalagi. Notað er orðið lögheimili í stað heimilisfastur/-festi. Er það til samræmis við ákvæði 1. gr. laganna og ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar og vísar til laga um lögheimili (nr. 35/1960). Ákvæði er svarar til niðurlags 3. töluliðar 15. gr. laganna er fellt niður, enda ákvæðið óákveðið.

Við 5. og 6. gr.

Lagt er til að efni 3. mgr. 21. gr. laganna flytjist í 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr.

Við 7. gr.

Lagt er til að framboðsfrestur renni úr 4 vikum fyrir kjördag í stað þremur vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Er það gert til að lengja þann tíma sem kjósendur geta greitt atkvæði utan kjörfundar. Verður sá tími þrjár vikur, sbr. 15. gr. frv. Jafnframt styttist í eina viku sá tími sem yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn hafa til að fjalla um framboð.

Við 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 9. gr.

Samkvæmt 15. gr. frv. er lagt til að breytt verði upphafi 1. mgr. 64. gr. laganna um það hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst. Verður niðurlag 2. mgr. 42. gr. laganna þá óþarft.

Við 10. gr.

Lagt er til að í 44. gr. laganna komi, til staðfestingar á framkvæmd, ákvæði um að dómsmálaráðuneytið skuli láta í té blindraspjöld vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu, sbr. 66. gr. laganna.

Ákvæði b-liðar er til samræmis við 15. gr. frv. um upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Við 11. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar sem áður hafa verið gerðar á 62. gr. laganna, þar sem fjarvera er ekki lengur eina skilyrðið fyrir því að fá að kjósa utan kjörstaðar.

Við 12. gr.

Breytingin er til samræmis við 27. og 41. gr. laganna eins og þær eru nú.

Við 13. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði 4. mgr. 59. gr. laganna flytjist í 83. gr.

Við 14. gr.

Lagt er til að slakað verði á skilyrðum fyrir því að kjósandi megi greiða atkvæði utan kjörfundar, þannig að nægi að kjósandi geri ráð fyrir því að geta ekki sótt kjörfund á kjördegi, þar sem hann er á kjörskrá.

Við 15. gr.

Lagt er til að fest verði í lög hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla skuli hefjast, og að það skuli vera þremur vikum fyrir kjördag.

Við 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna, en breytt til samræmis við breytta 62. gr. samkvæmt 14. gr. frv. Þar er og ákvæði um að kjósandi er greiða vill atkvæði utan kjörfundar skuli ef þess er óskað sanna hver hann er, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laganna um atkvæðagreiðslu á kjörstað.

Ákvæði 2.—4. mgr. eru efnislega í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 66. gr. laganna, en ákvæðin umskrifuð og lagfærð.

Við 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir því að efni 6. mgr. 71. gr. laganna komi í 76. gr.

Við 19. og 20. gr.

Ákvæðin tengjast breytingu á 62. gr. laganna, sbr. 14. gr. frv.

Við 21. gr.

Ákvæði hefur vantað um geymsluskyldu kjörskráa.

Við 22. og 23. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.

Við 24. gr.

Tekið er fram, að yfirkjörstjórnir skuli senda skýrslu um tölu kjósenda á kjörskrá. Nauðsynlegt er að kveða á um þetta atriði vegna fyrirmæla í b-lið 5. gr. laganna, þar sem tala kjósenda á kjörskrá er lögð til grundvallar við skiptingu þingsæta milli kjördæma.

Við 25. gr.

Málsliðurinn telst óþarfur.

Við 26. gr.

Ákvæði a-liðar er leiðrétting. Ákvæði b-liðar telst ofaukið.

Við 27. gr.

Lagt er til að hagstofan fái skýrslu um kosninguna, þ. e. meira en skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta. Er ákvæðið hliðstætt 117. gr. laganna eins og sú grein var.

Við 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 29. gr.

Ákvæðið er til fyllingar vegna kaupstaða, annarra en Reykjavíkur, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna.

Við 30. gr.

Leiðrétting.

Við 31. gr.

Ákvæði a-liðar er til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 15. gr. laganna, sbr. 4. gr. frv.

Við 32. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar.
Ákvæði b-liðar er vegna áður gerðra breytina á 27. gr. laganna.
Ákvæði c-liðar er til samræmis við breytingar á 92. og 96. gr. laganna, sbr. 19. og 20. gr. frv.

Við 33. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 92. gr. laganna, sbr. 19. gr. frv.

Við 34. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar á 66. gr. laganna, sbr. 16. gr. frv.

Við 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 785. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og fengið til viðræðna Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðing, Magnús R. Gíslason yfirtannlækni tannheilsudeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Guðjón Magnússon, settan landlækni. Umsagnir bárust frá Tannlæknafélagi Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Félagi aðstoðarfólks tannlækna og Guðjóni Magnússyni, settum landlækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að gerðar verði ráðstafanir af hálfu menntamálaráðuneytisins vegna menntunar aðstoðarfólks tannlækna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 18. apríl 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Björn Dagbjartsson.	Árni Johnsen.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. **786. Breytingartillögur** [106. mál]

við frv. til l. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðherra að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Veita má þeim leyfi samkvæmt 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild getur sett sem skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslensku máli, mæltu og rituðu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.
   Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal farið eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmst viðkomandi milliríkjasamningi.
3. Á eftir 3. gr. komi ný gr. er verði 4. gr. og orðist svo:
   Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi eigi 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga við um hagi hans.
4. Við 5. gr., er verði 6. gr. Greinin orðist svo:
   Verksvið tannlækna tekur til forvarna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannvöntunar, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast.
5. Við 6. gr. er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
   Um lyfjaávísanir tannlækna fer samkvæmt lyfjalögum, nr. 49/1978, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
6. Við 7. gr. er verði 8. gr. Greinin orðist svo:
   Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk. Um sérhæft aðstoðarfólk fer samkvæmt lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.
7. Við 8. gr. er verði 9. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar.
8. Við 12. gr. er verði 13. gr.
   Í stað „tannlæknaleyfi“ í síðasta málslið gr. komi: „tannlækningaleyfi“.
9. Á eftir 12. gr. komi ný gr. sem verði 14. gr. og orðist svo:
   Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðhera að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrám, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.

10. Við 13. gr. er verði 15. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

11. Við 15. gr. er verði 17. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum.

Nd. 787. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 17. júlí s. l. sumar.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „1986“ í síðari málslið komi: 1987.

Alþingi, 24. apríl 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Pálmi Jónsson.	Eggert Haukdal.	Jón Baldvin Hannibalsson.
	Þórarinn Sigurjónsson.	

Nd. 788. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundi sínum og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 24. apríl 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Halldór Blöndal.
	Þórarinn Sigurjónsson.	

Nd. 789. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að í þeim tilvikum, þegar ekki reynist unnt að afla meðlagsúrskurðar eftir skilnað foreldra á hendur þess foreldris er ekki hefur forsjá barns, geti valdsmaður úrskurðað meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins til þess foreldris sem hefur forsjá barns með höndum. Slík tilfelli eru fyrir hendi þegar foreldri barns hefur fengið skilnað erlendis og það foreldri, er ekki hefur forsjá barns, hefur, samkvæmt skilnaðardómi í sínu landi, ekki verið dæmt meðlagsskylt.

Samkvæmt ákvæðum barnalaga getur valdsmaður úrskurðað meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins ef barnsmóðir fær að mati valdsmanns fullnægjandi sönnur á faðerni barns þar sem hún á lögheimili en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans.

Sé meðlagsskyldur aðili hins vegar búsettur erlendis og hefur samkvæmt skilnaðardómi í sínu landi ekki verið dæmdur meðlagsskyldur eru ekki lagaskilyrði fyrir íslensk stjórnvöld til þess að úrskurða hann meðlagsskyldan skv. 8. gr. samnings milli Norðurlanda um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931, um staðfestingu á þeim samningi. Engar lagaheimildir eru heldur fyrir hendi til þess að úrskurða greiðslu meðlags eða barnalífeyris á hendur Tryggingastofnun ríkisins eins og unnt er varðandi óskilgetin börn.

Ljóst er að réttarstaða skilgetinna og óskilgetinna barna til greiðslu á lífeyri er ekki sú sama að þessu leyti. Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að leiðrétta þennan mismun þannig að valdsmaður geti einnig úrskurðað á hendur Tryggingastofnun ríkisins meðlagsgreiðslur vegna skilgetinna barna þegar ljóst er að ekki er hægt að afla meðlagsúrskurðar á hendur forsjárlausu foreldri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Innheimtustofnun sveitarfélaga geti innheimt greiðslur þessar hjá föður barns, eftir því sem fært reynist, en sambærilegt ákvæði er að finna í 34. gr. barnalaganna þegar valdsmaður úrskurðar barnsmóður meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins vegna óskilgetins barns þegar barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilsfang hans.

Ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum verður, munu hafa lítinn kostnað í för með sér. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, er fremur fátítt að við skilnað sé ekki hægt að afla meðlagsúrskurðar á hendur forsjárlausu foreldri.

Sþ. 790. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um endurreisn Viðeyjarstotu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi, 23. apríl 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. | Stefán Benediktsson, fundaskr. | Guðrún Helgadóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir. | Pétur Sigurðsson.

Sþ. 791. Breytingartillaga [76. mál]

við till. til þál. um endurreisn Viðeyjarstotu.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eynni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986.

Nd. 792. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. apríl 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. | Guðmundur Einarsson, fundaskr. | Kjartan Jóhannsson.

Svavar Gestsson. | Þorsteinn Pálsson. | Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.

Nd. 793. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

1. gr.

IX. kafli laganna, **Um mörk og markaskrár**, breytist og orðist svo:

a. (63. gr.)

Búfjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra. Þá má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á öðru búfé.

Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk, plötumerki og frostmerkingar á stórgripum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja stórgripi er ganga utan afgirtra svæða.

b. (64. gr.)

Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns nema leyfi hans komi til.

c. (65. gr.)

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Við framsal á marki og upptöku gerðarmarks skal þess gætt að gerð marksins sé í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins og reglur um bann við sammerkingum skv. 68. gr. og ekki svo líkt öðru marki á svæðinu að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði. Sama gildir ef markeigandi flyst á milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi markaverði, birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins á kostnað hins nýja eiganda. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk, en að öðru leyti skal í fjallskilasamþykkt tekið fram hvers konar mörk megi taka upp og nota.

d. (66. gr.)

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1988. Stjórnum fjallskilaumdæma er heimilt að sameinast um útgáfu markaskrár.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskrár af sinni hálfu. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur um mörk og markaskrár.

Ráðherra getur með reglugerð falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þess. Kostnað af starfi Búnaðarfélags Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda. Þó er Búnaðarfélaginu heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskránna í fyrsta sinn.

Stjórn fjallskilaumdæmis getur ákveðið eftirfarandi markagjöld:

a. Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu hverrar nýjar markaskrár. Skal gjaldið fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri mörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár eða lengur frá útgáfu síðustu markaskrár.
b. Gjald fyrir skráningu á eigendaskiptum eða upptöku á nýju marki milli útgáfu markaskráa.
c. Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á að gjöld samkvæmt a- og b-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins samkvæmt þessari grein.

Markeiganda er skylt að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og skal það gert innan tiltekins frests sem markavörður auglýsir, m. a. í Lögbirtingablaði.

e. (67. gr.)

Mark, sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 65. gr., eftir útgáfu síðustu markaskrár eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti markið, hafa forgangsrétt til þess ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti, sbr. 4. mgr. 68. gr.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til skráningar í markaskrá, með því að skrá það og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar átta ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

f. (68. gr.)

Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð, sem sett skal að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

Það telst vera sammerking þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

a. Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er um eigendaskipti að marki skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður, sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarða. Sé um sama flokk marks að ræða sem ágreiningur er um þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.
b. Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna a-liðar þessarar mgr. getur sá, er markið á að missa, umboðsmaður hans eða markavörður sama umdæmis, skotið málinu til úrskurðar markanefndar. Skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m. a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess og annarra marka hans.
c. Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka búfé sitt nýju marki.
d. Áður en markaverðir úrskurða hver skuli halda marki skal hlutaðeigendum gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum skriflega um málið.

g. (69. gr.)

Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt hlutaðeiganda. Ef hann áfrýjar skal hann greiða gjald sem ráðherra ákveður með auglýsingu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjársjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 43 25. maí 1976 og 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 inn í lög nr. 42 12. maí 1969 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 794. Frumvarp til laga [465. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3/1878.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Gunnar G. Schram.

1. gr.

Við 90. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skiptarétti er heimilt að skipta búi við slit á óvígðri sambúð. Ef sambúðarfólk verður ekki á eitt sátt um skiptin getur hvort um sig krafist þess að skiptaréttur fjalli um fjárskipti þeirra. Skiptarétti ber við skiptin að hafa hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru sem varðar hag aðila, m. a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.

Sömu reglur skulu gilda við skipti á búi sambúðarfólks við andlát annars aðilans.

Það telst óvígð sambúð samkvæmt þessum lögum ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því er snertir fjármálauppgjör við sambúðarslit. Margsinnis hefur komið fram mikið misrétti við slíkt uppgjör og oft risið upp vandasöm mál sem mörg ár hefur tekið að leysa vegna þess að alla lagavernd vantar við slit á óvígðri sambúð. Eignamyndun er oftast sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t. d. þegar bæði hafa haft atvinnutekjur, eða þá óbeint þegar kona vinnur á heimili og stuðlar þannig að bættri aðstöðu karlmannsins til tekjuöflunar.

Nefna ma að stundum stendur sambúð svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma. Ef um eignamyndun í húsnæði er að ræða á sambúðartímanum geta risið upp mikil vandamál við sambúðarslit þegar aðeins annar aðilinn er skráður eigandi fasteigna. Í hæstaréttardómum má sjá að oft hefur verið farin sú leið, til að draga úr mesta óréttlætinu, að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. Það liggur þó í augum uppi, ef eignamyndun hefur verið mikil á sambúðartímanum, að slík þóknun getur verið hverfandi í samanburði við eignirnar. Hin síðari ár hefur þó niðurstaða dómstóla um slit óvígðrar sambúðar í auknum mæli verið sú til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu, að farið er að dæma um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum eða viðurkenna sameign aðila. Með þeirri stefnubreytingu er að nokkru leyti tekið tillit til framlags beggja til eignamyndunar sem orðið hefur á sambúðartímanum. Ljóst er þó að dómstólaleiðin er bæði erfið, dýr og oft seinvirk. Það getur því tekið nokkur ár að fá niðurstöðu um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð. Með þeirri leið, sem hér er lögð til í þessu frumvarpi — að skiptarétti verði heimilt að skipta búi sambúðarfólks, — yrði komið í veg fyrir löng og erfið málaferli fyrir almennum dómstólum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á athyglisverðar upplýsingar sem komu fram í erindi sem Guðrún Erlendsdóttir dósent flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984 og sýna ljóslega hve brýnt er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð við sambúðarslit að því er varðar fjármálauppgjör. Þar kemur fram að þingfest mál varðandi fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar í bæjarþingi Reykjavíkur voru milli 80—90 árið 1982, en á milli 90—100 á árinu 1983.

Sú breyting, sem hér er lögð til um skipti á dánarbúum og félagsbúum, mundi tvímælalaust gera fjármálauppgjör við slit á óvígðri sambúð auðveldara viðfangs og koma í veg fyrir fjárhagstjón annars aðilans sem því miður hefur orðið raunin á undanförnum árum.

Ljóst er að fjöldi þeirra, sem búa í óvígðri sambúð, hefur vaxið ár frá ári. Samkvæmt upplýsingum, sem fram koma í Hagtíðindum í janúar 1985, er fjöldi þeirra, sem eru í óvígðri sambúð 10 594. Börn foreldra, sem búa í óvígðri sambúð, eru 5 147. Sennilegt er að fjöldi þeirra, sem búa í óvígðri sambúð, sé mun meiri en upplýsingar eru um hjá Hagstofu.

Á það skal bent að Alþingi lét þetta mál til sín taka á árinu 1980, en þá var lögð fram þingsályktunartillaga frá þingmönnum Alþýðuflokksins um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt 17. febrúar 1981 og hljóðaði svo:

> „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eigna og eignaréttar. Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Þó að á 5. ár sé liðið frá samþykkt þessarar tillögu situr allt við það sama í þessu hagsmunamáli fólks í óvígðri sambúð. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, einkum efnahagsleg, einkennist því áfram af öryggisleysi og óvissu við slit sambúðar. — Allt að einu liggur þó fyrir vilji Alþingis um að tryggja beri réttarstöðu þessa fólks með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að mikið sé í húfi og að Alþingi eigi að taka þegar af skarið til að tryggja eignarrétt í óvígðri sambúð. Verði skiptarétti heimilt að skipta búi sambúðarfólks yrði hvorttveggja í senn hægt að koma í veg fyrir tímafrekan málarekstur við slit á óvígðri sambúð og — það sem ekki er minna um vert — að hindra að annar sambúðaraðilinn bíði mikið fjárhagslegt tjón þegar upp úr sambúð slitnar.

Norrænar sifjalaganefndir, bæði í Danmörku og Noregi, hafa lagt til að þessi leið verði farin og í Svíþjóð liggur fyrir frumvarp þar um.

Í fylgiskjali I með þessu frumvarpi er kafli úr ritgerð Guðrúnar Erlendsdóttur dósents í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti, nóvember 1981, um „Fjármál hjóna og sambúðarfólks". Er þar greint frá norrænni samvinnu á þessu sviði og umfjöllun dönsku og norsku sifjalaganefndanna um þetta mál, svo og dómum um sameign. — Sérstaklega skal bent á álit dönsku sifjalaganefndarinnar sem telur mikilvægt að fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar geti komið fyrir skiptarétt. Að auki má benda sérstaklega á þann kafla í ritgerðinni sem ber heitið „Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?" Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að breyta skiptalögum á þann veg að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Í fylgiskjali II, er birtur hluti erindis Guðrúnar Erlendsdóttur sem hún flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984 þar sem raktir eru íslenskir dómar sem gengið hafa vegna slita á óvígðri sambúð.

Fylgiskjal I.

Guðrún Erlendsdóttir dósent:

FJÁRMÁL HJÓNA OG SAMBÚÐARFÓLKS

(Úr grein í Tímariti lögfræðinga 1981, 3. hefti, bls. 137—144.)

Dómar um sameign.

Í íslenskum dómum hafa verið gerðar mjög strangar kröfur til sönnunar á því, að eign, sem hefur myndast á sambúðartíma, verði talin sameign aðila. Slíkt var þó talið í einum dómi frá 1967, og í hæstaréttardómi 1978 (bls. 895), sem var um fjárskipti sambúðarfólks, er búið hafði saman í 4 ár. Sagði í sératkvæði eins dómara, að lagarök stæðu til þess, að konan öðlaðist hlutdeild í þeirri fjármunamyndun, sem varð meðan á sambúðinni stóð. Í hrd. frá 4. febrúar 1981, sem fjallaði um fjárskipti milli karls og konu, sem búið höfðu saman í 2½ ár, var konunni dæmd peningaupphæð fyrir hlutdeild hennar í eignamynduninni. Er þetta athyglisverður dómur og virðist fela í sér stefnubreytingu hjá Hæstarétti í þessum málum. Að öðru leyti hefur ekki verið viðurkennt í íslenskum dómum, að sameign myndist á sambúðartíma.

Í Svíþjóð hefur verið tilhneiging til að líta svo á, að íbúð og innbú séu sameign við slit sambúðar, en dómar veita þó ekki glögg svör um þetta. Þarna er ekki átt við sameign í fjármunalegum skilningi, heldur er þetta skiptaregla.

Tveir sænskir dómar, hofréttardómar, fjölluðu um hjón, sem fengið höfðu skilnað að borði og sæng (hemskillnad), en bjuggu áfram saman. Keypt var eign sem samkvæmt skilnaðardóminum var séreign þess, sem keypti, þannig að aðstæður voru svipaðar og hjá sambúðarfólki. Var talið, að sameign gæti myndast, ef eignin væri keypt til sameiginlegra nota, og sá, sem ekki keypti, hefði gert kaupin möguleg með fjárhagsaðstoð sinni, annaðhvort eigin tekjum eða vinnu á heimili, og loks mátti enginn samningur vera á milli aðila þess efnis, að kaupandi hlutar skuli einn talinn eigandi hans.

Í Danmörku hafa gengið margir dómar um sameign við slit sambúðar. Eru margir þeirra reifaðir í bók Inger Margrete Pedersen, Papirløse samlivsforhold, bls. 83—94 og í Betænkning 915, 1980, bls. 104—112. Eins og þar kemur fram, eru dómarnir margbreytilegir og sýna ljóslega, að sambúðarformin eru ákaflega mismunandi. Af dómunum má ráða, að tilhneiging er til að ætla, að sameign verði um innbú, ef báðir aðilar hafa haft tekjur og sambúð hefur ekki verið stutt. Í öllum dómunum hafa báðir aðilar haft einhverjar tekjur, og virðist ekki vera tekin afstaða til þess, hvort sameign geti myndast, ef annar aðilinn er heimavinnandi; einnig virðist vinna á heimilinu vera metin á mismunandi hátt í dómunum.

Það er rétt að benda á, að skiptaréttur í Danmörku hefur tekið bú sambúðaraðila til skipta, þegar erfitt hefur verið að greina í sundur eignir aðila. Þegar mörgum eignum er blandað saman, er talið fyrir hendi bú, sem hægt er að slíta hjá skiptarétti samkvæmt 82. gr. skiptalaga.

Í norskum rétti er ekki hægt að láta skiptarétt skipta búi sambúðarfólks, og ekki heldur á Íslandi, og gekk um það hæstaréttardómur 1980 (bls. 1489), þar sem ekki var fallist á, að 90. gr. íslensku skiptalaganna, sem fjallar um skipti á öðrum búum en dánarbúum, verði beitt um skipti vegna slita á óvígðri sambúð.

Í Noregi hafa dómstólar viðurkennt sameign í ríkum mæli, bæði þegar báðir aðilar hafa haft tekjur, sem farið hafa til kaupa á hlut, án þess að unnt sé að sanna hlutföll hvors um sig, svo og þegar annar aðili notar sínar tekjur til heimilisútgjalda en hinn notar tekjurnar til fjárfestingar, sérstaklega, ef um er að ræða hluti til sameiginlegra nota, íbúð og innbú. Þótt aðeins annar aðilinn hafi tekjur en hinn sé heimavinnandi hefur sameign verið viðurkennd,

og er það í samræmi við „húsmóður" dóminn. Í dómi í Rt. 1978: 1352 er fjallað um óvígða sambúð. Þar virðist lagt til grundvallar, að hægt sé að nota sömu sjónarmið um sambúð og hjúskap að því er snertir heimavinnu konu. Það er þó talið, að sambúðin verði að vera varanleg og fjárhagsleg samstaða með aðilum til þess að sameign myndist. Þeir dómar, sem dæmt hafa sameign í hjúskap, hafa takmarkað sameignina við sameiginlegan bústað og innbú. Ef um sambúð er að ræða, er talið hugsanlegt, að sameign myndist í öllu búinu, en ekki bara einstökum hlutum. Sambúð hefur einnig verið talin ná til hluta, sem aflað var fyrir sambúðina, ef þeir hafa raunverulega blandast saman við aðrar eignir. Í fyrrgreindum dómi (Rt. 1978: 1352) taldi hæstiréttur, að sameign hefði líka myndast um hluti, sem til voru fyrir sambúðina, því að þeir höfðu blandast öðrum eignum. Dómurinn fjallaði um slit á sambúð vegna andláts annars aðila, og taldi hæstiréttur að 63. gr. norsku skiptalaganna um rétt eftirlifandi maka til útlagningar væri eftir atvikum hægt að nota um eftirlifandi sambúðaraðila.

Samkvæmt norskri lagaframkvæmd er sameign einnig virk meðan sambúðin varir, en er ekki eingöngu skiptaregla. Að því er varðar hlut aðila í sameigninni, virðast dómar ganga langt í þá átt að líta á aðila sem sameigendur að jöfnu.

— — —

Framangreindir dómar sýna, að dómstólar á Norðurlöndum fara mismunandi leiðir við fjárskipti vegna sambúðarslita. Þeir leiða einnig í ljós að fjárhagsleg réttarstaða sambúðarfólks er óörugg.

Þó að aðalreglan sé sú, að sambúðaraðilar hafi sjálfstæðan fjárhag geta ýmsar réttarreglur valdið því, að um víðtæka fjárhagssamstöðu verður að ræða með þeim. Þótt aðilar hafi enga samninga gert um fjármál sín, getur það haft þýðingu samkvæmt almennum reglum fjármunaréttarins, að í raun hafa þau haft sameiginlegan fjárhag. Þetta verður að meta hverju sinni. Taka verður tillit til þess, hvort annar aðilinn hafi lagt eitthvað af mörkum til eignaraukningar hins og það gæti orðið álitaefni, hvort annar aðili eigi skaðabótakröfu eða auðgunarkröfu á hendur hinum. Aðstæður geta vitanlega einnig verið þannig, að báðir aðilar hafi lagt fjármuni af mörkum til kaupa á hlut, á þann hátt að um sameign sé að ræða eftir almennum reglum fjármunaréttarins.

Hugmyndir um, að heimavinnandi sambúðaraðili verði virkur sameigandi að öllum eignum, sem myndast í sambúðinni, finnst mér ganga nokkuð langt.

Samvinna Norðurlanda o. fl.

Á Norðurlöndum hefur hin síðari ár verið fjallað um vandamál fólks í óvígðri sambúð. Fyrirmæli þau, sem sænska sifjalaganefndin fékk 1969, voru á þá leið, að ný hjúskaparlöggjöf ætti að vera hlutlaus gagnvart öðrum sambúðarformum. Hjónabandið ætti að skipa aðalsætið innan sifjaréttarins, en það ætti að reyna að láta engin þau ákvæði vera í hjúskaparlöggjöfinni, sem sköpuðu vandræði fyrir þá, sem byggju saman ógift. Tilgangurinn með hjúskaparlöggjöfinni ætti að vera sá að leysa raunhæf vandamál og reglurnar ætti að orða þannig, að allir gætu verið þeim fylgjandi. Þá væri hægt að varðveita hjónabandið sem hið almenna sambúðarform fyrir yfirgnæfandi meiri hluta fólks.

Ráðherranefndartillaga um nýja samstarfsáætlun um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand var lögð fram í janúar 1985. Var það vegna óánægju sem fram hafði komið á 32. þingi Norðurlandaráðs með það hvernig ráðherranefnd hygðist bregðast við þingmannatillögum um þetta efni. Efnahagsmálanefnd lagði í nefndaráliti sínu um nýju ráðherranefndartillöguna til að hún yrði samþykkt á 33. þingi Norðurlandaráðs. Tillögunni var og vísað til annarra nefnda Norðurlandaráðs sem einnig studdu samþykki hennar.

Efnahagsmálanefnd lagði einnig til að samþykktar yrðu ráðherranefndartillögur um samstarfsáætlun á sviði landbúnaðar og skógræktar og um eflingu efnahagssamstarfs í þeim hluta Norðurlanda sem vestlægastur er.

Fimm þingmannatillögur voru á dagskrá nefndarinnar. Fjölluðu þær m. a. um mat á efnahagsástandi Norðurlanda; um samstarf um tölvumál; um innflutning tollfrjáls varnings ferðamanna og um hlut opinbera geirans í efnahagslífinu.

Efnahagsmálanefnd hélt ráðstefnu í september 1984 í Esbo í Finnlandi um hvaða leiðir beri að velja þegar þróun efnahagsmála er höfð í huga.

4.6. **Fjárlaganefnd.**

Fjárlaganefnd hélt fimm fundi á árinu 1984 og auk þess einn fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Bjarne Mörk Eidem og varaformaður fram til 12. nóv. danski þingmaðurinn Hanne Severinsen en þá tók Jens Peter Jensen við varaformennsku.

Nefndin lagði í fyrsta sinn á 32. þingi Norðurlandaráðs fram sérstaka ársskýrslu.

Aðalstarf fjárlaganefndar er að fjalla um norrænu fjárlögin og samræma sjónarmið nefnda Norðurlandaráðs um þau. Auk þessa ber nefndinni að hafa eftirlit með fjármálum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

4.7. **Upplýsingamálanefnd.**

Upplýsingamálanefnd hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 32. þings og til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs.

Formaður nefndarinnar var Guðrún Helgadóttir alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Rune Gustavsson.

Hlutverk upplýsingamálanefndar er að vera forsætisnefnd til ráðuneytis um upplýsingamál.

Nefndin hefur á árinu m. a. fjallað um nýtt merki fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina. (Sjá nánar undir lið 3 um forsætisnefnd Norðurlandaráðs.)

Nefndin fjallaði einnig um tillögu vinnuhóps, sem starfað hafði síðan haustið 1983, um breytingar á tímaritinu Nordisk Kontakt.

Í samráði við samstarfsráðherra Norðurlanda tók nefndin ákvörðun um sameiginlega starfsáætlun um upplýsingamál.

Upplýsingamálanefnd hélt ráðstefnu með ungmennafélögum og öðrum samtökum ungs fólks á Norðurlöndum í Malmö í maí 1984 til að undirbúa upplýsingaherferð þá sem fer fram árin 1984 og 1985 til að kynna ungu fólki norrænt samstarf.

Norrænu fréttamannastyrkina árið 1984 hlutu Halldór Halldórsson og Ómar Valdimarsson.

Undir stjórn Guðrúnar Helgadóttur starfar vinnuhópur á vegum upplýsingamálanefndar að tillögum um framtíðarskipan upplýsingamála eftir að upplýsingamálanefnd hefur verið lögð niður að tillögu fimm-mannanefndarinnar.

Ed. 808. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Á fundi 22. apríl s. l. mætti Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu og upplýsti hann að fjármálaráðherra hefði ákveðið að leggja fram frumvarp til tollalaga og í því frumvarpi yrði felld niður sú heimild sem nú er að finna í 14. tl. 3. gr. gildandi laga um tollskrá, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra. Jafnframt skýrði hann frá því að verið væri að undirbúa reglugerð þar sem tekið yrði þegar í stað fyrir veitingu slíkra fríðinda. Drög að þeirri reglugerð lagði hann síðan fram á fundi 24. þ. m. Á þeim fundi var einnig lagt fram bréf frá forsætisráðherra þar sem staðfest er að samstaða sé um það í ríkisstjórninni „að heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af bifreiðum ráðherra verði ekki notuð lengur".

Bréfi forsætisráðherra lýkur þannig:

„Með tilvísun til þess, sem þegar er ákveðið í ríkisstjórn og ég hef nú lýst, er óþarft að Alþingi samþykki frumvarp það sem er til umræðu í nefndinni.“

Með hliðsjón af framansögðu leggur meiri hl. nefndarinnar til að máli þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Egill Jónsson.

Jón Kristjánsson.

Nd. 809. Frumvarp til laga [467. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 10 árum“ í fyrri mgr. 173. gr. a laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 64/1974) komi: allt að 16 árum eða ævilangt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að sami refsirammi sé fyrir alvarleg fíkniefnabrot hér á landi og í grannríkjunum. Hafa refsingar við slíkum brotum verið þyngdar erlendis og óhjákvæmilegt að dómi flm. að gera breytingar á almennum hegningarlögum til samræmis við þá þróun svo að varnaðaráhrif refsinganna séu hin sömu hér og annars staðar í nálægum löndum.

Sþ. 810. Tillaga til þingsályktunar [468. mál]

um eflingu ferðaþjónustu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Helgi Seljan, Guðrún Agnarsdóttir, Karvel Pálmason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna fyrir mitt þetta ár hversu mikið fjármagn þarf til að kosta þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að mæta 7—8% fjölgun erlendra ferðamanna á ári sem Ferðamálaráð áætlar að muni verða. Enn fremur að leggja fram í tæka tíð fyrir gerð næstu fjárlaga tillögur um aukin fjárframlög til Ferðamálasjóðs svo að hann geti veitt lán til nauðsynlegra framkvæmda í samræmi við ofangreinda áætlun Ferðamálaráðs.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein sem líkleg er til að eiga verulegan þátt í öflun gjaldeyris á komandi árum ef markvisst og ötullega er unnið að uppbyggingu hennar.

Til er faglega unnin skýrsla, sem gerð var að frumkvæði Ferðamálaráðs árin 1982—83, um stöðu ferðamála og líklega þróun á þeim vettvangi allt til ársins 1992. Þegar er komið í

ljós að árlega fjölgar erlendum ferðamönnum mun meira en gert er ráð fyrir í skýrslunni og brýnt að endurmeta stefnuna í ferðamálum með hliðsjón af þeirri staðreynd. Í fyrrgreindri skýrslu er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi að meðaltali um 3,5% hér á landi frá 1984—1992. Fjölgun þeirra á s. l. ári nam hins vegar um 10% og allt bendir til að á þessu ári verði hún ekki innan við 7—8%.

Til þess að mæta þessari miklu fjölgun erlendra ferðamanna þarf að leita allra hugsanlegra leiða til að lengja ferðamannatímann og auka nýtingu hótela og annarrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Þá þarf að gera ráðstafanir til að hægt sé að gera ferðamönnum kleift að fara víðar um landið en til þess skortir tilfinnanlega aðstöðu víðast hvar utan höfuðborgarinnar og er brýnt að bæta úr þessu sem fyrst. Uppbygging ferðaþjónustu úti á landi hefur auk þess þann mikilvæga kost að skapa atvinnu í dreifbýlinu og stuðla að jafnvægi í byggð landsins sem ekki er vanþörf á einmitt nú.

Nauðsynlegt er að efla Ferðamálasjóð og gera honum kleift að veita lán með hagstæðum kjörum til uppbyggingar ferðaþjónustu um allt land. Er eðlilegt að ætla honum skerf af fjármagni Þróunarfélagsins sem verið er að stofna um þessar mundir. Enn fremur hlýtur hluti af uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni að flokkast undir eflingu atvinnu í stað hefðbundinna búgreina.

Jafnframt því sem brugðist er með skjótum hætti við skyndilegri fjölgun ferðamanna þarf að móta stefnuna í uppbyggingu ferðaþjónustu í framtíðinni hér á landi með eftirfarandi markmið í huga:

Átaks og samræmingar er þörf í landkynningu og sölustarfsemi á sviði ferðamála. Nú þegar endurskoðun og nýskipan á sér stað í útflutningsmálum okkar er mikilvægt að ferðamálin verði þar ekki út undan.

Leggja ber áherslu á varðveislu þeirra sérístensku þátta sem heilla erlenda ferðamenn mest, þ. e. sérstæða óspillta náttúru, ómengað loft og tært vatn.

Nýta þarf náttúrlegar aðstæður til að reisa heilsustöðvar og stefna að því að bjóða útlendingum þjónustu á sviði heilsuræktar og lækninga.

Vinna ber skipulega að því að laða hingað fjölþjóðlegar ráðstefnur sem mest utan aðalferðamannatímans en slíkar ráðstefnur eru einn arðbærasti þáttur ferðamála þar eð ráðstefnugestir eyða hlutfallslega meiri gjaldeyri að meðaltali en hinn venjulegi ferðamaður.

Síðast, en ekki síst, er mikilvægt að koma upp menntunarskilyrðum fyrir þá sem að ferðamálum starfa. Þeim þætti hefur verið allt of lítill gaumur gefinn og ekki seinna vænna að taka þar til hendi. Nú stendur til að reisa hótel- og veitingaskóla í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi og sjálfsagt að nota tækifærið og byggja þar frá grunni alhliða námsbraut á sviði ferðamála.

Talið er að ferðaþjónusta hafi skilað rúmlega tveimur milljörðum króna í þjóðarbúið á s. l. ári. Um 1100 milljónir króna voru gjaldeyrir sem ferðamenn skiptu hérlendis. Um 930 milljónir króna skiluðu sér um flugfélögin. Þetta nemur um 8% af útflutningsverðmætum þjóðarbúsins og fyrir þessum verðmætum unnu 5—6% af mannafla þjóðarinnar.

Okkur Íslendingum er brýn nauðsyn á að auka gjaldeyristekjur okkar með öllum ráðum til þess að ná okkur upp úr feni erlendra skulda. Einn af vænlegri kostum í þeim efnum er efling ferðaþjónustu.

Að lokum skal minnt á að ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem býður upp á fjölbreytt störf sem flest virðast henta konum vel. Breyttir atvinnuhættir, tæknivæðing og aukin sérhæfing hefur bitnað í ríkara mæli á konum en körlum og þær oftast í meiri hluta atvinnulausra. Það er staðreynd sem ekki má gleymast við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi.

Nd. 811. Frumvarp til laga [469. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 2. tl. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

c. Ferðakostnað að fullu með áætlunarbíl, eða skv. kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni í sjúkrahúsi eða á sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á 12 mánaða tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og réttur skv. 1. gr. tekur til allra tilvika frá og með 1. maí 1982.

Greinargerð.

Samkvæmt b-lið 2. tl. 1. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar er einungis greiddur ferðakostnaður þegar vegalengd er meiri en 15 km. Augljóslega getur sjúklingur orðið fyrir mjög verulegum og tilfinnanlegum útgjöldum þótt hver ferð sé skemmri en 15 km, ef fara þarf mjög margar ferðir. Því frumvarpi, sem hér er flutt, er ætlað að ná til slíkra tilvika.

Til marks um hvað hér um ræðir skal tekið dæmi af hafnfirskri stúlku sem þarfnaðist ítrekaðrar meðferðar sem var reyndar óumdeilanlega hluti af heildaraðgerð. Stúlkan festi hönd í snigli í sælgætisgerðarvél þannig að hana tók í sundur frá litlafingri um þvert handarbak að þumalfingri. Til þess að endurskapa höndina gekkst stúlkan undir fjölda skurðaðgerða þar sem hver áfanginn rak annan. Það var hins vegar órjúfanlegur hluti aðgerðarinnar að hún nyti þjálfunar milli skurðaðgerða, annars yrðu þær gagnslausar. Sótt var um endurgreiðslu vegna ferða í þessa þjálfun. Kostnaður af þeim var umtalsverður. Alls voru ferðirnar nokkuð yfir eitt hundrað. Ef venjulegar strætisvagnaferðir hefðu verið notaðar nam kostnaðurinn yfir 10 þús. krónum eins og verðlag er núna. Stúlkan var hins vegar staðráðin í að láta ekki slysið hindra sig í námi, en til þess að það mætti takast dugði ekki að láta mikinn tíma fara til spillis í ferðir og bið eftir þeim. Þetta tókst með því að fjölskyldan lagði á sig að útvega henni bifreið til afnota. Hér var lagt í mikinn kostnað til þess að aðgerðin tækist sem best og slysið bitnaði ekki á náminu.

Þess má að lokum geta að sú stúlka, sem hér um ræðir, var fyrir slysið Íslandsmeistari í fimleikum og hún hóf aftur æfingar og er nú þjálfari í fimleikum.

Umsókninni um endurgreiðslu ferðakostnaðar svaraði Tryggingastofnunin þannig:

„Mál yðar varðandi endurgreiðslu á ferðakostnaði vegna þjálfunar eftir slys var tekið fyrir á fundi tryggingaráðs 14. desember s. l.

Tryggingaráð staðfesti þá fyrri synjun slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins á greiðslu ofangreinds kostnaðar með vísan til 2. töluliðar 1. málsgreinar 32. gr. almannatryggingalaga.

Yðar tilvik virðist því miður ekki heldur geta fallið undir endurgreiðslureglur sjúkrasamlaga um ferðakostnað sjúklinga innanlands, sbr. 6. gr. reglnanna."

Þetta mál er einungis rakið til sannindamerkis um hversu óréttlátt núverandi kerfi er. Í þessu dæmi er um að ræða einstakling sem hefur farið í ferðir, sem samtals eru yfir 2000 km, til þess að endurheimta heilsuna en nýtur engrar aðstoðar frá tryggingunum til greiðslu á ferðakostnaði á sama tíma og aðrir fá endurgreiddan ferðakostnað sem er einungis lítið brot af því sem hér um ræðir.

Vafalaust eru mörg tilvik hliðstæð þessu og þeim fer fjölgandi með nýrri tækni í læknisfræði. Ákvæði laganna eru því bæði óréttlát og úrelt. Tilgangur almannatrygginganna er að jafna aðstöðu og hindra að efnahagslegt misrétti komi í veg fyrir að fólk njóti læknishjálpar. Af þessum sökum er sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögunum, bæði sanngjörn og nauðsynleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að greiddur sé allur ferðakostnaður þegar ferðir á 12 mánaða tímabili eru fleiri en tiltekið lágmark, 30 ferðir.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að rétturinn til þess að njóta endurgreiðslu á ferðakostnaði skv. 1. gr. nái til þeirra sem hafa sannarlega lent í þessum miklu útgjöldum á s. l. þremur árum. Er þetta sanngjarnt með tilliti til þess að því óréttlæti, sem nú ríkir, hefði átt að vera búið að breyta og lagfæra lagaákvæðin fyrir löngu, svo úrelt sem þau eru orðin.

Ed. 812. Frumvarp til laga [470. mál]

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkið rekur skóla, sem hefur það hlutverk að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf. Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfa.

2. gr.

Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar 5 manna skólastjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn vera formaður. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfa og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema.

Um skipan skólastjórnar, starfsemi og starfshætti, skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og fastráðna kennara. Skólastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnum fólks með sérþarfir.

Fastráðnir kennarar skulu hafa lokið háskólaprófi eða öðru viðurkenndu prófi í kennslugrein sinni.

Skólastjórn ræður kennara að skólanum eftir ábendingum skólastjóra. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans.

5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

a) 18 ára aldur.
b) Stúdentspróf eða hliðstætt nám.
c) Störf í a. m. k. fjóra mánuði á stofnun með fötluðum.

6. gr.

Í reglugerð skulu vera nánari ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat og frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um undanþágur frá skilyrðum um menntun, eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 12 1977 um breyting á lögum nr. 53/1967, um fávitastofnanir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 12/1977 um breyting á lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir, var kveðið á um starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands sem sjálfstæðrar stofnunar. Upphaflegt lagaákvæði um skólann var að finna í 15. gr. laga nr. 53/1967, um fávitastofnanir, en þar var gert ráð fyrir því að við aðalfávitahæli ríkisins (Kópavogshælið) skyldi rekinn skóli til þess að sérmennta fólk til fávitagæslu.

Með lögum nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta voru lög nr. 53/1967 um fávitastofnanir numin úr gildi að undanteknu ákvæðinu um starfsemi Þroskaþjálfaskólans, þ. e. a. s. breytingin nr. 12/1977. Með lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra eru lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta numin úr gildi.

Með skírskotun til ofanritaðs er það skoðun ráðuneytisins að treysta þurfi betur lagalegan grundvöll Þroskaþjálfaskóla Íslands og að kveða þurfi á um starfsemi hans í sérstakri löggjöf, eins og tíðkast um aðra sérskóla, þar sem fyrirsjáanlegt er að lög um framhaldsskóla nái ekki fram að ganga á næstunni. Ennfremur ber nauðsyn til að afnema þau ákvæði laga um fávitastofnanir frá 1967 með síðari breytingum, sem enn eru í gildi, auk þess sem störf þroskaþjálfa eru ekki í dag eingöngu bundin við störf með þeim, sem áður fyrr voru kallaðir fávitar.

Fyrir því fór ráðuneytið þess á leit við Ingimar Sigurðsson, lögfræðing, formann skólastjórnar Þroskaþjálfaskólans og Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra skólans, að semja drög að frumvarpi til laga um Þroskaþjálfaskóla Íslands og fól þeim að hafa samstarf við skólastjórn þar sem sæti eiga meðal annarra, fulltrúi frá Félagi þroskaþjálfa og fulltrúi frá þroskaþjálfanemum. Var þeim falið að gera tillögur að frumvarpi án þess að lagðar yrðu til neinar breytingar í reynd á starfsemi skólans, heldur eingöngu yrði treystur lagagrundvöllurinn. Gengu þau frá frumvarpsdrögunum að höfðu samráði við skólastjórn og liggja þau hér frammi í búningi frumvarps til laga um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Til glöggvunar þykir rétt að greina stuttlega frá starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Haustið 1958 var hafin kennsla í umönnun vangefinna á Kópavogshæli. Var skólinn, sem þá var stofnaður nefndur Gæslusystraskóli. Það voru fyrst og fremst Vilmundur Jónsson, landlæknir, og Georg Lúðvíksson, forstjóri ríkisspítalanna ásamt Birni Gestssyni, forstöðumanni Kópavogshælis, sem beittu sér í þessu máli og var skólinn 9 fyrstu árin rekinn án nokkurs lagagrundvallar.

Fyrsti stjórnandi skólans var Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis. Námsefni og kennslutilhögun var aðallega sniðin eftir dönskum fyrirmyndum og frá upphafi var námið bæði bóklegt og verklegt og námstími tvö ár. Haustið 1959 var í fyrsta skipti auglýst eftir nemendum og hófu þrjár stúlkur nám. Upphaflegt starfsheiti útskrifaðra nemenda skólans var gæslusystir, en með reglugerð nr. 208/1971, sem gefin var út með heimild í 15. gr. laga nr. 531/967 um fávitastofnanir, var nafni skólans breytt í Þroskaþjálfaskóla Íslands og starfsheiti þeirra, er lokið höfðu námi varð þroskaþjálfi.

Í fyrstu var kostnaður við skólahald greiddur af fjárveitingum til Kópavogshælisins en frá og með árinu 1971 fékk skólinn sérstaka fjárveitingu og hefur verið svo síðan. Nemendur

fengu laun í námi allt frá upphafi fram til vors 1977 er starfsemi skólans var sniðinn sérstakur stakkur með breytingum á lögum eins og áður kemur fram, en þá var sá háttur aflagður.

Eins og upphaflegt nafn skólans bendir til var starf gæslusystra aðallega fólgið í gæslu og umönnun, en á sjötta áratugnum urðu miklar breytingar á viðhorfum manna til þroskaheftra. Endurspeglast það ekki síst í lögum um aðstoð við þroskahefta, sem sett voru á árinu 1979. Krafa foreldra og forráðamanna um þjálfun og kennslu fyrir börn sín varð æ háværari og aðstandendum skólans ljós þörf á að mennta nemendur skólans meir en áður hafði verið til uppeldis- og þjálfunarstarfa.

Árið 1977 var ráðinn skólastjóri að skólanum og er skólastjórn hans aðalstarf. Var þetta gert í kjölfar lagabreytinga og hinn 4. júlí 1977 undirritaði Matthías Bjarnason, ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála nýja reglugerð fyrir skólann, en í þeirri reglugerð er fyrst tekið fram að hlutverk þeirra, sem lokið hafa námi frá skólanum, sé að annast þjálfun þroskaheftra. Rétt er að geta þess að með lögum nr. 18/1978 um þroskaþjálfa er, starfsheiti og starfsréttindi þroskaþjálfa lögvernduð en hlutverk þeirra er samkvæmt þeirri löggjöf að annast umönnum, uppeldi og þjálfun þroskaheftra.

Með breyttri skipan skólans var þáttur uppeldisgreina og þjálfunar stóraukinn og var nú leitað víðar fanga en á dönsk mið. Þannig sækir skólinn nú fyrirmyndir um námsefni til allra nágrannalanda. Mikið af námsefni og fyrirmyndum að námsháttum er auk þess fengið frá Bretlandi og Bandaríkjunum, ekki síst svo kölluð þrepaþjálfun (developmental sequencing) sem þykir í dag nauðsynleg kunnátta þeirra, er ætla sér að stunda þroskaþjálfun.

Kennaralið skólans er að stærstum hluta stundakennarar. Helgast sú tilhögun af því að kennslugreinar eru mjög sérhæfðar og skólinn lítill og kennslutímar fáir, svo ekki er raunhæft að ráða í fastar stöður nema að hluta til. Árið 1980 var samþykkt yfirkennarastaða við skólann og í ár var í fyrsta skipti ráðinn kennari í fasta stöðu til þess að kenna uppeldisgreinar. Stjórnendur skólans vænta þess að í framtíðinni verði unnt að ráða fastakennara, enda gefast betri möguleikar til þess nú en áður, þar sem skólinn hefur fengið nýtt og rúmgott húsnæði til afnota.

Verknám við skólann fer fram á um 40 stofnunum í samfélaginu. Er hér um að ræða bæði svo kallaða sólarhringsstofnanir, þar sem þroskaheftir dveljast, dagvistunarstofnanir, sjúkrahús, einkum geðdeildir, barnaheimili með sérdeildum, ýmiss konar aðhlynningarheimili, sérskólar, t. d. Öskjuhlíðarskólinn, blindradeild, Heyrnleysingjaskólinn, og skóli fyrir einhverf börn og í ár hyggst skólinn taka upp samstarf við öldrunardeildir.

Á árinu 1981 fékk skólinn heimild til þess að ráða sér starfsmenn, faglegt fólk á hverjum stað, til þess að veita nemendum tilsögn og bera ábyrgð á þeim vettvangi. Hefur sú tilhögun reynst mjög vel. Nemendur skila skýrslum um starf sitt og gera grein fyrir dvöl sinni á vettvangsstað í áheyrn skólasystkina að viðstöddum forstöðumönnum stofnananna, þegar því verður viðkomið, og umsjónaraðila á verknámsstað. Öllum öðrum námsgreinum skólans, þ. e. a. s. bóklegum greinum lýkur með skriflegum prófum, ritgerðum eða verkefnum.

Þroskaþjálfaskóli Íslands hefur frá því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið var gert að sjálfstæðu ráðuneyti 1970, starfað undir stjórn þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Inntak þessarar greinar er í hnotskurn að skólinn mennti fólk til þess að stunda þroskaþjálfun með öllum tiltækum ráðum, hvar sem hennar er þörf. Þroskaþjálfun er að öðru leyti skýrð í lögum nr. 18/1978, um þroskaþjálfa. Sú skylda hvílir á stjórnendum skólans á hverjum tíma, að vera opnir og vakandi fyrir þörfum samfélagsins og að hafa frumkvæði um að bregðast við þeim eftir bestu getu.

Þjálfun hlýtur að taka mið af því, að mennta fólk til þroskaþjálfunarstarfa hvar sem þroskaheftir dveljast, á hvaða aldri sem þeir eru og hver sem orsök þroskaskerðingar er og hvenær æviskeiðsins, sem hún á sér stað. Skólinn hefur staðið fyrir símenntun og haft um hana samráð við Félag þroskaþjálfa.

Um 2. gr.

Skólinn hefur starfað undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 1970 og er það ósk skólastjórnar, skólastjóra og starfsmanna að svo verði áfram allavega, þangað til endanleg afstaða verður tekin til framhaldsmenntunar í landinu, enda hefur menntamálaráðuneytið ekki fallist á að taka að sér þessa menntun þótt eftir því hafi verið leitað um nokkurt skeið af hálfu heilbrigðisráðuneytis.

Um 3. gr.

Sérstök skólastjórn skipuð af ráðherra fer með stjórn skólans og er þetta í samræmi við ákvæði núgildandi reglugerðar um stjórn skólans.

Um 4. gr.

Skólastjóri skal vera sérmenntaður í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla og auk þess hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir. Hér er um að ræða efnislega samhljóða ákvæði og í gildandi lögum um skólann þ. e. a. s. 1. gr. laga nr. 12/1977.

Um 5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann samkvæmt reglugerð frá 1977 eru þau að viðkomandi sé orðinn 18 ára og hafi lokið að minnsta kosti tveggja ára námi í framhaldsskóla í þeim námsgreinum, sem skólinn gerir kröfu til eða hliðstæðu námi. Ekki er í reynd lögð til nein efnisbreyting varðandi það sem þegar hefur verið í gildi. Vert er að benda á að gerð er krafa til umsækjenda þess efnis að þeir hafi starfað a. m. k. fjóra mánuði á stofnun þar sem þroskaheftir dveljast. Að fenginni reynslu hafa skólastjóri og skólastjórn talið nauðsynlegt að beita þessu ákvæði sem aðalreglu vegna eðli þeirra starfa sem skólinn menntar fólk til.

Hvað snertir skipulagningu og umsjón með verknámi er gert ráð fyrir því að þroskaþjálfi annist þann þátt þar sem hann hefur tileinkað sér þær starfsaðferðir, sem ætlast er til að nemendur kynni sér á vettvangi svo sem gerð þjálfunaráætlana og framkvæmd þeirra. Æskilegt væri að til þessa starfa fengist þroskaþjálfi, sem jafnframt hefði kennaramenntun og réttindi sem slíkur, en það er ekki gert að skilyrði.

Um 6. gr.

Þar sem lögin eru stutt og ekki er fjallað um ákveðna þætti er gert ráð fyrir því eins og áður, að sett verði í reglugerð ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat svo og fyllri ákvæði um aðra þætti eftir því sem þurfa þykir.

Um 7. gr.

Við gildistöku þessa lagafrumvarps, sem lögð er til að verði 1. september 1985, þ. e. a. s. í upphafi næsta skólaárs, falla úr gildi síðustu ákvæði laga um fávitastofnanir, sem að grunni til eru frá 1967.

Ed. 813. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Óskar Hallgrímsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. — Salome Þorkelsdóttir. — Helgi Seljan.

Björn Dagbjartsson. — Valdimar Indriðason.

Ed. 814. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóður og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefna einn fulltrúa hvert í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa sameiginlega.
   Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.
   Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.
2. Við 17. gr. Fyrsti málsl. fyrri mgr. orðist svo: Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Sþ. 815. Nefndarálit [157. mál]

um till. til þál. um skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. — Stefán Benediktsson, fundaskr. — Eggert Haukdal.

Birgir Ísl. Gunnarsson. — Guðrún Helgadóttir. — Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ. 816. Fyrirspurn [471. mál]

til viðskiptaráðherra um stofnun útflutningsráðs o. fl.

Frá Gunnari G. Schram.

1. Hvað líður undirbúningi að stofnun útflutningsráðs til kynningar og markaðsleitar fyrir íslenskar framleiðsluvörur erlendis?
2. Hvernig er háttað undirbúningi að ári útflutningsins, 1986?
3. Hver er árangur af störfum nefndar um verkefnaútflutning?

Sþ. 817. Tillaga til þingsályktunar [472. mál]

um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, sem undirritaður var 10. desember 1982 í Montego Bay, Jamaica.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44 frá 5. apríl 1948 var mótuð stefna Íslands varðandi lögsögu yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Við setningu laganna háttaði svo til, að samningur var í gildi milli Danmerkur og Bretlands frá 1901. Var þar ákveðið að þriggja sjómílna landhelgi frá lágfjöru skyldi gilda. Var almennt talið að samkvæmt alþjóðalögum væru 3 sjómílur hámark landhelgi og lögsaga strandríkisins yfir fiskveiðum erlendra manna utan þeirra marka kæmi ekki til greina.

Með lögunum frá 1948 var mörkuð sú stefna að gera tilkall til lögsögu yfir landgrunnsmiðunum við Ísland, sem framkvæmd yrði í ljósi þróunar þjóðaréttarins á hverjum tíma. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til að hafa áhrif á þá þróun og samningnum frá 1901 var sagt upp með áskildum tveggja ára fyrirvara. Síðan var málið tekið upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þegar á árinu 1949. Þá stóð svo á, að nýstofnaðri alþjóðalaganefnd (International Law Commission) hafði verið falið að gera tillögur um skráningu og þróun þjóðaréttarins. Fyrstu tillögur þessarar nefndar voru að hún skyldi fjalla á forgangsgrundvelli um reglur þjóðaréttarins varðandi gerðardóma, milliríkjasamninga og reglurnar um úthafið. Þegar á haustþingi Sameinuðu þjóðanna 1949 gerði fulltrúi Íslands í laganefnd allsherjarþingsins tillögu um að á listann skyldi bætt reglunum um landhelgina, þannig að fjallað yrði um reglur hafréttarins í heild. Eftir miklar deilur var sú tillaga samþykkt á allsherjarþinginu og alþjóðalaganefndinni falið að fjalla um reglur hafréttarins í heild. Vann alþjóðalaganefndin síðan að þessum verkefnum næstu árin og voru sjónarmið Íslendinga lögð fyrir nefndina. Var þá rík áhersla lögð á það, að greina bæri á milli eiginlegrar landhelgi, sem eftir atvikum gæti verið tiltölulega þröng, og lögsögu yfir efnahagslegum verðmætum sem yrði að vera miklu víðtækari.

Á árinu 1956 hafði alþjóðalaganefndin ekki getað náð samstöðu um þessi mál og lagði því til, að kvödd yrði saman alþjóðaráðstefna til að fjalla um víðáttu lögsögunnar. Var það upphafið að fyrstu og annarri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldnar voru í Genf 1958 og 1960 svo og þriðju hafréttarráðstefnunni, sem hófst í New York 1973 eftir langan

undirbúning. Þriðja ráðstefnan hafði reglulega fundi, venjulega tvisvar á ári ýmist í Genf eða New York þar til hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna var undirritaður á Jamaica 10. desember 1982.

2.—33. gr. hafréttarsamningsins fjalla um landhelgina og er þar miðað við 12 sjómílna landhelgi frá beinum grunnlínum, þar sem við á (sbr. 2. og 7. gr.).

34.—45. gr. fjalla um sund og 46.—54. gr. um eyjaklasa.

55.—75. gr. fjalla um 200 sjómílna efnahagslögsögu (57. gr.) þar sem strandríkið hefur fullveldisréttindi að því er varðar lífrænar og ólífrænar náttúruauðlindir hafsins og hafsbotnsins (56. gr.). 69. og 70. gr. fjalla um réttindi landluktra og landfræðilega afskiptra ríkja innan efnahagslögsögu annarra ríkja, en skv. 71. gr. („Íslandsgreinin") ná þær reglur ekki til strandríkis, ef efnahagur þess er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í efnahagslögsögu þess.

76.—85. gr. fjalla um landgrunnið einnig utan 200 sjómílna markanna.

86.—120. gr. fjalla um úthafið, 121. gr. um eyjar, 122.—123. gr. um umlukt eða hálfumlukt höf, 124.—132. gr. um aðgöngurétt umluktra ríkja að og frá sjó og frelsi til gegnumferðar.

133.—191. gr. (XI. hluti) kveða á um hið alþjóðlega hafsbotnssvæði utan lögsögu hinna einstöku ríkja. 192.— 237. gr. fjalla um verndun og varðveislu hafrýmisins, 238.—265. gr. um hafrannsóknir og 266.—278. gr. um þróun og miðlun haftækni. 279.—299. gr. fjalla um lausn deilumála. 300.—304. gr. hafa að geyma almenn ákvæði og 305.—320. gr. fjalla um lokaákvæði, þ. á m. um undirritun, fullgildingu, fyrirvara og gildistöku.

Átta viðaukar eru við samninginn. Fyrsti viðaukinn er listi yfir flökkustofna, annar um nefnd vegna afmörkunar landgrunnsins, þriðji um rannsóknir og vinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu, fjórði um framkvæmdastofnun á alþjóðahafsbotnssvæðinu, fimmti um sáttargerð, sjötti um stofnskrá hafréttardómstóls, sjöundi um gerðardóm, áttundi um sérstök gerðardómsákvæði og níundi um þátttöku alþjóðastofnana.

Í samræmi við þróun þjóðaréttarins á þessu sviði var reglunum um lögsögu umhverfis Ísland breytt smám saman. Fyrst voru dregnar beinar grunnlínur og ákvörðuð 4 sjómílna lögsaga frá þeim fyrir norðurlandi árið 1950. Þær reglur voru síðan látnar gilda umhverfis landið 1952. 12 sjómílur frá beinum grunnlínum gengu síðan í gildi 1958 og 50 sjómílur árið 1972. Loks voru 200 sjómílur ákveðnar 1975.

Heildarlöggjöf var sett með lögum nr. 41 frá 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Eru þau lög í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins frá 1982, sem mun ganga í gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann eða gerst aðilar.

Svo sem lýst er hér að framan, hefur þróunin verið tvíþætt. Annars vegar er þróun alþjóðalaga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar er þróun íslenskra reglna í samræmi við þróun þjóðaréttarins. Þetta tvennt hefur haldist í hendur á undanförnum áratugum. Er nú svo komið, að lög nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn kveða á um 12 sjómílna landhelgi frá beinum grunnlínum, 200 sjómílna efnahagslögsögu og víðtæk réttindi yfir landgrunninu einnig utan 200 sjómílna. Má segja, að því markmiði sem sett var með landgrunnslögunum frá 1948 hafi í einu og öllu verið náð. Baráttan var mjög hörð á köflum, en lokasigur liggur nú fyrir.

Ríkisstjórnin fer fram á heimild Alþingis til að fullgilda hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna fyrir Íslands hönd.

Sþ. 818. Fyrirspurn [473. mál]

til menntamálaráðherra um söluskatt af bókum.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

Hverju nam innheimtur söluskattur á árinu 1984 af
a. bókum íslenskra rithöfunda,
b. þýðingum á bókum erlendra rithöfunda?

Sþ. 819. Tillaga til þingsályktunar [474. mál]

um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum.

Greinargerð.

Utanríkismálanefnd hefur að undanförnu rætt talsvert um umsvif erlendra sendiráða hér á landi, m. a. með hliðsjón af þáltill. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 3. Við meðferð málsins komu fram af hálfu utanríkisráðuneytisins marghátttaðar upplýsingar um stöðu þessara mála í öðrum ríkjum.

Að vandlega athuguðu máli er nefndin sammála um að flytja tillögu þessa.

Ed. 820. Frumvarp til laga [243. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

Veðurstofa Íslands starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess, svo og vinna að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra greina er falla undir starfssvið hennar.

2. gr.

Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til 5 ára í senn, hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar.

Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum veðurstofustjóra.

Ákvæði um menntun starfsmanna skulu sett í reglugerð.

3. gr.

Verkefni Veðurstofunnar skulu vera sem hér segir:

1. að koma á fót veðurstöðvum og starfrækja þær, sjálfvirkar eða mannaðar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra;

2. að safna daglega veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðurupplýsingum frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og dreifa þeim og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug;
3. að afla upplýsinga um hafís og senda út ísfregnir til skipa þegar ástæða þykir til;
4. að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarðskjálfta og hægar jarðskorpuhreyfingar tengdar jarðskjálftum; enn fremur að safna upplýsingum um eldgos og öskufall þegar ástæða þykir til;
5. að safna gögnum til rannsókna á veðurfari Íslands, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarsskýrslur;
6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu;
7. að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstakri hliðsjón af snjóflóðahættu, gefa út viðvaranir um hættu á snjóflóðum eftir því sem við verður komið og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvernig standa beri að takmörkun mannvirkjagerðar á hættusvæðum; jafnframt að huga að veðurfarslegum og jarðfræðilegum þáttum er valda skriðuföllum og rannsaka þá;
8. að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum greinum á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum; skal markmið rannsóknanna meðal annars vera að bæta veðurþjónustuna, auka þekkingu á veðurfari og náttúru landsins og gera stofnuninni kleift að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, mannvirkjagerðar, nýtingar orkulinda, öryggismála og annarra þarfa landsmanna;
9. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina, svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings Veðurstofunnar;
10. annað það er ráðherra kann að ákveða að falli undir verksvið Veðurstofunnar.

4. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá greiðslur þær sem inna ber af hendi til Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 17 27. mars 1958, um Veðurstofu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma veðurstofustjóra skal skipun núverandi veðurstofustjóra halda gildi sínu.

Ed. 821. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá þingskapanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. maí 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Valdimar Indriðason.	Davíð Aðalsteinsson.
Haraldur Ólafsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Stefán Benediktsson.

Ed. 822. Breytingartillögur [416. mál]

við frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá þingskapanefnd.

1. Við 28. gr.
   a. Í stað orðanna „fimm mínútum“ í 3. mgr. komi: átta mínútum.
   b. Í stað orðanna „eða staðfestingu framkvæmdaáætlana“ í 5. mgr. komi: staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga.
2. Við 32. gr. Orðin „í lok hvers fundar“ í 1. mgr. falli niður.

Ed. 823. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um tannlækningar.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir leyfi skv. 1. gr. að umsækjandi hafi gegnt starfi við tannlækningar á heilsugæslustöð í allt að 6 mánuði að námi loknu.
2. Við 5. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Sérhæfðu aðstoðarfólki, sbr. 7. gr., skal þó heimilt að annast fræðslu og varnir gegn tannsjúkdómum á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, í skólum og uppeldisstofnunum undir umsjón yfirtannlæknis.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Aðstoðarfólk skv. 7. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni sem undir tannlækningar falla.
   Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki er óheimilt að vinna nokkurt það verk sem undir tannlækningar heyrir.

4. Við 11. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
Ef landlæknir eða yfirtannlæknir verða þess varir að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins skulu þeir áminna hann og skýra jafnframt Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.

5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir eða yfirtannlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýra þeir ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands og fallist hún á álit landlæknis og yfirtannlæknis má svipta viðkomandi tannlæknaleyfi, en skjóta má úrskurði til dómstóla.

6. Á eftir 12. gr. komi ný gr. er verði 13. gr. og orðist svo:
Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrám, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.
Tannlækni er heimilt að óska eftir sjúkraskrám frá öðrum tannlæknum um sjúkling sem hann annast. Slíkar óskir skulu bornar fram með samþykki sjúklings og er tannlæknum skylt að verða við þeim.

Ed. 824. Frumvarp til laga [475. mál]

um ríkislögmann.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun og heyrir undir fjármálaráðherra.

Forseti Íslands skipar ríkislögmann. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

2. gr.

Ríkislögmaður fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Ríkislögmaður fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Ríkislögmaður gerir fyrir hönd ríkisins kröfur einkaréttarlegs eðlis í opinberum málum.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Enn fremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptaskulda eða hliðstæðra krafna, nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. Hið sama gildir um mál sem rekin eru fyrir Kjaranefnd eða Kjaradómi.

3. gr.

Við embætti ríkislögmanns starfa auk hans allt að þrír lögfræðingar, sem ríkislögmaður getur falið einstök mál sem embættið hefur til meðferðar, enda fullnægi þeir lagaskilyrðum til að flytja slík mál.

Ríkislögmaður getur enn fremur falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála, að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

4. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um skiptingu kostnaðar af málefnum sem ríkislögmanni eru falin.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. mars 1984 birtist í A-deild Stjórnartíðinda auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Með þessari reglugerð var m. a. ákveðið að málflutningur vegna málsókna á hendur ríkissjóði og ríkisstofnunum og málsókna þessara aðila á hendur öðrum, þar sem fjárkröfur eru gerðar eða úrslit máls geti að öðru leyti haft fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, skuli falin sérstökum ríkislögmanni. Það frumvarp til laga, sem hér er lagt fram, er framhald af þeirri stefnu sem mörkuð var með áðurnefndri breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Um langt árabil hefur meðferð mála, sem beint er gegn ríkissjóði og æðstu handhöfum framkvæmdavaldsins, verið í höndum sérstakra málflutningsmanna sem starfað hafa í fjármálaráðuneyti. Þróun síðari ára hefur færst stöðugt meir í það horf að löglærðir embættismenn í fjármálaráðuneyti hafi flutt mál fyrir ríkið og ríkisstofnanir. Þetta gildir eins um málsóknir sem beint hefur verið að öðrum ráðherrum en fjármálaráðherra. Hin allra síðustu ár hefur lítið verið um það að mál á hendur æðstu handhöfum framkvæmdavalds væru flutt af öðrum.

Fram til þessa hafa ráðherrar sem stefnt er til aðildar í dómsmálum þurft að leita til starfsmanna annars ráðherra, þ. e. fjármálaráðherra, um vörn eða sókn þessara mála. Með frumvarpinu er lagt til að starf ríkislögmanns verði fært út úr fjármálaráðuneytinu og gert að sjálfstæðri stofnun. Sú skipan er eðlileg þegar haft er í huga að ríkislögmaður er í raun að starfa fyrir hina ýmsu ráðherra við málarekstur fyrir dómstólum. Þessi skipan er mjög sambærileg þeirri skipan sem er höfð á þessum málum í Noregi. Þar er sjálfstæð stofnun, ríkislögmannsembætti, sem annast flutning mála í umboði þeirra ráðherra og stofnana sem eru málsaðilar hverju sinni. Að öðru leyti felur það frumvarp, sem hér liggur fyrir, fyrst og fremst í sér staðfestingu á venjum sem mótast hafa um alllangt skeið að þessu leyti.

Frumvarp þetta felur í sér umboð til málflutnings og uppgjörs bótakrafna. Tekið skal fram, að ákvörðunarvald um það, hvort bótaskylda sé viðurkennd í einstökum tilvikum eða ekki, liggur eftir sem áður hjá þeim aðilum sem kröfum er beint gegn. Loks skal nefnt, að með frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti óskað lögfræðilegrar umsagnar ríkislögmanns og þar með um skyldu hans til að gefa lögfræðilegt álit verði eftir því leitað. Hið sama gildir um aðstoð við vandasama samningagerð.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Um skýringar á þessari grein vísast til þess sem segir að framan um breytingu á réttarstöðu ríkislögmanns í stjórnkerfinu. Rétt þykir og nauðsynlegt að gera strangar kröfur um hæfi þess, sem starfinu gegnir hverju sinni.

Um 2. gr.

Reglur um aðild ríkisins að dómsmálum eru mjög knappar og óljósar. Í mjög mörgum tilvikum er það nánast tilviljun, hvort málsókn er beint að fjármálaráðherra eða öðrum ráðherra eða hvort máli er beint gegn ráðherra eða ríkisstofnun. Stundum er málum beint

gegn fleiri ráðherrum en einum og jafnvel einnig undirstofnunum. Með frumvarpinu er ekki tekið á þessu vandamáli, en brýnt er að það verði gert, enda hefur sú óvissa sem um þetta ríkir valdið mönnum alvarlegum óþægindum og réttarspjöllum.

Málflutningsumboð ríkislögmanns skv. 2. mgr. 2. gr. nær til dómsmála sem fjármálaráðherra, aðrir ráðherrar og ríkisstofnanir eiga aðild að. Þó þykir rétt að undanskilja hinar sjálfstæðustu ríkisstofnanir, þannig að sérstakt umboð þurfi til að koma hverju sinni vegna þeirra. Hér er miðað við að slíkt sérstakt umboð þurfi til ef í hlut eiga þær stofnanir sem greinir í B-hluta fjárlaga og ríkisstofnanir utan fjárlaga. Sú skipan er og mjög í samræmi við venjur, sbr. almennar athugasemdir að framan. Um mál sem stefnt er gegn dómurum vegna dómaraverka, s. s. skiptaráðendum, gildir hið sama, þ. e. að sérstakt umboð þarf til að koma.

Uppgjör bótakrafna og atbeini ríkislögmanns að lausn þeirra kemur ekki til fyrr en mál eru komin á innheimtustig og dómstólameðferð framundan. Um aðild að slíkum málum og umboð ríkislögmanns til þeirra athafna sem greinir í 1. og 3. mgr. 2. gr. gildir hið sama og greinir hér að framan um málflutningsumboð ríkislögmanns. Um framkvæmd 3. mgr. er gert ráð fyrir þeirri skipan að ráðuneyti, sem hlut á að máli, vísi til ríkislögmanns bótaþætti máls, ef það ákveður að nýta þessa réttarfarsleið, en ríkissaksóknari flytur málið, eins og tíðkast hefur.

Í 4. mgr. 2. gr. er í meginatriðum fólgin sama skipan og venjur hafa staðið til fram að þessu. Í greininni eru taldir þeir aðilar innan ríkiskerfisins sem falla algerlega utan starfssviðs ríkislögmanns, þ. e. bankar og fjárfestingalánasjóðir. Rétt er að taka fram, þó að það ætti ekki að valda vafa, að utan laga þessara falla alfarið ýmis félög sem ríkið á aðild að, hvort heldur hlutafélög eða sameignarfélög, svo og stofnanir sem styrktar eru af ríkisfé og hafa með höndum opinbera stjórnsýslu, s. s. Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands, enda teljast þær ekki ríkisstofnanir.

Þá eru í greininni taldir þeir málaflokkar þar sem atbeini ríkislögmanns kemur ekki til nema samkvæmt tilmælum ráðherra hverju sinni. Slíkt á sér t. d. stað við meðferð einstakra skattamála sem rekin eru í nafni innheimtumanns ríkissjóðs. Loks þykir með sama hætti rétt að undanskilja mál sem rekin eru fyrir nánar tilteknum dómstólum vegna þess um hve sérhæfða málaflokka er að ræða. Auk þeirra lögbundnu gerðardóma sem taldir eru í greininni falla utan hennar mál sem rekin eru fyrir ríkisskattanefnd, yfirfasteignamatsnefnd eða sambærilegum úrskurðaraðilum innan stjórnsýslunnar.

Um 3. gr.

Aukning verkefna ríkislögmanns sem af samþykkt frumvarps þessa leiðir mun væntanlega einkum felast í þeim þætti sem lýtur að lögfræðilegum umsögnum og álitsgerðum. Sem stendur er einn lögmaður auk ríkislögmanns í fullu starfi við málarekstur ríkisins. Með hliðsjón af framansögðu er nauðsynlegt að hafa svigrúm til nokkurrar aukningar á stöðufjölda ef þörf krefur, þótt aftur sé það takmarkað með því að stöðugildi lögfræðinga verði ekki fleiri en fjögur samtals auk ritara. Heimilt er að fela lögmönnum með málflutningsréttindi, sem starfa við stofnunina, meðferð einstakra mála. Um þetta gilda almennar reglur.

Til að geta brugðist við hugsanlegri málaaukningu umfram það sem ríkislögmaður og aðrir málflytjendur embættisins geta annað og til þess að tryggja sérfræðimeðferð sem nauðsynleg kann að þykja í einstökum tilvikum er ráðgert í 2. mgr. 3. gr. að unnt sé að fela lögmönnum utan stofnunarinnar meðferð einstakra mála. Til þess þarf þó samþykki hlutaðeigandi og að sama skapi getur sá aðili átt frumkvæði að slíkri skipan.

Um 4. gr.

Eðlilegt er að þær stofnanir ríkisins, sem njóta þjónustu embættis ríkislögmanns, greiði fyrir hana þannig að embættiskostnaður dreifist að nokkru á þau ráðuneyti sem þjónustunnar njóta. Þykir rétt að ákvæði um það séu rétt í reglugerð. Þá er rétt að því séu takmörk sett hvaða málflutningsstörf ríkislögmaður og starfsfólks hans megi taka að sér fyrir aðra en ríkið og stofnanir þess og verði ákvæði þar að lútandi sett í reglugerð.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 825. Nefndarálit [367. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1980.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1985.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur Bjarnason.
Karvel Pálmason.	Kristín Halldórsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
Árni Johnsen.	Þórarinn Sigurjónsson.	Egill Jónsson.
	Kolbrún Jónsdóttir.	

Sþ. 826. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um tillögu þessa og fengið til viðræðna fulltrúa frá nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 15. júní 1983 og lagði með starfi sínu grunninn að þeim efnisatriðum sem tillagan greinir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem eru á þskj. 827.

Alþingi, 2. maí 1985.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur Bjarnason.
Karvel Pálmason.	Þórarinn Sigurjónsson.	Kristín Halldórsdóttir.
Egill Jónsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Árni Johnsen.	

Sþ. 827. Breytingartillaga [200. mál]

við till. til þál. um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Með vísan til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, ályktar Alþingi eftirfarandi:

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fyrsta áfanga, og verði undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins. Forstöðumaður verði þegar ráðinn að stofnuninni.

Sþ. 828. Tillaga til þingsályktunar [476. mál]

um aðgerðir í fiskeldismálum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum í málefnum fiskeldis í þeim tilgangi að stuðla að því að treysta grundvöll þessarar atvinnugreinar og farsælar framfarir.

1. Sett verði á fót sérstök nefnd, fiskeldisnefnd, er sé vettvangur samráðs og ráðgjafar í þeim málum er fiskeldi varða. Verkefni nefndarinnar verði auk þessa að efla miðlun upplýsinga um fiskeldi og undirbúa og hafa frumkvæði að rannsóknarverkefnum á sviði fiskeldis. Nefndin skal veita stjórnvöldum, opinberum stofnunum og þeim sem í greininni starfa ráðgjöf. Fé verði veitt úr ríkissjóði til þess að skapa nefndinni starfsaðstöðu. Nefndina skipi tveir fulltrúar eftir tilnefningu frá Háskóla Íslands, einn fulltrúi eftir tilnefningu fiskeldisbrauta við búnaðarskólana að Hólum og á Hvanneyri, einn fulltrúi eftir tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn fulltrúi eftir tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn fulltrúi Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og einn fulltrúi frá forsætisráðuneyti, en forsætisráðherra skipi nefndina.

2. Þegar á þessu ári verði veitt heimild fyrir tveimur nýjum stöðugildum við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum við rannsóknir á fisksjúkdómum og vörnum gegn þeim. Jafnframt verði veitt fé úr ríkissjóði til nauðsynlegra tækjakaupa. Þegar verði hafist handa við áætlun um frekari uppbyggingu þessarar starfrækslu á næstu árum. Fiskeldisnefnd hafi forustu um þá áætlanagerð.

3. Reglugerð nr. 70/1972, um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum, með síðari breytingum, verði endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu og í því skyni að efla reglubundið eftirlit í klak- og eldisstöðvum og setja ströng skilyrði um heilbrigðisvottorð í tengslum við verslun með og flutning á hrognum, seiðum og eldisfiski.

4. Fiskeldisstöð ríkisins í Kollafirði verði breytt í rannsóknarstöð í fiskeldi og fé veitt þegar á næsta ári til stöðvarinnar með tilliti til þessa nýja verkefnis.

5. Menntun í fiskeldisfræðum verði efld, m. a. með því að koma á fót kennslu í fiskeldi við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og námsbraut í fiskeldi í Reykjavík eða nágrenni, hliðstæðri þeirri sem nú er starfrækt að Hólum. Greitt verði fyrir nemendum við að sjá sér fyrir skólavist erlendis, t. d. í Noregi og Skotlandi, vegna náms í greinum sem

varða fiskeldi. Veitt verði fé til að kosta erlenda kunnáttumenn til að halda fyrirlestra og námskeið á Íslandi. Gerð verði áætlun um frekari uppbyggingu og skipan náms á sviði fiskeldis í framtíðinni.

6. Stuðlað verði að því að þau mál, er varða sölu í þessari grein, verði að sem mestu leyti í höndum Íslendinga, m. a. með því að viðurkenna útgjöld vegna uppbyggingar sölustarfsemi sem lánshæfan hluta fjárfestingar.

7. Framkvæmdasjóði Íslands verði fyrst um sinn falið að veita fjárfestingarlán til fiskeldisfyrirtækja. Sjóðnum verði einnig falið að veita ábyrgðir, sem á kann að vanta, til viðbótar veðum í eignum viðkomandi fiskeldisfyrirtækis sem banki eða lánastofnun kann að krefjast.

Ráðstöfunarfé sjóðsins verði ákveðið með tilliti til þess að hann sinni þessu verkefni.

8. Stuðlað verði að því að afurða- og rekstrarlán vegna fiskeldis taki sérstakt mið af þörfum þessarar atvinnustarfsemi og verði ekki síðri en þau sem bjóðast öðrum atvinnugreinum svo sem sjávarútvegi og landbúnaði.

9. Fyrir næsta löggjafarþing verði lagt fram frumvarp til laga um skipan fiskeldismála, þ. á m. um að efla og endurskipuleggja fisksjúkdómavarnir, mengunarmál, rannsóknarstarfsemi og rannsóknarstöð í fiskeldi, sbr. tölul. 4. Jafnframt verði lögð fram frumvörp til laga um breytingar á gildandi lögum til samræmis við þessa nýskipan.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er nú á fiskeldismálum og eru bundnar vonir við að greinin verði einn af vaxtarbroddum atvinnulífsins. Stjórnmálamenn úr öllum flokkum hafa lýst yfir því að búa verði vel að greininni og látið í ljós trú á að hún eigi framtíð fyrir sér og sífellt fleiri hugmyndir um byggingu nýrra fiskeldisstöðva skjóta upp kollinum.

Á hinn bóginn er það svo þrátt fyrir allar yfirlýsingar og fyrirheit að engin eiginleg stefnumörkun í þeim málefnum, er snerta fiskeldi, hefur átt sér stað á vegum hins opinbera, Alþingis eða ríksstjórnar. Þannig á greinin hvergi heima í stjórnkerfinu t. d. að því er varðar fjárfestingarlán. Mjög mörgu er ábótavant í sambandi við sjúkdómavarnir og rannsóknarstörf á sviði fiskeldis og jafnframt hefur lítið verið hugað að menntunarmálum að því er þessa grein varðar. Skýtur hér skökku við miðað við þann áhuga sem víða birtist og þá ekki síst af hálfu stjórnmálamanna.

Vafalaust er áhugi á að skipa málefnum greinarinnar með lögum þótt ævinlega sé álitamál í hversu ríkum mæli ber að gera slíkt í smáatriðum. Auk þess tekur lagasmíðin og lagaafgreiðslan tíma og laga tæpast að vænta fyrr en í lok þessa árs eða jafnvel að ári hið fyrsta en stefnumörkun þolir hins vegar ekki bið. Þess vegna er nauðsynlegt að stefnan sé mörkuð nú þegar að eins miklu leyti og unnt er og **greinin fái með þeim hætti traustari grundvöll til að starfa á.** Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að ná því markmiði.

Athugun á gildandi lögum sýnir að verulegt svigrúm er í þessum efnum þar sem mjög fátt í þeim fjallar um fiskeldi.

Lögin um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, eru framar öllu um veiðimál en ekki fiskeldi. Þar eru þó ákvæði um að tilkynna beri veiðimálastjóra um stofnun fiskeldisstöðvar og í þeim lögum eru ákvæði um fisksjúkdómanefnd. Hins vegar er ljóst að skipun veiðimálanefndar og hlutverk veiðimálastjóra miðast fyrst og fremst við lax- og silungsveiðar en ekki fiskeldi. Fiskræktarsjóður er greinilega heldur ekki sniðinn að þörfum fiskeldisstöðva.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum nr. 72 1984, segir að Hafrannsóknastofnun hafi m. a. það verkefni að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera en annað er ekki að finna um þessi mál í þeim lögum.

Að öðru leyti er málum, sem þessa atvinnugrein varða, að mestu skipað í reglugerðum.

Meðal þeirra atriða, sem taka þarf afstöðu til, eru skipan málefna fiskeldisstöðva í stjórnkerfinu, stefna í rannsóknarmálum og sjúkdómavörnum, uppbygging menntunarmála og fyrirkomulag fjárfestingarlána og rekstrar- eða afurðalána.

Með sérstakri tillögu, sem er á þskj. nr. 764, 449. mál, er því beint til ríkisstjórnarinnar að ákveða með reglugerð að fiskeldi í fiskeldisstöðvum verði á verksviði sjávarútvegsráðuneytis. Það er því ekki gert að ályktunarefni í þessari tillögu. Hins vegar er hér gert ráð fyrir að forsætisráðherra hafi á hendi umsjón þessara mála þar til ofangreind skipan hefur verið staðfest.

Til þess að vera til ráðuneytis um þessi mál þar til öðru vísi verður ákveðið er lagt til að forsætisráðherra skipi sérstaka nefnd, fiskeldisnefnd, með tilnefningum frá þeim sem í greininni starfa annars vegar og hins vegar aðilum sem búa yfir sérþekkingu á þessu sviði. Nefndinni yrði ætlað allvíðtækt starfsvið.

Þá er nauðsynlegt að marka stefnu í eflingu rannsókna og menntunar í greininni og stíga þegar ákveðin skref í þeim efnum. Fjallar þingsályktunartillagan að öðru leyti að mestu um stefnumörkun og aðgerðir á þessum sviðum.

Fiskeldisnefnd.

Nefndinni er ætlað að gegna margþættu hlutverki. Hún á að vera vettvangur samráðs og ráðgjafar fyrir hið opinbera og þá sem í greininni starfa. Henni er ætlað að hafa forustu í rannsóknarstarfsemi þar til málum hefur verið skipað með öðrum hætti. Hún á að miðla upplýsingum.

Veita þarf fé úr ríkissjóði svo að nefndin fái viðunandi starfsaðstöðu, þ. á m. til að reka skrifstofu og standa fyrir nauðsynlegri afgreiðslu og upplýsingastarfsemi.

Rannsóknarstarfsemi.

Sá sem býr yfir mestri þekkingu og stendur fremst á rannsóknarsviði er líklegastur til að ná góðum árangri í fiskeldi ekki síður en í öðrum atvinnugreinum. Þótt áhugi sé mikill á fiskeldi og margir aðilar að bætast í greinina eða að undirbúa rekstur er þekking af skornum skammti og mörg svið órannsökuð.

Í þessum efnum verðum við að stunda eigin rannsóknir og miða þar við íslenskar aðstæður því að þær eru sérstæðar. Rannsóknarstarf annarra mun því ekki nýtast okkur nema að takmörkuðu leyti.

Í fyrsta lagi má nefna sem dæmi að Norðmenn eru með langmestan hluta síns eldis í sjávarkvíum en okkar eldi verður vafalaust í miklum mæli í landkvíum. Hér er mikill munur á. Okkar rannsóknir verða að beinast að íslenskum aðstæðum, t. d. í þessu efni.

Í öðru lagi er sérstaða okkar fólgin í notkun á varma í langtum ríkari mæli en hjá öðrum. Þó er það svo að allt of lítið er vitað um aukinn vaxtarhraða með hækkandi hitastigi nema hjá seiðum. Þetta samband hefur þó úrslitaáhrif á það í hve ríkum mæli eigi að nota varma og hver gráða í varma er mjög dýr. Nákvæm þekking á þessu sviði getur sparað stórfé í rekstrarafkomu. Þetta er því mjög mikilvægt rannsóknarverkefni.

Í þriðja lagi er rétt að benda á þá sérstöðu sem Ísland hefur vegna birtuskilyrða, bjartar sumarnætur annars vegar og langt skammdegi hins vegar. Lítið mun vitað um áhrifin af samspili birtu og varma á vaxtarhraða og kynþroska. Hér er líka mikilvægt rannsóknarverkefni. Kemur t. d. birtustýring til álita eða gæti hún orðið hagkvæm?

Í fjórða lagi hljóta menn að spyrja sig þess hver séu áhrif af mismunandi þéttleika fisks í eldiskerjum. Í þeim mæli, sem það er ekki þekkt, er einnig það áhugavert rannsóknarefni.

Í fimmta lagi er það rannsóknarefni hvernig kynbæta megi eldisfisk. Hjá grannþjóðum okkar er slík starfsemi rekin. Hér kemur m. a. til álita að ráða sérfræðinga á sviði erfðafræði til þess að gera erfðafræðilegar rannsóknir reyndar bæði á eldisfiski og göngufiski með tilliti

til hafbeitar. Að því er hafbeitina varðar sjá menn í hendi sér hversu mikill árangur gæti orðið ef tækist t. d. að greina laxa sem reyndust skila sér betur en aðrir og rækta þær erfðir ef unnt reyndist að festa hendur á þeim.

Þessi rannsóknarverkefni fela í sér mikla möguleika. Þeim verður því að gefa gaum.

Á sama hátt er full þörf fyrir aukið og samfellt tilraunastarf með mismunandi gerðir fóðurs og rannsóknir á eiginleikum þeirra og áhrifum.

Þótt athyglin beinist nú einkum að eldi á laxi er vitaskuld nauðsynlegt að beina rannsóknum jafnframt að öðrum tegundum, svo sem flatfisktegundum, silungi, skelfiski og krabbadýrum, svo að dæmi séu tekin. M. a. væri áhugavert að vita hvernig ræktun t. d. krabbadýra eða skelfiska í affallsvatni laxakvíar tækist.

Hér hafa verið rakin nokkur rannsóknarverkefni sem virðist nauðsynlegt að sinna vel og stuðla að því að unnin verði skipulega til þess að skapa góða undirstöðu undir fiskirækt sem atvinnugrein en verkefnin eru vitaskuld fleiri og sífellt ný munu bætast við eftir því sem greinin þróast. Mikilvægast er þó að skapa grundvöllinn til rannsókna og gera það strax.

Samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að fiskeldisnefnd fari með stefnumörkun og hafi frumkvæði á þessu sviði þar til önnur skipan verður ákveðin. Ætlast er til að nefndinni verði veitt fé til þess að undirbúa rannsóknaráætlanir. Jafnframt ætti nefndin að fá fé til að veita til valinna aðkeyptra rannsóknarverkefna.

Þá er lagt til að Kollafjarðarstöðinni verði breytt í rannsóknarstöð á þessu sviði. Sú stöð ætti bæði að geta stundað sjálfstæðar rannsóknir og tekið að sér rannsóknarverkefni fyrir þóknun. Til þessa þarf að verja opinberu fé einkum í upphafi en síðar verður að gera ráð fyrir að atvinnugreinin standi að verulegum hluta undir kostnaði af rannsóknarstarfinu eftir því sem greininni vex fiskur um hrygg.

Heilbrigðiseftirlit, sjúkdómavarnir.

Þessum málum er í sjálfu sér vel markaður bás hjá Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Á hinn bóginn vantar aukinn mannafla til eftirlits, rannsókna og ráðgjafarstarfa. Í þessum verkefnum munu einungis vera einn vísindamaður og einn aðstoðarmaður. Nauðsyn ber til þess að efla þessa starfsemi að tvennu leyti sérstaklega, þ. e. að auka rannsóknir á fisksjúkdómum og hins vegar að setja ákveðnar vinnureglur og leiðbeiningar og hafa eftirlit með þeim. Jafnframt er mikilvægt að veitt verði ráðgjafarþjónusta á þessu sviði.

Til þess að ná þessu markmiði verður að verja meira fé en nú er gert til þessarar starfsemi, m. a. til tækjakaupa, og ráða fleira fólk til stofnunarinnar. Lagt er til að þegar á þessu ári verði heimilað að bæta við tveimur stöðugildum en jafnframt verði gerð áætlun um frekari uppbyggingu á næstu árum.

Þá er gert ráð fyrir að reglugerð um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum verði þegar endurskoðuð í því skyni að efla reglubundið eftirlit í þeim og setja ströng skilyrði um heilbrigðisvottorð í tengslum við verslun með og flutning á hrognum, seiðum og lifandi eldisfiski.

Menntunarmál.

Ein meginundirstaða þess að vel takist til um fiskrækt sem atvinnugrein er að kostur sé á vel menntuðu starfsliði. Áföll og erfiðleika í ýmsum nýjum atvinnugreinum má oft rekja til þess að þekkingu skortir og kunnáttu er ábótavant í starfsgreininni.

Hér á landi er engan veginn komið til móts við þarfir fiskiræktarinnar í menntakerfinu. Einu vísarnir að einhverju í þá veru eru í búnaðarskólunum að Hólum og á Hvanneyri og á Kirkjubæjarklaustri. Norðmenn hafa á hinn bóginn komið upp samræmdu menntakerfi í greininni allt upp í háskóla.

Í fyrstunni virðist því einsýnt að leita eftir því við norsk og e. t. v. bresk stjórnvöld að þau greiði fyrir því að tiltekinn fjöldi íslenskra námsmanna af fjölbrautastigi til háskólanáms geti fengið aðgang að háskólum í þessum löndum. Ríkisstjórnin ætti að beita sér fyrir þessu.

Jafnframt er gerð tillaga um að komið veri á fót kennslu í fiskeldi við Háskóla Íslands og námsbraut í fiskeldi í Reykjavík eða nágrenni, hliðstæðri þeirri menntun sem veitt er t. d. að Hólum.

Þá er gert ráð fyrir að greitt verði fyrir námskeiðum og fyrirlestrahaldi m. a. með því að fá til erlenda fyrirlesara. Tafarlaust þyrfti einnig að gera áætlun um hvernig þessari menntun verði komið á til frambúðar innan hins íslenska menntakerfis.

Sölustarfsemi.

Stuðla ber að því að sölustarf í þessari grein á erlendum mörkuðum sé að sem allra mestu leyti í höndum íslenskra aðila. Ætla verður þeim aðilum, sem í greininni starfa, að velja þessu verkefni farveg og búning að vild sinni.

Á hinn bóginn geta stjórnvöld stuðlað að grósku í sölustarfi á vegum íslenskra aðila með því að viðurkenna kostnað við að koma slíku upp sem hluta af heildarkostnaði verkefnisins, t. d. í sambandi við lánveitingar, þannig að slíkur tilkostnaður sé lánshæfur eins og aðrir hlutar fjárfestingarinnar.

Fjármögnun, fjárfestingarlán.

Fiskeldi krefst tiltölulega mikils fjármagns í uppbyggingu og verður þá m. a. að hafa hliðsjón af því að nokkur bið er á afrakstri meðan fiskurinn er að vaxa. Að þessu þarf að hyggja og miða fjárfestingarlán við það. Meðalstór fiskeldisstöð mun þurfa til fjárfestingar álíka upphæð og gott bátsverð en stærri stöðvar, eins og sú sem Íslandslax er að reisa, þarfnast fjárfestingar- og rekstrarfjár sem er a. m. k. á við verð á nýjum togara.

Fiskeldi á hins vegar hvergi heima í keri fjárfestingarlánasjóða eins og það er nú. Má rekja sögur af því hvernig formælendur fiskeldisstöðva í uppbyggingu hafa farið bónleiðir til búðar hjá bönkum og mál þeirra þvælst og tafist án árangurs í sjóðakerfinu. Eitt er að útvega fé til þessara verkefna, annað að finna því stað í því kerfi sem slíkar framkvæmdir eru fjármagnaðar með. Hvorugt má dragast. Þyki mönnum álitamál hvernig skipa skuli þessum málum til frambúðar er fyrir öllu að ákveða fyrirkomulag sem gildi þar til annað verður ákveðið.

Þar sem ekki verður séð að neinn sérstakur atvinnuvegasjóður eigi öðrum fremur að taka við þessu verkefni liggur beint við að fela Framkvæmdasjóði að fara með þessi mál. Þess vegna er lagt til að ríkisstjórnin feli Framkvæmdasjóði að vera fjárfestingarlánasjóður fyrir fiskeldi og honum verði annars vegar lagt til fé til verkefnisins og hins vegar verði hann ábyrgur fyrir lánum sem aðilar í greininni fá annars staðar, t. d. erlendis, og þarf ábyrgðir fyrir. Í þessu felst þá jafnframt að Framkvæmdasjóður meti þau verkefni sem sótt er um lán til eða ábyrgðir vegna og velji umsóknir og hafni þeim á grundvelli slíks mats. Honum yrði þannig falið að hafa nokkra stjórn á þróuninni. Þótt greinin sé efnileg verður að hafa nokkurt hóf á uppbyggingarhraða þannig að reynsla og þekking nýtist sem best og komið verði í veg fyrir óþörf áföll. Þannig er ekki nóg að aðilar geti sett bærilegar tryggingar fyrir lánum heldur er ekki síður mikils virði að fjárfestingar- og rekstraráætlanir séu metnar og tryggt sé að hæfir starfsmenn fáist til að reka stöðina. Allt slíkt verður að meta.

Jafnframt verður að hyggja sérstaklega að afurða- og rekstrarlánum og að lánum yfirleitt og að þau séu ekki síðri en í öðrum atvinnugreinum, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, og í því efni sé tekið tillit til þarfa greinarinnar.

Sþ. 829. Tillaga til þingsályktunar [477. mál]

um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Flm.: Gunnar G. Schram, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Jafnframt verði kannað á hvaða stöðum helst komi til greina að reisa heilsubótarstöðvar er byggi starfsemi sína á jarðhita og hver sé rekstrargrundvöllur slíkra stöðva.

Greinargerð.

Jarðhiti er til ýmissa hluta nytsamlegur svo sem við Íslendingar þekkjum af eigin raun.

Einum þætti nýtingar jarðhitans hefur þó verið minni gaumur gefinn en efni standa til að dómi flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu. Það er nýting jarðhita, hveravatns og hveraleirs til heilsuræktar og baðlækninga. Víða um heim hefur verið komið á fót heilsuræktar- og baðlækningastöðvum sem byggja starfsemi sína á jarðhita og hveravatni, auk ölkelduvatns svo sem alkunna er. Frá fornu fari hafa menn sótt slíka baðstaði sér til heilsubótar en víðkunna baðstaði er m. a. að finna í Þýskalandi, Frakklandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Hlutaðeigandi þjóðir hafa lengi haft verulegar tekjur af slíkum heilsubótarstöðvum. Hafa þeir átt sinn þátt í að laða að erlenda ferðamenn enda eru hinir kunnu baðstaðir í Evrópu mjög fjölsóttir og leita þangað gestir úr öllum heimsálfum sér til heilsubótar, hressingar og afþreyingar.

Þáttur jarðhitans í heilsurækt á slíkum stöðum hefur um langan aldur verið allstór. Farið hefur í vöxt á undanförnum árum að heilsuræktarstöðvar séu byggðar við heitar lindir, m. a. í Ungverjalandi og Japan. Er það ekki síst með móttöku erlendra gesta í huga. Tæplega 30% af nýtingu jarðvarma í heiminum fer til heilsuræktar og ferðamála. Á því sviði er verðmætasköpunin langmest eða rúmlega 50% af heildarverðmætasköpun í öllum jarðvarmaiðnaði í heiminum. Til samanburðar má nefna að tæplega 33% þess jarðvarma, sem nýttur er, fer til raforkuframleiðslu.

Það fer ekki milli mála að á Íslandi eru miklir möguleikar fyrir hendi á þessu sviði. Þeir eru nú að langmestu leyti ónýttir og því má segja að við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar í þessum efnum. Þó hafa framsýnir menn lengi bent á að einboðið væri að nýta auðlindir jarðvarmans og hveravatnsins í miklu meira mæli til heilsubótar. Skal þar sérstaklega nefndur Gísli Sigurbjörnsson forstjóri sem byggt hefur hluta Elliheimilisins Grundar í Hveragerði í nánd við hina heitu hveri.

Fram til þessa hefur aðeins verið reist hér ein heilsubótarstöð sem sérstaklega byggir á nýtingu jarðvarmans, hæli Náttúrlækningafélags Íslands í Hveragerði, en önnur slík stöð er í byggingu á Akureyri á vegum náttúrulækningasamtakanna. Má þó í þessu sambandi ekki gleyma hinum fjölmörgu sundstöðum um land allt sem nýta heita vatnið til heilsubótar þótt þeir falli að mestu utan ramma þessarar tillögu.

Að áliti flutningsmanna er löngu orðið tímabært að hér á landi verði hafist handa um byggingu alhliða heilsubótarstöðva þar sem nýttur væri jarðvarmi, hveravatn, hveraleir og ölkelduvatn. Þar er um náttúrugæði að ræða sem óvíða er að finna í Evrópulöndum og skapa því betri aðstöðu til framkvæmda á þessu sviði hér á landi. Slíkar heilsubótarstöðvar mundu,

eins og reynslan frá Hveragerð sýnir, verða sóttar í verulegum mæli af Íslendingum. En einnig má telja að líklegt sé að útlendingar sæki slíkar stöðvar í miklum mæli ef vel tekst til um framkvæmdina og kynningu þeirra erlendis. Gæti stofnun heilsuræktarstöðvar hérlendis á þann hátt stuðlað mjög að því að ferðamenn sæki hingað til lands í auknum mæli og skapað á þann hátt bæði atvinnu á nýjum vettvangi og gjaldeyristekjur.

Könnun Sameinuðu þjóðanna.

Um 1970 var þess óskað af hálfu íslenskra stjórnvalda að aðstoð fengist frá Sameinuðu þjóðunum til úttektar á framtíðarmöguleikum Íslands sem ferðamannalands. Bandarísku ráðgjafarfyrirtæki í ferðaþjónustu, Checchi and Company, var falið að annast verkið í samráði við íslenska ferðamálaaðila. Fyrirtækið skilaði umfangsmiklum skýrslum og tillögum um það hvernig unnt væri að efla ferðaþjónustu hér á landi og kenndi þar margra grasa. Sérstök skýrsla fjallaði um byggingu heilsubótarstöðva sem nýttu jarðvarmann og heita vatnið á ýmsan hátt. Tveir Íslendingar lögðu hönd á plóginn við gerð skýrslunnar, þeir dr. Gunnar Böðvarsson er fjallaði um íslensk jarðhitasvæði og Sigurður R. Guðmundsson efnafræðingur sem gerði skýrslu um jarðhitasvæði og efnasamsetningu vatnsins þar.

Sérstaka skýrslu um heilsubótaráhrif heita vatnsins hér á landi gerði síðan Dr. Maurice Lamarche, prófessor við læknadeild háskólans í Nancy í Frakklandi. Í niðurstöðum hans kemur m. a. fram að lindarvatn og hveravatn hér á landi er víða gætt þeim sömu heilsubótareiginleikum og vatn það sem notað er við ýmsar kunnustu heilsubótarstöðvar Evrópu. Gerir prófessorinn tillögur um að komið verði á stofn baðlækningastöðvum hér á landi sem ætla mætti að sóttar yrðu ekki síst frá öðrum löndum. Jafnframt rekur hann læknisfræðileg atriði sem lúta að meðferð við ýmsum sjúkdómum miðað við eiginleika íslenska lindarvatnsins, hveravatnsins og leirbaða. (M. Lamarche, Medical Hydrology in Iceland, Tourism in Iceland, Phase Two, Vol. II.)

Ekki er kunnugt um að neinar af þessum tillögum hafi leitt til framkvæmda af hálfu hins opinbera eða einkaaðila en ljóst er að þar eru dregnar saman mjög gagnlegar rannsóknaniðurstöður um þessi efni sem að notum geta komið í framtíðinni.

Nýjar nýtingarleiðir jarðhitans.

Svo sem hér hefur verið greint frá liggja þegar fyrir allmiklar upplýsingar um nýtingu jarðhitans hér á landi í heilsubótar- og lækningaskyni og fram hefur komið í rannsókn Sameinuðu þjóðanna að skilyrði fyrir slíkar heilsubótarstöðvar eru jafngóðar eða betri hér á landi en víðast annars staðar.

Þess vegna er fyllilega tímabært að heilbrigðisyfirvöld hafi forgöngu um að gerð verði áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Hluti þeirrar könnunar ætti að leiða í ljós hvaða staðir á landinu eru vænlegastir í þessu efni. Auk Hveragerðis er ljóst að til greina kæmi að reisa slíka stöð í nágrenni Svartsengis á Reykjanesi þar sem margir hafa sótt böð í Bláa lóninu sér til heilsubótar. Fyrir dyrum stendur nú í sumar sérstök könnun heilbrigðisyfirvalda á lækningamætti jarðsjávarins þar. En ljóst er að ýmsir aðrir staðir á landinu hafa upp á landkosti og náttúrugæði að bjóða sem máli skipta í þessu efni.

Jafnframt er eðlilegt að hluti af slíkri könnun verði áætlun um rekstrargrundvöll heilsubótarstöðva. Þær upplýsingar verða að liggja fyrir áður en unnt er að leggja drög að framkvæmdum á þessu sviði hvort sem er af hálfu einstaklinga eða áhugafélaga um þessi efni.

Þegar litið er á þetta mál í heild má segja að hér tvinnist saman leiðir til nýrrar nýtingar jarðhitans hér á landi, stofnun nýrrar heilsubótaraðstöðu fyrir útlendinga jafnt sem Íslendinga og efling ferðaþjónustunnar hér á landi.

Ed. 830. Nefndarálit [404. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna fulltrúa Fiskveiðasjóðs. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1985.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Árni Johnsen.
Björn Dagbjartsson.	Jón Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Skúli Alexandersson.	

Ed. 831. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður telur eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök og leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1985.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Ed. 832. Breytingartillaga [274. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. l. nr. 60/1980 og l. nr. 75/1982.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Við sömu lagagrein bætist ný málsgr. er orðist svo:

Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna er um getur í 2., 3. og 4. gr.

Ed. **833. Nefndarálit** [146. mál]

um frv. til sjómannalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Allmargar umsagnir bárust um frumvarp þetta, einkum frá félögum og samtökum sem tengjast siglingum og sjávarútvegi, og hefur nefndin m. a. haft mið af þeim umsögnum við umfjöllun um frumvarpið og við gerð breytingartillagna sinna, en að öðru leyti felst nefndin á frumvarpið í megindráttum og mælir með samþykkt þess.

Umsagnaraðilar voru: Samband ísl. kaupskipaútgerða, Sjómannafélag Ísfirðinga, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Verkalýðs- og sjómannafélag Akraness, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, L. Í. Ú., Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn, Slysavarnafélag Íslands, Verkalýðs- og sjómannafélag Vopnafjarðar, Stýrimannafélag Íslands, Sjómannafélag Reykjavíkur og Sjómannasamband Íslands.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal tekið fram:

Breyting sú, sem nefndin leggur til að gerð verði á 6. gr. frv., felst í því að í ráðningarsamningi skuli, auk þeirra atriða sem talin eru í frv., getið um nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja viðkomandi skipverja, en af því leiðir m. a. augljóst hagræði fyrir skipstjóra eða útgerðarmann ef tilkynna þarf um alvarlegt slys sem skipverji hefur orðið fyrir.

Varðandi brtt. við 8. gr. frv. tekur nefndin fram að hún telur nauðsynlegt að nýliðum sé sýndur allur björgunar- og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og þeim veittar leiðbeiningar í því sambandi.

Um brtt. nefndarinnar við 36. gr. frv. skal tekið fram að eftir ítarlegar umræður urðu nefndarmenn sammála um að leggja til að 36. gr. frv. skuli svara nákvæmlega til 18. gr. l. 67/1963, sbr. 38. gr. l. 49/1980, þ. e. að viðkomandi ákvæði verði lögtekin í óbreyttu formi frá því sem nú er. Telur nefndin að eigi séu komin fram fullnægjandi rök fyrir því að gildandi ákvæðum um „staðgengilsreglu“ svokallaða verði breytt nú svo skömmu eftir að viðkomandi ákvæði í 18. gr. sjómannalaga voru færð í núverandi horf með l. nr. 49/1980.

Breytingu þeirri, sem nefndin leggur til að gerð verði á orðalagi 64. gr. frv., er ætlað að taka af allan vafa um að lög, sem sett hafa verið um lágmarkshvíldartíma skipverja og nú eru í gildi, sbr. einkum l. nr. 53/1921, haldi gildi sínu þrátt fyrir tilkomu nýrra sjómannalaga, auk þess sem síðar kunna að verða gefin nánari fyrirmæli um þetta efni í lögum.

Valdimar Indriðason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Árni Johnsen.
Jón Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.

Ed. 834. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til sjómannalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 6. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Í samningnum skal meðal annars greina:
   1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, heimili og nafnnúmer,
   2. stöðu hans á skipinu,
   3. nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja,
   4. ferð þá eða tímabil sem skipverjinn er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest sé um það samið,
   5. umsamið kaup, m. a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu,
   6. önnur hlunnindi.
2. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um þau störf sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra.
3. Við 18. gr. Orðin „sem er á framfæri hans“ falli brott.
4. Við 23. gr. 3. tölul. fyrri mgr. falli brott.
5. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.
   Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.
   Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.
   Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
   Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.
6. Við 64. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Um lágmarkshvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í lögum og kjarasamningum.

Ed. 835. Breytingartillögur [355. mál]

við frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Rétt til þess að starfa hér á landi sem starfsmaður heilbrigðisstéttar skv. lögum þessum hefur sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að loknu námi.
   Ráðherra setur reglur með nánari ákvæðum um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt er hann ákveður að fella undir þessi lög, að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis. Ráðherra er heimilt að setja sem skilyrði fyrir fullu starfsleyfi að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari.
   Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða fólk er starfað hefur í starfsgrein án þess að hafa tilskilda starfsmenntun, skal ætíð leita umsagnar viðkomandi starfsstéttar og landlæknis áður en leyfi er veitt.
   Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum heilbrigðisstétta er undir lög þessi falla skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmst viðkomandi milliríkjasamningi.
2. 3. mgr. 6. gr. falli niður.
3. 8. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Ed. 836. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Kolbrún Jónsdóttir, Árni Johnsen og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Nd. 837. Frumvarp til laga [478. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Stofnun tónlistarskóla.

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara auk stundakennara.
2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum.
3) Kennir skv. námsskrá útgefinni af menntamálaráðuneytinu eða námslýsingu, sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins, ef námsskrá skortir. Hverjum nemanda skal veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).
4) Hefur a. m. k. 30 nemendur, sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar.
5) Hefur hlotið sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

2. gr.

Ef sveitarfélag vill koma á fót tónlistarskóla, skal sveitarstjórn semja reglugerð um skólann, sem ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna, sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélagsins.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag ákveða að koma á fót tónlistarskóla í sameiningu, skal reglugerðin samin og samþykkt af viðkomandi sveitarstjórnum og þar m. a. kveðið á um skiptingu kostnaðar og ábyrgðar af skólahaldinu.

3. gr.

Aðrir aðilar en sveitarfélög geta sett á fót tónlistarskóla, sem njóta skal styrks skv. ákvæðum laga þessara. Áður en slíkur skóli hefur starfsemi, skal senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til menntamálaráðuneytisins. Skal þar greint frá því m. a. hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á. Greinargerðin skal hafa borist viðkomandi sveitarfélagi eigi síðar en 15. apríl ásamt rekstraráætlun og drögum að starfsreglum fyrir skólann. Sveitarstjórn skal fjalla um greinargerðina og taka afstöðu til þess, hvort hún fallist á greiðslur til skólans úr sveitarsjóði.

Ef fyrirhugað starfssvæði skólans er fleiri en eitt sveitarfélag, skulu viðkomandi sveitarstjórnir fjalla um málið á sama hátt og skal þá jafnframt taka afstöðu til þess, hvernig kostnaðarskipting skal vera milli sveitarsjóða og hver skal vera greiðsluaðili fyrir skólann.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um afstöðu sína til skólans og eigi síðar en einum mánuði eftir að greinargerð um skólann berst til sveitarstjórnarinnar. Sé sveitarstjórnin samþykk stofnun skólans fyrir sitt leyti og ráðuneytið fellst á, að skilyrði séu fyrir hendi til skólahaldsins, skal gera ráð fyrir kostnaði við rekstur skólans í tillögum til næstu fjárlaga og á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta ár. Ráðuneytið skal tilkynna um afstöðu sína eigi síðar en 2 mánuðum eftir að því hefur borist greinargerðin.

4. gr.

Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans, en veita skal styrk til hljóðfærakaupa og annars stofnkostnaðar eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Skiptir menntamálaráðuneytið heildarupphæð styrkja í þessu skyni í samræmi við nánari reglur, sem það setur, en styrkur til hljóðfærakaupa má nema allt að þriðjungi af kostnaðarverði.

5. gr.

Tónlistarskólar þeir, sem starfandi eru og styrk hafa hlotið fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda staðfestingu sinni, enda fullnægi þeir lágmarkskröfum, skv. lögum þessum. Ef skóli er rekinn á vegum sveitarfélags skal semja reglugerð skv. ákvæðum 2. gr. eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku laganna. Ef skóli er rekinn á vegum annarra aðila, skal senda menntamálaráðuneytinu starfsreglur hans innan sama tíma.

6. gr.

Ef tónlistarskóli sem styrks hefur notið hættir störfum, skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o. fl.), þar til eignanna er þörf við rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði, sem þá skal fá eignirnar í hendur án endurgjalds.

II. KAFLI

Rekstur tónlistarskóla.

7. gr.

Tónlistarskólar, sem reknir eru af sveitarfélögum, skulu fá styrk frá ríkissjóði, sem nemur 50% af launagreiðslum til kennara og skólastjóra. Skal þá miðað við, að launagreiðslur séu í samræmi við þá kjarasamninga, sem fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera við viðkomandi stéttarfélög starfsmanna á hverjum tíma, og að kennslumagn sé í samræmi við samþykkta kennsluáætlun. Skal senda áætlunina menntamálaráðuneytinu til staðfestingar eigi síðar en 15. maí ár hvert, og skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi skólastjóra um afstöðu sína til áætlunarinnar eigi síðar en 15. júlí ár hvert.

8. gr.

Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu senda áætlun um kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal jafnframt í greinargerð skýra fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni. Fallist sveitarstjórn á áætlunina, skal hún send til menntamálaráðuneytisins til staðfestingar eigi síðar en 15. maí ár hvert, og skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi skólastjóra og sveitarstjórn um afstöðu sína til áætlunarinnar eigi síðar en 15. júlí ár hvert.

9. gr.

Starfsmenn tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, en njóta styrks skv. lögum þessum, skulu njóta launa í samræmi við kjarasamninga, sem fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera við stéttarfélög þeirra á hverjum tíma, en þeir teljast

starfsmenn viðkomandi skóla nema öðruvísi sé um samið. Þeim er heimil þátttaka í söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eða öðrum þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi starfsmaður á aðgang að.

10. gr.

Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstraráætlun og þær breytingar, sem verða á launatöxtum í samræmi við framangreinda kjarasamninga. Greiðsla skal fara fram mánaðarlega skv. nánara samkomulagi milli skólastjórnar og sveitarstjórnar. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi helming útlagðs kennslukostnaðar skv. þessari grein skv. nánari reglum, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

11. gr.

Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar m. a. fjalla um námsskrár við tónlistarkennslu, kennslumagn og próf og réttindi, sem þau veita.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með samþykki laga nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, urðu þáttaskil í starfsemi skólanna. Fjárstuðningur hins opinbera var stóraukinn. Helmingaskipti milli ríkis og sveitarfélaga urðu á öllum launakostnaði vegna kennslu, er kom í stað styrkgreiðslna sem miðuðust við greiðslu á ⅓ hluta launakostnaðar frá hvorum aðila sem í reynd náði ekki þeim lögbundna kostnaði. Tilgangur laga nr. 22/1975 var m. a. sá að gera öllum kleift að stunda nám án tillits til efnahags og stuðla að eflingu tónlistarkennslu sem víðast um landið.

Segja má að lögin hafi að vissu marki náð þessum tilgangi. Tónlistarskólum hefur fjölgað mjög verulega, nú eru starfandi liðlega 60 tónlistarskólar með um 8.500 nemendur í stað 38 tónlistarskóla með um 3.500 nemendur áður. Framlög hins opinbera hafa liðlega þrefaldast að raungildi á sama tíma.

Við framkvæmd laganna hafa hins vegar komið fram ýmsir annmarkar sem valdið hafa erfiðleikum.

Þau atriði, sem fyrst og fremst hafa verið gagnrýnd, eru m. a. eftirfarandi:

— Lítil takmörk eru sett fyrir því hve marga tónlistarskóla unnt er að stofna og eiga rétt á styrkgreiðslu úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi ef skilyrðum 1. greinar er fullnægt.
— Skilyrðislaus ákvæði þess efnis að skólastjórar og kennarar verði starfsmenn sveitarfélaga án þess að sveitarfélög eigi aðild að stofnun skólans. Ákvæði þetta hefur ekki í reynd öðlast almennt gildi.

— Takmörkuð áhrif hins opinbera á námsframboð og kennslumagn, en næstum ótakmörkuð greiðsluskylda.
— Ákvæði skorti sem tryggi gæði kennslu og námseftirlit.
— Réttarstaða kennara og aðild að kjarasamningum er óviss.

Þessi atriði ásamt fleirum leiddu til þess að menntamálaráðuneytið skipaði nefnd á árinu 1980 til þess að endurskoða lög nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Nefndin, sem skipuð var fulltrúum frá ríki, sveitarfélögum og samtökum tónlistarkennara, skilaði áliti í formi frumvarps til laga síðar sama ár.

Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að frumvarpið var ekki lagt fyrir Alþingi á þeim tíma.

Frumvarp þetta var síðan tekið til umfjöllunar á ný á þessu ári í tengslum við viðræður fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu þessara aðila. Niðurstaða þeirra umræðna hefur síðan leitt til þess að frumvarpið er nú lagt fyrir Alþingi.

Almennar athugasemdir.

Fyrsti kafli fjallar um stofnun tónlistarskóla, hver séu skilyrði til stofnunar, hverjir séu stofnaðilar og hvernig skuli farið með stofnkostnað. Annar kafli fjallar um rekstur tónlistarskóla, greiðsluskyldu hins opinbera, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar, gerð kennsluáætlana, kjarasamninga kennara, réttindi þeirra o. fl.

Þessi kaflaskipting laganna milli stofnunar og rekstrar tónlistarskóla er önnur meginbreyting við uppsetningu laganna. Hin breytingin er sú að gerð eru ákveðin skil milli skóla sem stofnaðir eru og reknir af sveitarfélögum og þeirra sem reknir eru af þriðja aðila.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um það með hvaða hætti tónlistarskólar skulu stofnsettir, að öðru leyti en því að fullnægi þeir skilyrðum 1. gr. núgildandi laga, hljóti þeir styrk. Sum atriði 1. greinar þykja að auki ekki nægilega skýr auk þess sem þar skortir veigamikil atriði. Engar ákveðnar reglur gilda um það með hvaða hætti tónlistarskólar hljóta opinbera staðfestingu við stofnun. Úr þessum atriðum er reynt að bæta með tillögum nefndarinnar. Þær úrbætur leiddu til þess að fyrirferð þeirra greina sem fjölluðu um stofnun tónlistarskóla varð meiri. Varð því niðurstaðan sú að skipta lögunum í tvo kafla annan um stofnun og hinn um rekstur tónlistarskóla.

Frumkvæði að stofnun tónlistarskóla hefur ýmist verið í höndum sveitarfélaga eða einstaklinga og áhugamannahópa s. s. tónlistarfélaga. Nokkur eðlismunur er á því hvort sveitarfélag eða aðrir aðilar setja á stofn slíkan skóla. Þótti því rétt að gera nokkur skil á milli þessara tveggja rekstrarforma sem nú eru algengust.

Í tillögum þessum felst engin grundvallarbreyting frá gildandi lögum heldur hefur verið stefnt að því að sníða af vissa agnúa og lagfæra þau atriði sem mest voru gagnrýnd og getið er um í inngangi.

Athugasemdir og skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um þau skilyrði sem fullnægja þarf til þess að tónlistarskóli teljist styrkhæfur samkvæmt lögum.

Fyrsti og annar töluliður eru óbreyttir frá gildandi lögum. Samkvæmt þeim er það skilyrði að skóli hafi a. m. k. einn fastan kennara og að skólinn starfi minnst sjö mánuði á ári og ljúki árlegri starfsemi sinni með prófum og opinberum nemendahljómleikum.

Þriðji töluliður er nokkuð breyttur frá gildandi lögum. Þar eru sett inn ákvæði þess efnis að kennt skuli samkvæmt námsskrá, útgefinni af menntamálaráðuneyti, eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytis, ef námsskrá skortir.

Hér er um mjög mikilvæga breytingu að ræða, sem telja verður eitt af grundvallaratriðum í starfi tónlistarskóla, að stefnt sé að markvissu tónlistarnámi og reyndar nauðsynleg forsenda samræmds náms í tónlistarskólum hvar sem er á landinu.

Síðari hluti þessa töluliðar er óbreyttur frá gildandi lögum, þ. e. um það kennslumagn, sem hverjum nemenda skal veitt vikulega. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji sérstakar reglur um námsskrá, kennslumagn o. fl., sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Í fjórða tölulið er tilgreindur lágmarksfjöldi nemenda. Lágmarksfjöldi 30 er óbreyttur, en það skilyrt sem ekki var áður að a. m. k. 30 nemendur stundi nám til viðurkenndrar prófraunar, þ. e. stundi nám í samræmi við skilyrði þriðja töluliðar og þeirra ákvæða sem kynnu að verða sett í reglugerð þar um.

Fimmta tölulið, sem er nýtt ákvæði, er ætlað að taka af fyrri tvímæli um, að til þess að tónlistarskólar öðlist fullan rétt sem viðurkenndir tónlistarskólar, þurfi samþykki viðkomandi yfirvalda.

Í núgildandi lögum er ekki að finna jafn tvímælalaus ákvæði um stofnun og rekstur tónlistarskóla. Telja verður hins vegar nauðsynlegt að þeir aðilar, sem standa eiga straum af stærstum hluta rekstrarkostnaðar, hafi óumdeildanlegan rétt í þessu máli.

Um 2. gr.

Fyrri málsgrein, sem er nýtt ákvæði, kveður á um stofnun tónlistarskóla á vegum sveitarfélags. Þar er gert ráð fyrir að samin sé reglugerð fyrir hvern skóla. Öðlast sú reglugerð gildi þegar menntamálaráðherra hefur staðfest hana, enda fullnægi skólinn ákvæðum 1. gr. Þá er ennfremur gert ráð fyrir að í reglugerð fyrir hvern skóla skuli kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna, sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélags. Gert er ráð fyrir því með þessari grein að sveitarfélög gerist formlega ábyrg fyrir stofnun og þar með rekstri tónlistarskóla en nokkuð hefur skort á að svo hafi verið.

Síðari málsgrein 2. gr. er efnislega samhljóða ákvæði í gildandi lögum um skiptingu rekstrarkostnaðar milli sveitarfélaga standi fleiri en eitt sveitarfélag að rekstri tónlistarskóla.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því skv. þessari grein að aðrir aðilar en sveitarfélög geti stofnsett tónlistarskóla s. s. félög og einstaklingar. Til þess að stofnun slíks skóla geti orðið þarf til að koma samþykki bæði ríkis og viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Grein þessi er nokkuð ýtarleg og þarfnast því ekki sérstakra útskýringa.

Um 4. gr.

Með ákvæðum 4. gr. er því slegið föstu sem meginreglu að stofnendur skóla greiði þann kostnað er leiðir af stofnun hans. Hins vegar er haldið nánast óbreyttum ákvæðum 6. gr. gildandi laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla í þeim tilvikum að Alþingi ákveður greiðslu styrkja vegna stofnkostnaðar. Þá er ennfremur gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji sérstakar reglur um greiðslur styrkja vegna stofnkostnaðar.

Um 5. gr.

Samkvæmt þessari grein er til þess ætlast að þeir skólar, sem starfandi eru og styrk hafa hlotið fyrir gildistöku laganna, hljóti formlega viðurkenningu hins opinbera innan 6 mánaða, enda fullnægi þeir skilyrðum laganna.

Ákvæði þetta er nauðsynlegt, m. a. með tilliti til stöðu starfsmanna tónlistarskóla, samningsgerð, lífeyrissjóðsréttindi o. fl.

Um 6. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 10. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Gengið er út frá óbreyttum ákvæðum um helmingaskipti ríkis og sveitarfélaga á kennslulaunakostnaði tónlistarskóla. Nýtt ákvæði er hins vegar sett um, að endurgreiðsla þess kostnaðar skuli miðuð við kjarasamninga, sem launanefnd sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið geri við viðkomandi stéttarfélög og kennslumagn í samræmi við áður samþykkta kennsluáætlun. Hvort tveggja eru mikilvæg ákvæði. Meðferð og afgreiðsla fjárlagatillagna er efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Ákvæði er sett um skyldu ráðuneytis til að tilkynna afstöðu sína til áætlana eigi síðar en tveim mánuðum eftir að þær hafa borist.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um meðferð fjárlagatillagna tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum. Greinin þarfnast ekki sérstakra athugasemda eða skýringa.

Um 9. gr.

Meðal þeirra atriða sem urðu hvati þess að endurskoðuð voru gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla var óljós réttarstaða kennara tónlistarskólanna. Ákvæði gildandi laga hafa ekki tryggt öllum kennurum sömu réttindi, svo sem ráðningu eða aðild að verðtryggðum lífeyrissjóði. Þá hefur enginn heildarsamningur verið gerður sem tekur til réttinda og kjara allra tónlistarkennara.

Ákvæðum 9. gr., svo og 2. og 7. gr., er ætlað að taka af öll tvímæli um þessi atriði. Samkvæmt 2. og 7. gr., verða þeir kennarar, sem starfa hjá tónlistarskólum sveitarfélaga jafnframt starfsmenn þeirra með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Starfsmönnum skóla, sem reknir eru af þriðja aðila, er samkvæmt 9. gr. ætlað að njóta sömu launa og starfsmenn sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að launanefnd sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið geri sérstakan kjarasamning við viðkomandi stéttarfélög um kaup og kjör starfsmanna tónlistarskóla. Miðist launagreiðslur við þá samninga, enda endurgreiði ríkissjóður sveitarfélögum eftir þeim samningi. Starfsmenn tónlistarskóla, sem reknir eru af þriðja aðila, verði starfsmenn viðkomandi stofnunar, nema öðruvísi sé um samið í hverju tilviki, það er að starfsmenn tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélagi, geti verið starfsmenn viðkomandi sveitarfélags eins og tíðkast hefur í ýmsum skólum síðan 1975. Þá eru ákvæði þess efnis að starfsmönnum tónlistarskóla samkvæmt þessari grein verði heimiluð aðild að verðtryggðum lífeyrissjóði í vörslu fjármálaráðuneytisins.

Um 10. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er gengið út frá því að sveitarfélög greiði tónlistarskólum í eigu þriðja aðila allan launakostnað vegna kennslu mánaðarlega í samræmi við samþykkt kennslumagn og kjarasamnina.

Ríkissjóður endurgreiði síðan sveitarfélögum 50% þess kostnaðar, samkvæmt nánari reglum sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Gera verður ráð fyrir að slíkar reglur byggist á mánaðarlegum endurgreiðslum og árlegu reikningsuppgjöri við skil rekstrarreikninga.

Um 11. gr.

Styrkur ríkissjóðs til tónlistarskóla einskorðast við greiðsluhlutdeild í launakostnaði skólastjóra og kennara og takmörkuð stofnkostnaðarframlög. Hið sama gildir einnig í flestum tilfellum um styrkgreiðslur sveitarfélaga. Annar rekstrar- og stofnkostnaður verður því að greiðast af skólagjöldum og annarri fjáröflun. Ekki er í núgildandi lögum ákvæði um skólagjöld, slíkt hefur væntanlega verið talið sjálfsagt, enda eru nú sem áður greidd skólagjöld við alla tónlistarskóla til þess að standa straum af ýmsum rekstrargjöldum.

Ákvæði 11. gr. er ætlað að lögfesta innheimtu skólagjalda, en jafnframt að taka af öll tvímæli um að þeim eigi ekki að verja til þess að greiða kennslulaun heldur annan rekstrar- og stofnkostnað við skólahaldið.

Um 12. gr.

Lögum þessum er fyrst og fremst ætlað að taka til hins fjárhagslega þáttar við stofnun og rekstur tónlistarskóla og verða fyrst og fremst að skoðast sem rammi fyrir hinn fjárhagslega stuðning.

Ljóst er að setja þarf ýmsar reglur um hið innra starf skólans svo og að nokkru um fjárhagsleg samskipti rekstraraðila. Helstu reglur eða reglugerðir, sem setja þarf í framhaldi af nýrri lagasetningu, eru m. a. eftirfarandi. Reglugerð er fjalli um námsskrá, kennslumagn, próf og réttindi, er taki jafnframt afstöðu til námsefnis og námsstjórnar. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um reikningsskil ríkis og sveitarfélaga, skiptingu stofnframlaga og einnig að staðfestar verði reglur um starfsemi hvers skóla, þ. e. yfirstjórn, fjárhagslega ábyrgð, stofnun útibúa o. fl.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 838. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allt það þing. Svo er og um kosningu til efri deildar. Kosning kjörbréfanefndar samkv. 4. gr. er fyrir allt kjörtímabilið.

Ed. 839. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 28. gr. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Nú er mál svo mikilvægt að dómi þingflokks að þörf er meiri umræðna við fyrstu umræðu málsins en gert er ráð fyrir í 3. mgr. og skal þá tilkynna það forseta áður en umræða hefst. Gilda þá ekki tímamörk 3. mgr. Hver þingflokkur má þó aðeins nota sér þessa heimild þrisvar á hverju þingi.

Nd. 840. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er samþykk því að það efnisatriði, sem er undirrót frumvarpsins, varðandi skaðabætur vegna galla í varanlegri fjárfestingarvöru eins og steinsteypu, þarfnist sérstakrar athugunar, enda sé með öllu óviðunandi að seljendur slíkrar vöru beri ekki raunverulega ábyrgð á vöru sinni, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. júní 1983. Hins vegar getur nefndin ekki fallist á frumvarpið í núverandi mynd og telur að málið þarfnist sérstakrar athugunar. Með tilliti til þess að málið er brýnt telur nefndin að vinna eigi þegar sérstakt frumvarp um þetta atriði án tillits til endurskoðunar kaupalaganna að öðru leyti.

Nefndin telur eðlilegt að ríkisstjórnin láti vinna þetta verk og leggi fyrir næsta þing frumvarp um þetta efni.

Með tilvísan til þessa leggur nefndin til að málinu **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1985.

Páll Pétursson, form.	Halldór Blöndal, frsm.	Kjartan Jóhannsson.
Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.

Ed. 841. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fjórum fundum. Til viðtals komu Rafn Kristjánsson og Theodór Halldórsson frá Sölustofnun lagmetis og Halldór Kristjánsson iðnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þar sem því var harðlega mótmælt að fulltrúar þessara stofnana skyldu felldir úr stjórn Þróunarsjóðsins.

Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum á þskj. 842.

Stefán Benediktsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Björn Dagbjartsson, frsm.	Davíð Aðalsteinsson.
Egill Jónsson.		Skúli Alexandersson.

Ed. 842. Breytingartillögur [363. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar (ÞK, BD, DA, EgJ, SkA).

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna (sbr. l. nr. 77/1983) komi: 31. desember 1988.

Nd. 843. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Halldóri Blöndal og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Við 17. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.
2. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Eigandi viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim, sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis, og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.
3. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 19. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.
   Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.
4. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.
   Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.
5. Við 22. gr.
   a. Í stað orðsins „sjónvarpstæki“ í 1. mgr. komi: viðtæki.
   b. Í stað orðsins „sjónvarpsviðtækja“ í 3. mgr. komi: viðtækja.

Ed. 844. Frumvarp til laga [416. mál]

um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 684 með þessum breytingum:

28. gr. hljóðar svo:

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Nú er tillaga til þingsályktunar borin fram í sameinuðu þingi og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur sem fluttar eru í sameinuðu þingi.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti sameinaðs þings samþykki það.

32. gr. hljóðar svo:

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. 36. gr. eftir því sem við á.

Ed. 845. Frumvarp til laga [106. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim umsækjanda sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar tannlæknadeildar Háskóla Íslands um hæfni umsækjanda til tannlæknisstarfa. Heimilt er ráðherra að synja um leyfi ef umsögn er neikvæð.

3. gr.

Veita má þeim leyfi samkvæmt 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslensku máli, mæltu og rituðu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

4. gr.

Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi eigi 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga við um hagi hans.

5. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga sem skulu samdar af nefnd er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð að deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, annar er yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytisins og hinn þriðji skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Nefndin skal enn fremur kveðja til tvo sérfróða tannlækna til þátttöku í meðferð einstakra mála er varða sérgrein þeirra og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

6. gr.

Verksvið tannlækna tekur til forvarna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannvöntun, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast.

7. gr.

Um lyfjaávísanir tannlækna fer samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

8. gr.

Tannlæknum er heimilt að hafa aðstoðarfólk. Um sérhæft aðstoðarfólk fer samkvæmt lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

9. gr.

Aðstoðarfólk samkvæmt 8. gr. skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði sem undir tannlækningar falla.

Öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn er óheimilt að stunda tannlækningar.

10. gr.

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

11. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

12. gr.

Ef landlæknir verður þess var að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins skal hann áminna viðkomandi og skýra jafnframt heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélagi Íslands frá áminningunni og tilefni hennar.

Komi áminningin ekki að haldi ber landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Sérhverjum tannlækni ber að viðhalda þekkingu sinni. Telji landlæknir að tannlæknir hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem krefjast beri af honum skýrir hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

14. gr.

Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrám, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða, auk sviptingar tannlækningaleyfis, sbr. 12. og 13. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

16. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 7/1929, um tannlækningar, með síðari breytingum.

Ed. 846. Frumvarp til laga [274. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Við sömu lagagrein bætist ný málsgr. er orðist svo:

Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna er um getur í 2., 3. og 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 847. Frumvarp til laga [49. mál]

um vinnumiðlun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 49 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóður og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefna einn fulltrúa hvert í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa sameiginlega.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

6. gr. hljóðar svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Í kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri skulu starfa sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur, reknar af hlutaðeigandi sveitarfélagi, en aðrir kaupstaðir og kauptúnahreppar með 1000 íbúa eða fleiri geta falið sérstökum deildum eða starfsmanni sveitarfélagsins að annast vinnumiðlun.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.

17. gr. hljóðar svo:

Fyrirtækjum og einstaklingum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra getur, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, heimilað stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda að annast miðlun vinnu fyrir félagsmenn enda hafi þau fastar starfsstöðvar og fullnægjandi aðstöðu að öðru leyti og veiti þjónustuna endurgjaldslaust. Sama gildir um samtök námsmanna.

Þeir aðilar, sem fá heimild til vinnumiðlunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, eru bundnir af ákvæðum þessara laga, svo og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

Nd. 848. Frumvarp til laga [479. mál]

um skipulag ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI
Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

Skulu fimm skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver, nema ferðamálasamtök utan Reykjavíkur, sem tilnefna tvo fulltrúa:

1. Félag hópferðaleyfishafa
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa
3. Félag leiðsögumanna
4. Félag sérleyfishafa
5. Ferðafélag Íslands
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð
8. Samband ísl. sveitarfélaga
9. Samband veitinga- og gistihúsa
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
11. Stéttarsamband bænda
12. Reykjavíkurborg
13. Ferðamálasamtök utan Reykjavíkur.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar 5 manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára.

Einn er formaður Ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar.

Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf. og Samband veitinga- og gistihúsa. Einn skal skipaður til eins árs í senn, tilnefndur af Ferðamálaráði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning og markaðsmál.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
7. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
8. Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.
9. Samstarf við Náttúruverndarráð, og aðra hlutaðeigandi aðila, um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
10. Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.
11. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
12. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.
13. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemi 10% af árlegri vörusölu. Skal því fjármagni varið á eftirfarandi hátt:

a) Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
b) Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr.
c) Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.

Ferðamálaráð gerir fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn, sem skal lögð fyrir samgönguráðherra, en hann tekur endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins sem skal annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa ríkisins hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. allar eignir og fylgifé, til hins nýja félags,
b. að láta fara fram nákvæmt mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. m. t. viðskiptavild, til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi,
c. að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins geti keypt bréf í hlutafélaginu,
d. að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til starfsmanna hennar.

Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan. Skulu öll hlutabréf sem seld verða vera skráð á nafn.

Þeir starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins sem notið hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku þessara laga, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóði.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar 3 fulltrúa til setu á aðaltundum og hluthafafundum félagsins. Fer hver þeirra með ⅓ af atkvæðum ríkissjóðs í félaginu, eins og þau eru á hverjum tíma.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi skulu koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 3 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á fundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

12. gr.

Við skipulagningu ferða skal Ferðaskrifstofa ríkisins hf. leitast við að nýta gisti- og veitingaþjónustu sem rekin er allt árið. Þar sem þörf krefur er henni þó heimilt að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna, enda sé lágmarkskröfum um húsnæði og búnað skv. lögum og reglugerðum um veitinga- og gististaði fullnægt.

Við starfrækslu sumarhótela skal þess ávallt gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við nærliggjandi hótel. Jafnframt skal þess gætt að þjónusta sumarhótela sé að öðru jöfnu til ráðstöfunar fyrir aðrar ferðaskrifstofur.

13. gr.

Stjórnin ræður forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins hf. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a) Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
b) Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c) Útvegun gistihúsnæðis.
d) Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a- til d-lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

Skal ráðið ganga úr skugga um og hafa eftirlit með, að öllum skilyrðum sé fullnægt.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a) Fjárræði og forræði á búi sínu.
b) Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 1,7 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð árlega og breytt ef þurfa þykir í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingafé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingafjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annnast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningum forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a) Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
b) Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
c) Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

24. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar, en tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Ferðamálaráði.

25. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingu, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til einkaaðila og opinberra aðila, sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

26. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 12 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

27. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 60 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs.

28. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu nema sérstakar ástæður komi til.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 4 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976. Þó skal III. kafli þeirra laga um Ferðaskrifstofu ríkisins halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn í samræmi við 11. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í september 1983 skipaði Matthías Bjarnason, samgönguráðherra, nefnd til að endurskoða gildandi lög um skipulag ferðamála nr. 60/1976. Var nefndinni sérstaklega falið að kanna eftirfarandi ákvæði gildandi laga:

a) Ákvæði 8. gr. um álagningu sérstaks gjalds á vörusölu fríhafnarinnar í Keflavík, sem skuli nema 10% af árlegu söluverðmæti og renna til landkynningarverkefna o. fl.
b) Ákvæði III. kafla laganna sem fjalla um Ferðaskrifstofu ríkisins, rekstur hennar og rekstur sumarhótela.

c) Ákvæði IV. kafla laganna, sem fjalla um almennar ferðaskrifstofur.
d) Ákvæði laganna um Ferðamálasjóð.

Í nefndina voru skipaðir Friðjón Þórðarson, alþingismaður, formaður, Ólafur S. Valdimarsson, ráðuneytisstjóri, Heimir Hannesson, formaður Ferðamálaráðs, Hólmfríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa og Ingólfur Hjartarson, lögfræðingur Félags íslenskra ferðaskrifstofa. Ritari nefndarinnar var Pétur Pétursson, fv. alþingismaður, sem sat alla fundi og tók virkan þátt í störfum nefndarinnar.

Auk þeirra ákvæða sem nefndinni var sérstaklega falið að kanna samkvæmt framansögðu gerði hún tillögur um þrjár nokkuð veigamiklar breytingar á gildandi lögum um skipulag Ferðamálaráðs, svo og ýmsar minni háttar lagfæringar.

Ráðuneytið hefur gert eftirfarandi breytingar á frumvarpsdrögum nefndarinnar:

1. Í Ferðamálaráð eru skipaðir fimm fulltrúar án tilnefningar í stað þriggja. Fulltrúar ferðamálasamtaka utan Reykjavíkur verði tveir í stað eins.
2. Í 7. gr., sem fjallar um verkefni Ferðamálaráðs er bætt nýjum lið, þ. e. 6. lið; skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
3. Í III. kafla frumvarpsins, um Ferðaskrifstofu ríkisins, er ríkisstjórninni heimilað að stofna til hlutafélags um rekstur skrifstofunnar, sbr. aths. við einstakar greinar.
4. Í kaflanum um almennar ferðaskrifstofur, 14. gr., er skotið inn setningunni: Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.
5. Í 21. gr. er heimild fyrir eftirlifandi maka til að halda áfram rekstri ferðaskrifstofu eftir andlát leyfishafa lengd úr einu ári í fimm ár.
6. Í kaflanum um Ferðamálasjóð er sett inn ný 24. gr., þar sem eru ákvæði um sérstaka stjórn fyrir sjóðinn sem samgönguráðherrra skipar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um tilgang og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að lögð er sérstök áhersla á, að um sjálfstæða atvinnugrein sé að ræða í íslensku atvinnulífi.

Um 2. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

II. KAFLI

Um Ferðamálaráð Íslands.

Um 3. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að fjölgað sé um fimm fulltrúa, miðað við gildandi lög. Þykir eðlilegt að Reykjavíkurborg eigi fulltrúa í ráðinu og einnig að ferðamálasamtök utan Reykjavíkur eigi þar tvo fulltrúa. Fellt er úr gildandi lögum, að Ferðamálaráð skuli eigi halda færri en 10 fundi á ári.

Um 5. gr.

Ré' þykir að skipuð sé 5 manna framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs, sem sé að meiri hluta sl.ipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila ferðamálaþjónustunnar. Formaður yrði skipaður án tilnefningar og sá fimmti yrði tilnefndur af Ferðamálaráði til eins árs í senn og mundu þá væntanlega hinar ýmsu greinar ferðaþjónustunnar skiptast á um að tilnefna fulltrúa í framkvæmdastjórnina.

Um 6. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Nýmæli í þessari grein er að Ferðamálaráð skuli falið að starfrækja bókunarmiðstöð í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar. Slíkt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í nágrannalöndum og ᵏykir gefast vel.

Þá er í þessari grein lögð áhersla á, að Ferðamálaráð hafi frumkvæði að snyrtilegri umgengni lands í samstarfi við sveitarfélög og aðra opinbera aðila, svo og aðra landeigendur, hvort sem um er að ræða í byggðum eða í óbyggðum.

Um 8. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða sömu grein í gildandi lögum. Þó er lögð aukin áhersla á fjármögnun til starfsemi Ferðamálaráðs, annars vegar með gjaldi frá Fríhöfninni í Keflavík til tiltekinna verkefna og hins vegar með framlagi ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum til greiðslu launa og annars rekstrarkostnaðar ráðsins.

III. KAFLI

Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins. Í því skyni er henni heimilt að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í væntanlegu hlutafélagi til starfsfólks skrifstofunnar.

Um 10. gr.

Hér er yfirstjórn hlutafélagsins falin 5 manna stjórn, þar sem meiri hlutinn er skipaður af samgönguráðherra.

Um 11. gr.

Samkvæmt 38. gr. frumvarpsins gilda ákvæði III. kafla laga nr. 60/1976, um Ferðaskrifstofu ríkisins, þar til stofnfundur samkvæmt þeirri grein hefur verið haldinn.

Um 12. gr.

Samkvæmt þessari grein skal Ferðaskrifstofa ríkisins hf. leitast við að nýta gisti- og veitingaþjónustu í eigu einkaaðila sem rekin er allt árið. Jafnframt er henni heimilt að reka sumarhótel, í húsnæði heimavistarskóla, ef þörf krefur, enda séu þau að jöfnu til ráðstöfunar fyrir almennar ferðaskrifstofur. Rétt er að taka fram, að þær aðstæður gætu skapast, í undantekningartilvikum, að rétt væri að fela Ferðaskrifstofu ríkisins hf. rekstur starfandi hótels um skamman tíma. Skylda samkvæmt ákvæðum 14. gr. gildandi laga fellur niður.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IV. KAFLI

Um almennar ferðaskrifstofur.

Um 14. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að bætt er í d-lið greinarinnar orðunum „starfrækslu sætaferða“. Einnig er skotið inn setningunni „Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofu“. Þetta ákvæði nær m. a. til sérstakrar nefndar sem þegar er starfandi með aðild Félags ferðaskrifstofa, og tekur til afgreiðslu margs konar kvartanir sem berast frá viðskiptavinum ferðaskrifstofanna.

Um 15. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 16. gr.

Við þessa grein í gildandi lögum er því bætt, að Ferðamálaráð skuli ganga úr skugga um og hafa eftirlit með að öllum skilyrðum til ferðaskrifstofureksturs sé fullnægt.

Um 17. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 18. gr.

Í stað skyldu ferðaskrifstofa til að senda ráðuneytinu ársreikninga, kemur að ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

Um 19. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 21. gr.

Andist leyfishafi er maka hans heimilt að halda rekstrinum áfram í eitt ár samkvæmt gildandi lögum. Þetta tímabil er óeðlilega stutt og er lengt í fimm ár.

Um 22. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

V. KAFLI

Um Ferðamálasjóð.

Um 23. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti stuðlað að þróun íslenskra ferðamála með styrkveitingum auk lána samkvæmt gildandi lögum.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi sérstaka þriggja manna stjórn fyrir Ferðamálasjóð. Formaður sjóðstjórnar er skipaður án tilnefningar, en tveir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu Ferðamálaráðs. Sjóðurinn hefur eflst verulega frá því hann var fyrst stofnaður með lögum um ferðamál frá 1964 og þykir því rétt að lögbinda að með mál hans fari sérstök stjórn, en hann sé ekki að öllu leyti undir stjórn Ferðamálaráðs, eins og nú er.

Ráðið hefir þó meiri hluta í stjórn sjóðsins.

Í framhaldi af þessari skipan hefur 28. gr. núgildandi laga verið felld niður sem óþörf, en þar segir:

„Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær, og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.

Ákvarðanir Ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.“

Um 25. gr.

Við þessa grein er bætt 4. tölulið þar sem sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til aðila, sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

Um 26. gr.

Framlag ríkissjóðs er fært til núvirðis.

Um 27. gr.

Lánsheimild er færð til núvirðis.

Um 28. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að ef sérstakar ástæður koma til, má breyta út af aðalreglunni.

Um 30. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum, nema að fjárhæð er færð til núvirðis.

Um 31. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum, að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni“. Slíkt er auðvitað sjálfsagt.

Um 32. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 33. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 34. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Óbreytt frá gildandi lögum. Um 35.—36. gr.

Um 37.—38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 849. Breytingartillaga [86. mál]

við brtt. á þskj. 733 [Áfengislög].

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Í stað „0,5%“ í 6. tl. komi: 1%.

Ed. 850. Frumvarp til sjómannalaga. [146. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 151 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Útgerðarmaður skal sjá um að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur (skiprúmssamningur) við skipverja. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor sínu eintaki. Í samningnum skal meðal annars greina: 1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, heimili og nafnnúmer, 2. stöðu hans á skipinu, 3. nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja, 4. ferð þá eða tímabil sem skipverjinn er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest sé um það samið, 5. umsamið kaup, m. a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, 6. önnur hlunnindi.

Samgönguráðuneytið getur sett nánari reglur um form og efni samninga samkvæmt 1. mgr. og getur jafnframt mælt fyrir um notkun sérstakra eyðublaða í þessu augnamiði og sér ráðuneytið þá einnig um útgáfu og dreifingu þeirra.

Skipstjóri getur, í umboði útgerðarmanns, ráðið skipverja og gilda þá um það ákvæði 1. mgr. Skipstjóri getur einnig, með sama skilorði, vikið skipverja úr skiprúmi eða sagt honum upp störfum, sbr. 23.—25. gr.

Eftir því sem við verður komið skal ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa í vélarrúmi, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta, við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans, svo og við aðra yfirmenn um ráðningu undirmanna þeirra.

Sérhver skipverji skal hafa sjóferðabók sem samgönguráðuneytið lætur gera. Skipstjóri geymir sjóferðabók skipverja meðan skipverji er í skiprúminu.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um gerð sjóferðabóka.

Lögskráningarstjóra er skylt að afhenda sjóferðabók hverjum skipstjóra og skipverja í fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eða síðar ef sjóferðabók hefur glatast eða er fullnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma.

8. gr. hljóðar svo:

Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um þau störf sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á skipi, nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf, allt fram til átján ára aldurs.

Útgerðarmaður getur krafist þess að sá sem vill ráða sig á skip leggi fram við ráðningu sína vottorð læknis þess efnis að hann sé ekki haldinn einhverjum sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um læknisskoðun samkvæmt 3. mgr.

18. gr. hljóðar svo:

Ef skipverji fær, eftir að skiprúmssamningur var gerður, vitneskju um að maki hans, barn eða foreldri, hafi látist eða orðið fyrir alvarlegu slysi eða veikindum getur hann krafist lausnar úr skiprúmi og á hann þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu.

23. gr. hljóðar svo:

Skipstjóri getur vikið skipverja úr skiprúmi, ef:

1. skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa,
2. skipverji er haldinn sjúkdómi sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af,
3. læknisskoðun skv. 33. gr. leiðir í ljós að skipverji er eigi fær til að vinna starf sitt þótt eigi sé hann sjúkur.

Ákvæði 36. gr. um rétt skipverja til launa o. fl. eiga við um brottvikningu úr skiprúmi eftir 1. mgr.

36. gr. hljóðar svo:

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3.mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekendi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

64. gr. hljóðar svo:

Skipverjum skal ætlaður hæfilegur tími til hvíldar og matar.

Um lágmarkshvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í lögum og kjarasamningum.

Nd. 851. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 852. Frumvarp til laga [50. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 542 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. l. nr. 23 1979), sbr. þó 9. gr.:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda samkvæmt VII. kafla laga nr. 60/1984.
b. kröfu launþega um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búi,
c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði iðgjaldahluta launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,
d. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
e. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
f. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,
g. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt stafliðum a-e, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt stafliðum f og g þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

9. gr. hljóðar svo:

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

Nd. 853. Breytingartillaga [86. mál]

við brtt. á þskj. 733 [Áfengislög].

Frá Karvel Pálmasyni.

Við 7. tl. bætist: Lögin skulu þó ekki koma til framkvæmda nema þau hafi áður hlotið samþykki meiri hl. atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fari eigi síðar en 15. september 1985.

Nd. 854. Frumvarp til laga [480. mál]

um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga, sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarri viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa og/eða af hækkuðum raunvöxtum, ekki valda því að greiðslubyrði af greindum lánum þyngist.

2. gr.

Lög þessi taka til fasteignaveðlána einstaklinga, sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins, og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og stofnunum eftir því sem um semst milli lántaka og lánveitanda.

Lögin geta einnig tekið til almennra lána vegna fasteignaviðskipta þar sem samið er sérstaklega um, að ákvæðum um greiðslujöfnun við endurgreiðslu eftirstöðva kaupverðs skuli beitt.

Lög þessi taka eingöngu til verðtryggðra lána, en viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglur um sambærileg lánskjör óverðtryggðra lána.

3. gr.

Við gerð lánssamnings skal ákveða greiðslumark fyrir lánið.

a) Greiðslumark af verðtryggðu láni með jöfnum afborgunum er gjaldfallin afborgun og upphaflega umsamdir vextir á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.
b) Greiðslumark af verðtryggðum jafngreiðslulánum er árgreiðslan á verðlagi við lántöku miðað við upphaflega umsamda vexti.

4. gr.

Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin hafa verið á tímabilinu frá 1. mars 1982 til gildistöku laga þessara, er gjaldfallin afborgun og vextir á verðlagi við lántöku.

Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin voru fyrir 1. mars 1982, er gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. mars 1982.

Greiðendum lána er um ræðir í þessari grein, sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar, skal gefinn kostur á að fresta greiðslum af þessum lánum skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga, enda berist stofnuninni umsókn þar að lútandi fyrir 1. september 1985.

5. gr.

Á gjalddaga láns er greiðslumark framreiknað miðað við breytingu á launavísitölu skv. 6. gr. og borið saman við gjalddagafjárhæð lánsins, sem er samanlögð fjárhæð afborgunar, verðtryggingarþáttar (verðbóta) og vaxta samkvæmt lánssamningi án greiðslujöfnunar.

Sé framreiknað greiðslumark lægra en gjalddagafjárhæð, gjaldfellur einungis sá hluti gjalddagafjárhæðar, sem samsvarar greiðslumarki. Greiðslu á ógreiddum hluta gjalddagafjárhæðar er frestað og myndar hann skuld á sérstökum jöfnunarreikningi sem telst hluti af höfuðstól lánsins.

Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við greiðslumark að því marki, sem skuld er á jöfnunarreikningi, en sé jöfnunarreikningur skuldlaus, skal gjalddagafjárhæð ráða greiðslu.

Ef skuld er á jöfnunarreikningi eftir að upprunalegum lánstíma er lokið, skal endurgreiða hana á sama gjalddaga (gjalddögum) ársins miðað við framreiknað greiðslumark á síðasta gjalddaga lánsins.

Lánskjör, þ. m. t. vextir og verðtrygging vegna skuldar á jöfnunarreikningi, skulu vera þau sömu og af upprunalegu láni.

6. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna út og birta mánaðarlega launavísitölu til greiðslujöfnunar. Launavísitalan skal miðuð við upphaf hvers mánaðar og gilda við útreikning greiðslumarks lána frá og með fyrsta degi næsta mánaðar. Vísitala þessi skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Vísitala atvinnutekna skal byggð á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um mánaðarlegar breytingar atvinnutekna á mann. Launavísitalan skal sett 100 í júní 1979 og reiknuð fyrir hvern mánuð frá þeim tíma.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiðendum fullverðtryggðra lána, sem um ræðir í 4. gr. þessara laga, skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) á næsta heila ári hvers láns. Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð, sem á jöfnunarreikningi stæði, ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá

lántöku, og einungis taka til þeirra, sem nú eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar og æskja frestunar af þeim sökum. Umsóknir skulu hafa borist stofnuninni fyrir 1. september 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp á sér talsverðan aðdraganda sem ekki verður rakinn hér í smáatriðum.

Félagsmálaráðherra lagði fram í ríkisstjórninni 15. janúar s. l. tillögu um að lánskjaravísitala yrði tekin til endurskoðunar með tilliti til vaxandi greiðsluerfiðleika fólks vegna húsnæðislána.

Í framhaldi þessa fól félagsmálaráðherra nefnd sem hefur það verkefni að kanna fasteignamarkaðinn og fasteignaviðskipti og gera tillögur til úrbóta, að gera tillögur um leiðir til að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu um slíka greiðslujöfnunarleið til ráðherra 22. febrúar s. l., sem kynnt var í fjölmiðlum.

Í nefndinni eiga sæti Stefán Ingólfsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Stefánsson viðskiptafræðingur, Gunnar Helgi Hálfdánarson hagfræðingur og Jón Sveinsson lögfræðingur.

Á grundvelli þessara hugmynda nefndarinnar fól félagsmálaráðherra Þórði Ólafssyni lögfræðingi, forstöðumanni bankaeftirlitsins og Yngva Erni Kristinssyni hagfræðingi að semja frumvarp til laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frumvarp þetta var síðan lagt fyrir ríkisstjórnina 7. mars s. l.

Í sambandi við viðræður ríkisstjórnarinnar við Alþýðusamband Íslands m. a. um húsnæðismál, var skipaður sérstakur samstarfshópur stjórnvalda og Alþýðusambands Íslands, sem unnið hefur að framkomnum hugmyndum til lausnar á fjárhagsvanda húsbyggjenda og kaupenda m. a. greiðslujöfnunarleið skv. frumvarpi félagsmálaráðherra frá 7. mars s. l. Með bréfi, dags. 23.4.85 fskj. I, skilaði samstarfshópurinn tillögum sínum um tilhögun greiðslujöfnunar húsnæðislána í frumvarpsformi, sem samkomulag náðist um í öllum meginatriðum, þ. e. frumvarp til laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Með þessu frumvarpi er boðuð ný stefna í verðtryggingu húsnæðislána. Frumvarpið byggir á svonefndri greiðslujöfnun fasteignaveðlána, sem felst í því að endurgreiðslur húsnæðislána eru tengdar launabreytingum. Tilgangur frumvarpsins er þannig að fyrirbyggja að greiðslubyrði vegna húsnæðislána þyngist, ef misgengi skapast milli hækkunar lánskjaravísitölu (eða annarrar viðmiðunarvísitölu) og hækkunar launa og/eða vegna hækkunar raunvaxta.

Ef laun hækka minna en lánskjaravísitalan er hluta endurgreiðslu lánsins frestað þar til laun hækka á ný umfram lánskjaravísitöluna. Þetta gerist samkvæmt frumvarpinu með þeim hætti, að mismunur launavísitölu og lánskjaravísitölu er færður á sérstakan jöfnunarreikning. Skuld á jöfnunarreikningi telst hluti af höfuðstól lánsins og um hana gilda því sömu kjör og um ræðir í lánssamningi. Þessi skuld er síðan endurgreidd hlutfallslega þegar launavísitalan hækkar umfram lánskjaravísitölu, eða eftir upphaflegan lánstíma, ef skuld er þá á jöfnunarreikningi.

Með þessum hætti er tryggt að greiðslubyrði húsbyggjenda og kaupenda vegna lána hjá byggingarsjóðum ríkisins þyngist ekki, þó að kaupmáttur launa rýrni vegna sveiflna í efnahagsstarfseminni.

Frumvarpið nær einungis beint til lána byggingarsjóða ríkisins, en gert er ráð fyrir að sama tilhögun geti gilt um húsnæðislán annarra sjóða og stofnana eftir því sem um semst milli lántaka og lánveitanda. Það er því hins vegar ákvörðun viðkomandi lífeyrissjóða, banka og annarra sjóða og stofnana hvort greiðslujöfnun í samræmi við þetta frumvarp verður tekin upp þar, en lögð er áhersla á að slíkt samkomulag verði um lán til húsnæðismála.

Meginatriði frumvarpsins snúa að tilhögun verðtryggingar húsnæðislána í framtíðinni. Gerð er tilraun til að móta sanngjarnara og þægilegra lánakerfi fyrir húsbyggjandann og kaupandann. En einnig eru í frumvarpinu ákvæði sem lúta að vanda þeirra, sem byggt hafa eða keypt í efnahagskreppu síðustu ára. Frumvarpið er því liður í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að aðstoða þá sem lent hafa í alvarlegum greiðsluerfiðleikum við að afla sér húsnæðis á undanförnum árum.

Þetta er gert með þeim hætti að gefa greiðendum fullverðtryggðra lána hjá byggingarsjóðunum, sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar, kost á því að fresta greiðslum af þessum lánum allt að því marki sem frumvarpið segir til um, ef ákvæðin um greiðslujöfnun hefðu gilt frá lántöku. Þeim greiðendum lána sem nú eiga í mestum erfiðleikum stendur því til boða, að greiðslujöfnunin gildi um lán þeirra aftur í tímann og hluti næstu greiðslu af þessum lánum frestist í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Þeir sem óska eftir að greiðslujöfnunin nái til þegar tekinna lána geta sótt um það til Húsnæðisstofnunarinnar. Umsóknum er sett tiltölulega þröng tímamörk, 1. sept. n. k., til að sem fyrst liggi ljóst fyrir með hvaða hætti verður unnt að ganga frá einstökum atriðum málsins.

Á fylgiskjali II, III og IV, sem fylgja hér með, er gerð tilraun til að meta áhrif frumvarpsins á endurgreiðslu lána til byggingasjóðanna. Ákaflega erfitt er að meta þessi áhrif bæði vegna þess að óljóst er hvað margir munu sækja um að greiðslujöfnunin gildi um þeirra lán og einnig er fjöldi þeirra sem á í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum óþekktur. Talnaefnið á fylgiskjölunum ætti þó að gefa vísbendingu um hvað getur verið að ræða í þessu efni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er tilgangur greiðslujöfnunar fasteignalána skýrður. Tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að kaupmáttarrýrnun vegna almenns samdráttar í efnahagslífinu og/eða hækkunar raunvaxta valdi því að greiðslubyrði af húsnæðislánum þyngist.

Um 2. gr.

Með þessari grein er skilgreint til hvaða lána greiðslujöfnunin nær. Er þar fyrst og fremst um að ræða fasteignaveðlán einstaklinga, sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins. En einnig er gert ráð fyrir að aðrir sjóðir og stofnanir, s. s. lífeyrissjóður, bankar og sparisjóðir geti tekið þetta fyrirkomulag upp. Að auki getur greiðslujöfnunin náð til almennra lána vegna fasteignaviðskipta samkv. frumvarpinu.

Frumvarpið tekur eingöngu til verðtryggðra lána, en viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglur um sambærileg lánskjör óverðtryggðra lána.

Um 3. gr.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána skv. frv. fer fram með þeim hætti, að sett er ákveðið greiðslumark, er ræður hámarki hverrar greiðslu af láninu, þegar það hefur verið framreiknað skv. 5. gr. Greiðslumarkið ákvarðast af upphaflegum lánssamningi og miðast við þær lánagreiðslur, sem falla skulu til á hverjum gjalddaga, að óbreyttum upprunalega umsömdum vöxtum. Breyting vaxta síðar, skv. ákvörðun lánssamnings um breytanlega vexti, haggar þannig ekki greiðslumarkinu og getur því valdið greiðslujöfnun.

Ákvæði 3. og 4. gr. þess efnis, að þannig ákvarðað greiðslumark gildi á verðlagi við lántöku eða 1. mars 1982 vísar í senn til viðmiðunarvísitölu lánsins og launavísitölu skv. 6. gr. Grunnverðlag þetta má skoðast sem 100 í tilviki beggja vísitalnanna, en frá þeim grunni reiknast hlutfallsleg breyting hvorrar þeirra um sig til ákvörðunar á misgengi, sem gæti orðið milli þeirra, sbr. 1. gr.

Um 4. gr.

Lánþegar áður tekinna lána með verðtryggingu standa þegar frammi fyrir þeim vanda, að misgengi hefur orðið þeim í óhag milli lánskjaravísitölu eða vísitölu byggingarkostnaðar annars vegar og almennrar launaþróunar hins vegar. Nauðsynlegt þykir að opna möguleika á, að greiðslujöfnun taki til þessara lána. Með tilliti til hinna miklu fjárhæða, sem hér er um að ræða og takmarkaðrar getu byggingarsjóða til þess að gefa greiðslur eftir, þykir þó rétt að setja það skilyrði fyrir greiðslujöfnun þessara lána, að um verulega greiðsluerfiðleika sé að ræða að mati Húsnæðisstofnunar. Gert er ráð fyrir, að slíkt samþykki á greiðslujöfnun muni síðan gilda allan lánstímann. Í tilviki hliðstæðra lána utan byggingarsjóða ríkisins yrði í þessu tilliti um samningsatriði að ræða.

Ástæða þykir til þess að setja því takmörk, hve langt aftur í tímann megi ákvarða grunnverðlag greiðslumarks. Þykir eftir atvikum rétt að setja það mark við 1. mars 1982, enda hefur misgengi hlutaðeigandi vísitalna einkum gerst frá þeim tíma.

Um 5. gr.

Grein þessi kveður á um, hvernig greiðslumark skuli reiknað fram til samanburðar við gjalddagafjárhæð láns, þ. e. gjaldfallna samtölu afborgana, verðbóta og vaxta skv. lánssamningi, svo og hvernig með mismun þessara stærða skuli farið. Greiðslumark hvers gjalddaga, og þá með upphaflega umsömdum vöxtum, er framreiknað með launavísitölu skv. 6. gr. til gjalddaga og fundinn munur þess og gjalddagafjárhæðar. Munur þeirrar fjárhæðar umfram greiðslumark færist sem skuld á jöfnunarreikningi. Skal sú skuld greiðast annars vegar af mun greiðslumarks umfram gjalddagafjárhæð á síðari gjalddögum, en þar sem því sleppir með lengingu lánsins til greiðslu á sömu gjalddögum, með óbreyttum lánskjörum og með árlegum greiðslum, er ráðast af framreiknuðu síðasta greiðslumarki frumlánsins. Í tilviki breytanlegra vaxta merkja óbreytt lánskjör, að vextir séu áfram breytanlegir eftir sömu reglu og gilti um frumlánið.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um hvernig mæla skuli launavísitölu til greiðslujöfnunar.

Með því að nota að jöfnu vísitölur meðalkauptaxta allra launþega og atvinnutekna á mann, er að nokkru tekið tillit til breytinga launa umfram samningsbundnar breytingar.

Með atvinnutekjum er átt við hvers konar tekjur atvinnu, hvort sem greitt er í peningum eða hlunnindum. Heimildir um atvinnutekjur eru skattframtöl og athuganir Kjararannsóknarnefndar. Atvinnutekjur eru þannig grundvallaðar á árlegum mælingum og er Þjóðhagsstofnun falið að áætla mánaðartölur. Vísitala meðalkauptaxta allra launþega styðst einkum við athuganir Kjararannsóknarnefndar og upplýsingar frá launadeild fjármálaráðuneytisins. Vísitala meðalkauptaxta hefur verið birt reglulega af Þjóðhagsstofnun og Kjararannsóknarnefnd.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um afturvirkni greiðslujöfnunarinnar. Frestun greiðslu er heimiluð allt að þeirri fjárhæð, sem stæði á jöfnunarreikningi, ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku. Rétt þykir þó, að taka tillit til áður fenginna skuldbreytinga og við þá sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunarinnar og æskja frestunar af þeim sökum.

Fylgiskjal I.

Samstarfshópur stjórnvalda og
ASÍ um húsnæðismál.

Reykjavík, 23. apríl 1985

Forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson
Reykjavík.

Hér með fylgir tillaga um tilhögun greiðslujöfnunar húsnæðislána, sem samstarfshópur stjórnvalda og ASÍ um húsnæðismál hefur í öllum meginatriðum orðið sammála um. Tillagan er í formi frumvarps til laga. Gengið hefur verið frá einstökum greinum frumvarpsins, en athugasemdir og skýringar við þær eru í vinnslu. Almenn greinargerð mun byggjast á ákvörðun stjórnvalda um málsmeðferð og því fylgir hún ekki hér með.

Um önnur mál hefur samstarfshópurinn fjallað að undanförnu, en niðurstöður liggja ekki fyrir. Áhersla var lögð á að flýta tillögugerð um greiðslujöfnun til þess að tími ynnist til að fjalla um það mál á Alþingi og afgreiða í vor, ef ákvörðun þar um verður tekin.

Eftirtaldir menn skipa nefndan samstarfshóp:

Af hálfu stjórnvalda: Þórður Friðjónsson, Bjarni Bragi Jónsson, Hallgrímur Snorrason, Jóhann Einvarðsson og Sigurður Snævarr. Af hálfu ASÍ: Björn Björnsson, Grétar Þorsteinsson og að hluta Björn Þórhallsson.

F. h. samstarfshópsins
Þórður Friðjónsson

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsstofnun 26. apríl 1985

Dæmi um greiðslujöfnun.

	Eftirstöðvar eftir greiðslu	Greiðsla	Greiðslu-mark	Á jöfnunar-reikning	Skuld á jöfnunar-reikningi
Lántaka 1. mars 1982	157 000	0	0	0	0
1. gjalddagi (1/3/83) .	261 091	5 875	0	0	0
2. gjalddagi (1/3/84) .	402 556	21 891	16 509	5 382	5 382
3. gjalddagi (1/3/85) .	491 429	27 604	20 003	7 600	16 217
4. gjalddagi (1/3/86) .	546 114	37 745	22 003	15 742	34 392

Aths.:
Nýbyggingarlán skv. staðli 2, 2—4 í heimili. Annuitetslán með 2,25% vöxtum, til 26 ára þ. a. eitt ár afborgunarlaust. Greiðslumark (árgreiðsla) kr. 8 279,54. Miðað við 10% hækkun vísitölu til greiðslujöfnunar og 15% hækkun lánskjaravísitölu.

Fylgiskjal III.

Þórður Friðjónsson
3. maí 1985

Bráðabirgðáætlun um hugsanleg áhrif frumvarps um greiðslujöfnun á endurgreiðslur lána Húsnæðisstofnunar árið 1985[1]).

	Árið 1985 Millj. kr.
Endurgreiðsla til byggingarsjóðanna, samtals	670
Til frádráttar:	
Veitt lán fyrir 1. júlí 1979	205
Veitt lán til annarra en einstakl.	55
Hámarksuppsöfnun (miðað við dæmi ÞHS, fylgiskjal II, gildi að meðaltali fyrir öll lánin)	164
	246
I. Ef 25% teljast vera í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum	61,5
II. Ef 50% teljast vera í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum	123,0

[1]) Hér er um afar lauslega áætlun að ræða sem gerð er í samráði við Hilmar Þórisson hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Nauðsynlegt er að fela stofnuninni að fara yfir þetta talnaefni og áætla nánar um hvaða tölur gæti hér verið að ræða.

Fylgiskjal IV.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

6. maí 1985

Lausleg áætlun um áhrif greiðslujöfnunar á Byggingarsjóð ríkisins.
— Verðlag ársins 1985. —

	Áhrif greiðslujöfnunar		Hlutfall af endurgr. 1985	
	að hámarki	m. v. 50%		
Í m.kr.	(1)	(2)	m. v. (1)	m. v. (2)
Misgengi v/1979—1985[1])	155,6	77,8	26,0%	13,0%
Á ári frá 1986 m. v. óbreyttan kaupmátt[2])	63,2	31,6	10,5%	5,3%

1) Uppsafnað misgengi launavísitölu (meðaltal kauptaxta og atvinnutekna) og lánskjaravísitölu frá 1979 á verðlagi 1985. Hér sjást mismunandi áhrif af greiðslujöfnun skv. ákvæði til bráðabirgða, miðað við forsendur.

2) Árleg frestun greiðslu í framtíðinni, miðað við að kaupmáttur skv. launavísitölu breytist ekki héðan í frá. Ef kaupmáttur batnar lækkar þessi tala.

Sþ. 855. Fyrirspurn [481. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga.

Frá Braga Michaelssyni.

1. Að hve miklu leyti hafa grunnskólalögin, nr. 63/1974, nú komið til framkvæmda, sbr. ákvæði 88. gr. laganna um að þau skuli koma til framkvæmda eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku?
2. Hvaða möguleika telur menntamálaráðherra á að koma öllum ákvæðum laganna í framkvæmd á fullnægjandi hátt?
3. Við hve marga grunnskóla er nú viðunandi aðstaða til kennslu í eftirfarandi greinum:
   a) heimilisfræðslu,
   b) íþróttakennslu,
   c) sundkennslu?
   Svör við ofangreindum atriðum óskast sundurliðuð eftir fræðsluumdæmum.
4. Að hve miklu leyti hefur menntamálaráðuneytið falið fræðsluskrifstofum verkefni er þeim voru ætluð í grunnskólalögum?
5. Á hve mörgum stöðum eru nú í byggingu íþrótta- og sundmannvirki? Hve margar beiðnir um ný slík mannvirki hafa borist menntamálaráðuneytinu og fjárveitinganefnd?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 856. Fyrirspurn [482. mál]

til menntamálaráðherra um uppsagnir kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hversu margir fastráðnir kennarar í grunnskólum og framhaldsskólum hafa sagt starfi sínu lausu eða sótt um launalaust leyfi frá og með byrjun næsta skólaárs?

Beðið er um sundurliðun eftir fræðsluumdæmum og heildartölu á hvoru skólastigi.

Óskað er skriflegs svars.

Sþ. 857. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um gerð frumvarps til stjórnarskipunarlaga um fylkisstjórnir.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að semja frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem feli í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Landinu verði skipt í fylki. Skiptingin taki einkum mið af hefðbundnum samskiptum fólks, en einnig náttúrulegum staðháttum.
2. Í hverju fylki verði kosin fylkisstjórn í almennum kosningum á fjögurra ára fresti. Um kosningarrétt og kjörgengi gildi sömu reglur og við alþingiskosningar.
3. Fylkisstjórnir hafi víðtæk völd er efli sjálfsforræði íbúanna, styrki heimastjórn þeirra og vinni gegn núverandi miðstýringu efnahagslífs. Þær hafi fjárveitingavald, bæði af eigin skattfé og fjárframlögum frá Alþingi.
4. Hvert fylki verði sjálfstætt lögsagnarumdæmi og komið verði á embættum fylkisdómara og fylkislögreglustjóra.

Frumvarpinu fylgi nánari tillögur um framkvæmd einstakra atriða sem að framan greinir.

Greinargerð.

Inngangur.

Á landsfundi Bandalags jafnaðarmanna í nóvember 1983 var samþykkt tillaga þess efnis að taka skyldi upp fylkjaskipulag á Íslandi. Þessi stefna var síðan ítrekuð á landsfundi Bandalagsins í febrúar 1985.

Mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála nú er að brjóta upp áratugagamalt stjórnkerfi miðstýringar og hagsmunavörslu. Þrátt fyrir einhverja mestu verðmætasköpun á Vesturlöndum eru Íslendingar í lægstu sætunum að því er varðar kaupmátt venjulegra launa. Skýringanna er að leita í stjórnarháttum sem eyðileggja og sóa afrakstri af vinnu landsmanna og auðlindum fremur en að byggja upp og bæta. Þetta stjórnarfar virðir niðurstöður kosninga að vettugi, kallar enga til ábyrgðar á mistökum og snýst um það eitt að verja hagsmuni stærstu valdaklíknanna í samfélaginu. Þetta stjórnarfar hlustar aldrei á fólk, drepur sjálfsbjargarviðleitni þess og fyrirlítur frumkvæði þess.

Í stað þess að hvetja til sjálfsbjargar er efnahagslífi stjórnað með almennum stórvirkum ráðstöfunum sem taka ekkert tillit til raunverulegrar afkomu fólks og fyrirtækja. Þar má nefna kjarasamninga, fiskverðssamninga, búvöruverðsákvarðanir og gengisskráningar sem eru líflausar reiknitölur úr meðaltalsmaskínum ríkisstofnananna en koma hvergi nærri kviku þjóðlífsins. Með þessum aðgerðum hefur fólk verið svipt völdum yfir lífi sínu og afkomu.

Valdaræningjar stjórnmála- og efnahagslífs okkar eru víða. Þeir eru á Alþingi, í ríkisstjórn, í stjórnmálaflokkum, verkalýðshreyfingu, samtökum vinnuveitenda, Stjórnarráði og fjármálastofnunum, svo að dæmi séu nefnd. Milli allra þessara stofnana liggja leyndir og ljósir þræðir peningalegra og stjórnmálalegra hagsmuna. Á Íslandi ríkir því fámenn stétt miðstýringarpostula.

Fólk verður nú að rísa gegn þessum úreltu stjórnarháttum. Bændur verða að krefjast breytinga á starfsemi samtaka sinna. SÍS-auðhringinn verður að brjóta upp. Launafólk verður að ná völdum í verkalýðshreyfingunni og steypa forustuklíkunum. Hrista verður upp í einokunarbælum sölusamtaka og olíuverslunar. Banka- og peningastofnanir þurfa að losna undan skóhælum fjórflokkanna og fara að sinna fólki og fyrirtækjum án tillits til pólitískra hagsmuna. Fólkið verður að ná völdum.

Óvíða eru tilhneigingar miðstýringarinnar augljósari og afleiðingarnar skelfilegri en þegar litið er til sambands hinna dreifðu byggða landsins við valdastofnanir miðstýringarinnar. Smákóngar Alþingis, stórfurstar bankakerfisins og aðrir handhafar miðstjórnarvaldsins hafa gert heimafólk að bónbjargamönnum. Hvorki smáum málum né stórum er hægt að hreyfa án þess að fara betlileiðina suður. Þar verða menn að láta sér lynda að hlýða á úrskurði manna sem enga ábyrgð bera á verkum sínum og enga þekkingu hafa á verkefnum. Bönkum á heimaslóð er fjarstýrt úr aðalstöðvunum. Útibússtjórarnir eru valdalausir og peningalausir og eru í rauninni aðeins sæmilega launaðir rukkarar sem beina aflafé heimafólks í aðalbankana í Reykjavík. Innheimtukerfi ríkisstofnana og stórfyrirtækja, svo sem tryggingafélaga, verka á sama hátt, safna saman fjármunum landsmanna og senda þá „suður".

Þetta umhverfi frelsisskerðingar og valdaráns er paradís fyrirgreiðslufurstanna. Fólki er meinað að ganga upprétt og njóta eðlilegs afraksturs verka sinna og hugvits, en er neytt til að krjúpa við borð fámennisstjórnarinnar og þiggja molana sem falla þar á gólfið.

Alþingismenn telja miðstýringuna af hinu góða. Hún festir þá í sessi. Það hentar pólitískum hagsmunum þeirra að auka fjárveitingahlutverk þingsins og færa meira forræði til stofnana og sjóða ríkisvaldsins. Með áhrifum á fjárveitingar í þinginu og setu í stjórnum stofnana og sjóða ná þeir að tryggja völd sín yfir kjósendum sínum. Þannig verða alþingismenn helstu vörslumenn þessa miðstýrða kerfis því að á því byggjast eiginhagsmunir þeirra, þ. e. lykilstaðan gagnvart kjósendum. Ef þetta vald verður flutt á heimaslóð verða alþingismenn sviptir þessari leið til endurkjörs og áhrifa.

Afleiðingar miðstýringar — landshlutar.

Það er undirstöðuatriði í stefnu Bandalags jafnaðarmanna að fólk hafi rétt til sjálfsstjórnar og frumkvæðis og að miðstýringarstefna síðustu áratuganna sé í grundvallaratriðum röng og hættuleg.

Í fyrsta lagi hefur þessi stefna drepið fjölbreytileika, frumkvæði og tilraunir. Íslenskar ríkisstjórnir gera ráð fyrir því að reglur sem þykja góðar í Stjórnarráðinu þyki líka góðar um landið allt og það sé nauðsynlegt að reisa ríkisstofnun til að framfylgja þeim út á ystu annes. Aldrei dettur mönnum í hug að fólk á Kópaskeri kunni að vilja haga málum sínum öðruvísi en fólk í Kópavogi. Fyrirkomulag, sem gengur vel í Reykjavík, þarf ekki að ganga vel á Raufarhöfn. Í rauninni virðist stjórnkerfið telja að ráðherrar og starfsmenn þeirra í kringum Arnarhólstúnið viti meira um málefni sveita og héraða heldur en heimafólkið sjálft. Árangurinn er sá að þarfir svæða og héraða eru hundsaðar og frumkvæði heimamanna kæft.

Annað einkenni miðstýringarinnar er að sveitarfélög eru algjörlega háð duttlungum ríkisvalds. Völd, verkefni og tekjur sveitarfélaga sveiflast til eftir geðþótta ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis hverju sinni. Þó að talað sé um nauðsyn á sjálfsstjórn og frumkvæði sveitarfélaga hefur það farið minnkandi síðustu árin.

Þriðja einkennið á miðstjórnartilhneigingum síðustu áratuga er að ríkisstjórn og stofnanir hennar hafa kaffært sig í smáverkefnum. Pósthólf og skrifborð ráðherra, opinberra embættismanna og þingmanna eru full af smáverkefnum úr heimahéruðum, verkefnum sem augljóslega á að vinna á heimavelli. Yfirleitt eru þar á ferðinni vandamál sem einmitt eru til orðin vegna þess að verkum er stýrt frá ráðuneytum og opinberum stofnunum frekar en af

heimamönnum. Ákvarðanir ráðuneytanna verða iðulega rangar af því að þær eru teknar án nokkurrar snertingar við verkefnin. Smámálaþrasið eyðileggur langtímaaðgerðir og stefnumótun í þjóðmálum.

Uppbygging ráðuneytanna er eftir greinum en ekki eftir svæðum. Sérstökum þörfum einstakra svæða eða héraða er ekki hægt að mæta nema breyta uppbyggingu stjórnkerfisins á þann hátt að veita heimafólki sjálfsstjórn.

Í fjórða lagi veldur miðstýring undanfarinna áratuga því að ákvarðanir eru teknar af skömmtunarstjórum sem ekki eru ábyrgir gagnvart kjósendum. Með samþjöppun valdsins og samtryggingu flokkakerfisins í kringum það veitist þegnunum ómögulegt að ná til þeirra embættismanna sem eru þó að taka ákvarðanir sem varða líf fólksins. Opnar, lýðræðislegar kosningar til fylkisstjórna mundu auka möguleika fólks til að hafa áhrif á störf þeirra sem að stjórnsýslunni vinna. Einnig þarf að taka upp atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum og fylkjum um verkefni og þjónustu.

Í fimmta lagi birtist miðstýringin gagnvart landshlutum þannig að í mörg ár hafa ríkisstjórnir rekið svokallaða byggðastefnu. Alþingi og ríkisstjórnir hafa tekið fé af þegnunum í ríkiskassann og dreift því þaðan aftur eftir pólitískum línum. Þetta er ágætt dæmi um hugsunarhátt miðstýringarinnar. Hugtakið „byggðastefna" er fundið upp af forsjárhyggjupostulunum sjálfum. Hin eina raunverulega byggðastefna er sú að tryggja sjálfræði þegnanna. Ef fólk fær að njóta þess sem það aflar og ef svæði og héruð eru sjálfstæð um uppbyggingu atvinnulífs þarf engar aumingjabætur frá ríkisstjórninni og Alþingi. Í stað bóta- og styrkjastefnunnar þarf að gera fólki, fyrirtækjum og héruðum kleift að standa á eigin fótum, að ná eigin vexti og viðgangi.

Í sjötta lagi verður miðstýringin fjarlæg og einkennist af þungu skrifræði. Áhrifum sínum kemur hún til skila með stórum og þunglamalegum stofnunum, svo sem Rafmagnsveitum ríkisins, Vegagerð ríkisins, skipulagsstjóra, Skógrækt ríkisins, Húsnæðisstofnun ríkisins svo að nokkur dæmi séu nefnd. Önnur starfsemi í landinu hefur fallið í sama farveg, svo sem banka- og fjármálastarfsemi. Allri bankastarfsemi er miðstýrt og bankar úti í landshlutunum eru ónýtar innheimtustofnanir. Allar fjármálaákvarðanir, sem máli skipta, eru teknar í aðalstöðvunum.

Valddreifing og landshlutar.

Valddreifing er mikilvæg í augum Bandalags jafnaðarmanna af ýmsum grundvallarástæðum. Valddreifingartillögur byggjast á trausti á mannlega náttúru og þeirri staðföstu trú að fólk leiði samfélagið í átt til góðs fái það sjálft að ráða. Það á að tryggja fólki möguleika á því að eiga hlut að ákvörðunum sem varða það sjálft. Þannig munu framfarir spretta af fjölbreytileika og tilraunastarfsemi — sem ekki þrífst í miðstýringu. Valddreifing er svar við þeirri deyfð efnahags- og stjórnmálalífs sem verður vegna miðstýringarinnar. Landssvæði verða fátækari vegna þess að hæfileikar og auðlindir streyma til miðstjórnarinnar. Valddreifingarstefnan er ekki takmörkuð við Ísland heldur gætir hennar víða á Vesturlöndum. Þar sem landshlutar hafa nokkurt sjálfstjórnarvald eru stjórnarráðin í höfuðborginni minni og fást aðallega við að leggja heildarlínur, bæði um lagasetningu og stefnumál fyrir þjóðina.

Fylkisstjórnir, sem eru kosnar í almennum kosningum, eru lýðræðislega ábyrgar fyrir gerðum sínum. Þær hafa veruleg efnahagsleg áhrif því að þær geta skipulagt notkun fjármagns í samræmi við þarfir hvers svæðis. Fylkisstjórnir eiga að hafa mikilvægt hlutverk við að skapa möguleika fyrir efnahagslega þróun og sjálfstæði á heimaslóð. Um verkefni þeirra á því sviði vísast til tillagna Bandalags jafnaðarmanna um **þróunarstofur landshluta** og **stuðning við stofnun smáfyrirtækja.** Í kringum aðsetur raunverulegs héraðsvalds mun rísa ýmiss konar þjónusta og starfsemi sem örvar efnahagslíf og eykur stöðugleika í héruðum.

Flutningur valds út til fylkjanna mun hafa mikil áhrif á stjórnmálaumræðu í landinu. Málefni, sem nú eru hluti af landsmálaumræðunni, verða frekar rædd heima í héruðum. Stjórnmálaflokkar, sem nú leggja fram stefnu á Alþingi í ýmsum málaflokkum, munu leggja þá stefnu fram í fylkisstjórnarkosningum. Þá verður t. d. lögð áhersla á þá þjónustu sem frambjóðendur til fylkisstjórna vilja að fylkið veiti. Fylki verða frjáls að því að breyta til í opinberri þjónustu eftir því sem hugur héraðsbúa stendur til. Af þessum valddreifingaráformum leiðir að mismunandi áherslur einstakra hluta þjóðarinnar verða viðurkenndar. Þannig getur þjónusta verið mismunandi eftir fylkjum. Þetta rekst á við skoðanir ýmissa umbótasinna sem telja að nauðsynlegt sé að miðstýra þjónustunni til að tryggja að hún verði hin sama fyrir alla þegna. Alþingi mun að sjálfsögðu setja lágmarkskröfur um opinbera þjónustu og það verður síðan á valdi fylkjanna að framfylgja þeim og bæta við ef fólkið svo kýs. Ný héraðsbundin stjórnmálaleg umræða verður til á þennan hátt. Umræður á Alþingi og í kringum ríkisstjórn taka hins vegar á sig meiri blæ almennrar stefnumörkunar og lagasetningar í þágu alþjóðar. Í þessari greinargerð er lögð meginhersla á fylkisstjórnir og umræðu um starfsemi þeirra og völd. Valddreifingarstefnan þarf einnig að ná til sveitarstjórna. Markmiðið er að færa fólkinu sjálfu völd. Áhrif íbúa á starfsemi ýmiss konar þjónustustofnana þarf að stórauka. Það má nefna skóla, heilsugæslustöðvar, skipulagsyfirvöld og verslunar- og þjónustumiðstöðvar. Í stórum sveitarfélögum, svo sem Reykjavík, Kópvogi og Akureyri, þarf að stofna hverfaráð.

Fylkjaskipulag.

1. Svæðaskipting.

Til að fylkin myndi þær stjórnmálalegu heildir sem til er ætlast er nauðsynlegt að svæðaskipting tengist þeim hefðum sem þegar eru í samskiptum íbúanna. Reynsla frá öðrum löndum bendir til að ný héraðsskipan, sem ekki styðst við neinar eldri forsendur, félagslegar eða landfræðilegar, mæti yfirleitt tortryggni hjá fólki.

Til að ákvarða meginlínur í fylkjaskiptingu er rétt að leggja meiri áherslu á lífs- og atvinnuhætti í landinu heldur en gömul landfræðileg mörk. Þau miðast gjarnan við gamla farartálma, ár eða fjallvegi, sem ekki eru neinum til trafala lengur.

Margir möguleikar eru til skiptingar á landinu í fylki. Fylki þurfa að vera nægilega stór til að standa undir nýju valdi og verkum. Þau mega hins vegar ekki vera svo stór að stjórnvöld verði fjarlæg fólki og verkefnum.

Hér verður rakið dæmi um skiptingu sem deilir landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins í þrjú næstum jafnfjölmenn svæði.

Fyrsta svæði nær frá Hvalfirði að sýslumörkum Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Innan þess eru Vesturland, Vestfirðir, Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla. Íbúar á þessu svæði voru um 36 þúsund í desember 1983.

Annað svæði nær frá sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna að mörkum Austur- og Vestur Skaftafellssýslna. Íbúar á því svæði voru um 39 þúsund í desember 1983.

Þriðja svæði nær frá Skeiðarársandi um Suðurland og Reykjanes. Íbúar á því svæði voru 34 þúsund í desember 1983.

Fjórða svæði er höfuðborgarsvæðið með Reykjavík og nágrannabyggðum með um 128 þúsund íbúa.

Þessi svæði eru meira en nægilega stór til að standa undir þeim verkefnum sem nýjum fylkisstjórnvöldum yrðu falin. Margir mundu hins vegar telja þau of stór til að hið raunverulega návígi fólks og stjórnvalda nái að myndast.

Aðrar tillögur miða t. d. við að fylki yrðu fimm talsins, þ. e. fjórðungarnir og höfuðborgarsvæðið. Enn fremur eru uppi hugmyndir um að gera núverandi kjördæmi að fylkjum í hinu nýja skipulagi. Gagnrýnisraddir telja að sum kjördæmin séu of fámenn til að standa undir valdi og verkefnum sem færu á heimaslóð.

Á þessu stigi er raunar óráð að beina umræðunum um of að útfærðri svæðaskiptingu. Aðalatriði þessa máls er að fá umræður um sjálfa valddreifinguna út til héraða og fyrirkomulag hennar. Endanleg ákvörðun um nákvæmar markalínur fylkjanna er flókin og verður ekki tekin án undangenginnar umræðu heima í héruðum og atkvæðagreiðslu meðal íbúa þar sem þörf krefur.

2. Völd og verkefni.

Mikilvægast er að gera glöggan greinarmun á dreifingu valds annars vegar og dreifingu verkefna hins vegar. Dreifing valdsins er aðalmarkmið tillagna Bandalags jafnaðarmanna og í þeim felst hin stórvirka stjórnarfarslega breyting. Möguleikar á vald- og verkefnaflutningi til fylkisstjórna eru mjög margir og í öllum helstu málaflokkum. Nefna má húsnæðismál, heilbrigðismál, almannatryggingar, samgöngumál, skólamál, frárennslismál, skipulagsmál, atvinnumál, orkumál (dreifing og vinnsla) og umhverfismál. Hér er alls staðar rúm fyrir eigin hugmyndir og sjálfstæða stefnumörkun fylkja í samræmi við möguleika og staðhætti á heimaslóð og áhuga og óskir íbúanna. Verkefni hinna nýju stjórnvalda munu koma bæði frá sveitarstjórnum og ríki.

Ef nokkur dæmi eru tekin af handahófi má nefna að á Reykjanesi er forræði heimamanna yfir vatnsbúskap svæðisins frumskilyrði fyrir skynsamlegri nýtingu heita og kalda vatnsins og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Það er löngu tímabært að Akureyringar og nærsveitarmenn taki frumkvæði í atvinnumálum sínum. Í áratug hefur þess verið beðið að björgin bærist að sunnan, annaðhvort í formi álverksmiðju eða einhvers konar byggðaáætlunar og meðfylgjandi styrkja. Nú blæðir heimamönnum fyrir aðgerðarleysi undanfarinna ára. Hin langdregna stóriðjuumræða hefur orðið þess valdandi að ekki hefur orðið úr framkvæmdum á neinum sviðum og Akureyringar flytja í stórum stíl burt í atvinnuleit.

Austfirskt forræði í atvinnumálum mundi vafalaust leiða til meiri áherslu á skógrækt á Héraði heldur en nú er.

Dæmi um verkefni, sem nauðsynlegt er að leysa sameiginlega á höfuðborgarsvæðinu, eru skipulagsmál, umferðarmál og skolpræsamál.

3. Fjármál.

Þegar hugað er að fjárhagslegum grundvelli fylkja þarf að gæta að eftirtöldum meginreglum.

1. Markmið tillagnanna um fylki er ekki að einangra landshlutana í peningalegu og efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að auka sjálfsstjórn og forræði heimafólks, m. a. yfir eigin aflafé.
2. Sérhverju fylki þarf að tryggja nægilegt fé til að það geti staðið undir tiltekinni þjónustu í mikilvægustu málaflokkum.
3. Fjárhagslegt fyrirkomulag verður að vera í samræmi við hin almennu stjórnarfarslegu markmið tillagnanna, þ. e. að gera fylkisstjórnum kleift að haga fjárveitingum í samræmi við aðstæður í héraðinu og þarfir og áhugamál héraðsbúa eins og þau birtast í niðurstöðum kosninga og kannana á viðhorfum íbúa til framkvæmda og þjónustu.
4. Völd og ábyrgð í fjármálum verða að fara saman, m. a. með því að gera ljósa ábyrgð einstakra embættismanna og forsvarsmanna ákveðinna framkvæmda- og þjónustugreina og með því að augljóst samband verði milli skattbyrði annars vegar og veittrar þjónustu innan fylkisins hins vegar.

Þegar talað er um fjármál fylkis á að gera greinarmun á tvennu. **Í fyrsta lagi** eru það peningamál sjálfrar fylkisstjórnarinnar, þ. e. eigin tekjustofnar og tekjur frá ríkisvaldi. **Í öðru lagi** er síðan almennt fjármálalíf í landinu. Þar má nefna starfsemi banka og ýmsar almennar ákvarðanir í efnahagsmálum svo sem gengisskráningu, launastefnu, lánskjör, frystingu innstæðna og aðrar almennar stjórnvaldsaðgerðir sem gilda á landsvísu.

Ef fyrst er vikið að fjármálum sjálfrar fylkisstjórnarinnar er augljóst að hún á að ráða yfir eigin tekjustofnum, óháðum ríkisstjórn og Alþingi. Þeir gætu t. d. verið ákveðinn hluti af söluskatti, annaðhvort í hlutfalli við fólksfjölda fylkis eða sá hlutinn sem innheimtur er af vörum og þjónustu í viðkomandi fylki. Að auki er eðlilegt að fylkisstjórnir leggi á tekjuskatta og álagningarprósenta mætti vera mismunandi eftir fylkjum, samkvæmt niðurstöðum kosninga. Augljóst er að til fylkjanna ættu að koma framlög úr ríkissjóði, t. d. af tolltekjum. Þessum framlögum ætti Alþingi að úthluta eftir ákveðnum reglum og gæta þess þá einnig að tryggt sé að fylkin geti séð íbúum sínum fyrir þeirri þjónustu í tilteknum málaflokkum sem Alþingi gerir að skilyrði fyrir alla þjóðina.

Ef fylkisskiptingu yrði komið á við núverandi aðstæður mundi öllu efnahagslífi fylkisins í raun og veru vera stjórnað frá Reykjavík. Eins og áður segir er bönkum landsbyggðarinnar stjórnað frá aðalstöðvum í Reykjavík, innheimtukerfi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja safna öllu fé suður, ýmis stórfyrirtæki í einkaeigu eru með útibú um land allt en soga til sín peninga landsbyggðarinnar og þannig mætti lengi telja. Ákvarðanir ríkisvaldsins í efnahagsmálum, eins og gengisskráning, orkuverð, launastefna, innstæðufrysting, lánskjör á erlendum lánum, búvöruverð og fiskverð o. s. frv. mundu allar hafa veruleg áhrif á efnahagslíf fylkjanna.

Það er því grundvallarskilyrði að um leið og fylkjaskipun yrði komið á verði breytt um stefnu í efnahagsstjórn ríkisins almennt. Þannig ætti að gefa gengisskráningu frjálsa og koma upp gjaldeyrismarkaði. Fyrirtæki ættu sjálf að geta fengið lán hjá erlendum bönkum og samið um lánskjör í stað þess að eiga nú lánskjörin undir því hvernig misvitrir sjóðsstjórar á Íslandi semja við erlendar fjármálastofnanir og velta afleiðingum af óskynsamlegum lántökum sínum yfir á varnarlausan atvinnurekstur í þessu landi. Gjörbreyting þarf að verða á bankastarfsemi í landinu, þannig að í landshlutum verði til raunverulegar fjármálastofnanir en ekki innheimtulúgur eins og nú tíðkast.

Bankastjórar með staðarþekkingu og viðskiptalegar og siðferðilegar skyldur gagnvart heimamönnum verða að taka við rekstri bankastofnananna á landsbyggðinni.

Þannig mætti telja fleiri dæmi um nauðsynina á að aflétta hinu stranga taumhaldi frá miðstjórninni og gefa fólki og fyrirtækjum aukið sjálfræði og möguleika til þess að aðlaga sig aðstæðum á heimaslóð.

Stjórnarskrárbreytingar í átt til fylkjaskipulags verða einskis nýtar ef ríkisvaldið sleppir ekki ofstjórnartaumunum í þeim atriðum sem talin hafa verið upp hér að framan.

4. Kosningar o. fl.

Lagt er til að kosið sé til fylkisstjórna í hlutbundnum kosningum. Kosningarrétt og kjörgengi ættu þeir að hafa, sem lögheimili eiga innan fylkismarka.

Fylkisstjórn ætti að starfa á líkan hátt og bæjarstjórn í stóru sveitarfélagi gerir nú. Þannig yrði ráðinn fylkisstjóri sem starfaði í umboði meiri hluta fylkisstjórnar. Einnig yrðu ráðnir forsvarsmenn fyrir helstu framkvæmda- og þjónustugreinar. Mikilvægt er að ráðningartími fylkisstjóra og helstu deildarstjóra verði takmarkaður til að koma í veg fyrir að upp komi stétt ráðríkra, æviráðinna embættismanna.

5. Lögsagnarumdæmi.

Lagt er til að hvert fylki verði eitt lögsagnarumdæmi. Þá yrðu aflögð núverandi embætti sýslumanna. Sýslumenn hafa skipað einkennilegan sess í ljósi ákvæða stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins. Þeir hafa verið handhafar dóms- og framkvæmdarvalds sem héraðsdómarar, innheimtumenn og lögreglustjórar. Hér er lagt til að skilið verði á milli þannig að sett verði á fót sérstök embætti fylkisdómara og fylkislögreglustjóra. Umboðsstörf, svo sem innheimtur á vegum ríkisins í héraði, mætti fela fylkisstjórnum í umboði ríkisvalds.

Sþ. 858. Tillaga til þingsályktunar [484. mál]

um friðarfræðslu.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistarheimilum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á mikilvægi friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.

Greinargerð.

Æ fleiri þjóðir hafa tekið upp friðarfræðslu í skólum sínum í anda samþykktar Sameinuðu þjóðanna um friðarfræðslu. Þessi samþykkt var gerð árið 1974 og eiga Íslendingar aðild að henni eins og aðrar Norðurlandaþjóðir. Það er því full ástæða til þess að vekja athygli á því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, styðja það og efla þannig að kennurum sé gert kleift að sinna þessu verkefni svo sem þeim ber skylda til, en á markvissari hátt en áður.

Stöðugt fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir því að sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimsins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, er óviðunandi. Tortímingargeta þeirra vopna, sem herveldin hafa nú yfir að ráða, er svo mikil að hún ógnar öllu lífi á jörðinni. Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða.

Ein vænlegasta leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og atferli þeirra, sem erfa löndin, og efla hæfileika þeirra til þess að leysa deilur sínar á friðsamlegan hátt. „Þar sem stríð eiga upptök sín í hugum manna þá er það í mannshuganum sem við þurfum að treysta varnir friðarins“ (úr formála stofnskrár UNESCO).

Þegar á árinu 1947, í lok síðari heimsstyrjaldarinnar, hafði UNESCO, menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, frumkvæði að alþjóðlegri ráðstefnu til að leggja grundvöll að uppeldi sem aukið gæti skilning á milli þjóða. Ráðstefnan var grundvölluð á hugsjónum Þjóðabandalagsins og viðfangsefni hennar voru tillögur að alþjóðasamvinnu, gerðar af Albert Einstein, Thomasi Mann, Marie Curie og fleirum. Árangur þessarar ráðstefnu var m. a. gerð námsefnis fyrir skóla.

Þessar og aðrar seinni hugmyndir og samþykktir um friðaruppeldi fengu aukinn byr eftir aðalfund UNESCO í París árið 1974 þar sem samþykkt var að mæla með því að aðildarlöndin beittu sér fyrir fræðslu til eflingar skilnings þjóða í milli, samvinnu og friðar, svo og fræðslu um grundvallarmannréttindi. Þessi fræðsla skyldi ná til allra stiga og gerða uppeldis- og fræðslustofnana. Aðalfundinum lauk með svohljóðandi ályktun:

„Stríð og valdbeiting eru útilokuð á okkar tímum. Sérhver einstaklingur verður að læra að taka persónulega ábyrgð til að tryggja frið.“

Það er úr þessum jarðvegi sem viðleitni til friðaruppeldis á s. l. áratug er sprottin. Þann 1. júlí 1983 höfðu 1650 skólar í 81 þjóðlandi tekið þátt í samvinnuverkefni til að efla alþjóðlega samvinnu og frið (Associated School's Project in Education for International Co-operation and Peace, ASPRO). Þarna er um að ræða skóla allt frá forskólum til háskóla sem leggja sérstaka áherslu á fræðslu til að efla skilning og samvinnu við önnur lönd. Allir skólar geta tekið þátt í þessu verkefni. Bæði Bandaríkin og Sovétríkin eru aðilar að þessu samstarfi.

Friðarfræðsla í skólum erlendis, t. d. í þeim löndum sem við höfum mest menningartengsl við, eins og á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum, er sjaldnast aðskilin námsgrein, en er öllu heldur aðlöguð sem ný vídd eða viðurkenning þess að í hverri námsgrein þurfum við stöðugt að standa frammi fyrir málefnum friðar og deilna. Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að friðarfræðsla er ekki hugsuð sem ný námsgrein sem skjóta þurfi inn í námsefnið á kostnað einhverrar annarrar námsgreinar. Markmiðið er miklu fremur að tryggja það að innan almennrar námsstefnu skóla sé skýr stefna um friðarfræðslu.

Segja má að enn sé ekki til nein alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hugtakinu friðarfræðsla. Þær þjóðir, sem hafa tekið upp friðarfræðslu, hafa sjálfar skilgreint hugtakið í samræmi við þær samþykktir S.Þ. sem þær styðja. Anatole Pikas, dósent í uppeldisfræði við Uppsalaháskóla, sem hefur stjórnað kennslu í friðaruppeldi við þá stofnun, gefur þessa skilgreiningu:

„Friðaruppeldi er að móta gerðir og viðhorf manna í þá veru að þau minnki hættu á stríði. Þessi áhrif mega ekki skerða þjóðernislega eða pólitíska vitund manna eða mannréttindi þeirra. Markmiðum friðaruppeldis er unnt að ná með auknum skilningi milli þjóða sem vígbúast af ótta hver við aðra. Mikilvægasta tæki friðaruppeldis er aukin þekking og hæfni til að leysa deilur með viðræðum deiluaðila á jafnréttisgrundvelli."

Pikas skýrir skilgreiningu sína nánar:

„Viðleitni til aukinna gagnkvæmra friðarviðræðna milli ríkja og þjóða má ekki stefna pólitískri og þjóðernislegri vitund manna í hættu. Þetta þýðir að friðaruppeldi í einu landi má ekki hafa það að markmiði að breyta þjóðfélagsskipun annars lands."

Stefanie Duczek hefur skilgreint markmið friðarfræðslu á eftirfarandi hátt:

„Friðarfræðsla leitast við að dýpka vitund, vitneskju og skilning á deilum milli einstaklinga, innan þjóðfélags og milli þjóða. Hún rannsakar deilur og orsakir þess að deilur leiða til átaka eða ofbeldis, en þessar orsakir eru samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakirnar í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins. Friðarfræðsla hvetur til þess að leita annarra leiða sem fela í sér lausnir á deilum án ofbeldis, og hvetur jafnframt til aukins þroska þeirra hæfileika sem nauðsynlegir eru til að beita slíkum lausnum."

Markmið friðarfræðslu er því samkvæmt framangreindum skilgreiningum að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða; að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum, að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru; að skilja eðli og orsakir deilna og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur; að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun; að rækta skilning á réttlæti og velferð meðal einstaklinga og þjóðfélaga; að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir frelsi einstaklingsins og mannréttindum, menningarlegum fjölbreytileika, umhverfinu, samvinnu, bæði innan bekkjarins og utan, hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðareiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa; að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og friðsamleg tengsl við aðra; að þróa kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem að framan greinir.

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Nd. 894. Frumvarp til laga [164. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 171 með þessari breytingu:

31. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og falla úr gildi 31. desember 1988. Dómsmálaráðherra skal endurskoða lög þessi og leggja fram nýtt frumvarp á Alþingi í þingbyrjun haustið 1987.

Ed. 895. Lög [431. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 719.

Nd. 896. Lög [338. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Víðines í Beruneshreppi, Suður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 539.

Ed. 897. Frumvarp til laga [486. mál]

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána, sem virkjunin tekur, eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Skeiðsfossvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum virkjunarinnar skv. öðrum lagafyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að gera Rafveitu Siglufjarðar, sem rekur Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, jafnt setta, að því er varðar greiðslu opinberra gjalda, öðrum orkufyrirtækjum, sbr. 16. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, 13. gr. laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða, 14. gr. laga nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja og 4. gr. laga nr. 26/

1977 um virkjun Hvítár í Borgarfirði (Andakílsárvirkjun). Þá eru í 4. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver sambærileg ákvæði um skattafríðindi orkuvera, sem reist verða samkvæmt þeim lögum. Geta ber þess að Rafmagnsveitur ríkisins njóta enn víðtækari fríðinda í þessu efni heldur en nefndar orkuveitur, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru einnig undanþegnar opinberum gjöldum af húseignum sínum, sbr. 77. gr. orkulaga nr. 58/1967. Telja verður sanngirnis- og réttlætismál að Skeiðsfossvirkjun verði skattlögð með sama hætti og önnur orkufyrirtæki í landinu.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum Siglufjarðarkaupstaðar, sem er eigandi virkjunarinnar. Ráðuneytið hefur leitað umsagnar nokkurra þeirra aðila er málið varðar, m. a. þeirra er verða munu fyrir tekjumissi samkvæmt frumvarpinu, þ. e. fjármálaráðuneytisins vegna ríkissjóðs, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu vegna sýsluvegasjóðs og hreppsnefndar Holtshrepps vegna sveitarsjóðs Holtshrepps. Umsagnir ofangreindra aðila eru fylgiskjöl með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í fylgiskjölum með frumvarpinu er fjármálaráðuneytið og sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu meðmælt efni frumvarpsins. Hreppsnefnd Holtshrepps er hins vegar að hluta til andvíg efni frumvarpsins. Hreppsnefndin óskar að fram komi skylda Rafveitu Siglufjarðar til greiðslu fasteignaskatta af öllum húseignum, þ. m. t. rafstöðvarhús. Orðalagið, sem lagt er til í frumvarpinu, er eins og fyrr greinir samhljóða 16. gr. laga um Landsvirkjun um skattskyldu þess fyrirtækis. Umrædd 16. gr. hefur verið skilin á þann veg að stöðvarhúsin eru talin til húseigna og því skattskyld. Samkvæmt því ætti orðalag frumvarpsins að koma til móts við sjónarmið hreppsnefndar Holtshrepps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun. Verði frumvarpið að lögum, yrði skattaleg staða Skeiðsfossvirkjunar algerlega sambærileg við skattalega stöðu Landsvirkjunar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

1. Bréf fjármálaráðuneytisins til iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. febrúar 1985.
2. Bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til iðnaðarráðuneytisins, dags. 25. marz 1985.
3. Bréf oddvita Holtshrepps til iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. marz 1985.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli

26. febrúar.

Ráðuneytið vísar til erindis iðnaðarráðuneytisins, dags. 12. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár, en skv. því er lagt til að Skeiðsfossvirkjun njóti sömu skattfríðinda og ýmis önnur raforkuver.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram að í ljósi lagaákvæða er undanþiggja ýmis raforkuver opinberum gjöldum sýnist ekki óeðlilegt að aflað sé sambærilegrar heimildar, varðandi Skeiðsfossvirkjun. Hins vegar telur ráðuneytið nauðsynlegt að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist sem hér segir:

„Virkjun sú, sem rekin er samkvæmt lögum þessum, Skeiðsfossvirkjun, er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem virkjunin tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga."

Með þessari breytingu yrði skattaleg staða fyrirtækisins ákveðin algerlega sambærileg og skattaleg staða Landsvirkjunar, sbr. 16. gr. laga nr. 42/1983.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Lárus Ögmundsson.

Fylgiskjal II.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu
Bæjarfógetinn á Sauðárkróki

Sauðárkróki, 23. mars 1985.

Með tilvísun til bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 12. f. m., þar sem óskað er umsagnar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár, skal tekið fram, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir, þar sem verið er að færa lög varðandi þessa virkjun til samræmis við gildandi ákvæði varðandi önnur orkuver.

Nokkur ágreiningur hefur verið um skyldu Skeiðsfossvirkjunar til að greiða sýsluvegasjóðsgjald af húseignum sínum og fasteignagjöld til Holtshrepps, en þau atriði virðast liggja ljóst fyrir verði frumvarp þetta að lögum.

Halldór Þ. Jónsson.

Fylgiskjal III.

Brúnastöðum, 26. mars 1985.

Bókun hreppsnefndar Holtshrepps um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98 1935 um virkjun Fljótaár:

Vegna þeirrar sérstöðu sem virkjun Fljótaár hafði í för með sér, þ. e. a. s. að leggja þurfti undir uppistöðulón verulegan hluta byggðra jarða í Holtshreppi og um leið hafi tekjustofnar sveitarfélagsins verulega skerst.

Því telur hreppsnefnd Holtshrepps það sanngirnismál að Rafveita Siglufjarðar greiði áfram þau gjöld sem henni hafi borið til sveitarsjóðs Holtshrepps samkv. lögum nr. 8 frá 1971, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Með lagabreytingu þeirri, sem fyrirhuguð er, lítur sveitarstjórn svo á, að samþykkt sé greiðsluskylda Rafveitu Siglufjarðar á ógreiddum fasteignasköttum til sveitarsjóðs Holtshrepps á undanförnum árum.

Fari svo að áðurnefnd lagabreyting verði gerð óskar sveitarstjórn að fram komi ótvíræð skylda Rafveitu Siglufjarðar til greiðslu fasteignaskatta af öllum húseignum í Holtshreppi, þar með talin **Rafstöðvarhús.**

Virðingarfyllst.

F. h. sveitarstj. Holtshr.
Oddviti Holtshr.
Ríkharður Jónsson.

Til iðnaðarráðuneytisins, Reykjavík.

Ed. 898. Frumvarp til laga [487. mál]

um breyting á lögum nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, sbr. lög nr. 14/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við lögin bætist ný gr., 8. gr., sem orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, um kaup eða leigu á eignum félagsins, á því verði og með þeim kjörum sem um semst. Sú kvöð skal vera á eignunum að þær séu nýttar við áframhaldandi þörungavinnslu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Heimilt er að lána kaupanda andvirði eignanna til allt að 15 ára og má lánið vera víkjandi, þannig að greiðslubyrði verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Verði gerður leigusamningur um eignir félagsins skal heimilt að semja svo um að hluti leigunnar gangi upp í kaupverð eignanna.

Verði um sölu á eignum Þörungavinnslunnar hf. að ræða skal hlutafélaginu Þörungavinnslunni hf. formlega slitið. Um félagsslit skal fara samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður ábyrgist greiðslur á réttmætum kröfum á hendur félaginu öðrum en hlutafé, en yfirtekur jafnframt eignir þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð verði breytt þannig að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi forgöngu um að stofnað verði, um að það kaupi eða leigi eignir Þörungavinnslunnar hf. Gert er ráð fyrir að sú kvöð verði á eignunum að þær verði nýttar við þörungavinnslu á Reykhólum. Verði um sölu að ræða er gert ráð fyrir að Þörungavinnslunni hf. verði slitið samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður greiði allar réttmætar kröfur á hendur félaginu aðrar en hlutafé, en yfirtaki jafnframt eignir þess.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að lána kaupendum andvirði eignanna til allt að 15 ára og að lánið megi vera víkjandi, þannig að greiðsluskylda verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Ennfremur er lagt til að heimilt verði að semja svo um að leiga, ef um leigu á eignunum verði að ræða, gangi upp í kaupverð eignanna, þ. e. gerður verði kaupleigusamningur.

Fjárhagsstaða fyrirtækisins.

Rekstur Þörungavinnslunnar hefur gengið erfiðlega frá upphafi, eins og fram kemur í yfirliti í fylgiskjali I, og hefur fjárhagsstaðan farið síversnandi. Á miðju ári 1984 var áætlað

að tap fyrirtækisins fyrir það ár yrði um 10 m.kr., eða 1 m.kr. lægra en árið áður. Reikningsskil fyrirtækisins hinn 31. desember s. l. leiða hins vegar í ljós mun verri útkomu og er fyrirtækið algerlega gjaldþrota, sbr. eftirfarandi stöðu:

	1984		1983
Rekstrartekjur		38 741 000	30 986 000
a) af rekstri	35 371 000		27 615 000
a) skaðabætur	3 370 000		3 371 000
Rekstrargjöld		43 453 000	33 229 000
Fjármagnsgjöld		15 137 000	12 674 000
Tap		19 848 000	14 917 000
Eignir		60 826 000	56 317 000
Skuldir		93 420 000	61 058 000
Eigið fé (neikvætt)		(32 595 000)	(4 741 000)

Gengisfelling á s. l. hausti vó þungt í stórlega verri útkomu en áætluð var. Nettó-gjöld vegna gengisbreytinga og verðbóta eru 15,1 m.kr., eða um 76% af tapi ársins 1984.

Með þeirri skuldabyrði, sem hér er um að ræða, er útilokað að koma fyrirtækinu á réttan kjöl miðað við núverandi rekstur. Skammtímaskuldir og viðskiptaskuldir eru það miklar að stöðvun fyrirtækisins er fyrirsjáanleg alveg á næstunni, verði ekkert að gert. Uppgjör á fyrirtækinu er því óumflýjanlegt og bráðaðkallandi.

Kostir stjórnvalda.

Þörungavinnslan hf. var upphaflega sett á fót fyrir atfylgi margra aðila en með verulegri þátttöku ríkisins. Þegar fyrirtækið hefur lent í erfiðleikum hefur jafnan verið sótt til ríkisins um aðstoð og leiðsögn og nú er svo komið að ríkið á um 97% hlutafjár. Ríkið er í ábyrgð fyrir langtímaskuldum fyrirtækisins. Ríkið hefur á undanförnum árum lagt að lánardrottnum að ganga ekki að fyrirtækinu, þótt það hafi í raun verið gjaldþrota, og verður þannig að teljast í siðferðislegri ábyrgð fyrir viðskiptaskuldum. Nú þegar staða fyrirtækisins er slík, að það er gjaldþrota í öllum venjulegum skilningi þess hugtaks, á ríkið um fjóra meginkosti að velja:

1. Leggja aukið fé í fyrirtækið til þess að halda áfram rekstrinum í óbreyttu formi í þeirri von að hagnaður verði af rekstrinum og fyrirtækið geti greitt áhvílandi skuldir.
2. Láta fyrirtækið verða formlega gjaldþrota og taka á sig öll þau áföll sem því fylgja.
3. Reyna að selja hlutabréf í fyrirtækinu innlendum eða erlendum aðilum án undangengins uppboðs í eignum eða fjárhagslegs uppgjörs.
4. Gera núverandi félag upp og afhenda heimaaðilum eignir fyrirtækisins til rekstrar, eða yfirfæra reksturinn til sömu aðila samkvæmt leigusamningi.

Um 1. lið:

Hvað fyrsta kostinn áhrærir, þ. e. að leggja aukið fé inn í fyrirtækið í óbreyttu formi, þá mundi sá kostur e. t. v. kosta ríkissjóð minni fjárútlát í fyrstu en sá kostur sem lagður er til í frumvarpi þessu. Áframhaldandi fjárframlög úr ríkissjóði til fyrirtækisins í óbreyttu formi mundu viðhalda núverandi ástandi og ekki leysa neinn vanda til frambúðar. Slíkt mundi jafnframt leiða af sér hættu á verulega neikvæðu umtali um fyrirtækið, sem án efa mundi spilla fyrir áliti þess á innlendum og erlendum mörkuðum og auk þess hafa óheppileg áhrif á starfsanda í fyrirtækinu.

Um 2. lið:

Þrautalendingin fyrir ríkissjóð er að sjálfsögðu sú að hætta öllum tilraunum til þess að halda rekstrinum gangandi og framselja hlutafélagið til gjaldþrotaskipta og láta selja eignir búsins á nauðungaruppboði í samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Ef fyrirtækinu yrði

lokað og það missti þá fótfestu á mörkuðum sem það hefur náð, þá gæti tekið langan tíma að koma því af stað aftur. Slíkt yrði til mikils tjóns fyrir sjálfan reksturinn svo ekki sé talað um nærliggjandi byggð, sem stendur og fellur með áframhaldandi rekstri fyrirtækisins. Þess má geta að samkvæmt síðustu opinberu tölum (árið 1982) má rekja 24% launa í Austur-Barðastrandarsýslu beint til Þörungavinnslunnar hf.

Um 3. lið:

Með núverandi skuldabyrði virðist það borin von að hægt sé að ná inn nýju áhættufjármagni í reksturinn. Eignir eru verðlitlar og fyrirsjáanlegt er að ríkið þyrfti á endanum að yfirtaka skuldir fyrirtækisins. Jafnframt myndi þessi kostur ekki samrýmast áformum stjórnvalda um að yfirtaka fyrirtækisins skuli fela í sér kvöð til áframhaldandi þörungavinnslu.

Um 4. lið:

Fjórði kosturinn, sem felst í því að yfirfæra reksturinn til heimaaðila, er sá sem talinn hefur verið álitlegastur. Valið á honum byggir á þeirri trú að aukin ábyrgð heimamanna sé árangursríkust til að framkvæma og fylgja eftir þeim breytingum á rekstri fyrirtækisins sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti skilað arði. Með þessum hætti er jafnframt best stuðlað að eflingu byggðar í Austur-Barðastrandarsýslu, sem var eitt aðalmarkmið með þátttöku ríkisins í rekstrinum í upphafi.

Eins og drepið er á hér að framan (liður 2), er einn kostur ríkisins að selja eignirnar án frekari kvaða á þeim. Hafa ber í huga að verulegur hluti eignanna eru lausafjármunir sem selja mætti úr héraði. Það hefur hins vegar afgerandi áhrif á verðmæti eigna fyrirtækisins, ef ríkið með tilliti til byggðastuðnings og annarra sjónarmiða afhendir þær nýjum aðilum með kvöð um áframhaldandi þörungavinnslu. Þá skiptir fyrst og fremst máli mat á arðsemi þörungavinnslu á Reykhólum. Sé höfð hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins frá stofnun væru eignirnar trúlega allt að því verðlausar, þ. e. sem arðgefandi fjárfesting.

Eftir yfirfærslu eignanna til heimamanna ætti að vera mögulegt að bæta afkomu verksmiðjunnar með aukinni hagkvæmni í rekstri, sérstöku markaðsátaki, auknu almennu aðhaldi heimaaðila að rekstrinum, lækkun aðstöðugjalds og minni skuldabyrði. Er því ljóst að ríkið verður að gera um það kröfu, þrátt fyrir kvöð um að eignirnar verði nýttar í þágu þörungavinnslu við Breiðafjörð, að greitt verði að hluta fyrir eignirnar samkvæmt bættum rekstrarhorfum (þ. e. í formi víkjandi lána). Í því sambandi yrði höfð hliðsjón af verðmæti eignanna, ef þær væru seldar úr héraði kvaðalausar.

Ef gerður yrði leigusamningur um eignirnar mundi hið nýja hlutafélag í raun vera stjórnunarfyrirtæki frá upphafi. Í því tilviki er gert ráð fyrir að Þörungavinnslan hf. yrði áfram til sem lögaðili og að leiguandvirði gengi til að greiða af áhvílandi lánum sem ekki yrðu yfirtekin af ríkissjóði í tengslum við samninga um eignayfirfærsluna. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluti leigu gæti gengið til greiðslu kaupverðs kjósi félagið að kaupa eignirnar. Mætti hugsa sér að leigan yrði í tveimur þáttum. Annars vegar að grunngjald verði ákveðið sem hundraðshluti af eignaverði, eða söluverði sem samningar tækjust um. Sá þáttur gengi til greiðslu fastakostnaðar af eignunum og greiðslu hluta núverandi lána. Hins vegar yrði um leiguþátt að ræða er tæki mið af afkomu. Semja mætti um að sá hluti leigunnar kæmi til frádráttar fyrirfram ákveðnu kaupverði tækjust um það samningar.

Með samningum um yfirtöku heimamanna á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum er nauðsynlegt að ganga svo frá málum, að ríkið hætti alfarið þátttöku í rekstrinum og að framvegis verði það undir heimamönnum og/eða öðrum hagsmunaaðilum komið hvort reksturinn haldi áfram.

Skiptir þar engu hvort um sölu eða leigu eignanna yrði að ræða.

Stofnun nýs félags á vegum heimamanna.

Hugmyndin um yfirfærslu fyrirtækisins til heimamanna er sprottin af athugunum sem gerðar voru á s. l. ári á vegum Iðnaðarráðuneytisins og stjórnar fyrirtækisins um stöðu og framtíðarhorfur þess. Slík yfirfærsla myndi byggjast á því að ríkissjóður yfirtaki hluta af áhvílandi skuldum fyrirtækisins, en að stofnað verði nýtt hlutafélag á vegum heimamanna, sem yfirtaki helztu eignir Þörungavinnslunnar hf., þ. e. húsnæði, vélar og tæki verksmiðjunnar, og hefji rekstur á nýjum grunni. Lögð verði áhersla á að efla samband við erlenda viðskiptaaðila og m. a. kannaðir til hlítar möguleikar á erlendri eignaraðild að fyrirtækinu.

Þörungavinnslan hf. stendur nú á tímamótum. Ef ekki verður gerð mikil fjárhagsleg uppstokkun á fyrirtækinu, blasir rekstrarstöðvun og greiðsluþrot við. Einmitt þess vegna er nú aðkallandi að færa reksturinn og ábyrgðina í hendur heimaaðila, þ. e. þeirra aðila er mestra hagsmuna hafa að gæta, samhliða endurfjármögnun fyrirtækisins.

Eins og fyrr segir getur yfirfærsla fyrirtækisins til heimamanna gerzt með tvennum hætti, með slitum og uppgjöri á núverandi félagi og meðfylgjandi ráðstöfun eigna eða með leigusamningi. Í báðum tilvikum er þó fyrirsjáanlegt að ríkið muni þurfa að yfirtaka verulegan hluta af skuldum fyrirtækisins. Yfirtaka skulda fyrirtækisins myndi kosta ríkissjóð um 41 m.kr. á árinu 1985. Hér er um að ræða mismun skammtímaskulda og veltufjáreignar að meðtalinni afborgun langtímaskulda 1984 og 1985. Eftir árið 1985 munu eftirstöðvar langtímalána vera um 45 m.kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 1985. Samanlögð útgjöld ríkissjóðs vegna þessa máls munu því nema um 86 m.kr. á áramótaverðlagi ('84/'85), þar af eru 65 m.kr. vegna langtímaskulda, sem eru í ábyrgð ríkissjóðs. Frá þessum upphæðum mundi að sjálfsögðu dragast söluandvirði eða leigutekjur.

Arðsemi fyrirtækisins.

Grundvallarspurningin, sem heimaaðilar eða aðrir sem vilja bera ábyrgð á rekstri þörungavinnslu á Reykhólum þurfa að spyrja sjálfa sig að, er sú, hvort nokkur von sé til þess að reksturinn geti borið sig, hvort reksturinn geti skilað einhverju upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Ekki er unnt að ætlast til þess, að fólk leggi fé í nýtt hlutafélag nema það hafi trú á því að reksturinn geti borið sig.

Eftirfarandi atriði í rekstri verksmiðjunnar lofa góðu um framtíð hennar:

— Tök hafa náðst á öflun hráefnis, sem nóg er af.
— Næg orka er til staðar.
— Gæði framleiðslunnar eru mikil.

Annmarkarnir á rekstrinum eru þessir helst:

— Afurðaverð hefur ekki hækkað nægilega eftir 40% verðfall 1980.
— Örðugleikar hafa komið fram í vinnslu þangs á vissum tímum.
— Kostnaðarbókhaldi hefur ekki verið beitt sem stjórntæki.
— Starf að markaðsmálum og vöruþróun hefur ekki skilað þeim árangri að fyrirtækið geti borið sig.
— Gera þarf tæknilegar endurbætur í verksmiðjunni.

S. l. sumar var gerð úttekt á tækjabúnaði verksmiðjunnar, þar sem fram kemur að með því að hrinda í framkvæmd þeim áfornum, sem uppi hafa verið í fyrirtækinu um endurbætur á stjórnbúnaði þurrkara, og með ýmsum viðbótaraðgerðum mætti gera vinnsluna mun öruggari en verið hefur. Kostnaðarbókhald má bæta með því að kaupa tiltölulega ódýra smátölvu sem getur reynst mikilvæg stoð til að fá upplýsingar sem þarf til að hafa yfirsýn yfir rekstur verksmiðjunnar. Mikilvægasta breytingin til þess að auka líkurnar á því, að

þörungavinnsla geti skilað arði, er hins vegar aukin áhersla á vöruþróun og markaðsmál. Í þessu efni þarf að koma á beinni tengslum við kaupendur afurðanna. Að því er nú unnið á vegum stjórnar fyrirtækisins. Hinir nýju rekstraraðilar verða að sjálfsögðu að athuga gaumgæfilega hvort ekki sé nauðsynlegt að freista þess að fá hina erlendu kaupendur til að taka beinan þátt í rekstrinum.

Til þess að verksmiðjan geti borið sig þarf reksturinn að skila 6—7 milljónum á núverandi verðlagi upp í árlegar afskriftir og fjármagnskostnað. Árleg nettó-greiðslubyrði af núverandi skuldabyrði fyrirtækisins er ekki undir 15 m.kr. að meðaltali, en ekkert fékkst á s. l. ári upp í afskriftir og fjármagnskostnað. Hér þarf tvennt að koma til, bætt rekstrarafkoma og stórlega minnkuð skuldabyrði. Með yfirtöku ríkissjóðs á skuldum verksmiðjunnar verður fjárhagsstaða hennar traust. Tvísýnt er þó um hagnað af rekstrinum á allra næstu árum þrátt fyrir það uppgjör sem hér um ræðir. En að sjálfsögðu verður að horfa lengra fram í tímann þegar ákvörðun er tekin í svo mikilvægu máli sem þessu. Ef litið er til næstu ára, þá virðast vera allraunhæfir rekstrarmöguleikar fyrir verksmiðjuna. Afurðirnar henta sérstaklega í framleiðslu á ýmsum náttúruvörum sem eru nú í tísku og virðast verða vinsælli með hverju árinu sem líður. Tíminn vinnur tvímælalaust með rekstrinum og það gefur vonir um að hann geti skilað arði. En til þess að nýta þessa möguleika verður að vinna markvisst að því að bæta reksturinn.

Í fylgiskjali II með frumvarpi þessu eru minnisatriði er varða tilhögun hlutafjársöfnunar vegna hins nýja félags. Einnig fylgir frumvarpinu, sem fylgiskjal III, samþykkt fundar, sem haldinn var í félagsheimili Reykhólahrepps 22. apríl 1985, um stofnun hlutafélags á vegum heimamanna til að yfirtaka rekstur Þörungavinnslunnar hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að selja eða leigja hlutafélagi, er aðilar í Austur-Barðastrandarsýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, eignir Þörungavinnslunnar hf., að heimilt verði að lána andvirði eignanna til allt að 15 ára og að lánið megi vera víkjandi. Verði hins vegar um leigu að ræða er gert ráð fyrir að heimilt verði að gera kaupleigusamning þannig að leigjandi hafi rétt til að kaupa eignirnar og að hluti leigu gangi upp í kaupverð. Þá er gert ráð fyrir að sú kvöð verði á eignunum að þær verði notaðar til þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Ekki er gert ráð fyrir að gildandi lög um þörungavinnslu við Breiðafjörð falli niður fyrr en Þörungavinnslunni hf. hefur verið formlega slitið.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit um rekstrarafkomu 1975—1984.
2. Minnisatriði um stofnun hlutafélags og söfnun hlutafjár vegna yfirtöku á eignum Þörungavinnslunnar hf.
3. Samþykkt fundar, haldins í félagsheimili Reykhólahrepps mánudaginn 22. apríl 1985, um stofnun hlutafélags til að yfirtaka rekstur Þörungavinnslunnar hf.

Fylgiskjal I.

YFIRLIT UM ÞRÓUN ÞÖRUNGAVINNSLUNNAR HF.

HELSTU ÞÆTTIR	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984 (Áætl.)
FRAMLEIÐSLA (tonn)										
Þangmjöl	600	1421	867	3010	3845	2250	1697	3119	3213	4000
Þaramjöl			80				100	185	200	300
Skreið							350	105		
ÚTFLUTNINGUR (tonn)										
Þang- og þaramjöl	400,9	1531,2	687,7	2933,3	3506,8	691,9*	2698,1*	2170,7	3131,3	4450
AFKOMA (m.kr.)										
Söluverðmæti	-	-	-	292,9	630,5	693,8	9,4	8,8	22,7	33,5
Rekstrarkostnaður	-	-	-	328,2	580,7	837,1	13,9	17,0	30,0	38,7
Fjármagnsliðir	-	-	-	(98,0)	62,8	(244,9)	4,0	(4,8)	(7,1)	(7,1)
Skaðabætur, o.fl.							3,4	3,4	3,4	3,4
Hagnaður/(tap)	-	-	-	(133,3)	112,6	(98,2)	2,8	(9,7)	(11,0)	(8,9)
Óráðst. eigið fé	-	-	-	(527,3)	(414,8)	(513,0)	(2,3)	(12,0)	(23,0)	(32,0)
Hreint veltufé	-	-	-	(212,5)	(310,3)	(123,0)	5,0	3,6	(12,0)	(20,7)
ATHUGASEMDIR	Stofnframkv. lokið. Tilraunavinnsla.	Byrjunarerfiðleikar. Vatnsskortur. Öflun bregst.	Handöflun á þangi. Rekstur í höndum Heimamanna sf. Tilraun með fiskþurrkun.	Tök náist á öflun með prömmum. Nægilegt heitt vatn fæst í borun.	Góður árangur í öflun. Öllum rekstrarmarkmiðum náð.	AIL segir upp samningi. Fiskþurrkun hafist.	Samið um akaðaskaður. Fiskþurrkun gefur arðbæran rekstur.	Skreiðarmarkaðir bregðast Áherla á þörungamarkaði.	Verulegur árangur í sölumálum.	Söluerfiðleikar meiri en framleiðslan. Endurskoðun fjárhagsstöðu nauðsynleg.

* Sala ársins 1980 er í skýrslum Hagstofu að hluta á 1981 (nál. 1000 t)

Fylgiskjal II.

Minnisatriði um stofnun hlutafélags og söfnun hlutafjár vegna yfirtöku á eignum Þörungavinnslunnar hf.

Hugmyndin um yfirfærslu fyrirtækisins til heimamanna byggist á því að á næstu 5 árum verði safnað a. m. k. 11,5 milljónum króna (verðlag í lok 1984) af nýju hlutafé.

Hér er lagt til að reynt verði að ná inn nýju hlutafé á eftirfarandi hátt:

Starfsm. Þörungav. hf.	30 aðilar × 30 þús/ári × 5 ár =	4,5
Aðrir heimamenn	30 aðilar × 20 þús/ári × 5 ár =	3,0
Fyrirtæki	2 × 2 m.kr. =	4,0
	Alls	11,5 Mkr.

Ákvæði skattalaga um frádrátt vegna hlutafjárkaupa geta nýst hluthöfunum. Fyrir einstakling í 32% tekjuskattsstiga myndu því 30 þús. kr. hlutabréfakaup á ári ekki auka greiðslubyrði hans nema um rúmar 20 þús. kr. á ári.

Til að nýtt félag geti hafið starfsemi á lífvænlegum grundvelli er höfuðnauðsyn að ná inn sem mestu hlutafé strax í upphafi. Bæði verður fyrirtækið að hafa eitthvert lágmarksrekstrarfé milli handa í byrjun og einnig verða framtíðarlántökur að styðjast við jákvæða eiginfjárstöðu. Ef fyrirtæki fást til þátttöku skv. ofanskráðu má ætla að þau geti innt af hendi sitt hlutafé á 1—2 árum. Stefnt verður að því að gefa út skuldabréf til 5 ára vegna 7,5 m.kr. framlags heimamanna. Með því móti mætti ná tilsettri hlutafjárupphæð inn í félagið strax í byrjun. Sérstakur sjóður heimamanna yrði stofnaður. Þessi sjóður myndi kaupa skuldabréf af væntanlegum hluthöfum og greiddi fyrir þau með jafnháum skuldabréfum. Síðan seldi sjóðurinn sína skuldabréfaeign bönkum og sjóðum og keypti hlutabréf í Þörungavinnslunni fyrir þá upphæð. Á næstu 5 árum myndi sjóðurinn síðan greiða einstökum hluthöfum upp þau skuldabréf, sem hann hefur gefið út, með hlutabréfum í hinu nýja fyrirtæki. Einstakir hluthafar greiða svo með venjulegum hætti upp þau skuldabréf sem þeir hafa gefið út. Leitað verður til banka og sjóða um kaup á skuldabréfum útgefnum af einstökum hluthöfum.

Við stofnun nýs félags til þörungavinnslu á Reykhólum er eðlilegt að taka til endurskoðunar samskipti Reykhólahrepps og hins nýja félags. Hlutafé Reykhólahrepps er samtals frá upphafi um 200 þús. kr., en hreppurinn leggur á 510 þús. kr. aðstöðugjald fyrir árið 1984, sem er hæsta leyfilegt gjald.

Fylgiskjal III.

Samþykkt fundar, haldins í félagsheimili Reykhólahrepps mánudaginn 22. apríl 1985, um stofnun hlutafélags til að yfirtaka rekstur Þörungavinnslunnar hf.

„Almennur fundur, haldinn að Reykhólum 22. apríl 1985 um framtíð Þörungavinnslunnar, samþykkir að undirbúa hið fyrsta stofnun hlutafélags heimamanna sem hefir að markmiði að kaupa eða leigja fyrirtækið. Skal stefnt að boðun stofnfundar hið allra fyrsta."

Eftirfarandi tillaga var einnig samþykkt:

„Almennur fundur að Reykhólum haldinn 22. apríl 1985 samþykkir að fela Inga Garðari Sigurðssyni og Kristjáni Þór Kristjánssyni að hafa forgöngu um stofnun nýs hlutafélags í Austur-Barðastrandarsýslu um þörungavinnslu á Reykhólum."

Ed. 899. Frumvarp til laga [488. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Orkustofnunar til tveggja ára í senn. Í skipunarbréfi skal nánar kveðið á um starfssvið, starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

2. gr.

Við I. kafla orkulaga bætast þrjár nýjar greinar, sem verða 7., 8. og 9. grein, og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

a) (7. gr.)

Iðnaðarráðherra er heimilt að stofna hlutafélag til að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum, svo og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir.

Hlutafélagi skv. 1. mgr. er ætlað að standa undir rekstri sínum með tekjum af verkefnum erlendis. Allt starf að markaðsfærslu á sérþekkingu Orkustofnunar erlendis og öll rannsóknar- og ráðgjafarverk hennar erlendis skulu unnin af og á ábyrgð hlutafélagsins. Ábyrgð Ríkissjóðs Íslands á félaginu takmarkast alfarið við framlagt hlutafé.

Hlutafélaginu er heimilt að fengnu leyfi ráðherra að taka þátt í stofnun fyrirtækja ásamt með íslenskum og erlendum samstarfsaðilum í því skyni að vinna sameiginlega að öflun og úrlausn verkefna skv. 2. mgr.

b) (8. gr.)

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa. Sú undantekning skal gilda frá 2. mgr. 47. gr. laga nr. 32/1978 að á aðalfundi skal kjósa stjórn Orkustofnunar til að vera stjórn hlutafélagsins. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um félagið og fer ráðherra sá, sem fer með orkumál, með eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

c) (9. gr.)

Orkustofnun er heimilt, með leyfi ráðherra, að lána hlutafélagi skv. 7. gr. starfsfólk til starfa við erlend verkefni sem félagið tekur að sér. Slíkt starfsfólk Orkustofnunar telst starfsfólk hlutafélagsins á lánstímanum og skal starfstími hjá hlutafélaginu reiknast með starfstíma viðkomandi sem ríkisstarfsmanns varðandi þau réttindi sem tengd eru starfsaldri. Jafnframt skulu þeir starfsmenn, sem þess óska, halda aðild að lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, enda haldi greiðslur áfram með sama hætti á lánstímanum og verið hefði ef starfsmaður hefði unnið óslitið hjá Orkustofnun. Um réttindi starfsfólksins fer að öðru leyti samkvæmt ráðningarsamningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóður leggur hlutafélaginu til stofnfé eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, allt að jafnvirði 4 000 000,00 kr. (miðað við verðlag í janúar 1985) árlega árin 1986, 1987 og 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að orkulögum verði breytt þannig, að ráðherra verði veitt heimild til að stofna hlutafélag, er lúti stjórn Orkustofnunar og hafi það hlutverk að markaðsfæra erlendis þá þekkingu, sem Orkustofnun ræður yfir á sviði jarðhitamála, vatnsorkurannsókna og áætlunargerðar í orkumálum. Á liðnum árum hafa umsvif Orkustofnunar erlendis aukizt nokkuð og þykir eðlilegt að sérstakur lögaðili annist þessa starfsemi, sem er að hluta frábrugðin annarri hefðbundinni starfsemi stofnunarinnar. Þar sem um áhætturekstur er að ræða þykir rétt að stofna hlutafélag um reksturinn, þannig að ríkið takmarki áhættu sína af rekstrinum við framlagt hlutafé. Þá er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar og að sú stjórn verði jafnframt stjórn hins nýja hlutafélags.

Í bréfi til iðnaðarráðherra, dags. 28. mars sl., gerir orkumálastjóri svofellda grein fyrir málefni þessu:

> „Hér með leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hæstvirtan iðnaðarráðherra að gerð verði breyting á orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum. Tilefni þessarar tillögu eru verkefni sem Orkustofnun er farin að starfa að erlendis, í samvinnu við íslenzka verkfræðisamsteypu, Virki hf.
>
> Eins og ráðuneytinu er kunnugt hefur Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki hf. og með samþykki þess nú um eins árs skeið boðið í rannsóknar- og ráðgjafarverk á sviði jarðhitanýtingar og jarðhitarannsókna í fjórum löndum, þ. e. í
> - Norður-Jemen
> - Kenya
> - Grikklandi
> - Eþíópíu
>
> Eitt verk í Grikklandi er þegar í gangi, og samningar standa yfir um annað. Unnið er nú að gerð tilboðs í þriðja verkefnið í Grikklandi. Svör hafa ekki enn borist frá Norður-Jemen eða Kenya, en tilboðið í verkefnið í Eþíópíu kom því miður of seint til að koma til álita, vegna mistaka erlends aðila sem tekið hafði að sér gegn greiðslu að koma því til réttra aðila fyrir tilskilinn tíma.“

Í orkulögum er ekki gert ráð fyrir að Orkustofnun geti unnið að verkefnum erlendis. Verði framhald á slíkum verkefnum, sem horfur eru á, verður að telja eðlilegt að slík starfsemi ríkisstofnunar fari fram á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, ekki síst með tilliti til þess að verkefnaöflun erlendis fylgir viss fjárhagsleg áhætta, sem ekki er eðlilegt að borin sé af fjárveitingum til Orkustofnunar eða sértekjum af verkefnum innanlands. Öll starfsemi Orkustofnunar til þessa, hvort heldur hún er kostuð með framlögum á fjárlögum eða af sértekjum frá íslenskum orkufyrirtækjum, er þjónusta við orkuiðnaðinn á Íslandi og íslenska orkunotendur og greidd af þeim, annaðhvort sem orkunotendum eða skattgreiðendum. Verkefni erlendis eru ekki unnin fyrir þennan hóp og því eðlisóskyld innlendum verkefnum stofnunarinnar. Því ber að halda þessum tveim tegundum verkefna vel aðgreindum fjárhagslega. Því er lagt til að stofnað verði sérstakt hlutafélag til að annast þessi erlendu verkefni Orkustofnunar og að ábyrgð ríkissjóðs á þeim verði takmörkuð við hlutafjárframlag.

Með tilliti til þess að söluvara þessa hlutafélags er sérþekking og reynsla sem til er í Orkustofnun er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar fari jafnframt með stjórn þess undir yfirstjórn ráðherra orkumála. Gert er ráð fyrir að samvinna við aðra um þessi erlendu verkefni verði aðalreglan, enda þótt hitt geti líka skeð, að stofnunin vinni þau ein. Slík samvinna getur verið ýmist við einn innlendan aðila, við erlendan aðila eða hvort tveggja í senn. Nauðsynlegur er mikill sveigjanleiki í því efni til að geta fljótt gripið tækifæri sem bjóðast og brugðist án tafar við mismunandi stöðu mála. Er því gert ráð fyrir að hlutafélagið geti, með leyfi ráðherra, gengið til samvinnu við aðra allt eftir því sem heppilegast þykir hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að lögfest verði ákvæði um stjórn Orkustofnunar. Á liðnum árum hafa verið skipaðir fyrir stofnunina sérstakar stjórnir til tveggja ára í senn og hefur það gefið góða raun.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði í orkulög þremur nýjum greinum, 7., 8. og 9. gr., er varða heimild til að stofna hlutafélag til að markaðsfæra sérþekkingu Orkustofnunar erlendis.

Um a-lið, nýja 7. gr.

Með greininni er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að stofna hlutafélag er hafi þann tilgang að markaðsfæra erlendis sérþekkingu Orkustofnunar og að öll slík starfsemi Orkustofnunar verði unnin af því félagi. Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga er gert ráð fyrir að ábyrgð ríkissjóðs takmarkist alfarið við framlagt hlutafé. Þá er í greininni lagt til að félaginu verði heimilt að taka þátt í stofnun annarra fyrirtækja um samstarfsverkefni á þessu sviði.

Um b-lið, nýja 8. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið verði eitt hluthafi og stofnandi hlutafélagsins. Í greininni er undanþáguákvæði frá ákvæðum hlutafélagalaga sem nauðsynleg eru þess vegna.

Um c-lið, nýja 9. gr.

Í greininni er lagt til að Orkustofnun verði heimilt, með leyfi ráðherra, að lána hlutafélaginu starfsfólk vegna verkefna erlendis. Jafnframt er lagt til að réttindi til starfsaldurs og lífeyris starfsfólksins skerðist ekki á lánstímanum, enda greiði hlutafélagið og starfsmenn þess lífeyrissjóðsiðgjöld og önnur gjöld með sama hætti og þeir væru starfsmenn Orkustofnunar, í samræmi við almennar reglur þar um.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir fjárframlagi ríkissjóðs til félagsins á árunum 1986, 1987 og 1988 að fjárhæð kr. 4 000 000,00 fyrir hvert ár á verðlagi í janúar 1985. Til félagsins er stofnað í þeim tilgangi að vera lögpersóna til að sinna ákveðnu hlutverki og til að skapa eigandanum arð. Leggja þarf fram hlutafé í upphafi vegna stofnkostnaðar og til að tryggja góða eiginfjárstöðu fyrstu árin meðan fyrirtækið er að ná markaðsfestu. Að öðru leyti verður að gera kröfu til þess að félagið standi undir rekstri sínum sjálft, auk þess að skila eigandanum arði af hlutafé.

Ed. 900. Nefndarálit [384. mál]

um frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Ásgeir Ólafsson, framkvæmdastjóra Viðlagatryggingar Íslands, Hafþór Jónsson frá Almannavörnum ríkisins og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Stefán Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Björn Dagbjartsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.

Ed. 901. Breytingartillaga [384. mál]

við frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 4. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:
Sérstök nefnd, ofanflóðanefnd, skal vera Almannavörnum ríkisins til ráðuneytis um þessi mál.

b. 3. mgr. orðist svo:
Verkefni ofanflóðanefndar er að fjalla um tillögur sem berast og gera endanlegar tillögur til Almannavarna ríkisins um allt sem varðar varnir gegn ofanflóðum.

Ed. 902. Breytingartillögur [470. mál]

við frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsl. hljóðar svo: Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfa í samráði við Félag þroskaþjálfa.
2. Við 4. gr. 2. málsl. 1. mgr. hljóði svo: Skólastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði og sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla.

Ed. 903. Frumvarp til laga [470. mál]

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

1. gr.

Ríkið rekur skóla sem hefur það hlutverk að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf. Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfa í samráði við Félag þroskaþjálfa.

2. gr.

Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar 5 manna skólastjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn vera formaður. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfa og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema.

Um skipan skólastjórnar, starfsemi og starfshætti skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og fastráðna kennara. Skólastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða sambærilegu prófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnum fólks með sérþarfir.

Fastráðnir kennarar skulu hafa lokið háskólaprófi eða öðru viðurkenndu prófi í kennslugrein sinni.

Skólastjórn ræður kennara að skólanum eftir ábendingum skólastjóra. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans.

5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

a. 18 ára aldur,
b. stúdentspróf eða hliðstætt nám,
c. störf í a. m. k. fjóra mánuði á stofnun með fötluðum.

6. gr.

Í reglugerð skulu vera nánari ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat og frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um undanþágur frá skilyrðum um menntun, eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1977, um breyting á lögum nr. 53/1967, um fávitastofnanir.

Ed. 904. Frumvarp til laga [384. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

Samhljóða þskj. 616 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Sérstök nefnd, ofanflóðanefnd, skal vera Almannavörnum ríkisins til ráðuneytis um þessi mál.

Almannavarnir ríkisins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn ríkisins, Veðurstofa Íslands og Viðlagatrygging Íslands tilnefna sinn manninn hver í nefndina. Fulltrúi Almannavarna ríkisins skal vera formaður.

Verkefni ofanflóðanefndar er að fjalla um tillögur sem berast og gera endanlegar tillögur til Almannavarna ríkisins um allt sem varðar varnir gegn ofanflóðum.

Sþ. 905. Fyrirspurn [489. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd fóstureyðinga.

Frá Árna Johnsen.

1. Hve margar fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar árlega frá og með árinu 1976 til og með ársins 1984 samkvæmt lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir?
2. Hvernig skiptast fóstureyðingar milli ára:
   a. af félagslegum ástæðum skv. a-, b- og c-lið 1. tl. 9. gr. laganna,
   b. af félagslegum ástæðum skv. d-lið 1. tl. 9. gr. laganna,
   c. af læknisfræðilegum ástæðum skv. 2. tl. 9. gr. laganna?
3. Í hve mörgum tilvikum er um endurteknar fóstureyðingar að ræða árlega framangreint tímabil?
4. Í hve mörgum tilvikum á þessum tíma er um að ræða fóstureyðingar af félagslegum ástæðum eftir lok 12. viku meðgöngu?

Ed. 906. Lög [408. mál]

um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 670.

Ed. 907. Frumvarp til útvarpslaga. [5. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. maí.)

I. KAFLI
Réttur til útvarps.

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum, sem sett eru með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika, átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði III. kafla laga þessara.

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkvæmt 3.—6. grein þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmætt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju.
2. Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.
3. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

   Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og hún synjar þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.

4. Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
5. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
6. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt VI. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
7. Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.
8. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar er leyfi fær þar sem nánar er kveðið á um hver sé handhafi útvarpsleyfis, reglur, samningstíma og leyfisgjald. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni.

4. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.

5. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldar reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. grein:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. töluliðar þessarar greinar. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 3., 6., 7. og 8. töluliðum 3. greinar sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem eru innan samfellds svæðis. Sama gildir innan stofnunar, t. d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss, eða vinnustaðar.

6. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

7. gr.

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

8. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.—7. greina.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

II. KAFLI
Menningarsjóður útvarpsstöðva.

9. gr.

Stofna skal Menningarsjóð útvarpsstöðva.

10. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu.

11. gr.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.

Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur.

Sinfóníuhljómsveitinni er rétt að gera samning við Ríkisútvarpið um réttindi þess varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar gegn eðlilegu gjaldi og sé í samningunum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum.

12. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skipa þrír menn, einn tilnefndur af útvarpsráði, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd, ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð til tveggja ára í senn.

13. gr.

Menntamálaráðherra skal kveða nánar á um starfsreglur Menningarsjóðs útvarpsstöðva í reglugerð.

III. KAFLI
Ríkisútvarpið.

14. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

15. gr.

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m. a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m. a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

16. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

1988 .. 4%
1989 .. 4%
1990 .. 5%

38. gr.

Ákvæði 36. og 37. gr. skulu tekin til endurskoðunar að liðnum fjórum árum frá gildistöku þessara laga með tilliti til aðstæðna í markaðsmálum og uppbyggingu nýrra búgreina.

IX. KAFLI

Um vinnslu og sölu búvara.

39. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins.

40. gr.

Byggingu og staðsetningu afurðastöðva skal haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar.

Áður en opinber lánastofnun tekur ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur, skal stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd.

41. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður, að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.

42. gr.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti og blóm. Ráðherra getur, að fengnum meðmælum þeirrar nefndar, sem starfar skv. 3. mgr., ákveðið að innflutningur tiltekinna vara, sem greinin tekur til, skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu. Innflutningur þeirra vara, sem greinin tekur til, skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ákvæði þessarar greinar tekur þó ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs þær vörur sem um getur í 1. mgr., ef birgðirnar eru, að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa áhöfn og farþegum.

Áður en leyfi til innflutnings skv. 1. mgr. eru veitt, skal ráðherra leita álits nefndar, sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra, og tveimur fulltrúum innflytjenda þessarar vörutegunda, sem viðskiptaráðherra tilnefnir, og oddamanni tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstutt álit um, hvort innflutnings sé þörf og hve mikils.

Ákvæði 41. gr. taka ekki til innflutnings á þeim vörum, sem grein þessi tekur til.

43. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð ákveðið að mjólk og mjólkurvörur, egg, kartöflur, garðávextir og grænmeti, sem selja á innanlands eða flytja skal á erlendan markað, skuli metið, flokkað og merkt eftir tegundum, gæðum og uppruna, enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og hollustuhætti, sem settar eru á grundvelli laga nr. 50 29. maí 1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Til að standa straum af kostnaði við mat skv. þessari grein er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt matsgjald af þeirri vöru, sem matið tekur til, og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af verði vörunnar til framleiðanda. Matsgjaldið má þó aldrei vera hærra en sem nemur 1,5% af verði vörunnar til framleiðanda. Framleiðandi þeirrar vöru, sem tekin er til mats, er ábyrgur fyrir greiðslu matsgjalds. Gjald þetta má taka lögtaki. Heimilt er að ákveða að það skuli innheimt með búnaðarmálasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 40 7. maí 1982.

Landbúnaðarráðherra ákveður yfirstjórn mats þeirra búvara, sem ákveðið er að taka til mats skv. þessari grein.

Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat skv. þessari grein. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn, sem hafa góða þekkingu á viðkomandi búvöru og reynslu í öllu, er varðar meðferð varanna og mat á þeim.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um matsreglur, gæðaflokkun, framkvæmd mats, yfirmat og annað sem lýtur að matinu.

Afurðastöðvum og öðrum, sem annast sölumeðferð þeirra búvara sem mat skv. þessari grein tekur til, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið skv. nánari reglum, sem settar skulu í reglugerð.

Við verðlagningu búvara skal verð þeirra ákveðið mismunandi eftir tegunda- og gæðaflokkum, sem ákveðnir eru samkvæmt þessari grein, l. nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, l. nr. 22 10. maí 1976 um flokkun og mat á gærum, og öðrum lögum og reglum um sama efni.

44. gr.

Þeir sem versla með búvörur skulu fullnægja skilyrðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um slíka starfsemi og hafa fullnægjandi aðstöðu til meðferðar, flutnings og geymslu þeirrar vöru, sem þeir taka til sölumeðferðar samkvæmt reglum heilbrigðisyfirvalda.

Nú selur framleiðandi eigin búvöruframleiðslu til smásöluverslunar eða neytenda og er honum þá skylt að fullnægja ákvæðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um flokkun, mat, flutning, geymslu og annað sem lýtur að meðferð vörunnar.

Skylt er seljanda og kaupanda að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um söluna, þ. á m. um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, að skipta landinu í mjólkursölusvæði eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum.

Þegar ákveðin hefur verið skipting landsins í sölusvæði, er afurðastöðvum á sölusvæðinu skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins, enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og gæði og sé innan marka heimilaðs framleiðslumagns, sbr. 30. gr.

46. gr.

Nú kemur upp deila á milli framleiðenda og afurðastöðvar innan sölusvæðis um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og er þá aðilum heimilt að leggja ágreining til úrskurðar þriggja manna nefndar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Framleiðsluráði, annar tilnefndur af samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, og oddamaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

47. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið skiptingu landsins í sölusvæði fyrir mjólk, sbr. 45. gr., og skulu þá framleiðendur mjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn, er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því svæði.

Þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði, sem hafa á hendi daglega sölu á mjólk og mjólkurvörum, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

48. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli mjólkursamlaga, að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara með tilliti til heildarafkomu framleiðslugreinarinnar og hagsmuna mjólkurframleiðenda og neytenda. Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma, og

skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag, sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það, og skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra.

49. gr.

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi eða samsölustjórn samkvæmt ákvæðum 47. gr. innan sölusvæðis, sem ákveðið er skv. 45. gr., skal það eða hún annast alla heildsöludreifingu á nýmjólk, rjóma, súrmjólk og skyri. Heildsöluaðilinn skal sjá um að ætíð sé nóg af þessum vörum á sölusvæði hans, sé þess nokkur kostur.

50. gr.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta opinberum verðákvörðunum og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þótt ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þessara vara.

51. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli sláturleyfishafa vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlenda markaði með tilliti til mismunandi heimilda þeirra til slátrunar og verkunar á þessum búvörum til útflutnings og þess að sala hvers sláturleyfishafa á innlendum markaði miðist við hlutfall heimilaðrar framleiðslu skv. 30. gr. þeirra framleiðenda, sem eru í viðskiptum hjá sláturleyfishafa.

Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma, og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag, sem um ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það, skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um magn og verkun þessara búvara og skiptingu þeirra til sölu innan lands og utan.

Brjóti sláturleyfishafi gegn samkomulagi eða úrskurði skv. þessari grein, er ráðherra heimilt að svipta viðkomandi sláturleyfi skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum með síðari breytingum.

52. gr.

Rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal hætt frá og með 1. júní 1986.

Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða að breyting skv. 1. mgr. verði fyrr, enda hafi þá náðst samkomulag við aðila skv. 3. mgr. um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki Grænmetisverslunar landbúnaðarins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þá ekki ná til þeirra starfsmanna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, sem njóta lögkjara skv. þeim lögum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Þá er ráðherra heimilt að leigja sömu aðilum núverandi fasteignir Grænmetis-

verslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti.

Tekjur, sem fást við sölu og leigu á eignum skv. 3. mgr., ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins við starfslok, skulu lagðar í sérstakan sjóð, sem hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn skal vera í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

53. gr.

Þar sem afurðastöð búvara er í eigu aðila, sem hefur með höndum annan rekstur, er skylt að halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri viðkomandi aðila.

Þá getur fimmmannanefnd ákveðið að afurðastöðvar skuli setja reikninga sína upp með samræmdum hætti.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

54. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt.

55. gr.

Kostnaður við framkvæmd IV. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna í verðlagsnefnd og fimmmannanefnd.

56. gr.

Slátrun alifugla skal fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

57. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið að seljendur fóðurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

58. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál. Varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 100—5000 kr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1985. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 95 11. desember 1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

A.

Frá gildistöku þessara laga og þar til starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins verður hætt skv. 52. gr., skal fyrirtækið annast verslun með kartöflur og annað grænmeti. Framleiðsluráð landbúnaðarins fer með yfirstjórn og rekstur fyrirtækisins og annast uppgjör á rekstri þess í samræmi við nánari fyrirmæli, sem landbúnaðarráðherra setur þar um.

B.

Við gildistöku þessara laga skulu reikningar vegna innheimtu á kjarnfóðurgjaldi skv. b-lið 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. lög nr. 45/1985, gerðir upp. Skal því fé, sem þá kann að vera í sjóði eða óinnheimt, ráðstafað í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981.

C

Þrátt fyrir ákvæði 60. gr. skal sexmannanefnd ákveða verð landbúnaðarvara 1. júní 1985 í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981 og skulu þær ákvarðanir nefndarinnar og aðrar verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981, gilda þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir þar um skv. lögum þessum. Sama gildir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. 40. gr. laga nr. 95/1981.

Tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru eftir 1. júní 1985 og þar til landbúnaðarráðherra hefur ákveðið verðmiðlunargjöld skv. V. kafla þessara laga, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði V. kafla þessara laga.

D.

Útflutningsbætur skv. 12. gr. laga nr. 95/1981 fyrir verðlagsárið 1984—1985 skulu miðast við heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á tímabilinu 1. september 1984 til 31. ágúst 1985.

E.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett skv. ákvæðum 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981 um búmark, skulu halda gildi sínu þar til þau hafa sérstaklega verið felld úr gildi eða reglugerð sett um beitingu ákvæða b- og/eða c-liðar 30. gr., sbr. 35. gr. þessara laga.

F.

Verðlagsnefnd búvara skal í samræmi við ákvæði IV. kafla laga þessara semja um verðlagsgrundvöll, er taki gildi 1. september 1985, þó að núgildandi verðlagsgrundvelli hafi eigi verið sagt upp í samræmi við 7. gr. laga nr. 95/1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi á vegum ríkisstjórnarflokkanna, sem skipaður var sumarið 1983. Í hópnum sátu eftirtaldir alþingismenn: Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson og Þórarinn Sigurjónsson. Birgir Ísl. Gunnarsson tók sæti Þorsteins Pálssonar og Þórarinn Sigurjónsson sæti Stefáns Valgeirssonar á fyrstu stigum starfsins. Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, var formaður hópsins. Tryggvi Gunnarsson, lögfræðingur, var lögfræðilegur ráðunautur hópsins við samningu frumvarpsins.

Grundvöll að starfi hópsins er m. a. að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 26. maí 1983, en þar segir svo um stefnumörkun varðandi landbúnaðinn:

„3.1. Unnið verði að aðlögun búvöruframleiðslunnar að markaðsmöguleikum og dregið úr þörf fyrir útflutningsbætur, þannig að þær fari lækkandi.

3.2. Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði endurskoðuð, meðal annars með tilliti til eftirfarandi atriða:

1) Skipulagningar búvöruframleiðslunnar eftir héruðum eða framleiðslusvæðum, þar sem tekið er tillit til framleiðsluskilyrða, markaða, landgæða og hóflegrar landnýtingar.

2) Breytinga á verðlagningarkerfinu.

3) Meiri hagkvæmni í verslun með garðávexti.

3.3. Lögð verði áhersla á nýjungar í vinnslu og sölustarfsemi landbúnaðarafurða og hagræðingu til að draga úr vinnslu- og dreifingarkostnaði.

3.4. Nýjar búgreinar, svo sem loðdýrarækt, fiskeldi o. fl. verði efldar, og stærri hluti fjárveitinga til landbúnaðar renni til þeirra.

3.5. Með þessum og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum verði unnið gegn byggðaröskun og hagur bændastéttarinnar tryggður."

Stefnumörkun þessi var útfærð nánar í endurnýjuðum samstarfssamningi stjórnarflokkanna í september s. l. Í starfi sínu hefur hópurinn tekið mið af stefnumörkun þessari, svo og þeim breytingum, sem orðið hafa á síðari árum varðandi framleiðslu, vinnslu, dreifingu og sölu á landbúnaðarafurðum.

Starfshópurinn hefur átt fundi með fulltrúum Stéttarsambands bænda, fulltrúum sérbúgreinafélaga, svo og fulltrúum vinnslustöðva og sölusamtaka landbúnaðarins. Hópnum hafa borist ábendingar og formlegar tillögur ýmissa hagsmunaaðila varðandi skipulag framleiðslu, vinnslu og sölu búvara, auk þess sem hann hefur aflað gagna sérstaklega frá stofnunum landbúnaðarins.

Verðlags- og afurðasölumál landbúnaðarins voru að mestu óskipulögð allt fram á fjórða áratug þessarar aldar. Sú skipan ríkti, að hver framleiðandi sá um sölu og dreifingu á sinni vöru ýmist til kaupmanna eða neytenda. Lög um sölu landbúnaðarafurða, sem almennt hafa verið kölluð **afurðasölulögin,** voru sett sem bráðabirgðalög haustið 1934 og síðan samþykkt á Alþingi í desember sama ár. Það eru fyrstu lög um verðlagningu og sölu búvara, sem sett eru hér á landi.

Fyrstu lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru samþykkt á Alþingi árið 1947. Nokkrum sinnum hafa verið gerðar breytingar á þeim, en þó hafa þau í meginatriðum staðið óbreytt frá þeim tíma fram á síðustu ár. Með lögum nr. 15 18. apríl 1979 var þó sú breyting gerð á lögum um Framleiðsluráð, að lögfest var heimild til þess að takmarka búvöruframleiðsluna vegna breyttra aðstæðna við framleiðslu og sölu búvara. Þeirri heimild hefur verið beitt síðan í framleiðslu mjólkur og nautgripa- og kindakjöts. Var þar um stefnubreytingu að ræða, þar sem áður hafði það verið einn megintilgangur laganna að tryggja næga búvöruframleiðslu í landinu.

Hér verða ekki raktar nánar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins frá upphafi, en vikið að því frumvarpi, sem hér er lagt fram. Í skýringum við einstakar greinar á að koma fram, hverju lagt er til að breytt verði eða hagað á annan veg en í gildandi lögum.

Frumvarp þetta felur í sér umfangsmiklar breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum. Til glöggvunar verður hér gerð grein fyrir helstu breytingum, sem að er stefnt:

a. Framleiðslumálum landbúnaðarins eru sett skýr markmið.
b. Hlutverki Framleiðsluráðs landbúnaðarins er breytt á þann veg, að það verður samstarfsvettvangur búvöruframleiðenda, en afskipti þess af vinnslu- og sölumálum minnka.
c. Verðlagningu búvöru verður skipt á þann veg, að annars vegar er ákveðið búvöruverð til framleiðenda, en hins vegar heildsöluverð á búvöru. Um ákvörðun smásöluverðs fari eftir almennri verðlagslöggjöf.
d. Tekin eru upp ákvæði um skil og greiðslu afurðaverðs til búvöruframleiðenda.
e. Dregið verði úr útflutningsbótagreiðslum, en hluta af því fé, sem við það sparast, verði hagnýtt með öðrum hætti í þágu landbúnaðarins.
f. Heimild er veitt fyrir því að ríkisvaldið semji við bændur um ákveðið magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem þeim verður ábyrgst grundvallarverð fyrir.
g. Lögfest verður heimild fyrir skiptingu búvöruframleiðslu með svæðabúmarki.
h. Sérstakt gjald verður lagt á innflutt fóður til skepnueldis í því skyni að stjórna búvöruframleiðslu, og renni það til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.
i. Tekin eru upp almenn ákvæði um mat og flokkun hinna ýmsu búvara.
j. Dregið er úr afskiptum og ábyrgð Framleiðsluráðs á málefnum, er varða vinnslu og sölu búvara.
k. Reglur um innflutning á kartöflum og nýju grænmeti eru rýmkaðar. Gert er ráð fyrir að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði hætt í núverandi formi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Tilgangur laganna og orðaskýringar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna hvað snertir framleiðslustefnu í landbúnaði gagnvart innlendum og erlendum mörkuðum, en einnig hvað snertir kjör bænda. Síðarnefnda atriðið er hliðstætt ákvæðum í gildandi lögum, sbr, 1. mgr. 4. gr. þeirra. Þá fellst í 1. gr. stefnumótun gagnvart nýtingu innlendra aðfanga í búvöruframleiðslunni, og kveðið er á um að stuðlað skuli að jöfnuði á milli búvöruframleiðenda hvað varðar verð fyrir afurðir og markað fyrir þær. Stefnumörkun sem þessi er nýmæli í lögum um framleiðslu- og sölumál landbúnaðarins.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum og þarfnast ekki skýringar.

II. KAFLI

Yfirstjórn og samtök framleiðenda.

Um 3. gr.

Með frumvarpinu er landbúnaðarráðherra ætlað meira hlutverk en verið hefur varðandi samræmingu ýmissa þátta í framleiðslumálum landbúnaðarins. Í samræmi við það má gera ráð fyrir að efla þurfi ráðuneytið til þess að sinna hinum nýju verkefnum.

Um 4. gr.

Grein þessi er nýmæli í lögum. Í henni er kveðið á um skipan þátttöku Stéttarsambands bænda í samningum við ríkisstjórn um það framleiðslumagn búvöru, sem ríkið tekur verðábyrgð á skv. a-lið 30. gr. og 36. gr. Samkvæmt greininni getur Stéttarsambandið fengið einstökum samtökum framleiðenda umboð sitt til umræddra samninga og annarra ákvarðana skv. lögum þessum, en þá þarf landbúnaðarráðherra að viðurkenna slík samtök. Gengið er út frá því að aðeins verði viðurkennd ein samtök búvöruframleiðanda í hverri framleiðslugrein og verði það landssamtök, sem allir framleiðendur í viðkomandi grein eiga sama rétt til þátttöku í. Samtökin þurfa að hafa innan sinna vébanda a. m. k. fullan helming framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda hafi þeir samsvarandi hlutdeild í framleiðslu hennar. Ekki er kveðið á um samningsaðila af hálfu ríkisins, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra hafi forystu um að tilnefna aðila til samninga af hálfu ríkisins, sjá einnig aths. við a-lið 30. gr. frumvarpsins.

Þá eru í greininni ákvæði um rétt búvöruframleiðenda til þátttöku í Stéttarsambandi bænda, eða viðurkenndum aðildarfélögum þess, samkvæmt samþykktum Stéttarsambands bænda. Þess skal getið, að samþykktirnar eru nú til endurskoðunar hjá sérstakri nefnd Stéttarsambandsins. Í tillögu nefndarinnar, sem lögð hefur verið fram, er gert ráð fyrir aðild ýmissa sérbúgreinafélaga að Stéttarsambandinu og öðrum breytingum til þess að mæta vaxandi sérhæfingu búvöruframleiðenda. Við smíð 4. og 5. gr. þessa frumvarps hefur mið verið tekið af umræddri tillögu. Hér er um félagskerfi atvinnuvegarins að ræða, og því eðlilegt að löggjafinn taki fullt tillit til tillagna hans varðandi innri félagsskipan stéttarinnar.

Í greininni er ákvæði þess efnis, að samningar, sem gerðir kunna að verða við ríkisvaldið um framleiðslumagn skv. a-lið 30. gr., séu bindandi fyrir viðkomandi framleiðendur, hvort sem þeir eru félagsbundnir í áðurnefndum samtökum framleiðenda eða standa utan þeirra.

Við samningu ákvæða þessarar greinar um félagsaðild að Stéttarsambandi bænda og samtökum framleiðenda skv. greininni, hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í samræmi við ákvæði nefndra laga er gert ráð fyrir að búvöruframleiðendur eigi almennt rétt á því að vera félagsmenn í hinum tilgreindu samtökum en samtökin setji sjálf nánari reglur um þá félagsaðild.

III. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

Um 5. gr.

Í greininni felst sú meginbreyting frá gildandi lögum, að Framleiðsluráð landbúnaðarins verður fyrst og fremst skipað búvöruframleiðendum í samræmi við hlutverk það, sem ráðinu er ætlað skv. 1.mgr. greinarinnar. Greininni er ætlað að tryggja betur aðild allra bænda að Framleiðsluráði landbúnaðarins hvers konar búvöruframleiðslu sem þeir stunda, og gera Framleiðsluráð þannig hæfara til þess að rækja hlutverk sitt varðandi framleiðslumál allra bænda og gæta jafnframt réttlætis á milli þeirra innbyrðis. Gert er ráð fyrir, að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í fimmtán.

Varðandi skipan Framleiðsluráðs er farið eftir tillögu nefndar, sem kjörin var á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1984, til þess að endurskoða samþykktir Stéttarsambandsins, og skilaði áliti sínu í febrúar s. l. Taka verður fram, að um þá tillögu hefur enn ekki verið fjallað á fulltrúafundum Stéttarsambands bænda.

Þá er gert ráð fyrir, að félagsráð Osta- og smjörsölunnar tilnefni einn fulltrúa í Framleiðsluráð, er verði þá einskonar fulltrúi mjólkurframleiðenda og mjólkurvinnslunnar í

landinu, en mjólkurvinnslan er öll í höndum mjólkurframleiðenda. Hliðstætt þessu er gert ráð fyrir því, að sláturleyfishafar tilnefni sameiginlega fulltrúa sinn í Framleiðsluráð til þess m. a. að tengja þá ráðinu. Tekið er fram, að báðir þessir fulltrúar skuli vera úr hópi búvöruframleiðenda.

Gert er ráð fyrir, að einn fulltrúi landbúnaðarráðherra sitji í Framleiðsluráði, m. a. til þess að efla tengsl á milli ráðsins og landbúnaðarráðherra, sem fer með yfirstjórn þessara mála.

Önnur ákvæði greinarinnar eiga sér hliðstæðu í 1. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Greinin kemur í stað 2. gr. gildandi laga. Ákvæði hennar eru í samræmi við breytt hlutverk Framleiðsluráðs frá núgildandi lögum. Ráðinu er ætlað að einbeita sér einkum að hagsmunum búvöruframleiðendanna.

Helstu nýmælin koma fram í tl. 2 varðandi framkvæmd framleiðslustjórnar. 4. tl. er nýtt ákvæði. Er þar bent á leið til þess að draga úr óhagkvæmum framleiðslusveiflum, sem kallað hafa á skammtímaráð af ýmsu tagi til þess að sníða framleiðslumagnið að þörf markaðarins. Varðandi tl. 5 skal þess getið, að ráðinu er ekki lengur ætlað að vera ákvörðunaraðili um veitingu sláturleyfa, heimildar til stofnunar mjólkurbúa og annarra vinnslu- og sölustöðva fyrir búvörur, eins og ákveðið er í núgildandi lögum.

IV. KAFLI

Um verðskráningu á búvörum.

Kafli þessi svarar til II. kafla gildandi laga, en á honum hafa verið gerðar verulegar breytingar. Felast þær í því, að verðákvörðun er skipt, þannig að búvöruverð til framleiðenda og heildsöluverð á búvöru er ákvarðað með aðskildum hætti.

Í gildandi lögum er sexmannanefnd, sem kunnugt er, gert að annast þessa verðlagningu alla, sbr. 5. gr. laganna. Í reynd hefur hún hins vegar ákveðið verð á nautgripa- og sauðfjárafurðum, auk nokkurra annarra afurða, en afurðir t. d. svína- og alifugla hefur nefndin ekki verðlagt.

Í frumvarpinu er heimild til þess að undanskilja verðákvörðun búvara verðlagningarákvæðum þess, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 16. gr. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að búvörur, sem ekki eru verðlagðar skv. reglum frumvarpsins, falli undir ákvæði almennra verðlagslaga, sbr. 16. gr. Með þessum hætti er verðákvörðun allra búvara búinn staður í lögum á þann veg, að taka megi tillit til mismunandi aðstæðna við verslun með þær.

Um 7. gr.

Greinin er hliðstæð 5. gr. núgildandi laga. Skipan nefndarinnar breytist á þann veg, að Alþýðusambandi Íslands er fenginn réttur til að skipa tvo fulltrúa í verðlagsnefndina, í stað eins áður, og að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi rétt til að skipa einn fulltrúa, en niður falli réttur Landsambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur. ASÍ og BSRB eru fjölmennustu launþegasamtökin og því eðlilegt við þessa skipan verðlagsmála að ætla þeim að fara með fyrirsvar sjónarmiða neytenda, líkt og gerist t. d. í verðlagsráði.

Önnur atriði greinarinnar eru óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er hliðstæð hluta 6. gr. núgildandi laga. Verðlagsnefnd er ætlað að semja um verðlagsgrundvöll, er sé grundvöllur ákvörðunar á búvöruverði til framleiðenda.

Til þessa hefur verið lagður einn verðlagsgrundvöllur undir búvöruframleiðsluna. Þannig hefur sami grundvöllur gilt fyrir mjólkur- og kindakjötsframleiðslu. Í kjölfar vaxandi

framleiðslusérhæfingar þykir rétt að hafa heimild í lögum til þess að semja um sérstakan grundvöll fyrir hvora þessara búgreina. Nefndinni er á sama hátt ætlað að semja um verðlagsgrundvöll fyrir aðrar búgreinar, þegar Stéttarsamband bænda og samtök framleiðenda í viðkomandi grein óska eftir því. Um slíka verðlagningu getur því eigi orðið að ræða nema til staðar séu viðurkennd landssamtök framleiðanda skv. 2. mgr. 4. gr. í viðkomandi búgrein og að þau og Stéttarsamband bænda óski bæði eftir slíkri verðlagningu. Þetta tvennt er nýmæli. Gert er ráð fyrir að um gildistíma verðlagsgrundvallar vegna annarra búgreina fari eftir ákvæðum 10. og 12. gr.

Breytt er formi á meðferð mála, ef ágreiningur rís á milli samningsaðila. Gert er ráð fyrir að þeir geti með samkomulagi allra nefndarmanna vísað ágreiningnum beint til yfirnefndar, en skv. núgildandi lögum skal honum fyrst vísað til sáttasemara. Breytingin á að geta sparað tíma við meðferð ágreiningsatriða.

Í greininni er tiltekinn með skýrari hætti en í núgildandi lögum sá tími, er sáttasemjari hefur til sáttaumleitana í ágreiningsmálum.

Síðasta málsgreinin er nýmæli.

Að öðru leyti eru ekki gerðar efnislegar breytingar á vinnubrögðum við samninga um verðlagsgrundvöll frá núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Efnislega svarar greinin til 4. gr. núgildandi laga. Ákvæði um tekjuviðmiðun búvöruframleiðenda er þó breytt á þann veg, að felld er niður hin beina kaupgjaldsviðmiðun við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Í stað þess er tekin upp viðmiðun við þá, er vinna sambærileg störf og búvöruframleiðendur, hvað varðar kröfur um menntun, sérhæfni og ábyrgð. Búrekstur er fjölþættur starfi, sem gerir miklar kröfur til þeirra, sem hann stunda. Með ákvæðum greinarinnar er ætlast til þess að meira tillit sé tekið til þessa en gert er með ákvæðum núgildandi laga.

Gert er ráð fyrir að um leið og nefndin semur um viðmiðun kaupgjalds, ákveði hún jafnframt reglur um það, hvernig kaupgjaldsliður verðlagsgrundvallar skuli framreiknaður við ársfjórðungslegar breytingar á launum, sbr. 12. gr.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 7. gr. í gildandi lögum.

Um 11. gr.

Efni greinarinnar svarar til 8. gr. í gildandi lögum. Sú breyting er gerð, að verðlagsnefnd skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og Búreikningastofu landbúnaðarins um skipulag starfs varðandi öflun rekstursreikninga búa, en þann þátt annast Búreikningastofan, skv. sérstökum lögum.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Grein þessi er nýmæli og í samræmi við þá breytingu á verðlagningu búvara, sem fyrr var getið. Gert er ráð fyrir að fimm manna nefnd annist verðlagningu búvara í heildsölu, sbr. þó ákvæði 16. gr. Í nefndinni sitji fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur og neytenda, undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans. Með því móti skapast ákveðin tengsl við hið almenna verðlagskerfi og verðlagseftirlit. Í samræmi við það er sömu aðilum og nú tilnefna fulltrúa neytenda í verðlagsráð, þ. e. Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, falið að tilnefna tvo fulltrúa í þessa nefnd, eða viðskiptaráðherra, noti samtök þessi ekki rétt sinn til tilnefningar.

Gert er ráð fyrir tveimur fulltrúum afurðastöðva í nefndinni, þannig að þeir taki sæti í nefndinni eftir því hvaða búvöruflokka verið er að verðleggja, þ. e. mjólk, kjöt og sláturafurðir, grænmeti og egg. Þannig velji afurðastöðvar í mjólkuriðnaði (mjólkurbú, mjólkursamlög), sem þegar hafa með sér allnána samvinnu innan Osta- og smjörsölunnar, tvo fulltrúa sína í nefndina, til þess að fjalla um heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða. Á sama hátt er ætlast til þess, að fulltrúar löggiltra sláturhúsa tilnefni úr sínum hópi tvo fulltrúa til starfa í nefndinni að ákvörðun heildsöluverðs á kjöti og öðrum sláturafurðum.

Skipan þessi kallar fram samstarf afurðastöðva í hinum ýmsu framleiðslugreinum vegna verðlagningarinnar, og hreyfanleg skipan nefndarinnar tryggir það, að afurðastöðvar í skyldum (sömu) greinum eigi beina aðild að heildsöluverðsákvörðuninni.

Kjósi afurðastöðvar ekki að tilnefna fulltrúa í nefndina, skal landbúnaðarráðherra tilnefna fulltrúa í þeirra stað.

Um 14. gr.

Í greininni er skýrður sá grunnur, er ákvörðun heildsöluverðs skuli byggð á. Við ákvörðun þess verði metinn vinnslu- og dreifingarkostnaður búvöru, þ. m. t. vaxta- og geymslukostnaður, þar sem tekið er mið af afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu. Veitt er heimild til þess að gangast fyrir sérstökum rannsóknum í því skyni að styrkja upplýsingagrundvöll. Inn í heildsöluverðsákvörðun fellur tillögugerð um verðmiðlunargjöld skv. 19. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að verðlagningu sé lokið fyrir 1. september ár hvert, nema aðilar verði sammála um annað.

Þá er gert ráð fyrir, að úrskurður nefndarinnar sé endanlegur, og að ágreiningi verði ekki vísað til úrlausnar hjá öðrum aðilum.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 9. gr. gildandi laga. Nýmæli er það, að verðbreytingar eru ekki eingöngu bundnar við ákveðnar dagsetningar ársfjórðungslega, heldur skulu þær heimilaðar þegar afurðaverð til framleiðenda, rekstrarkostnaður eða vinnulaun breytast.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fylgt þeirri stefnu, sem fram kemur í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 56 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, að heimilt sé að gefa verðlagningu frjálsa, þegar samkeppni er nægileg, til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Hafi verðlagning verið gefin frjáls með þessum hætti, geta fimmmannanefnd og Verðlagsstofnun skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna til þeirra um verðhækkanir. Fimmmannanefnd er jafnan heimilt að ákveða að verðlagning, sem gefin hefur verið frjáls skv. þessari grein, skuli á ný falla undir 13. til 15. gr., ef skilyrði greinarinnar eru ekki lengur fyrir hendi að dómi nefndarinnar. Þó að verðlagning sé gefin frjáls skv. þessari grein, kunna stjórnvöld þó að grípa inn í slíka verðlagningu, t. d. þegar ákvæði l. nr. 56/1978 um samkeppnishömlur eiga við.

Í 2. mgr. kemur fram sú meginregla, að fimmmannanefnd skuli aðeins ákveða heildsöluverð á þeim búvörum, sem verðlagsnefnd hefur skv. 8. gr. ákveðið framleiðendum verð fyrir.

Skv. 1. mgr. 8. gr. frv. skal verðlagsnefnd ákveða verð á sauðfjár- og nautgripaafurðum til framleiðenda, en afurðaverð til framleiðenda á öðrum búvörum ákveður nefndin ekki nema um það komi óskir frá Stéttarsambandi bænda og viðurkenndum samtökum framleiðenda í greininni.

Á síðustu árum hefur fækkað þeim tegundum vinnsluvara búvara, sem sexmannanefnd hefur verðlagt. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er fimmmannanefnd heimilt að ákveða verð á vinnsluvörum, sem unnar eru úr þeim búvörum, sem verðlagðar eru til framleiðenda skv. 8. gr. Nefndin getur hins vegar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar ákveðið að gefa verðlagningu tiltekinna vinnsluvara frjálsa og er það í samræmi við þá starfsreglu, sem sexmannanefnd hefur fylgt.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal sexmannanefnd ákveða smásöluverð landbúnaðarvara, sjá 5. gr. l. nr. 95/1981. Í framkvæmd hefur sexmannanefnd síðustu ár fyrst og fremst ákveðið smásöluverð á þeim búvörum, sem hafa verið niðurgreiddar úr ríkissjóði, eða kindakjöti, nautakjöti, mjólkurvörum og kartöflum. Verðlagning annarra landbúnaðarvara í smásölu hefur hins vegar verið frjáls. Eins og tekið er fram í athugasemdum við 16. gr., ákveður fimmmannanefnd ekki sjálfkrafa heildsöluverð á nema hluta búvara og þar sem heildsöluverð er ekki ákveðið af fimmmannanefnd, fer um verðlagningu þeirra vara bæði í heildsölu og smásölu eftir ákvæðum l. nr. 56/1978. Ákveði fimmmannanefnd hins vegar heildsöluverð búvara, fer um ákvörðun smásöluverðs eftir þeim verðlagningarreglum, sem almennt gilda í landinu skv. l. nr. 56/1978. Það verður því verkefni verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar, að fara með verðlagningu allra búvara í smásölu skv. ákvæðum l. nr. 56/1978.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. l. nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, ná ákvæði þeirra um verðlag og samkeppnishömlur hvorki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum. Þrátt fyrir að í þessu frv. séu ýmsar sérreglur settar um verðlagningu búvara, þykir eðlilegt að taka af öll tvímæli um að þegar hinum sérstöku reglum frv. sleppir, gilda þau ákvæði laga nr. 56/1978, sem fram koma í IV. til og með IX. kafla laganna um verðlagningu og viðskipti með búvörur. Þau ákvæði sem hér um ræðir lúta fyrst og fremst að markaðsráðandi fyrirtækjum, samkeppnishömlum, óréttmætum viðskiptaháttum, neytendavernd og meðferð þessara mála. Samkvæmt þessum ákvæðum verður t. d. samtökum framleiðenda tiltekinna búvara, þar sem verðlagning hefur verið gefin frjáls, óheimilt að hafa með sér samráð og ákveða sameiginlega, t. d. heildsöluverð á viðkomandi búvöru, sbr. 21. gr. l. nr. 56/1978. Ákvæði l. nr. 56/1978 víkja hins vegar fyrir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli ákvæða þessa frumvarps, t. d. um verðmiðlun og samkomulag sem gert er skv. 48. gr. frumvarpsins.

Þar sem fulltrúar búvöruframleiðenda eiga ekki aðild að verðlagsráði, en ákvarðanir ráðsins og Verðlagsstofnunar á grundvelli þessara heimilda kunna að varða hagsmuni þeirra, er hér lögboðið að Framleiðsluráð og samtök viðkomandi framleiðenda fái að tjá sig í samræmi við 47. gr. l. nr. 56/1978.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr er hliðstætt 11. gr. l. nr. 95/1981. Þetta ákvæði á ekki við þegar verð búvara er ákveðið skv. l. nr. 56/1978. Um refsingar vegna brota gegn þessu ákvæði fer eftir 59. gr. Í samræmi við ákvæði þessarar greinar er óheimilt að selja búvöru innanlands á lægra eða hærra verði en ákveðið er af þeim aðilum, sem fara með slíkar verðlagsákvarðanir skv. lögum þessum.

Við sölu búvara á erlendan markað ræðst söluverðið af markaðsverði á hverjum tíma og er því eigi hægt að láta hinar opinberu verðákvarðanir skv. lögum þessum taka til þeirra viðskipta.

2. mgr. er samhljóða 1. mgr. 12. gr. l. nr. 95/1981.

V. KAFLI
Um verðmiðlun.

Ákvæði um verðmiðlun eru í 40. gr. gildandi laga. Þessi kafli frumvarpsins er nokkuð breyttur frá gildandi lögum, þar sem í aðalatriðum er um að ræða tvenns konar jöfnun á afurðaverði:

a) verðmiðlun með svipuðum hætti og kveðið er á um í III. kafla gildandi laga. Kostnaður vegna verðmiðlunar telst hluti af dreifingar- og heildsölukostnaði.
b) framleiðslugjald, sem ætlað er til verðjöfnunar á milli framleiðenda vegna útflutnings búvara, hliðstætt e-lið 40. gr. gildandi laga. Gjald þetta fellur á framleiðendur, og hefur ekki áhrif á söluverð búvaranna.

Þar sem telja verður töku verðmiðlunargjalda skatt í merkingu stjórnarskrárinnar, eru í kaflanum tilfærð atriði er varða grundvöll gjaldtökunnar, um hámark hennar í hverju tilviki, og um endurskoðun gagna og reikninga vegna gjaldtökunnar.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir, að fimm mannanefnd geri að höfðu samráði við Framleiðsluráð tillögur til ráðherra um upphæð verðmiðlunargjalda, innheimtu þeirra og ráðstöfun, þar sem gjöldin skulu gera afurðastöðvum kleift að greiða framleiðendum fullt verð fyrir búvörur sbr. 29. gr. Í samræmi við það er fram tekið í 2. mgr. greinarinnar, í hvaða skyni verðmiðlun skuli heimiluð. Efnislega eru atriðin samhljóða ákvæðum í 40. gr. gildandi laga. Skv. 49 gr. frv. er mjólkurbúi eða samsölustjórn, þar sem hún starfar, lögð sú skylda á herðar að fullnægja þörf sölusvæðisins fyrir ákveðnar mjólkurvörur. Stafliður d heimilar verðmiðlun til þess að greiða fyrir flutningum þessara vara inn á sölusvæðið, sé þeirra þörf.

Ákvörðun um verðmiðlun er í frumvarpinu færð frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til landbúnaðarráðherra, sem ætlað er að byggja hana á tillögum sem fimmmannanefnd gerir í samráði við Framleiðsluráð. Litið er svo til, að verðmiðlun þessi sé í eðli sínu fyrst og fremst mál afurðastöðvanna, og að þetta sé rökrétt skipan í framhaldi af þeirri skerpingu mæra framleiðenda og vinnslustöðva, sem frumvarpið almennt gerir ráð fyrir.

Við ákvörðun verðmiðlunargjalda er sérstök skylda lögð á fimmmannanefnd, að taka tillit til þeirra samninga um verkaskiptingu afurðastöðva í mjólkuriðnaði, sem 48. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að gerðir séu, enda hafi ráðherra staðfest slíka samninga.

Í greininni er tekið fram, hve há verðmiðlunargjöld megi vera og er það nýmæli.

Gert er ráð fyrir, að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist öflun gagna vegna ákvörðunar verðmiðlunargjalda. Til þessa hefur Framleiðsluráð skv. lögum annast verðmiðlun. Þar er því til staðar mikil þekking og reynsla varðandi verðmiðlun alla, sem einboðið er að nýta áfram, þótt ráðið sé á hinn bóginn leyst undan ábyrgð á verkinu, af ástæðum sem raktar voru í upphafi athugasemda við þessa grein frumvarpsins, sbr. einnig athugasemdir við III. kafla frumvarpsins.

Um 20. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða skuli allir fá sama verð fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem selja þarf á erlendan markað. Í því skyni skulu innheimt framleiðslugjöld, með hætti sem ræðst af því hvort beitt er heimild til framleiðslustjórnar samkvæmt búmarki, sbr. 30. gr. b.

Sé þeirri heimild beitt, skal innheimta framleiðslugjöld af því búvörumagni, sem er umfram umsamið búmark, sbr. b-lið 30. gr. Með því móti á að tryggja það, að afurðastöðvar og þá um leið framleiðendur hafi sambærilega aðstöðu til þess að koma því búvörumagni á markað, sem um hefur verið samið í samningum ríkis og framleiðenda, sbr. a-lið 30. gr., eða ákveðið skv. öðrum heimildum þessarar greinar. Framkvæmd uppgjörs framleiðslugjalda

getur orðið á þann veg að þau séu gerð upp í lok verðlagsárs í samræmi við búvörumagn hjá einstökum framleiðendum umfram búmark, og magn og verð þeirrar búvöru, sem seld hefur verið á erlendan markað.

Sé heimild um framleiðslustjórn samkvæmt búmarki, sbr. b-lið 30. gr., ekki beitt, er skv. b-lið þessarar greinar heimilt að taka framleiðslugjöld af öllu framleiðslumagni viðkomandi búvöru til jöfnunar á verði til framleiðenda. Er það hliðstæður háttur og heimild er fyrir í gildandi lögum, sbr. e-lið 40. gr.

Endurtekið skal, að framleiðslugjöld hafa eingöngu áhrif á verð búvaranna til framleiðenda, en ekki verð þeirra til neytenda. Gjöldin varða því framleiðendurna mestu, og í samræmi við það er í greininni gert ráð fyrir, að Framleiðsluráð geri tillögur til landbúnaðarráðherra um innheimtu gjaldanna og annist umsjá þeirra, sbr. 24. gr. Eingöngu er gert ráð fyrir að taka megi framleiðslugjöld af mjólkur- og sauðfjárafurðum. Í greininni er kveðið á um að framleiðslugjöld megi aldrei vera hærri en nemur grundvallarverði viðkomandi búvöru.

Um 21. gr.

Í 3. tl. 1. mgr. 29. gr. er kveðið á um að framleiðendur sauðfjárafurða, sem lagðar eru inn í haustsláturtíð skuli fá tilteknar viðbótargreiðslur vegna verðhækkana, sem verða á óseldum birgðum vegna hækkana á afurðaverði til framleiðenda í tilefni af breytingum á verðlagsgrundvelli. Þessar viðbótargreiðslur miðast við heildarbirgðir í landinu en ekki birgðir þeirrar afurðastöðvar, sem framleiðandi er í viðskiptum við. Tekjur til greiðslu þessara viðbótargreiðslna myndast við sölu þeirra birgða, sem afurðastöð er heimilt að selja á hækkuðu verði vegna framangreindra verðhækkana. Vegna mismunandi sölumöguleika og birgða kann hins vegar svo að fara að afurðastöð hafi selt allar sínar birgðir af sauðfjárafurðum áður en til þessara viðbótargreiðslna kemur og að sú sala hafi farið fram á lægra verði. Nauðsynlegt er því að framkvæma verðmiðlun milli afurðastöðva vegna umræddra viðbótargreiðslna.

Um 22. gr.

Greinin er að hluta sama efnis og 5. tl. í 2. gr. gildandi laga og veitir ráðherra, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, heimild til þess að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð á mjólk eftir árstíðum, þrátt fyrir ákvæði 29. gr. frumvarpsins, um staðgreiðslu afurðaverðs. Mismunur þessi skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkurvara til neytenda. Ákvæði 5. tl 2. gr. gildandi laga hefur reynst mjög virk leið til þess að jafna mjólkurframleiðsluna eftir árstíðum. Hefur það stuðlað mjög að sparnaði og aukinni hagræðingu í mjólkuriðnaðinum.

Tekið er fram, að gjald vegna þessara ráðstafana megi hæst nema 30% af grundvallarverði mjólkur. Slíkt ákvæði er nýmæli í lögum.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist áfram innheimtu og skrifstofuhald vegna framkvæmdar verðmiðlunar samkvæmt þessum lögum og þá í samræmi við þær ákvarðanir, sem hlutaðeigandi aðilar taka skv. heimild í þeim. Í greininni eru settar nánari reglur en nú eru í lögum um reikningshald og kostnað vegna framkvæmdar á verðmiðlun. Þykir eðlilegra að sá kostnaður sem þessu fylgir sé greiddur hlutfallslega af innheimtum verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum í stað þess að jafna þessum kostnaði niður á alla búvöruframleiðsluna.

Regla 2. mgr. um skipun endurskoðenda reikninga vegna innheimtra verðmiðlunar- og framleiðslugjalda er nýmæli.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 42. gr. l. nr. 95/1981.

Um 25. gr.

Samkvæmt 41. gr. l. nr. 95/1981 ákveður Framleiðsluráð landbúnaðarins árlega, samhliða ákvörðun verðmiðlunargjalds skv. 40. gr. laganna, hve hátt gjald skuli tekið til að standa straum af framkvæmd laga nr. 95/1981, þar á meðal kostnaði við Framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 13. gr.). Í þessu frv. eru Framleiðsluráði landbúnaðarins falin ýmis verkefni og er þá í nokkrum tilvikum, s. s. 24. gr. og d-lið 30. gr. ákveðið, hvernig kostnaður af því starfi skuli greiddur. Til að standa straum af kostnaði við önnur verkefni Framleiðsluráðs, er hér lagt til að áfram verði í lögum heimild til að innheimta sérstakt gjald af heildsöluverði þeirra búvara, sem lög þessi taka til. Nýmæli er að til innheimtu á gjaldinu þarf samþykki ráðherra og ákveðið er hámark gjaldsins.

Í 3. mgr. er nýmæli, sem felur í sér heimild til að ráðstafa tekjum af innheimtu gjaldi til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögum þessum vegna búgreinarinnar. Hér undir gætu t. d. fallið tilvik, þar sem Framleiðsluráð felur samtökum framleiðenda að annast verkefni, sem því bæri annars að sinna skv. þessum lögum.

Gjald samkvæmt þessari grein má, eins og áður sagði, innheimta af öllum þeim búvörum, sem lög þessi taka til, þ. á m. afurðum loðdýra, og heildsöluverð, sem gjaldið reiknast af er því ýmist heildsöluverð ákveðið af verðlagsyfirvöldum skv. lögum þessum eða lögum nr. 56/1978, eða verð ákveðið í viðskiptum aðila, t. d. útflutningsverð.

Um 26. gr.

Efni þessarar greinar er hliðstætt 3. mgr. 42. gr. l. nr. 95/1981 að því breyttu, að Framleiðsluráð aflar nú gagna fyrir fimmmannanefnd til tilllögugerðar um framkvæmd verðmiðlunar. Er ákvæði þetta sett til að undirstrika þann vilja, að aðstaða Framleiðsluráðs til að afla þessara upplýsinga verði nýtt í stað þess að ætla nýjum aðila þetta verkefni.

Í lok greinarinnar er nýmæli, sem heimilar að fresta greiðslu verðmiðlunargjalda eða framleiðslugjalda til þeirra aðila, sem ekki láta í té umbeðin gögn auk þess sem heimilt er að beita þá dagsektum.

Um 27. gr.

1. mgr. er samhljóða 2. mgr. 42. gr. l. nr. 95/1981. Að öðru leyti er greinin nýmæli að því er lýtur að setningu reglugerða um hinar nánar tilgreindu atriði í greininni.

VI. KAFLI

Um greiðslu afurðaverðs.

Greinar þessa kafla eru nýmæli. Aðstæður hafa sýnt, að nauðsynlegt er að hafa ákvæði um greiðslu afurðaverðs mörkuð með frekari hætti í lögum.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Greinin felur í sér reglur um greiðslur til framleiðenda fyrir afurðir. Ná þær aðeins til þess afurðamagns, sem framleiðandi hefur heimild fyrir skv. 30. gr., enda er litið svo á, að afurðir umfram þá heimild séu alfarið á ábyrgð framleiðanda sjálfs. Þá nær skyldan aðeins til afurða, sem verð til framleiðenda er ákveðið á, skv. 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggist á því, að afurðastöðvum sé með afurðalánum gert kleift að uppfylla skyldur þessar. Fyrir því er samþykkt ríkisstjórnarflokkanna frá 6. september 1984 og ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 19. mars 1985 um afurðalán landbúnaðar og iðnaðar.

Þess skal getið, að ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ábendingu „sjömannanefndar" frá 11. september 1984, þar sem sagði, að

„gerðar verði ráðstafanir til þess að fjármagna nauðsynlegar og árstíðabundnar birgðir landbúnaðarvara að fullu, þannig að greiðsla til bænda fyrir afurðir verði inntar af hendi þegar eða sem fyrst eftir afhendingu."

Samkvæmt 12. gr. kaupalaga nr. 39/1922 er það meginregla í viðskiptum, að þegar ekkert hefur verið ákveðið eða samið um, hvenær kaupverð skuli greitt, að þá skuli líta svo á, að kaupverðið beri að greiða hvenær sem krafist er, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 43/1943 um greiðslu íslenskra afurða. Í viðskiptum framleiðenda búvara og söluaðila hafa aðilar í ýmsum tilvikum komið sér saman um tilteknar uppgjörsreglur, en í öðrum tilvikum hefur uppgjör innlagðra búvara ráðist af ákvörðunum söluaðila. Með reglum þessarar greinar eru lögboðnar tilteknar uppgjörsreglur og kunna þær í einstaka tilvikum að þrengja rétt framleiðenda frá því, sem annars væri skv. gildandi lögum, en almennt er þessum reglum ætlað að flýta uppgjöri á greiðslum afurðaverðs til framleiðenda.

Þrátt fyrir uppgjörsreglur greinarinnar er aðilum þessara viðskipta þó frjálst að semja um annan hátt á greiðslum sín í milli og er það í samræmi við meginreglur kaupalaga nr. 39/1922 og laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups. Samningar skv. greininni þurfa að vera einstaklingsbundnir, en þeir kunna að vera með mismunandi formi, t. d. viðskiptasamningur milli aðila eða stofnsamningur félags, þar sem ákvæði eru um, hvernig slíkum greiðslum skuli háttað.

VII. KAFLI

Um stjórn búvöruframleiðslunnar.

Með breytingu laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. árið 1979 var tekið upp nýmæli varðandi stjórn búvöruframleiðslunnar. Hafði búvöruframleiðsla á ýmsum sviðum þá aukist svo, að einboðið þótti að hafa heimild í lögum til þess að stýra henni, þannig að samræmi yrði við tiltæka markaði. Þróun búvöruframleiðslunnar síðan sýnir, að áfram er nauðsynlegt að hafa í lögum heimild til framleiðslustjórnar búvöru.

Í VII. kafla frumvarpsins felast þessar heimildir. Efnislega eru þær í mörgu samhljóða 2. gr. a laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. nr. 95 11. des. 1981, sbr. lög nr. 45/1981. Tekið hefur verið tillit til þeirrar reynslu, sem fengist hefur af lagaákvæðunum og framkvæmd þeirra þann tíma sem þau hafa verið í gildi.

Um 30. gr.

Greinin er að mestu leyti nýsmíði, en á sér þó hliðstæðu í 2. gr. a gildandi laga. Lagt er til að landbúnaðarráðherra hafi áfram heimild til þess að grípa til ráðstafana í því skyni, að búvöruframleiðslan verði í samræmi við tilgang lagafrumvarpsins, sbr. b- og c-lið 1. gr. þess.

Þannig eru sett skýrari markmið með afskiftum stjórnvalda af búvöruframleiðslunni en eru í gildandi lögum. Ráðstafanir, sem ráðherra er heimilt að grípa til, eru í fjórum liðum.

a) Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin semji við Stéttarsamband bænda um það magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem fullt grundvallarverð mun ábyrgst fyrir. Gengið er út frá því, að innlendi markaðurinn skili fullu verði fyrir mjólk og kindakjöt til framleiðenda, svo að hér verði um verðábyrgð á tilteknu afurðamagni til útflutnings að ræða, þar sem ekki er að vænta grundvallarverðs fyrir. Ábyrgð á þessu afurðamagni er hugsuð bæði til þess að létta þessum framleiðslugreinum aðlögun að markaði og til þess að ná því markmiði sem sett er í b-lið 1. gr. frumvarpsins, þ. e. að tryggja ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Samningar þessir skulu gerðir innan þess ramma sem 36. gr. frumvarpsins setur þátttöku ríkisvaldsins í verðábyrgð.

Sjömannanefnd, er skilaði landbúnaðarráðherra áliti sínu 11. september 1984, gerði tillögur um samninga af því tagi, sem hér eru lagðir til. Benti nefndin á það verklag, að í samningum yrði hverju sinni miðað við neyslu af viðkomandi búvöru næstliðin fjögur ár, með eðlilegri viðbót til þess að mæta árstíða- og árferðissveiflum.

Í greininni er gert ráð fyrir að samningar þessir skuli gerðir til eins árs í einu, en heimilt er þó að semja til lengri tíma. Benda má á þægindi af því að semja til næsta verðlagsárs, en gera um leið áætlun til lengri tíma, sem myndaði þannig grundvöll að næstu samningum. Með því móti getur skapast ákveðin festa í framleiðslu búvara þessara, sem jafnframt tekur nauðsynlegt mið af markaðsbreytingum.

Heimild til samninga skv. þessum tölulið er aðeins bundin við mjólkur- og sauðfjárafurðir, og má semja um einstakar búvörur.

Varðandi skipan samninganefndar skal vísað til 4. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir, að Stéttarsamband bænda fari með fyrirsvar framleiðenda við samningagerðina, en ráðherra geti viðurkennt samtök framleiðenda í viðkomandi búgrein sem samningsaðila, að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda. Landbúnaðarráðherra er ætlað að hafa forystu um skipan fulltrúa ríkisins í samninganefndina.

b) Stafliður þessi á sér hliðstæðu í 1. mgr. a-liðar 2. gr. a gildandi laga, sbr. l. nr. 45/1981, og er í samræmi við það búmarkskerfi, sem beitt hefur verið. Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis er þó, að fyrir liggi ákvörðun skv. 8. gr. um afurðaverð til framleiðenda í viðkomandi búgrein. Greinin getur átt við hvort sem um er að ræða skiptingu á því magni, sem um er samið skv. a-lið þessarar greinar, eða aðra búvöruframleiðslu, sem lögin taka til. Um innheimtu framleiðslugjalds vísast til athugasemda við 20. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum heimild til þess að skipta verðábyrgð ríkissjóðs skv. 36. gr. á milli framleiðenda, ef slík verðábyrgð verður ekki nýtt til stjórnunar búvöruframleiðslunnar skv. öðrum heimildum frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra leiti tillagna samtaka búvöruframleiðenda, sbr. 35. gr., áður en þessum heimildum er beitt. Þar sem hér er fyrst og fremst um hagsmunamál framleiðenda að ræða, er eðlilegt að framkvæmd þessara ákvæða, að heimild fenginni, sé falin Framleiðsluráði landbúnaðarins.

c) Efni þessa stafliðar er nýmæli í lögum. Veitt er heimild til þess að ákveða skiptingu framleiðsluheimildar (búmarks) eftir héruðum. Mál þetta hefur verið til athugunar hjá stjórnskipaðri nefnd, sem skilaði áliti sínu til landbúnaðarráðherra vorið 1984. Lagði nefndin til að heimild til svonefnds svæðabúmarks yrði sett í lög, og er hér farið að tillögu nefndarinnar. Meginrökin fyrir nýbreytni þessari felast í því, að með henni sé ákvörðun um og ábyrgð á framleiðslustjórn færð nær þeim, sem varðar mest um hana, þ. e. búvöruframleiðendum.

Með svæðabúmarki er einnig talið auðveldara að taka tillit til aðstæðna í hverju héraði, t. a. m. annarra atvinnumöguleika en í þeim greinum, sem stjórninni lúta, landnýtingar o. fl.

Gert er ráð fyrir að búmarkssvæði markist af svæðum búnaðarsambandanna, m. a. vegna þess að þau eru mynduð af grunneiningum félagskerfis bænda, en einnig vegna þess að æskilegast er, að framkvæmd svæðabundinnar framleiðslustjórnar lúti stjórn búnaðarsambandanna með einum eða öðrum hætti.

Í tölulið þessum er einnig gert ráð fyrir að fela megi öðrum viðurkenndum samtökum framleiðenda, sbr. 2. mgr. 4. gr., ákvörðunaraðild um búmark, þar með talið svæðabúmark. Þannig getur ráðherra veitt viðurkenndum sérsamböndum búvöruframleiðenda heimild til þess að skipta framleiðslu á milli einstakra framleiðenda í samræmi við nánari reglur og viðmiðanir, sem ráðherra setur í reglugerð.

Nú er unnið að tillögum um framkvæmd framleiðslustjórnar með svæðabúmarki. Því þykir ekki rétt að binda svæðaskiptinguna með lögum og því er ráðherra heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda.

d) Í staflið þessum felst heimild til þess að innheimta gjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það. Um er að ræða tvenns konar gjöld: Í fyrsta lagi grunngjald til þess að mæta óeðlilegum niðurgreiðslum erlendis, er stofnað gætu innlendri framleiðslu í hættu. Gjald þetta rennur í ríkissjóð. Í öðru lagi er um að ræða sérstakt fóðurgjald, sem ætlað er til þess að stjórna framleiðslu búvara. Gert er ráð fyrir heimild til endurgreiðslu þessa gjalds, og að endurgreiðslur skuli miðaðar við framleiðslumagn, sem ákveðið er eftir þörf markaðar fyrir viðkomandi búvöru. Fóður, sem notað verður til framleiðslu umsamins magns búvara eða ákveðins með öðrum hætti skv. þessari grein, er þannig heimilt að undanþiggja gjaldtöku.

Gjaldskylda er bundin við fóður og hráefni í það eins og hugtakið er skilgreint í 2. gr.

Gert er ráð fyrir heimild til þess að undanskilja einstakar fóðurtegundir þessari gjaldskyldu, t. d. vegna búgreina, sem einkum framleiða fyrir erlendan markað, svo sem loðdýrarækt.

Lagt er til að hið sérstaka fóðurgjald, sem ekki verður endurgreitt, renni í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Þannig verkar það sem raunverulegt stýrigjald, þ. e. beinir framleiðslu frá offramleiðslu til nýrra viðfangsefna, sbr. 34. gr.

Þar sem telja verður töku fóðurgjalda skv. þessari grein skatt í merkingu stjórnarskrárinnar, eru í þessari grein og öðrum greinum þessa kafla settar ýmsar reglur um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjaldsins.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að beita ofangreindum heimildum samtímis.

Um 31. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað lokamálsgreinar 2. gr. a í l. nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981. Skipun nefndarinnar er breytt frá því sem þar er og skal Stéttarsamband bænda tilnefna þrjá fulltrúa, en Búnaðarfélag Íslands einn. Þá er verkefni nefndarinnar nú afmarkað nánar og tekur það skv. frumvarpinu aðeins til þess að úrskurða um rétt einstakra framleiðenda samkvæmt ákvæðum b- og c-liðar 30. gr. og reglugerða, sem settar eru um framkvæmd þeirra. Hér er því fyrst og fremst um að ræða tilvik þar sem ágreiningur rís um útreikninga þess aðila, sem annast framkvæmd umræddra reglna, á rétti einstakra framleiðenda og eftir atvikum óskir um breytingar á slíkum rétti. Það er nýmæli, að unnt sé að skjóta úrskurði nefndarinnar til ráðherra innan tilskilins frests, en aðild að slíkri kæru er bundin við framleiðanda og Framleiðsluráð, en úrskurðir nefndarinnar kunna að hafa

almenna þýðingu vegna stjórnunar búvöruframleiðslunnar og er því eðlilegt að Framleiðsluráð geti skotið úrskuðum nefndarinnar til ráðherra. Vegna kærufrestsins er mikilvægt að viðkomandi framleiðandi og Framleiðsluráð fái sem fyrst vitneskju um úrskurð nefndarinnar.

Rétt þykir, að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um starf nefndarinnar.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 4. mgr. b-liðar 2. gr. a laga nr. 95/1981, sbr. lög nr. 45/1981.

Um 33. gr.

Í greininni er fylgt þeirri reglu að tollstjórar annist innheimtu á fóðurgjöldum, en felld er niður heimild ráðherra til að ákveða aðra innheimtuaðferð, enda verður að telja eðlilegast að þessi gjöld séu innheimt samhliða aðflutningsgjöldum. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að innflytjendur fóðurs geti fengið gjaldfrest á greiðslu fóðurgjaldanna umfram það sem ákveðið kann að verða í samræmi við reglur um aðflutningsgjöld skv. 52. gr. l. nr. 59/1969 eða skv. 5. mgr. d-liðar 30. gr. þessa frumvarps. Þá er í greininni gert ráð fyrir að tollstjórar geri reikningsskil á fóðurgjöldum til ríkssjóðs og þaðan verði þeim ráðstafað til endurgreiðslna eða til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Í samræmi við þá reglu, að fóðurgjöld skuli innheimt af tollstjórum og þá samhliða aðflutningsgjöldum, er í 2. mgr. tekið fram að þegar ákvæðum þessa frv. og fyrirmæla settum á grundvelli þeirra sleppir, skuli farið eftir ákvæðum nánar tilgreindra laga um tollheimtu varðandi innheimtu fóðurgjalda.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um ráðstöfun fóðurgjalda skv. d-lið 30. gr., gjalda þ. e. þess hluta sem ekki er endurgreiddur framleiðendum. Gert er ráð fyrir að þau renni til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, og að þeim verði varið til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og til breytinga á búskaparháttum á lögbýlum. Tekjur af gjöldunum eiga þannig að verða til þess að skapa viðfangsefni, sem létt geta á þeim greinum, þar sem framleiðsla byggð á notkun innflutts fóðurs er umfram markaðsþarfir.

Um 35. gr.

Ákvæði þessa kafla frv. fela í sér ýmsar heimildir til stjórnunar á búvöruframleiðslunni og takmarkana á frelsi búvöruframleiðenda til að stunda atvinnu sína. Nauðsynlegt er því að slíkar reglur séu glöggar og skýrar og hver framleiðandi eigi kost á að kynna sér þær til að leggja eigið mat á rétt sinn. Í greininni er því tekið fram, að ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skuli teknar með reglugerð og í greininni er settur rammi um, á hvern hátt réttur hvers framleiðanda skuli ákveðinn. Er þar tekið mið af núgildandi lagaákvæðum um kjarnfóðurgjald og reglugerð þar um, að því viðbættu að lagt er til að taka megi tillit til búrekstraraðstöðu, þegar réttur framleiðenda er ákveðinn. Með búrekstraraðstöðu er hér átt við landrými og landgæði, húsakost, ræktun, ræktunarmöguleika og aðra aðstöðu viðkomandi til búvöruframleiðslu.

Samkvæmt ákvæðum þessa kafla er það ráðherra sem ákveður, hvort hinum einstöku heimildum skuli beitt og á hvern veg. Í 2. mgr. þessarar greinar er lögboðið, að áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út, skuli leitað tillagna nánar tilgreindra aðila. Hér er aðeins um að ræða skyldu til að leyfa þessum aðilum að tjá sig um málið og leggja fram tillögur sínar, en ráðherra er ekki skylt að fara eftir slíkum tillögum. Hér er því einungis um umsagnarrétt að ræða.

VIII. KAFLI

Um aðlögun búvöruframleiðslunnar.

Á s. l. áratug hafa miklar breytingar orðið á erlendum mörkuðum hvað varðar möguleika íslenskra búvara þar. Með framleiðslustjórn í nautgripa- og sauðfjárrækt, sem upp var tekin árið 1979, var fyrsta skref stigið til þess að laga framleiðsluna að breyttum markaðsaðstæðum, jafnframt því sem hafinn var skipulegur stuðningur við ný tækifæri til atvinnu á lögbýlum í stað óumflýjanlegs samdráttar í nefndum búgreinum. Nauðsynlegri aðlögun framleiðslu að markaði er ekki lokið, og í þessum kafla frumvarpsins er sérstaklega um hana fjallað. Gert er ráð fyrir að tekið sé fimm ára tímabil til aðlögunar framleiðslu í nautgripa- og sauðfjárrækt að markaði. Gert er ráð fyrir, að heimild til útflutningsbóta vegna þessara greina verði lækkuð um helming á árabilinu fram til 1988. Á móti þessu komi m. a. stuðningur við ný tækifæri til atvinnu í stað samdráttarins í nautgripa- og sauðfjárrækt. Er hér um ákveðnari stefnumörkun að ræða heldur en áður hefur verið í lögum.

Þess skal getið, að stefnumörkun þessi er efnislega samhljóða tillögum sjömannanefndar er starfaði á vegum landbúnaðarráðherra sl. sumar að mörkun stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins, en í áliti hennar segir m. a.:

„Næstu fimm árin verði aðlögunartími að framleiðslumarkmiðum, enda verði samið um stuðning við nýja atvinnuuppbyggingu til þess að mæta samdrætti í hefðbundinni búvöruframleiðslu og úrvinnslugreinum hennar."

Um 36. gr.

Greinin skýrir áætlaða breytingu á stuðningi við framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða.

Gert er ráð fyrir að heimild til þess að greiða bætur útflutnings á þessum afurðum nái fram til ársins 1990. Í samræmi við framleiðslumarkmið 1. gr., b-lið, mun þó áfram þurfa að gera ráð fyrir nokkrum útflutningi mjólkurafurða, þ. e. til þess að hinum innlenda markaði verði tryggðar nægar mjólkurvörur. Sakir þýðingar mjólkurframleiðslunnar fyrir sjálfsbjörg þjóðarinnar verður því áfram að gera ráð fyrir nokkrum kostnaði vegna þessarar umframframleiðslu, þótt stefnt sé að því á næstu árum að laga mjólkurframleiðsluna að þörfum innlenda markaðarins, nema því aðeins að markaðshorfur erlendis vænkist að mun.

Hámark útflutningsbótafjár er í greininni tiltekið fyrir hvert ár sem lækkandi hlutfall af framleiðsluverðmæti ákveðinna búvara, með hliðstæðum hætti og í 12. gr. gildandi laga. Þessar tölur marka því þann ramma, sem ríkisvaldið setur um samninga þess við framleiðendur mjólkur- og sauðfjárafurða., sbr. a-lið 30. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á þeim grundvelli, sem við hefur verið miðað við útreikning útflutningsbótaréttar í tíð gildandi lga. Varðandi hlunnindi skal þess sérstalega getið, þar sem þau eru ekki nánar skilgreind í greininni, að þar er gert ráð fyrir að fylgt verði gildandi útreikningsaðferð. Sú aðferð byggir á áætlun um verðmæti hlunninda frá því að útflutningsbætur voru fyrst teknar upp 1960 og hefur sú upphæð síðan verið framreiknuð í samræmi við meðalhækkun afurðaverðs samkvæmt verðlagsgrundvelli milli ára. Það skal tekið fram að afurðir loðdýraræktar hafa síðustu ár ekki verið teknar með í þennan útreikning og er sú regla óbreytt skv. þessu frv. Þá er ekki gert ráð fyrir að afurðir alifiska séu teknar með við útreikning útflutningsbóta, gagnstætt tekjum af veiddum vatnafiski og veiðileyfum.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um stuðning ríkisvaldsins við þá framleiðslubreytingu, sem nauðsynleg er vegna þeirrar stefnu, er frumvarpið markar í framleiðslumálum mjólkur— og

sauðfjárafurða á næstu fimm árum. Árlegar fjárupphæðir í þessu skyni eru ákveðnar með hliðstæðum hætti og í fyrri grein, þ. e. sem hlutfall af framleiðsluverðmæti ákveðinna búvara. Gert er ráð fyrir að fjármagninu verði beint í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, er úthluti því í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem ráðherra setur þar um.

Fjármagnið er hugsað til þess að efla nýjar búgreinar, er skapað geti störf í stað þeirra, sem hverfa við samdrátt í hinum hefðbundnu greinum, eða hafa horfið við framleiðslusamdrátt sl. 6 ár.

Þá er einnig gert ráð fyrir að fjármagninu verði að hluta varið til markaðsöflunar fyrir búvörur erlendis, og að gert verði sérstakt átak í þeim efnum á umræddu tímabili. Í þriðja lagi er lagt til að verja megi hluta þessa fjármagns til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Vitað er að framleiðslubreytingin hefur þegar valdið mörgum bændum, einkum frumbýlingum og öðrum þeim, sem staðið hafa í fjárfestingum, fjárhagserfiðleikum. Þótt sköpuð verði ný tækifæri til atvinnu í landbúnaði, er engu að síður nauðsynlegt að veita þessum aðilum nokkurn stuðning við það að laga sig að hinum nýju framleiðsluaðstæðum.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði þessa kafla verði tekin til endurskoðunar, er fjögur ár verða liðin af fimm ára aðlögunartímabili. Með því gefst kostur á að meta, hvernig aðlögunin hefur tekist, og að taka á ný afstöðu til áframhaldandi aðgerða. Fari endurskoðun ekki fram, falla ákvæði kafla þessa niður með árinu 1990.

IX. KAFLI

Um vinnslu og sölu búvara.

Kafli þessi er endursaminn að nær öllu leyti. Kemur hann í stað 14.—39. gr. gildandi laga, og hafa fjölmörg atriði verið felld niður, en önnur sniðin að aðstæðum, sem nú eru gjörbreyttar margar hverjar frá þeim er ríktu, þá gildandi ákvæði voru lögfest. Breytingarnar miða að einföldun lagaákvæða varðandi vinnslu og sölu búvara, og eru miðaðar við þá áherslubreytingu á hlutverki Framleiðsluráðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 39. gr.

Greinin er hliðstæð 6. gr. frumvarpsins, og kveður á um það hlutverk Framleiðsluráðs sem samstarfsvettvangs allra búvöruframleiðenda, að stuðla að fjölbreytni framboðs búvara og hagkvæmari búvöruframleiðslu í samræmi við sett framleiðslumarkmið.

Um 40. gr.

Samkvæmt l. 95/1981 úthlutar Framleiðsluráð landbúnaðarins sláturleyfum, auk þess sem landbúnaðarráðherra veitir sláturleyfi á grundvelli laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Þá er Framleiðsluráði ætlað að hafa frumkvæði og íhlutunarrétt um byggingu mjólkurstöðva. Í frumvarpinu er lagt til að þessi ákvæði verði felld úr lögum, en þess í stað er Framleiðsluráði ætlað að vera umsagnaraðili um skipulag og verkaskiptingu afurðastöðva fyrir búvörur. Áfram verður það hlutverk heilbrigðisyfirvalda, þ. m. t. landbúnaðarráðherra, að taka ákvarðanir um gerð, búnað og vinnsluleyfi slíkra afurðastöðva á grundvelli lagareglna þar um, en eigendur afurðastöðva og lánastofnanir verða að öðru leyti að bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri þessara fyrirtækja.

Með tilliti til þess hlutverks Framleiðsluráðs skv. þessu frumvarpi, að vera samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda, er í 2. mgr. þessarar greinar lögð sú skylda á opinberar lánastofnanir að leita umsagnar Framleiðsluráðs áður en teknar eru ákvarðnir um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur. Slíkar ákvarðanir kunna

að hafa verulega þýðingu fyrir framleiðendur og skipulagningu búvöruframleiðslunnar í landinu, og er því eðlilegt að Framleiðsluráð fái tækifæri til að tjá sig um ákvarðanir, sem hér er fjallað um. Með opinberri lánastofnun er hér átt við banka og sjóði, sem reknir eru á ábyrgð ríkisins, með fjárframlögum ríkisins eða með lögheimiluðum gjöldum frá atvinnuveginum og lúta stjórn sem Alþingi kýs eða stjórnvöld skipa.

Í 1. mgr. kemur fram stefnuyfirlýsing, á hvern veg haga skuli byggingu og staðsetningu afurðastöðva í landbúnaði.

Um 41. gr.

1. mgr. greinarinnar er í samræmi við þá reglu, sem nú er í 3. mgr. 3. gr. l. 95/1981 um útflutning búvara. Í 2. mgr. er nýmæli, en Framleiðsluráði er skv. gildandi lögum aðeins ætlaður umsagnarréttur um innflutning landbúnaðarvara og tekið fram, að þess skuli jafnan gætt að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni. Hér er hins vegar sett sú regla, að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni vegna viðkomandi landbúnaðarvöru. Framleiðsluráði er því veittur réttur til að stöðva innflutning þeirra landbúnaðarvara, sem bannað er að flytja inn skv. öðrum lögum, nema að fengnu leyfi einhverra opinberra aðila.

Samkvæmt gildandi lagareglum um innflutning landbúnaðarvara er í ýmsum tilvikum bannað að flytja til landsins landbúnaðarvörur vegna sjúkdómavarna og af heilbrigðisástæðum, og má þar sem dæmi nefna ákvæði laga nr. 11/1928 um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og 79. gr. laga nr. 76/1976 um lax- og silungsveiði.

Ákvæðum þessarar greinar er ekki ætlað að fjölga eða fækka þeim vörutegundum, sem bannað er að flytja til landsins án sérstaks leyfis, heldur tekur regla 2. mgr. 41. gr. aðeins til þeirra landbúnaðarvara, sem skv. öðrum lögum, þ. e. oftast vegna heilbrigðisástæðna, er bannað að flytja til landsins án leyfis. Þessi regla kemur til viðbótar slíkum ákvæðum. Það ræðst því af skýringu á þeim lagaákvæðum, hvað af búvörum skv. þessu frv. falla undir hugtakið landbúnaðarvara í greininni.

Þeim aðilum, sem fengið er vald til að leyfa innflutning landbúnaðarvara skv. öðrum lagaheimildum, er hins vegar skylt að leita umsagnar Framleiðsluráðs og er þá slíkur innflutningur óheimill, ef Framleiðsluráð staðfestir að innlend framleiðsla fullnægi neysluþörfinni, þó viðkomandi heilbrigðisyfirvöld veiti leyfi sitt til innflutningsins.

Um 42. gr.

Greinin er að hluta efnis sambærileg við 34. gr. gildandi laga. Tillögugreinin byggist að öðru leyti á áliti nefndar, sem landbúnaðarráðherra skipaði á sl. vori, til þess að fjalla um innflutning grænmetis, sem og tillögum stjórnar garðyrkjubænda um innflutningsskipanina.

Gert er ráð fyrir að nefnd sé ráðherra til ráðuneytis um það, hvort og hvenær innflutnings hinna tilteknu búvara skv. þessari grein sé þörf. Við það mat er nefndinni nauðsynlegt að taka m. a. tillit til birgða sem fyrir eru í landinu af þessum búvörum, svo og þess að hin innlenda framleiðsla hafi forgang að markaðinum.

Þar sem innlend framleiðsla umræddra búvara er bundin við ákveðinn tíma ársins, gerir greinin ráð fyrir að ráðherra geti heimilað að innflutningur tiltekinna vara sé undanþeginn leyfisveitingu, skv. þessari grein, ákveðinn tíma ársins, t. d. þann tíma sem innlend framleiðsla er ekki á markaði.

Um 43. gr.

Í l. 95/1981 eru ýmsar heimildir varðandi mat og flokkun einstakra búvara og má þar nefna ákvæði 4. tl. 3. mgr. 21. gr. um hrossakjöt og 2. tl. 39. gr. um garðávexti. Þá hafa verið sett sérstök lög um mat og flokkun tiltekinna búvara og má þar nefna lög nr. 30/1966 um

meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, lög nr. 21/1976 um flokkun og mat ullar, lög nr. 22/1976 um flokkun og mat á gærum og lög nr. 39/1970 um gæðamat á æðardún. Í lögum hefur hins vegar skort fullnægjandi lagaheimildir til að viðhafa mat og gæðaflokkun á vissum tegundum búvara og eru það einkum egg og hluti mjólkurvara.

Þau lagaákvæði sem hér hafa verið nefnd að framan og þeim ákvæðum, sem lagt er til að sett verði með þessari grein, er ekki ætlað að raska reglum um heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisskoðun, sem settar eru á grundvelli laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Reglur þessarar greinar heimila aðeins flokkun búvara eftir mismunandi tegundum og gæðum, enda séu þær vörur söluhæfar skv. reglum um heilbrigði og hollustuhætti þessara vara. Nánari reglur um slíka flokkun, og þá mismunandi gæðaflokkun, verður að setja í reglugerð í hverju tilviki.

Hér er valinn sá kostur að setja almenn ákvæði um framkvæmd mats á þeim búvörum, sem tilteknar eru í greininni. Með tilliti til hinna sundurleitu ákvæða, sem nú gilda um mat á búvörum og þess starfsmannahalds og skipulags, sem viðhaft er við þetta verk, er það skoðun höfunda þessa lagafrumvarps að taka beri allar lagareglur um mat og flokkun búvara eftir tegundum og gæðum til heildarendurskoðunar og koma þar á frekara samræmi og hugsanlegri samnýtingu þess mannafla, sem vinnur að þessum verkefnum, með það í huga að bæta enn gæði búvara með hagsmuni framleiðenda og neytenda í huga. Ákvæði þessarar greinar eru því hugsuð til bráðabirgða, þar til slík endurskoðun hefur farið fram.

Mat og flokkun skv. þessari grein getur tekið til mjólkur, mjólkurvara, eggja, garðávaxta og grænmetis. Nýmæli er að slík ákvæði taki til mjólkurvara, þ. e. vinnsluvara sem unnar eru úr nýmjólk, t. d. smjörs og osta, og eggja. Telja verður hins vegar rétt að opinber yfirvöld geti sett reglur um mat þessara vörutegunda með sama hætti og annarra búvara vegna hagsmuna framleiðenda og neytenda.

Gerð er tillaga um að settar verði lagaheimildir til innheimtu á sérstöku matsgjaldi til að standa straum af kostnaði við matið. Gjald sem þetta hefur á liðnum árum verið innheimt, t. d. af kartöflum, og hafa framleiðendur greitt það, en telja verður gjald þetta einn lið í framleiðslukostnaði vörunnar við verðlagningu. Það skal tekið fram að tekjum af gjaldi þessu er ekki ætlað að stunda straum af kostnaði afurðastöðva og söluaðila við aðstöðu og framkvæmd mats og flokkunar, sbr. 4. og 6. mgr. greinarinnar.

Í greininni er ekki lagt til að bundið verði með lögum hvernig háttað sé yfirstjórn mats á þeim búvörum, sem greinin tekur til, t. d. með skipun yfirmatsmanna eða matsformanna. Það er því lagt í vald ráðherra, hvernig þessari yfirstjórn verður hagað og ber að leggja áherslu á að horfið verði að frekara samræmi í skipulagi mats og flokkunar búvara en nú er. Á sama hátt er ráðherra eftir atvikum heimilað að velja þann kost að skylda afurðastöð og söluaðila til að hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat og flokkun þessara búvara. Er þetta í samræmi við þá aðferð, sem viðhöfð hefur verið við framkvæmd mats á ýmsum vörutegundum.

Í lokamálsgrein greinarinnar kemur fram sá tilgangur mats og flokkunar búvara, að hún skuli lögð til grundvallar við verðlagningu þessara vara. Í greininni er lögð sú skylda á verðlagsyfirvöld, hvort sem þau starfa skv. þessu frv. eða l. 56/1976, og aðra aðila, sem ákveða verð á búvörum, þ. m. t. þegar verðlagning er frjáls, að haga verðlagningu í samræmi við mismunandi tegunda- og gæðaflokkun, sem ákveðin er skv. þessari grein eða öðrum lögum og reglum um sama efni. Er hér fylgt þeirri reglu, sem nú er í 3. mgr. 24. gr. l. 95/1981 varðandi greiðslu afurðaverðs til mjólkurframleiðenda, en reglan er gerð víðtækari og tekur nú til allra þeirra búvara, sem teknar eru til mats og flokkunar og hvort sem um er að ræða verð til framleiðenda eða verð í heildsölu og smásölu.

Um 44. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð veiti leyfi til heildsöluverslunar með kinda-, nautgripa- og hrossakjöt, svo og mjólk og mjólkurafurðir, garðávexti, gróðurhúsaframleiðslu og egg. Með frumvarpinu eru þessi ákvæði felld niður, en í stað þess tekin upp almenn skilyrði, er varða aðstöðu til meðferðar búvara, flutnings og geymslu þeirra skv. lögum og öðrum ákvörðunum, svo sem varðandi hollutuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Tekið er fram í greininni að ákvæði þessi skuli einnig ná til þeirra, er selja eigin búvöruframleiðslu beint til smásöluverslunar eða neytenda.

Meðal þeirra atriða, sem heildsöluaðilar búvara verða að uppfylla er, að þeir hafi verslunarleyfi skv. lögum nr. 41/1968 um verslunaratvinnu, en slíkt leyfi er ekki skilyrði þegar framleiðandi selur eigin framleiðslu til verslana eða neytenda, þar sem í 2. tl. 2. gr. l. 41/1968 er tekið fram, að þau lög taki ekki til sölu á búsafurðum, sem maður hefur aflað sjálfur eða skyldulið hans.

Um 45. gr.

Greinarnar eiga sér efnislega hliðstæður í V. kafla gildandi laga. Í fyrri málsgrein 45. gr. er ráðherra veitt heimild til þess að ákveða mjólkursölusvæði, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins. Skv. gildandi lögum skal Framleiðsluráð ákveða svæðin, sbr. 1. mgr. 22. gr. þeirra. Ákvörðun um sölusvæðaskiptingu skv. tillögugreininni felur í sér afmörkun starfssvæða afurðastöðva mjólkuriðnaðarins.

Sölusvæðaskipting er skv. frumvarpi þessu aðeins bundin við mjólkurframleiðsluna, en í reynd hefur sú skipan einnig gilt skv. gildandi lögum, þótt í þeim séu einnig heimildir til mörkunar sölusvæða fyrir aðrar búvörur, t. d. hrossakjöt, matjurtir og gróðurhúsaframleiðslu. Vegna sérstakrar þýðingar mjólkur og mjólkurafurða, þótti rétt að halda í heimild til mörkunar sölusvæða vegna þeirra, m. a. til þess að tryggja neytendum eftir föngum aðgang að þessum vörum, hvar sem er á landinu.

Síðari málsgreinin er nýmæli í lögum, en skv. henni er afurðastöð innan sölusvæðis skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins. Framleiðendum er hins vegar frjálst hvort þeir leggja mjólk sína inn hjá afurðastöð innan sölusvæðis síns eða selja hana afurðastöð utan þess sölusvæðis, sem þeir eru búsettir á.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 27. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að nefnd fulltrúa framleiðenda og afurðastöðva í mjólkuriðnaði, undir forsæti fulltrúa er landbúnaðarráðherra tilnefnir, sker úr ágreiningi. Skv. gildandi lögum skal Framleiðsluráð annast úrlausn umræddra deilna.

Um 47. gr.

Greinin fjallar um félagsskipan mjólkurframleiðenda innan mjólkursölusvæðis og kemur í stað 23. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um skyldu Framleiðsluráðs og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði að gera samkomulag um verkaskiptingu á milli afurðastöðvanna, þ. e. mjólkursamlaganna. Stöðvar þessar eru dreifðar um landið, liggja misjafnlega að markaði og framleiðsluvörur þeirra margskonar. Talið er ótvírætt hagræði af því bæði fyrir framleiðendur og neytendur að haft sé skipulag á þessum málum, t. a. m. varðandi sérhæfingu mjólkurbúanna í framleiðslu einstakra vara. Ætlast er til þess að tillit sé tekið til samkomulagsins þegar gerðar eru tillögur um verðmiðlunargjöld, sbr. 19. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvernig málum skuli hagað, rísi ágreiningur við gerð samkomulagsins. Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli í lögum.

Um 49. gr.

Greinin er að meginhluta samhljóða 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. gildandi laga.

Nægi sú framleiðsla ekki sem mjólkurbú fær til innleggs frá framleiðendum innan sölusvæðis, er sú kvöð lögð á viðkomandi mjólkurbú að afla nauðsynlegra mjólkurvara með kaupum á þeim utan sölusvæðisins.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 25. gr. gildandi laga með þeirri breytingu, að í stað orðanna „verðákvörðunum sexmannanefndar“ koma orðin „opinberum verðákvörðunum“.

Um 51. gr.

Greinin á sér hliðstæðu í 4. mgr. 14. gr. gildandi laga. Hún miðar að því að tryggja nauðsynlegt skipulag á slátrun og verkun sauðfjár- og nautgripaafurða. Á slíku skipulagi er þörf vegna mismunandi krafa erlendra markaða til búnaðar sláturhúsanna og til verkunar kjötsins. Tiltölulega fá sláturhús uppfylla kröfur vegna þessa útflutnings, og því er það t. d. aðeins hluti dilkakjötsframleiðslunnar, sem hentar til útflutnings. Í hagræðingarskyni hefur því gilt verkaskipting á milli sláturleyfishafa í þessu skyni, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur hlutast til um. Hefur sú verkaskipting sparað fjárfestingu í byggingu sláturhúsa. Hér er lagt til, að Framleiðsluráð og sláturleyfishafar geri samkomulag um þessa verkaskiptingu, sem og skipulag kindakjötssölunnar innanlands miðað við heimilaða framleiðslu skv. 30. gr. frv.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig málum skuli hagað, rísi ágreiningur við gerð samkomulagsins. Ákvæði þessarar greinar eru í mörgu hliðstæð ákvæðum 48. gr. varðandi skipulag mjólkurvinnslunnar, og eru þau nýmæli í lögum.

Um 52. gr.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að veigamiklar breytingar verði á lagareglum um verslun með kartöflur og grænmeti. Þannig eru felld úr lögum ákvæði um að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins, og ekki þarf lengur leyfi ráðsins til að versla með þessar vörur í heildsölu. Lagt er til að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði hætt, en fyrirtækið hefur frá 1956 verið rekið undir yfirstjórn Framleiðsluráðs. Breytt er reglum um innflutning á kartöflum og nýju grænmeti og felld er niður heimild fyrir Framleiðsluráð til að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, þannig að öðrum sé þá óheimilt af afhenda þessar vörur til smásöluverslana, nema með leyfi Framleiðsluráðs. Um verkefni Framleiðsluráðs, að því er lýtur sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, er nú fjallað í VI. kafla l. nr. 95/1981 og reglugerð nr. 473/1982.

Með þessu frv. er lagt til að það verði í hverju tilviki framleiðenda kartaflna, grænmetis og gróðurhúsaframleiðslu sjálfra að ákveða og skipuleggja með hvaða hætti þeir koma framleiðsluvörum sínum á markað. Í tilteknum greinum hafa þessir framleiðendur myndað með sér sölusamtök til að koma framleiðsluvörum sínum á markað og má þar nefna sem dæmi Sölufélag garðyrkjumanna og sölusamtök blómaframleiðenda. Þá hefur Landssamband kartöflubænda óskað eftir að yfirtaka stjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins og eru heimildir til þess opnaðar í 2. og 3. mgr. greinarinnar.

Grænmetisverslun landbúnaðarins var stofnuð með lögum nr. 40/1957 um breytingar á þágildandi framleiðsluráðslögum nr. 95/1947, en allt frá árinu 1936 hafði Grænmetisverslun ríkisins annast innflutning og verslun með kartöflur og aðra garðávexti. Með lögum nr. 40/

1956 fékk ríkisstjórnin einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti, en í 4. gr. þessara laga var fjallað um Grænmetisverslun landbúnaðarins og segir þar m. a.:

„b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. september 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverslun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenskra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verslun með kartöflur og annast grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverslun landbúnaðarins.

c. (31. gr.)Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna Grænmetisverslun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverslunar ríkisins eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda."

Þá var í i-lið 4. gr. laganna heimild fyrir landbúnaðarráðherra að setja reglugerð um framkvæmd ákvæða þessa kafla laganna og þá m. a. um starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Slík reglugerð var fyrst sett 19. júlí 1956, nr. 96, og voru þar m. a. ákvæði um heimild Framleiðsluráðs til að fela sérstakri stjórn rekstur verslunarinnar, og skipun tveggja endurskoðenda, þar sem annar er tilnefndur af Framleiðsluráði en hinn af landbúnaðarráðherra. Þá var í 24. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi ákvæði: „Hagnaði þeim, sem verða kann af rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktinni í landinu samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins." Samhljóða ákvæði er nú í reglugerð nr. 473/1982 um Grænmetisverslun landbúnaðarins o. fl.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1956 keypti Grænmetisverslun landbúnaðarins ýmsa lausafjármuni, sem áður höfðu verið í eigu Grænmetisverslunar ríkisins og jafnframt tók fyrirtækið á leigu húsnæði forvera síns á horni Sölvhólsgötu og Ingólfsstrætis af landbúnaðarráðuneytinu. Var Grænmetisverslun landbúnaðarins starfrækt í þessu húsnæði til ársins 1967, er hún flutti í eigið húsnæði í Síðumúla 34, Reykjavík. Húsaleiga fyrir húsnæðið skyldi ákveðin með mati. Grænmetisverslunin óskaði hins vegar eftir því strax á árinu 1957, að mega ráðstafa húsaleigunni í sérstakan sjóð, til að standa straum af kostnaði við ýmis verkefni til eflingar grænmetisræktuninni í landinu, þ. á m. lögboðnum verkefnum Framleiðsluráðs og verslunarinnar á þessu sviði. Í fjárlögum ársins 1958 var samþykkt að leyfa Grænmetisverslun landbúnaðarins að ráðstafa, til að efla grænmetisræktun í landinu, helmingi þeirrar fjárhæðar, sem versluninni bæri að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverslunar ríkisins. Hinn helmingur leigunnar skyldi hins vegar greiddur í ríkissjóð. Mun þessi skipun hafa haldist allan þann tíma, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hafði húsnæðið á leigu.

Við stofnun Grænmetisverslunar landbúnaðarins samþykktu landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra þá ósk Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að sú fjárhæð sem ríkissjóður fengi í sjóðum frá Grænmetisverslun ríkisins yrði fyrst um sinn lögð inn á sérstakan bankareikning, til að vera trygging vegna rekstrarláns, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins fékk hjá viðkomandi banka. Sjóðir Grænmetisverslunar ríkis voru þannig nýttir til tryggingar á upphaflegu rekstrar- og stofnfé Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur frá því að hún hóf starfsemi sína notið skattfrelsisins, en á árinu 1958 fóru fram bréfaskipti milli skattstjórans í Reykjavík og Grænmetisverslunar landbúnaðarins um framtals- og skattskyldu verslunarinnar og kom þá fram það álit lögfræðings, sem kannaði málið fyrir verslunina, að Grænmetisverslun landbúnaðarins væri hreint ríkisfyrirtæki og nyti því skattfrelsis og væri eigi framtalsskylt. Í framkvæmd hefur þessari niðurstöðu verið fylgt og Grænmetisverslun landbúnaðarins notið skattfrelsis samkvæmt þeirri reglu, að þar sé um að ræða ríkisfyrirtæki, sem ríkssjóður reki og beri ótakmarkaða ábyrgð á, sbr. 4. gr. l. nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og 1. tl. 36.

gr. l. nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Þó ríkissjóður reki ekki Grænmetisverslun landbúnaðarins, verður að telja að með lögum hafi Framleiðsluráði landbúnaðarins verið falið að reka verslunina fyrir hönd ríkisins og ríkissjóður beri því ábyrgð á versluninni komist hún í greiðsluþrot.

Þá ber að hafa í huga, að til Grænmetisverslunar landbúnaðarins var stofnað með lögum og málefnum hennar er skipað með lögum. Sama gildir um tilvist yfirstjórnar fyrirtækisins, Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Löggjafinn hefur einnig skapað fyrirtækinu skilyrði til fjármagns- og eignamyndunar.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að löggjafarvaldið hafi fulla heimild til að breyta reglum um Grænmetisverslun landbúnaðarins að vild og þ. m. t. að leggja það niður. Á sama hátt verður að telja að eignir verslunarinnar, jafnt fasteignir sem lausafé, renni til ríkissjóðs, verði verslunin lögð niður, nema löggjafarvaldið ákveði að ráðstafa þessum eignum eða tekjum, sem fást við sölu þeirra, með sérstökum hætti. Til sölu á fasteignum Grænmetisverslunar landbúnaðarins þarf sérstaka lagaheimild.

Í samræmi við þessar niðurstöður og það sem áður sagði um stefnumið frumvarpsins, er í 51. gr. þess ákveðið að opinberir aðilar skuli hætta rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins og skal það gert eigi síðar en 1. júní 1986. Jafnframt er talið eðlilegt að gefa samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila kost á að yfirtaka rekstur fyrirtækisins fyrr. Það skal tekið fram, að slík yfirtaka hindrar ekki að hið nýja fyrirtæki beri nafnið Grænmetisverslun landbúnaðarins, ef nýir eigendur óska. Slík yfirtaka getur skv. frv. átt sér stað fyrir 1. júní 1986, en hafi ekki náðst samkomulag skv. 2. mgr. greinarinnar fyrir þann tíma, verður starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins hætt þá.

Í 3. mgr. er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að selja áðurnefndum samtökum framleiðenda eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Eru þarna hafðir í huga lausafjármunir verslunarinnar, s. s. bifreiðar, pökkunarvélar og skrifstofuáhöld. Ekki er hins vegar talið eðlilegt á þessu stigi að heimila sölu á fasteignum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, en þær eru húseignin Síðumúli 34 og jarðhúsin Ártúnshöfða, og er því tekið fram, að landbúnaðarráðherra hafi heimild til að leigja fasteignirnar til reksturs dreifingar- og sölufyritækis með kartöflur og grænmeti. Ástæða þess að hér er sett ákvæði um leigu þessara fasteigna er sú, að telja verður rétt að landbúnaðarráðherra hafi með höndum ráðstöfun þessara eigna til nefndra aðila, sem annars félli undir fjármálaráðuneytið skv. reglum um verkaskiptingu milli ráðuneyta. Í greininni er ekki ákvæði um að ákveða megi söluverð eða leigu með mati, en það útilokar ekki að aðilar geti samið um að þessar greiðslur skuli ákveðnar með mati.

Vegna þessara ákvæða er þess að geta, að núverandi eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins eru til orðnar vegna arðs, sem orðið hefur af starfsemi verslunarinnar á liðnum árum við sölu á innlendum og innfluttum kartöflum og grænmeti. Hér hafa því bæði neytendur og framleiðendur lagt í sjóð. Hins vegar er skylt að taka fram, að kartöfluframleiðendur lögðu á árinu 1958 og 1959 sérstakt gjald á allar kartöflur, sem fóru til sölumeðferðar hjá Grænmetisverslun landbúnaðarins og voru tekjur af gjaldi þessu lánaðar Grænmetisversluninni vegna byggingar húsnæðis verslunarinnar við Síðumúla. Þessi lán voru síðar endurgreidd framleiðendum með vöxtum.

Með tilliti til þess á hvern veg eignir Grænmetisverslunar landbúnðarins eru orðnar til, verður að leggja áherslu á, að þessar eignir verði áfram nýttar til dreifingar og sölu á kartöflum og grænmeti, þannig að breytt skipulag þessara mála leiði ekki til hækkunar á verði þessara vörutegunda vegna yfirtöku á eignum Grænmetisverslunarinnar eða uppbyggingar á nýrri aðstöðu í stað núverandi aðstöðu hjá Grænmetisversluninni. Hér er því ekki lagt til að samtök framleiðenda kartaflna og grænmetis kaupi fasteignir verslunarinnar, heldur er eðlilegt að gefa þessum samtökum kost á að nýta núverandi aðstöðu til dreifingar

og sölu á þessum vörum meðan hún er talin henta til slíks, gegn greiðslu sanngjarns leigugjalds, en ný aðstaða, sem þá tekur mið af breyttum þörfum og tækni, verði byggð upp á vegum samtakanna.

Grænmetisverslun landbúnaðarins og áður Grænmetisverslun ríkisins hafa jafnan unnið að ýmsum umbótum í þágu garðávaxtaframleiðslunnar og meðal þeirra verkefna hefur verið stofnræktun kartaflna. Með tilliti til þess, sem hér hefur áður verið sagt um tilurð eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, er lagt til að söluandvirði lausafjár og leigutekjur af fasteignum Grænmetisverslunarinnar, ef og meðan þær eru leigðar samtökum framleiðenda skv. 3. mgr., ásamt sjóðum verslunarinnar við starfslok, renni í sérstakan sjóð, er hefur nánar tilgreint verkefni skv. greininni. Rétt þykir að stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins annist úthlutanir úr sjóðnum í samræmi við nánari reglur, sem ráðherra setur í reglugerð.

Það skal tekið fram, að hér er við það miðað að til sölu á núverandi fasteignum Grænmetisverslunar landbúnaðarins þurfi síðar sérstaka lagaheimild frá Alþingi og söluandvirði þessara eigna renni í ríkissjóð, nema Alþingi ráðstafi andvirðinu með sérstökum hætti.

Starfsmenn Grænmetisverslunar landbúnaðarins eru nú 50 og þar af tekur 21 laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna og njóta lögkjara sem slíkir. Samkv. greininni skulu fastráðnum starfsmönnum boðin sambærileg störf hjá hinu nýja fyrirtæki og þá er eðlilegt að jafnframt falli niður réttur til launa vegna niðurfellingar starfa skv. 14. gr. l. 38/1954. Verði rekstri Grænmetisverslunarinnar ekki yfirtekinn af aðila skv. 3. mgr. greinarinnar gilda ákv. 14. gr. l. 38/1954 um réttindi þeirra starfsmanna, sem njóta lögkjara, sem opinberir starfsmenn.

Um 53. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til hagræðis við öflun upplýsinga um rekstur afurðastöðva, sem eiga að vera gundvöllur ákvarðana um heilsöluverð búvara og verðmiðlun. Heimildir þessarar greinar takmarkast þó á hverjum tíma af ákvæðum laga um bókhald, hlutafélög, skattheimtu o. fl., en kunna í ýmsum tilvikum að gera kröfu til viðbótarupplýsinga á reikningum afurðastöðva.

X. KAFLI

Í kafla þessum eru dregin saman ýmis ákvæði er lúta að framkvæmd laganna og flest eiga þessi ákvæði hliðstæður í gildandi lögum.

Um 54. gr.

Greinin er samhjóða 1. og 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga nema hvað felld er niður skylda Framleiðsluráðs til að afla tiltekinna gagna á sinn kostnað, en telja verður eðlilegt að slíkur kostnaður sé greiddur með sama hætti og annar kostnaður við starf fimmmannanefndar.

Um 56. gr.

Grein þessi er hliðstæð 2. mgr. 20. gr. l. 95/1981, nema hvað fellt er niður, að þessari heimild skuli beitt að fenginni tillögu Framleiðsluráðs, enda hefur ákvæði þessu þegar verið beitt. Ástæða þess að þetta ákvæði er inn í framleiðsluráðslögunum en ekki í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er sú, að skv. 1. gr. þeirra laga er ótvírætt, að alifuglar eru sláturfénaður í merkingu þeirra laga, en skv. beinni upptalningu í 2. gr. falla alifuglar ekki undir þann sláturfénað, sem slátra skal í löggiltum sláturhúsum. Ekki þykir hins vegar ástæða til annars en að sömu reglur gildi um slátrun þessara gripa, og því er þessari heimild haldið í lögum.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. b-liðar 2. gr. a. í núgildandi lögum, sbr. l. 45/1981, en þessari grein er ætlað að auðvelda öflun upplýsinga við framkvæmd laganna, sérstaklega framkvæmd stjórnunaraðgerða og innheimtu lögboðinna gjalda sem Framleiðsluráð annast.

Síðari málsgreinin hefur að geyma sama efni og nú er í 5. mgr. b-liðar 2. gr. a. í núgildandi lögum, sbr. l. 45/1981.

Um 58. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 59. gr.

Refsiákvæðum laganna er hér hagað á sama hátt og gert er í núgildandi lögum, sbr. 46. gr. þeirra, með þeirri breytingu sem gerð var á greininni með 26. gr. laga nr. 75/1982, nema hvað mörk dagsekta eru hér hækkuð og ákveðið að um beitingu þeirra skuli sett nánari ákvæði í reglugerð.

Um 60. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem lög þessi fella niður og breyta ýmsum efnisreglum núgildandi laga, er nauðsynlegt að setja í ný lög um sama efni ákvæði um, hvernig fara skuli með nokkur tilgreind atriði. Að öðru leyti fer um gildistöku laganna og gildi þeirra fyrirmæla, sem sett hafa verið með heimild í núgildandi lögum, eftir almennum reglum.

Um A.

Með frv. þessu er lagt til að felld verði úr lögum ákvæði um yfirstjórn Framleiðsluráðs landbúnaðarins á rekstri Grænmetisverslunar landbúnarðins og önnur ákvæði um starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Hér er því sett sú regla, að þar til rekstri Grænmetisverslunarinnar verður hætt af hálfu opinberra aðila, skuli fyrirtækið annast verslun með kartöflur og annað grænmeti og að Framleiðsluráð annist stjórn fyrirtækisins á þeim tíma. Fyrirtækið mun þannig taka til sölu innlenda framleiðslu þessara búvara og jafnframt taka þátt í innflutningi þessara vara eftir því sem tilefni gefst til og heimilaður verður fyrirtækinu skv. 42. gr. Eftir gildistöku þessara laga er hins vegar ekki gert ráð fyrir að Grænmetisverslun landbúnaðarins hafi einkarétt til þessara viðskipta með þeim hætti sem nú er.

Um B.

Samkvæmt gildandi lögum er tekjum af innheimtu kjarnfóðurgjaldi annars vegar ráðstafað til endurgreiðslna skv. b-lið 2. gr. a. l. nr. 95/1981, sbr. l. nr. 45/1981, og hins vegar ráðstafað skv. c-lið sömu greinar. Í báðum tilvikum gerir Framleiðsluráð tillögu um ráðstöfunina, en samþykki ráðherra þarf til hennar. Ekki er því víst að við gildistöku laganna hafi öllum tekjum af innheimtu kjarnfóðurgjaldi verið ráðstafað skv. nefndum heimildum og einnig kunna þá að vera útistandandi lán, sem veitt hafa verið úr þeim sjóði, sem myndaður er með kjarnfóðurgjaldinu eða innflytjendur eiga eftir að greiða gjöld, sem þeir hafa fengið gjaldfrest á. Nauðsynlegt er því að ákveða hvernig fari um ráðstöfun á þessum tekjum, þar sem í frv. eru gerðar verulegar breytingar á ráðstöfun tekna af því gjaldi, sem innheimta á af innfluttu fóðri frá gildandi lögum og er hér sett sú regla að um ráðstöfun þessa fjár fari eftir ákvæðum laga nr. 95/1981.

Um C.

Samkvæmt 60. gr. eiga lögin að taka gildi 1. júní 1985, en þann sama dag kann verð á landbúnaðarvörum að breytast skv. 9. gr. l. nr. 95/1981, að óbreyttum lögum. Í frv. þessu er lagt til að breytingar verði gerðar á ákvörðunum verðs búvara og þar koma að nýir aðilar. Þessir nýju aðilar þurfa nokkurn tíma til að taka sínar fyrstu ákvarðanir og því er nauðsynlegt að sexmannanefnd ákveði verð landbúnaðarvara 1. júní 1985 og þá í samræmi við ákvæði laga nr. 95/1981 og starfsvenjur nefndarinnar. Þessar ákvarðanir og aðrar verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981 halda gildi sínu þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir skv. hinum nýju lögum. Í grein F er ákveðið að fyrst skuli samið um verðlagsgrundvöll samkvæmt hinum nýju lögum, er gildi frá 1. september 1985 og munu þá ákvarðanir fimmmannanefndar og verðlagsráðs fylgja þar í kjölfarið.

Í þessari grein er tekið fram, að ákvarðanir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. núgildandi lögum skuli halda gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar þar um skv. hinum nýju lögum.

Um D.

Hinar breyttu reglur um verðábyrgð ríkisins skv. VIII. kafla frv. kveða á um hvert skuli vera hlutfall útflutningsbóta frá og með almanaksárinu 1986 og miðast greiðslur það ár við heildarverðmæti nánar tilgreindrar búvöruframleiðslu verðlagsárið 1985 til 1986. Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja að útflutningsbótaréttur búvöruframleiðenda, sem í gildandi lögum er miðaður við hvert verðlagsár, haldist óbreyttur á verðlagsárinu 1984 til 1985, sem lýkur 31. ágúst 1985, þó að þetta frumvarp verði að lögum.

Um E.

Þótt í frv. þessu sé lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á reglum um svonefnt búmarkskerfi, er óhjákvæmilegt að núgildandi reglur þar um, sem nú er einkum að finna í I. og II. kafla reglugerðar nr. 465/1983, haldi gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar á grundvelli ákvæða hinna nýju laga.

Um F.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 95/1981 skal verðlagsgrundvöllur gilda hverju sinni í tvö verðlagsár og framlengist hann sjálfkrafa um tvö ár, nema honum sé sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða neytenda í sexmannanefnd fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum, nema nefndin komi sér saman um annan frest. Með tilliti til þeirra breytinga, sem lagt er til að gerðar verði á reglum um samninga um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara með þessu frumvarpi, er hér kveðið á um að verðlagsgrundvöllur, sem um er samið skv. hinum nýju reglum, taki gildi 1. september 1985.

Nd. 916. Frumvarp til laga [492. mál]

um breyting á lögum nr. 9 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. lög nr. 43/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi, dags. 12. desember 1969, um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sbr. viðbótarsamning, dags. 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

A. 1. liður samningsins orðist svo:

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

B. 3. liður samningsins orðist svo:

Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.

C. 4. liður samningsins orðist svo:

Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,
c) að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,
d) að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn viðskiptasjónarmið.

Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum.

Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningi ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, dagsettum 12. desember 1969, var stofnaður norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Stofnun hans skapaði á sínum tíma ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun.

Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í margvíslegum verkefnum til eflingar íslenskum iðnaði. Meginviðfangsefnið samkvæmt stofnsamningi var að efla útflutningsiðnað og auðvelda aðlögun að breyttum markaðsaðstæðum á innlendum markaði vegna tollalækkana við aðild Íslands að EFTA.

Ráðstöfunarfé sjóðsins var í upphafi og til ársins 1980 einungis stofnfé hans, sem nam jafnvirði 14 milljóna bandaríkjadala, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánum.

Hinn 29. apríl 1980 var undirritaður viðbótarsamningur við samninginn um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland. Með þeim viðbótarsamningi voru gerðar tvær breytingar á samningnum.

Í fyrsta lagi var sjóðnum veitt heimild til að taka lán til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra meiri háttar framkvæmda í iðnaði. Við það gert með breytingum á 5. mgr. 2. liðs og 2. mgr. 4. liðs.

Í öðru lagi voru auknar heimildir skv. 4. lið samningsins til að veita styrki og hagstæð lán til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl., er nam 10% af eigin fé sjóðsins í upphafi árs 1980, og við þá upphæð hafa bæst árlega 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi 1980. Var það gert með því að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 4. liðs.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að staðfesta af Íslands hálfu nýjan viðbótarsamning við samninginn frá 12. desember 1969, sem felur í sér eftirfarandi þrjár meginbreytingar:

1. **Að verksvið sjóðsins verði víkkað.** Skv. gildandi samningi er tilgangur sjóðsins að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins í því sambandi. Þar sem aðlögunartímabili vegna EFTA-aðildar er lokið, þykir tímabært að skilgreina hlutverk sjóðsins víðtækar en nú er gert. Megináherzla er þó áfram lögð á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra norrænna landa. Með breytingum á skilgreiningu tilgangs sjóðsins er fyrst og fremst haft í huga að ekki leiki vafi á að sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda, sem horfa til nýjunga í atvinnustarfsemi, þótt umrædd starfsemi falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld munu leiða af sér.
2. **Að möguleikar í lánskjörum verði sveigjanlegri.** Skv. gildandi samningi eru almenn lán sjóðsins að fullu gengistryggð miðað við US $. Með þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði, mun sjóðurinn hafa möguleika á að taka lán í öðrum gjaldmiðli en US $ og endurlána í sama gjaldmiðli. Einnig verður unnt að lána eigið fé sjóðsins út í íslenzkum krónum með þeim kjörum, er stjórn sjóðsins ákveður. Gert er þó ráð fyrir að stofnfé sjóðsins, en það skal endurgreiðast í US $, verði lánað út í US $.
3. **Að auknir verði möguleikar sjóðsins til þátttöku í áhættufjármögnun.** Skv. gildandi samningi starfar sjóðurinn að verkefni sínu með því að veita lán og ábyrgðir. Með breytingu þeirri, sem lagt er til að gerð verði, hefur sjóðurinn möguleika á að kaupa og selja hlutabréf í starfandi hlutafélögum og taka þátt í stofnun nýrra. Ætlunin er að slík hlutafjárkaup komi því aðeins til, að ekki hafi reynst unnt að afla nauðsynlegs áhættufjármagns eftir öðrum leiðum og sýnt þyki, að álitlegu verkefni verði ekki hrundið í framkvæmd nema þátttaka sjóðsins komi til. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eigi hlutafé mjög tímabundið og að hlutabréf séu seld strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir.

Ofangreindar tillögur hafa verið gerðar af nefnd sem skipuð var af iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 20. febrúar s. l., til að yfirfara lög og samning um Iðnþróunarsjóð. Nefndina skipuðu eftirtaldir menn:

Dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, Bragi Hannesson, bankastjóri, Guðmundur Malmquist, hdl., og Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri.

Tillögurnar voru kynntar og ræddar ítarlega á fundi stjórnar Iðnþróunarsjóðs 14. mars s. l. og kom fram jákvæð afstaða fulltrúa þeirra landa er fundinn sóttu.

Þar sem breytingarnar fela ekki í sér nýjar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hin löndin virðast þær geta komizt í kring með erindaskiptum á milli utanríkisráðuneyta landanna. Ríkisstjórnir allra Norðurlanda þurfa að samþykkja tillögurnar og staðfesta viðbótarsamning við samninginn þar að lútandi. Utanríkisráðuneytið vinnur nú að því að afla samþykkis ríkisstjórna hinna Norðurlandanna við breytingum þessum. Þykir því rétt að afla nú þegar heimildar Alþingis til þessara breytinga og að veita þeim lagagildi hér á landi. En til þess þarf að sjálfsögðu að breyta lögum nr. 9/1970 um Iðnþróunarsjóð með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 43/1980, en með þeim lögum var stofnsamningnum og viðbótarsamningnum jafnframt veitt lagagildi hér á landi.

Samningurinn öðlast gildi 5 dögum eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt, að uppfylltar hafi verið kröfur, sem gerðar eru til gildistöku í hverju landi fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. laga nr. 9 13. febrúar 1970 hljóðar nú svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlazt gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi."

Með þeim breytingum á greininni, sem gerðar eru í frumvarpi þessu, er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingarnar, sem afgreiddar voru í stjórn sjóðsins 14. mars 1985. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins, þannig breytt, hafa lagagildi hér á landi.

Um A. Breyting á 1. lið samningsins um tilgang sjóðsins:

Iðnþróunarsjóður er stofnaður við aðild Íslands að EFTA. Samkvæmt gildandi lögum takmarkast verksvið sjóðsins við útflutningsiðnað og iðnaðarframleiðslu fyrir innlendan markað, sem varð fyrir breytingum á samkeppnisaðstöðu vegna tollalækkana og fríverzlunar við EFTA-aðild. Þar sem aðlögunartíma er lokið þykir tímabært að skilgreina verksvið sjóðsins víðtækar en nú er gert. Miðar 1. gr. samningsins að því. Megináherzla er þó áfram lögð á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra norrænna landa. Með breytingum á skilgreiningu tilgangs sjóðsins er fyrst og fremst haft í huga að ekki leiki vafi á að sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda, sem horfa til nýjunga í atvinnustarfsemi, þótt umrædd starfsemi falli ekki undir hefðbundna skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld munu leiða af sér.

Um B. Breyting á 3. lið samningsins um gengisákvæði:

Samkvæmt gildandi samningi eru almenn lán sjóðsins að fullu gengistryggð miðað við US $. Sú mikla breyting sem átt hefur sér stað á síðustu árum á gengi flestra gjaldmiðla gagnvart US $ hefur fært úr skorðum samhengi á kjörum lána sem bundin eru gengi US $ annars vegar og lána er bjóðast í öðrum gjaldmiðlum hins vegar. Með þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði mun sjóðurinn hafa möguleika á að taka lán í öðrum gjaldmiðli en

US $ og endurlána í sama gjaldmiðli. Einnig verður unnt að lána eigið fé sjóðsins út í íslenzkum krónum með þeim kjörum, er stjórn sjóðsins ákveður. Gert er þó ráð fyrir að stofnfé sjóðsins, en það skal endurgreiðast í US $, verði lánað út í US $.

Um C. Breyting á 4. lið samningsins um starfshætti:

Efnisleg breyting á þessum lið samningsins felur í aðalatriðum í sér að auk þess sem sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því að veita lán og ábyrgðir, er honum heimilað að kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og taka þátt í stofnun nýrra. Ætlunin er að slík hlutafjárkaup komi því aðeins til, að ekki hafi reynzt unnt að afla nauðsynlegs áhættufjármagns eftir öðrum leiðum og sýnt þyki að álitlegu verkefni verði ekki hrundið í framkvæmd nema þátttaka sjóðsins komi til. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn eigi hlutafé mjög tímabundið og að hlutabréf séu seld strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir. Þá skal það vera meginregla að um minnihlutaeign sjóðsins sé að ræða.

Ekki leikur vafi á að mikil þörf er á að brjóta upp á nýjum leiðum í fjármögnun framkvæmda og nýsköpunar í atvinnulífi á Íslandi. Er hér fyrst og fremst um að ræða aukið framboð á áhættufjármagni til þess að unnt sé að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Í þeim efnum gæti Iðnþróunarsjóður gegnt þýðingarmiklu hlutverki, sem mikil þörf er fyrir og aðrar fjármálastofnanir sinna ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Aðild Norðurlanda mundi greiða fyrir aðgangi að þekkingu og reynslu í þessum efnum, sem einnig er brýn þörf fyrir.

Með möguleikum á fjölþættari starfsháttum yrði sjóðurinn betur í stakk búinn til að leggja sitt af mörkum til að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífi og þeirri tæknivæðingu sem verður að eiga sér stað á Íslandi í náinni framtíð.

Nefna má dæmi þar sem hefðbundin lánsfjármögnun hentar ekki og þörf er fyrir fjármagn í öðru formi, auk utanaðkomandi þekkingar:

a) Fyrirtæki hefur þörf fyrir að leita erlendra markaða. Það krefst verulegra fjárbindinga til margra ára í sölustarfsemi, sem ekki fer að skila sér í fjármagni frá rekstri fyrr en að nokkrum árum liðnum.
b) Fyrirtæki þarf að leggja út í umfangsmikinn kostnað við þróun nýrrar framleiðslu og framleiðsluaðferða til að styrkja stöðu sína á markaðnum.
c) Fyrirtæki lendir á krossgötum vegna kynslóðaskipta. Nýir eigendur (erfingjar) hafa ekki áhuga né getu til að halda rekstri áfram og óska eftir að selja hluti sína.
d) Fyrirtæki getur af ýmsum ástæðum lent í tímabundnum erfiðleikum vegna mistaka í stjórnun eða vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna og þurft á fjárhagslegri eða stjórnunarlegri endurskipulagningu að halda.
f) Fyrirtæki er stofnsett til að fylgja eftir og nýta tækifæri sem talið er liggja í góðri framleiðsluhugmynd og sérþekkingu á svokölluðu hátæknisviði, þar sem veruleg áhætta fylgir.

Fjármagnsþörf, sem skapast við slíkar og aðrar svipaðar aðstæður, verður eins og áður segir ekki ávallt leyst svo viðunandi sé með hefðbundnu lánsfé. Því getur reynzt nauðsynlegt að í stað lánsfjár eða jafnhliða því komi til áhættufjármagn í einhverri mynd.

Hlutafé er algengasta formið varðandi áhættufjármögnun. Hlutafé getur verið í ýmsum myndum, t. d. mismunandi hvað varðar áhrif á stjórn, rétt til arðgreiðslna o. s. frv.

Lánsfé sem áhættufjármagn getur einnig verið með ýmsum hætti. Þar má hugsa sér lánsfé sem ekki er krafist trygginga fyrir og víkur fyrir öðru lánsfé verði fyrirtæki gjaldþrota, lánsfé sem ber vexti í ákveðnu hlutfalli við hagnað, lánsfé sem breyta má síðar í hlutafé. Þá má hugsa sér lán sem veitt er sem áhættufé til ákveðinna verkefna innan fyrirtækis, t. d. vöruþróunar, sem endurgreiðist því aðeins að verkefnið leiði til arðbærrar framleiðslu. Sjóðurinn hefur haft mjög takmarkað fjármagn til slíkra lánveitinga. Árangur af ráðstöfun þess fjár hefur verið mjög jákvæður.

Með hliðsjón af því, að möguleikar sjóðsins til áhættufjármögnunar eru auknir, þykir nauðsynlegt að skilgreina með öðrum hætti en áður, hvaða sjónarmið skuli höfð í huga við ákvörðun um fjárhagslegar skuldbindingar. Í gildandi samningi segir að lánveitingar skuli ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Með hliðsjón af fjölþættari starfsháttum, sem stefnt er að, þykir rétt að í staðinn komi, að ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skuli vera í samræmi við almennar grundvallarreglur viðskipta.

Auk þeirra efnisbreytinga, sem gerðar eru á 4. gr., hefur uppsetningu verið breytt þannig, að gildandi ákvæði um ráðstöfun 10% af tekjuafgangi eru talin upp sem sérstakur liður, d, í skilgreiningu á því með hvaða hætti sjóðurinn starfi að verkefni sínu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 917. Frumvarp til laga [493. mál]

um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um sparisjóði og starfsemi þeirra.

Hlutverk sparisjóðs er að hafa á hendi hvers konar sparisjóðsstarfsemi eins og hún er nánar skilgreind í VII. kafla laga þessara. Önnur starfsemi er þeim óheimil.

Stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðilar, sem hér eftir nefnast sparisjóðsaðilar, bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram upphæð stofnfjárinneignar sinnar og inneignar í séreignarsjóði eða skráðra ábyrgða sinna.

Sparisjóðsaðilar hafa ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Enn fremur er eignarréttur stofnfjáreigenda á stofnfé háður þeim takmörkunum sem lög þessi kveða á um.

2. gr.

Um heimili og varnarþing sparisjóðs fer eftir samþykktum sjóðsins. Sparisjóði er heimilt að starfrækja á starfssvæði sínu útibú vegna starfsemi sinnar þar sem sparisjóðsstjórn ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

3. gr.

Sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *sparisjóður* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

II. KAFLI

Stofnun sparisjóðs.

4. gr.

Stofnun sparisjóðs er háð leyfi viðskiptaráðherra. Umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, upphæð stofnfjár, starfssvæði, ef fyrirhugað er að starfræksla verði bundin við ákveðið svæði, svo og aðrar þær upplýsingar sem taldar eru máli skipta.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skal leitað umsagnar Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Skal sérstaklega gefa því gaum hvort stofnfé teljist í eðlilegu samræmi við væntanleg heildarviðskipti sjóðsins.

Ráðherra getur bundið leyfi til stofnunar sparisjóðs því skilyrði að hefji sparisjóður ekki starfsemi sína innan þess tíma sem ráðherra ákveður falli leyfið úr gildi.

5. gr.

Stofnendur sparisjóða skulu eigi vera færri en 30. Sparisjóðsaðilar skulu jafnan vera 30 hið fæsta.

Stofnendur og sparisjóðsaðilar geta verið fjárráða íslenskir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sýslufélög, sveitarfélög og starfandi sparisjóðir.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnendur, svo og aðrir sparisjóðsaðilar, vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði.

6. gr.

Sparisjóð má ekki stofna með lægra stofnfé en kr. 3 000 000.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um lágmark stofnfjár til hækkunar eða lækkunar þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 64. gr.

Sparisjóður má ekki hefja starfsemi sína fyrr en minnst helmingur stofnfjár hefur verið greiddur. Stofnfé skal greitt að fullu í síðasta lagi innan árs eftir að starfsemi sparisjóðs hefst.

Stofnfé má aðeins greiða í reiðufé.

7. gr.

Samþykktir sparisjóðs og breytingar á þeim skulu staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Í samþykktum sparisjóðs skulu fyrst og fremst vera ákvæði, sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

a) heiti sparisjóðs,
b) heimili sparisjóðs og varnarþing,
c) heildarupphæð stofnfjár, skiptingu í stofnfjárhluti og atkvæðisrétt,
d) reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
e) heildarupphæð ábyrgða, lágmarksfjölda ábyrgðaraðila, reglur um brottfall ábyrgðar og tilkomu nýrra ábyrgðaraðila ef um er að ræða sparisjóð sem við gildistöku laga þessara er starfræktur án innborgaðs stofnfjár,
f) kosningu sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
g) breytingu á samþykktum,
h) slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar öllum skilyrðum fyrir leyfisveitingu hefur verið fullnægt og samþykktir staðfestar gefur ráðherra út leyfi fyrir sparisjóð, sbr. 4. gr.

III. KAFLI

Stofnfjárhlutir o. fl.

8. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:
a) heiti sparisjóðs og heimilisfang,
b) númer og fjárhæð hlutar,
c) nafn, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreiganda,
d) útgáfudag stofnfjárbréfs,
e) efni 9.—11. gr. laga þessara,
f) sérstök atriði er varða réttindi eða skyldur stofnfjáreigenda.

9. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

10. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði þegar svo stendur á sem hér segir:
a) við andlát stofnfjáreiganda,
b) við eigendaskipti á stofnfjárhlut vegna slita á félagsbúi hjóna,
c) við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:
a) þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hún lögð niður,
b) við gjaldþrot stofnfjáreiganda,
c) við aðför skuldheimtumanna stofnfjáreiganda í stofnfjárhlut hans.

11. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 1. mgr. 9. gr. eða neytir ekki heimildar til innlausnar samkvæmt 1. mgr. 10. gr., og skal hann þá ef óskað er hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 13. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði. Skal þá stjórnin ráðstafa hlutnum að nýju svo fljótt sem auðið er á samsvarandi verði.

12. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila sparisjóðs.

Í skránni skal tilgreina nafn, stöðu, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreigenda eða ábyrgðaraðila ásamt stofnfjáreign eða ábyrgðarupphæð.

Verði eigendaskipti á stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykkta eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskiptadags og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna.

Skrána skal ætíð geyma í skrifstofu sparisjóðs og eiga allir sparisjóðsaðilar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

13. gr.

Sparisjóður má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé.

Verði sparisjóður sjálfur eigandi að meira en 10% af stofnfé sínu vegna ákvæða 10. og 11. gr. skal stjórn hans kappkosta að slíkt ástand vari sem skemmstan tíma með sölu stofnfjárhluta.

Óheimilt er að taka eigin stofnfjárbréf að veði til tryggingar skuldbindingum gagnvart sparisjóðnum.

IV. KAFLI
Aukning stofnfjár.

14. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði. Aðalfundur setur reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut skal vera nafnverð hans að viðbættri greiðslu í séreignarsjóð að tiltölu við hlut eldri stofnfjáreigenda í sjóðnum.

15. gr.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram heldur einungis ábyrgðir, getur aðalfundur ákveðið að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. verður því aðeins gild að ábyrgðaraðilar sem ráða yfir minnst ¾ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóði sæki aðalfundinn og minnst ⅘ hlutar þeirra gjaldi henni jákvæði. Verða hinir fyrri ábyrgðaraðilar þá stofnfjáreigendur í sparisjóðnum en ábyrgðir falla niður að sama skapi. Nú fæst ábyrgðarmaður ekki til þess að leggja fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og fellur hann þá úr aðilahópi. Ef sami aðili er bæði ábyrgðaraðili og eigandi að stofnfjárhlut og áframhaldandi óbreytt stofnfjáraðild hans samrýmist ekki ákvæðum laga þessara og samþykkt aðalfundar skal sparisjóður innleysa stofnfjárhlutinn og fer um það eftir ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

Stofnfé, sem innborgað er samkvæmt 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

V. KAFLI
Séreignarsjóður stofnfjáreigenda.

16. gr.

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda myndast á eftirgreindan hátt:

a) með hluta þeirra vaxta er aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi, sbr. 42. gr.,
b) með upphæðum sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 14. gr.

Hver stofnfjáreigandi á í hlutfalli við stofnfjáreign sína ákveðinn hlut í séreignarsjóði og skal hlutur hans í sjóðnum sérgreindur í bókhaldi sparisjóðs.

Eigendaskipti á rétti stofnfjáreiganda yfir hlut sínum í séreignarsjóði geta ekki orðið, nema eigendaskipti verði að stofnfjárbréfi skv. III. kafla, og gilda reglur þess kafla um stofnfjárhluti jafnframt um hluti í séreignarsjóði.

Stofnfjáreigendur bera ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs með inneign sinni í séreignarsjóði á sama hátt og með upphæð stofnfjár síns.

Inneign í séreignarsjóði verður ekki greidd til stofnfjáreiganda nema við slit sparisjóðs samkvæmt ákvæðum 64. gr.

VI. KAFLI
Stjórn sparisjóðs.

17. gr.

Æðsta vald í málefnum sparisjóðs er í höndum aðalfunda og aukafunda. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda. Málefni sparisjóða falla stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykkta.

Aukafund skal halda ef sparisjóðsaðilar sem fara með minnst ⅓ hluta ábyrgðar- eða

stofnfjár krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Skal þá sparisjóðsstjórn boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafund skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

18. gr.

Aðalfundir og aukafundir skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykktir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Sparisjóðsaðila er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á aðal- eða aukafundi, nema slíkt sé sérstaklega leyft í samþykktum sparisjóðs.

Þegar aukins meiri hluta er krafist til þess að ákvörðun öðlist gildi skal hinn aukni meiri hluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 20. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver sparisjóðsaðili á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

19. gr.

Á aðalfundi skal m. a. taka eftirgreind mál fyrir:

a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 42. gr.,
c) kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 21. gr., og endurskoðenda, sbr. 45. gr.,
d) þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun skoðunarmanna að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,
e) breytingar á samþykktum sparisjóðs,
f) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

20. gr.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum sparisjóðsaðilum aldrei heimilt að fara með meira en 1/5 hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 70. gr.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 13. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

21. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja þrír eða fimm menn eftir því sem ákveðið er í samþykktum. Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna einn mann. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvo stjórnarmenn. Séu bæjar- og/eða sýslufélög einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir alla stjórnina. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákveða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstöku fulltrúaráði.

Fulltrúaráð skal þannig skipað:

a) að 3/5 hlutum af sparisjóðsaðilum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,
b) að 2/5 hlutum af hlutaðeigandi sýslunefndum og/eða bæjarstjórnum enda hafi þær áður kosið til stjórnar sparisjóðs.

Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákveða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, 3—5 manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar samkvæmt reglum 1. mgr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á aðalfundi.

Stjórnarmenn, sem ekki eru kosnir af sparisjóðsaðilum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

22. gr.

Sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með málefnum sparisjóðs í samræmi við lög þessi og samþykktir sjóðsins. Stjórnin skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri sparisjóðsins.

Sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í samþykktum. Fund skal ætíð halda ef formaður stjórnarinnar eða sparisjóðsstjóri telja þess þörf eða meiri hluti stórnarmanna óskar þess. Formaður sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóri undirbúa stjórnarfundi. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð er af þeim er fundinn sitja. Sparisjóðsstjóri skal reglulega gefa upplýsingar um rekstur og hag sparisjóðsins á stjórnarfundum.

Sparisjóðsstjóri má ekki eiga sæti í sparisjóðsstjórninni. Hann situr fundi stjórnarinnar og tekur þátt í umræðum nema sparisjóðsstjórn ákveði annað.

23. gr.

Sparisjóðsstjórn ákveður hverjum sé heimilt að rita firma sparisjóðsins. Til að skuldbinda sparisjóð þarf undirskrift minnst tveggja starfsmanna nema undanþága hafi fengist hjá bankaeftirlitinu. Sparisjóðsstjórn er heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti.

24. gr.

Sparisjóðsstjórn tekur ákvörðun um eftirtalin mál:

a) byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum sparisjóðsins,
b) kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum (stofnunum) sem sparisjóðurinn á aðild að, svo og útgáfu skuldabréfa samkvæmt 34. gr.,
c) stofnun útibúa,
d) samruna sparisjóðsins við aðra innlánsstofnun sbr. 65. gr.,
e) afskriftir af útlánum sparisjóðsins.

Áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 1. mgr. skal leitað tillagna sparisjóðsstjóra.

Sparisjóðsstjórn mótar almenna stefnu sparisjóðsins í vaxtamálum og getur að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra sett almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins. Þá mótar hún með sama hætti meginreglur um tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða sem sparisjóðurinn veitir viðskiptaaðilum sínum.

Sparisjóðsstjórn fjallar einnig um önnur mál, sem sparisjóðsstjóri leggur fyrir stjórnina, eða hún skal annast samkvæmt lögum þessum eða samþykktum sparisjóðsins.

25. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er sparisjóði óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir en sparisjóði. Sparisjóði er heimilt að fela Sambandi íslenskra sparisjóða og/eða Lánastofnun sparisjóðanna að leggja fyrir sparisjóðina leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.

26. gr.

Framkvæmdastjórn hvers sparisjóðs er í höndum sparisjóðsstjóra. Stjórn sparisjóðs ræður sparisjóðsstjóra, einn eða fleiri, og ákveður laun þeirra og önnur ráðningarkjör. Með sama hætti er stjórn sparisjóðs heimilt að ráða aðstoðarsparisjóðsstjóra og útibússtjóra, starfræki sparisjóður útibú, en leita skal hún tillagna sparisjóðsstjóra áður en aðstoðarsparisjóðsstjóri og útibússtjóri eru ráðnir.

Sparisjóðsstjórn setur sparisjóðsstjóra erindisbréf. Erindisbréfið skal gilda tiltekinn tíma. Ráði sparisjóðsstjórn fleiri en einn sparisjóðsstjóra ákveður hún verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum þeirra. Skal formaður sparisjóðsstjórnar vera sparisjóðsstjórum til ráðuneytis um dagleg störf eftir því sem fram er tekið í erindisbréfi.

27. gr.

Sparisjóðsstjórar annast daglega stjórn sparisjóða, taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar og standa fyrir rekstri þeirra. Sparisjóðsstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Útlánaákvarðanir sparisjóðsstjóra skulu staðfestar með áritun á lánsskjöl eða á annan sannanlegan hátt og gerð grein fyrir þeim á stjórnarfundum.

28. gr.

Sparisjóðsstjórum í fullu starfi, aðstoðarsparisjóðsstjórum og útibússtjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan sparisjóðsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Heimilt er að stjórnarmenn hafi með höndum öll dagleg störf í sparisjóði í forföllum sparisjóðsstjóra. Aðalfundur skal ákveða þóknun fyrir þessi störf.

29. gr.

Stjórnarmenn, sparisjóðsstjórar, aðrir starfsmenn sparisjóðs og skoðunarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna sparisjóðs, og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

VII. KAFLI

Starfsemi.

30. gr.

Starfsemi sparisjóðs er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Sparisjóðum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

31. gr.

Sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem bankastjórn Seðlabankans ákveður að fengnu samþykki ráðherra.

32. gr.

Sparisjóði er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka sparisjóðsstarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Bókfært virði á hlut sparisjóðs í slíku félagi og lánum sem sparisjóðurinn hefur veitt félaginu má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 20% af eigin fé sparisjóðsins miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum sparisjóðs í félögum samkvæmt þessari mgr. og lánum, sem hann hefur veitt þeim, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 60% af eigin fé sparisjóðsins. Ákvæði þetta tekur eigi til samruna samkvæmt 65. gr.

Sparisjóði er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr. nema hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 3. málsl. 18. gr. laga um hlutafélög. Bókfært virði á hlut sparisjóðs í slíku hlutafélagi og lánum, sem sparisjóðurinn hefur veitt félaginu, má ekki nema hærri fjárhæð en svarar 2% af eigin fé sparisjóðsins miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum sparisjóðs í hlutafélögum samkvæmt þessari mgr. má ekki nema hærri fjárhæð en svarar 15% af eigin fé sparisjóðsins.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. má sparisjóður ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga, sbr. þó 33. gr.

33. gr.

Sparisjóði er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjóðsins.

Sparisjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati sparisjóðsstjórnar.

34. gr.

Sparisjóður getur gefið út skuldabréf með ákvæði þess efnis að krafa, sem eigandi slíks bréfs eignast á hendur sparisjóðnum, skuli við slit eða gjaldþrotaskipti á búi sjóðsins víkja í skuldaröð fyrir kröfum samkvæmt 82.—85. gr. og 1. tl. 86. gr. skiptalaga.

35. gr.

Sparisjóður tekur við geymslufé (depositum).

Innlánsfé í sparisjóði ásamt vöxtum og verðbótum er undanþegið kyrrsetningu.

36. gr.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er sparisjóður hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur sparisjóðsstjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur sparisjóðnum samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal sparisjóður þá að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr sparisjóðnum gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

37. gr.

Sparisjóður skal að jafnaði krefjast fullnægjandi trygginga vegna skuldbindinga sem stofnað er til gagnvart sjóðnum. Sparisjóði er þó heimilt að leyfa viðskiptaaðila að stofna til skuldbindinga við sparisjóð án veðs eða ábyrgðar annarra enda hafi sjóðurinn aflað sér upplýsinga um hlutaðeigandi sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Sparisjóði er skylt að fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðila meðan skuldbinding varir þannig að í tæka tíð megi grípa til ráðstafana, er tryggi hagsmuni sjóðsins, ef þörf krefur.

Þegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðs er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., enda liggi fyrir að mati sparisjóðs fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðila.

38. gr.

Sparisjóðsstjórar, aðstoðarsparisjóðsstjórar og skoðunarmenn sparisjóðs mega ekki vera skuldugir þeim sparisjóði sem þeir starfa við, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra.

Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við sparisjóðinn eftir reglum sem sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra.

Stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart sparisjóðsstjóra og sparisjóðsstjórn. Sama gildir um skoðunarmenn sparisjóða.

VIII. KAFLI

Laust fé og eigið fé.

39. gr.

Sparisjóður skal kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi sparisjóðs fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, sparisjóðum og Lánastofnun sparisjóðanna, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

40. gr.

Eigið fé sparisjóðs að meðtöldum ¾ hlutum andvirðis skuldabréfa samkvæmt 34. gr. má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings sjóðsins. Við niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal bæta samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða en draga má frá eftirtalda liði:

a) eigið fé,
b) peninga í sjóði,
c) innlán í Seðlabanka Íslands,
d) innlán í öðrum innlendum og erlendum innlánsstofnunum og Lánastofnun sparisjóðanna.

Bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, má eigi vera hærri en sem nemur 65% af eigin fé sjóðsins.

IX. KAFLI

Ársreikningur.

41. gr.

Reikningsár sparisjóðs skal ákveðið í samþykktum. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra setur nánari reglur um gerð ársreiknings.

42. gr.

Tekjuafgangi sparisjóðs skal varið svo sem hér segir:

a) jafna skal tap fyrri ára,
b) helmingur tekjuafgangs sem þá verður eftir skal lagður í varasjóð,
c) eftir ráðstöfun skv. a- og b-lið getur aðalfundur ákveðið að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar að verja tekjuafgangi eða hluta hans til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Ársvextir mega ekki vera hærri en bestu innlánskjör hjá hlutaðeigandi sparisjóði á hverjum tíma. Ekki er heimilt að flytja framangreinda vaxtagreiðsluheimild milli ára. Aðalfundur ákveður hve mikill hluti vaxtanna skal greiðast út til stofnfjáreigenda en sú upphæð má þó ekki vera hærri en svarar til vaxta af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma sem reiknaðir séu bæði af stofnfé og séreignarsjóði. Sá hluti vaxtanna, sem ekki greiðist út, skal lagður í séreignarsjóð stofnfjáreigenda.

Tekjuafgang, sem ekki er ráðstafað skv. a-, b- og c-lið 1. mgr., skal leggja í varasjóð.

43. gr.

Gerð ársreiknings og endurskoðun reikningsins skal vera lokið eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóra. Hafi stjórnarmaður eða sparisjóðsstjóri athugasemdir fram að færa við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

44. gr.

Ársreikningur sparisjóðs skal liggja frammi í afgreiðslum sjóðsins almenningi til sýnis og afhentur hverjum þeim viðskiptaaðila sem þess óskar.

X. KAFLI

Endurskoðun.

45. gr.

Á aðalfundi sparisjóðs skulu kjörnir a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Í samþykktum sparisjóðs má ákveða að löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu skuli tilnefna á annan hátt.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að veita sparisjóði undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um kosningu löggilts endurskoðanda. Kýs þá aðalfundur sparisjóðsins einn skoðunarmann til eins árs en stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða tilnefnir annan til sama tíma.

Skoðunarmaður sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, vera starfsmaður sjóðsins eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita skoðunarmanni aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sparisjóðs og jafnframt skulu sparisjóðsstjórn og starfsmenn sjóðsins veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja fundi sparisjóðsstjórnar þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hafa þeir rétt til að sitja aðal- og aukafundi sparisjóðs.

Starfræki sparisjóður endurskoðunardeild, sem annast innri endurskoðun, skal forstöðumaður deildarinnar ráðinn af sparisjóðsstjórn.

46. gr.

Skoðunarmenn skulu hafa eftirlit með að skipulag á reikningshaldi og starfsemi sparisjóðs sé í fullnægjandi horfi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningur veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun skal framkvæmd í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

47. gr.

Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða allar þær upplýsingar um málefni sparisjóðsins og framkvæmd endurskoðunar sem þessir aðilar kunna að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri sparisjóðs varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu sjóðsins eða viðskiptatraust hans, skulu skoðunarmenn gera sparisjóðsstjórn, sparisjóðsstjóra, bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða viðvart.

48. gr.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara.

XI. KAFLI

Tryggingarsjóður sparisjóða.

49. gr.

Stofnaður skal nýr Tryggingarsjóður sparisjóða og skulu allir sparisjóðir vera aðilar að honum. Jafnframt skal núverandi Tryggingarsjóður sparisjóða lagður niður svo sem nánar er mælt fyrir í lögum þessum.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun og er sparisjóði því ekki heimilt að færa framlög sín til hans sem eign í efnahagsreikningi.

50. gr.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. XIII. og XIV. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs. Í þessu skyni er stjórn Tryggingarsjóðs heimilt:

a) að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
b) að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
c) að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir,
d) að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir Tryggingarsjóðs.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

51. gr.

Hver sparisjóður skal árlega greiða framlag til Tryggingarsjóðs sem sé ákveðið hlutfall af heildarinnlánsfé sjóðsins um næstu áramót á undan. Fyrstu fimm árin sem Tryggingarsjóður starfar skal þetta hlutfall vera minnst 0.5‰. Aðalfundur ákveður hlutfallið með samþykki ráðherra en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Aðalfundur getur þó ákveðið að undanþiggja sparisjóð greiðslu árgjalda um tiltekinn tíma.

Til þess að Tryggingarsjóður geti gegnt meginhlutverki sínu samkvæmt 1. mgr. 50. gr., skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er nema skal 0.4% af heildarinnlánsfé sjóðsins á hverjum tíma. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu sparisjóðirnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni.

Inneignir sparisjóða í hinum fyrri Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skulu flytjast til hins nýja Tryggingarsjóðs og ávaxtast þar. Verður þessi inneign hvers sparisjóðs séreign hans að viðbættum árlegum vöxtum. Fé þessu skal haldið aðgreindu í reikningum Tryggingarsjóðs. Við slit sparisjóðs hefur sparisjóður rétt til að fá inneign þessa greidda og skal hún þá reynist þess þörf ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda áður en frekari greiðslur úr Tryggingarsjóði koma til ákvörðunar. Endurgreiðsluheimild þessi nær þó eigi til sparisjóðs sem sameinast öðrum sparisjóði, sbr. 65. gr., enda hrökkvi eignir fyrir skuldum.

52. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Nánari reglur um ávöxtun á fé sjóðsins skal setja í samþykktir hans.

53. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Enginn sparisjóður má þó fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Aðalfundur staðfestir ársreikning sjóðsins.

Um boðun og lögmæti aðalfundar fer samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga þessara.

54. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn hlutbundinni kosningu ef óskað er. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

55. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þ. m. t. framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 29. gr.

56. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI

Lánastofnun sparisjóðanna.

57. gr.

Sambandi íslenskra sparisjóða er heimilt að gangast fyrir stofnun Lánastofnunar sparisjóðanna hafi ⅔ hlutar starfandi sparisjóða er ráða a. m. k. yfir ⅔ hlutum af heildarinnlánsfé sparisjóða samþykkt þátttöku í stofnuninni.

Lánastofnun sparisjóðanna skal vera hlutafélag að fullu í eigu sparisjóðanna og gilda um hana ákvæði laga um hlutafélög nema annað sé boðið í lögum þessum. Eigi síðar en sex árum eftir stofnunina skal hlutaféð nema a. m. k. 2% af heildarinnlánsfé hvers hluthafa miðað við síðasta ársreikning þeirra. Nánari ákvæði um greiðslu hlutafjár skulu sett í samþykktir stofnunarinnar.

58. gr.

Hlutverk Lánastofnunarinnar er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Í því skyni er stofnuninni heimilt að annast þau verkefni sem sparisjóðum eru falin samkvæmt VII. kafla laga þessara. Þó er stofnuninni óheimilt að eiga innláns- og útlánsviðskipti við almenning.

Lánastofnunin tekur við innlánum frá sparisjóðum, Tryggingarsjóði sparisjóða og fyrirtækjum í eigu sparisjóðanna, sbr. 1. mgr. 32. gr. Einnig aflar stofnunin sér starfsfjár með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirmælum laga þessara. Stofnunin ávaxtar fé sitt með lánveitingum til sparisjóða, innlánum í Seðlabanka og innlendum og erlendum innlánsstofnunum, svo og með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirmælum laga þessara.

59. gr.

Sparisjóðir, sem ekki gerast hluthafar við stofnun Lánastofnunarinnar, eiga rétt á að gerast hluthafar í stofnuninni síðar. Skal hlutafé þá aukið á þann hátt að hlutafjáreign nýs hluthafa og það verð sem fyrir hana er greitt verði jafngilt því sem verið hefði ef hlutaðeigandi sparisjóður hefði gerst hluthafi við stofnun félagsins.

60. gr.

Sala eða annað framsal hluta í Lánastofnuninni er óheimilt nema til annars sparisjóðs. Veðsetning hluta er óheimil. Stjórn Lánastofnunarinnar er skylt að innleysa hlutafé sparisjóðs í eftirgreindum tilvikum:

a) við slit sparisjóðs samkv. XIII. kafla laga þessara eða samruna hans við annars konar innlánsstofnun,
b. við aðför skuldheimtumanna sparisjóðs í hlut hans í stofnuninni.

Innlausnarverð hluta skal miðast við reiknað verðgildi hlutarins samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til skattskuldbindinga sem kunna að hvíla á stofnuninni.

Í þeim tilvikum, sem getið er um í 2. mgr. 63. gr. og lokamálslið 65. gr., er Lánastofnuninni heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

XIII. KAFLI

Slit sparisjóða.

61. gr.

Hafi sparisjóðsstjórn, sparisjóðsstjóri eða skoðunarmenn sparisjóðs ástæðu til að ætla að eigið fé hans sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 40. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1.mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé sparisjóðs sé undir lágmarki 40. gr. skal það krefja skoðunarmenn sparisjóðsins þegar í stað um reikningsuppgjör sem þeim ber að afhenda innan þriggja vikna frá því þeim berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 40. gr. skal sparisjóðsstjórn án tafar boða til fundar sparisjóðsaðila til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð sparisjóðsstjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn samkvæmt 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki samkvæmt 40. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni sparisjóðsins til úrbóta muni ekki bera árangur.

62. gr.

Bú sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta að hætti III. kafla gjaldþrotalaga. Slíta ber sparisjóði í eftirtöldum tilvikum:

a) ef ráðherra synjar sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 61. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að sparisjóðnum hafi tekist að auka eigið fé fram yfir lágmark samkvæmt 40. gr.,
b) ef skylt er að slíta sparisjóði samkvæmt samþykktum hans,
c) ef aðal- eða aukafundur sparisjóðsaðila ákveður að slíta sparisjóði.

Í þeim tilvikum, sem getið er í b- eða c-liðum 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs skoðunarmanna hlutaðeigandi sparisjóðs á sama hátt og samkvæmt 2. mgr. 61. gr. og afhenda það ráðherra ásamt álitsgerð sinni um það hvort eignir sparisjóðs hrökkvi fyrir skuldum hans.

Ákvörðun samkvæmt c-lið 2. mgr. er því aðeins gild að sparisjóðsaðilar, sem ráða yfir ⅔ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóði, gjaldi henni jáyrði.

63. gr.

Þegar skylt er að slíta sparisjóði samkvæmt a-lið 2. mgr. 62. gr. eða fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins í tilvikum sem eiga undir b- eða c-liði sama ákvæðis að óvíst sé að eignir sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda hans skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi sparisjóðsins kröfu um að bú sparisjóðsins verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skylt er að slíta sparisjóði samkvæmt b- og c-liðum 2. mgr. 62. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi sparisjóðsins kröfu um að bú hans verði tekið til skipta til slita á sparisjóðnum.

Er skiptaráðandi hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 62. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Þegar er úrskurður um töku bús sparisjóðs til skipta er genginn skal skiptaráðandi auglýsa skiptin í Lögbirtingablaði með þeim hætti sem fyrir er mælt í 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga og skal í auglýsingunni tekið fram hvort búið sé tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

64. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi sparisjóðs gilda ákvæði IV.—XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra gilda ekki um skipti sem komin eru til samkvæmt 2. mgr. 63. gr.

Þegar ákvæði gjaldþrotalaga sem vísað er til í 1. mgr. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 61. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem skiptaráðanda berst krafa ráðherra samkvæmt 1. eða 2. mgr. 63. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar, skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra, þ. e. stofnfé og séreignarsjóð, af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til sparisjóðsaðila, sbr. 4. mgr. 1. gr.

XIV. KAFLI

Samruni sparisjóða.

65. gr.

Ráðherra er rétt að heimila samruna tveggja sparisjóða eða fleiri ef tillaga þess efnis hefur hlotið samþykki á aðal- eða aukafundum hlutaðeigandi sparisjóða. Áður en ráðherra heimilar sameiningu skal hann leita umsagnar bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Við samruna sparisjóða skal skipa sérstaka nefnd. Hver sparisjóður kýs á aðal- eða aukafundi tvo fulltrúa í nefndina en bankaeftirlitið og Tryggingarsjóður sparisjóða skipa sinn fulltrúann hvort. Nefndin gerir tillögu til aðal- eða aukafunda sparisjóðanna um fjárhagslegt uppgjör við samrunann og rekstrartilhögun að honum loknum. Þegar aðal- eða aukafundir í sjóðunum hafa samþykkt tillöguna með ⅔ hlutum heildaratkvæðamagns og ráðherra einnig samþykkt hana telst samruninn hafa hlotið endanlegt samþykki. Ekki er skylt að gæta ákvæða XIII. kafla laga þessara þegar sparisjóði er slitið og hann sameinaður öðrum sparisjóði eða annars konar innlánsstofnun. Þá er sparisjóði óskylt að birta innköllun til lánardrottna þegar slit ber að með þessum hætti.

Áður en ráðherra ákveður hvort heimila skuli samruna sparisjóðs og annars konar innlánsstofnunar skal hann athuga möguleika á samruna sjóðsins við aðra sparisjóði. Leiði athugunin í ljós að þess er ekki kostur getur hann heimilað samruna sjóðsins við annars konar innlánsstofnun.

XV. KAFLI

Refsiákvæði.

66. gr.

Um mál vegna brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XVI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

67. gr.

Bækur sparisjóðs, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sparisjóði og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita sparisjóðum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum sparisjóðs og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

68. gr.

Um skattalega meðferð á stofnfé sparisjóðsaðila og inneign í séreignarsjóði fer að sama hætti og um skattskyldu innstæðna í innlánsstofnunum. Sama gildir um þann hluta tekjuafgangs sem lagður er í séreignarsjóð.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og greiðslu aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Lánastofnun sparisjóða er skattskyld samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, sbr. lög nr. 51/1984.

XVII. KAFLI

Gildistaka o. fl.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Ákvæði IX. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár sem hefst á árinu 1985.

70. gr.

Sparisjóðir, stofnaðir fyrir gildistöku laga þessara, sbr. lög nr. 69/1941, skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. taka ekki til sparisjóða sem getið er í 1. mgr. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. tekur ekki til þeirra sparisjóða þar sem sveitar- og sýslufélög voru ein sparisjóðsaðilar við gildistöku laga þessara.

Ráðherra er heimilt að veita sparisjóðum, sem stofnaðir verða með samruna starfandi sparisjóða, undanþágu frá ákvæðum 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna.

71. gr.

Sparisjóðir, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og sparisjóðir, sem stofnaðir verða með samruna þessara sjóða, skulu koma eigin fé í það horf sem áskilið er samkvæmt 40. gr. innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

72. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 69/1941, um sparisjóði, sbr. lög nr. 22 1944 og lög nr. 100/1980, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara er aðalfundi sparisjóðs heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

a) verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1940 eða stofndegi sparisjóðs ef hann er síðar,
b) stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.

Endurmat þetta er háð samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða. Hámark stofnfjárhluta eftir að endurmat hefur farið fram má þó ekki vera hærra en kr. 8000.

Sparisjóði er heimilt að greiða hið aukna stofnfé samkvæmt endurmatinu af rekstrarhagnaði sínum inn á stofnfjárreikninga sparisjóðsaðila. Greiðslur þessar má sparisjóður inna af hendi á allt að 5 árum. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar með þessum hætti getur farið fram eftir að tekjuafgangi hefur verið ráðstafað samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 42. gr.

Þeir, sem gerst hafa stofnfjáraðilar eða öðlast hafa rétt til stofnfjárhlutar síðar en 20 árum fyrir gildistöku laga þessara, skulu þó sjálfir greiða viðbótarstofnfé samkvæmt endurmatinu þannig að þeir greiði 1/20 hluta stofnfjáraukans fyrir hvert ár sem vantar upp á 20 ára aðild hvers um sig að sparisjóðnum. Sparisjóðsaðilar, sem greiða eiga viðbótarstofnfé samkvæmt þessari málsgrein, skulu greiða það í reiðufé innan 12 mánaða frá ákvörðun aðalfundar um endurmatið.

Ef stofnfjáreigandi hlítir ekki skilyrðum síðustu málsgreinar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli sparisjóðsstjórnar fær hann endurgreitt upprunalegt stofnfé sitt án verðbóta og fellur út sem sparisjóðsaðili enda jafnframt leystur frá ábyrgðarhlut sínum.

II.

Ákvæði 1. mgr. 38. gr. gilda ekki um skuldbindingar sem stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma.

III.

Formaður Sambands íslenskra sparisjóða skal boða til fyrsta fundar í Tryggingarsjóði sparisjóða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heildarendurskoðun bankakerfisins hófst fyrir réttum 12 árum þegar þáverandi viðskiptaráðherra, Lúðvík Jósepsson, skipaði bankamálanefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið. Nefndin tók m. a. saman frumdrög að nýrri löggjöf um sparisjóði en ekki kom til þess að lagafrumvarp væri lagt fram á Alþingi. Þess í stað var annarri nefnd falið árið 1975 að taka til endurskoðunar lög nr. 69/1941 um sparisjóði. Frumvarp, sem byggt var á tillögum nefndarinnar, var lagt fyrir Alþingi árið 1978. Upp frá því hafa nokkrum sinnum verið lögð fyrir Alþingi frumvörp til laga um sparisjóði sem einnig hafa að verulegu leyti verið byggð á tillögum nefndarinnar. Öll þessi frumvörp hafa dagað uppi.

Frumvarp þetta er að ýmsu leyti byggt á þeim frumvörpum sem hér hefur verið vikið að. Í ljósi þess var ekki talin ástæða til að bankamálanefnd, sem skipuð var árið 1981, skilaði til viðskiptaráðuneytisins tillögum að nýju lagafrumvarpi um sparisjóði. Við endanlega gerð þessa frumvarps hefur hins vegar verið höfð veruleg hliðsjón af frumvarpi til laga um viðskiptabanka, sem nú liggur fyrir Alþingi, og byggir að stofni til á tillögum bankamálanefndar. Þá hefur frá upphafi verið höfð hliðsjón af löggjöf um sparisjóði á Norðurlöndum og um sumt höfð hliðsjón af þeirri löggjöf. Þó hefur þegar á heildina er litið að takmörkuðu leyti verið stuðst við erlendar fyrirmyndir heldur leitast við að finna lausnir og leiðir sem væru í sem bestu samræmi við íslenska staðhætti og íslenskt efnahagslíf. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Samband íslenskra sparisjóða og tillit tekið til margvíslegra athugasemda og ábendinga þess.

Sparisjóðir eiga sér alllanga sögu hér á landi. Venja er að telja að fyrst hafi verið stofnaður sparisjóður hér á landi á Seyðisfirði árið 1868. Hann hét sparisjóður Múlasýslna og starfaði fram yfir 1870 en hætti þá starfsemi. Fræðimenn hafa þó fært rök að því að saga sparisjóða sé enn eldri. Heimildir eru fyrir Sparnaðarsjóði búlausra í Skútustaðahreppi, er hóf starfsemi sína árið 1858, en var lagður niður árið 1864. Hér var tilraun á ferðinni sem tæpast hefur haft áhrif sem peningastofnun né orðið fyrirmynd annarra. Næsti sparisjóður, sem stofnaður var, hét Sparisjóður Reykjavíkur. Hann var stofnaður árið 1872. Ekki varð hann langlífur fremur en hinir fyrri sjóðir. Hann sameinaðist Landsbanka Íslands árið 1887. Sparisjóður Siglufjarðar var stofnaður 1873. Hann starfar enn og er elstur starfandi sparisjóða í landinu.

Sparisjóðir voru síðan stofnaðir hver af öðrum í flestum sýslum og kaupstöðum landsins. Samtals hafa verið stofnaðir 93 sparisjóðir á Íslandi. Hinn 1. janúar 1985 voru starfandi sparisjóðir 38 að tölu. Margir sparisjóðir hafa þannig hætt starfsemi sinni og hafa flestir þeirra verið yfirteknir af útibúum viðskiptabankanna. Nokkrir hafa verið gerðir upp og lagðir niður án þess að banki eða annar sparisjóður hafi haldið áfram starfsemi þeirra. Einn sparisjóður hefur orðið gjaldþrota, fáeinir yfirteknir af öðrum sparisjóðum og þremur

hefur verið breytt í banka (þ. e. Verslunarsparisjóði, Samvinnusparisjóði og Sparisjóði alþýðu).

Yngsti sparisjóðurinn er Sparisjóður Súðavíkur sem stofnaður var árið 1972.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda sparisjóða með nokkurra ára millibili frá 1870 til 1984:

Ár:	Fjöldi:	Ár:	Fjöldi:
1870	1	1950	57
1880	5	1955	60
1890	13	1960	63
1900	24	1965	57
1910	30	1970	53
1920	49	1975	44
1930	50	1980	42
1940	56	1984	38

Skipting sparisjóða eftir kjördæmum 1984 var svo sem hér segir:

Reykjavík	2
Reykjanes	3
Vesturland	2
Vestfirðir	12
Norðurl. vestra	3
Norðurl. eystra	14
Austurland	1
Suðurland	1
Samtals	38

Þá ráku sparisjóðir á sama tíma sex aðra afgreiðslustaði og voru fimm þeirra utan Reykjavíkur.

Athyglisvert er að af 38 sparisjóðum eru 26 á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra og eru flestir þeirra smáir.

Hlutdeild sparisjóðanna í varðveislu sparifjár landsmanna hefur verið breytileg. Helsta ástæðan til þess er fjölgun viðskiptabanka og útibúa þeirra samfara fækkun sparisjóða.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild sparisjóðanna sem hundraðshluta af heildarinnlánum í bönkum og sparisjóðum á mismunandi tímum (innlán í innlánsdeildum samvinnufélaga eða Söfnunarsjóði Íslands eru ekki tekin með):

Ár:	Heildarinnlán í sparisjóðum[x])	Heildarinnlán í viðskipta-bönkum[x])	Innlán alls[x])	Hlutdeild sparisjóða í %
1872	0.14	—	0.14	100,0
1890	1.6	5.6	7.2	22.1
1900	6	12	18	32.9
1910	12	51	63	19.0
1920	79	301	380	20.8
1930	90	530	620	14.5
1940	199	1.301	1.500	13.2
1950	1.278	7.235	8.513	15.0
1960	6.238	23.886	30.124	20.7
1965	12.355	68.187	80.522	15.3
1970	27.583	134.057	161.640	17.1
1975	81.123	425.779	506.902	16.0
1980	606.896	3.188.597	3.795.493	16.0
1984	3.838.516	21.295.273	25.133.789	15,3

[x]) Allar fjárhæðir í þúsundum króna.

Á hlutfallstölunum sést að hlutdeild sparisjóðanna í heildarinnlánum minnkar heldur síðustu þrjá áratugina. Sú minnkun helst í hendur við þá breytingu að þremur stórum sparisjóðum er breytt í banka, en það var árin 1961, 1963 og 1974.

Mjög athyglisvert er hins vegar hve sparisjóðir halda hlut sínum þrátt fyrir fjölgun banka og fækkun sparisjóða síðustu áratugina. Þannig er hlutdeild þeirra í heildarinnlánum banka og sparisjóða nú 15.3% en var 15% árið 1950. Til samanburðar má og nefna að hlutdeild allra hlutafélagsbankanna var í árslok 1984 19.9%.

Þegar fyrstu sparisjóðirnir taka til starfa höfðu engin almenn lög verið sett um starfsemi þeirra en líklega hafa þeir allir sett sér samþykktir til að starfa eftir. Nákvæmar samþykktir eru t. d. um Sparnaðarsjóð búlausra í Skútustaðahreppi sem samþykktar voru á fundi stofnenda 13. júní 1859.

Þann 5. janúar 1874 var gefin út tilskipan „um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi“ — „Forordning om nogle Begunstigelser for Sparekasser i Island.“ Tilskipun þessi hafði m. a. að geyma ákvæði um hvernig með skyldi fara ef viðskiptabók við sparisjóð glataðist.

Árið 1915 voru fyrstu lögin um sparisjóði sett, lög nr. 44/1915, og þóttu þau um margt ítarleg og skýr á þeim tíma og fullnægjandi miðað við sparisjóðsstarfsemi þá.

Á árunum 1937—1940 starfaði milliþinganefnd að endurskoðun bankamála. Nefndin samdi m. a. tillögur að frumvarpi að nýjum lögum um sparisjóði. Aðalefni frumvarpsins voru sparisjóðalögin frá 1915 en nokkru var þó breytt og allmiklu aukið við. Þetta frumvarp varð að lögum nr. 69/1941 um sparisjóði og eru þau enn i gildi. Með stoð í lögum þessum var gefin út reglugerð um sparisjóði 15. febrúar 1942.

Eftir lögum þessum og reglugerð svo og staðfestum samþykktum starfa sparisjóðirnir nú. Meðal annarra laga sem hafa að geyma ákvæði er taka til starfsemi sparisjóða má nefna lög nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofna, sbr. lög nr. 51/1984, lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. lög nr. 73/1983, og lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands ásamt síðari breytingum.

Lög nr. 69/1941 um sparisjóði eru að mörgu leyti úrelt. Með frumvarpi þessu er að því stefnt að bæta úr og færa löggjöfina í nútímalegra horf. Má segja að tilgangur frumvarpsins sé tvíþættur. Annars vegar er ætlunin að treysta almennt stöðu sparisjóðanna meðal innlánsstofnana og veita þeim hliðstæðar starfsheimildir og viðskiptabönkum og hins vegar að auka aðhald og öryggi í rekstri þeirra í samræmi við kröfur tímans. Sé grannt skoðað fléttast þetta tvennt saman. Samhliða þessu er ætlunin að skapa skilyrði til aukinnar hagkvæmni í rekstri sparisjóða.

Þegar litið er á sparisjóðina í dag og það þjónustuhlutverk er þeir gegna víðs vegar um land má vera ljós nauðsyn þess að þeir geti innt af hendi alla venjulega þjónustu sem nú er ætlast til að innlánsstofnanir veiti. Þeir verða að geta þjónað íbúum hinna ýmsu byggðarlaga og verið raunhæfur valkostur borið saman við viðskiptabanka. Því er nauðsynlegt að frumvarp þetta marki þá stefnu að fella niður öll þau ákvæði er takmarka starfsemi sparisjóða borið saman við starfsemi viðskiptabanka og er það hliðstætt því sem gert hefur verið í öllum nálægum löndum. Eftir sem áður og þrátt fyrir hliðstæðar starfsheimildir banka og sparisjóða verður áfram skýr munur milli sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Sparisjóðirnir eru í eðli sínu sjálfseignarstofnanir, stjórn þeirra er tengd sveitarfélögum og starfsemi þeirra er almennt staðbundin andstætt starfsemi viðskiptabanka. Þar við bætist að einstakir sparisjóðir munu eflaust eftir sem áður hafa takmarkaðri starfsemi en viðskiptabankarnir en á hinn bóginn verða möguleikar þeirra til að taka tillit til sérstakra staðbundinna aðstæðna meiri. Þannig ættu þeir að geta stuðlað að heilbrigðri samkeppni.

Frumvarpið telur 72 greinar og skiptist í 17 kafla auk ákvæða til bráðabirgða. Ýmsum

ákvæðum gildandi laga hefur verið breytt eða þau felld brott. Jafnframt er mörgum nýjum ákvæðum bætt við. Veigamestu breytingarnar og nýmæli frá gildandi lögum eru þau, sem hér segir:

Í I. kafla eru almenn ákvæði um hlutverk og rekstrarform. Þar er einnig tekið fram að stofnun útibús sparisjóðs eigi undir sparisjóðsstjórn en sé ekki háð leyfi ráðherra eins og nú er samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabankann, sbr. lög nr. 10/1964. Á hinn bóginn er kveðið svo á í frumvarpinu að bókfært verð þeirra fasteigna sem sparisjóður notar undir starfsemi sína megi ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar 65% af eigin fé sparisjóðsins. Í frumvarpinu er heitið útibú notað yfir alla afgreiðslustaði utan aðalsparisjóðs.

Í II. kafla eru þeir aðilar tæmandi taldir sem geta verið stofnendur sparisjóðs og sparisjóðsaðilar. Jafnframt er kveðið á um lágmarksfjárhæð stofnfjár. Samkvæmt frumvarpinu er aðeins heimilt að stofna sparisjóð með innborguðu stofnfé. Stofnun sparisjóða með ábyrgðum (ábyrgðamannasjóðir) er ekki leyfð samkvæmt frumvarpinu. Ekki er þó sú skylda lögð á starfandi sparisjóði að taka upp stofnfé í stað ábyrgða við gildistöku laganna.

Í III. kafla eru settar reglur um stofnfjárhluti og stofnfjárbréf og viðskipti með þau leyfð með ströngum takmörkunum.

Í IV. kafla er fjallað um aukningu stofnfjár og er þar m. a. gert ráð fyrir að aðalfundir í starfandi sjóðum, sem byggðir eru upp sem ábyrgðarmannasjóðir, geti ákveðið að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé og eru settar reglur um slíkar ákvarðanir, þ. á m. um þann atkvæðameirihluta sem nauðsynlegur er til þess að ákvörðun öðlist gildi.

Mikilvægt nýmæli er að finna í V. kafla þar sem gert er ráð fyrir svokölluðum séreignarsjóði stofnfjáreigenda, sem verður aðallega myndaður með hluta þeirra vaxta, sem aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi. Hugmyndin með séreignarsjóðum þessum er sú að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari með því að heimila ávöxtun hennar. Ávöxtun þessari verður þó óhjákvæmilega að setja talsverðar skorður bæði m. t. t. fjárhagsgetu viðkomandi sparisjóðs og einnig vegna hins sérstaka eðlis sparisjóðanna, sem ekki er unnt jafna við venjuleg atvinnufyrirtæki, rekin í ágóðaskyni.

Um stjórn sparisjóða eru sett ítarleg ákvæði VI. kafla en gildandi lög eru fáorð um þetta efni. Þá er gert ráð fyrir því að sparisjóður ákveði sjálfir inn- og útlánsvexti sparisjóðsins og önnur þjónustugjöld.

Í VII. kafla, sem fjallar um starfsemi sparisjóða, eru margvísleg nýmæli. T. d. er gert ráð fyrir að sparisjóðir hafi rétt til að versla með erlendan gjaldeyri án sérstaks leyfis bankastjórnar Seðlabankans sem áskilið er í gildandi lögum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að Seðlabankinn geti sett gjaldeyrisviðskiptum sparisjóðs ákveðin takmörk að fengnu samþykki ráðherra. Þá er lagt til að sparisjóðum verði innan þröngra marka heimiluð kaup á hlutum í almenningshlutafélögum eins og þau eru skilgreind í 3. málsl. 18. gr. laga 32/1978 um hlutafélög.

Sérstök ákvæði eru um laust fé og eigið fé í VIII. kafla. Þar er m. a. gerð krafa um að eigið fé sparisjóðs nemi a. m. k. 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

Í IX. kafla er fjallað um reikningsskil og eru þar ýmis nýmæli, einkum um ráðstöfun tekjuafgangs. Er þar m. a. lagt til að heimilt verði að verja tekjuafgangi að vissu marki til greiðslu á vöxtum af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda.

Um endurskoðun eru sett ítarleg ákvæði í X. kafla en ákvæði gildandi laga um það efni eru ófullnægjandi.

Í XI. kafla er lagt til, að stofnaður verði nýr Tryggingarsjóður sparisjóða er taki við af hinum fyrri og verði sparisjóðum og innstæðueigendum styrkari bakhjarl en núverandi sjóður sem ekki hefur dafnað sem skyldi.

Í XII. kafla er mikilvægt nýmæli þar sem lagt er til að heimiluð verði stofnun

Lánastofnunar sparisjóðanna en nauðsyn slíks sameiginlegs sjóðs sparisjóðanna hefur orðið æ brýnni hin síðari ár og er forsenda þess að sparisjóðir víðs vegar um landið verði þess megnugir að taka að sér frekari fjármögnun atvinnuveganna. Samhliða er ætlunin að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri sparisjóðanna.

Lagt er til í XIII. kafla, að lögfest verði ný ákvæði um slit sparisjóðs sem fela í sér veigamiklar breytingar frá gildandi lögum.

Sérákvæði um sameiningu sparisjóða eru í XIV. kafla, sem ætlað er að greiða fyrir sameiningu en um leið að koma í veg fyrir óyfirvegaðar ákvarðanir í þeim efnum.

Í XV. kafla er fjallað um refsingar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins gildistöku, o. fl.

Í XVI. og XVII. kafla er m. a. að finna ákvæði um skattskyldu Tryggingarsjóðs sparisjóða og Lánastofnunar sparisjóða auk ákvæða um gildistöku.

Með ákvæðum til bráðabirgða er veitt heimild til þess að endurmeta stofnfé í sparisjóðum eftir ákveðnum reglum.

Fjölmargar aðrar breytingar koma fram í frumvarpi þessu og er nánar vikið að þeim í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu leyti nýmæli. Í 1. mgr. er fjallað um gildissvið frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að hlutverk sparisjóðs sé að reka hvers konar sparisjóðsstarfsemi sem er nánar skilgreind í VII. kafla frumvarpsins, sbr. einkum 30. gr., og má um frekari skýringar vísa til athugasemda við þá grein. Þá er í 2. mgr. sparisjóðum bannað að reka aðra starfsemi en sparisjóðsstarfsemi án sérstakrar lagaheimildar. Samkvæmt 32. gr. frumvarpsins er sparisjóðum veitt þröng heimild til að eiga aðild að annarri starfsemi. Engu að síður er það meginstefna frumvarpsins að sparisjóðir reki eingöngu sparisjóðsstarfsemi. Stefna þessi er í samræmi við ákvæði gildandi laga um sparisjóði og byggist á því að tryggja öryggi í rekstri sparisjóða og þar með hagsmuni sparifjáreigenda. Öðrum aðilum en sparisjóðum er samkvæmt frumvarpinu óheimilt að reka sparisjóðsstarfsemi. Þeim er hins vegar heimilt að hafa með höndum starfsemi sem felur í sér ákveðna þætti sparisjóðsstarfsemi eða er hliðstæð slíkri starfsemi. Í þessu sambandi má t. d. nefna verðbréfaviðskipti og afborgunarkaup. Starfsemi af þessu tagi eru þó ákveðin takmörk sett, sbr. 2. mgr. 30. gr., þar sem gert er ráð fyrir að einungis sparisjóðir og aðrir, sem til þess hafa sérstaka heimild í lögum, geti auglýst eða boðist til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga svipar sparisjóðum mjög til sjálfseignarstofnana eins og þær eru almennt skilgreindar. Helstu einkenni sjálfseignarstofnana eru þau að eignir slíkra stofnana eru ekki háðar eignarráðum einstaklinga eða lögaðila og eiga þeir ekki rétt til ágóða af rekstri stofnanna heldur er starfsemin öll rekin í þágu ákveðins markmiðs, yfirleitt í þágu mannúðarmála eða í öðrum hliðstæðum tilgangi. Skipulag sparisjóða samkvæmt gildandi lögum uppfyllir að flestu leyti þessi skilyrði. Þó eru þar frávik, einkum það að samkvæmt 4. gr. gildandi laga er heimilt að greiða stofnendum sparisjóða eða ábyrgðarmönnum eða þeim sem lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, arð eða vexti allt að 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

Í þessu frumvarpi eru sett rýmri ákvæði um aðild að sparisjóði en eru í gildandi lögum. Þeir sem leggja fram stofnfé verða samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eigendur að því fé. Er það sama regla og gilt hefur. Stofnfjáreigendum verður hins vegar heimilt að ráðstafa því verðmæti sem felst í þessari eign innan vissra marka. Ráðstöfunarréttur stofnfjáreigenda yfir hlut sínum er þó háður verulegum takmörkunum. Við slit sparisjóðs fá stofnfjáreigendur hlut sinn greiddan en þeim eignum sem þá verða eftir skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins, þó má ekki ráðstafa þeim til sparisjóðsaðila, sbr. 64. gr. Þessi ákvæði um ráðstöfun eigna við slit minna einkum á skyldleika sparisjóða við sjálfseignarstofnanir.

Í 4. mgr er tekið fram að sparisjóðsaðilar hafi ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Til þess að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari er í frumvarpinu lagt til að innan vissra takmarkana verði heimilt að verja hluta tekjuafgangs til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Er um þetta fjallað í 42. gr. frumvarpsins.

Sparisjóðir teljast því hvorki til sjálfseignarstofnana né venjulegra atvinnufyrirtækja sem rekin eru í ágóðaskyni fyrir eigendur þeirra. Þeim er í þessu frumvarpi valið það form, sem telst henta best m. t. t. þeirrar sérstöku starfsemi sem þeir reka og með hliðsjón af sögulegum og félagslegum forsendum.

Þær breytingar, sem þessi grein gerir ráð fyrir frá gildandi lögum að því er varðar eignarrétt og stofnfjárhlut og aukna möguleika stofnfjáreigenda til ávöxtunar fjármuna sinna, eru lagðar til í þeim tilgangi einum að styrkja stöðu sparisjóðanna meðal innlánsstofnana með því að gera stofnfjáreign í þeim eftirsóknarverðari.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein ræðst það af samþykktum sparisjóða hvar þeir eiga heimili og varnarþing. Einnig er gert ráð fyrir að sparisjóðsstjórn ákveði hvort og þá hvar sparisjóður starfræki útibú á starfssvæði sínu. Er sparisjóðsstjórn í þessu efni einungis bundin af 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins og má um frekari skýringar vísa til þess sem segir í athugasemdum við þá grein. Við endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands hefur verið gert ráð fyrir að 5. mgr. 10. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 10/1964, verði felld brott. Þar segir að innlánsstofnun er hyggist setja á stofn útibú skuli sækja um leyfi til þess hjá Seðlabankanum er sendir umsóknina til ráðherra sem tekur ákvörðun um hvort leyfi skuli veitt.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli.

Í greininni er lagt til að sparisjóðum einum sé rétt og skylt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið sparisjóður. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að aðrir aðilar, einkum þeir er reka starfsemi sem er hliðstæð sparisjóðsstarfsemi, villi á sér heimildir. Ákvæði þetta nær hins vegar ekki til heita sem verða ákveðin í lögum, s. s. Tryggingarsjóðs sparisjóða, Lánastofnunar sparisjóða og Sambands íslenskra sparisjóða.

II. KAFLI

Um 4. gr.

Í 2. gr. gildandi laga er stofnun sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra sem fer með málefni banka og sparisjóða. Lagt er til að sú skipan haldist. Ítarlegri reglur eru settar hér um meðferð umsókna um stofnun sparisjóða en gildandi lög hafa að geyma. Mikilvægt er að ekki sé rasað um ráð fram og allar tiltækar upplýsingar um fyrirhugaða sparisjóðsstofnun liggi fyrir. Að því miða ákvæði greinarinnar.

Í gildandi lögum er sparisjóðseftirlitið umsagnaraðili um stofnun sparisjóðs. Samkvæmt lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur Seðlabankinn með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana. Jafnframt er í lögunum kveðið svo á að gagnvart sparisjóðum taki bankaeftirlit Seðlabanka við þeim störfum sem sparisjóðseftirlitinu eru falin samkvæmt lögum 69/1941 um sparisjóði. Í 2. mgr. er lagt til að umsagnaraðilar skuli vera Seðlabanki Íslands og Tryggingarsjóður sparisjóða.

Með ákvæðum 3. mgr. er einungis verið að koma í veg fyrir að útgefnum leyfum sé haldið von úr viti án þess að þau séu notuð og þannig staðið í vegi annarra sem kynnu að vilja hefja starfrækslu sparisjóðs á sama svæði.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. gr. gildandi laga geta eftirtaldir aðilar verið stofnendur sparisjóðs:

a) Félag einstakra manna.
b) Bæjarfélag.
c) Sýslufélag.
d) Hreppsfélag (að fengnu leyfi sýslunefndar).

Í þessari grein er gert ráð fyrir nokkurri breytingu varðandi þá aðila, sem geta verið stofnendur sparisjóðs og eru þeir aðilar tæmandi taldir upp í 1. mgr. og eru það eingöngu íslenskir aðilar.

Samkvæmt 1. mgr. verða stofnendur og sparisjóðsaðilar að vera a. m. k. 30 talsins og geta þeir einungis verið eftirtaldir aðilar: Fjárráða íslenskir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, sýslufélög, sveitarfélög og starfandi sparisjóðir. Um ástæður þess að þessir aðilar eru sérstaklega teknir fram yfir aðra í þessum efnum er það að segja að sýslu- og sveitarfélög hafa lögum samkvæmt sérstök afskipti af sparisjóðum og haldast þau tengsl í frumvarpinu. Starfandi sparisjóðir hafa og sérstakan áhuga á eflingu sparisjóðastarfseminnar í landinu og gera verður ráð fyrir þeirri þróun að sparisjóðir sameinist til að tryggja betur fjárhagslegt sjálfstæði og uppbyggingu einstakra byggðarlaga. Þá er ljóst að þýðingarlaust er að stofna nýjan sparisjóð ef ekki liggur fyrir nokkuð almennur vilji til stofnunar sjóðsins og af þeirri ástæðu eru kröfurnar um aukinn fjölda stofnenda til komnar. Á þann hátt er leitast við að tryggja að starfræksla sjóðanna tengist ekki beinlínis hagsmunum félagsheilda heldur verði sjóðirnir stofnanir sem á óháðan og víðtækan hátt höfði til íbúa á fyrirhuguðu starfssvæði.

Nýmæli er í 3. mgr. um atkvæðisrétt á stofnfundi er mælir fyrir um að allir hafi þar jafnan atkvæðisrétt án tillits til stofnfjárframlags.

Í 4. mgr. er sett sérstakt skilyrði sem gildir um alla stofnendur og sparisjóðsaðila. Hér er um að ræða kröfu þess efnis að þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skuli stofnendur og sparisjóðsaðilar vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði sem starfsemi sparisjóðsins er bundin við. Þetta skilyrði er sett sökum þess að sparisjóðir eru að jafnaði staðbundnar stofnanir settar á fót til að þjóna ákveðnu svæði og íbúum þess, sbr. 2. mgr. 4. gr. Er því talið rétt að aðild að sparisjóði verði bundin við sama svæði.

Um 6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir því að unnt verði að stofna sparisjóð með ábyrgðarfyrirkomulagi samkvæmt frumvarpi þessu ef að lögum verður. Sparisjóðir verða eingöngu stofnaðir með innborguðu stofnfé. Í 1. mgr. segir, að lágmarksfjárhæð stofnfjár skuli vera kr. 3 000 000.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um lágmarksstofnfé, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Áður en ákvörðun er tekin er ráðherra skylt að leita umsagnar bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Samkvæmt mgr. er heimild ráðherra bundin því skilyrði að sérstaklega standi á. Hér býr sú hugsun að baki að hæpið sé að beita alltaf sömu reglum um lágmarksfjárhæð stofnfjár vegna mismunandi aðstæðna og staðhátta hér á landi. Í fámennum byggðarlögum, þar sem fjármagn er takmarkað, kann

t. d. að koma til álita að víkja frá hinu almenna ákvæði um lágmarksfjárhæð stofnfjár og leyfa stofnun sparisjóða með lægra stofnfé en þar er ákveðið.

Í 4. og 5. mgr. eru reglur um greiðslu stofnfjárins. Skal minnst helmingur stofnfjár vera greiddur er starfsemi hefst og eftirstöðvar skulu greiddar í síðasta lagi innan eins árs eftir að starfsemi sparisjóðs hefst. Stofnfé skal ætíð greitt í reiðufé.

Um 7. gr.

Grein þessi er að efni til hliðstæð 3. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra gefi út sérstakt leyfi til stofnunar og starfrækslu sparisjóðs, sbr. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Áður en ráðherra gefur út leyfið þarf öllum skilyrðum fyrir stofnuninni að hafa verið fullnægt og samþykktir sjóðsins staðfestar af ráðherra. Með sama hætti staðfestir ráðherra samþykktir starfandi sparisjóða og breytingar á samþykktum.

Vænlegra virðist að gefa út sérstakt starfsleyfi handa nýjum sparisjóði að undangenginni staðfestingu samþykkta og að öllum skilyrðum uppfylltum heldur en að viðurkenna stofnunina með staðfestingu samþykkta einni saman eins og yfirleitt hefur verið gert.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að leita skuli umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um samþykktir sparisjóðs. Er það í samræmi við framkvæmd þessara mála þótt ekki séu í gildandi lögum sérstök fyrirmæli þar að lútandi. Einnig er lagt til að leita skuli umsagnar Tryggingarsjóðs sparisjóða og er það nýmæli.

Í 2. mgr. er greint hvers gæta beri í samþykktum og er þar um ýmsar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Ekki er ástæða til að tíunda þær breytingar í einstökum atriðum en þær stafa m. a. af því að einungis verður leyft að stofna sparisjóði með stofnfé samkvæmt frumvarpinu og leyfð verða eigendaskipti á stofnfjárhlutum innan þröngra takmarka.

III. KAFLI

Um 8. gr.

Grein þessi er nýmæli og kveður svo á að stofnfjárbréf skuli gefin út fyrir stofnfjárhlutum. Þar sem takmörkuð eigendaskipti á stofnfjárhlutum eru leyfð í frumvarpinu er nauðsynlegt að stofnfjáreigandi hafi skilríki fyrir rétti sínum. Þar sem ýmsar hömlur eru lagðar á viðskipti með stofnfjárbréf samkvæmt frumvarpinu er áskilið að þau hljóði á nafn og verði ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóði.

Í 2. mgr. er þess getið sem greint skal í stofnfjárbréfi. Höfð er hliðsjón af þeim lágmarksupplýsingum sem greina ber í hlutabréfum.

Um 9. gr.

Þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að eigendaskipti á stofnfjárbréfum verði heimil innan þröngra marka í því skyni að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari er alls ekki stefnt að almennum viðskiptum með þau eins og um kvaðalaus hlutabréf eða önnur viðskiptabréf væri að ræða. Í þessari grein eru því lagðar almennar og ófrávíkjanlegar takmarkanir á viðskipti með stofnfjárhluti. Sparisjóðsstjórn verður í hvert sinn að veita samþykki sitt til sölu eða annars framsals stofnfjárhlutar. Ekki er unnt með ákvæðum í samþykktum sparisjóðs að víkja frá ákvæðum greinarinnar. Hin sérstöku einkenni sparisjóðanna og starfsemi þeirra, sbr. 1. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana, gera það að verkum að sparisjóðum er nauðsyn á að hafa hönd í bagga með því hverjir séu aðilar að þeim.

Afskipti sparisjóðsstjórnar af sölu eða öðru framsali stofnfjárhlutar eru tryggð samkvæmt 1. mgr. Með hliðsjón af hvers eðlis stofnfjárhlutir í sparisjóði eru og þeim

hagsmunum sparisjóða að geta stjórnað eigendaskiptum þykir ekki rétt að leyfa veðsetningu stofnfjárhlutar, jafnvel ekki með samþykki sparisjóðsstjórnar, og er því lagt til í 2. mgr. að veðsetning verði bönnuð.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um heimild og skyldu sparisjóðs til að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði í ákveðnum tilvikum.

Samkvæmt 1. mgr. er sparisjóði heimilað að innleysa stofnfjárhlut við andlát stofnfjáreiganda og brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sparisjóðsins svo og við eigendaskipti á stofnfjárhlut vegna slita á félagsbúi hjóna. Í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar sparisjóði er skylt að innleysa stofnfjárhlut.

Auk ákvæða þessarar greinar getur komið til innlausnar samkvæmt ákvæðum 11. gr.

Möguleikar sparisjóðs til innlausnar takmarkast af ákvæðum 13. gr., sem leyfa ekki hærri eigin stofnfjáreign en 10% af stofnfé nema í skamman tíma, þegar um þau tilvik er að ræða sem getur í þessari grein og 11. gr.

Um 11. gr.

Hér er lögð sú skylda á sparisjóð að hafa milligöngu um sölu stofnfjárhlutar eða innleysa hann, ef óskað er, þegar synjað hefur verið um sölu hlutarins samkvæmt 9. gr. eða heimildar til innlausnar samkvæmt 1. mgr. 10. gr. hefur ekki verið neytt. Sparisjóði er settur eins árs frestur í þessum efnum frá því að skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn. Gæta verður ákvæða 13. gr.

Þessar reglur ættu t. a. m. að stuðla að því að sparisjóðir beiti rétti sínum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. með gát.

Í 2. mgr. eru settar reglur um ákvörðun verðs við innlausn stofnfjárhlutar. Hlutur skal innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um að haldin skuli skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila í sparisjóði og er í 2. mgr. getið þeirra atriða, sem greina ber í skránni.

Í 3. mgr. eru settar reglur um færslu í skrána þegar lögmæt eigendaskipti verða á stofnfjárhlut. Nafn hins nýja eiganda skal fært í skrána þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn enda séu ákvæði frumvarpsins eða samþykkta sparisjóðs eigendaskiptunum ekki til fyrirstöðu. Venjulega fara eigendaskipti fram með vitund sparisjóðsstjórnar sökum þeirra takmarka á viðskiptum með stofnfjárhluti sem getið er í 9. gr. Þó getur komið fyrir, t. d. þegar eigendaskipti verða fyrir erfð, að sparisjóðsstjórn sé ekki kunnugt um eigendaskipti fyrr en við tilkynningu samkvæmt reglum þessarar greinar. Ef slíkt kæmi fyrir gæti sparisjóður neytt heimildar til innlausnar, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um það hverjir skuli eiga aðgang að skránni og er aðgangurinn takmarkaður við sparisjóðsaðila í sparisjóði. Þau stjórnvöld, sem sérstaklega er ætlað að hafa umsjón og eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra, hafa að sjálfsögðu aðgang að skránni, sbr. lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.

Um 13. gr.

Rétti sparisjóðs til þess að eiga eigið stofnfé verður að setja þröngar skorður enda geta kaup sparisjóðs á eigin bréfum stórlega rýrt stöðu hans. Hæfilegt þykir að hámark eigin stofnfjáreignar verði 10% af stofnfé.

Vegna ákvæða 10. og 11. gr. um innlausn gæti borið við að hámarksregla 1. mgr. reyndist ófullnægjandi og gæti stundum skapað vandræði sem erfitt væri að greiða úr. Við þessu er reynt að sjá með ákvæðum 2. mgr. sem skyldar sparisjóðsstjórn til að gera sitt

ítrasta til að selja stofnfjárhluti þannig að þetta ástand vari sem skemmstan tíma og meginregla 1. mgr. taki gildi á nýjan leik eins fljótt og auðið er.

IV. KAFLI

Um 14. gr.

Hér eru settar reglur um aukningu stofnfjár. Einungis aðalfundi sparisjóðs er heimilt að taka ákvörðun um aukningu. Þegar ákvörðun er tekin ber aðalfundi jafnframt að setja reglur um áskrift hinna nýju hluta í samræmi við ákvæði samþykkta en samkvæmt d lið 2. mgr. 7. gr. skulu vera ákvæði í samþykktum um aukningu stofnfjár.

Álitamál er hversu ítarlegar reglur eigi að hafa í frumvarpinu um aukningu stofnfjár. Má vera að ástæða sé til að kveða nánar á um þetta en gert er. Hér er þó látið nægja að leggja í vald og ábyrgð aðalfundar að ákveða nánari reglur um áskrift nýrra hluta. Hafa ber í huga að í samþykktum skulu vera ákvæði um aukningu stofnfjár, eins og áður er sagt, og þar sem samþykktir skulu staðfestar af ráðherra, að fenginni umsögn bankaeftirlits og Tryggingarsjóðs sparisjóða, er unnt að tryggja ef ástæða þykir til að fullnægjandi og samræmd ákvæði séu í samþykktum um þetta efni. Yrði væntanlega kveðið á um öll mikilvægustu atriðin varðandi stofnfjáraukningu í samþykktum. Hins vegar myndi aðalfundur væntanlega setja reglur um þau atriði sem tæpast er unnt að ákveða fyrr en aukningin á að fara fram, svo sem reglur um frest til áskriftar og greiðslu hinna nýju hluta.

Þar sem eignarréttur sparisjóðsaðila er mjög takmarkaður, þ. e. bundinn við stofnfjáreign og hlutdeild í séreignarsjóði, verður að hafa sérstakar reglur um ákvörðun útboðsverðs nýrra hluta þar sem þess er gætt að eldri stofnfjáreigendur og hinir nýju sitji við sama borð og tekið sé tillit til hins takmarkaða eignarréttar.

Um 15. gr.

Hér er aðalfundi í sparisjóðum, sem starfa á grundvelli ábyrgða, veitt heimild til þess að ákveða að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé. Mjög aukinn meirihluta sparisjóðsaðila þarf til þess að ákvörðun um þetta efni verði gild. Eðlilegt er að gerðar séu ríkar kröfur að þessu leyti þar sem ákvörðun um breytingu úr ábyrgðarsjóði í stofnfjársjóð eða aukningu stofnfjár felur í sér verulegar kvaðir fyrir ábyrgðarmenn. Er lagt til að miðað verði við þann meiri hluta sem ræður minnst 4/5 hlutum atkvæðamagns á fundi, sem sóttur er af aðilum sem ráða a. m. k. ¾ hlutum af heildaratkvæðamagni, til þess að ákvörðun verði gild. Þeir ábyrgðarmenn sem ekki fást til að leggja fram stofnfé falla úr aðilahópi. Hafi sami aðili lagt fram stofnfé og veitt ábyrgð en fáist ekki til að leggja fram viðbótarstofnfé getur svo farið að stofnfjáraðild hans verði ekki samrýmd lögunum. Er þá gert ráð fyrir að innleysa skuli stofnfjárhlutinn.

V. KAFLI

Um 16. gr.

Í þessari grein er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda, en um tillög í sjóðinn fer eftir ákvæðum í 14. og 42. gr.

Ákvæðin um séreignarsjóð stofnfjáreigenda eru nýmæli. Þau eru tilkomin vegna verðlagsþróunar undanfarin ár. Með þeim er stefnt að því að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari en hún er nú án þess þó að rýra stöðu eigin fjár hjá sjóðnum.

Í þessu sambandi skal bent á að í frumvarpinu felast ýmsar takmarkanir á viðskiptum með stofnfjárhluti og ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu stofnfjár nema í sambandi við slit sparisjóðs, sbr. 64. gr. Líta verður því svo á að stofnfjáreign fylgi fjárbinding til óákveðins tíma. Jafnframt er hér um áhættufé að ræða, sbr. 2. mgr. 1. gr. Eðlilegt er því að þeir, sem lagt hafa fram stofnfé í sparisjóði, njóti góðra ávöxtunarkjara af þessu fé.

Lagt er til að ársvextir af stofnfé megi svara til allt að bestu innlánskjara hjá hlutaðeigandi sparisjóði á hverjum tíma ef rekstrarafkoma leyfir, sbr. 42. gr. Hins vegar þykir ekki rétt að veita heimild til að greiða svo háa ársvexti út til stofnfjáreigenda hverju sinni heldur sé skylt að leggja vexti og/eða verðbætur umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Jafnframt geti aðalfundur ákveðið frekari takmörkun á útborgun ársvaxta. Skal hver stofnfjáreigandi eiga ákveðinn hlut í séreignarsjóði sem sérgreindur skal í bókhaldi sparisjóðs. Í séreignarsjóð skal einnig leggja þær upphæðir sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 14. gr.

Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI

Um 17. gr.

Hér er getið þeirra aðila sem fara með yfirstjórn sparisjóðs. Samkvæmt 1. mgr. er æðsta vald í málefnum sparisjóðs í höndum aðalfunda og aukafunda og eru nánari ákvæði um fundina í 18. og 19. gr. Í gildandi lög vantar skýrar reglur um hlutverk aðal- og aukafunda í stjórnun sparisjóða, um boðun til þeirra, þau málefni sem taka skal til úrlausnar á þeim o. fl. Engin ákvæði eru um það í gildandi lögum hver fari með æðsta vald í málefnum sparisjóðs. Eina ákvæðið um störf aðalfundar í gildandi lögum er í 5. gr. um kosningu stjórnar. Í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 15. febrúar 1942 eru ákvæði um að ársreikning með athugasemdum endurskoðenda skuli leggja fyrir aðalfund sem úrskurðar hann endanlega.

Þrátt fyrir að ákvæði hafi skort hefur æðsta vald í framkvæmd verið í höndum aðalfundar ábyrgðarmanna. Er því hér verið að leggja til að það verði lögfest sem í reynd hefur tíðkast hjá sparisjóðum. Í 1. mgr. er jafnframt vikið að stjórn sparisjóðs milli funda og er kveðið svo á að hún sé í höndum sparisjóðsstjórnar. Nánari reglur um sparisjóðsstjórn eru einkum í 21.—24. gr. og verður vikið að þeim í athugasemdum við þær greinar. Þá er í greininni tekið fram að málefni sparisjóða falli stjórnfarslega undir viðskiptaráðherra.

Í 1. mgr. 41. gr. er gert ráð fyrir að reikningsár sparisjóðs verði ákveðið í samþykktum sbr. athugasemdir við þá grein. Því þykir rétt m. a. með tilliti til b liðar 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins að tímasetning aðalfundar taki mið af reikningsárinu og verði ákveðin í samþykktum og er það lagt til í 2. mgr.

Í 3. mgr. eru settar reglur um hvenær haldnir skuli aukafundir. Aukafund skal halda þegar stjórn sparisjóðs telur þess þörf. Þetta er hin almenna regla en að auki er minni hluta sparisjóðsaðila veitt heimild til þess að krefjast aukafundar. Skal minnihluti þessi fara með minnst ⅓ hluta ábyrgðar- eða stofnfjár. Þessar reglur um aukafundi eru nýmæli.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um boðun til aðal- og aukafunda sparisjóðs. Hér er um nýmæli að ræða. Slík ákvæði eru nú í samþykktum sumra sparisjóða. Rétt þykir að kveðið sé á um lágmarkskröfur í þessu efni í samþykktum.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um gildi atkvæða á fundum í sparisjóðum. Hér er lagt til að í þeim tilvikum þar sem aukins meirihluta er krafist til þess að mál nái fram að ganga skuli hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Aukins meirihluta er t. d. krafist til ákvörðunar um slit sparisjóðs, sbr. 62. gr. frumvarpsins. Almenna reglan er hins vegar að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráði úrslitum máls.

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt sparisjóðsaðila til þess að fá tiltekið mál tekið fyrir á aðal- og aukafundum.

Um 19. gr.

Í þessari grein sem er nýmæli eru talin upp þau málefni sem taka skal ákvörðun um á aðalfundi. Einstakir liðir greinarinnar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sparisjóðsaðilar skuli eiga jafnan hlut nema annað sé ákveðið í samþykktum.

Í gildandi lög vantar ákvæði um atkvæðisrétt í sparisjóðum. Til þess að taka af allan vafa í þeim efnum er hér lagt til að settar verði reglur um atkvæðisrétt sparisjóðsaðila á aðal- og aukafundum. Er í 2. mgr. lagt til, að sparisjóðsaðilar hafi allir jafnan atkvæðisrétt nema samþykktir sparisjóðs kveði á um aðra tilhögun. Jafnframt er atkvæðisréttur takmarkaður með þeim hætti að enginn sparisjóðsaðili getur farið með meira en ⅕ hluta heildaratkvæðamagns í sparisjóði sbr. þó 70. gr.

Í 3. mgr.er lagt til að óheimilt sé að fara með atkvæðisrétt samkvæmt stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir óeðlilega mikið vald stjórnar.

Um 21. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal stjórn sparisjóðs skipuð þremur mönnum hið fæsta. Ekki eru reistar skorður við því hversu margir stjórnarmenn mega vera. Í reynd hafa stjórnir sparisjóðanna verið skipaðir þremur til fimm mönnum. Hér er lagt til að stjórnarmenn verði annaðhvort þrír eða fimm. Ráðast myndi af ákvæðum samþykkta hvor talan yrði valin. Bæjarstjórnir og sýslunefndir á starfssvæði sparisjóðs tilnefna alltaf einn til tvo stjórnarmenn eftir því hve fjölskipuð stjórnin er enda þótt hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélög séu ekki sparisjóðsaðilar. Þykir þátttaka þessara aðila í stjórn sparisjóða almennt hafa gefist vel. Hins vegar þykir ekki rétt að þeir, sem eiga sæti í sparisjóðsstjórn á vegum bæjarstjórna eða sýslunefnda, hafi atkvæðisrétt á aðal- og aukafundum sparisjóðs, sbr. 5. mgr.

Heimilt er en ekki skylt að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, í stjórn sparisjóðs.

Ákvæði 2.—4. mgr. eru nýmæli. Þau eru sett til að leysa vandamál sem upp kunna að koma varðandi kjör stjórna þegar sparisjóðir sameinast bæði þegar um er að ræða sparisjóði innan sama sveitarfélags og ekki síður þegar sparisjóðir, sem starfað hafa í fleiru en einu sveitarfélagi, sameinast. Í þessum tilvikum er gert ráð fyrir að samþykktir geti kveðið á um að kjörið skuli sérstakt fulltrúaráð með þeim hætti sem nánar er skýrt í greininni. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að í samþykktir megi setja ákvæði um staðbundnar stjórnir á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs fyrir sameiningu. Eðli máls samkvæmt heyra hinar staðbundnu stjórnir annaðhvort undir stjórn hins nýja sameinaða sparisjóðs eða stjórn þess sparisjóðs sem aðrir sparisjóðir runnu saman við.

Ákvæði 6. mgr. um kjörtímabil stjórnarmanna eru að efni til hliðstæð ákvæðum gildandi laga.

Um 22. gr.

Hér er fjallað um helstu verkefni sparisjóðsstjórnar og lýsir ákvæði þetta almennt því hlutverki sem stjórnum sparisjóðanna er ætlað samkvæmt frumvarpinu. Víða í frumvarpinu er að finna ákvæði er kveða nánar á um það hvað felist í umsjón og eftirliti sparisjóðsstjórnar. Um hið fyrrnefnda má t. d. nefna 2. gr. og 23. — 24. gr. Varðandi síðarnefnda atriðið má t. d. nefna 27., 28. og 61. gr.

Í 2. — 4. mgr. er fjallað um fundi sparisjóðsstjórna, boðun þeirra, afgreiðslu mála, seturétt o. fl.

Um 23. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um ritun firma sparisjóðs og hér er lagt til að settar verði reglur um þetta efni. Segir í greininni að sparisjóðsstjórn ákveði hverjum sé heimilt að rita firma sparisjóðs. Í öryggisskyni er hins vegar sú almenna takmörkun sett að tveir starfsmenn þurfi að fara með ritunarréttinn í sameiningu svo skuldbindandi sé fyrir sparisjóð. Jafnframt er sparisjóðsstjórn heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti, t. d. að réttur tiltekinna starfsmanna í þessu efni nái einungis til ákveðinna tegunda skuldbindinga.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá reglum þessarar greinar. Eru hér m. a. höfð í huga þau tilvik þegar afgreiðslur fara fram á vélrænan hátt, svo og að í mörgum sparisjóðum eru aðeins 1—3 starfsmenn. Áður en undanþága er veitt er hlutverk bankaeftirlitsins að ganga úr skugga um að sem mests öryggis sé gætt við þessar afgreiðslur.

Um 24. gr.

Gildandi lög um sparisjóði hafa ýmis ákvæði að geyma um það hver séu þau mál sem sparisjóðsstjórn taki ákvörðun um. Mörg þessara ákvæða taka mið af eldri þjóðfélagsháttum s. s. því að stjórn gegndi oft hlutverki sparisjóðsstjóra við gildistöku núgildandi laga. Í reynd hafa hlutverk stjórnar sparisjóðs hin síðari ár verið mjög mismunandi hjá sparisjóðum og gjarnan mótast af staðháttum og venjum er myndast hafa á einstökum stöðum. Við gerð þessa frumvarps hefur verið talið nauðsynlegt að bæta hér úr og afmarka skýrar verksvið sparisjóðsstjórna með hliðsjón af nútíma stjórnunarháttum. Eins og bent er á í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins er víða í frumvarpinu að finna ákvæði er kveða á um verkefni sparisjóðsstjórna. Í þessari grein eru flest mikilvægustu verkefnin talin upp.

Í 1. mgr. eru taldir upp 5 málaflokkar sem sparisjóðsstjórn skal ávallt taka ákvörðun um. Núgildandi lög um sparisjóði nefna þessa málaflokka ekki á nafn en hins vegar er tekið á sumum þeirra með ýmsum hætti í reglugerð og samþykktum sparisjóða. Á það skal bent að sparisjóðsstjórn er ekki í sjálfsvald sett hvernig hún hagar ákvörðunum innan þessara málaflokka heldur takmarkast það af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Má varðandi a- og b-lið vísa til 33. gr. og 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins. Að því er varðar c-lið skal tekið fram að breytingar eru ráðgerðar á lögum um Seðlabanka Íslands, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt 1. mgr. skuli leita tillagna sparisjóðsstjóra.

Í 3. mgr. eru tvö mikilsverð nýmæli. Annars vegar er lagt til að sparisjóðsstjórn móti almenna stefnu hvers sparisjóðs í vaxtamálum. Er hér við það miðað að breytingar verði gerðar á Seðlabankalögum er geri sparisjóðum skylt að ákveða sjálfir þá vexti sem þeir vilja bjóða sparifjáreigendum og taka af lántakendum. Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er ekki ætlunin að sparisjóðsstjórn ákveði vexti af einstökum tegundum inn- og útlána. Það verður í höndum sparisjóðsstjóra samkvæmt frumvarpinu. Sparisjóðsstjórn ákveður einungis meginstefnuna. Er þetta í samræmi við þá verkaskiptingu milli sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra sem frumvarpið gerir í megindráttum ráð fyrir. Hitt atriðið er máli skiptir í þessari málsgrein er sú heimild sem sparisjóðsstjórn er fengin til að setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðarveitingar sparisjóðs og töku trygginga fyrir þeim. Áður en slíkri heimild er beitt skal umsagnar sparisjóðsstjóra leitað. Heimildina verður einnig að skoða með hliðsjón af 27. gr. frumvarpsins þar sem segir að sparisjóðsstjóri taki ákvörðun um einstakar lánveitingar.

Í reglum um lánveitingar sparisjóða mætti m. a. kveða á um skyldu sparisjóðsstjóra til að tilkynna sparisjóðsstjórn fyrirfram um sérstaklega stórar lánveitingar til einstakra viðskiptaaðila, tilkynningaskyldu sparisjóðsstjóra varðandi þær tryggingar sem teknar væru

vegna slíkra lánveitinga, bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé sparisjóðs o. s. frv. Þá skal einnig minnt á skyldu sparisjóðsstjóra skv. 2. mgr. 27. gr. til að gera stjórninni grein fyrir helstu lánveitingum sem afgreiddar hafa verið milli stjórnarfunda.

Um 25. gr.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að um svipað leyti og það verður að lögum muni sparisjóðir ákveða sjálfir vexti sína. Með þessum hætti er reynt að stuðla að sem minnstum vaxtamun milli inn- og útlána hjá sparisjóðum og þar með að sem hagkvæmustum rekstri þeirra. Samráð sparisjóða og viðskiptabanka við vaxtaákvarðanir eða við ákvarðanir á þjónustugjöldum kemur í veg fyrir að þessu markmiði verði náð. Þess vegna er lagt til í 1. mgr. að samráð við viðskiptabanka í þessu efni verði bannað. Eftirlit með að ákvæði greinarinnar verði fylgt er í höndum bankaeftirlitsins.

Á hinn bóginn er heimilað samráð milli sparisjóða um ákvörðun vaxta og þjónustugjalda. Óraunhæft þykir að meina slíkt samráð. Ástæður þess eru margvíslegar og m. a. að sparisjóður er að jafnaði staðbundin stofnun og því ekki í samkeppni við aðra sparisjóði. Ákvörðun vaxta í oft flóknu vaxtakerfi krefst mats á vaxtamun heildareigna og skulda viðkomandi stofnana og ávöxtun þeirra miðað við þóknanir og þjónustugjöld og eru þetta verkefni sem hagdeildir innlánsstofnana fást almennt við að undirbúa fyrir stjórnendur þeirra. Vegna smæðar einstakra sparisjóða er óeðlilegt að kröfur séu gerðar um slíka undirbúningsvinnu í einstökum sparisjóðum. Þá leiðir hin nána samvinna sparisjóðanna innan Sambands íslenskra sparisjóða, væntanlegrar Lánastofnunar sparisjóðanna og sameiginlegs Tryggingarsjóðs, sem eins og fram kemur í frumvarpi þessu gerir ráð fyrir að ábyrgð á skuldbindingum eins sparisjóðs sé tryggð með heildareignum tryggingarsjóðs sem allir sparisjóðir greiði tillög til, erfitt fyrir um að slíkt samráð fari ekki fram. Því er í greininni lagt til að Samband íslenskra sparisjóða og/eða Lánastofnun sparisjóða verði heimilað að leggja leiðbeinandi tillögur fyrir sparisjóðina komi fram óskir um það frá einstökum sparisjóðum.

Um 26. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um sparisjóðsstjóra. Reglur hefur því tilfinnanlega skort um hlutverk sparisjóðsstjóra, skyldur hans, starfsskiptingu sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og annað er varðar framkvæmdastjórn sparisjóðs.

Í 1. mgr. segir að sparisjóðsstjóri fari með framkvæmdastjórn sparisjóðs og er í greininni kveðið á um skyldu sparisjóðsstjórnar til að ráða sparisjóðsstjóra. Heimilt er að þeir séu fleiri en einn eins og nú tíðkast hjá sumum stærri sparisjóðanna. Þá er sparisjóðsstjórn og heimilt að ráða aðstoðarsparisjóðsstjóra og útibússtjóra reki sparisjóður útibú. Með vísan til þess að aðstoðarsparisjóðsstjóri og útibússtjóri, hver á sínum stað, eru almennt staðgenglar sparisjóðsstjóra er rökrétt að sparisjóðsstjórn ráði þessa starfsmenn. Á hinn bóginn er nauðsynlegt vegna hins nána samstarfs sem þessir menn þurfa að eiga við sparisjóðsstjóra að sparisjóðsstjóri eigi tillögurétt um það hverjir séu ráðnir í þessar stöður.

Í 2. mgr. er ákvæði um að sparisjóðsstjóra skuli sett erindisbréf og það gildi tiltekinn tíma enda heppilegast að það sé endurskoðað með hæfilegu millibili.

Um 27. gr.

Hér er nokkuð nánar kveðið á um það við hvað er átt með orðinu framkvæmdastjórn. Í 26. gr. hefur komið fram hvaða starfsmenn sparisjóðs séu ráðnir af sparisjóðsstjórn en enn fremur skal bent á 45. gr. þar sem segir að starfræki sparisjóður endurskoðunardeild skuli forstöðumaður hennar ráðinn af sparisjóðsstjórn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sparisjóðsstjóri staðfesti útlánaákvarðanir sínar með áritun á lánsskjöl eða annan sannanlegan hátt. Ákvæði þessu er ekki ætlað að koma í veg fyrir að

sparisjóðsstjóri geti falið tilteknum starfsmönnum afgreiðslur ákveðinna mála en leggur þá á herðar honum ríkari eftirlitsskyldu með þeim. Í lok greinarinnar er tekið fram að sparisjóðsstjóri geri stjórn grein fyrir lánveitingum sínum þannig að stjórninni sé gert auðveldara að sinna eftirlitsskyldu sinni og gera sér grein fyrir stöðu sjóðsins og helstu áhættuþáttum.

Um 28. gr.

Hér er í 1. mgr. gert ráð fyrir að sparisjóðsstjórar, aðstoðarsparisjóðsstjórar og útibússtjórar í fullu starfi þurfi leyfi sparisjóðsstjórnar æski þeir að gegna störfum utan sparisjóðsins. Miðað er við að gegnt sé fullu starfi og er þannig ekki lagt bann við því að þeir sem gegna þessum störfum að hluta stundi að auki sjálfstæðan atvinnurekstur. Þetta bann miðar að því að tryggja að stjórnendur sparisjóða og útibúa þeirra gegni ekki störfum utan sparisjóðsins er ekki samrýmist hagsmunum hans. Í þeim tilvikum þar sem sparisjóðsstjóri eða útibússtjóri, sem ekki eru í fullu starfi, stunda sjálfstæðan atvinnurekstur verður eftirlitsskylda sparisjóðsstjórnarinnar með störfum þeirra þeim mun ríkari.

Í 2. mgr. er tekið fram að sparisjóðsstjórnin geti haft með höndum dagleg störf í forföllum sparisjóðsstjóra. Á þetta reynir oft í minni sparisjóðum þar sem aðeins er einn starfsmaður.

Um 29. gr.

Sérstök ákvæði um þagnarskyldu eru ekki í gildandi lögum. Lagt er til hér að úr þessu verði bætt og settar reglur um þagnarskyldu.

VII. KAFLI

Um 30. gr.

Í núgildandi löggjöf um sparisjóði er tekið fram að sparisjóðir hafi það hlutverk að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggilegastan hátt. Að öðru leyti eru lögin fáorð um hlutverk þeirra og einstök verkefni.

Hér er lagt til að hugtakið sparisjóðsstarfsemi verði skilgreint með öðrum hætti en áður hefur verið gert og að framan er lýst. Sú skilgreining, sem lagt er til að fylgt verði í 1. mgr. þessarar greinar, gerir sparisjóðum betur kleyft að laga starfsemi sína að breyttum kröfum og aðstæðum á hverjum tíma. Eftir sem áður verður þó starfsemin að vera fólgin í geymslu og ávöxtun fjár og miðlun á peningum, sbr. orðalag málsgreinarinnar. Einnig verður önnur þjónustustarfsemi sparisjóða að standa í tengslum við viðskipti sem tengjast slíkri starfsemi.

Skilgreining frumvarpsins á sparisjóðsstarfsemi felur í sér alla þá þætti sem falla nú almennt undir hugtakið. Þetta er sams konar skilgreining og er á hugtakinu viðskiptabankastarfsemi í frumvarpi til laga um viðskiptabanka enda er það eitt af markmiðum frumvarps þessa að jafna samkeppnisstöðu banka og sparisjóða og þá um leið aðstöðu viðskiptamanna þessara stofnana til aðgangs að margvíslegri þjónustu sem bankar og sparisjóðir veita allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Ákvæðinu er því ætlað að færa skilgreiningu hugtaksins í nútímalegra horf.

Ákvæði 2. mgr. veitir sparisjóðum og öðrum aðilum er til þess hafa lagaheimild einkarétt á að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Lagaheimildir af þessu tagi eru þegar fyrir hendi í gildandi lögum um innlánsstofnanir, sbr. lög um einstaka banka, lög nr. 46/1937, sem m. a. fjalla um innlánsdeildir samvinnufélaga, lög nr. 2/1888, um Söfnunarsjóð Íslands, og póstlög, nr. 31 1940, að því er varðar póstgíróstofuna. Samkvæmt 10. gr. laga um Seðlabankann eru þessar stofnanir háðar eftirliti bankaeftirlitsins. Tilgangur þessa eftirlits er fyrst og fremst að gæta hagsmuna þeirra sem eiga innlánsfé í þessum stofnunum eða aðrar kröfur á hendur þeim. Þykir því rétt að kveða skýrt á um einkarétt stofnananna í þessu efni.

Um 31. gr.

Í þessari grein er staðfest sú meginskipan sem nú gildir um verslun sparisjóðanna með erlendan gjaldeyri. Með lögum nr. 73/1983 um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála var Seðlabanka Íslands heimilað að fengnu samþykki ráðherra að veita sparisjóði leyfi til að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka sem bankastjórn Seðlabankans ákvæði. Nú hafa 12 stærstu sparisjóðirnir fengið slíkar heimildir og er þegar komin marktæk reynsla af þessum viðskiptum.

Lög um Seðlabanka og lög nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála hafa að geyma frekari ákvæði um hvernig háttað skuli verslun með erlendan gjaldeyri hér á landi s. s. reglur um varðveislu þess erlenda gjaldeyris sem viðskiptabanka eða sparisjóði er seldur, um gjaldeyriseftirlit Seðlabankans o. fl.

Ljóst er að verslun með erlendan gjaldeyri krefst sérþekkingar og fjármagns. Til þess að auka hagkvæmni í þessum þætti í rekstri sparisjóðanna og halda kostnaði í lágmarki hefur verið gert ráð fyrir samvinnu sparisjóðanna í þessum efnum og hin sameiginlega þjónustustofnun þeirra, Lánastofnun sparisjóðanna, getur verið vettvangur slíkrar samvinnu. Nauðsynlegt er því að hún geti komið fram fyrir þeirra hönd út á við samkvæmt samkomulagi þar um, jafnframt því að vera greiðslumiðlunarstöð, sem geri sparisjóðunum kleift, hverjum og einum, að hafa lágmarkssjóð í erlendum gjaldeyri. Því er nauðsynlegt að Lánastofnunin hafi sambærilegar heimildir og sparisjóðirnir sjálfir til verslunar með erlendan gjaldeyri. Er hliðstæð skipan mála algeng hjá sparisjóðum í nágrannalöndum okkar.

Um 32. gr.

Í gildandi lögum um sparisjóði er ákvæði er lýtur að heimild sparisjóða til að eiga eignarhlut í öðrum félögum eða stofnunum. Í 20. gr. gildandi laga er tekið fram að sparisjóðir megi ekki eiga hlutabréf.

Um aðild sparisjóðs að sameignarfélögum er hins vegar ekkert sagt. Mismunandi ákvæði eru um þetta efni í lögum bankanna. Með þessu ákvæði er reynt að eyða því ósamræmi og óvissu sem nú ríkir á þessu sviði bankamála.

Í 1. mgr. er fjallað um félög (stofnanir) sem reka sparisjóðsstarfsemi, aðra skylda starfsemi eða starfsemi sem er í eðlilegum tengslum við sparisjóðsstarfsemi. Þátttaka sparisjóða í þessum félögum er bundin því skilyrði að hér sé eingöngu um að ræða félög sem sparisjóðir beri takmarkaða ábyrgð á, þ. e. a. s. einungis með framlagi sínu til félaganna. Óeðlilegt þykir að sparisjóðir eigi aðild að félögum með ótakmarkaðri ábyrgð þar sem allar eignir sparisjóðsins standa til tryggingar skuldbindingum félaganna. Þá þykir rétt að framlag sparisjóðs til félags samkvæmt þessari málsgrein geti einungis numið hluta af eigin fé sparisjóðsins. Er þetta gert til að tryggja áhættudreifingu hjá sparisjóðunum. Að sama marki miðar niðurlag þessarar málsgreinar þar sem mælt er fyrir um að bókfært heildarvirði á hlutum sparisjóðs í þessum félögum og lánum, sem hann hefur veitt þeim, megi ekki vera meira en sem nemur 60% af eigin fé sparisjóðsins. Málsgrein þessi tekur ekki til samruna sparisjóða enda er samruni háður leyfi ráðherra samkvæmt 65. gr.

Eins og málum háttar nú eiga sparisjóðir aðild að félögum og stofnunum sem reka skylda starfsemi. Má hér geta aðildar sparisjóðanna að Reiknistofu bankanna, sem rekin er sem sameignarfélag, og samstarf sparisjóða á sviði greiðslukortastarfsemi í gegnum fyrirtækin VISA ÍSLAND og KREDITKORT S/F sem bæði eru sameignarfélög. Verði þessi málsgrein samþykkt óbreytt er ljóst að breyta þarf um félagsform fyrirtækja þessara.

Í 2. mgr. er að finna það nýmæli að sparisjóðum verður heimilt innan mjög þröngra marka að leggja fyrirtækjum lið við öflun áhættufjár með kaupum á hlutafé. Þau fyrirtæki sem hér koma til greina eru einungis hlutafélög sem óheimilt er samkvæmt 3. ml. 18. gr. hlutafélagalaga að leggja hömlur á viðskipti með hluti.

Að öðru leyti en að framan greinir er þátttaka eða eignaraðild sparisjóða að félögum eða stofnunum bönnuð.

Um 33. gr.

Með 1. mgr. er ætlunin að sparisjóður eigi einungis fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar. Ekki er talið æskilegt að sparisjóður festi laust fé sitt að öðru leyti í fasteignum enda getur féð að meginhluta verið fengið með innlánum til skamms tíma. Á hinn bóginn má ekki skýra orðalag greinarinnar „sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sparisjóðs“ svo þröngt að það taki einungis til þeirra fasteigna sem sparisjóður notar á hverjum tíma. Sparisjóði er samkvæmt greininni heimilt að festa kaup á fasteignum sem hann hyggst nota í næstu framtíð þótt hann leigi þær út til annarra aðila um skamma hríð.

2. mgr. svarar efnislega til 2. málsl. 20. gr. gildandi laga. Hér er yfirtaka eigna leyfð án takmarkana til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það telst hagkvæmt að mati sparisjóðsstjórnar og er það hliðstætt reglum gildandi laga. Óraunhæft þykir að setja sparisjóðnum ákveðinn frest til að selja eignir sem yfirteknar eru á þennan hátt.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli sem ber að skoða í tengslum við 1. mgr. 40. gr. Samkvæmt þeirri málsgrein njóta skuldabréf sem sparisjóður gefur út á grundvelli þessarar greinar nokkurrar sérstöðu þar sem andvirði þeirra telst að ¾ hlutum til eigin fjár sjóðsins. Þetta fyrirkomulag þekkist erlendis s. s. í Bretlandi. Með því er sparisjóðum gefinn kostur á að bæta fjárhagsstöðu sína og ætti heimild í þessa átt að vera sparisjóðunum til hagsbóta.

Samkvæmt 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sparisjóðsstjórn taki ákvörðun um útgáfu skuldabréfa af því tagi sem hér um ræðir. Útgáfa bréfanna myndi að sjálfsögðu lúta ákvæðum annarra laga um skuldabréf, s. s. ákvæðum okurlaga og laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þá er gert ráð fyrir að í reglum, sem ráðherra setur um ársreikninga sparisjóða, verði ákvæði um færslu á andvirði þessara skuldabréfa í ársreikningi.

Í ljósi þess að heimilt er að telja andvirði þessara skuldabréfa að ákveðnu marki með eigin fé er nauðsynlegt að sú krafa, sem eigandi slíks bréfs eignast á hendur sparisjóði, skuli við slit eða gjaldþrotaskipti á búi sjóðsins víkja í skuldaröð fyrir kröfum annarra lánardrottna. Er þetta tekið fram í greininni og vísað til reglna skiptalaga um skuldaröð.

Um 35. gr.

Samkvæmt lögum nr. 9/1978 um geymslufé er einungis ríkisviðskiptabönkum heimilt að taka við geymslufé (depositum). Í frumvarpi til laga um viðskiptabanka er að finna hliðstæða heimild fyrir hlutafélagsbankana. Ekki þykir ástæða til annars en að veita öllum sparisjóðum og bönkum sama rétt í þessu efni.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum gildandi laga um sparisjóði.

Um 36. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við gildandi ákvæði að öðru leyti en því að stefnufrestur vegna glataðra innláns- og viðtökuskírteina er styttur úr sex mánuðum í þrjá mánuði.

Um 37. gr.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ófullkomin ákvæði um tryggingar fyrir útlánum. Eðlilegt er að setja reglur um atriði sem er jafn mikilvægt fyrir rekstraröryggi sparisjóða. Í 24. gr. er sparisjóðsstjórn falið að móta almennar reglur um tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða sem sparisjóðurinn veitir. Í því efni ber stjórninni að gæta ákvæða þessarar greinar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til við sparisjóð, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati sparisjóðsins. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veð eða ábyrgð.

Á síðari árum hefur það færst í vöxt að innlánsstofnanir afli reglulegra upplýsinga frá viðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag. Má búast við að slíkum vinnubrögðum verði beitt í vaxandi mæli í framtíðinni. Með hliðsjón af þessari þróun er hér lagt til að sparisjóður geti lánað út fé án veðs eða ábyrgðar annarra ef lánveitingin er byggð á mati sparisjóðs á viðskiptaaðila sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Í slíkum tilvikum skal sparisjóður fylgjast reglulega með fjárhag lántaka þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni sjóðsins ef þörf krefur. Rétt er að leggja áherslu á að í 1. mgr. eru hvorki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem sparisjóður aflar um afkomu og efnahag lántaka, né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati sparisjóðs og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðs enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati sjóðsins um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

38. gr.

Í 6. gr. gildandi laga eru reglur um bann við lántöku stjórnarmanna og starfsmanna sparisjóðs úr sjóðnum.

Nauðsynlegt þykir að í lögum sé skýrt kveðið á um það efni sem þessi grein fjallar um og á sama hátt hjá öllum innlánsstofnunum. Sá tilgangur er með ákvæðum greinarinnar að koma í veg fyrir að aðilar nátengdir sparisjóði geti notað aðstöðu sína innan viðkomandi sparisjóðs til að afla sér óeðlilegra hlunninda.

Í ljósi þessa er lagt til að helstu yfirmenn sparisjóðs, skoðunarmenn og makar þeirra er gegna þessum stöðum megi ekki vera skuldugir hlutaðeigandi sparisjóði hvorki sem aðalskuldar né ábyrgðarmenn annarra, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II. Um viðskipti annarra starfsmanna við þann sparisjóð, sem þeir starfa við, setur sparisjóðsstjórn reglur.

VIII. KAFLI

Um 39. gr.

Hér er fjallað um laust fé sparisjóða. Um það efni eru reglur í 16. gr. gildandi laga og er þar m. a. mælt fyrir um að sparisjóðir skuli eiga í sjóði, innstæðu í ríkisviðskiptabanka og í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Þó megi sjóður og bankainnstæða aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaði geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma, og þykir því óraunhæft að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lágmark á lausu fé sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Í þessari grein hefur því verið valin sú leið að skilgreina laust fé sparisjóða sem peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, sparisjóðum og Lánastofnun sparisjóðanna, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir. Samhliða því að laust fé er afmarkað á þennan hátt er kveðið á um að sparisjóðir kappkosti að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar nauðsynlegar greiðslur.

Um 40. gr.

Einn af mikilvægari þáttum í löggjöf um innlánsstofnanir eru lágmarkskröfur um eigið fé þeirra sem miða að því að vernda hagsmuni eigenda innlánsfjár þótt innlánsstofnun verði fyrir óvæntum áföllum. Slíkar kröfur eru yfirleitt settar fram á þann veg að eigið fé skuli

a. m. k. jafngilda ákveðnu hlutfalli af vissum efnahagsliðum á hverjum tíma. Innan þessa ramma getur framsetning ákvæða um eigið fé verið með margvíslegum hætti.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ákvæði um eigið fé í 1. mgr. 13. gr. Þessi ákvæði eru þannig orðuð að margir munu eiga erfitt með að átta sig á þeim við fyrstu sýn. Í þeim felst að eigið fé sparisjóðs má ekki vera minna en 4% af innlánsfé að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í innlendum bönkum, „tryggum verðbréfum“ í eigu sparisjóðsins og útlánum gegn veði í fasteign þar sem lánið ásamt því sem áður kann að hvíla á eigninni nemur ekki meiru en 3/5 fasteignamatsverðs hennar.

Ákvæði um eigið fé, sem sett eru fram á þennan veg, hafa þann stóra kost að innlánsstofnun í örum vexti getur haldið hlutfalli eigin fjár innan tilskildra marka með því að gæta ákveðinna greiðslutrygginga í sambandi við útlánastarfsemi sína. Hins vegar hafa slík ákvæði þann ókost að það krefst viðamikillar athugunar á útlánsskjölum ef ganga á úr skugga um hvort innlánsstofnun fullnægir kröfum laganna um eigið fé.

Stofnun nýs Tryggingarsjóðs sparisjóða með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mun auka mjög fjárhagslegt öryggi sparisjóðsstarfseminnar. Með hliðsjón af því má hugleiða hvort ekki væri fremur ástæða til að lækka lágmarkshlutfall eigin fjár en hækka það. Í þessu sambandi verður hins vegar að benda á að þrátt fyrir tilkomu Tryggingarsjóðs sparisjóða hljóta ákvæði sparisjóðalaganna um eigið fé að miðast við það að hver og einn sparisjóður hafi yfir fullnægjandi eigin fé að ráða og sé fjárhagslega traustur.

Sá frumstofn, sem eigið fé skal miðast við samkvæmt frumvarpinu er niðurstöðutala efnahagsreiknings að viðbættri samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða en að frádregnum eignum sem telja má litla hættu á að sparisjóðurinn tapi. Niðurstöðutala efnahagsreiknings sýnir bókfært verð allra eignaliða og þykir sú viðmiðun rökréttari en að miða við fjárhæð innlána sem eru liðir á skuldahlið efnahagsreiknings. Samkvæmt þessari grein skal eigið fé eigi vera lægra en 5% af þeim stofni sem hér hefur verið lýst. Skal þá telja með eigin fé 3/4 hluta af andvirði útgefinna skuldabréfa samkvæmt 34. gr., sbr. athugasemdir við þá grein.

Samkvæmt 41. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um gerð ársreiknings. Setning slíkra reglna getur haft mikið gildi þegar meta skal eigið fé sparisjóðs. Er þannig unnt að tryggja að við gerð ársreiknings sé gengið út frá sömu forsendum, s.s. við uppgjör einstakra efnahagsliða og mat á eignum og skuldbindingum.

Fari eigið fé undir það lágmark sem áskilið er í þessari grein kemur til kasta ákvæða 61. gr. og má um frekari skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Í 2. mgr. er lagt til að bókfært virði fasteigna og búnaðar sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar megi ekki nema hærri fjárhæð en svarar 65% af eigin fé sparisjóðsins.

Þær takmarkanir sem þetta ákvæði gerir ráð fyrir að settar verði um meðferð sparisjóðanna á eigin fé byggja á því að óeðlilegt sé að sparisjóðir festi allt eigið fé í fasteignum og jafnvel meira fé til. Ákvæðið tekur bæði til fasteigna og búnaðar sem eru í eigu sparisjóðs og hann hefur á leigu. Samkvæmt 33. gr. frumvarpsins er sparisjóði ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sparisjóðsins, sbr. athugasemdir við þá grein.

IX. KAFLI

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að reikningsár sparisjóðs skuli ákveðið í samþykktum og að fyrir hvert reikningsár skuli gerður ársreikningur. Í gildandi lögum er ákvæði þess efnis að reikningsár skuli vera almanaksárið.

Þar sem staða sparisjóðs um áramót getur verið mjög frábrugðin stöðu hans á flestum öðrum tímum árs getur verið gild ástæða til að hafa reikningsár hans annað en almanaksárið. Þykja því ekki vera rök til þess að lögbinda almanaksárið sem reikningsár.

Í 2. mgr. er sett fram sú meginstefna að ársreikningurinn skuli gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju. Með því er einkum átt við að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við þau sjónarmið sem almennt eru ráðandi hjá sérhæfðu fólki sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma. Á síðustu árum hafa myndast ákveðnar reikningsskilavenjur hjá sparisjóðum og bönkum sem í megindráttum fylgja þeim reikningsskilaaðferðum sem almennt eru notaðar í viðskiptalífinu. Þar sem sparisjóðir hafa með höndum sérhæfða starfsemi þykir nauðsynlegt að ráðherra setji nánari reglur um gerð ársreiknings til þess m. a. að sem mestu samræmi verði náð.

Um 42. gr.

Hér er fjallað um ráðstöfun tekjuafgangs. Í greininni felast mikilvæg nýmæli og önnur atriði eru nútímalegri og skýrari en í gildandi lögum.

Hafi tap orðið á rekstri sparisjóðs skal tekjuafgangur síðari ára ganga til að jafna tapið að fullu áður en önnur ráðstöfun tekjuafgangs getur átt sér stað. Bent skal á að þetta ákvæði gildir hvort sem rekstrartapið var fært á sérstakan bókhaldsreikning eða fært til lækkunar á varasjóði.

Eftir að hugsanleg töp fyrri ára hafa verið jöfnuð er skylt að leggja helming tekjuafgangs, sem þá er eftir, í varasjóð.

Að öðru leyti en hér hefur verið talið tekur aðalfundur ákvörðun um hvernig ráðstöfun tekjuafgangs skuli skiptast milli greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda annars vegar og varasjóðs hins vegar. Ársvextir, sem stofnfjáreigendum reiknast, mega þó ekki vera hærri en bestu innlánskjör í hlutaðeigandi sparisjóði á hverjum tíma. Vextir, sem aðalfundur kann að ákveða umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum, geta ekki komið til útborgunar heldur leggjast í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Að öðru leyti ákveður aðalfundur hvort vextir greiðast út eða leggjast í séreignarsjóðinn.

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda og er gerð nánari grein fyrir honum í athugasemdum við þá grein.

Vakin skal athygli á því að samkvæmt gildandi lögum er heimilt að verja nokkru af tekjuafgangi sparisjóðs til endurgreiðslu á stofnfé ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðum. Þessa heimild er ekki að finna í frumvarpinu enda er nú gert ráð fyrir því að stofnfé verði fastur eiginfjárgrundvöllur sparisjóðs sem endurgreiðist einungis við slit sjóðsins.

Um 43. gr.

Ákvæði greinar þessarar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 44. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

X. KAFLI

Um 45. gr.

Samkvæmt gildandi lögum kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd tvo endurskoðunarmenn fyrir hvern sparisjóð til eins árs í senn með hlutfallskosningum. Enginn skilyrði eru um menntun þessara manna á sviði endurskoðunar eða um reynslu þeirra í endurskoðunarstörfum. Það gildir jafnt um sparisjóði og aðrar innlánsstofnanir að mikillar nákvæmni og aðhalds er þörf í daglegum rekstri til að koma í veg fyrir mistök eða önnur áföll, sem veikt geta fjárhagslegan styrk þeirra, og rýrt það viðskiptatraust sem er forsenda fyrir starfseminni. Fullyrða má að erfitt er að benda á starfsemi þar sem vel unnin endurskoðun hefur

mikilvægara hlutverki að gegna en hjá innlánsstofnunum. Því eru kröfur um faglega kunnáttu þeirra sem þessi störf vinna mikilvægar.

Í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir því að skoðunarmenn sparisjóðs verði áfram a. m. k. tveir. Hins vegar er hér að finna tvö mikilsverð nýmæli. Annars vegar að annar skoðunarmanna skuli vera löggiltur endurskoðandi og hins vegar að kosning skoðunarmanna fari fram á aðalfundi. Í stað persónulegrar tilnefningar löggilts endurskoðanda er heimilt að tilnefna endurskoðunarstofu sem er þá fyrirtæki löggiltra endurskoðenda. Lagt er til að orðið skoðunarmaður verði notað í stað orðsins endurskoðandi. Er það gert með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur þar sem m. a. er kveðið svo á að þeir einir megi nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu sem hlotið hafi til þess löggildingu.

Við núverandi aðstæður getur reynst erfitt og of kostnaðarsamt fyrir suma minni sparisjóðina að fá löggiltan endurskoðanda til starfa. Hér gæti orðið um verulegt vandamál að ræða sem nauðsynlegt er að taka tillit til. Þess vegna er stjórn Tryggingarsjóðs heimilað að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um kosningu löggilts endurskoðanda. Skal stjórn Tryggingarsjóðs þá tilnefna einn skoðunarmann en hinn skoðunarmaðurinn skal kosinn af aðalfundi. Ganga verður út frá því að stjórn Tryggingarsjóðs beiti áhrifum sínum í þá átt að tryggja að raunhæf og fagleg endurskoðun sé framkvæmd hjá öllum sparisjóðum landsins. Mjög kemur því til álita að Tryggingasjóður taki þátt í kostnaði við endurskoðun hjá minnstu sparisjóðum, sbr. ákvæði 50. gr. Í lokamálslið 1. mgr. er tekið fram að í samþykktum sparisjóðs megi ákveða að hinn löggilti endurskoðandi sé tilnefndur á annan hátt en með kosningu á aðalfundi.

Ákvæði 3.—5. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 6. mgr. er kveðið á um það að starfræki sparisjóður endurskoðunardeild, sem annist innri endurskoðun, þá skuli forstöðumaður hennar ráðinn af sparisjóðsstjórn. Ekki er talið gerlegt að skylda sparisjóði til að starfrækja slíka deild vegna smæðar flestra sparisjóða. Í þessum kafla frumvarpsins eru hins vegar ströng ákvæði um endurskoðun og því til viðbótar má benda á að Tryggingasjóði sparisjóða eru veittar all víðtækar heimildir til eftirlits með sparisjóðum.

Um 46. gr.

Í þessari grein eru sett fram almenn fyrirmæli um inntak endurskoðunarinnar, þ. á m. um að endurskoðun skuli framkvæma í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur. Hugtakið góð endurskoðunarvenja hefur áður verið lögbundið, þ. e. í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög, en með því er einkum átt við að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við þær endurskoðunaraðferðir sem almennt eru viðurkenndar og notaðar af sérhæfðu fólki á hverjum tíma.

Um 47. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um upplýsingaskyldu skoðunarmanna m. a. gagnvart bankaeftirliti og Tryggingarsjóði. Upplýsingaskylda gagnvart Tryggingarsjóði er talin nauðsynleg vegna þess mikilvæga hlutverks er sjóðurinn gegnir samkvæmt frumvarpinu.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um áritun skoðunarmanna á ársreikning og um skýrslugerð þeirra. Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að ekki þykir ástæða til að gefa fyrirmæli um skýrslugerð af hálfu skoðunarmanna umfram það sem fram kemur í greininni.

XI. KAFLI

Um 49. gr.

Við setningu gildandi laga um sparisjóði nr. 69/1941 var settur á stofn Tryggingarsjóður sparisjóða. Hann er enn starfandi og í vörslu Seðlabanka Íslands. Árlega greiðir hver sparisjóður 2% af tekjuafgangi sínum í sjóðinn. Heildarfé í Tryggingarsjóði nam kr. 15 141 þús. í árslok 1984.

Meginhlutverk tryggingarsjóðs af þessu tagi er að koma í veg fyrir að innstæðueigendur bíði tjón þótt innlánsstofnun verði fyrir svo miklu fjárhagslegu áfalli að hún geti ekki greitt skuldbindingar sínar að fullu.

Skipulag núverandi Tryggingarsjóðs sparisjóða er með þeim hætti að hann getur ekki valdið því hlutverki er að framan greinir. Árleg tillög hvers sparisjóðs til Tryggingarsjóðs ásamt vöxtum skoðast sem séreign sparisjóðsins og færast sem eign í efnahagsreikningi hans. Þetta veldur því að Tryggingarsjóður getur ekki veitt óafturkræft framlag til sparisjóðs, sem þarf á því að halda, til að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum. Þetta er meginástæða þess að núverandi Tryggingarsjóður hefur haft sáralítið gildi fyrir starfsemi sparisjóða.

Enginn vafi leikur á því að sú samábyrgð og samvinna, sem felst í rétt skipulögðum tryggingarsjóði, er nauðsynleg ráðstöfun til að auka fjárhagslegt öryggi sparisjóðanna og treysta hagsmuni innstæðueigenda. Hafa forráðamenn sparisjóðanna lengi verið þess mjög fýsandi að byggður yrði upp öflugur tryggingarsjóður er gegnt gæti framangreindu hlutverki.

Þær reglur um starfsemi nýs Tryggingarsjóðs, sem fram koma í frumvarpinu, eru að nokkru sniðar eftir reglum um hliðstæða sjóði á öðrum Norðurlöndum, einkum reglum um „Sparebankenes sikringsfond" í Noregi.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um stofnun nýs Tryggingarsjóðs sparisjóða og mælt fyrir um að núverandi Tryggingarsjóður skuli lagður niður með þeim hætti sem segir síðar í frumvarpinu.

Í 2. mgr. er það mikilvæga skipulagslega ákvæði að Tryggingarsjóðurinn skuli vera sjálfseignarstofnun. Framlög til hans er því óheimilt að færa sem eign í efnahagsreikningi einstakra sparisjóða.

Um 50. gr.

Hér er greint frá hlutverki og starfsvettvangi Tryggingarsjóðs. Eins og vikið er að í athugasemdum við 49. gr., er meginhlutverk hans að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs. En stjórn Tryggingarsjóðs getur ákveðið að tryggja jafnframt skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs og kemur fram í greininni að sjóðurinn hefur ákveðnar heimildir til ráðstafana í þessu skyni. Sýna þær að sjóðurinn getur með margvíslegum hætti haft mikið gildi fyrir starfsemi sparisjóðanna ef rétt er á málum haldið.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 51. gr.

Þessi grein fjallar um framlög sem sparisjóðirnir skulu greiða til Tryggingarsjóðs og um ábyrgðir, sem veittar skulu við stofnun sjóðsins, svo hann geti frá upphafi gegnt meginhlutverki sínu.

Innlán hjá sparisjóðunum í árslok 1984 námu 3 839 000 þús. kr. Ábyrgðir, sem kveðið er á um í 2. mgr., 0.4% af innlánum, mundu þá nema allt að 15 356 þús. kr. Þótt hér sé ekki um ýkja háa fjárhæð að ræða miðað við bókfært eigið fé sparisjóðanna allra, sem var 489 042 þús. kr. í árslok 1983, mundi hún nægja til að auka verulega fjárhagslegt öryggi einstakra sparisjóða.

Hér við bætist að samkvæmt 1.mgr. skal hver sparisjóður greiða árlegt framlag til Tryggingarsjóðs fyrstu fimm árin, sem hann starfar, er nemi minnst 0,5‰ af heildarinnlánsfé

um næstu áramót á undan. Sé miðað við innlán í árslok 1984 og ofangreint lágmark yrðu framlög á fyrsta ári um 1 920 þús. kr. og á fyrstu fimm árum starfseminnar mundi Tryggingarsjóður fá töluvert starfsfé auk áðurnefndra ábyrgða og innstæðu í núverandi Tryggingarsjóði. Telja verður því að sjóðurinn yrði fljótlega allvel í stakk búinn til að gegna meginhlutverki sínu og gæti þá jafnframt hafist handa um önnur verkefni sem honum eru falin.

Að undanskilinni ofangreindri lágmarksreglu, sem gilda skal í 5 ár, fer um árlegt framlag til Tryggingarsjóðs eftir ákvörðun aðalfundar að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Með þessu fyrirkomulagi er að því stefnt að skapa hæfilegan sveigjanleika varðandi fjárhagslega uppbyggingu Tryggingarsjóðs. Grundvallarsjónarmið í því efni hlýtur að vera að sjóðurinn sé ávallt það sterkur að hann geti gegn því meginhlutverki að tryggja kröfur innstæðueigenda. Þrátt fyrir önnur verkefni sjóðsins er svo á hinn bóginn eðlilegt að við ákvarðanir um fjárhagslega uppbyggingu hans sé tekið tillit til þess að sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og árleg framlög til hans færast héðan í frá til gjalda í rekstrarreikningi hvers sparisjóðs.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hinn nýi Tryggingarsjóður taki við ávöxtun þess fjár er núverandi Tryggingarsjóður ræður yfir. Þar sem núverandi Tryggingarsjóður er séreign hvers sparisjóðs og færður til eigna í efnahagsreikningi þykir ekki rétt að leggja hann eignalega undir hinn nýja Tryggingarsjóð heldur er lagt til að hann verði í vörslu síðarnefnda sjóðsins og fjármagnið meðhöndlað sem lánsfé hjá honum sem komi ekki til endurgreiðslu nema við slit viðkomandi sparisjóðs.

Um 52. gr.

Ekki er ástæða til að lögfesta reglur um ávöxtun fjármuna sjóðsins. Hins vegar er hér sett fram sjálfsögð almenn regla um þetta efni og kveðið á um að nánari reglur skuli setja í samþykktir sjóðsins.

Um 53. gr.

Hér er fjallað um aðalfund Tryggingarsjóðs. Atkvæðisréttur hvers sparisjóðs miðast við hlutdeild hans í innborguðum ársframlögum til sjóðsins síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Til þess að sporna gegn óeðlilegum áhrifum einstakra sjóða er sett sú takmörkunarregla að hver sparisjóður megi ekki fara með meira en 1/10 hluta af heildaratkvæðamagni í Tryggingarsjóði. Grein þessi þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um 54. gr.

Hér er kveðið á um að auk fjögurra stjórnarmanna, sem kjörnir eru á aðalfundi, skuli forstöðumaður bankaeftirlitsins eiga fast sæti í stjórninni en varamaður hans skipa sætið í forföllum hans.

Nauðsynlegt er að sem nánust samvinna sé milli bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs innan þeirra marka sem lög heimila á hverjum tíma. Af þeim sökum verður að telja æskilegt og gagnlegt fyrir báða aðila að forstöðumaður bankaeftirlitsins sitji í stjórn sjóðsins. Þetta fyrirkomulag er t. d. hjá „Sparebankenes sikringsfond“ í Noregi og hefur reynst vel.

Um 55. gr.

1. mgr. þarfnast ekki sérstakrar skýringa.

Til að Tryggingarsjóður geti sem best sinnt þeim verkefnum sem honum eru falin er nauðsynlegt að stjórn hans fylgist vel með rekstri og fjárhag einstakra sparisjóða. Til að svo megi verða þarf stjórnin að hafa ótvíræðar heimildir til að krefjast upplýsinga frá sparisjóðum og rannsaka fjárreiður þeirra ef þurfa þykir. Í 2. mgr. eru ákvæði um þetta efni.

Af sama toga eru spunnin fjölmörg ákvæði frumvarps þessa um umsagnarrétt Tryggingarsjóðs sem varða málefni er haft geta í för með sér bein áhrif á væntanlegar fjárhagsskuldbindingar sjóðsins.

Í 3. mgr. er lögð sama þagnarskylda á stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs og hvílir á starfsmönnum einstakra sparisjóða.

Um 56. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

XII. KAFLI

Um 57. gr.

Í öllum nágrannalöndum okkar hafa fyrir löngu verið stofnaðir bankar sparisjóðanna sem síðan hafa verið einn mikilvægasti bakhjarl þeirra. Má þar t. d. nefna „Fællesbanken" í Danmörku og Noregi og „Sparbankernas bank" í Svíþjóð. Forráðamenn sparisjóðanna hér á landi hafa ekki talið nauðsynlegt að stofna hliðstæðan banka hér á landi en hins vegar lengi talið stofnun sérstakrar lánastofnunar sparisjóðanna afgerandi forsendu fyrir samkeppnishæfni sparisjóðanna og möguleikum þeirra til að bregðast við breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum kröfum sem gerðar eru til innlánsstofnana.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um stofnun Lánastofnunar sparisjóðanna. Ekki var talið rétt að lögskylda alla sparisjóði til þátttöku í stofnun Lánastofnunarinnar heldur setja það í vald þeirra sjálfra að taka ákvörðun þar um. Hins vegar er því slegið föstu að með samþykki ⅔ hluta sparisjóðanna, sem hafa yfir að ráða ⅔ hlutum af samanlögðu innlánsfé þeirra, skuli hún stofnuð.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Lánastofnunin verði hlutafélag og má í því sambandi vísa til ákvæða 1. mgr. 32. gr. og athugasemda við þá grein. Þá er gert ráð fyrir að aðildarsparisjóðir leggi fram hlutafé sem nemi a. m. k. 2% af heildarinnlánsfé hvers hluthafa eigi síðar en sex árum eftir stofnun Lánastofnunarinnar. Sé miðað við innlán í sparisjóðunum í árslok 1984 og ofangreint mark yrði hlutafé minnst kr. 51,2 millj. króna en mest 76,8 millj. miðað við óbreyttar innstæður á tímabilinu. Nánari reglur um tilhögun á greiðslu hlutafjárins er lagt til að verði settar í samþykktir og þar væntanlega með þeim hætti að á fyrsta ári yrðu greidd 3,3‰ af innstæðum, á öðru ári nemi hlutafjáreign hvers eignaraðila 6,6‰, á þriðja ári 9,9‰ o. s. frv., þar til 2% markinu yrði náð. Mismunur milli ára fengist þá að hluta með útgáfu jöfnunarbréfa en að hluta með greiðslu fyrir ný bréf.. Til samanburðar má nefna að eigið fé sparisjóðanna á árslok 1983 nam 489 millj. króna.

Um 58. gr.

Í grein þessari er fjallað um tilgang Lánastofnunarinnar og starfssvið. Er þar sérstaklega nefnd starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna og vísað til VII. kafla frumvarpsins sem grundvallar að þeirri starfsemi. M. a. mun stofnunin leitast við að árstíðabundnar sveiflur í starfsemi sparisjóðanna verði jafnaðar en þær koma fram á mismunandi tímum hjá einstökum sjóðum. Er ætlunin að þetta verði gert með samningum við Seðlabankann um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóðanna við bankann í stað þeirra allt að 38 viðskiptareikninga sem sparisjóðirnir hafa þar nú. Með þessu er ætlunin að draga úr þeim sérstöku vandamálum sem staðbundnar innlánsstofnanir eiga við að etja í þessum efnum. Verður flutt á Alþingi frumvarp til breytinga á Seðlabankalögum til að úr þessu geti orðið.

Í annan stað verður það verkefni Lánastofnunarinnar að veita sparisjóðum lán og ábyrgðir sem gera þeim kleift að taka að sér ný verkefni, sem nú kunna að vera einstökum sparisjóðum ofviða, ekki síst í sambandi við fjármögnun atvinnuveganna.

Þá verður verkefni Lánastofnunarinnar að stuðla að rekstrarhagræðingu í starfi sparisjóðanna, s. s. með hagdeild sem þjónað gæti öllum sparisjóðum og veitt sparisjóðum tæknilega ráðgjöf á tímum ört vaxandi tölvuvæðingar. Enn fremur að sjá sparisjóðunum fyrir þjónustu á sviði gjaldeyrismála, sbr. 31. gr., og má í því sambandi vísa til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Til þess að stofnunin geti gegnt hlutverki því sem að framan er lýst er gert ráð fyrir að hún hafi svipaðar starfsheimildir og sparisjóðirnir. Þó verður henni óheimilt að eiga útlána- og innlánsviðskipti við almenning. Því er brýnt að gefa megi út tékka á stofnunina, sbr. 3. og 54. gr. laga 94/1933 um tékka svo hún geti sinnt þeirri greiðslumiðlun sem henni er ætlað að hafa á hendi fyrir sparisjóðina, bæði innanlands og utan. Mun sérstakt frumvarp verða lagt fyrir Alþingi í því skyni áður en stofnunin tekur til starfa.

Starfsfé stofnunarinnar til þeirra verkefna sem henni er ætlað að sinna verður, auk eigin fjár og vaxta, fé sem fengið er að láni til endurlána, svo og innlög sparisjóðanna.

Samvinna sparisjóðanna á þeim grundvelli sem hér hefur verið lýst ætti að stuðla að einföldun og auknu fjárhagslegu öryggi og þannig tryggja betur tilgang laganna um stöðu og hlutverk sparisjóðastarfseminnar í landinu. Samhliða skapast möguleikar á að gera sparisjóðina að virkari heild án þess að hróflað sé við sérstöðu þeirra með tilliti til staðbundinna viðhorfa á starfssvæði hvers einstaks sparisjóðs.

Um 59. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt þeirra sparisjóða til aðildar að Lánastofnuninni sem ekki gerast hluthafar við stofnun hennar.

Um 60. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ber að skoða í ljósi 57. gr. en þar kemur fram að einungis sparisjóðir geta verið hluthafar í Lánastofnuninni.

Í 2. mgr. er fjallað um mat á hlutum í Lánastofnuninni komi til innlausnar þeirra.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

XIII. KAFLI

Um 61. gr.

Hér er fjallað um hvernig með skuli fara þegar hag sparisjóðs er þannig komið að hann fullnægir ekki ákvæðum 40. gr. Ákvæði um eigið fé eru í gildandi lögum eins og áður segir. Jafnframt eru í 24. gr. gildandi laga ákvæði á þá lund að verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni að varasjóður hrökkvi ekki til að greiða það og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir er að sjóðnum standa leggja ekki fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt það fé sem á vantar skuli sparisjóðsstjórn tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Komi í ljós eða sé ástæða til að ætla að tapið, þ. m. t. væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé skal eftirlitið tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir er það telur nauðsynlegar. Verði ekki bætt úr innan hæfilegs frests skal stöðva rekstur sjóðsins. Sé ákveðið að sjóðurinn hætti störfum skal það auglýst í Lögbirtingablaði. Síðan eru ákvæði um töku sparisjóðs til gjaldþrotaskipta, þ. á m. um skipun tveggja skiptaforstjóra. Þessi ákvæði 24. gr. gildandi laga ber að skoða í ljósi og tengslum við ákvæði gildandi laga um eigið fé. Þau ákvæði eru um margt sérstæð og er að þeim vikið í athugasemdum við 40. gr. frumvarpsins.

Rekstur innlánsstofnana er sérstaks eðlis, flókinn, viðkvæmur og áhættusamur. Vegna sérstaks eðlis þessa rekstrar og mikilla hagsmuna sem um er að tefla er ekki talið nægjanlegt að almenn ákvæði laga gildi alfarið um slit á starfsemi þessara stofnana. Er af þessum sökum í XIII. kafla frumvarpsins lagt til að settar verði sérstakar reglur um þessi efni. Með tilliti til

þess að brýnt er að opinbert eftirlit sé með tilhögun slita er hér farin sú leið að slit sparisjóðs eða skipti á búi hans verði í höndum skiptaréttar.

Í grein þessari koma fram sérreglur um þá málsmeðferð sem skal viðhöfð þegar sparisjóður fullnægir ekki ákvæðum 40. gr. frumvarpsins. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að gripið sé tímanlega til aðgerða til að lagfæra stöðu sparisjóðs.

Í 1. mgr. er ákvæði um upplýsingaskyldu forráðamanna sparisjóðs við bankaeftirlitið. Samkvæmt 2. mgr. á bankaeftirlitið þegar tilkynning samkvæmt 1. mgr. berst því að krefja skoðunarmenn sparisjóðsins um reikningsuppgjör sem tekur af tvímæli um eiginfjárstöðu hans. Getur bankaeftirlitið einnig krafist slíks uppgjörs að eigin frumkvæði ef það telur ástæðu til.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um hvernig stjórn sparisjóðs beri að bregðast við ef reikningsuppgjör leiðir í ljós ófullnægjandi stöðu. Skal það þegar boða til fundar sparisjóðsaðila þar sem leitað yrði afstöðu þeirra til þess meðal annars hvort bætt verði úr eiginfjárstöðu með aukningu stofnfjár eða öðrum aðgerðum. Ber sparisjóðsstjórn síðan að gera bankaeftirlitinu grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta. Bankaeftirlitið á samkvæmt ákvæði þessu að láta ráðherra í té álit sitt um málefnið þar sem ætla verður að fram komi hvort það telji að ráðagerðir sparisjóðsstjórnar til úrbóta séu raunhæfar.

Samkvæmt 4. mgr. ákveður ráðherra að undangenginni meðferð samkvæmt 3. mgr. hvort veita skuli sparisjóði frest til að koma eigið fé í lögmælt horf. Synjun um frest samkvæmt ákvæðinu, ákvörðun um niðurfellingu frests eða lok frests sem ekki hefur leitt til úrbóta á eiginfjárstöðu sparisjóðs leiða samkvæmt a-lið 2. mgr. 62. gr. til þess að skylt er að slíta hlutaðeigandi sparisjóði. Er hér um meginreglu frumvarpsins að ræða varðandi það hver aðdragandi geti orðið að skyldu til slita sparisjóðs.

Um 62. gr.

Í 1. mgr. er girt fyrir að bú sparisjóðs verði tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum, þ. e. að frumkvæði forráðamanna hans eða lánardrottna. Skipti á búi sparisjóðs geta samkvæmt frumvarpinu aðeins komið til að frumkvæði ráðherra.

Ákvæði 2. mgr. þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í 3. mgr. er að finna reglu sem varðar tilvik þar sem meðferð að hætti 61. gr. er ekki undanfari slita. Er bankaeftirlitinu falið að afla reikningsuppgjörs og leggja mat á hvort eignir hlutaðeigandi sparisjóðs virðast hrökkva fyrir skuldum. Mat þetta er veigamikið um tilhögun skiptameðferðar eins og fram kemur í 63. grein.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ⅔ hluta atkvæðamagns í sparisjóði þurfi til að tillaga um slit verði ákveðin á fundi sparisjóðsaðila þegar ekki liggja þau atvik fyrir er ræðir í a- og b-lið 2. mgr.

Um 63. gr.

Samkvæmt 1. mgr. gerir ráðherra kröfu til skiptaráðanda um að bú sparisjóðs verði tekið til gjaldþrotaskipta þegar skylda til slita sparisjóðsins er til komin á þann hátt að annaðhvort hafi ekki tekist að bæta eiginfjárstöðu hans með aðgerðum að hætti 62. gr. eða óvíst er að mati bankaeftirlitsins að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum í tilvikum er eiga undir b- eða c-lið 2. mgr. 62. gr. Þegar fjárhagsstaða sparisjóðs er slík sem hér um ræðir og líkindi verða að teljast fyrir því að skuldir hans séu meiri en eignir er ekki annað auðið en að með bú hans verði farið sem þrotabú.

Ef ljóst þykir að bú sparisjóðs hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra samkvæmt 2. mgr. krefjast þess að skiptaráðandi taki bú sparisjóðsins til skipta til slita á honum. Búsmeðferð í slíku tilviki lýtur í meginatriðum reglum gjaldþrotalaga, sbr. 64. gr., hvað varðar starfshætti við skiptin en að öðru leyti verður að teljast svigrúm verulega meira til ýmissa ráðstafana en endranær við gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt 3. mgr. kveður skiptaráðandi upp úrskurð um kröfu ráðherra. Á könnun hans samkvæmt ákvæðinu að beinast að því hvort formskilyrðum 62. gr. sé að fullnægt áður en afstaða er tekin til kröfunnar. Fer ekki um aðdraganda að úrskurði skiptaráðanda að hætti 2.—5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 64. gr.

Í 1. mgr. er vísað til tiltekinna kafla gjaldþrotalaga sem gilda við skipti á búi sparisjóðs. Ætla verður að ef til skipta á búi sparisjóðs komi þá yrði við meðferð nokkuð vikið frá tíðkanlegri framkvæmd við gjaldþrotaskipti en gjaldþrotalög veita talsvert svigrúm til þess að skiptum megi haga með hliðsjón af þörfum í hverju tilviki.

Í 2. mgr. er skilgreint hvernig ákvarða skuli frestdag í skilningi gjaldþrotalaga við skipti á búi sparisjóðs. Um önnur tímamörk færi eftir almennum reglum.

Í 3. mgr. eru settar reglur um uppgjör við skiptalok. Þegar skuldir hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra, þ. e. a. s. stofnfé og séreignarsjóð, af eftirstöðvum eigna. Þessi ákvæði um endurgreiðslu stofnfjárins eru nýmæli, og hefur áður verið að þeim vikið, t. d. í athugasemdum við 1. og 16. gr. frumvarpsins. Í 28. gr. gildandi laga er vikið að síðasttalda atriðinu. Segir þar að verði sparisjóður lagður niður og engin ákvæði í samþykktum hans um hvernig fara skuli um eigur hans geti hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið að eignunum skuli varið til almenningsþarfa. Ekki er í gildandi lögum sérstök heimild til endurgreiðslu innborgaðs stofnfjár til sparisjóðsaðila af eftirstöðvum eigna.

XIV. KAFLI

Um 65. gr.

Ákvæði þessarar greinar um samruna sparisjóða eru nýmæli. Sérstök ástæða þykir til að kveða á um þetta atriði í frumvarpinu enda æskilegt að skapa skilyrði fyrir því að sparisjóðir geti sameinast og þannig myndað stærri og öflugri rekstrareiningar. Í nágrannalöndunum varð ör þróun í þessa átt á undanförnum áratug og margt bendir til að hliðstæð þróun geti orðið hér á landi. Að öðru leyti má segja að hér sé um sérstaka tegund á slitum sparisjóðs að ræða án skuldaskila og getur hún orðið með tvennum hætti. Annars vegar að sparisjóður sé algerlega sameinaður öðrum sparisjóði og hætti að vera til sem sjálfstæður lögaðili. Hins vegar að tveir eða fleiri sparisjóðir séu sameinaðir og nýr sparisjóður þannig stofnaður.

Til þess að samruni geti átt sér stað þarf samkvæmt 1. mgr. heimild ráðherra. Tilgangur þessa er sá að koma í veg fyrir að hagsmunum þeirra, er eiga innlánsfé í þeim stofnunum sem samruni tekur til, sé stefnt í hættu.

Í 2. mgr. er kveðið á um skipan sérstakrar nefndar sem undirbýr samruna og skilyrði þess að tillaga um fjárhagslegt uppgjör og rekstrartilhögun teljist samþykkt.

Þá eru tekin af tvímæli um að reglur um innköllun og reglur XIII kafla gildi ekki um samruna sparisjóða. Er það óþarfi þar sem sparisjóðir eru háðir eftirliti bankaeftirlitsins og til samrunans þarf leyfi ráðherra.

Í 3. mgr. er ráðherra falið að kanna hvort grundvöllur sé til samruna sparisjóða áður en hann veitir heimild til samruna sparisjóðs við annars konar innlánsstofnun. Samkvæmt frumvarpinu er því aðalreglan sú að sparisjóður sameinist sparisjóði.

XV. KAFLI

Um 66. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

XVI. KAFLI

Um 67. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða ákvæðum gildandi laga um viðskiptabankana og hliðstæð áratuga venju sem gilt hefur gagnvart öðrum innlánsstofnunum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skattaleg meðferð stofnfjár, inneignar í séreignasjóði og þess hluta tekjuafgangs, sem lagður er í séreignarsjóð, þ. e. hluti vaxta af stofnfé, verði með sama hætti og gildir um almennt sparifé. Ástæða þessa er sú að hér er um að ræða eign sem jafnaðarlega verður ekki greidd út nema við slit sparisjóðs og mjög strangar takmarkanir eru lagðar á varðandi framsal.

Í 2. mgr. er fjallað um stöðu Tryggingarsjóðs sparisjóða í skattalegu tilliti. Tryggingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem ætlað er það hlutverk að tryggja full skil á innlánsfé í þeim tilvikum þegar sparisjóður verður fyrir svo miklu fjárhagslegu áfalli, að getur hann ekki greitt skuldbindingar sínar að fullu. Með hliðsjón af meginhlutverki sjóðsins er því rökrétt að undirþiggja hann greiðslu þeirra opinberu gjalda sem talin eru upp í greininni.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að Lánastofnun sparisjóða verði skattlögð eftir lögum um skattskyldu innlánsstofnana, nr. 65/1982, með síðari breytingum. Ef ekkert væri kveðið á um skattskylduna yrði starfsemin skattskyld samkvæmt almennum skattalögum. Lánastofnun sparisjóða er þó ekki innlánsstofnun þar sem móttaka innlánsfjár frá almenningi er bönnuð. Aðrir þættir í starfsemi Lánastofnunarinnar gætu hins vegar þróast þannig að hún líktist fremur starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða að frátöldum lánsviðskiptum við almenning. Er því talið eðlilegt að starfsemi Lánastofnunarinnar verði skattlögð á sama hátt og innlánsstofnanir.

XVII. KAFLI

Um 68. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakrar skýringa.

Um 69. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þá skyldu starfandi sparisjóða að samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna. Þykir rétt að það sé gert á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

Um 70. gr.

Hér er mælt fyrir um lengd þess frests sem lagt er til að starfandi sparisjóðum verði veittur til að koma eigin fé í það horf sem áskilið er samkvæmt frumvarpinu. Jafnframt þykir rétt að sparisjóðir, sem stofnaðir verða með samruna starfandi sparisjóða, njóti sama frests.

Um 71. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hér er veitt heimild til þess að endurmeta stofnfé í starfandi sparisjóðum innan þröngra takmarka. Þessar reglur ná að sjálfsögðu aðeins til þeirra sparisjóða sem nú starfa með innborguðu stofnfé en slíkir sjóðir eru ekki margir. Endurmatsreglur þessar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

II.

Ákvæði þetta þarfnast ekki sérstakra skýringa.

III.

Ákvæði þetta þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ed. 918. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og leitað umsagnar Verslunarráðs Íslands um efni þess. Nefndin var sammála um að ákvæði frumvarpsins um að leiga allra lausafjármuna félli undir lögin um verslunaratvinnu væri of víðtækt og erfitt yrði að framfylgja slíkri lagasetningu.

Þar sem leiga á myndböndum, sem færst hefur mjög í vöxt hin síðari ár og er orðin veruleg atvinnugrein, er ástæðan fyrir flutningi frumvarpsins fellst nefndin á að lögin um verslunaratvinnu taki til myndbandaleigna og flytur breytingartillögu við frumvarpið þar að lútandi. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem þar greinir.

Alþingi, 14. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Valdimar Indriðason.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Egill Jónsson.

Ed. 919. Breytingartillaga [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:
Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda.

Sþ. 920. Tillaga til þingsályktunar [494. mál]

um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um gerð áætlunar um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit til að leysa þann vanda sem að óbreyttu mundi skapast ef Kísiliðjan hf. yrði að hætta rekstri. Unnið verði að gerð þessarar áætlunar samhliða ítarlegum rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Leiði slíkar rannsóknir í ljós að lífríki Laxár eða Mývatns verði fyrr eða síðar stefnt í hættu með áframhaldandi kísilgúrnámi skal þegar í stað hafist handa um að framkvæma áætlunina. Jafnframt verði þá reynt að meta hve mikinn kísilgúr til viðbótar telst óhætt að nýta og hve langur tími gefst til að hrinda áætluninni í framkvæmd.

Áætlunin skal miða að því að efla atvinnulíf og stuðla að uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi sem samrýmist sérstökum lögum um verndun svæðisins þannig að komast

megi hjá röskun á högum þeirra sem byggt hafa afkomu sína á starfsemi Kísiliðjunnar hf. Skal áætlunin unnin í samvinnu við heimamenn í Mývatnssveit, náttúruverndaraðila og samráð haft við atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis.

Kostnaður við gerð áætlunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mývatnssveit og Laxá ásamt næsta nágrenni hafa verulega sérstöðu meðal þeirra svæða á Íslandi sem öðrum fremur hafa náttúrufræðilegt verndargildi. Sérstaðan felst í því að á áðurnefndu svæði er að finna margar dýrmætustu perlur íslenskrar náttúru og einnig í hinu að í Mývatnssveit er fjölmennt sveitarfélag með sjálfstæðan tilverurétt. Aðstæður eru því ólíkar því sem gerist til að mynda í lítt byggðum eða óbyggðum þjóðgörðum. Þessa staðreynd höfðu höfundar frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár í huga en í greinargerð með því frumvarpi frá 1973 segir orðrétt:

„... Ef Mývatnssveit væri óbyggð væri eflaust búið að gera allt svæðið að þjóðgarði með öllum þeim takmörkunum og reglum um umferð og umgengni, sem um slíkan þjóðgarð yrðu settar. En horfast verður í augu við þá staðreynd, að Mývatnssveit er tiltölulega fjölmennt sveitarfélag og sökum hins sérstæða náttúrufars sveitarinnar er ferðamannastraumur skollinn þar á með fullum þunga. Að því er varðar náttúruvernd á þessu svæði verður því að taka tillit til margra ólíkra sjónarmiða, sem stundum getur reynst erfitt að samræma. Þó er auðsætt, að keppa ber að því, að þar geti haldist blómlegt mannlíf um ókomin ár, en jafnframt verður að leggja ríka áherslu á verndun þeirra miklu náttúruverðmæta, sem þar er að finna. Góður árangur af þeirri viðleitni hlýtur að velta á þroska og skilningi heimamanna og raunar allra Íslendinga ...“

Segja má að staðan sé óbreytt enn þann dag í dag hvað þetta varðar. Verndargildi Laxár og Mývatns er óumdeilt, sbr. sérstök lög þar um frá 1974. Þá má einnig nefna að einmitt þetta svæði, þ. e. Mývatn-Laxá, er skráð fyrir Íslands hönd sem aðili að Ramsarsáttmálanum svonefnda um verndun votlendissvæða, en jafnframt þessu hefur byggð vaxið við Mývatn með árunum og ferðamannastraumur aukist. Verulegur hluti þess fólks, sem býr í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð, starfar í Kísiliðjunni og allmargt fólk annars staðar úr sveitinni. Eins og nú standa sakir má segja að þetta fólk eigi allt sitt undir því að fyrirtækið starfi áfram því að atvinna fyrir jafn margt fólk og þar starfar verður ekki hrist fram úr erminni fyrirvaralaust í litlu byggðarlagi. Það er því að vonum að ugg setji að fólki er óvissa skapast um áframhaldandi rekstur Kísiliðjunnar eins og nú hefur nýlega gerst í tengslum við endurnýjun á námavinnsluleyfi fyrirtækisins.

Tillaga þessi er ekki síst flutt vegna þess öryggisleysis fyrir viðkomandi fólk og byggðarlag sem felst í óbreyttu ástandi. Slíkt er óþolandi og leggst sem köld hönd á allt athafnalíf og mannlíf í hverju því byggðarlagi sem við slíkt býr. Það væri hins vegar óhyggilegt að vera ekki við þeim möguleika búinn að til þess geti komið að stöðva verði rekstur Kísiliðjunnar hf. þar sem það á að vera hafið yfir deilur hvort verður að víkja rekstur Kísiliðjunnar eða verndun Mývatns ef í ljós kemur að þetta tvennt fer ekki saman.

Auðvitað er eðlilegt að vona að niðurstöður rannsókna á áhrifum kísilgúrtöku á lífríki Mývatns sýni að sé hægt að nýta vatnsbotninn framvegis á einhverjum svæðum enn um langa hríð. Fram hjá hinu má ekki líta, að aðgerðir til verndar Mývatni verða að vera þess eðlis að séð sé við því fyrir fram að ekki hljótist tjón af. Það er ekki réttlætanlegt að taka verulega áhættu þegar í hlut á náttúra og lífríki jafnsérstakt og dýrmætt og hér um ræðir og öll starfsemi á svæðinu verður að vera innan þeirra marka að vissa sé fyrir því að lífríki og náttúrufari sé ekki stofnað í hættu. Undirstaða slíkrar vissu eru öflugar og vandaðar vísindalegar rannsóknir á náttúrunni og mat hæfustu sérfræðinga á grundvelli slíkra rannsókna.

Hvað varðar þá áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir að unnin verði er þar átt við úttekt á möguleikum til atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit sem komið gæti í staðinn fyrir rekstur Kísiliðjunnar hf. ef til þess kæmi að hún yrði að hætta rekstri. Ef sú verður niðurstaðan í framtíðinni er mikilvægt að nýta sem best þann tíma sem gefst til aðlögunar að breyttum aðstæðum svo að komast megi hjá röskun á högum fólks eftir því sem kostur er. Eðlilegt er að leita leiða til að skapa hliðstæðan fjölda starfa og nú eru í Kísiliðjunni sem tekið geta við þegar Kísiliðjan hættir eða samhliða því sem hún dregur saman seglin.

Það er ljóst að opinberir aðilar geta ekki hlaupist frá ábyrgð í þessu máli. Í fyrsta lagi er Kísiliðjan ríkisfyrirtæki að meiri hluta og sú ákvörðun að setja þetta fyrirtæki niður í Mývatnssveit hefur haft úrslitaáhrif á þróun byggðar þar. Í öðru lagi hefur svo Alþingi sett sérstök lög um verndun svæðisins og heimamenn eiga því fullan rétt á að krefjast þess af hinu opinbera að það beiti sér fyrir aðgerðum til lausnar vandamálum sem skapast vegna samspils þessara þátta.

Vonir standa nú til þess að verulega rætist úr með rannsóknir á náttúru og lífríki í Mývatnssveit og léttist þá vonandi eitthvað byrði vanrækslusyndarinnar á herðum opinberra aðila í því sambandi. Öflugar og víðtækar rannsóknir eru fyrsta skrefið til skynsamlegrar lausnar á sambúðarvandamálum manns og náttúru í Mývatnssveit sem og reyndar annars staðar og þar mega ríki og fjárveitingarvald ekki lengur halda að sér höndum. Flutningsmaður þessarar tillögu ætlar sér ekki þá dul að segja fyrir um niðurstöður rannsókna en telja verður hyggilegt að nýta tímann sem best og vera viðbúinn hverju því svari sem út úr slíkum rannsóknum kann að koma. Ella er hætt við að menn standi í sömu sporum og með vissu millibili teljist óvissa ríkja um framtíð Kísiliðjunnar öllum aðilum til tjóns.

Reyndar má segja að hvað sem framtíð Kísiliðjunnar hf. líður væri ástæða til að athuga sérstaklega þróunarforsendur atvinnulífs og mannlífs í Mývatnssveit vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem þar eru og vikið var að í upphafi þessarar greinargerðar. Ríkisvaldið sem eigandi Kísiliðjunnar hf. og reyndar einnig Krófluvirkjunar svo og Alþingi, sem sett hefur sérstök lög um verndun svæðisins, bera mikla ábyrgð í þessu máli gagnvart heimamönnum og gagnvart íslensku þjóðinni allri.

Fylgiskjal I.

BRÉF STEINGRÍMS J. SIGFÚSSONAR TIL HREPPSNEFNDAR SKÚTUSTAÐAHREPPS

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps,
Arnaldur Bjarnason, sveitarstjóri.

Reykjavík, 11. mars 1985.

Meðfylgjandi uppkast að tillögu til þingsályktunar er afrakstur vangaveltna minna undanfarið um atvinnumál í Mývatnssveit og um framtíð Kísiliðjunnar. Ég hef sent uppkastið til annarra þingmanna kjördæmisins og verður það væntanlega rætt í okkar hópi á næstunni.

Mér þætti vænt um að heyra frá ykkur heimamönnum fljótlega hvernig ykkur líst á tillöguflutning í þessa átt.

Með kveðju,
Steingrímur J. Sigfússon.
(sign.)

Fylgiskjal II.

SVARBRÉF HREPPSNEFNDAR SKÚTUSTAÐAHREPPS

Hr. alþingismaður
Steingrímur J. Sigfússon,
Reykjavík.

12. apríl 1985.

Varðandi uppkast að þingsályktunartillögu um atvinnumál í Mývatnssveit.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 29. mars 1985 var tekið fyrir áðurnefnt uppkast.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Sveitarstjórn lýsir stuðningi við áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit og væntir þess að þingmenn kjördæmisins standi sameiginlega að tillöguflutningi. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir að fá endanlega tillögu og greinargerð til umsagnar."

Með vinsemd,
Arnaldur Bjarnason (sign.),
sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Ed. 921. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á lögum nr. 58 28. maí 1984, um sjúkraliða.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings, læknis eða ljósmóður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um sjúkraliða, nr. 58 frá 28. maí 1984, segir svo í 5. gr. að sjúkraliðar skuli aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Flutningsmenn telja ekki rétt að einskorða starfsvettvang sjúkraliða við störf undir stjórn hjúkrunarfræðinga. Leggja þeir því til að 5. gr. laganna verði breytt svo að sjúkraliðar geti einnig starfað undir stjórn læknis eða ljósmóður.

Á fæðingardeildum eða á fæðingarheimilum er ekkert sem mælir gegn því að sjúkraliðar starfi undir stjórn ljósmóður við aðhlynningu sængurkvenna og ungbarna. Einnig má benda á að ljósmæður þurfa nú að afla sér hjúkrunarfræðimenntunar áður en þær hefja nám við Ljósmæðraskóla Íslands. Það er fráleitt að það skuli nú brjóta í bága við lög ef læknar fá aðstoð fólks sem telst vera á starfssviði sjúkraliða.

Með þessari breytingu er ekki verið að leggja til að starfssvið sjúkraliða breytist frá því sem það nú er. Starfssvið sjúkraliða er og verður fyrst og fremst aðhlynning og hjúkrun sjúkra, í flestum tilfellum undir stjórn hjúkrunarfræðinga.

Sþ. 922. Tillaga til þingsályktunar [496. mál]

um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Greinargerð.

Að tillögu þessari standa allir nefndarmenn í utanríkismálanefnd. Guðmundur Einarsson, sem setið hefur fundi nefndarinnar, er samþykkur tillögu þessari.

Nd. 923. Breytingartillögur [480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Lög þessi taka til fasteignaveðlána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlánsstofnunum. Skuldari getur þó undanþegið sig frá ákvæði þessu.

2. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Greiðendum lána, er um ræðir í þessari grein, skal gefinn kostur á að fresta greiðslum af þessum lánum skv. ákvæðum þessara laga, enda berist umsókn þar að lútandi fyrir 1. september 1985.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. komi: kaupgreiðsluvísitölu.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjalddagafjárhæð.
4. 6. gr. orðist svo:
   Kaupgreiðsluvísitala sú, er miðað skal við skv. ákvæði 1. mgr. 5. gr., skal leidd af taxta verkamanna í fiskvinnslu, efsta starfsaldursþrepi, og tekur sömu breytingum og viðmiðunartaxti atvinnuleysisbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 64/1981 og 3. gr. laga nr. 10/1985. Endurskoða skal þennan viðmiðunargrunn reglulega.
5. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Greiðendum fullverðtryggðra lána, sem um ræðir í 4. gr. þessara laga, skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) hjá byggingarsjóðum ríkisins á næstu gjalddögum.
   Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð sem á jöfnunarreikningi stæði ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku. Umsóknir um slíka frestun skulu hafa borist Húsnæðisstofnun fyrir 1. september 1985.

Ed. 924. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundi, héraðsfundi o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta var fyrst lagt fyrir Alþingi vorið 1983 en var þá ekki rætt. Kirkjulaganefnd skilaði frv. til kirkjuþings 1982. Voru þar gerðar á því smávægilegar breytingar sem felldar voru inn í frv. áður en það var lagt fram á Alþingi. Frv. var svo endurflutt á yfirstandandi þingi. Í meðferð neðri deildar voru gerðar nokkrar breytingar á frv.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og er sammála um að mæla með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd. þó að einstakir nefndarmenn geri svo með fyrirvara.

Í umræðum um frv. í nefndinni komu fram ábendingar um hvort ýmis ákvæði frv. ættu ekki fremur að vera innri mál kirkjunnar og hljóta afgreiðslu á kirkjuþingi.

Það er skoðun nefndarmanna að kirkjan hljóti sjálf að ráða allmiklu um margs konar framkvæmdaratriði í starfi sínu og þjóna sinna, — önnur en þau sem snerta beinlínis fjárveitingar úr ríkissjóði. Svo að dæmi sé tekið þá er til íhugunar hvort binda eigi í lögum ákvæði um fjölda messugjörða í tilteknum sóknum.

„Kirkja vors Guðs er gamalt hús“ og byggir á hefð og kenningu fremur en aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Þrátt fyrir náin tengsl ríkisins og þjóðkirkjunnar hlýtur kirkjan að hafa verulegt forræði um alla þætti kirkjulegs starfs í þjóðfélaginu.

Alþingi, 14. maí 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 925. Tillaga til þingsályktunar [497. mál]

um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason, Friðrik Sophusson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Halldór Blöndal, Haraldur Ólafsson, Kristín Halldórsdóttir, Kristín H. Tryggvadóttir, Stefán Benediktsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, m. a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.

Byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmda verði við það miðuð að unnt verði að opna safnið almenningi á árinu 1989 þegar 100 ár verða liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur það verið draumur áhugamanna um íslenska náttúru, jafnt lærðra og leikra, að takast mætti að koma upp myndarlegu náttúrufræðisafni í höfuðstað landsins eða í grennd við hann. Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað árið 1889 með það að höfuðmarkmiði að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni í Reykjavík og var það hugsað sem þjóðarsafn á sínu sviði. Fyrsti vísir að slíku safni myndaðist þegar á fyrsta starfsári félagsins sem hafði veg og vanda af safninu til ársins 1947 þegar að það var afhent ríkinu til eignar og umráða.

Náttúrugripasafnið í Reykjavík, eins og það var lengi nefnt, var til húsa í safnahúsinu við Hverfisgötu á árunum 1908—1960 en þá varð það að víkja vegna þarfa Landsbókasafnsins. Þarna hafði safnið yfir að ráða 140 m² sýningarsal en þegar sýning var opnuð á nýjum stað í húsakynnum Nátturufræðistofnunar Íslands árið 1967 var rýmið aðeins um 100 m². Þessar tölur tala skýru máli um þann þrönga stakk sem þessu aðalnáttúrugripasafni landsins hefur verið sniðinn og hvað sýningaraðstöðu varðar hefur hann þrengst en ekki víkkað í tímans rás.

Á sama tíma hafa einstök bæjarfélög utan höfuðstaðarins megnað að koma upp sæmilegum náttúrugripasöfnum með litlum stuðningi af hálfu ríkisins. Má þar nefna náttúrugripasöfnin á Akureyri, í Neskaupstað, í Vestmannaeyjum og nú síðast í Kópavogi.

Það getur ekki talist vansalaust að nú, þegar nálgast aldarafmæli fyrsta náttúrugripasafnsins, skuli það búa við þrengri aðstöðu til sýninga en fyrir þremur aldarfjórðungum.

Náttúra Íslands er sérstök um margt og miklu varðar að landsmenn átti sig sem best á því hverju hún býr yfir, bæði til hagnýtingar og yndisauka. Góð náttúrufræðisöfn geta opnað augu margra, ekki síst æskufólks, fyrir sérkennum hennar og samhengi. Fyrir ferðamanninn, sem sækir Ísland heim, er æskilegt að hefja og ljúka ferð um landið á slíku safni. Nútímalegt náttúrugripasafn í höfuðstað landsins eða næsta nágrenni hans ætti að vera metnaðarmál ekki síður en gott þjóðminjasafn, listasafn og þjóðarbókhlaða.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum á Alþingi, er lögð áhersla á að hraðað verði undirbúningi að byggingu yfir myndarlegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu og sett fram markmið um fjárframlög til framkvæmda svo að unnt verði að opna slíkt safn í nýjum húsakynnum á árinu 1989. Þannig yrði minnst á viðeigandi hátt brautryðjendanna sem hófu verkið með tvær hendur tómar fyrir tæpri öld, manna eins og Stefáns Stefánssonar skólameistara og Benedikts Gröndals, fyrsta safnvarðarins, svo og Bjarna Sæmundssonar sem helgaði safninu krafta sína í 35 ár (1905—1940).

Eftir að ríkið tók við náttúrugripasafninu af náttúrufræðifélaginu voru brátt sett lög um safnið (1951) og hlaut það þá nafnið Náttúrugripasafn Íslands. Þau lög voru aukin og endurskoðuð árið 1965 og nafninu þá breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt lögunum er henni m. a. falið að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands og að koma upp sýningarsafni er sé opið almenningi og veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

Forstöðumenn Náttúrufræðistofnunar hafa á liðnum árum gert ítrekaðar tilraunir til að koma hreyfingu á byggingarmál stofnunarinnar og sýningarsafns, m. a. með því að leita eftir samvinnu við Háskóla Íslands um málið. Háskólinn keypti á sínum tíma með framlögum af happdrættisfé húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnunina að Laugavegi 105 þar sem hún er enn og sýningarsalur á 3. hæð. Varð það á sínum tíma skilyrði fyrir einkaleyfi Háskólans til happdrættisrekstrar að koma húsi yfir safnið og telur Háskólinn sig hafa staðið við þá kvöð með nefndum kaupum. Þegar á árinu 1942 heimilaði háskólaráð að hús fyrir náttúrugripasafn risi á háskólalóðinni og enn í dag beinast sjónir manna að nálægð og tengslum við Háskólann.

Sjálfsagt er vegna lagaákvæða og undirbúnings sem fram hefur farið á vegum Náttúrufræðistofnunar að byggingu safnhúss að náið samráð sé haft við forráðamenn stofnunarinnar um undirbúning byggingarmálsins, og eðlilegt virðist einnig að kveðja til fulltrúa frá Háskólanum og Reykjavíkurborg vegna einstakra þátta og stuðnings þessara aðila við málið. Miðað við að nýrri safnbyggingu verði valinn staður í Reykjavík og vegna gildis slíkrar stofnunar fyrir skóla og almenning væri ekki óeðlilegt að borgin veitti fjármagn til byggingarinnar á móti ríkinu og gerðist e. t. v. beinn aðili að safninu.

Þá hefur sérstakur hópur áhugamanna um náttúrufræðisafn rætt safnmálið um skeið og gerst öflugur málsvari fyrir átak í þess þágu. Snemma árs 1983 komu nokkrir áhugamenn saman til að ræða málið og sumarið 1983 gekkst síðan Náttúruverndarfélag Suðvesturlands fyrir fræðsluferðum undir yfirskriftinni: „Náttúrugripasafn undir beru lofti“. Voru þessar ferðir skipulagðar sérstaklega með það fyrir augum að vekja athygli á bágborinni stöðu sýningarsafns Náttúrufræðistofnunar Íslands og hvetja til úrbóta. — Það var svo á stjórnarfundi í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi 3. október 1984 að ákveðið var að hefjast handa á ný og vinna að því að koma hinu upphaflega meginbaráttumáli félagsins áleiðis og helst í höfn á næstu árum. Hefur hópur áhugamanna á vegum félagsins síðan oft komið saman og rætt sérstaklega um hlutverk og uppbyggingu nútímalegs safns á sviði náttúrufræða. Er álitsgerð áhugamannahópsins, svo og ávarp um málið, dags. 17. apríl 1985, birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Hafa talsmenn áhugamannahópsins þegar rætt byggingarmálið við núverandi menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, og Davíð Oddsson borgarstjóra sem bæði hafa lýst áhuga á málinu og heitið stuðningi við það og eru undirbúningsviðræður hafnar. Stjórnmálaflokkar hafa raunar lýst yfir stuðningi við byggingu fyrir náttúrufræðisafn, nú síðast Sjálfstæðisflokkurinn á landsfundi sínum í apríl s. l.

Ef góður hugur og stuðningur af hálfu framkvæmdarvaldsins við hugmyndina um nútímalegt náttúrugripasafn á höfuðborgarsvæðinu kemur til og Alþingi lýsir sig þar að auki fúst til að leggja fram fé til undirbúnings og framkvæmda á næstu árum er þess að vænta að draumur brautryðjendanna verði að veruleika innan fárra ára. Öflugs stuðnings ætti einnig að mega vænta frá almenningi við þetta mál eftir að merkið hefur verið reist með myndarlegum hætti.

Slíkt meginsafn á sviði náttúrufræða á einnig að geta orðið til stuðnings hliðstæðum söfnum víða á landinu og nauðsynlegt er að finna samstarfi þessara safna ákveðinn farveg. Með þeim hætti getur hér orðið um þjóðarsafn að ræða til ómetanlegrar eflingar náttúruvísinda í landinu.

Fylgiskjöl:
I. Um náttúrufræðisafn. Greinargerð frá hópi áhugamanna.
II. Ávarp frá hópi áhugamanna, dags. 17. apríl 1985.

Fylgiskjal I.

UM NÁTTÚRUFRÆÐISAFN.
Greinargerð frá hópi áhugamanna.

Skilgreining.

Náttúrufræðisafn veitir almenningi fræðslu um hina lifandi og dauðu náttúru með aðgengilegum sýningum, fræðsluerindum, fræðsluferðum eða á annan hátt, í þeim tilgangi að efla skilning á samhengi fyrirbæra náttúrunnar og auka virðingu fyrir henni.

Hlutverk.

Hlutverk íslensks náttúrufræðisafns hlýtur fyrst og fremst að vera að fræða almenning um náttúru Íslands, næstu grannlanda og hafið umhverfis. Enn fremur að veita eftir megni yfirlit um náttúru annarra svæða, almenna náttúrufræði í víðustu merkingu og þau lögmál er ríkja í náttúrunni. Safnið leggur áherslu á vistfræði og náttúruvernd, og tengsl mannsins við náttúru landsins. Einnig á nýjungar í rannsóknum, náttúrufræðifræðslu tengda atvinnuvegunum og málefni sem eru á döfinni og tengd starfsemi safnsins.

Á þennan hátt er safnið þjónustumiðstöð fyrir hina almennu gesti. Slíka fræðslu getur náttúrufræðisafn því aðeins veitt að það sé í nánum tengslum við öfluga rannsóknarstarfsemi á þessum sviðum.

Sýningarsafn.

Þegar heitin „safn“ og „sýning“ eru nefnd, sjá margir fyrir sér þögla, rykfallna skápa og borð með sýningargripum í röðum. Nútímasafn er annað og meira en þetta. Í stað þess að sýna sem flesta gripi, sem oft er raðað eftir ákveðnu fræðilegu flokkunarkerfi, er frekar reynt að sýna og lýsa völdum atriðum með skýringum á samhengi þeirra. Sem dæmi má nefna sýnishorn ólíkra vistkerfa og myndun lands og gróðurs — gróðureyðing. Til sýnis verða m. a. gripir, myndir, líkön og skýringartextar. Bæklingar þar sem efnið er nánar tekið fyrir, eru til hliðsjónar. Hljóð, myndbönd og skyggnusýningar eiga mikinn þátt í að gera sýningar meira lifandi. Ekki er nauðsynlegt að loka alla safngripi inni í glerskápum. Oft er vænlegra að hafa til sýnis úrval muna, sem beinlínis er ætlast til að séu handfjatlaðir. Sum líkön geta verið hreyfanleg.

Á nútímalegu safni þurfa gestir ekki að láta sér nægja að skoða og lesa, heldur geta þeir oft tekið virkan þátt í sýningum með ýmsum hætti. Til dæmis má hafa gripi frammi svo gestir geti handfjatlað þá eða með tilkomu tölvutækninnar geta gestir sjálfir svarað spurningum um það sem verið er að sýna. Slík virkni miðar að því að vekja fólk til umhugsunar, spurninga og frekari þekkingarleitar.

Sýningar í náttúrufræðisafni verða ekki að einskorðast við dauða hluti. Lifandi dýr og plöntur, láðs og lagar, geta verið í tengslum við safnið. Einnig er hægt að blanda lifandi sýnishornum inn í hefðbundna sýningu. Til dæmis má nefna „Óhreint mjöl í pokahorninu“, sýningu um skaðvalda í matvælum.

Sýningarnar geta verið ýmiss konar:
— Fastar sýningar, sem eru endurnýjaðar á löngu tímabili.
— Skiptisýningar, sem standa í ½ til 2 ár.
— Skyndisýningar, sem setja má upp af sérstöku tilefni fyrirvaralítið.
— Skólasýningar, sem eru sérsýningar er taka mið af námsefni skólanna.

— Farandsýningar. Þær geta verið stórar í sniðum með námskeiðahaldi og fyrirlestrum, eða litlir „sýningarkassar“ til útláns fyrir skóla, námsflokka o. fl.

Að sjálfsögðu gefur safnið út ýmiss konar fræðsluefni tengt sýningum, og er hentugt fyrir almenning og skóla.

Starfsemi.

Safnið höfðar til alls almennings en sérstaklega má nefna fjölskyldur, nemendur, kennara, áhugamenn um náttúrufræði og náttúruvernd, ferðamenn og leiðsögumenn ferðamanna.

Auk beinna sýninga í eigin húsnæði stendur safnið fyrir skoðunarferðum, farandsýningum, útgáfustarfsemi. Ýmiss konar samkeppni, fræðslufundum, margs konar aðstoð við áhugamenn að ógleymdu samstarfi við skólakerfið um verkefnagerð, nemendasýningar jafnt í skólum sem á safninu og þannig mætti fleira telja. Væri náttúrufræðisafn þannig byggt upp, yrði það ekki safn sem menn heimsækja í eitt skipti fyrir öll. Það yrði iðandi af lífi, í sífelldri endurnýjun, og því raunverulegur vettvangur nýrra og betri tengsla fólks við land sitt og náttúru þess.

Að sjálfsögðu yrði þetta safn Þjóðarnáttúrufræðisafn og mundu minni söfn, skólar og aðrar stofnanir úti á landsbyggðinni njóta góðs af starfsemi þess á ýmsan hátt.

Fylgiskjal II.

ÁVARP FRÁ HÓPI ÁHUGAMANNA UM BYGGINGU NÁTTÚRUFRÆÐISAFNS.

Undanfarna mánuði hefur starfað áhugahópur um byggingu náttúrufræðisafns á Íslandi. Hópurinn er sammála um að knýjandi þörf er á að vekja áhuga og umræðu meðal almennings um náttúru Íslands.

Hópurinn minnir á að þjóðin sækir auðæfi sín með einum eða öðrum hætti í náttúru landsins. Þess vegna er mikilvægt að við kunnum að meta gildi þessara auðæfa bæði til sjávar og sveita. Besta leiðin til að fræða þjóðina um ríki náttúrunnar, vernd og nýtingu, er myndarlegt og nútímalegt náttúrufræðisafn. Auk þess veitir slíkt safn öllum ómælda ánægju og er sífelld uppspretta nýrra uppgötvana.

Hópurinn hefur tekið saman stutta greinargerð um hlutverk og starfsemi náttúrufræðisafns og vill hér með koma henni á framfæri.

Við hvetjum ... til þess að leggja málinu lið, t. d. með því að semja ályktun þar að lútandi. Æskilegt væri að þar yrði lögð sérstök áhersla á þá þætti í starfsemi náttúrufræðisafnsins sem að ykkur snýr.

Reykjavík, 17. apríl 1985.

F. h. áhugahóps um byggingu náttúrufræðisafns

Sólveig Georgsdóttir (sign.),
Ágúst H. Bjarnason (sign.),
Ævar Petersen (sign.),
Áslaug Brynjólfsdóttir (sign.),
Einar Egilsson (sign.),
Þór Jakobsson (sign.),
Sigurður Sigurðsson (sign.),
Helgi H. Jónsson (sign.).

Ed. 926. Frumvarp til laga [498. mál]

um breyting á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Við gerð fjárlaga skal telja fjárreiður almannatrygginga ríkisins og endurlánareiknings ríkissjóðs til A-hluta fjárlaga.

1. gr. fjárlaga skal sýna allar lánahreyfingar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða í eign ríkisins. Þó skal eigi getið lána sem greidd eru að fullu á sama ári og þau eru tekin.

2. gr.

10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

11. gr. laganna falli niður.

4. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og skal hún vera hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi hvers árs. Um áætlunina skal fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Jafnhliða framlagningu fjárlagafrumvarps leggur fjármálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp til lánsfjárlaga.

5. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skulu m. a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m. a. til fjármögnunar og fjárráðstöfunar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, sjóða, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila.
2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
3. Heildaráætlun um erlendar lántökur opinberra aðila, atvinnuvega og einkaaðila. Einnig yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.
4. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

6. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Í frumvarpi til lánsfjárlaga skal leita heimilda til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimilda og annarra nauðsynlegra fjármálaráðstafana að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi skal ár hvert gerð grein fyrir heildarábyrgðarveitingum ríkissjóðs og skiptingu þeirra á helstu ábyrgðarflokka. Alþingi fjallar árlega um hámark veittra ábyrgða og setur þeim mörk í lánsfjárlögum.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar skal vera á vegum fjármálaráðherra og skal fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa forgöngu um gerð áætlunarinnar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

8. gr.

20. gr. laganna falli niður.

9. gr.

21. gr. laganna falli niður.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1976 var lánsfjáráætlun í fyrsta skipti lögð fyrir Alþingi. Í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., eru efnisþættir fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar tilgreindir og ákvæði um framlagningarskyldu ríkisstjórnarinnar. Á liðnum árum hefur efnisinnihald fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar síðan fengið á sig fastmótað form þar sem stefnuatriði í opinberum fjármálum hafa verið á oddinum.

Lánsfjárlög, sem Alþingi samþykkir á hverju ári, skipta miklu um framgang og framkvæmd fjárlaga. Að því hefur verið fundið að fjárlög hverju sinni sýni ekki nægilega heilsteypta mynd af umfangi ríkisfjármálanna. Þannig er sambandið milli fjárlaga, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga óskýrt fyrir aðra en þá sem gerst þekkja til. Megintilgangur þessa frumvarps er að móta heillega mynd af umfangi ríkisfjármálanna, þar sem lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila fá fyllri og nánari umfjöllun en verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir að framvegis verði yfirlit yfir lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs að finna á einum stað, þ. e. a. s. í 1. gr. fjárlaga, og ætti það að auðvelda öllum þeim sem um ríkisfjármál fjalla að hafa yfirsýn yfir þennan mikilvæga málaflokk.

Gert er ráð fyrir að framvegis verði fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi hvers árs. Þannig á umfjöllun um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að vera tryggð um leið og umræður eiga sér stað um fjárlagafrumvarp hverju sinni. Þetta kemur fram í 4.—7. grein frumvarpsins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 var sérstök grein gerð fyrir því formi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar við uppgjör á fjármálum ríkja innan vébanda sinna. Megintilgangur þess að færa ríkissjóð upp á þennan hátt er sá að þar með verður framsetning á lántökum og lánveitingum bæði gleggri og skýrari heldur en fram hefur komið í 1. gr. fjárlaga hingað til. Í þessu sambandi vísast til bls. 274—284 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985.

Jafnhliða þessu frumvarpi leggur fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þær breytingar sem lagðar eru til í því frumvarpi eru nauðsynlegar til samræmis við tilgang þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fjárreiður almannatrygginga ríkisins skuli telja með A-hluta fjárlaga í stað þess að færast í B-hluta eins og nú er. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjármál endurlánareiknings ríkissjóðs verði sýnd í A-hluta fjárlaga en áætlun um starfsemi endurlánareiknings er ekki að finna í núverandi uppsetningu fjárlaga. Þá er gert ráð fyrir að allar lánahreyfingar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða verði sýndar í 1. gr. fjárlaga.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að 10. gr. laga nr. 13/1979 falli niður en greinin fjallar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1979.

Um 3. gr.

Lagt er til að 11. gr. laga nr. 13/1979 falli niður en greinin fjallar um markmiðssetningu varðandi umfang ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að það verði fjármálaráðherra sem leggi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og frumvarp til lánsfjárlaga fyrir Alþingi í stað ríkisstjórnarinnar eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þessi breyting er í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförnum árum. Þá er lagt til að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verði hluti af greinargerð fjárlagafrumvarps hvers árs. Enn fremur er gert ráð fyrir að það verði fjárveitinganefnd sem fjalli um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og aðra þætti ríkisfjármála.

Um 5. gr.

Þessi grein tekur til þeirra atriða sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á m. a. að ná yfir. Greinin gerir jafnframt ráð fyrir að hér sé ekki um endanlega upptalningu að ræða á þeim þáttum sem vera eigi í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum hverju sinni heldur megi bæta við tilteknum atriðum ef ástæða þykir til. Það nýmæli er m. a. að finna í þessari grein að sýna á yfirlit um skuldbindingu þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.

Um 6. gr.

Fjármálaráðherra leggur fyrir Alþingi frumvarp til fjárlaga. Lánsfjárlög hafa í sívaxandi mæli varðað ýmis atriði önnur í ríkisfjármálum en heimild til erlendrar lántöku eins og gilti fyrir 1978. Lánsfjárlögin eru því orðið nauðsynleg forsenda þess að ákvæði fjárlaga standist, t. d. skerðing á framlögum til fjölmargra fjárfestingarlánasjóða og skil markaðra tekjustofna. Í lánsfjárlögum hefur auk þessa verið í auknum mæli veitt ríkisábyrgð á ýmsum skuldbindingum sveitarfélaga og ýmissa annarra aðila. Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að því að Alþingi fjalli frekar um ábyrgðarveitingar ríkissjóðs en verið hefur. Þá er jafnframt að finna ákvæði í þessari grein sem takmarkar notkun ábyrgðarheimilda sem samþykktar hafa verið í sérlögum, þ. e. að notkun heimilda í sérlögum skuli vera innan þeirra marka sem um getur í fjárlögum og lánsfjárlögum á því fjárlagaári sem um er að ræða.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar skuli vera á vegum fjármálaráðherra og að það verði fjárlaga- og hagsýslustofnun sem hafi forgöngu um gerð áætlunarinnar á sama hátt og við á um gerð fjárlagafrumvarps.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að 20. gr. laga nr. 13/1979 falli niður, en greinin fjallar um hver skyldi vera heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins á árinu 1979.

Um 9. gr.

Lagt er til að 21. gr. laga nr. 13/1979 falli niður en greinin fjallar um markmið sem stefnt skyldi að á árinu 1979.

Um 10. gr.

Miðað er við að frumvarp þetta öðlist þegar gildi. Þá yrði fjárlagafrumvarp fyrir árið 1986 með þeim viðauka og breytingum sem gert er ráð fyrir að tekin verði upp samkvæmt frumvarpinu.

Ed. 927. Frumvarp til laga [499. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar með taldar almannatryggingar, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð sem ríkið leggur á einstaklinga og félög án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

Í fjárlögum skal áætla tekjur af fjáröflunareinkasölum ríkisins og skulu skil þeirra til ríkissjóðs talin með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalanna séu í B-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Lán, sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skal færa um endurlánareikning ríkissjóðs í A-hluta.

4. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jafnhliða þessu frumvarpi leggur fjármálaráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 13/1979. Í athugasemdum með því frumvarpi kemur fram að ætlunin er að víkka skilgreiningu á A-hluta ríkissjóðs jafnframt því að framvegis verði fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi.

Breytingar samkvæmt þessu frumvarpi er nauðsynlegt að gera verði þau ákvæði að lögum sem frumvarp um breytingu á lögum nr. 13/1979 gerir ráð fyrir. Í því sambandi vísast til athugasemda sem fram koma með því frumvarpi.

Fjárlög og ríkisreikningur skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar. Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa með höndum starfsemi sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila.

Samkvæmt uppsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður skilgreining á A-hluta ríkisfjármálanna nokkru víðtækari heldur en lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, segja til um. Í þessu frumvarpi er sótt heimild til þess að telja tiltekna opinbera starfsemi til A-hluta ríkissjóðs.

Í lögum um almannatryggingar ríkisins og endurlán ríkissjóðs er að finna ákvæði um að fjárreiður þessara aðila skuli færðar í B-hluta ríkissjóðs. Þá er vakin athygli á því að lánamál endurlánareiknings ríkissjóðs er ekki að finna í fjárlögum.

Í 1., 2. og 4. gr. frumvarpsins er fjallað um heimild til þess að telja ofangreinda aðila þ. e. almannatryggingar og starfsemi endurlána ríkissjóðs til A-hluta fjárlaga. Samkvæmt lögum um ríkisreikning og gerð fjárlaga er það ákvörðunaratriði ríkisreikningsnefndar hvernig skuli flokka stofnanir og fyrirtæki ríkisins í ríkisreikningi og fjárlögum, allar aðrar en þær tvær sem að ofan eru nefndar. Fáist heimild til breyttrar framsetningar verður það síðan ríkisreikningsnefndar að ákveða hvaða fyrirtæki skuli telja til A-hluta ríkissjóðs auk þeirra tveggja sem upp eru talin og hverjar til B-hluta ríkissjóðs. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framvegis verði tekjur ríkissjóðs af fjáröflunareinkasölum ríkisins taldar til skatttekna en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að 6. gr. breytist þannig að almannatryggingar verði framvegis taldar til A-hluta fjárlaga í stað B-hluta eins og verið hefur.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum segir að rekstrarhagnað fjáröflunareinkasala ríkisins skuli telja með sköttum. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að litið verði á upphæð þá sem einkasölunum ber að skila samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem skatthagnað eða tap fyrirtækjanna. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Sölunefnd varnarliðseigna teljast einkasölur í þessum skilningi og verða skil þessara stofnana því framvegis færð með samræmdum hætti í ríkisreikningi.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að 40. gr. laganna breytist þannig að starfsemi endurlánareiknings ríkissjóðs verði framvegis færð undir A-hluta fjárlaga og að lán þau sem ríkissjóður tekur til að endurlána öðrum aðilum séu sýnd sérstaklega á endurlánareikningi ríkissjóðs. Yfirliti yfir starfsemi endurlánareikningsins er ekki að finna í núverandi uppsetningu fjárlaga.

Um 4. gr.

Hér er kveðið mun fastar að orði um það að allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða svo og á lánum endurlánareikningsins skuli sýna í 1. gr. fjárlaga.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 928. Frumvarp til laga [500. mál]

um gjald af innfluttum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1985 til 31. desember 1985 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema 4 kr. af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

2. gr.

Um gjald skv. 1. gr. skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., og laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirmælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru tekjur ríkissjóðs af kjarnfóðurgjaldi áætlaðar 100 m.kr. Sérstakt gjald til ríkissjóðs af fullunnum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur var lagt á með lögum nr. 43/1984 en gjaldtakan var bundin við tímabilið 1. júní — 31. desember 1984.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við ákvæði fjárlaga og er að efni til hið sama og lagaákvæðin um gjald af fóðurblöndum er giltu á s. l. ári. Gjald á hvert kílógramm er þó hækkað úr 1,30 kr. í 4 kr.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 1. júní—31. desember 1985 verði sérstakt gjald lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur. Tollskrárnúmer sem upp eru talin í 1. gr.

eru þau sömu og talin eru í reglugerð nr. 465/1983 og fylgt er við innheimtu kjarnfóðurgjalds. Þau eru og hin sömu og talin voru í lögum nr. 43/1984.

Um 2. gr.

Þar sem hér er um innflutningsgjald að ræða þykir rétt að vísa til ákvæða laga um tollskrá og tollheimtu og tolleftirlit um framkvæmd gjaldtökunnar og eftirlit með innflutningi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 929. Frumvarp til laga [501. mál]

um breyting á lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

VIII. kafli laganna, **Um verðbætur á laun,** 48. til 52. gr., fellur niður. Jafnframt falla úr gildi hvers konar ákvæði kjarasamninga sem byggja á framangreindum lagaákvæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu lagafrumvarpi er gerð tillaga um að fella úr gildi ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13/1979, um verðbætur á laun. Þessi ákvæði hafa ekki verið virk nú um tveggja ára skeið, en öðlast að óbreyttu gildi á ný 1. júní n. k., þegar bann laga um launamál, nr. 71/1983, fellur úr gildi.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum, sem kynnt var 6. september í fyrra, var því lýst yfir að bann við verðtryggingu launa yrði framlengt að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Nú að undanförnu hafa átt sér stað viðræður við ýmis samtök á vinnumarkaðnum. Í þeim viðræðum var óskað eftir að bannið við verðbótum yrði ekki framlengt, en þessi þáttur launaákvörðunar yrði eins og önnur launakjör á ábyrgð samningsaðila. Ríkisstjórnin hefur fallist á það sjónarmið og ákveðið að beita sér fyrir því að það nái fram að ganga.

Það er grundvallaratriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að aðilar vinnumarkaðarins beri sjálfir ábyrgð á samningum um kaup og kjör. Engu að síður er það álitamál, hvort heimila eigi sjálfvirka tengingu launa við verðlag. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að verðtenging launa sé óæskileg, enda slæm reynsla af henni hér á landi og víðar. Þó vill ríkisstjórnin láta á það reyna í ljósi þeirra viðræðna sem átt hafa sér stað við ýmis samtök launafólks og atvinnurekenda að undanförnu, hvort samningar geti tekist um kaup og kjör á vinnumarkaðnum sem stuðli í senn að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og jafnvægi í efnahagslífinu, án þess að bann við vísitölutengingu launa sé í lögum. Þegar öllu er á botninn hvolft er það mikilvægasta verkefnið nú að skapa jafnvægi í efnahagslífinu til lengri tíma sem er skilyrði hagvaxtar og um leið betri lífskjara og aukins kaupmáttar.

Samfara niðurfellingu kaflans um verðbætur á laun í 1. nr. 13/1979 er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um að ákvæði um verðbótagreiðslur falli úr öllum samningum. Með þeim hætti er tekinn af hugsanlegur vafi um eldri ákvæði kjarasamninga og tryggt að samningsaðilar hafi óbundnar hendur að þessu leyti í komandi samningagerð.

Ed. 930. Nefndarálit [486. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. maí 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Davíð Aðalsteinsson.	Skúli Alexandersson.	Egill Jónsson.
	Stefán Benediktsson.	

Nd. 931. Lög [355. mál]

um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 871.

Nd. 932. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur kynnt sér málið og kallað til fundar við sig Árna Benediktsson framkvæmdastjóra, Hjalta Einarsson forstjóra og Þóri Daníelsson framkvæmdastjóra.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og skilar minni hl. séráliti.

Fjölmörg verkalýðsfélög hafa sent áskoranir til nefndarinnar um að samþykkja frumvarpið, en fulltrúar atvinnurekenda hafa lagst gegn samþykkt þess.

Með frv. er lagt til að launalaust starfshlé, sem fyrirtæki eða atvinnurekandi geta ákveðið vegna ófyrirsjáanlegra áfalla, verði stytt verulega frá því sem nú er. Slíkt mundi hafa í för með sér að greiðsluskylda færðist af Atvinnuleysistryggingasjóði yfir til atvinnufyrirtækja. Í langflestum tilvikum er um að ræða launalaust starfshlé vegna rekstrarstöðvunar í fiskvinnslu. Í þeirri atvinnugrein hafa kjarasamningar um kauptryggingu þó tryggt starfsfólki viku fyrirvara gagnvart rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts. Í öðrum greinum hafa og verið gerðir kjarasamningar um takmörkun á beitingu heimildar 3. gr. l. nr. 19/1979 sem frumvarpið fjallar um.

Sem betur fer hefur verulega áunnist á undanförnum árum í þeim efnum að jafna hráefnisöflun í fiskvinnslunni og vonandi næst enn betri árangur á næstunni með samhæfingu veiða og vinnslu. Öllum er ljóst að eins og sakir standa er ákaflega erfitt fyrir fiskvinnsluna að taka á sig þann kostnað sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli á atvinnureksturinn í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs. Miklar líkur eru til þess að slík tilfærsla greiðslubyrðarinnar

mundi í raun leiða til uppsagna í meira mæli en nú tíðkast og þar með minnka atvinnuöryggi. Í þessu sambandi ber einnig að hafa það í huga að samkvæmt nýsamþykktum lögum frá Alþingi eru atvinnuleysistryggingabætur oft og einatt hærri en kauptryggingin.

Meiri hl. nefndarinnar er ljóst að frumvarpið fjallar um vandamál sem eðlilegt er að rætt sé á Alþingi og tekur undir það með flutningsmönnum að ójöfn framleiðsla í fiskvinnslu og þar af leiðandi öryggisleysi starfsfólks getur leitt til þess að fólk sæki úr atvinnugreininni. Tíð mannaskipti í þessari stærstu og mikilvægustu útflutningsgrein þjóðarinnar geta því bitnað á gæðum framleiðslunnar.

Svo sem að framan er rakið er sá vandi, sem frumvarpið vísar til, margþættur þannig að hann verður varla leystur með einföldu lagaboði. Til að treysta atvinnuöryggi í fiskvinnslu þarf víðtækari ráðstafanir sem m. a. lúta að stjórn og samhæfingu veiða og vinnslu, auk annarra þátta sem eru á valdi aðila vinnumarkaðarins. Því er brýnt að víðtæk samstaða náist með aðilum á vinnumarkaði og stjórnvöldum um úrbætur í þessu efni. M. a. af þeim ástæðum, og í trausti þess að samstaða náist um úrbætur, telur meiri hl. nefndarinnar eðlilegt að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. maí 1985.

Friðrik Sophusson, form., frsm. Stefán Valgeirsson. Eggert Haukdal.

Stefán Guðmundsson. Halldór Blöndal.

Nd. 933. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Bannað er án leyfis dómsmálaráðherra að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal ekki heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem óheimilt er að flytja til landsins, skv. 3. gr., nema til útflutnings.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu af þeim fyrir árslok 1988.

Nd. 934. Lög [368. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1980.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 588.

Ed. 935. Breytingartillaga [50. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við 4. gr. Við b-lið bætist: ríkisábyrgðin tekur einnig til kröfu launþega í bú banka eða sparisjóðs um greiðslu orlofsfjár sem vinnuveitandi hefur greitt bankanum eða sparisjóðnum til varðveislu samkvæmt sérstökum orlofsfjárvörslusamningi síðustu tólf starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið.

Ed. 936. Frumvarp til laga [502. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr. lög nr. 69 18. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Egill Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Helgi Seljan,
Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 69/1982) bætast þrjár nýjar málsgr. er orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og hafa starfsaðstöðu við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrr á þessu þingi var flutt tillaga til þingsályktunar um varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og vötnum, þskj. 449.

Sú tillaga var samþykkt 9. maí s. l. með breyttu orðalagi og hljóðar svo:

"Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fisksjúkdómarannsóknir og varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og veiðivötnum verði efldar, m. a. með því að gera það mögulegt að ráðið verði hæft starfsfólk í þessu skyni."

Með tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

„Aðstaða til fiskiræktar á Íslandi er talin vera mjög góð frá náttúrunnar hendi. Flest bendir til þess að í fiskiræktinni séu miklir framtíðarmöguleikar fólgnir og geti hún orðið styrk stoð í efnahagslífi okkar Íslendinga innan fárra ára.

Fiskirækt er viðkvæm og vandasöm atvinnugrein sem krefst bæði vísindalegrar þekkingar og reynslu. Þar sem fisksjúkdómar gerast nú æ ágengari er brýn nauðsyn á að hafa kerfisbundið eftirlit með fiskeldisstöðvum í landinu og fyrirbyggja að sýktum fiskum sé dreift milli stöðva og út í hina villtu náttúru landsins. Öllum ætti að vera það ljóst að slík slys geta verið með öllu óbætanleg. Það er því ótrúlega mikið undir því komið að fisksjúkdómar finnist á byrjunarstigi, svo að takast megi að einangra þá og eyða þeim áður en stórtjón hlýst af."

Síðan tillagan var flutt hafa gerst á sviði fiskeldis- og fisksjúkdóma atburðir sem tafarlaust verður að gefa gaum. Síðustu mánuðina hefur berlega komið í ljós hversu sjúkdómar í fiskum geta leikið einstakar eldisstöðvar grátt, jafnframt því að stefna ótöldum öðrum stöðvum í hættu. Ef fiskeldi hér á landi á að þróast með eðlilegum hætti er

nauðsynlegt að taka fisksjúkdómamál föstum tökum til þess að hindra að hér komi upp áður óþekktir sjúkdómar og halda í skefjum þeim sem þegar eru til staðar.

Til þess að þetta megi takast þarf að halda uppi öflugu eftirliti, greiningar-, varnar- og rannsóknarstarfi. Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök staða dýralæknis með sérþekkingu á fisksjúkdómum og með því stefnt að auknu eftirliti og greiningarstarfi í fiskeldisstöðvunum er tengist þeirri rannsóknar- og sjúkdómavarnastarfsemi sem þegar er fyrir hendi. Með frumvarpinu er og ætlað að styrkja það starf á þessu sviði sem farið hefur fram innan héraðsdýralæknakerfisins og tengja það rannsóknarstarfinu sem farið hefur fram á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.

Fisksjúkdómadýralæknir á að vera aðili sem eldisstöðvar geta leitað til, og vera héraðsdýralæknum til ráðuneytis um mál sem tengjast fisksjúkdómum, jafnframt því að hafa forgöngu um samræmdar aðgerðir í samráði við fisksjúkdómanefnd. Undir stjórn yfirdýralæknis á dýralæknir fisksjúkdóma að sjá um framkvæmd eftirlits- og varnaraðgerða.

Í svo víðfeðmu landi er nauðsynlegt á frumstigi íslensks fiskeldis að nýta héraðsdýralæknakerfið í fisksjúkdómamálum. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að innan þess kerfis starfi aðili sem hefur menntun og aðstöðu til þess að það megi nýtast til fulls.

Þá eru í þessu frumvarpi einnig ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu, svo og dýralækna sem starfa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.

Þegar lög nr. 77 1. október 1981 voru samþykkt féll niður úr dýralæknalögunum ákvæði um dýralækni án fastrar búsetu, svo og dýralækna þá sem starfa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Á fjárlögum hafa engu síður verið fjárveitingar til þessara starfa, enda ekki áformað að þau féllu niður. Það er því eðlilegt að ákvæði séu í frumvarpinu því til staðfestingar.

Nd. 937. Frumvarp til laga [503. mál]

um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 1990.

2. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraunum Öryrkjabandalagsins (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði miða hverju sinni skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna, að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Öryrkjabandalag Íslands hefur farið fram á leyfi til happdrættis (getrauna), er fram fari með þeim hætti, að þátttakendur skrá eða velja röð bókstafa. Gert er ráð fyrir því, að miðaútgáfa fari fyrst og fremst fram með aðstoð tölvukerfis og að vinningar í happdrætti þessu (getraunum) verði greiddir út í peningum.

Samkvæmt lögum um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn peningahappdrætti eða önnur þvílík happspil.

Frumvarpið felur í sér heimild til dómsmálaráðherra til þess að leyfa Öryrkjabandalaginu að reka slíka getraunastarfsemi til að afla fjár til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Að öðru leyti en því, sem greinir í frumvarpinu, er gert ráð fyrir því, að sett verði nánari ákvæði um starfsemina í reglugerð.

Ed. 938. Lög [50. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 852 (sbr. 542).

Ed. 939. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:
Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem sannanlega stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs, án þess að hafa verslunarleyfi, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sækja um slíkt leyfi. Skal leyfið veitt þótt þeir fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti.

Sþ. 940. Breytingartillögur [365. mál]

við till. til þál. um vegáætlun árin 1985—1988.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við II. SKIPTING ÚTGJALDA **2.2. Viðhald þjóðvega.** 1. Sumarviðhald. Liðurinn orðist svo:

	1985	1986	1987	1988
1. Viðhald malarvega	156	206	215	226
2. Viðhald vega með bundið slitlag	113	147	167	174
3. Viðhald brúa	29	30	31	33
4. Viðhald varnargarða	3	4	4	4
5. Heflun vega	86	118	117	123
6. Rykbinding	32	43	45	47
7. Vinnsla efnis	80	109	109	114
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	19	24	25	26
9. Vegmerkingar	4	5	6	6
	522	686	719	753

2. Aftan við II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN.
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
1	Suðurlandsvegur			
14—16	Vík—Skógar	10,6	17,0	2,0
22—28	Hvolsvöllur—Þjórsá	2,1		
30	Skeiðavegur			
02	Ólafsvallavegur—Skálholtsvegur	1,4		
31	Skálholtsvegur			
01	Skeiðavegur—Hvítá	0,6		1,0
03	Spóastaðir—Biskupstungnabraut			3,0
35	Biskupstungnabraut			
02—03	Þingvallavegur—Laugarvatnsvegur	5,5		
39	Þrengslavegur			
01	Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur	1,3		
1	Vesturlandsvegur			
12	Höfðabakki—Úlfarsárvegur	1,5		
17	Eyrarfjallsvegur—Kjósarskarðsvegur			22,0

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
40	Hafnarfjarðarvegur			
02	Fossvogslækur—Kópavogslækur	0,5		
41	Reykjanesbraut			
04	Hafnarfjarðarvegur—Krýsuvíkurvegur	2,8	1,0	
07	Grindavíkurvegur—Hafnavegur			3,5
08	Hafnavegur—Sjávargata	1,6		
10	Sjávargata—Hafnargata Keflavík	3,0		
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut—Reykjanesbraut			8,0
416	Álftanesvegur			
02	Landakot—Bessastaðavegur	2,1		
431	Hafravatnsvegur			
02	Úlfarsárvegur—Vesturlandsvegur			1,5
1	Vesturlandsvegur			
02	Kalastaðahæð—Galtarholt		15,1	
02	Galtarholt—Laxá	4,3		
08	Hamarslækur—Gufá	11,1		
12	Um Litluá			1,8
51	Akranesvegur			
01	Vesturlandsvegur—slitlagsendi	1,3		
54	Ólafsvíkurvegur			
02—03	Borg—Hítará			18,0
06	Stóra-Þúfa—Grímsá		6,1	
10	Fróðárheiði	1,4		
11	Snæfellsnesvegur—Fossá			13,3
55	Heydalsvegur			
01—02	Ólafsvíkurvegur—Snæfellsnesvegur	6,0		
56	Stykkishólmsvegur			
03	Vogsbotn—Stykkishólmur	4,7		
57	Snæfellsnesvegur			
08	Stykkishólmsvegur—Hraunháls		13,3	
10	Framsveitarvegur—Grundarfjörður	10,9		
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja		10,8	
60	Vestfjarðavegur			
07	Hjarðarholtsvegur—Ljá			4,9
09	Víðir—Hvoll		8,7	
60	Vestfjarðavegur			
03	Tröllatunguvegur—Reykhólasveitarvegur			9,5
05	Þorskafjarðarvegur—Gröf	7,4	12,0	
14	Vatnsdalsá—Flókalundur			6,0
22	Dýrafjörður	2,0		
23	Lambadalur—Hjarðardalur		8,0	
61	Djúpvegur			
16	Seljaland—Súðavík		10,0	
21	Tunga—Ísafjörður		2,0	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
62	Barðastrandarvegur			
01	Um Pennu	1,4		
05	Örlygshafnarvegur—Vesturbotn		11,0	
63	Bíldudalsvegur			
02	Patreksfjörður—Tálknafjarðarvegur	8,2		
64	Flateyrarvegur			
01	Vestfjarðavegur—Flateyri	1,5		
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Laugar—Suðureyri	5,6		
68	Hólmavíkurvegur			
05—06	Guðlaugsvík—Stikuháls			8,5
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Bíldudalsvegur—Tálknafjörður			4,0
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk—Hrútatunga		3,6	
04	Miðfjarðará—Hvammstangavegur	6,8		
05	Hvammstangavegur—Vatnsnesvegur	2,2	8,5	6,7
06	Vatnsnesvegur—Víðidalsvegur eystri	0,4		
07	Víðidalsvegur eystri—Gljúfurá	2,0	5,4	
13	Hvammur—Svínvetningabraut	1,1		
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur		6,2	
16—17	Skagafjarðarvegur—Húseyjarkvísl	2,2		
18	Siglufjarðarvegur—Miklibær			8,5
75	Sauðárkróksbraut			
02	Norðurlandsvegur—Sæmundarhlíðarvegur	1,7		
03	Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur	3,2		
76	Siglufjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Framnes	2,5	7,4	
04	Sleitustaðir—Hofsós	1,0		6,8
10	Um Mánárskriður		2,9	
1	Norðurlandsvegur			
04	Hörgárdalsvegur—Ólafsfjarðarvegur			26,0
10	Eyjafjarðarbraut eystri—Vaðlaheiði	23,9		
12	Svalbarðseyrarvegur—Grenivíkurvegur		31,0	
15	Fnjóskadalsvegur eystri—Norðausturvegur	1,0	1,0	18,0
16	Norðausturvegur—Bárðardalsvegur eystri		4,0	
18	Aðaldalsvegur—Brún			3,0
82	Ólafsfjarðarvegur			
03	Þorvaldsdalsá—Dalvík	5,1	5,0	
85	Norðausturvegur			
01	Norðurlandsvegur—Fellssel	6,0		
19	Melrakkaslétta	1,4		
21	Raufarhöfn—Hóll		9,0	
22	Ytri-Hálsar	1,4		
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
01	Norðurlandsvegur—Kristnesvegur			12,0

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
1	Austurlandsvegur			
11	Rangá—Fellabær		7,0	
14	Höfði—Úlfsstaðir	4,7		
17	Haugar—Víðigróf	3,4		
20	Um Tinnu	1,6		
22	Skrúðskambur—Núpur	1,6	8,0	11,0
40—41	Kolgríma—Tröllaskörð	3,5	5,0	
47	Gljúfurá—Bakkalækur			8,0
85	Norðausturvegur			
01	Um Geysirófu			5,0
03	Merkilækur—Hrafnsvík	4,1		
05	Hundsvatnslækur—sæluhús			6,0
06	Um Nýpslón	4,1		
10	Hof—Sunnudalsvegur		8,0	
92	Norðfjarðarvegur			
04	Neðstabrú—Melshorn	8,1	17,0	
07	Hólmaháls		4,0	
07	Um Bleiksá		5,0	
09	Eskifjörður—Sandskeið			11,0
93	Seyðisfjarðarvegur			
01	Um Eyvindará		5,0	
02	Steinholt—Langahlíð			4,0
03	Neðri-Stafur—Fjarðarsel	3,2		
96	Suðurfjarðavegur			
01	Norðfjarðarvegur—Handarhald		4,5	4,0
03	Um Torfneslæk		1,5	
04—05	Skriður—Brimnes			3,0
05	Brimnes—Búðir	8,0		
11	Kambanesskriður			11,0
		203,0	264,0	251,0
	Suðurland, óráðstafað		7,6	10,8
	Reykjanes, óráðstafað		5,7	8,7
	Vesturland, óráðstafað		12,7	11,8
	Vestfirðir, óráðstafað		11,7	15,5
	Norðurland vestra, óráðstafað		6,9	7,1
	Norðurland eystra, óráðstafað		10,4	15,0
	Austurland, óráðstafað		11,0	15,1
	Samtals	203,0	330,0	335,0

1.2. Bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
1	Suðurlandsvegur			
03—04	Dverghamrar—Hörgsá	1,7		
14—16	Vík—Skógar	10,5	4,0	14,0
31	Skálholtsvegur			
01	Skeiðavegur—Hvítá			2,0
35	Biskupstungnabraut			
02—03	Þingvallavegur—Laugarvatnsvegur	2,5	15,0	2,0
1	Vesturlandsvegur			
17	Eyrarfjallsvegur—Kjósarskarðsvegur			4,0
18	Kjósarskarðsvegur—Hvítanes	4,5		
19	Hvítanes—sýslumörk	2,5		
416	Álftanesvegur			
02	Landakot—Bessastaðavegur	1,9		
1	Vesturlandsvegur			
01	Um Olíustöð		1,9	
02	Kalastaðahæð—Galtarholt		11,8	
02—03	Galtarholt—Laxá	5,2		
08	Hamarslækur—Gufá	7,3	1,6	
51	Akranesvegur			
01	Vesturlandsvegur—slitlagsendi	1,9		
54	Ólafsvíkurvegur			
02—03	Borg—Hítará			8,0
06	Stóra-Þúfa—Fáskrúðarbakki		15,2	
11	Snæfellsnesvegur—Fossá			5,7
56	Stykkishólmsvegur			
03	Vogsbotn—Stykkishólmur	5,4		
57	Snæfellsnesvegur			
10	Framsveitarvegur—Grundarfjörður		8,7	
12	Grundarfjörður—Kvíabryggja		6,8	
60	Vestfjarðavegur			
07	Hjarðarholtsvegur—Ljá			6,3
1	Vesturlandsvegur			
01	Sýslumörk—Miklagil		11,0	
60	Vestfjarðavegur			
23	Lambadalur—Hjarðardalur			12,0
24	Gemlufallsheiði—Bjarnardalur	7,2		
61	Djúpvegur			
16	Seljaland—Súðavík			11,5
18	Utan Súðavíkur	3,5		
18	Arnarneshamar—Arnardalur	2,2		
19	Arnardalur—Kirkjubólshlíð	4,5		
62	Barðastrandarvegur			
05	Örlygshafnarvegur—Vesturbotn			3,0

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
63	Bíldudalsvegur			
02	Patreksfjörður—Tálknafjarðarvegur	11,6		
03—04	Við Bíldudal	1,0		
64	Flateyrarvegur			
01	Vestfjarðavegur—Flateyri	8,6		
65	Súgandafjarðarvegur			
02	Laugar—Suðureyri			4,5
68	Hólmavíkurvegur			
10	Hvalsá—Tröllatunguvegur		11,0	
617	Tálknafjarðarvegur			
01	Bíldudalsvegur—Tálknafjörður			3,0
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk—Hrútatunga		3,1	
04	Miðfjarðará—Hvammstangavegur		3,9	
05	Hvammstangavegur—Vatnsnesvegur		3,0	5,5
06	Vatnsnesvegur—Víðidalsvegur eystri	2,5		
07	Víðidalsvegur eystri—Gljúfurá	3,3	4,2	
13	Hvammur—Svínvetningabraut	5,0		
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur		8,0	7,9
16—17	Skagafjarðarvegur—Húseyjarkvísl	1,4		
74	Skagastrandarvegur			
01	Vatnahverfi—Þverárfjallsvegur			10,5
75	Sauðárkróksbraut			
02	Norðurlandsvegur—Sæmundarhlíðarvegur	8,6		
03	Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur		4,6	
76	Siglufjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Framnes		3,2	
04	Sleitustaðir—Hofsós	1,8		
11	Gangamunni—Siglufjörður			2,1
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk—Öxnadalsá		10,0	
04	Hörgárdalsvegur—Krossastaðaá			10,0
09	Eyjafjarðarbraut vestri—Eyjafjarðarbraut eystri			4,0
12	Svalbarðseyri—Grenivíkurvegur			10,0
15	Fornhólar—Norðausturvegur	3,0		6,0
16	Norðausturvegur—Bárðardalsvegur eystri	1,3	6,0	
82	Ólafsfjarðarvegur			
03	Þorvaldsdalsá—Dalvík	5,0		
85	Norðausturvegur			
01	Norðurlandsvegur—Háls	9,4	4,0	
1	Austurlandsvegur			
11	Rangá—Fellabær			5,0
14	Höfði—Úlfsstaðir	8,0		
39	Viðborð—Djúpá	2,1	3,0	
50	Skeiðarársandur		4,0	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
85	Norðausturvegur			
06	Um Nýpslón		7,0	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði			
01	Flugvöllur—þorp		4,0	
92	Norðfjarðarvegur			
01—02	Egilsstaðir—Háls	3,2		
04	Neðstabrú—Melshorn		7,0	10,0
07	Um Hólmaháls			4,0
93	Seyðisfjarðarvegur			
01	Um Eyvindará			12,0
03	Neðri-Stafur—Seyðisfjörður	2,9	2,0	
94	Borgarfjarðarvegur			
08	Framnes—Bakkagerði		6,0	
96	Suðurfjarðavegur			
01	Norðfjarðarvegur—Sléttukrókur		3,0	
04—05	Skriður—Brimnes			6,0
05	Brimnes—Búðir		7,0	
07	Búðir—Sævarendi	4,6		
08	Gvendarnes—Merkigil	0,9		
10	Stöðvará—Kambanes		4,0	
931	Upphéraðsvegur			
08	Hallormsstaður—Hafursá			5,0
		145,0	184,0	174,0
	Suðurland, óráðstafað		5,3	7,5
	Reykjanes, óráðstafað		4,0	6,0
	Vesturland, óráðstafað		8,8	8,1
	Vestfirðir, óráðstafað		8,2	10,7
	Norðurland vestra, óráðstafað		4,8	5,0
	Norðurland eystra, óráðstafað		7,2	10,3
	Austurland, óráðstafað		7,7	10,4
	Samtals	145,0	230,0	232,0

1.3. Sérstök verkefni.

		1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.	1988 fjárv. m. kr.
34	Eyrarbakkavegur				
05	Um Ölfusárós		18	60	60
35	Biskupstungnabraut				
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur	10			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.	1988 fjárv. m. kr.
36	Þingvallavegur				
06—01	Kárastaðir—Stardalur	20	18	9	14
41	Reykjanesbraut				
02—03	Reykjavík—Hafnarfjörður	24	41	28	11
1	Vesturlandsvegur				
05	Um Borgarfjörð	5	4		
14	Um Holtavörðuheiði	11	22	19	21
60	Vestfjarðavegur				
22	Um Dýrafjörð				12
61	Djúpvegur				
01—05	Tenging Inn-Djúps	12	26	23	10
1	Norðurlandsvegur				
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur	10	11	11	11
17	Um Héraðsvötn	3	3		
1	Norðurlandsvegur				
09—10	Eyjafjarðarbraut vestri—Vaðlaheiðarvegur		40	24	28
13	Grenivíkurvegur—Illugastaðavegur	30			
1	Austurlandsvegur				
30—32	Hof—Össurá	24	18	19	19
		149	201	193	186
	Þjóðvegir í Reykjavík	8	12	12	12
	Óráðstafað		53	68	66
	Samtals	157	266	273	264

1.4. Ó-vegir.

574	Útnesvegur				
07	Um Ólafsvíkurenni	7			
61	Djúpvegur				
25	Um Óshlíð	30	35	27	10
82	Ólafsfjarðarvegur				
06	Um Ólafsfjarðarmúla	5		10	50
		42	35	37	60
	Óráðstafað		9	13	20
	Samtals	42	44	50	80

2. Þjóðbrautir.

		1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
25	Þykkvabæjarvegur			
01—02	Suðurlandsvegur—Þykkvibær	4,0	5,0	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
26	Landvegur			
01	Suðurlandsvegur—Hagabraut		1,0	8,0
204	Meðallandsvegur			
01	Ýmsir staðir	0,2	2,0	
205	Klausturvegur			
01	Um Kirkjubæjarklaustur	1,0		
214	Kerlingardalsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Kerlingardalur	2,0		
215	Reynishverfisvegur			
01	Suðurlandsvegur—Presthús	0,4	0,5	2,0
240	Stórhöfðavegur			
02	Strandvegur—Stórhöfði	2,4	4,0	
252	Landeyjavegur			
01	Ýmsir staðir	1,4	1,0	2,0
261	Fljótshlíðarvegur			
02	Sámsstaðir—Hlíðarendi	2,0	4,5	4,0
264	Rangárvallavegur			
02—03	Gunnarsholt—Suðurlandsvegur		1,0	4,0
30	Hrunamannavegur			
04	Stóra-Laxá—Flúðir	1,1	6,0	
32	Þjórsárdalsvegur			
01	Hrunamannavegur—Stóra-Núpsvegur	3,0		5,0
33	Gaulverjabæjarvegur			
01	Suðurlandsvegur—Votmúlavegur			2,0
35	Biskupstungnabraut			
05	Skálholtsvegur—Reykjavegur	3,5	3,0	
37	Laugarvatnsvegur			
03	Um Laugardalshóla		6,0	
305	Villingaholtsvegur			
01	Ýmsir staðir	1,4	1,0	
358	Einholtsvegur			
01	Um Tungufljót			6,0
42	Krýsuvíkurvegur			
01	Reykjanesbraut—Vatnsskarð	3,4	5,3	
48	Kjósarskarðsvegur			
01	Vesturlandsvegur—Meðalfellsvegur	0,7		
425	Nesvegur			
02	Reykjanesviti—Grindavík		2,7	8,0
431	Hafravatnsvegur			
01	Suðurlandsvegur—Úlfarsfellsvegur	1,5		
50	Borgarfjarðarbraut			
01	Um Þverá hjá Geitabergi			2,2
02	Um Brennigil			2,8
02	Um Hestháls		7,9	
04	Um Kleppjárnsreyki		2,3	
05	Um Hvítá hjá Kljáfossi	3,5		
05	Um Stafholtsveggi			3,1

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
53	Hvítárvallavegur			
01	Um Andakílsárbrú	0,4		
56	Stykkishólmsvegur			
01	Vegamót—Hjarðarfell			4,6
01	Um Stórholt	4,7		
502	Svínadalsvegur			
01	Snjóastaðir			2,0
504	Leirársveitarvegur			
01	Snjóastaðir			0,9
505	Melasveitarvegur			
01	Snjóastaðir			2,0
506	Grundartangavegur			
01—02	Akranesvegur—Grundartangi	1,4	2,9	
511	Hvanneyrarvegur			
01	Hvítárvallavegur—Hvanneyri		3,6	
518	Hálsasveitarvegur			
03	Um Húsafellsskóg, Snjóastaðir			2,0
527	Varmalandsvegur			
01	Einifell—Svartagil			0,5
539	Staðarhraunsvegur			
01	Snjóastaðir			0,6
540	Hraunhreppsvegur			
01—03	Snjóastaðir			1,2
574	Útnesvegur			
04	Utan Gufuskála			1,0
581	Hörðudalsvegur eystri			
01	Um Geirshlíð		1,9	
586	Haukadalsvegur			
01	Vatn—Vatnsendi		2,9	
589	Sælingsdalsvegur			
01	Vestfjarðavegur—skóli		2,4	
590	Klofningsvegur			
02	Hafnarháls—Hóll	5,1		
04	Hnúkur—Klofningur			4,1
07	Um Tjaldanes		4,1	
59	Laxárdalsvegur			
01	Sýslumörk—Hólmavíkurvegur	5,0		
633	Vatnsfjarðarvegur			
03—04	Vatnsfjörður—Djúpvegur		14,0	
643	Strandavegur			
02	Um Selá	2,1		
645	Drangsnesvegur			
01	Strandavegur—Drangsnes	3,2		13,0
704	Miðfjarðarvegur			
01—02	Norðurlandsvegur—Bjarg	2,5		
711	Vatnsnesvegur			
07	Síðuvegur—Norðurlandsvegur		3,5	3,5

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
731	Svínvetningabraut			
02—03	Reykjabraut—Langamýri	0,4	3,0	
03	Langamýri—Norðurlandsvegur	3,0	1,5	2,5
734	Svartárdalsvegur			
01	Um Fjósaklif			2,0
745	Skagavegur			
06—07	Keta—Skefilsstaðir	2,5		
09	Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur	0,2	1,0	
752	Skagafjarðarvegur			
01	Norðurlandsvegur—Héraðsdalsvegur		2,5	
754	Héraðsdalsvegur			
01	Um Stapasneiðing		1,2	
758	Austurdalsvegur			
01	Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur	1,0		
767	Hólavegur			
01	Víðinesá—Hólar		0,5	
02	Um Hóla		1,0	
769	Ásavegur			
01	Siglufjarðarvegur—Neðri-Ás			2,2
783	Höfðastrandarvegur			
01	Enni—Siglufjarðarvegur			2,5
787	Flókadalsvegur			
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur	1,9	1,8	
792	Flugvallarvegur í Siglufirði			
02	Siglufjörður—flugvöllur			3,3
83	Grenivíkurvegur			
01	Norðurlandsvegur—Ystavík		12,0	
02	Um Fagrabæ		2,5	
806	Tunguvegur			4,5
811	Hjalteyrarvegur			
01	Ólafsfjarðarvegur—Bakkavegur	3,6		
813	Möðruvallavegur	0,8		
814	Staðarbakkavegur			1,5
821	Eyjafjarðarbraut vestri			
05	Eyjafjarðarbraut eystri—Saurbær		4,0	
822	Kristnesvegur	1,0		
824	Finnastaðavegur	0,7		
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
02	Syðra-Laugaland—Klauf	3,4		
833	Illugastaðavegur		0,5	
842	Bárðardalsvegur vestri			
04	Við Mýri	0,6		
844	Bárðardalsvegur eystri			
01	Kálfborgará—Arnarstaðir			6,7
848	Mývatnssveitarvegur			
01	Skútustaðir—Garður			4,7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
851	Út-Kinnarvegur			0,6
852	Sandsvegur			1,0
858	Flugvallarvegur Aðaldal	1,4		
864	Hólsfjallavegur			
04	Hafursstaðir—Norðausturvegur		1,0	
870	Kópaskersvegur	1,2		
94	Borgarfjarðarvegur			
01	Mýnes—Eiðar			3,0
05	Um Bóndastaðaháls	3,2		
08	Skriður—Framnes		4,0	
929	Fellavegur		1,5	
931	Upphéraðsvegur			
08	Hallormsstaður—Mjóanes	4,0	5,0	
934	Múlavegur			2,0
943	Hjaltastaðarvegur			4,0
953	Mjóafjarðarvegur		2,5	
954	Helgustaðavegur		2,0	
955	Flugvallarvegur Norðfirði			2,0
961	Flugvallarvegur Breiðdalsvík		1,0	
964	Breiðdalsvegur			4,0
966	Flugvallarvegur Djúpavogi	3,0		
	Vegir í jaðarbyggðum:			
612	Örlygshafnarvegur			
03	Um Örlygshöfn	6,6		
745	Skagavegur			
03—04	Krókssel—sýslumörk	3,9		
94	Borgarfjarðarvegur			
05	Um Bóndastaðaháls	3,2		
917	Hlíðarvegur			
02	Um Sleðbrjót	3,5		
		105,0	137,0	131,0
	Suðurland, óráðstafað		8,6	11,2
	Reykjanes, óráðstafað		2,1	2,7
	Vesturland, óráðstafað		6,9	9,0
	Vestfirðir, óráðstafað		3,5	4,6
	Norðurland vestra, óráðstafað		4,0	5,2
	Norðurland eystra, óráðstafað		5,0	6,3
	Austurland, óráðstafað		3,9	5,0
	Samtals	105,0	171,0	175,0

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1985 fjárv. m. kr.	1986 fjárv. m. kr.	1987 fjárv. m. kr.
Stóra-Laxá (30)	20,2		
Laxá hjá Hækingsdal (sýsluv. Kj.)	2,7		
Hvítá (50)	4,7		
Kverná (57)	4,0		
Selá (643)	7,4		
Vesturá (704)	0,7		
Einarsstaðaár (96)	4,0		
Bjarnardalsá (60)	2,7	3,1	3,1
Gilsá (96)	1,3	2,5	
Elliðaár (411)		4,7	
Tungufljót á Einholtsvegi (358)		10,7	
Kirkjufellsá (57)		3,3	
Kaldá hjá Hraunsmúla (sýsluv. Snæ.)		1,2	
Sandá í Dýrafirði (622)		5,8	
Dynjandisá (60)		4,1	
Ósá (62)		6,6	
Hofsá (783)		3,3	
Branda (Sýsluv. Eyj.)		2,5	
Brýr á Gæsavatnaleið (F98)		4,9	
Varmá í Hveragerði (sýsluv. Árn.)		3,3	
Litlaá (1)			7,4
Þverá hjá Geitabergi (50)			4,1
Fróðá (54)			9,1
Vatnsdalsá (60)			9,9
Guðlaugsvíkurá (68)			5,8
Hofsá á Hofsósi (Þ. Þ.)			13,8
Óráðstafað		14,0	17,8
Samtals	47,7	70,0	71,0

3. Við III. FLOKKUN VEGA. *3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.*
   a. Við bætist nýr liður í töluröð:
      218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.
   b. Við 527. Liðurinn orðist svo:
      Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
   c. Við 722. Liðurinn orðist svo:
      Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
   d. Við bætast nýir liðir í töluröð:
      723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
      761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
   e. Við 762. Liðurinn orðist svo:
      Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
   f. Við bætist nýr liður í töluröð:
      766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklhóli.
4. Við III. FLOKKUN VEGA. *3.2.1. Stofnbrautir.*
   a. Við **30 Skeiða- og Hrunamannavegur:**
      Í stað „Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur“ komi: Suðurlandsvegur — Flúðir.
   b. Við bætist nýr liður í töluröð:
      37 Laugarvatnsvegur:
      Biskupstungnabraut — Laugarvatn.

Ed. 941. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, VI, JK, EgJ).

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

15.1 Árlega skal verja sem svarar 0,5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi til tóbaksvarnastarfs.

15.2 Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem samið er og flutt af meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar, er fylgifrumvarp með stjórnarfrumvarpi um verslun ríkisins með áfengi og stjórnarfrumvarpi um gjöld af tóbaksvörum. Skv. ofangreindum frumvörpum, verði þau að

lögum, fellur einkaréttur ríkis til verslunar með tóbak niður frá og með 1. janúar n. k. Eins og kunnugt er skal skv. 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, verja 2‰ af brúttósölutekjum ÁTVR til tóbaksvarnastarfs. Ljóst er að um leið og ríkið missir einkasölurétt sinn á tóbaki verður mörkun fjárframlaga til tóbaksvarna ekki komið við með þessum hætti. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu gerð tillaga um að 0,5% af tekjum ríkisins af tóbaksgjaldi, sbr. 1. gr. frumvarps til laga um gjöld af tóbaksvörum, verði varið til tóbaksvarna. Miðað við áætlaðar tekjur af tóbaksgjaldi á verðlagi þessa árs næmi árlegt framlag til tóbaksvarna um 2,85 m. kr. Fjárhæð þessi er sambærileg þeirri fjárhæð sem varið er til tóbaksvarna skv. gildandi lögum. Frumvarpi þessu er m. ö. o. ætlað að tryggja að fjárframlög til tóbaksvarna verði með sama hætti og nú tíðkast þrátt fyrir þá kerfisbreytingu sem framangreind frumvörp fela í sér.

Ed. 942. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og fengið ýmsa til viðræðna þ. á m. tóbaksvarnanefnd. Að athuguðu máli leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. Jafnframt flytur meiri hl. sérstakt frumvarp, sem fylgir frumvarpi þessu, til að tryggja að jafnhárri upphæð verði héðan í frá eins og hingað til varð til tóbaksvarna.

Alþingi, 17. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Jón Kristjánsson.

Egill Jónsson.

Ed. 943. Breytingartillögur [428. mál]

við frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, VI, JK, EgJ).

1. Við 10. gr. Greinin falli niður.
2. Við 12. gr. sem verður 11. gr. Síðari málsl. falli brott.

Ed. 944. Frumvarp til laga [505. mál]

um sjóði atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til eftirgreindra sjóða atvinnuveganna: Búnaðarsjóðs, Iðnaðarsjóðs og Sjávarútvegssjóðs. Þegar vísað er til sjóða í lögunum er átt við þessa þrjá sjóði nema annað sé tekið fram.

Sjóðirnir eru, hver um sig, sjálfstæðar stofnanir.

II. KAFLI

Búnaðarsjóður.

2. gr.

Hlutverk Búnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs skal skipuð 5 mönnum sem landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn að loknum ársfundi sjóðsins, sbr. 4. gr. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

Ársfundur, sbr. 4. gr., ákveður þóknun stjórnarmanna.

4. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur Búnaðarsjóðs. Stjórn sjóðsins boðar til fundarins. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins leggja fram til umræðu og afgreiðslu ársskýrslu sjóðsins og reikninga fyrir liðið ár. Fundurinn kýs endurskoðendur sjóðsins, sbr. 51. gr., og ákveður þóknun stjórnarmanna, sbr. 3. gr. Ársfundur getur ákveðið að hluti ráðstöfunarfjár Búnaðarsjóðs skuli renna í sérstaka deild innan sjóðsins, sbr. 11. gr. og 14. gr.

Ársfundur getur gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins.

Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga 10 fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda og 10 fulltrúar tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands.

Stjórn sjóðsins getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

5. gr.

Verkefni stjórnar Búnaðarsjóðs eru þessi:

1. Að ráða forstöðumann sjóðsins.
2. Að ákveða starfsskipulag sjóðsins að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir sjóðinn til eins árs í senn.
4. Að ákveða hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.
5. Að taka ákvarðanir um lántökur sjóðsins.
6. Að setja reglur um lánakjör sjóðsins.
7. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og um úthlutun á styrkjum úr sjóðnum, sbr. 11. gr.
8. Að ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins ásamt kjörnum endurskoðendum, sbr. 51. gr.

6. gr.

Forstöðumaður Búnaðarsjóðs hefur á hendi alla daglega stjórn sjóðsins samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar. Forstöðumaður ræður sjóðnum starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

7. gr.

Búnaðarsjóður veitir lán í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara.

Stjórn sjóðsins ákveður hvort sjóðurinn lánar beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

8. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs ákveður hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánum úr sjóðnum. Metur stjórnin það í hverju tilviki hvort trygging sé fullnægjandi.

Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

9. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs ákveður lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins. Stjórninni er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll séu mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán úr sjóðnum getur stjórnin ákveðið að lánakjör séu hagstæðari fyrir lántakendur og lánshlutföll hærri en ella væri.

10. gr.

Búnaðarsjóður getur veitt ábyrgðir á lánum í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

11. gr.

Innan Búnaðarsjóðs skal starfa sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr deild þessari lán eða styrki til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum og til atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma framleiðslu í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Lán sem veitt eru skv. 2. mgr. þessarar lagagreinar getur sjóðsstjórn ákveðið að afskrifa ef verkefni, er lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sjóðsins er í samræmi við hlutverk deildarinnar heimilt að ráðstafa fjármunum hennar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

12. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs er heimilt að ákveða að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum, enda samrýmist slík þátttaka hlutverki sjóðsins, sbr. 2. gr. laga þessara.

13. gr.

Búnaðarsjóður tekur, við gildistöku laga þessara, við öllum eignum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Byggingastofnunar landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 45/1971, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 89/1966 og Fiskræktarsjóðs samkvæmt XIV. kafla laga nr. 76/1970, svo og skuldbindingum þessara aðila.

14. gr.

Tekjur Búnaðarsjóðs eru:

1. Eignir Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Fiskræktarsjóðs.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, er hér segir:
   a) ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, land- og veiðileigu.
   b) 1% á annað sem gjaldskylt er.
   Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara, er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af sexmannanefnd, skal miða við áætlað heildsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heildsölustigi skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar.
   Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
4. Jöfnunargjald 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.
5. Gjald af skírum veiðitekjum skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, 2% er innheimtist af veiðifélögum.
6. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.
7. 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu sem selja orku til almennings.
8. Önnur framlög.
9. Fjármagnstekjur.

Búnaðarsjóður getur samið við annan aðila um að hann annist innheimtu á gjöldum samkvæmt þessari grein. Skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Eignir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og sérstök framlög, þ. á m. eftir atvikum hluti ráðstöfunarfjár Búnaðarsjóðs samkvæmt ákvörðun ársfundar sjóðsins hverju sinni, skulu renna í sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs, sbr. 11. gr. laga þessara. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

15. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Búnaðarsjóðs, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð.

III. KAFLI

Iðnaðarsjóður.

16. gr.

Hlutverk Iðnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum.

17. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs skal skipuð 5 mönnum sem iðnaðarráðherra skipar til eins árs í senn að loknum ársfundi sjóðsins, sbr. 18. gr. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda og tveir samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

Ársfundur, sbr. 18. gr., ákveður þóknun stjórnarmanna.

18. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur Iðnaðarsjóðs. Stjórn sjóðsins boðar til fundarins. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins leggja fram til umræðu og afgreiðslu ársskýrslu sjóðsins og reikninga fyrir liðið ár. Fundurinn kýs endurskoðendur sjóðsins, sbr. 51. gr., og ákveður þóknun stjórnarmanna, sbr. 17. gr.

Ársfundur getur gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins.

Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga 10 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra iðnrekenda og 10 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna.

Stjórn sjóðsins getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

19. gr.

Verkefni stjórnar Iðnaðarsjóðs eru þessi:

1. Að ráða forstöðumann sjóðsins.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir sjóðinn til eins árs í senn.
4. Að ákveða hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.
5. Að taka ákvarðanir um lántöku sjóðsins.
6. Að setja reglur um lánakjör sjóðsins.
7. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og úthlutun á styrkjum úr sjóðnum, sbr. 25. gr.
8. Að ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins, ásamt kjörnum endurskoðendum, sbr. 51. gr.

20. gr.

Forstöðumaður Iðnaðarsjóðs hefur í hendi alla daglega stjórn sjóðsins samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Forstöðumaður ræður sjóðnum starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

21. gr.

Iðnaðarsjóður veitir lán í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 16. gr. laga þessara.

Stjórn sjóðsins ákveður hvort sjóðurinn lánar beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

22. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs ákveður hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánum úr sjóðnum. Metur stjórnin það í hverju tilviki hvort trygging sé fullnægjandi.

Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

23. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs ákveður lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins. Stjórninni er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll séu mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán úr sjóðnum getur stjórnin ákveðið að lánakjör séu hagstæðari fyrir lántakendur og lánshlutföll hærri en ella væri.

24. gr.

Iðnaðarsjóður getur veitt ábyrgðir á lánum í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 16. gr. laga þessara, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

25. gr.

Innan Iðnaðarsjóðs skal starfa sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita árlega úr deild þessari lán eða styrki til eftirgreindra verkefna:

1. Vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir iðnaðarins eða annarra atvinnugreina.

Lán, sem veitt eru samkvæmt þessari lagagrein, getur sjóðsstjórn ákveðið að afskrifa ef verkefni, er lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sjóðsins er, í samræmi við hlutverk deildarinnar, heimilt að ráðstafa fjármunum hennar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

26. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs er heimilt að ákveða að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum enda samrýmist slík þátttaka hlutverki sjóðsins, sbr. 16. gr. laga þessara.

27. gr.

Iðnaðarsjóður tekur, við gildistöku laga þessara, við öllum eignum Iðnlánasjóðs, þ. á m. eignum lánadeildar iðngarða, samkvæmt lögum nr. 65/1967, svo og skuldbindingum sjóðsins.

28. gr.

Tekjur Iðnaðarsjóðs eru:

1. Eignir Iðnlánasjóðs.
2. Sérstakt gjald er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal gjald þetta nema 0,25% af aðstöðugjaldsstofni sem á er lagt skv. V. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú, svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29/1885, um lögtak og fleira. Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.
3. Önnur framlög.
4. Fjármagnstekjur.

Eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs skulu renna í sérstaka deild innan Iðnaðarsjóðs, sbr. 25. gr. laga þessara. Í deild þessa skulu og renna 4/7 hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. 2. tl. þessarar lagagreinar. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

3/7 hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. 2. tl. þessarar lagagreinar, skulu renna óskiptir til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

29. gr.

Iðnaðarráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Iðnaðarsjóðs, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð.

IV. KAFLI

Sjávarútvegssjóður.

30. gr.

Hlutverk Sjávarútvegssjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum.

31. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs skal skipuð 5 mönnum sem sjávarútvegsráðherra skipar til eins árs í senn að loknum ársfundi sjóðsins, sbr. 32. gr. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga og Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, en verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu skal ráðherra tilnefna fulltrúa þessa. Einn stjórnarmanna skal skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en verði þessir aðilar ekki sammála skal ráðherra tilnefna hann. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

Ársfundur, sbr. 32. gr., ákveður þóknun stjórnarmanna.

32. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur Sjávarútvegssjóðs. Stjórn sjóðsins boðar til fundarins. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins leggja fram til umræðu og afgreiðslu ársskýrslu sjóðsins og reikninga fyrir liðið ár. Fundurinn kýs endurskoðendur sjóðsins, sbr. 51. gr., og ákveður þóknun stjórnarmanna, sbr. 31. gr.

Ársfundur getur gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins.

Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga 5 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og 3 fulltrúar tilnefndir af hverjum eftirtalinna aðila: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Stjórn sjóðsins getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

33. gr.

Verkefni stjórnar Sjávarútvegssjóðs eru þessi:

1. Að ráða forstöðumann sjóðsins.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir sjóðinn til eins árs í senn.
4. Að ákveða hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.
5. Að taka ákvarðanir um lántökur sjóðsins.
6. Að setja reglur um lánakjör sjóðsins.

7. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og um úthlutun á styrkjum úr sjóðnum, sbr. 39. gr.
8. Að ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins, ásamt kjörnum endurskoðendum, sbr. 51. gr.

34. gr.

Forstöðumaður Sjávarútvegssjóðs hefur á hendi alla daglega stjórn sjóðsins samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Forstöðumaður ræður sjóðnum starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

35. gr.

Sjávarútvegssjóður veitir lán í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 30. gr. laga þessara.

Stjórn sjóðsins ákveður hvort sjóðurinn lánar beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

36. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs ákveður hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánum úr sjóðnum. Metur stjórnin það í hverju tilviki hvort trygging sé fullnægjandi.

Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

37. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs ákveður lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins. Stjórninni er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll séu mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán úr sjóðnum getur stjórnin ákveðið að lánakjör séu hagstæðari fyrir lántakendur og lánshlutföll hærri en ella væri.

38. gr.

Sjávarútvegssjóður getur veitt ábyrgðir á lánum í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 30. gr. laga þessara, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

39. gr.

Innan Sjávarútvegssjóðs skal starfa sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita árlega úr deild þessari lán eða styrki til eftirgreindra verkefna:

1. Hafrannsókna.
2. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.
3. Tilrauna til veiða með nýjum aðferðum eða veiðarfærum.
4. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
5. Markaðsleitar fyrir sjávarafurðir.
6. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins eða annarra atvinnugreina.

Lán, sem veitt eru samkvæmt þessari lagagrein, getur sjóðsstjórn ákveðið að afskrifa ef verkefni, er lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sjóðsins er, í samræmi við hlutverk deildarinnar, heimilt að ráðstafa fjármunum hennar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

40. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs er heimilt að ákveða að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum enda samrýmist slík þátttaka hlutverki sjóðsins, sbr. 30. gr. laga þessara.

41. gr.

Sjávarútvegssjóður tekur, við gildistöku laga þessara, við öllum eignum Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1976, Fiskimálasjóðs samkvæmt lögum nr. 89/1947 og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 9/1944, svo og skuldbindingum þessara sjóða.

42. gr.

Tekjur Sjávarútvegssjóðs eru:

1. Eignir Fiskveiðasjóðs, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.
2. Sá hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem rennur til sjóðsins lögum samkvæmt.
3. Önnur framlög.
4. Fjármagnstekjur.

Eignir Fiskimálasjóðs skulu renna í sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs, sbr. 39. gr. laga þessara. Í deild þessa skulu og renna 5% af tekjum sjóðsins samkvæmt 2. tl. þessarar lagagreinar. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

43. gr.

Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs í lögum nr. 4/1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, og skal Stofnfjársjóður fiskiskipa starfa sem sérstök deild við Sjávarútvegssjóð.

44. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Sjávarútvegssjóðs, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

45. gr.

Stjórn hvers sjóðs er heimilt að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur sjóðsins.

46. gr.

Hverjum sjóði er heimilt, innan ramma lánsfjárlaga, að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

47. gr.

Umsóknir um lán, ábyrgðir eða styrki úr sjóðunum skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ítarleg lýsing á því hvernig verja eigi fénu.
2. Upplýsingar um tryggingar sem umsækjandi getur sett fyrir láni eða ábyrgð.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar sem máli skipta.

Stjórn hvers sjóðs getur látið gera sérstök umsóknareyðublöð sem umsækjendur skulu útfylla.

48. gr.

Sjóðirnir eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

49. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni ef eign er veðsett einhverjum sjóðanna og skal sjóðnum gert aðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

50. gr.

Stjórnarmenn, forstöðumaður og aðrir starfsmenn sjóðanna eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

51. gr.

Ársfundur hvers sjóðs kýs árlega tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins.

VI. KAFLI

Gildistaka o. fl.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

53. gr.

Með lögum þessum eru felldir úr gildi I. og XII. kafli og 74. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingastofnun landbúnaðarins, ásamt síðari breytingum, lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, ásamt síðari breytingum, XIV. kafli laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, 2. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, og 2. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Búnaðarsjóður kemur í stað Stofnlánadeildar landbúnaðarins í 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, c-lið 47. gr. og 57. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, um breyting á þeim lögum, og í 1. mgr. 10. gr. jarðræktarlaga, nr. 79/1972.

Stjórn Búnaðarsjóðs kemur í stað fulltrúa Búnðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins í 2. gr. og 6. gr. laga nr. 12/1984, um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.

54. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Iðnlánasjóð, nr. 68/1967, ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarsjóður skal koma í stað Iðnlánasjóðs í lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, og einnig að því er varðar tilnefningar í framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs, sbr. 4. gr. laga nr. 9/1970.

55. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976, ásamt síðari breytingum, lög um Fiskimálasjóð, nr. 89/1947, ásamt síðari breytingum, og lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944.

56. gr.

3. töluliður 4. gr. laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

3. Til Sjávarútvegssjóðs ..... 18,8%.

57. gr.

3. töluliður 3. gr. laga nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, orðist svo:

3. Til Sjávarútvegssjóðs ..... 24%.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Er lög þessi hafa verið samþykkt skal skipa fyrstu stjórn hvers sjóðs með þeim hætti er um ræðir í 3., 17. og 31. gr. Skulu stjórnir þessar sitja þar til nýjar stjórnir verða skipaðar að loknum fyrstu ársfundum sjóðanna er haldnir skulu fyrir lok maímánaðar 1986.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Búnaðarsjóður greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1985 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 19. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m. a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis:

„Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, verði fækkað í þrjá: Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutverki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi."

Frumvarp þetta er að stofni til samið af nefnd sem skipuð var þann 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson, alþingismaður, Stefán Guðmundsson, alþingismaður og Valur Valsson, bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson, hrl., Eiríkur Tómasson, hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson, deildarstjóri og síðar forstjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur samið lagafrumvarp um sjóðina þrjá sem í samkomulagi stjórnarflokkanna greindi. Samkvæmt frumvörpunum leysir Búnaðarsjóður af hólmi Stofnlánadeild landbúnaðarins og Framleiðnisjóð landbúnaðarins, auk þess sem Byggingarstofnun landbúnaðarins og Fiskræktarsjóður eru lögð niður. Iðnaðarsjóður yfirtekur Iðnlánasjóð og Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.

Við frumvarpsgerðina var leitast við að samræma löggjöf um sjóðina þrjá eftir því sem unnt reyndist. Skal nú gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum sem eru sameiginlg fyrir sjóðina þrjá samkvæmt frumvarpinu.

1. Sjóðirnir verða sjálfstæðar stofnanir. Lögbundin framlög úr ríkissjóði eru afnumin, en ákvæði núgildandi laga um tekjuöflun sjóðanna í formi gjalda á viðkomandi atvinnugreinar haldast svo til óbreytt.
2. Sjóðirnir öðlast fullt sjálfstæði til að ákveða til hvaða atvinnugreina og viðfangsefna þeir lána, hverra trygginga skuli krafist og hver vera skuli lánshlutföll, vaxtakjör og önnur lánakjör. Lög munu þannig ekki vera því lengur til fyrirstöðu að sjóðirnir láni til „heimilislausra" atvinnugreina, eða atvinnufyrirtækja hvers annars, en ákvarðanir um slíkt verða í höndum viðkomandi sjóðsstjórnar og þar með í reynd í höndum viðkomandi atvinnugreinar.
3. Stjórn hvers sjóðs ákveður hvort sjóðurinn skuli lána beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana. Í þessu felst að sjóðirnir geta valið á milli mismunandi leiða:
   a) Þeir geta lánað beint og annast afgreiðslu lánanna sjálfir.
   b) Þeir geta ákveðið að lánsumsóknir þurfi að fara í gegnum viðskiptabanka umsækjenda sem láti þá í té umsögn, auk þess sem sjóðirnir gætu ákveðið að setja það sem skilyrði fyrir lánveitingu að viðskiptabanki eða önnur lánastofnun ábyrgist lánið.

c) Þeir geta endurkeypt skuldabréf af viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.
d) Þeir geta lánað viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum beint, enda hyggist viðkomandi stofnanir endurlána féð til viðfangsefna sem samrýmast hlutverki viðkomandi sjóðs.

Hver sjóður gæti hvort heldur er valið eina af ofangreindum leiðum eða blöndu af þeim og gæti því hugsast að sjóðirnir störfuðu að þessu leyti hver með sínum hætti.

4. Stjórnum sjóðanna er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll verði mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Með þessu móti er sjóðunum gert kleift að aðlaga lánshlutföll, vaxta- og önnur lánakjör þeim tryggingum sem settar eru og þar með þeirri áhættu sem tekin er í hverju tilfelli. Jafnframt er tekið sérstaklega fram í frumvörpunum að þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán megi hafa lánakjör hagstæðari lántakendum og lánshlutföll hærri en ella væri. Slíkt fyrirkomulag gæti stuðlað að því að lánveitingar sjóðanna færu fram í gegnum bankakerfið.
5. Felld eru úr lögum ákvæði um að tiltekinn viðskiptabanki skuli hafa á hendi daglegan rekstur eða stjórn hvers sjóðs. Hins vegar er stjórnum sjóðanna veitt heimild til þess að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur.
6. Starfsemi sjóðanna verður fyrst og fremst í því fólgin að sjóðirnir veiti lán eða ábyrgðir. En jafnframt er lagt til að innan hvers sjóðs starfi sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í viðkomandi eða öðrum atvinnugreinum og er sjóðstjórn bæði heimilt að veita lán og styrki úr þessari deild.

Heimilt er að afskrifa slík lán ef verkefni sem lánað hefur verið út á ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er og heimilt að ráðstafa fjármunum hinna sérstöku deilda til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

Hin sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs tekur við eignum og tekjum Fiskimálasjóðs, hin sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs við eignum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins (Framleiðnisjóður hefur engar lögbundnar tekjur) og hin sérstaka deild innan Iðnaðarsjóðs við eignum og tekjum vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Ber að halda fé og fjármagnstekjum hinna sérstöku deilda aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðanna.

7. Stjórnum sjóðanna er heimilt að ákveða að þeir taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum að því marki sem slík þátttaka samrýmist hlutverki sjóðanna.
8. Teknar eru upp heimildir fyrir sjóðina til að taka lán erlendis í eigin nafni innan ramma lánsfjárlaga. Á hinn bóginn eru felld brott ákvæði um að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar sjóðanna, þótt ríkisábyrgð héldist að sjálfsögðu að því er varðar skuldbindingar sem stofnað hefur verið til með ríkisábyrgð áður en nýju lögin taka gildi. Samkvæmt þessu yrðu sjóðirnir framvegis að sækja um ríkisábyrgð á einstökum lántökum eða skuldbindingum til þess að henni yrði til að dreifa.
9. Felld eru brott ákvæði um það hvenær heimilt sé að telja lán eða eftirstöðvar lána úr sjóðunum fallin í gjalddaga án uppsagnar og um heimild sjóðanna til að láta selja veð við opinber uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, enda slík lagaákvæði óþörf, þar sem sjóðirnir geta áskilið sér þennan rétt í skuldabréfum þeim sem lántakendur gefa út til viðurkenningar skuld sinni.

Sama máli gegnir um lagaákvæði varðandi heimildir sjóðanna til að gengistryggja endurlán erlends lánsfjár. Slík ákvæði í einstökum lögum eru nú óþörf vegna almennra heimilda í lögum nr. 13/1979.

10. Æðsta vald í málefnum hvers sjóðs verður í höndum 5 manna stjórnar, sem skipuð verður af ráðherra til eins árs í senn. Skulu 4 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningum, en einn skipar ráðherra á tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur viðkomandi sjóðs. Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga samtals 20 fulltrúar, tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna stjórnarmenn. Stjórn hvers sjóðs getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

Hlutverk ársfundar er að ræða og afgreiða ársskýrslu og reikninga viðkomandi sjóðs, en stjórnin skal leggja hvort tveggja fyrir fundinn. Einnig kýs ársfundur endurskoðendur sjóðsins og ákveður þóknun stjórnarmanna. Loks er tekið fram í frumvörpunum að ársfundur geti gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Ákvörðunarvaldið er þó eftir sem áður hjá stjórninni.

Um Búnaðarsjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Búnaðarsjóður við öllum eignum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggingarstofnunar landbúnaðarins, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Fiskræktarsjóðs, svo og skuldbindingum þessara sjóða. Skal sjóðunum nú lýst stuttlega.

Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins gilda lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 ásamt síðari breytingum. Hún er deild í Búnaðarbanka Íslands og heyrir undir landbúnaðarráðherra. Bankaráð Búnaðarbankans er jafnframt stjórn deildarinnar, en þegar bankaráðið fjallar um málefni deildarinnar taka þar sæti til viðbótar bankaráðsmönnum 2 fulltrúar. Er annar tilnefndur af Stéttarsambandi bænda en hinn af Búnaðarfélagi Íslands, báðir til 4 ára. Hlutverk Stofnlánadeildar er að auka framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins með lánveitingum:

1. Til jarðakaupa.
2. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt, lax- og silungseldi.
3. Til vinnslustöðva landbúnaðarins.
4. Til heykögglaverksmiðja, heyþurrkunarstöðva, til viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir, til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

Tekjur Stofnlánadeildar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs.
2. Gjald á söluvöru og þjónustu landbúnaðarins, þ. e. ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskirækt, land- og veiðileigu en 1% á annað, sem gjaldskylt er.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara er nemur 1%.
4. Jöfnunargjald, 1%, er reiknað skal á sama hátt og segir í 3.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2. og 3.
6. Vaxtatekjur.

Búnaðarbanka Íslands er heimilt að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar að taka lán vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

Á Stofnalánadeildina er lögð ákveðin framlags- og greiðsluskylda til Lífeyrissjóðs bænda.

Starfsmenn Stofnlánadeildar eru 10.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu deildarinnar 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	412,9 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984 .	1 694,8 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	269,1 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	1 319,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	248,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	23,0 milljónir króna

Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Um hann gilda lög nr. 89 frá 17. desember 1966, með síðari breytingum. Sjóðurinn heyrir undir landbúnaðarráðherra, sem skipar honum 5 manna stjórn til fjögurra ára í senn. Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tilnefna hver 1 mann í stjórn sjóðsins, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði og sér um bókhald hans og rekstur eftir nánara samkomulagi við stjórn sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki úr sjóðnum má m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana.

Í lögum um sjóðinn eru ákvæði um stofnfé hans og greiðslu framlaga til hans úr ríkissjóði á árunum 1972—1976 en engin ákvæði um tekjur.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hygmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Skuldabréfaeign 31.12.1984	3,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	33,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	0,3 milljónir króna

Fiskræktarsjóður.

Um Fiskræktarsjóð gildir XIV. kafli laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Með stjórn sjóðsins fara Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri, en ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum eru háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda og mæli með styrkveitingu.

Tekjur Fiskræktarsjóðs eru sem hér segir:

a) fjárveiting úr ríkissjóði,
b) gjald af „skírum" veiðitekjum 2%,
c) tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins,
d) 3‰ af „óskírum" tekjum vatnsaflsstöðva í landinu sem selja orku til almennings,
e) vaxtatekjur.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	1,6 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984	1,0 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	1,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	0,8 milljónir króna

Um Iðnaðarsjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Iðnaðarsjóður við öllum eignum Iðnlánasjóðs svo og skuldbindingum sjóðsins.

Um Iðnlánasjóð gilda lög nr. 68 frá 1967 með síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun er lýtur yfirumsjón ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál. Ráðherra skipar sjóðnum 3 manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna er skipaður án tilnefningar en stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn Félags ísl. iðnrekenda tilnefna hvor sinn manninn. Daglegan rekstur Iðnlánasjóðs hefur Iðnaðarbanki Íslands á hendi samkvæmt sérstökum samningi. Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum. Sjóðurinn veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.
6. Til tölvukaupa.
7. Þegar sérstakar ástæður mæla með má lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. Gjald, 0,25%, er innheimtist af iðnaðinum í landinu.
2. Framlag ríkissjóðs, 0,5 m. kr. ár hvert.
3. Vextir.

Sjóðnum er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán í innlendri eða erlendri mynt. Í lögunum segir, að stofna skuli í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er veiti stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum. Tekjur lánadeildarinnar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að vera úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Árin 1980—1983 skyldu renna allt að 2,5 milljónir króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar.
4. Vextir og vísitöluálög.

Með lögum nr. 55/1984 var Iðnrekstrarsjóður lagður niður en jafnframt stofnuð við Iðnlánasjóð vöruþróunar- og markaðsdeild. Hlutverk hennar er að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins, að örva nýsköpun og auka útflutning iðnaðarvara með:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlagi til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna og þróunarverkefna.
5. Kaupum og sölu hlutabréfa í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

Ráðstöfunarfé deildarinnar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við gildistöku laga nr. 55/1984.
2. 4/7 hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu.
3. Framlag ríkissjóðs er skal að lágmarki vera jafnhátt gjald skv. 2.
4. 2/7 af gjaldi því, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu og skal þeim hlut ráðstafað beint til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánum deildarinnar.
6. Aðrar tekjur.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

Starfsmenn sjóðsins eru 2,5 menn fastir.
Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu Iðnlánasjóðs 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	423,9 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984	1 759,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	409,9 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	1 615,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	305,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	9,7 milljónir króna

Um Sjávarútvegssjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Sjávarútvegssjóður við öllum eignum Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, svo og skuldbindingum þessara sjóða. Skal sjóðum þessum nú lýst stuttlega.

Fiskveiðasjóður Íslands.

Um sjóðinn gilda lög nr. 44/1976 með síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins. Útvegsbankanum er ætlað að veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsráðherra en lýtur sérstakri stjórn 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Einn stjórnarmanna er skipaður án tilnefningar en 6 eru skipaðir samkv. tilnefningu. Seðlabanki, Landsbanki, Útvegsbanki og L. Í. Ú. tilnefna hver 1 mann. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild S. Í. S. og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda tilnefna 1 mann sameiginlega og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefna sameiginlega 1 mann í stjórn sjóðsins. Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðuðum og eldri, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

Auk stofnfjár er fjáröflun til Fiskveiðasjóðs sem hér segir:

1. Vextir af lánum og öðrum kröfum.
2. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.
3. Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. 2. greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð, er nemur ¾ af tekjum skv. 2.
4. Til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. 2. og 3. greiðir ríkissjóður honum árlega 0,35 m. kr.
5. Lántökur innanlands og erlendis.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum.
Starfsmenn sjóðsins eru 20.
Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	605,3 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984	8 386,3 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	1 604,5 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	7 893,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	1 239,0 milljónir króna
Rekstarkostnaður 1984	21,0 milljónir króna

Fiskimálasjóður.

Um Fiskimálasjóð gilda lög nr. 89 frá 5. júní 1947 með síðari breytingum. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Sameinað þing kýs honum 5 manna stjórn til þriggja ára í senn. Fé Fiskimálasjóðs skal verja til sjávarútvegs á eftirfarandi hátt:

1. Sjóðurinn veitir styrki til:
   a. Hafrannsókna.
   b. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.
   c. Tilrauna til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
   d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
   e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
   f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

   Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.
2. Sjóðurinn má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja er horfa til eflingar fiskveiða og hagnýtingar sjávarafla. Þessi lán skulu einkum veitt til þeirra staða þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja en lítið fjármagn fyrir hendi.

Tekjur Fiskimálasjóðs eru auk eigna Fiskimálasjóðs, sem starfaði samkv. lögum nr. 75 31. desember 1937:

1. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
2. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

Stjórn Fiskimálasjóðs er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

Starfsmenn sjóðsins eru 2.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	9,2 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984 ...	24,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	14,9 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	5,1 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	6,6 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	1,5 milljónir króna

Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa.

Á fjárlögum fyrir árið 1944 22. gr. XX. lið, var ríkisstjórninni heimilað að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins 5 milljónum króna til byggingar fiskiskipa samkvæmt reglum sem Alþingi samþykkir. Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði mál þetta til athugunar. Hún gat ekki komið sér saman um hvernig fénu skyldi varið, en að lokum flutti meiri hluti nefndarinnar frumvarp til laga um að stofnaður yrði sérstakur styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og varð frumvarpið að lögum nr. 9/1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Lög nr. 9/1944 eru enn í gildi og gengur sjóðurinn undir nafninu **„Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa“** og er í vörslu sjávarútvegsráðherra. Sjóðnum var í upphafi ætlað mikið hlutverk og skyldi verja fé úr sjóðnum til umsækjenda er smíða vildu fiskiskip og var annað hvort um að ræða beina styrki eða vaxtalaus lán sbr. 1. gr. laganna. Við ákvörðun um styrk- eða lánveitingu átti skv. 4. gr. að taka tillit til efnahags umsækjanda og skv. 2. gr. laganna gat enginn fengið úthlutun úr sjóðnum nema skipin væru smíðuð samkvæmt teikningu er atvinnumálaráðuneytið hefði samþykkt. Sama gilti um vél skipsins. Smíði skipanna skyldi fara fram undir eftirliti skipaskoðunarmanna er atvinnumálaráðuneytið tilnefndi hverju sinni.

Samkvæmt lögunum skyldi atvinnumálaráðherra skipa 5 manna nefnd er veitti lán eða styrki úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skyldu 4 nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður skipaður án tilnefningar. (3. gr.)

Sjóður þessi hefur ekki staðið undir sér enda fyrirkomulag hans gallað, því gengið hefur á höfuðstól hans með tímanum, þó í upphafi hafi honum verið fengið umtalsvert fé. Atvinnumálaráðherra, síðar sjávarútvegsráðherra, hefur haft umráð sjóðsins og veitt úr

honum frekar lág lán með lágum vöxtum til að hjálpa mönnum í sjávarútvegi til að komast yfir óvænta og tímabundna erfiðleika í rekstri.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum, tekur við greiðslu afborgana og annast reikningshald fyrir sjóðinn sbr. 9. gr.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	0,7 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984	5,6 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	5,6 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	4,5 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	3,2 milljónir króna

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að sömu lög taki til þriggja stærstu atvinnuvegasjóða landsins. Með því móti er lögð áhersla á að skipulag og starfsemi sjóðanna sé samræmd þótt einstök atriði séu frábrugðin frá einum sjóð til annars, sbr. nánar II. — IV. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að sjóðirnir séu sjálfstæðar stofnanir. Æðsta vald í málefnum sjóðanna verður hjá stjórnum þeirra þótt þær séu að sjálfsögðu bundnar af þeim ramma sem skipulagi og starfsemi sjóðanna er settur með lögum þessum.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk Búnaðarsjóðs skilgreint. Þessi kafli geymir síðan nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverki sínu.

Hlutverk Búnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Með niðurlagsorðunum eru tekin af öll tvímæli um það, að þótt sjóðurinn hafi skyldum að gegna við landbúnaðinn, þá er honum heimilt að leggja öðrum atvinnugreinum lið.

Um 3. gr.

Lagt er til að yfir Búnaðarsjóð verði 5 manna stjórn sem skipuð verði til eins árs í senn. Stjórnir þeirra sjóða, sem hinir nýju atvinnuvegasjóðir leysa af hólmi, eru misjafnlega fjölmennar og skipaðar eða kjörnar til misjafnlega langs tíma. Lagt er til að samræmdri skipan verði komið á að þessu leyti hjá öllum sjóðunum þremur.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að árlega verði haldinn sérstakur ársfundur Búnaðarsjóðs, þar sem stjórn sjóðsins leggi ársskýrslu sjóðsins og reikninga fram til umræðu og afgreiðslu. Auk þess er ársfundi fengið það hlutverk að kjósa endurskoðendur sjóðsins og ákveða þóknun stjórnarmanna. Ársfundur gegnir því ákveðnu lögbundnu eftirlitshlutverki.

Innan Búnaðarsjóðs skal starfa sérstök nýsköpunar- og umbótadeild, sbr. 11. gr. Þar sem deildin hefur engar fastar tekjur er lagt til að ársfundur geti ákveðið að hluti ráðstöfunarfjár Búnaðarsjóðs skuli renna í þessa deild. Loks segir að ársfundur geti gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Stjórnin er þó ekki bundin af slíkum samþykktum ársfundar, þar sem hún fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins.

Lagt er til að atkvæðisbærir ársfundarfulltrúar verði samtals 20 talsins, tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna menn í stjórn sjóðsins. Jafnframt er tekið fram að stjórn sjóðsins geti boðið að sitja ársfund öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

Um 5. gr.

Hér eru tilgreind helstu verkefni stjórnar Búnaðarsjóðs. Þótt ákvarðanataka um veitingu lána og ábyrgða og úthlutun styrkja úr sjóðnum sé falin stjórn sjóðsins, getur stjórnin engu síður veitt forstöðumanni sjóðsins heimild til að annast slíkt innan þeirra marka sem stjórnin sjálf ákveður.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Búnaðarsjóður sinnir hlutverki sínu meðal annars með lánveitingum. Ekki þykir ástæða til að reyna að telja upp í lögunum eða afmarka þau viðfangsefni sem sjóðurinn eigi eða megi lána til. Sjóðsstjórn metur það sjálf hvaða lánveitingar séu til þess fallnar að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur. Stjórn sjóðsins ákveður með sama hætti hvort móttaka lánsumsókna og mat og afgreiðsla á þeim fari alfarið fram hjá sjóðnum sjálfum eða hvort áskilja skuli milligöngu og jafnvel ábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein verður það á valdi sjóðsstjórnar að ákveða og meta hvaða tryggingar teljist fullnægjandi fyrir lánum úr sjóðnum. Þykir ekki rétt að binda í lögum hvers konar tryggingar skuli vera skilyrði lána. Stjórnin getur hins vegar sjálf sett hér vinnu- og viðmiðunarreglur um þessi efni ef hún telur ástæðu til.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er sjóðsstjórn veitt heimild til að láta lánshlutföll og lánakjör, svo sem lánstíma og vexti, vera mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Mat stjórnarinnar á þeirri áhættu fyrir sjóðinn sem lánveitingu sé samfara kann m. ö. o. að hafa áhrif á lánsfjárhæðir, lánstíma og útlánsvexti, bæði til hækkunar og lækkunar.

Um 10. gr.

Hér segir að Búnaðarsjóði sé heimilt að veita ábyrgðir á lánum í samræmi við hlutverk sitt. Þá er átt við að sjóðurinn ábyrgist gagnvart tilteknum aðila lán sem sá aðili veitir þriðja aðila. Sjóðsstjórn metur hverra baktrygginga hún krefst hjá þeim sem hún gengst í ábyrgðir fyrir.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við sjóðinn er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins renni í þessa deild, sbr. 3. mgr. 14. gr. Ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur veitt lán og styrki úr deild þessari til tilgreindra verkefna. Þá segir að heimilt sé að afskrifa lán sem veitt eru samkvæmt þessari grein, ef verkefni sem lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa fjármunum deildarinnar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum. Notkun þessarar heimildar verður að vera í samræmi við hlutverk deildarinnar, sem er að styðja nýsköpun og umbætur. Þegar eignarhlutar í fyrirtækjum sem sjóðurinn hefur eignast á grundvelli þessarar lagagreinar eru seldir rennur söluandvirðið til deildarinnar.

Um 12. gr.

Með fjárfestingar- og þróunarfélögum er hér átt við félög sem sjálf fjárfesta síðan eða taka þátt í öðrum fyrirtækjum sem mynduð eru um einstök viðfangsefni eða tiltekinn atvinnurekstur.

Um 13. gr.

Búnaðarsjóður tekur m. a. við skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggingarstofnunar landbúnaðarins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins gagnvart starfsfólki. Í því felst ekki að starfsfólk þessara sjóða og stofnana verði samkvæmt lögum þessum sjálfkrafa starfsfólk Búnaðarsjóðs. Stjórn Búnaðarsjóðs fær það hlutverk að ráða hinum nýja sjóði forstöðumann og hann ræður sjóðnum síðan annað starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

Um 14. gr.

Tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins flytjast til Búnaðarsjóðs, þó með þeirri veigamiklu undantekningu að lögbundin ríkisframlög falla brott. Einnig er lagt til að afnumið verði ½% gjald á söluvörur í fiskeldi og fiskirækt sem runnið hefur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, enda er ekki sérstaklega mælt fyrir um skyldur Búnaðarsjóðs við fiskeldi og fiskirækt. Á hinn bóginn yfirtekur Búnaðarsjóður eignir, skuldbindingar og tekjur Fiskræktarsjóðs sem er afar rýr og verður hann þar með lagður niður.

Í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist innheimtu á gjöldum þeim sem lögð eru á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins og heildsöluverð landbúnaðarvara. Ekki þykir rétt að binda slíkt í lög. En tekið er fram í þessari grein frumvarpsins að Búnaðarsjóður geti samið við annan aðila um að hann annist innheimtu á gjöldum samkvæmt þessari grein. Þá segir að innheimta og álagning gjaldanna skuli fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Sami háttur hefur verið hafður á varðandi álagningu og innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Um 15. gr.

Ekki þykir rétt að lögfesta ákveðna deildaskiptingu eða starfsskipulag sjóðsins, þar sem aðstæður og þarfir geta verið breytingum undirorpnar. Samkvæmt þessari grein getur landbúnaðarráðherra samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins, sem fer, eins og fyrr getur, með æðsta vald í málefnum hans, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Um 16. gr.

Hér er hlutverk Iðnaðarsjóðs skilgreint. Kaflinn geymir síðan, með hliðstæðum hætti og kaflarnir um hina atvinnuvegasjóðina, nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverk sínu.

Hlutverk Iðnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 17.—24. gr.

Ákvæði þessi eru nánast samhljóða 3.—10. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við Iðnaðarsjóð er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs renni í þessa deild, sbr. 2. mgr. 28. gr. sem og 4/7 hlutar þessa gjalds sem innheimt verður hjá iðnaðinum í landinu skv. 2. tl. 1. mgr. 16. gr. Ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Sjá enn fremur athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Sjá athugasemdir með 13. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Tekjur Iðnaðarsjóðs verða þær sömu og tekjur Iðnlánasjóðs, með þeirri veigamiklu undantekningu þó að lögbundin ríkisframlög falla brott. Sem fyrr greinir skulu 4/7 hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. þessari grein renna til sérstakrar nýsköpunar- og umbótadeildar innan sjóðsins en sama hlutfall rann áður til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Og 2/7 hlutar skulu áfram renna óskiptir til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Hins vegar er fellt niður það ákvæði Iðnlánasjóðslaga að verja skuli 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ekkert stendur þó í veginum fyrir að Iðnaðarsjóður eða hin sérstaka deild innan hans verji áfram fé til slíkra verkefna.

Um 29. gr.

Grein þessi er samhljóða 15. gr. frumvarpsins, að öðru leyti en því að iðnaðarráðherra kemur eðli málsins samkvæmt í stað landbúnaðarráðherra.

Um 30. gr.

Hér er hlutverk Sjávarútvegssjóðs skilgreint. Kaflinn geymir síðan, með hliðstæðum hætti og kaflarnir um hina atvinnuvegasjóðina, nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverki sínu.

Hlutverk Sjávarútvegssjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 31.—38. gr.

Ákvæði þessi eru því sem næst samhljóða 3.—10. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Um 39. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við Sjávarútvegssjóð er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir Fiskimálasjóðs renni í þessa deild, sbr. 2. mgr. 42. gr., sem og 5% af þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem rennur til sjóðsins lögum samkvæmt. Ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Sjá enn fremur athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Sjá athugasemdir með 13. gr. frumvarpsins.

Um 42. gr.

Tekjur Sjávarútvegssjóðs verða þær sömu og tekjur Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs, með þeirri veigamiklu undantekningu þó að lögbundin ríkisframlög falla brott. Sem fyrr greinir skal 5% af þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem til Sjávarútvegssjóðs rennur lögum samkvæmt renna til sérstakrar nýsköpunar- og umbótadeildar innan sjóðsins. Er það svipað hlutfall og rennur nú til Fiskimálasjóðs.

Um 43. gr.

Samkvæmt lögum nr. 4/1976 um Stofnfjársjóð fiskiskipa skal starfa sérstök deild við Fiskveiðasjóðs Íslands er nefnist Stofnfjársjóður fiskiskipa. Lagt er til að Stofnfjársjóður fiskiskipa verði eftir gildistöku laga þessara deild við Sjávarútvegssjóð.

Um 44. gr.

Ekki þykir rétt að lögfesta ákveðna deildaskiptingu eða starfsskipulag Sjávarútvegssjóðs umfram það sem gert er ráð fyrir í 43. gr. Grein þessi er samhljóða 15. gr. frumvarpsins, að öðru leyti en því að sjávarútvegsráðherra kemur eðli málsins samkvæmt í stað landbúnaðarráðherra.

Um 45. gr.

Ekki þykir eðlilegt að ákveða með lögum að tilteknar bankastofnanir eða aðrar stofnanir annist daglegan rekstur sjóðanna. Hins vegar er tekið fram að sjóðsstjórnunum sé heimilt að semja um það að aðrar stofnanir annist daglegan rekstur sjóðanna. Stjórnirnar meta það því sjálfar hvort og hvar eftir slíku skuli leitað.

Um 46. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sjóðirnir geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis, í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að hver sjóður geti tekið slík lán beint og milliliðalaust telji stjórn hans slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t. d. Framkvæmdasjóðs eða Seðlabanka.

Ekki verður til að dreifa lögbundinni ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðanna og verður því að afla ríkisábyrgðar sérstaklega á einstökum lántökum eða skuldbindingum til þess að slík ábyrgð verði fyrir hendi. Ríkisábyrgð, sem fyrir hendi var á skuldbindingum sem sjóðirnir yfirtaka við gildistöku laga þessara, helst þó.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 15. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, 25. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð og 19. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands.

Það ákvæði Framleiðni- og Fiskveiðasjóðslaga, að tiltekin skjöl séu undanþegin stimpilgjöldum og/eða þinglýsingargjöldum eru ekki tekin upp í greinina.

Um 49. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, 2. mgr. 24. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð og 2. málslið 22. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands.

Um 50. gr.

Ákvæði þetta um þagnarskyldu er í samræmi við slík ákvæði í lögum um banka og aðrar lánastofnanir og þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 52. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Lagaákvæði um Byggingastofnun landbúnaðarins eru hér úr gildi numin, en Byggingastofnun starfar nú undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem greiðir kostnað af rekstri hennar. Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum; að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra; að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita; að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa; og að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu. Samkvæmt frumvarpi þessu yfirtekur Búnaðarsjóður eignir og skuldir Byggingastofnunar landbúnaðarins. Þar með verður það lagt í vald Búnaðarsjóðs að ákveða hvort og þá að hvaða leyti starfsemi Byggingastofnunarinnar samræmist hlutverki sjóðsins og skuli því haldið áfram á vegum hans.

Lögbundin skylda Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að greiða hugsanlegan mismun á tekjum og útgjöldum Lífeyrissjóðs bænda færist ekki yfir á Búnaðarsjóð né heldur lögákveðinn réttur Stofnlánadeildar til lána úr lífeyrissjóðnum.

Um 54.—55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Skv. 3. tl. 4. gr. laga nr. 52/1983 renna 18% útflutningsgjalds af sjávarafurðum, öðrum en grásleppuafurðum, til Fiskveiðasjóðs og 0,8% til Fiskimálasjóðs. Lagt er til að hér eftir renni 18,8% útflutningsgjaldsins til Sjávarútvegssjóðs.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ed. 945. Frumvarp til laga [506. mál]

um breyting á lögum nr. 62/1979, um Landflutningasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

A-liður 2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

a. Einn fulltrúi tilnefndur af Byggðastofnun.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fela skal Byggðastofnun að annast vörslu, umsjón og endurskoðun Landflutningasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp til laga um Byggðastofnun og frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð Íslands. Samkvæmt þessum frumvörpum verður Framkvæmdastofnun ríkisins lögð niður en Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður Íslands taka við tilteknum verkefnum hennar. Samkvæmt lögum nr. 62/1979, um Landflutningasjóð, skal einn þriggja stjórnarmanna Landflutningasjóðs tilnefndur af Framkvæmdastofnun ríkisins. Þá segir í lögunum að fela skuli Framkvæmdastofnun ríkisins að annast vörslu, umsjón og endurskoðun Landflutningasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um. Þar sem Framkvæmdastofnun ríkisins verður nú lögð niður og með hliðsjón af hlutverki Landflutningasjóðs er lagt til með frumvarpi þessu að Byggðastofnun komi í stað Framkvæmdastofnunar ríkisins að því er varðar tilnefningu stjórnarmanns og vörslu, umsjón og endurskoðun Landflutningasjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist gildi hinn 1. september 1985, sama dag og lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins falla úr gildi og lög um Byggðastofnun eiga að öðlast gildi.

Ed. 946. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 9. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 947. Tillaga til þingsályktunar [507. mál]

um þróunaraðstoð Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu.

Greinargerð.

Það er sem kunnugt er markmið velmegunarríkja að leggja fram 1% þjóðarframleiðslu til þróunarstarfsemi í fátækari ríkjum heims, þ. e. 0,7% af opinberu fé og 0,3% á vegum samtaka og einkaaðila. Árið 1984 voru ríkisframlög Íslands til þróunaraðstoðar rúmar 72 milljónir króna eða 0,107% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Á árinu 1985 lækkar fjárhæðin um 3,2 milljónir króna í 68,9 milljónir króna eða í 0,08% af áætlaðri þjóðarframleiðslu nema taldar séu með 8,3 milljóna kr. niðurgreiðslur á mjólkurdufti er fóru til neyðarhjálpar í Eþíópíu sem þó er hæpið en við það mundu heildarframlög opinberrar þróunaraðstoðar á árinu hækka í 77,2 milljónir króna eða 0,087% af þjóðarframleiðslu.

Á tímabilinu 1974—1985 hefur eftirfarandi hlutfalli þjóðarframleiðslu verið varið til þróunaraðstoðar af Íslands hálfu:

1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
0,03%	0,04%	0,03%	0,06%	0,05%	0,05%	0,07%	0,05%	0,08%	0,13%	0,10%	0,08%

Þannig eru framlög hins opinbera í heild á þessu ári nær nífalt lægri en 0,7%-markið sem velmegunarríki innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér að ná og það væri skv. núverandi áætlun um þjóðarframleiðslu nálega 620 milljónir króna.

Utanríkismálanefnd er eindregið þeirrar skoðunar að Ísland sem velmegunarríki eigi að taka vaxandi þátt í stuðningi við þróunarríki en framlög Íslands hafa lítið aukist síðustu ár, sbr. framangreint yfirlit, þótt þingmenn úr röðum allra stjórnmálaflokka hafi lagt áherslu á að hækka framlög verulega.

Mikið skortir á að opinber framlög af Íslands hálfu séu sambærileg við framlög annarra norrænna þjóða. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa fyrir mörgum árum náð áðurnefndu marki og Finnland stefnir að því að ná því á þessum áratug. Árið 1983 lögðu þessi ríki fram til þróunarmála sem hér segir:

Danmörk ..... 0,73% af vergri þjóðarframleiðslu.
Finnland ..... 0,33% af vergri þjóðarframleiðslu.
Noregur ..... 1,06% af vergri þjóðarframleiðslu.
Svíþjóð ..... 0,85% af vergri þjóðarframleiðslu.

Opinber framlög til þróunarsamvinnu skiptast sem kunnugt er í tvíhliða og fjölþjóðlega aðstoð, þ. e. annars vegar aðstoð sem veitt er tilteknu þróunarríki beint og hins vegar aðstoð sem miðlað er um fjölþjóðastofnanir. Árin 1981—1982 ráðstöfuðu Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð frá 53% til 65% af framlögum sínum til tvíhliða aðstoðar, að meðaltali 59%. Árið 1984 og 1985 var hlutfall tvíhliða aðstoðar af þróunaraðstoð Íslands 57,4% og 29,8%.

Til frekari upplýsingar og samanburðar á framlögum til þróunaraðstoðar má vísa til þess að 17 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem eru aðilar að þróunaraðstoðarnefnd stofnunarinnar (DAC), leggja fram ¾ hluta þróunaraðstoðar í heiminum. Hér fylgir tafla ársins 1983 yfir framlög DAC-landa, skiptingu framlaga í tvíhliða og fjölþjóðlega aðstoð, hlutfall framlaga af þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur á íbúa.

	Þjóðarframlög í milljónum dollara	Hlutfall til tvíhliða-fjöl-	þjóðlegra verkefna	Hluti af þjóðar-framleiðslu í prósentum	Þjóðartekjur á íbúa í dollurum
Ástralía	753	70,9	29,1	0,49	10,030
Austurríki	158	77,1	22,9	0,23	8,910
Belgía	480	60,2	39,8	0,59	8,270
Kanada	1,429	59,4	40,6	0,45	12,660
Danmörk	395	59,9	40,1	0,73	10,630
Finnland	153	60,4	39,6	0,33	9,570
Frakkland	3,815	82,4	17,6	0,74	9,460
V.-Þýskaland	3,176	66,1	33,9	0,49	10,650
Ítalía	827	53,5	46,5	0,24	6,160
Japan	3,761	64,5	35,5	0,33	9,700
Holland	1,195	67,9	32,1	0,91	9,140
N.-Sjáland	61	77,5	22,5	0,28	6,840
Noregur	584	56,8	43,2	1,06	13,320
Svíþjóð	754	69,8	30,2	0,85	10,650
Sviss	320	68,2	31,8	0,32	15,500
Bretland	1,605	53,5	46,5	0,35	8,100
Bandaríkin	7,992	68,7	31,3	0,24	14,120
Meðaltal:		67,5	32,5	0,36	

Þjóðartekjur á íbúa á Íslandi árið 1983 voru 9000 dollarar en til samanburðar má nefna að árið 1982 voru árlegar þjóðartekjur á mann t. d. á Grænhöfðaeyjum 350 dollarar og í fjölda þróunarríkja svipaðar því.

Síðan fyrstu lög um þróunaraðstoð voru sett hér á landi 1971 hefur smám saman skapast traustari grundvöllur undir tvíhliða þróunaraðstoð. Nú gilda á þessu sviði lög nr. 43/1981. Samkvæmt þeim fer Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) með framkvæmd íslenskrar þróunarsamvinnu og starfar í tengslum við utanríkisráðuneytið og er stjórn hennar kjörin af Alþingi. Aðalverkefni stofnunarinnar er þróunaraðstoð við Grænhöfðaeyjar í þeim tilgangi að efla fiskveiðar þar. Ekki hefur verið unnt að ráðast í nein ný verkefni um skeið vegna fjárskorts. Er mjög mikilvægt að Alþingi og ríkisstjórn marki stefnu um vöxt þróunarframlaga næstu ár svo að fyrir fram fáist um það nokkur vitneskja hvers vænta má og eðlilegur tími gefist til undirbúnings fyrir ný verkefni. Þess vegna hefur utanríkismálanefnd í kjölfar ítarlegra umræðna um þróunarsamvinnumál orðið ásátt um að leggja fram þingsályktunartillögu þessa.

Í sambandi við fyrirhuguð aukin framlög til þróunaraðstoðar þykir rétt að árétta þá meginstefnu að einkum skuli hafa hliðsjón af því þegar framlögum verður ráðstafað hvar neyð er mest og hvar tryggast má telja að aðstoð skili árangri, jafnframt því að aðstoðinni verði ekki dreift um of og kappkostað við framkvæmd aðstoðarverkefna að taka jafnan tillit til aðstæðna íbúa á hverjum stað.

Þá er það skoðun utanríkismálanefndar að beina beri auknum framlögum einkum að tvíhliða þróunarsamvinnu eða verkefnum sem Íslendingar geta séð um sjálfir. Sú reynsla, sem fengist hefur af rannsókna- og fiskiskipinu „Feng“, sérhönnuðu og smíðuðu hérlendis, á Grænhöfðaeyjum, er ný hvatning í þessa átt. Einnig hafa haslað sér völl íslensk ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki sem ráða nú þegar yfir umtalsverðri þekkingu og reynslu og leita sér nýrra verkefna en vaxandi fjöldi Íslendinga hefur á síðari árum unnið í þróunarlöndunum við margvísleg verkefni, þ. á m. eflingu fiskveiða og nýtingu jarðhita.

Þegar aðstoð er veitt tvíhliða er ríkið, sem hana lætur í té, miklu virkari aðili að allri framkvæmd. Það ræður því hvaða land skuli njóta aðstoðar, semur sjálft um efni og fyrirkomulag, leggur til mannafla, tækjabúnað og framleiðsluvörur eftir því sem heppilegast þykir, o. s. frv. Með þessu móti er, jafnframt því að veita þurfandi þjóðum þróunaraðstoð, hægt að hlynna að eigin atvinnulífi, sérfræði- og ráðgjafarþjónustu og margs konar framleiðslustarfsemi enda sé gætt þeirra sjónarmiða sem gilda þurfa um þróunarsamvinnu og fullt samráð haft við þá aðila er henni stjórna. Þetta auðveldar löndum oft að láta aðstoð í té og leiðir til þess að aðstoðin getur orðið meiri en ella.

Það er að auki einn höfuðkostur tvíhliða aðstoðar að ríkið, sem er veitandinn, getur frá upphafi til enda fylgst náið með því að skynsamlega sé staðið að málum, hagsýni gætt og sífellt reynt að tryggja að aðstoðin komi að tilætluðum notum.

Þá skapar þetta form aðstoðar margs konar grundvöll fyrir gagnkvæm kynni og víðtækara samstarf við þau þróunarríki sem aðstoðar njóta. Er nefndin þeirrar skoðunar að nánari samvinna sé æskileg og geti orðið til góðs á margan hátt.

Að því er varðar tilhögun þeirrar aukningar opinberra fjárframlaga til þróunarsamvinnu, sem hér er fjallað um, hefur einkum verið rætt um tvær aðferðir. Annars vegar að aukningin verði látin nema jafnri fjárhæð ár hvert á umræddu 7 ára tímabili, þ. e. um 77,4 milljónum kr. árlega á föstu verðlagi miðað við óbreytta þjóðarframleiðslu. Hins vegar kemur til greina hækkun um jafnt hlutfall árlega sem þá þyrfti að vera 34½—35% hækkun ár hvert fram til 1992. Síðari aðferðin felur í sér að hækkunin næmi lægri fjárhæðum fyrstu árin, þ. e. um 27 milljónum kr. árið 1986 og rúmlega 36 milljónum kr. árið 1987, miðað við núverandi áætlaða þjóðarframleiðslu og fast verðlag, en upphæðirnar færu hækkandi að krónutölu ár frá ári. Ef um alvarlegan samdrátt þjóðarframleiðslu yrði að ræða einhvern tíma á umræddu tímabili væri eðlilegt að taka tillit til þess.

Sþ. 948. Nefndarálit [365. mál]

um till. til þál. um vegáætlun árin 1985—1988.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um till. til þál. um vegáætlun árin 1985—1988. Við störf sín naut nefndin aðstoðar vegamálastjóra, Snæbjarnar Jónassonar, og starfsmanna hans.

Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á niðurstöðutölum vegáætlunar miðað við tillöguna eins og hún var lögð fram. Eru þær niðurstöður í samræmi við fjárlög fyrir árið 1985, eða 1650 millj. kr., sem er um 1,9% af vergri þjóðarframleiðslu. Síðari ár áætlunartímabilsins er þetta hlutfall 2,4%, svo sem markmið langtímaáætlunar í vegagerð kveða á um. Í till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð, sem lögð var fyrir Alþingi vorið 1983, var gert ráð fyrir að framlög til vegamála á árinu 1985 skyldu einnig nema 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Það sem á vantar á þessu ári og einnig nokkuð á hinu síðasta mun valda því að þessi ár nást markmið langtímaáætlunar ekki að fullu og kemur það fram bæði í viðhaldi og framkvæmdum. Þessi mismunur er þó minni en ætla mætti vegna hagræðingar í rekstri Vegagerðar ríkisins og hagstæðra tilboða við framkvæmdir.

Verðlagsforsendur miðast við 27% hækkun á milli áranna 1984 og 1985 í samræmi við spá Þjóðhagsstofnunar. Svarar það til vísitölu vegagerðar 1480 á þessu ári. Hækkun á milli áranna 1985 og 1986 er áætluð 15% sem þýðir vísitölu 1700. Síðustu tvör ár áætlunartímabilsins eru einnig á því verðlagi.

Skipting á fé til framkvæmda tekur mið af langtímaáætlun, einnig skipting á fé milli kjördæma sem er í óbreyttu hlutfalli frá því sem verið hefur síðustu árin að því er varðar

stofnbrautir, en breytist lítillega varðandi þjóðbrautir frá og með árinu 1986 samkvæmt nýju mati Vegagerðar ríkisins.

Gert er ráð fyrir að hlutfallstölur, sem notaður eru við skiptingu milli kjördæma á fé til framkvæmda, verði teknar til endurskoðunar við lok fyrsta tímabils langtímaáætlunar.

Breytingartillögur nefndarinnar á þskj. 940 fela í sér skiptingu fjármagns á einstök verkefni, m. a. lítils háttar hreyfingu á viðhaldsfé milli liða. Fjárveitingum til sérstakra verkefna og Ó-vega er skipt á öll fjögur ár áætlunartímabilsins, en skipting á önnur verkefni nær einungis til áranna 1985, 1986 og 1987. Haldið er eftir óskiptu af nýbyggingarfé árin 1986 og 1987 og nemur sá hluti 20% árið 1986 og 25% árið 1987. Er þetta hærra hlutfall en áður.

Fjárveitinganefnd stendur öll að þeim breytingartillögum sem fluttar eru á þskj. 940. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skrifa þó undir nefndarálitið með venjulegum fyrirvara þar sem þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Egill Jónsson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. maí 1985.

Pálmi Jónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Kolbrún Jónsdóttir, með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 949. Nefndarálit [429. mál]

um frv. til l. um verslun ríkisins með áfengi.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að einkaréttur ríkisins til sölu á eldspýtum og tóbaki verði afnuminn. Efri deild Alþingis hefur þegar samþykkt frumvarp til laga um að afnema einokun ríkisins á eldspýtnasölu. Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og efni þess á allmörgum fundum, en ekki orðið sammála um afstöðu til málsins.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um tóbaksvarnir. Megintilgangur þeirra er að draga úr tóbaksnotkun og kynna almenningi skaðsemi reykinga. Í þeim lögum er svo ráð fyrir gert að ákveðnum hluta af hagnaði ríkisins af sölu tóbaks skuli varið til tóbaksvarna. Að mati okkar gengur frumvarp það sem hér um ræðir þvert á stefnu og anda laganna um tóbaksvarnir. Fjölmargar umsagnir um lagafrumvarp þetta hafa borist nefndarmönnum. Þær eru allar neikvæðar og mæla gegn samþykkt frumvarpsins. Meðal þeirra, sem sent hafa umsagnir og athugasemdir eru: Tóbaksvarnanefnd, fundur starfsmanna heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins og landlæknisembættisins með héraðslæknum og læknaráð Landspítalans.

Við undirrituð, sem skipum minni hluta nefndarinnar, tökum undir þær röksemdir, sem fram koma í þeim umsögnum, sem prentaðar eru sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti, og leggjum til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. maí 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Fylgiskjal I.

ATHUGASEMDIR TÓBAKSVARNANEFNDAR VIÐ FRUMVÖRP UM AFNÁM EINKASÖLU Á TÓBAKI.

(29. apríl 1985.)

1.0 INNFLUTNINGUR.

1.1. Tóbakstegundum fjölgar. Nú eru um 150 tegundir á markaði hér, en unnið hefur verið að samkomulagi um fækkun þeirra í áföngum.

1.2. Eftirlit með innflutningi verður erfitt (t. d. merkingareglugerð), enda verður heimilt að tollafgreiða tóbak um land allt.

1.3. Ekki verður auðvelt að kveða á um hámark skaðlegra efna í tóbaki. Til þess þyrfti lagabreytingu.

1.4. Engar hömlur verða á innflutningi nýrra tóbaksvara (lyktblandað neftóbak, grisjutóbak o. fl.).

1.5. Óljóst er hvaða reglur eiga að gilda um tóbaksinnflutning ferðamanna og farmanna.

2.0. FRAMLEIÐSLA.

2.1. Afnuminn verður einkaréttur ríkisins á framleiðslu tóbaks. Þannig skapast möguleikar á auknum tóbaksiðnaði innanlands (atvinnusjónarmiðin vinna gegn tóbaksvörnum).

3.0. VERÐ.

3.1. Lögleidd verður varhugaverð verðlagningarstefna sem einungis hefur gilt í rúmt ár og er einstök á Norðurlöndum. Þessi stefna getur skert tekjur ríkissjóðs um hundruð milljóna króna á ári.

3.2. Frjáls álagning í heildsölu og smásölu leiðir til samkeppni og lægra verðs. Ekkert bannar afslátt og tilboðsverð.

3.3. Lágt verð leiðir til aukinnar sölu, ekki síst til unglinga, og freistar þeirra sem eru ekki byrjaðir að reykja.

3.4. Lögbundinn verður minni munur á verði sígaretta og annars tóbaks en tíðkast hefur.

3.5. Afnumin er verðjöfnun á tóbaki eftir landshlutum.

3.6. Varhugavert er að binda hámark væntanlegs vörugjalds við 60%.

4.0. SALA.

4.1. Búast má við að auðveldara verði en áður að sniðganga bann við tóbaksauglýsingum.

4.2. Felldar eru úr gildi reglur frá 1965 um bann við stykkjasölu á sígarettum.

5.0. TÓBAKSVARNIR.

5.1. Stefnt er í hættu þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum á undanförnum mánuðum, árum og áratugum. Nú reykja 40% fullorðinna Íslendinga í stað þess að 1968 reyktu 63% karla og 45% kvenna. Einnig hefur mikið dregið úr reykingum barna og unglinga.

5.2. Frumvörpin ganga þvert á þá stefnu sem mörkuð var með tóbaksvarnalögunum, en markmið þeirra er „að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni sem hún veldur

og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks". Þau lög voru samþykkt án mótatkvæða á Alþingi í maí 1984.

5.3. Markaður tekjustofn til tóbaksvarna verður afnuminn.

6.0. ÝMIS ATRIÐI.

6.1. Ríkið heldur áfram að hafa tekjur af tóbakssölu þó að heildsöludreifingin flytjist á hendur annarra og ber þannig eftir sem áður siðferðilega ábyrgð á afleiðingum tóbaksneyslunnar.

6.2. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lítur á reykingar sem farsótt og telur að um dreifingu, sölu og verðlagningu á tóbaki eigi ekki að gilda venjulegar viðskiptareglur.

7.0. NIÐURSTAÐA.

7.1. Svo margt mælir gegn þessum tveim frumvörpum um afnám einkasölu á tóbaki að fráleitt er að samþykkja þau óbreytt. Frumvörpin varða eitt stærsta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar og allar breytingar á fyrirkomulagi tóbakssölu þarf því að ígrunda rækilega. Það verður ekki gert á fáum vikum.

VERÐ Á SÍGARETTUM Á NORÐURLÖNDUM Í APRÍL 1985

Finnland	60/63 kr.
Ísland	53—78 kr., meðalverð 66 kr.
Svíþjóð	68 kr.
Danmörk	88/90 kr.
Noregur	101 kr.

Í hverju landi fyrir sig, nema á Íslandi, eru allar innfluttar sígarettur á sama verði.

„TEKJUR" ÍSLENSKA RÍKISINS AF TÓBAKI
(tollur, einkasölugjald, álagning, söluskattur)

1984	800 millj. kr.
1985	1130 millj. kr., samkvæmt áætlun fjárlaga.
1985	900—1000 millj. kr., miðað við aukna hlutdeild ódýrra tegunda.
	130—230 millj. kr. tap ríkissjóðs.

HLUTUR RÍKISINS Í VERÐI EINS SÍGARETTUPAKKA

Bandaríkskar:	50,20 kr. af 76,10 kr. smásöluverði.
Franskar:	39,60 kr. af 53,30 kr. smásöluverði.

BREYTINGAR Á SÍGARETTUVERÐI Á ÍSLANDI

	Lægst-hæst	Munur	Meðalverð
3.10. 1983	36,45-41,25	13%	38,75
13.12. 1983	27,10-45,20	67%	43,72
12.12. 1984	45,80-71,40	56%	66,78*
6. 2. 1985	53,30-78,40	47%	65,95**

*Franskar sígarettur voru 12% af sölunni í desember 1984.
**Franskar sígarettur voru 45% af sölunni í mars 1985.

TÓBAKSSALA ÁTVR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNG 1985 SAMANBORIÐ VIÐ FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNG 1984

Sígarettur	- 4,0%
Vindlar	- 5,3%
Reyktóbak	- 23,5%
Neftóbak	- 10,3%
Heildarsala	- 5,7%

Fylgiskjal II.

ÁLYKTUN

fundar starfsmanna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og landlæknisembættis með héraðslæknum, haldinn á Hvolsvelli dagana 19. og 20. apríl 1985.

Undirritaðir starfsmenn heilbrigðisyfirvalda lýsa yfir andstöðu við framkomin frumvörp um gjöld af tóbaksvörum og verslun ríkisins með áfengi sem gera ráð fyrir afnámi einkaréttar ríkisins á sölu tóbaks. Með samþykkt þeirra yrði brotið gegn markmiði og stefnumörkun tóbaksvarnalaga, nr. 74/1984, því að afnám einkasölu mundi torvelda framkvæmd þeirra mjög og draga úr áhrifum ríkisvaldsins á tóbaksneyslu í landinu, einkum hvað varðar verðstýringu, innflutning og eftirlit með auglýsingum.

Jafnframt bendum við á að ekkert samráð hefur verið haft við tóbaksvarnanefnd um málið svo sem skylt er skv. 5. gr. tóbaksvarnalaganna.

Við teljum að fyrirhugaðar lagabreytingar geti stuðlað að samkeppni milli innflytjenda og leitt til lækkunar tóbaksverðs sem mun auka á tóbaksneyslu og stefna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum eftir gildistöku laga um tóbaksvarnir um s. l. áramót.

Við vörum sérstaklega við að felld verði úr gildi 15. gr. tóbaksvarnalaganna um að 2‰ af brúttósölu tóbaks skuli renna til tóbaksvarna. Með gildistöku þeirrar greinar hefur loks fengist það fé til tóbaksvarnastarfsemi sem fyrirheit voru gefin um árið 1977, en voru að engu orðin fyrir gildistöku nýju tóbaksvarnalaganna. Þannig var fjárframlag Alþingis á s. l. ári aðeins sjöttungur þess sem það er nú.

Skúli G. Johnsen (sign.), borgarlæknir, Reykjavík.
Heimir Bjarnason (sign.), aðstoðarborgarlæknir, Reykjavík.
Kristófer Þorleifsson (sign.), héraðslæknir Vesturlandshéraðs.
Pétur Pétursson (sign.), héraðslæknir Vestfjarðahéraðs.
Friðrik Friðriksson (sign.), héraðslæknir Norðurlandshéraðs vestra.
Ólafur H. Oddsson (sign.), héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra.
Stefán Þórarinsson (sign.), héraðslæknir Austurlandshéraðs.
Ísleifur Halldórsson (sign.), héraðslæknir Suðurlandshéraðs.
Jóhann Ág. Sigurðsson (sign.), héraðslæknir Reykjaneshéraðs.
Guðjón Magnúson (sign.), settur landlæknir.
Guðmundur Sigurðsson (sign.), settur aðstoðarlandlæknir.
Páll Sigurðsson (sign.), ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
Jón Ingimarsson (sign.), skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
Ingibjörg R. Magnúsdóttir (sign.), deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Hrafn V. Friðriksson (sign.), yfirlæknir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Ingimar Sigurðsson (sign.), deildarlögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Fylgiskjal III.

SAMÞYKKT STJÓRNAR LÆKNARÁÐS LANDSPÍTALANS
(6. maí 1985.)

Stjórn læknaráðs Landspítalans varar eindregið við þeim tillögum sem fram hafa komið á Alþingi í

1. frumvarpi til laga um gjöld af tóbaksvörum, 428. mál 107. löggjafarþings,
2. frumvarpi til laga um verslun ríkisins með áfengi, 429. mál 107. löggjafarþings,

og fela í sér afnám tóbakseinkasölu á Íslandi. Þessar tillögur eru söluhvetjandi og beinlínis andstæðar tilgangi tóbaksvarnalaganna, að draga úr tóbaksneyslu og heilsutjóni af völdum tóbaks.

Stjórn læknaráðs skorar á þingmenn að beita sér gegn þessum hugmyndum.

Magnús Karl Pétursson,
formaður.

Árni Björnsson varaformaður.	Jóhann Heiðar Jóhannsson ritari.
Auðólfur Gunnarsson meðstjórnandi.	Guðmundur Jónmundsson meðstjórnandi.
Jón Sigurðsson meðstjórnandi.	Tómas Zoëga meðstjórnandi.

Fylgiskjal IV.

ÁLYKTUN AÐALFUNDAR HEILBRIGÐISFULLTRÚAFÉLAGS ÍSLANDS
(20. apríl 1985.)

Stjórn Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands var falið að koma á framfæri við háttvirta alþingismenn eftirfarandi ályktun.

„Aðalfundur Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, haldinn 20. apríl 1985, fagnar þeim verulega árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum að undanförnu.

Fundurinn varar eindregið við hugmyndum um frjálsan innflutning, sölu og verðlagningu á tóbaki því að sömu lögmál um samkeppni og vöruverð gilda að sjálfsögðu ekki um tóbak eins og aðrar neysluvörur.

Full ástæða er til að minna á að tóbak er hættulegt ávanaefni og þarf að berjast gegn því sem slíku.

Fundurinn lýsir yfir þeirri skoðun sinni að yrði framlagt stjórnarfrumvarp um afnám einkasölu á tóbaki samþykkt sé í reynd gerður að engu tilgangur nýsamþykktra laga um tóbaksvarnir."

F. h. stjórnar H.F.F.Í.
Kolbrún Haraldsdóttir ritari.

Ed. 950. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem er fylgifrv. 429. máls, frv. til l. um verslun ríkisins með áfengi. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Minni hl. leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með þeim rökstuðningi sem er að finna í áliti minni hl. á þskj. 949 um 429. mál.

Alþingi, 17. maí 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr. | Ragnar Arnalds, frsm. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 951. Fyrirspurn [508. mál]

til utanríkisráðherra um Íslandssiglingar bandaríska skipafélagsins Rainbow Navigation.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvernig standa viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um siglingar bandaríska skipafélagsins Rainbow Navigation til Íslands?
2. Er lausn deilunnar í sjónmáli þannig að eðlilegir og réttmætir hagsmunir íslensku skipafélaganna séu tryggðir?
3. Hvaða ráðstöfunum hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir til að tryggja réttmæta hagsmuni og siglingaöryggi íslensku þjóðarinnar í þessu máli?

Nd. 952. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ólafur Þ. Þórðarson og Pálmi Jónsson.

Alþingi, 20. maí 1985.

Gunnar G. Schram, form. | Guðrún Helgadóttir, fundaskr. | Friðjón Þórðarson, frsm.

Stefán Guðmundsson. | Guðmundur Einarsson.

Nd. 953. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ólafur Þ. Þórðarson og Pálmi Jónsson.

Alþingi, 20. maí 1985.

Gunnar G. Schram, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Stefán Guðmundsson.		Guðmundur Einarsson.

Ed. 954. Lög [99. mál]

um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 192 (sbr. 103).

Nd. 955. Nefndarálit [384. mál]

um frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 20. maí 1985.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Eggert Haukdal.	Stefán Guðmundsson.	Halldór Blöndal.
	Svavar Gestsson.	

Nd. 956. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   7. grein laganna orðist svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til

drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

2. Við 6. gr. bætist: 99% af fyrrgreindum tekjum skulu renna í Framkvæmdasjóð aldraðra til viðbótar framlögum skv. lögum nr. 91/1982.

Sþ. 957. Skýrsla

fjármálaráðherra um heildarendurskoðun lífeyrismála (skv. beiðni á þskj. 77).

Formaður endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, hefur sent fjármálaráðherra skýrslu um starfsemi nefndarinnar.

Í skýrslu formannsins og fylgiskjölum hennar eru svör við þeim spurningum sem fram eru bornar á þskj. 77 að svo miklu leyti sem hægt er að svara þeim á þessu stigi málsins.

Í sérprentaðri útgáfu skýrslunnar eru öll fylgiskjöl hennar birt.

Skýrsla til fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar

frá formanni endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis,
Jóhannesi Nordal, 2. maí 1985.

1. Inngangur

Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 15. janúar 1985, er þess farið á leit, að ráðuneytinu verði gerð grein fyrir núverandi stöðu þeirra verkefna, sem endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis var falið að gera tillögur um með erindisbréfi fjármálaráðherra, dags. 20. júlí 1976. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um afstöðu nefndarinnar til draga að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrisssjóða, sem nefndin hefur haft til athugunar og þá útreikninga, sem gerðir hafa verið á vegum 8-manna nefndar, um fjárhagslega stöðu lífeyrissjóða miðað við mismunandi forsendur um iðgjaldagreiðslur og lífeyrisréttindi.

Af þessu tilefni verður í skýrslu þessari og fylgiskjölum með henni gerð grein fyrir þeim störfum, sem unnin hafa verið á vegum endurskoðunarnefndarinnar síðan hún var skipuð fyrir hartnær níu árum. Er þess vænst, að þessi gögn gefi nokkuð góða mynd af þróun lífeyrismála að undanförnu og stöðu þeirra í dag. Þótt engar tillögur liggi enn fyrir um heildarskipun lífeyrismála, sem allir aðilar hafi tekið endanlega afstöðu til, hefur með störfum nefndarinnar og undirnefnda hennar verið lagður grundvöllur, sem byggja má á varðandi ákvarðanir í þessum málum á næstunni. Enn fremur er rétt að leggja áherslu á það, eins og nánar mun fram koma í meðfylgjandi gögnum, að skoðanir manna hafa á undanförnum árum, m. a. vegna starfa endurskoðunarnefndarinnar, færst mjög saman varðandi þá meginstefnu, sem fylgja beri í lífeyrismálum í framtíðinni.

Verður nú gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og undirnefnda hennar, og fjallað um helstu málin, sem til meðferðar hafa verið hjá nefndinni á starfstíma hennar.

2. Verkefni nefndarinnar

Fjármálaráðherra skipaði þann 20. júlí 1976 nefnd til þess að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Nefnd þessi hefur ýmist verið nefnd endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis eða þá 17-manna nefndin. Í skipunarbréfinu var svo kveðið á að nefndin skyldi í tillögum sínum einkum miða við þau markmið, sem fram voru sett í samkomulagi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febrúar 1976:

* Að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna.
* Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma.
* Að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna, sem lífeyris eiga að njóta.
* Að lífeyrisaldur geti, innan vissra marka, verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, það er að segja að lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr.
* Að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

3. Skipun nefndarinnar

Í nefndina voru skipaðir:

Án tilnefningar:
Formaður
Varaformaður

Samkvæmt tilnefningu:
1 frá fjármálaráðuneytinu
2 frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu
3 frá Alþýðusambandi Íslands
1 frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
2 frá Vinnuveitendasambandi Íslands
1 frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga
1 frá Stéttarsambandi bænda
1 frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
1 frá Bandalagi háskólamanna
1 frá Sambandi bankamanna
1 frá Landssambandi lífeyrissjóða.

Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hefur verið formaður endurskoðunarnefndarinnar frá upphafi.

Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var skipaður varaformaður nefndarinnar í upphafi en Hallgrímur Snorrason, nú hagstofustjóri, tók sæti hans á árinu 1980.

Í upphafi voru nefndarmenn skipaðir af ráðherra. Við forföll hafa þeir sjálfir eða samtök þeirra tilnefnt staðgengla til að sitja einstaka fundi ellegar til frambúðar.

Skrá um nefndarmenn og starfshóp nefndarinnar er aftan við meginmál skýrslunnar.

Um leið og endurskoðunarnefndin var skipuð var skipuð 7-manna nefnd, er skyldi starfa innan endurskoðunarnefndarinnar. Var þeirri nefnd sérstaklega ætlað að kanna málefni lífeyrisþega á samningssviði Alþýðusambands Íslands.

Í 7-manna nefndina voru skipaðir þeir fulltrúar, sem tilnefndir höfðu verið af Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu í endurkoðunarnefndina, svo og varaformaður endurskoðunarnefndarinnar sem formaður 7-manna nefndarinnar.

Á árinu 1977 varð sú breyting á skipan 7-manna nefndarinnar, að þegar Farmanna- og fiskimannasambandið gerðist aðili að samkomulagi Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins tók sá fulltrúi, sem skipaður hafði verið í endurskoðunarnefndina samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambandsins, jafnframt sæti í 7-manna nefndinni og var nefndin eftir það kölluð 8-manna nefndin, eða Lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS.

Jón Sigurðsson og síðan Hallgrímur Snorrason hafa verið formenn 8-manna nefndarinnar samtímis því sem þeir voru varaformenn endurskoðunarnefndarinnar eins og að ofan var rakið.

4. Nefndarstarfið

Starf endurskoðunarnefndarinnar hefur að sjálfsögðu mjög mótast af því, hve fjölmenn hún er. Í reynd hefur hún starfað sem nokkurs konar yfirnefnd eða samræmingaraðili þeirrar vinnu, sem unnin hefur verið að endurskoðun lífeyriskerfisins á undanförnum árum. Vegna þess að í henni sitja fulltrúar hagsmunasamtaka og lífeyrissjóða í landinu, hefur hún verið ákjósanlegur vettvangur til þess að kynna og fá fram afstöðu til frumvarpa og tillagna á sviði lífeyrismála, sem í undirbúningi hafa verið. Rétt er einnig að hafa í huga, að nefndin er ekki þannig samsett, að þar verði gerðar ályktanir með formlegri atkvæðagreiðslu, heldur hefur nefndin fyrst og fremst starfað sem ráðgefandi aðili, þar sem reynt hefur verið að samræma sjónarmið eftir því sem unnt hefur verið, en enginn verið bundinn af þeim niðurstöðum, sem frá nefndinni hafa komið.

Sú vinna, sem unnin hefur verið á vegum nefndarinnar, hefur fyrst og fremst verið í höndum undirnefnda og starfshópa. Þar hefur 7-manna og síðar 8-manna nefndin skipt langmestu máli, og verður nánari grein gerð fyrir starfsemi hennar hér á eftir. Einnig hefur á vegum endurskoðunarnefndarinnar unnið starfshópur, sem undirbúið hefur skýrslur og frumvarpsdrög fyrir nefndina.

Bókaðir fundir 17-manna nefndarinnar sjálfrar hafa verið 23, en um fimm sinnum fleiri fundir hafa verið haldnir í 8-manna nefndinni, auk fjölda funda starfshóps nefndarinnar.

Verður nú vikið að einstökum þáttum í starfi nefndarinnar.

4.1 Löggjöf um lífeyrismál

Auk þess meginverkefnis nefndarinnar að undirbúa gerð tillagna um nýskipan lífeyriskerfisins hefur nefndin haft afskipti af og á ýmsan hátt frumkvæði að lagasetningum þeim, sem átt hafa sér stað um lífeyrismálin hin síðari ár eða frá því að nefndin var sett á laggirnar. Hér er um að ræða:

4.1.1 Lög nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraða. Nú lög nr. 2/1985.

Lög þessi komu í stað laga nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Meginnýmælið í lögunum nr. 97/1979 er að þar er kveðið á um réttindi þeirra, sem hvorki áttu rétt samkvæmt reglunum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum ellegar ákvæðum laga um Lífeyrissjóð bænda. Þar með var lágmarksréttur til eftirlauna gerður að almennum rétti fjölmenns hóps atvinnuteknafólks.

4.1.2 Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Með lögum þessum eru sett ákvæði um skylduaðild atvinnuteknafólks að lífeyrissjóðum. Skyldu þessa þótti nauðsynlegt að lögfesta í kjölfar þess almenna réttar til eftirlauna, sem ákveðinn var í fyrrnefndum lögum nr. 97/1979.

4.1.3 Lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda.

Hér er ákveðið að fjármálaráðuneytið skuli færa í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna. Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða.

Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi greiðan aðgang að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild og til að afla vitneskju um umfang þess tryggingakerfis, sem lífeyrissjóðirnir mynda í landinu.

Framkvæmd ofangreindra laga nr. 55/1980 byggist og á því að stjórnvöldum sé unnt að kanna hvort iðgjöld hafi verið greidd svo sem lög og kjarasamningar segja til um.

4.1.4 Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Með lögunum er stofnaður lífeyrissjóður til að vista menn, sem tryggingaskyldir eru samkvæmt ofangreindum lögum nr. 55/1980 en eiga ekki vísa aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

Söfnunarsjóðurinn tók við af Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda, sem starfað hafði frá því á árinu 1974 samkvæmt reglum, sem fjármálaráðuneytið setti án þess að lög væru sett um þá stofnun.

Ekki er ástæða til þess að rekja efni þessara laga nánar hér, en sérprentun laganna fylgir hér með sem fylgiskjöl 1.1—1.4. Þó er rétt að leggja áherslu á það, að í þessari löggjöf, ef hún er skoðuð í heild, felst mjög veigamikil stefnumörkun á uppbyggingu lífeyriskerfisins hér á landi. Með henni hefur í reynd verið ákveðið, að allir skuli eiga aðild að lífeyrissjóðum og þeir þannig gerðir að öðrum meginstofni lífeyrisréttarkerfisins í landinu við hlið lífeyriskerfis almannatrygginga. Jafnframt hefur verið ákveðið að taka upp heildarskráningu lífeyrisréttinda og stofnaður hefur verið sérstakur sjóður, sem þeir geta átt aðild að, sem ekki eiga sjálfsagðan aðgang að þeim sjóðum, sem starfandi eru.

4.2 Yfirlit um lífeyriskerfið

Mjög hefur á það skort, að fyrir hendi væri glöggt yfirlit um það kerfi lífeyrisréttinda, sem vaxið hefur upp hér á landi á undanförnum áratugum. Nefndin fól því sérstökum starfshópi að vinna að því að gera yfirlit um lífeyriskerfið bæði til glöggvunar fyrir Endurskoðunarnefndina sjálfa og til upplýsinga fyrir aðra, sem um þessi mál fjalla. Fylgir skýrsla þessi hér með sem fylgiskjal 2. Í henni er fjallað um lífeyriskerfi almannatrygginganna og lífeyrissjóðanna, svo og bráðabirgðaráðstafanir, sem mælt er fyrir um í lögum um eftirlaun til aldraðra. Einnig er í skýrslunni sagt frá því, hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndunum.

4.3 Drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða

Eitt meginverkefni endurskoðunarnefndarinnar hefur verið að láta gera drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða og leita samstöðu aðila um slíkt frumvarp.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda er það eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt, að sett verði löggjöf, er kveði á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, m.a. varðandi myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda. Enn fremur vantar í lög öll ákvæði um skipulag, reiknishald og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, sem nú eru orðnir veigamikill þáttur í fjármálakerfi landsins.

Settur var á laggirnar sérstakur starfshópur til þess að vinna að samningu lagafrumvarps um þessi efni og voru fyrstu frumvarpsdrögin dagsett í apríl 1981. Voru þessi drög tekin til umfjöllunar í endurskoðunarnefndinni, og í ljósi þeirra sjónarmiða, sem þar komu fram, voru drögin endurskoðuð af starfshópnum, og var síðasta gerð þeirra dagsett 12. apríl 1983. Fylgja þau hér með sem fylgiskjal 3.

Í frumvarpsdrögunum er kveðið á um skilyrði, sem lífeyrissjóðir verða að uppfylla til þess, að með iðgjaldagreiðslum til þeirra verði innt af hendi sú kvöð um skyldutryggingu, sem felst í lögum nr. 55/1980. Jafnframt þeim sjóðum sem hér um ræðir og nefndir eru skyldusjóðir, er gert ráð fyrir heimild til starfrækslu svonefndra frjálsra sjóða, sem einungis yrði ætlað það hlutverk að veita viðbótarréttindi við hið tvíþætta skyldukerfi lífeyristrygginga, almannatryggingar og skyldulífeyrissjóði.

Auk ákvæða um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, starfsleyfi, stjórn, gerð ársreikninga o.fl. er í frumvarpsdrögunum lagt til, að lágmarksiðgjald til skyldusjóða verði tiltekinn hundraðshluti af heildaratvinnutekjum. Þá eru og ákvæði um verðtryggingu lífeyris, lágmark elli- og örorkulífeyris og réttindi þeirra, sem hætta iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, en láta iðgjöld sín standa inni.

Í athugasemdum með frumvarpsdrögunum er gerð grein fyrir þeim ávöxtunarforsendum, sem miða þarf við, ef hið tilgreinda lágmarksiðgjald á að geta staðið undir þeim lágmarksréttindum, sem kveðið er á um.

Í umræðum um þessi drög í endurskoðunarnefndinni kom fram, að þeir hagsmunaaðilar, sem aðild eiga að nefndinni, töldu sig þurfa verulegan tíma til þess að taka afstöðu til þeirra, og er ljóst, að enn mun nokkur tími líða, þar til afstaða aðila liggur fyrir. Einkum er um tvö mál að ræða, sem fjalla verður nánar um, áður en von er til þess að allir geti tekið afstöðu til málsins.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða þau ákvæði frumvarpsdraganna, sem fjalla um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóðanna og iðgjaldagreiðslur til þeirra. Hafa flestir fulltrúar aðila í nefndinni talið nauðsynlegt, að skýr ákvæði væru um þessi efni í frumvarpsdrögunum, en jafnframt lagt áherslu á, að um slík mál væri nauðsynlegt að fjalla í samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

Í öðru lagi þarf samhliða lagasetningu af þessu tagi að vera fyrir hendi greinargerð fyrir því, hvaða áhrif almenn löggjöf um lífeyrissjóði hefur á starfsemi þeirra lífeyrissjóða, sem stofnaðir hafa verið með sérstökum lögum.

Stjórn BSRB og svo 8-manna nefndin hafa lagt fram athugasemdir og greinargerðir um afstöðu sína til og sjónarmið gagnvart frumvarpsdrögunum. Engir fulltrúar annarra aðila endurskoðunarnefndarinnar hafa hinsvegar gert þannig grein fyrir afstöðu sinni og sjónarmiðum.

4.3.1 Afstaða stjórnar BSRB

Á fylgiskjali 4 kemur fram að stjórn BSRB telur sig ekki geta tekið efnislega afstöðu til frumvarpsdraganna fyrr en lokið sé þeirri tryggingafræðilegu úttekt á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem nú er verið að vinna að og gerð er með hliðsjón af hugmyndum frumvarpsdraganna og að fyrir liggi hvaða breytingar muni verða nauðsynlegt að gera á lögum hinna lögbundnu lífeyrissjóða.

4.3.2 Sjónarmið 8-manna nefndar

8-manna nefndin hefur í fylgiskjali 5 sett fram sjónarmið sín gagnvart frumvarpsdrögunum en hér verða rakin meginatriði þeirra sjónarmiða og gerð stuttleg grein fyrir störfum nefndarinnar.

Lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga, 8-manna nefndin svonefnda, er hluti 17-manna nefndarinnar. Hefur 8-manna nefndinni verið ætlað að fjalla sérstaklega um málefni lífeyrissjóða á samningssviði þeirra samtaka, sem eiga fulltrúa í nefndinni. Auk þátttöku í störfum 17-manna nefndarinnar hefur 8-manna nefndin því starfað sjálfstætt og haldið um 100 fundi frá árinu 1976 til marsmánaðar 1985.

Í fyrstu fjallaði nefndin einkum um framkvæmd samkomulags aðila vinnumarkaðarins um málefni lífeyrissjóða frá 1976 og 1977 og þær breytingar á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem það samkomulag hafði í för með sér. Í framhaldi af þessu vann nefndin að undirbúningi lagasetningar um eftirlaun til aldraðra, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og um skráningu lífeyrisréttinda. Að lokinni þessari lagasetningu var skipaður starfshópur á vegum 17-manna nefndarinnar til að semja drög að frumvarpi til laga um starfssemi lífeyrissjóða. Frá því fyrstu drög starfshópsins lágu fyrir árið 1981 hefur 8-manna nefndin varið miklum tíma til umræðna um þau og skilað ítarlegum athugasemdum og breytingartillögu, og sér þess í mörgum atriðum stað í frumvarpsdrögunum, eins og þau liggja nú fyrir.

Eitt meginsjónarmið 8-manna nefndarinnar í þessu máli hefur frá upphafi verið, að ófrávíkjanlegt væri að í löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða yrðu ákvæði um samræmd lágmarksréttindi og iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða. Það hefur jafnframt verið krafa nefndarinnar að slík ákvæði tækju með sama hætti til allra lífeyrissjóða, hvort sem þeir starfa samkvæmt sérlögum eða á grundvelli almennra reglugerða. Að baki þessu býr, að nefndin og samtökin, sem að henni standa, telja óhjákvæmilegt að lífeyrisréttindi allra starfandi manna verði jöfnuð og samræmd. Þannig er þess krafist, að greiðsla sama lífeyrisiðgjalds af sambærilegum tekjum leiði til sömu lífeyrisréttinda. Er þá gert ráð fyrir, að skilyrði þess, að lífeyrissjóðir fái að starfa, verði að iðgjöld og réttindi standist á og sjóðir standi jafnan undir sér. Í þessu felst meðal annars að hætt verði að halda uppi m.a. með almannafé, ýmsum sérréttindum einstakra hópa í lífeyrismálum, sem koma nú fram í mun hærri lífeyrisgreiðslum en svarar til iðgjaldagreiðslna, lægri lífeyrisaldri, takmörkun á iðgjaldagreiðslum o.fl.

Þau ákvæði um lífeyrisréttindi og iðgjöld, sem nú eru í drögum að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða, eru ófullnægjandi að mati 8-manna nefndarinnar. Ástæðurnar eru þær, að þessi ákvæði tryggja ekki þá jöfnun og samræmingu réttinda, iðgjalda og iðgjaldsstofns, sem nefndin telur óhjákvæmilega. Sú tillaga sem þar er gerð um iðgjaldahlutfall er sett fram með hliðsjón af núverandi iðgjöldum og framlögum til lífeyriskerfisins en styðst ekki við athugun á kostnaði af æskilegum lífeyrisréttindum. 8-manna nefndin hefur því að undanförnu unnið að fjárhagslegum athugunum á ýmsum kostum í lífeyrismálum og kostnaði af lífeyrisréttindum svo og að gerð tillagna um réttindi og iðgjöld. Þar sem hér er um kjaramál að ræða, sem varðar bæði kjör launþega meðan starfsævin varir og að henni lokinni, hefur nefndin lagt áherslu á, að lífeyrisréttindi og iðgjöld séu samningsefni aðila vinnumarkaðarins. Nefndin og samtökin, sem að henni standa telja því eðlilegt, að lágmarksákvæði í þessum efnum verði ekki í lög leidd fyrr en að undangegnum samningum samtaka launafólks og atvinnurekenda um málið.

8-manna nefndin hefur nú lagt fram í 17-manna nefndinni og fyrir umbjóðendur sína ákveðnar hugmyndir um lífeyrisréttindi og iðgjöld. Þessar hugmyndir eru settar fram í sérstakri greinargerð, sem hér fylgir sem fylgiskjal 5, og eru þær nú til athugunar hjá

samtökunum, sem eiga aðild að nefndinni. Ítarlegar umræður eru þegar hafnar í samtökunum, og er þess nú vænst, að þau muni á næstu mánuðum móta stefnu sína um meginþætti lífeyrismála.

4.4 Reiknilíkan lífeyriskerfis

Mönnum varð það snemma ljóst í umræðum um framtíð lífeyriskerfisins, að nauðsynlegt væri að gera reiknilíkan, er gæfi mönnum kost á að meta þróun kerfisins í framtíðinni. Slíku reiknilíkani væri m.a. ætlað það hlutverk að svara spurningum um þá fjárhæð iðgjalda, sem nauðsynleg væri til þess að standa undir tilteknum lífeyrisréttindum í framtíðinni, svo og um áhrif ávöxtunar lífeyrissjóðanna á greiðslugetu þeirra. Gerð slíks reiknilíkans er hins vegar ekkert áhlaupaverk, og hlaut það að taka verulegan tíma.

Á undanförnum tveimur árum hefur verki þessu miðað það áleiðis, að nú liggja fyrir ýmsar veigamiklar niðurstöður, sem nauðsynlegt er að hafa til hliðsjónar varðandi ákvarðanir um lífeyriskerfið, fjármögnun þess og getu til þess að standa undir tilteknum réttindum. Athuganir þessar hafa verið unnar á grundvelli reiknilíkans, sem dr. Pétur H. Blöndal hefur unnið að tilhlutan nefndarinnar. Rétt er þó að leggja áherslu á það, að enn er mjög mikið verk óunnið á þessu sviði, jafnframt því sem allar niðurstöður eru háðar mikilli óvissu, einkum ef skyggnst er mjög langt fram í tímann. Hér verður nú reynt að gera í stuttu máli grein fyrir þessum útreikningum og þeim niðurstöðum, sem þegar liggja fyrir. Nánari greinargerð um útreikningana ásamt ýmsum niðurstöðum þeirra í formi línurita er að finna í fylgiskjali 6.

4.4.1 Lýsing á reiknilíkaninu

Líkanið er reist á tveimur meginstoðum. Önnur er mannfjöldinn í desember 1983 og skipting hans eftir kyni, aldri og hjúskaparstétt. Hin meginstoðin eru ýmsar líffræðilegar líkur (dánar-, örorku- og barneignalíkur) og hagrænar líkur (atvinnuþátttaka og tekjudreifing yfir starfsævina). Gert er ráð fyrir, að þessar líkur breytist ekki, að barneignalíkunum undanskildum. Á grundvelli þessa má mynda ævitekjur af atvinnu og lífeyrisréttindi, hvort sem er aftur í tímann eða framávið. Líkanið er látið vinna aftur á bak til 1970, eða til upphafs hinna almennu lífeyrissjóða, SAL-sjóðanna, og lífeyrisréttindi mynduð frá þeim tíma. Nánari lýsingu á líkaninu og helstu forsendum þess er að fá í VI. kafla fylgiskjals 6.

4.4.2 Athuganir

Skipta má athugunum í þrjá aðalflokka: 1. gegnumstreymiskerfi, 2. söfnun, sem takmarkast við mannfjöldann í dag, 3. söfnun, miðað við einn aldursárgang.

Hafa verður í huga þegar ályktanir eru dregnar af athugunum í fyrstu tveimur flokkunum, að líkanið gerir ráð fyrir að allur mannfjöldinn sé í lífeyrissjóði og hefji réttindavinnslu 1970. Þessi forsenda er vitaskuld ekki raunveruleg og af henni leiðir að líkanið vanmetur skuldbindingar sjóðanna fyrstu árin a.m.k. Þannig gefur líkanið, að iðgjaldið þyrfti að vera tæp 2% miðað við gegnumstreymi í dag, en í reynd er hlutfall iðgjalda og lífeyris mun hærra eða um 4%. Jafnframt þarf að hafa í huga, að þegar hefur verið stofnað til skuldbindinga, sem ekki sýnist hægt að standa við, þ.e eignir eru ónógar. Í athugunum á gegnumstreymi hefur ekki verið gert ráð fyrir að nein eign sé í sjóðunum í dag, en réttindi látin ávinnast frá 1970. Ályktanir um kostnað við söfnunarkerfi er því helst að draga af athugun á einum árgangi.

Líkanið hefur verið notað til athugunar á ýmsum lífeyrissjóðakerfum, en sérstaklega á SAL-kerfinu, sem er á samningssviði umbjóðenda 8-manna nefndarinnar. Augljóst er að ekki er hægt að taka tillit til allra ákvæða lífeyriskerfanna, s.s ákvæðis SAL um að réttindi miðist við 30 bestu árin, eða 95-ára reglu LSR, Lífeyrisjóðs starfsmanna ríkisins.

4.4.3 Niðurstöður

Þessar athuganir sýna tvímælalaust að framtíðarhorfur núverandi lífeyrissjóðakerfis eru verri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Jafnframt er ljóst, að staða lífeyrisjóðanna í dag gagnvart skuldbindingum, sem þegar hefur verið stofnað til, er miklu lakari en margir höfðu áttað sig á.

Í greinargerð 8-manna nefndarinnar á fylgiskjali 6 er borið saman iðgjald í söfnunarkerfi fyrir allan mannfjöldann annars vegar og fyrir einn árgang hins vegar. Niðurstöður þess samanburðar gefa vísbendingu um kostnað vegna ónógra eigna í dag og hversu iðgjald þeirra, sem lifa í dag, þyrfti að hækka, ef þeir ættu einir að greiða. Endanleg niðurstaða um kostnað vegna fyrri skuldbindinga hlýtur hins vegar að byggjast á uppgjöri hvers sjóðs fyrir sig.

Í útreikningunum kemur mjög skýrt fram, að vegna þróunar mannfjöldans og breytingar á aldursskiptingu þjóðarinnar munu lífeyrisgreiðslur aukast verulega á næstu áratugum og mun aukningin verða sérstaklega ör milli 2010 og 2030. Upp frá því mun hægja mjög á aukningunni, enda tekur þá að gæta áhrifa af minnkandi frjósemi undanfarandi áratuga.

Miðað við óskerta frjósemi áranna 1981 og 1982 ætti aldursskipting þjóðarinnar að verða nokkuð stöðug upp úr 2030. Gegnumstreymiskerfi nær því jafnvægi upp úr 2030. Miðað við 70 ára ellilífeyrisaldur og reglur SAL-sjóðanna yrði nauðsynlegt iðgjald þá um 17%. Við 65 ára ellilífeyrisaldur þyrfti iðgjald að vera 23% þegar jafnvægi kæmist á, en 30% við 60 ára ellilífeyrisaldur. Til samanburðar má nefna, að á þessum forsendum þyrfti nauðsynlegt (gegnumstreymis-) iðgjald samkvæmt réttindakerfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (65 ára ellilífeyrisaldur) að vera rúmlega 29% þegar jafnvægi næðist.

Frjósemi íslenskra kvenna hefur minnkað verulega undanfarna áratugi og bendir m.a alþjóðleg reynsla til að enn muni draga úr frjóseminni á næstu árum. Í reikningunum hefur verið gert ráð fyrir, að frjósemin muni minnka um annars vegar 2% árlega næstu 20 árin og hins vegar um 1,5% árlega. Afleiðing þess er, að aldursskipting þjóðarinnar yrði enn óhagstæðari en ella og nauðsynlegt iðgjald þyrfti því að vera enn hærra. Samkvæmt réttindakerfi SAL og miðað við 70 ára ellilífeyrisaldur færi iðgjald upp í 26% í jafnvægi, sem yrði vart fyrr en upp úr 2070, ef frjósemi lækkaði um 1,5% árlega. Við 2% árlega lækkun frjóseminnar færi iðgjald upp í 31%.

Í gegnumstreymiskerfi er iðgjaldstekjum hvers árs jafnharðan varið til að greiða lífeyri. Iðgjaldshlutfall hvers árs miðast við að iðgjaldagreiðslur starfandi manna nægi til að greiða lífeyri hvers árs. Af þessum sökum breytist iðgjaldshlutfallið mjög hratt meðan ellilífeyrisþegum fjölgar umfram fjölgun starfandi manna, svo sem líklegt er á næstu áratugum. Í söfnunarkerfi er hins vegar miðað við að iðgjaldagreiðslur hvers starfandi manns nægi til að greiða skuldbindingar sjóðsins vegna hans. Sjóðfélagar safna því eign í sjóðnum á starfsævinni, sem að jafnaði á að nægja til að greiða lífeyri þeirra miðað við lífslíkur.

Hvert iðgjaldshlutfallið þarf að vera ræðst ekki síst af því, hvernig tekst að ávaxta iðgjaldssjóðinn. Í líkaninu hefur söfnunarkerfið verið reiknað fyrir einn aldursárgang. Miðað við réttindakerfi SAL-sjóðanna og 70 ára ellilífeyrisaldur fæst, að iðgjald þyrfti að vera 23,0%, ef iðgjaldasjóðurinn er ávaxtaður í takt við launabreytingar. Ef ávöxtun er 1% umfram launabreytingar næðist jafnvægi við 16,6% iðgjald en 2% ávöxtun nægði 12,0% iðgjald. Væri hins vegar 67 ára ellilífeyrisaldur mundi iðgjald þurfa að vera 26,0% við enga ávöxtun umfram launabreytingar, 18,9% við 1% ávöxtun og 13,4% við 2% ávöxtun.

Í þessum dæmum kemur mjög vel í ljós, hversu iðgjald í söfnunarsjóð er háð ávöxtun og hversu gegnumstreymisiðgjald er háð aldursskiptingu mannfjöldans.

5. Yfirlit um þróun og stöðu lífeyrismála

Hér skal í stuttu máli rakin þróun lífeyrismála á þeim tíma, sem endurskoðunarnefndin hefur starfað, og gerð grein fyrir stöðu þeirra í dag. Mikil þróun hefur átt sér stað í þessum efnum og skipulag lífeyriskerfisins fengið á sig ákveðnara form. Hins vegar er enn mikið verk óunnið og mikil óvissa um það, hvaða réttindum kerfið getur staðið undir í framtíðinni, án óhóflegrar byrðar á þann hluta þjóðarinnar, sem starfandi er á hverjum tíma.

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á starfsemi lífeyrissjóða, ýmist vegna lagasetningar um lífeyrismál almennt eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum einstakra lífeyrissjóða. Þá hefur orðið gerbreyting í fjárhagslegum efnum, og jafnframt hafa viðhorf til lífeyrismála breyst í grundvallaratriðum.

Er verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan áttunda áratuginn, beindist umræða um málefni lífeyrissjóða æ meir að þeim mismun, sem var á verðtryggingu lífeyris eftir sjóðum. Annars vegar voru sjóðir opinberra starfsmanna og fáeinir aðrir sjóðir, sem greiddu lífeyri í hlutfalli við laun á hverjum tíma og höfðu að jafnaði ríki, sveitarfélög eða einstök fyrirtæki að bakhjarli sem ábyrgðaraðila, en hins vegar sjóðir, sem engan slíkan bakhjarl höfðu og greiddu lífeyri, eins og hann var upphaflega úrskurðaður, ásamt uppbótum í takmörkuðum mæli. Þá voru lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra verðtryggðar einungis að takmörkuðu leyti. Úr því var bætt með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976 þess efnis, að lífeyrir samkvæmt lögunum skyldi verðtryggður þannig, að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara aðila kostuðu þá hækkun lífeyris, sem af því hlytist, að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkanir. Svipaðar verðtryggingareglur voru settar um greiðslur til aldraðra bænda samkvæmt II kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

Verðtryggingareglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp, sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eða II kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú langflestir sjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kauptöxtum, greiða uppbætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum, sem síðar hafa verið á því gerðar.

Í framhaldi af fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga 1977 voru árið 1979 sett lög, nr 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, er komu í stað laganna um eftirlaun til aldraðra félaga í séttarfélögum. Með samþykkt laganna nr. 97/1979 fjölgaði þeim verulega, sem réttindi gátu öðlast, og atvinnutekjur almennt gátu nú orðið grundvöllur lífeyrisréttar, en ekki einungis launatekjur, sem féllu undir kjarasamninga verkalýðsfélaga, eins og áður hafði verið. Eftirlaunalögin, sem upphaflega var ætlað að gilda um 15 ára skeið, þ.e árin 1970–1984, hafa nú verið framlengd til ársloka 1989 með lögum nr. 2/1985.

Með lögum nr.55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda var komið á skyldu fyrir alla, sem tekjur hafa af atvinnu, til að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Lagasetning þessi kom í beinu framhaldi af áðurnefndum lögum nr. 97/1979, og í athugasemdum, er lagafrumvarpinu fylgdu, var á það bent, að í kjölfar slíkrar almennrar tryggingaskyldu þyrfti að koma löggjöf um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða.

Af hinni almennu þátttöku í lífeyrissjóðum hefur leitt, að sífellt verður algengara, að menn eigi geymd réttindi í einum eða fleiri sjóðum, sem þeir greiða ekki lengur iðgjöld til. Við þessu hafa sjóðirnir brugðist með tvennum hætti. Annars vegar hafa þeir dregið mjög úr eða jafnvel fellt alveg niður lágmarksskilyrði um iðgjaldafjárhæðir og iðgjaldagreiðslutíma, sem veitt getur rétt til lífeyris, og hins vegar gert með sér samskiptasamning, þar sem kveðið er á um, að litið skuli á réttindi sem samfelld, þótt menn skipti um sjóð, svo og um flutning minni háttar réttinda milli sjóða, þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Hálfur fimmti tugur sjóða mun nú eiga aðild að þessu samkomulagi, og raunar eru svonefndir SAL-sjóðir, um 30

talsins, tengdir enn nánari böndum þannig, að félagar þeirra eru að miklu leyti eins settir og þeir væru í einum og sama sjóði.

Fyrir tveim áratugum komu fram hugmyndir um einn allsherjar lífeyrissjóð, aðallega að sænskri og norskri fyrirmynd. Þegar lífeyrissjóðir urðu fyrir gífurlegu eignatjóni á hinum miklu verðbólguárum áttunda áratugarins og aukin verðtrygging lífeyris varð stöðugt brýnni, komu enn fremur fram tillögur um, að horfið skyldi frá sjóðmyndun í lífeyriskerfinu og myndaður einn allsherjar sjóður, byggður á svonefndu gegnumstreymi. Gagnger umskipti í ávöxtunarmálum, nauðsyn aukins innlends sparnaðar og fyrirsjáanleg aukin byrði af gegnumstreymiskerfi, þegar illa árar eða hlutfall milli mannfjölda á lífeyrisaldri og starfsaldri hækkar, hafa hins vegar verið meðal þeirra sjónarmiða, sem breytt hafa viðhorfum manna. Mun nú vera almennt fremur hallast að hugmyndum um lífeyriskerfi, byggt á starfsemi fleiri sjóða, sjóðmyndun og á grunni þess kerfis, sem landsmenn búa nú við.

6. Verkefni fram undan

Enn er mikið verk óunnið til þess að lokið verði þeirri endurskoðun lífeyriskerfisins, sem Endurskoðunarnnefndinni var falið að vinna að árið 1976.

Meginverkefnið er að ljúka og ná sæmilegri samstöðu um frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Nokkrir nefndarmanna telja frumvarpið þegar nógu vel unnið til að það geti orðið grundvöllur ákvörðunar um lagasetningu um starfsemi lífeyrissjóða, enda þótt í þeim séu aðeins takmörkuð ákvæði um iðgjöld og réttindi. Hins vegar er það skoðun flestra fulltrúa hagsmunasamtaka í endurskoðunarnefndinni að nauðsynlegt sé að hafa í þeim lögum skýr ákvæði um iðgjöld og samræmd lágmarksréttindi. Til undirbúnings samningum og ákvörðunum um þessi efni hafa að undanförnu verið gerðar veigamiklar fjárhagslegar athuganir á framtíðarþróun lífeyriskerfisins sem ætlað er að verði grundvöllur slíkra ákvarðana. Nauðsynlegt er að halda þessari vinnu áfram, svo og að kynna niðurstöður hennar sem best fyrir almenningi í landinu. Slík kynnig og umræða er þegar hafin í stærstu hagsmunasamtökunum, sem aðild eiga að nefndinni. Síðan mun að því koma að afstaða verður tekin til þess, bæði með samningum milli hagsmunaaðila og á vettvangi stjórnmála, hvaða lágmarksréttindum skuli stefna að á komandi tímum, og hvernig undir þeim skuli standa með greiðslu iðgjalda og ávöxtun myndaðs sjóðs. Þeir reikningar, sem þegar hafa verið gerðir, sýna ótvírætt, að í þessum efnum eru framundan stærri vandamál en menn hugðu, þar sem ekki verður komist hjá verulegri hækkun iðgjalda í framtíðinni, ef halda á þeim réttindum, sem þegar hafa verið ákveðin, ýmist með samningum eða með lögum.

NEFNDARMANNATAL

Formaður

Jóhannes Nordal[1])[2])

Varaformaður

Jón Sigurðsson[1])
Hallgrímur Snorrason[2])

Frá fjármálaráðuneytinu

Höskuldur Jónsson[1])[2])
Þorsteinn Geirsson
Árni Kolbeinsson

Frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu

Páll Sigurðsson[1])[2])
Guðjón Hansen[1])[2])
Jón Ingimarsson

Frá Alþýðusambandi Íslands
Björn Jónsson[1])
Eðvarð Sigurðsson[1])
Guðmundur H. Garðarsson[1])[2])
Snorri Jónsson
Ásmundur Stefánsson
Benedikt Davíðsson[2])
Jóhannes Siggeirsson[2])

Frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
Ingólfur Ingólfsson[1])
Bolli Héðinsson[2])

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands
Jón H. Bergs[1])
Gunnar J. Friðriksson[1])[2])
Páll Sigurjónsson
Þórarinn V. Þórarinsson[2])

Frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga
Skúli Pálmason[1])[2])

Frá Stéttarsambandi bænda
Pétur Sigurðsson[1])
Stefán Pálsson[2])

Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
Kristján Thorlacius[1])[2])
Haraldur Steinþórsson

Frá Bandalagi háskólamanna
Ómar Árnason[1])
Már Pétursson
Guðríður Þorsteinsdóttir
Sigmundur Stefánsson[2])

Frá Sambandi bankamanna
Helgi Hólm[1])[2])
Hinrik Greipsson

Frá Landssambandi lífeyrissjóða
Bjarni Þórðarson[1])
Pétur Blöndal[2])

Ritarar
Hallgrímur Snorrason[1])
Steingrímur Pálsson[1])[2])
Sigurður Snævarr[2])

---

[1]) Skipaður í endurskoðunarnefndina í upphafi; við forföll hefur hann sjálfur eða samtök, sem tilnefndu hann, tilnefnt staðgengil til að sitja einstaka fundi ellegar til frambúðar.
[2]) Skipar nú nefndina.

STARFSHÓPUR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR sem vann að
Yfirliti um lífeyriskerfið og
Drögum að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða:

Guðjón Hansen
Árni Kolbeinsson
Arnljótur Björnsson
Bjarni Þórðarson
Björn Arnórsson
Hrafn Magnússon
Steingrímur Pálsson.

FYLGISKJALASKRÁ

1 Lög, sem sett hafa verið um lífeyrismál á starfstíma nefndarinnar.
1.1 Lög um eftirlaun til aldraða.
Nr. 97/1979. Nú nr. 2/1985
1.2 Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
Nr. 55/1980
1.3 Lög um skráningu lífeyrisréttinda.
Nr. 91/1980
1.4 Lög um Söfunarsjóð lífeyrisréttinda.
Nr. 95/1980
2 Yfirlit um lífeyriskerfið.
Dagsett 12.05.1982
3 Tillaga starfshóps nefndarinnar um frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða.
Dagsett 12.04.1983
4 Athugasemdir BSRB um drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða.
Dagsett 20.02.1985
5 Greinargerð 8-manna nefndar um drög að tillögum um lífeyrisréttindi og iðgjöld og afstöðu til draga að frumvarpi.
Dagsett 29.03.1985
6 Greinargerð 8-manna nefndar um útreikning á áhrifum lífeyriskerfa og ýmissa kosta í lífeyriskerfum.
Dagsett 27.03.1985
7 Skráning lífeyrisréttinda.
Nafnaskrá lífeyrissjóða 21.11.1984.
Yfirlitsskrár.

Ed. 958. Frumvarp til laga [509. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum deildarinnar er:
1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum,
2. varasjóður deildarinnar,
3. ábyrgð Búnaðarbankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. október 1983 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að athuga stöðu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og gera tillögur um lausn á fjárhagsvanda deildarinnar. Formaður nefndarinnar var skipaður Stefán Pálsson, bankastjóri.

Nefndin skilaði áliti í lok maímánaðar 1984. Kemur þar fram, að veðdeildin hafi vegna lánveitinga til jarðarkaupa, er deildin annaðist til ársloka 1978, tekið lán, oft með innlendri verðtryggingu eða gengisákvæðum, sem síðan hafi verið lánuð út með föstum kjörum. Útlánskjörin hafi hins vegar reynst ófullnægjandi fyrir veðdeildina, en lánskjör þeirra lána, sem veðdeildin hafi tekið, lágu ekki fyrir þegar kjör útlána voru ákveðin. Innlend verðbólguþróun og framvinda gengismála reyndist og önnur en gert hafi verið ráð fyrir.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er gert ráð fyrir að til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar, sem deildin gaf m. a. út vegna þeirra lántaka sem að framan greinir, séu:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Enn fremur segir í 2. mgr. sömu greinar, að ef þörf krefji, skuli taka til tryggginganna í þeirri röð sem að ofan greinir. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því í lagagreininni, að eigur Búnaðarbankans séu til tryggingar vaxtabréfunum.

Með hliðsjón af öllum atvikum lagði nefndin til að í þessu tilviki yrði fjárhagsvandi veðdeildarinnar leystur af ríkissjóði og Búnaðarbankanum í sameiningu. Ríkissjóður tæki að sér að greiða afborganir og vexti af verðtryggðum og gengistryggðum lánum sem Framkvæmdasjóður Íslands hafði veitt veðdeildinni, en þær skuldir námu kr. 9 763 091 í reikningum deildarinnar við áramót 1983 og falla til greiðslu árin 1984—1992. Búnaðarbankinn tæki hins vegar að sér að greiða það sem á vantaði, þ. e. kr. 11 534 987.

Að fengnum tillögum nefndarinnar féllst fjármálaráðuneytið á að taka að sér greiðslu afborgana og vaxta af þeim lánum sem Framkvæmdasjóður hafði veitt veðdeildinni, sbr. það sem að ofan greinir. Samþykki fjármálaráðuneytisins var þó háð því skilyrði, að lögum nr. 34/1979 um veðdeildina yrði breytt á þann veg að Búnaðarbankinn bæri beina ábyrgð á öllum skuldbindingum deildarinnar. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi breyting verði gerð á lögunum. Samkvæmt lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands ber ríkissjóður hins vegar einfalda ábyrgð á skuldbindingum Búnaðarbankans. Í frumvarpi til laga um viðskiptabanka, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að sú skipan mála verði óbreytt.

Með lögum nr. 89/1984 var yfirstjórn Búnaðarbankans flutt til viðskiptaráðherra. Í samræmi við þá breytingu er það viðskiptaráðherra sem flytur frumvarp þetta.

Nd. 959. Nefndarálit [475. mál]

um frv. til l. um ríkislögmann.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Halldór Blöndal. Friðrik Sophusson.

Þorsteinn Pálsson.

Sþ. 960. Skýrsla

fjármálaráðherra um greiðsluskyldur ríkissjóðs.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 21. maí 1985.)

I. ÞÁTTUR

Landbúnaðarmál.

Frá almennu sjónarmiði og ekki síst vegna fjármálastjórnar ríkisins er æskilegt að alþingismenn hafi undir höndum yfirlit þar sem hægt er að fá sæmilega mynd af því hvaða bagga Alþingi er í tímans rás búið að binda ríkissjóði — og enn þyrfti að taka tillit til.

Til að hefja þetta verk fól fjármálaráðherra Páli Líndal lögfræðingi að taka saman greinargerð um landbúnaðarmálin. Með skýrslu þessari liggur fyrir árangurinn af því starfi.

Greinargerðin skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri er heildaryfirlit um gildandi lagaákvæði á sviði landbúnaðarmála, sem kveða á um greiðslur úr ríkissjóði, en í síðari hluta er greint nokkuð frá þróun mála, gefið sýnishorn af því hvernig einn lagabálkurinn kemur höfundi fyrir sjónir og loks eru niðurstöður og ábendingar.

Er það von fjármálaráðherra að framlagning þessarar skýrslu geti orðið alþingismönnum til fróðleiks um ástand þessara mála.

I. HLUTI

Heildaryfirlit

Lagaskrá með efnisútdrætti. Fylgt er að mestu röð þeirri, sem notuð er í Lagasafni 1983.

1) Lög nr. 64/1976 Ábúðarlög

Skyldur ríkissjóðs sem landsdrottins gagnvart ábúendum ríkisjarða fela í sér vissar fjárhagsskuldbindingar, sjá einkum III. kafla.

2) Lög nr. 65/1976. Jarðalög.

Jarðalög, með breytingum skv. lögum nr. 90/1984, sem raska greinaröð eftir að kemur að 20. gr.

8. gr. Tiltekin skylda til kaupa á fasteign.

20. gr. Kostnaður við störf jarðanefnda greiðast að hálfu úr ríkissjóði. Búnaðarsambönd greiða hluta á móti ríkissjóði, sem aftur veitir þeim tiltekinn styrk, skv. ákvæðum jarðræktarlaga. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

39. gr. Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytis starfar Jarðasjóður ríkisins. Ætla skal sjóðnum það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt jarðalögum, sbr. 42. grein. Hlutverkinu er lýst í VI. kafla laganna, sjá einkum 39.-41. gr. Hann greiðir þóknun manna, sem skipaðir eru til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun. Þessi ákvæði eru í 36. gr.

3) Lög nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingarstofnun ríkisins með breytingum skv. lögum nr. 90/1984.
(Haldið er greinaröð í Lagasafni 1983, þar sem lögin hafa ekki enn verið gefin út að nýju eftir breytingarnar eins og mælt er fyrir í 14. gr. laganna frá 1984.)

Í 1. gr. segir, að Stofnlánadeildin sé deild í Búnaðarbanka Íslands, en ríkissjóður ber alla ábyrgð á skuldbindingum hans, skv. 2. gr. laga nr. 28/1976.

Í 4. gr. 1. tl. er kveðið á um það, að ríkissjóður leggi árlega fram 250 þús. til deildarinnar, en auk þess skv. 5. tl. árlegt framlag, sem nemi jafnhárri fjárhæð og tekjur, skv. 2. og 3. tl. Þá er átt við 1/2-1% gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, skv. reglugerð nr. 627/1982 og 1% gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara og með þeim hætti, sem nánar er lýst í þeim tölulið.

Í 6. gr. er greint frá meginsjónarmiðum, sem eigi að gilda um fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans. Þar er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra (nú viðskiptamálaráðherra?) staðfesti reglur um þetta efni, en þær virðast ekki hafa verið settar. Upphæð lána má "að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs". Heimilt er þó að fara upp í 70%.

Í 11. gr. segir, að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar stofnlánadeildar. Þetta ætti að leiða af því, sem segir í 1. gr.

Í 70. gr. segir, að kostnaður af rekstri Byggingarstofnunar ríkisins greiðist af Stofnlánadeildinni. Starfsemin er töluvert umfangsmikil eins og 67. gr. ber með sér, en í 68. gr. segir að stofnuninni sé heimilt að selja þjónustu sína "á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildarinnar". En stjórn sú er skipuð þannig, að í henni sitja bankaráðsmenn Búnaðarbankans að viðbættum tveim fulltrúum, öðrum frá Búnaðarfélaginu, en hinum frá Stéttarsambandi bænda.

4) Lög nr. 104/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Í 1. gr. er kveðið á um það til hvaða eigna lögin taki, en heimildin er veitt í því skyni, að þar verði undirbúin stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa.

5) Lög nr. 89/1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

4. gr. Stofnframlag ríkissjóðs er 50 millj. króna; á árunum 1972-1976 skulu greiddar úr ríkissjóði 50 millj. króna, 10 millj. á ári.

6) **Lög nr. 79/1972 Jarðræktarlög**

4. gr. Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði.

5. gr. 1. mgr. Kostnaður við framkvæmd jarðræktarlaganna greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem landbúnaðarráðherra samþykkir. Í 2. gr. segir m.a., að Búnaðarfélag Íslands hafi á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til skv. lögum.

5. gr. 2. mgr. Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna og allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta skv. ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum B.Í.

7. gr. Ákvæði laganna um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli skv. ábúðarlögum að undanskildum jörðum og jarðahlutum í skipulögðu þéttbýli.

2. Nýbýla, sem stofnuð eru skv. lögum.

3. Ræktunarlóða á þéttbýlisstöðum, sem liggja utan takmarka "skipulags byggingarlóða" (!)

4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda.

10. gr. (1. mgr. hennar er formlega 1. gr. laga nr. 43/1979 um breytingu á jarðræktarlögunum).

Framlög skal greiða úr ríkissjóði til eftirtalinna framkvæmda í jarðrækt, enda hafi B.Í. og Stofnlánadeild landbúnaðarins komið sér saman um "stærðarmörk framkvæmdanna" eins og þar er nánar lýst; en þau ákvæði eru í lögum nr. 79/1972. Hér er átt við framkvæmdir, sem hér segir:

I. Framræslu vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar, skv. sundurliðun, sem er í 7 liðum, a-g-liðum.

II. Jarðrækt, skv. sundurliðun, sem er í 5 liðum, a-f

III. Grjótnám úr ræktunarlandi.

IV. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga.

V. Áburðargeymslur.

VI. Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.

VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfar.

VIII. Til kölkunar á túnum.

IX. Ákvæði til bráðabirgða (2. gr. laga nr. 43/1979).

Þau fela í sér heimild til landbúnaðaráðherra til að ákveða tiltekin frávik frá framangreindum framlögum. Hér er um skerðingu að ræða á næstu 5 árum frá 1979 (1980) "í samráði við stjórn B.Í."

Landbúnaðarráðherra gerir, að höfðu samráði við stjórn Framleiðniráðs landbúnaðarins tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé, sem sparast skv. skerðingarheimildinni "til annarra verkefna, sem lúta að framkvæmd þeirrar stefnu, sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn".

11. gr. er um skilyrði fyrir því, að framlög samkvæmt 10. gr. gerði greitt út.

12. gr. kveður á um verðlagsuppbót á framlögin, og í viðauka við þá grein, 4. gr. l. nr. 43/1979 eru nánari ákvæði um, hvernig ráðherra skuli veita framlög skv. fjárlögum 1980-1985.

18. gr. geymir ákvæði um "Jöfnunarsjóð fyrir skurðgröft", um þar tiltekið jöfnunarsjóðsgjald, sem nánar er skilgreint í 17. gr. Þar segir og að Búnaðarfélag Íslands ákveði og annist allar greiðslur úr sjóðnum skv. reglugerð, sem sett er að fengnum tillögum B.Í. Í reglugerðinni er þetta ákvæði tekið upp, að félagið "ákveði og annist allar greiðslur úr sjóðnum", 2. mgr. 17. gr. reglug. nr. 359/1979.

24. gr. Þar er mælt fyrir um það, að andvirði helmings af eignum Vélasjóðs, sem leggja skyldi niður í árslok 1972, skyldi renna í sérstakan sjóð til að styrkja álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum Búnaðarþings. Reglugerð, sem um ræðir í greininni, virðist ekki hafa verið sett, og ekki er neitt að finna í lögunum um, hvernig hinum helmingnum hafi verið ráðstafað; ætla má, að hann hafi runnið í ríkissjóð.

7) **Lög nr. 7/1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.**

8. gr. eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 62/1950). Þar er mælt svo fyrir, að vélanefnd ákveði í samráði við stjórn B.Í., hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr Framkvæmdasjóði ríkisins (um hann gilda lög nr. 55/1942).

9. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 26/1955). Þar er ákveðið að veita skuli á "næstu 6 árum allt að 6 millj. króna til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til framkvæmdar á lögum þessum."

12. gr. (formlega 5. gr. laga nr. 62/1950). Kostnaður við eftirlit með vélum og verkfærum, sem keypt eru samkv. lögum þessum svo og kostnaður við námskeið fyrir þá, sem á vélum vinna, greiðist úr ríkissjóði.

19. gr. Byggingar, sem reistar eru skv. ákvæðum laganna, "skulu gerðar eftir teikningu og eftir fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins (nú Byggingarstofnun landbúnaðarins) eða trúnaðarmanna hennar."

21. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 29/1948). Ríkissjóður greiðir styrk, 2/3 af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórn telja búnaðarsamböndum, sem taka að sér byggingar, sbr. 15. gr., þörf á til byggingarstarfsemi sinnar.

8) **Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum.**

Í lögunum er mælt svo fyrir, að Stjórnarráðið sjái um gerð uppdrátta af túnum og matjurtagörðum utan kaupstaða, sbr. reglugerð nr. 10/1916. Landssjóði ber að greiða upp í kostnað 3 kr. við gerð uppdrátta vegna hvers býlis, en hreppsjóður það, sem á vantar. Þennan kostnað skal síðan endurheimta samkvæmt niðurjöfnun á jarðir í hverjum hreppi; þó ekki hærri upphæð en 10 kr. á hvert býli.

9) **Lög nr. 51/1981** um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

6. gr. Heimilt er að greiða kostnað við "samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi", úr ríkissjóði.

10) **Lög nr. 3/1955 um skógrækt**

8. gr. Ef ákveðið er að banna eða takmarka beit á einstökum landssvæðum þar sem skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í hættu, skulu koma fyrir bætur úr ríkissjóði.

20. gr. (áður 21. gr., en breytt með l. nr. 76/1984). Heimilt er ráðherra að fenginni tillögu skógræktarstjóra að kosta girðingu um skóglendi, sem er í bersýnilegri hættu.

22. gr. (áður 23. gr.). Ríkissjóður greiðir 30% af kostnaði manna við girðingu um trjálundi á landi sínu og eiga ekki kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna. Ákveðin skilyrði eru sett.

24.-25. gr. (forml. 3. gr. a. og b. liðir laga nr. 76/1984). Ríkissjóður styrkir ræktun nytjaskóga, greiðir allt að 80% stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

26. gr. (3. gr. c-liður laga nr. 76/1984). Ef Skógrækt ríkisins vanefnir samning, skv. b-lið 25. gr. er landeiganda (umráðamanni) heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað skógræktarinnar.

31. gr. Skógrækt ríkisins gerir í samráði við landbúnaðarráðuneytið tillögur til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar).

11) **Lög nr. 22/1966 um viðauka við lög nr. 3/1955 um skógrækt.**

1. gr. Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

6. gr. Styrkur má nema 1/3 kostnaðar við girðingar og 1/2 af andvirði trjáplantna og kostnaðar við gróðursetningu.

12) **Lög nr. 17/1965 um landgræðslu.**

3. gr. Skv. greininni (formlega séð 1. gr. laga nr. 54/1975) skipar landbúnaðarráð- herra landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar B.Í., sem jafn- framt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

8. gr. (formlega 5. gr. laga nr. 11/1973). Landgræðslu ríkisins er heimilt að styrkja sveitarfélög o.fl. til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndargerða. Framlög mega nema 2/3 kostnaðar við slíkar framkvæmdir.

9. gr. Landgræðslan hefur heimild til að taka efni til landgræðslu í nágrenni landgræðslusvæða. Landeigandi á rétt til bóta.

19. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 42/1982). Kostnaður vegna gróðurverndarnefnda greiðist 2/3 af fé Landgræðslu ríkisins.

Gert er ráð fyrir tilteknum greiðslum úr ríkissjóði, sbr. 2. gr., 7. gr. og 14. gr.

13) **Lög nr. 68/1917 um áveitu í Flóanum.**

14) **Viðaukalög um sama nr. 10/1926.**

1. gr. gerir ráð fyrir ríkisframlagi.

15) **Viðaukalög um sama nr. 56/1933.**

1. gr. um eftirgjöf skulda.

16) **Lög nr. 43/1930 um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni.**

1. gr. Þar er heimilað að ríkissjóður taki að sér greiðslu tiltekinna lána.

17) **Viðaukalög nr. 77/1936.**

1. gr. Um eftirgjöf skulda.

18) **Búfjárræktarlög nr. 31/1973. - Þessum þætti eru gerð fyllri skil í VII. kafla.**

I. kafli, um stjórn búfjárræktarmála o.fl.

1. gr. B.Í. fer með framkvæmd laganna fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. Það sér um greiðslur á öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögunum og hefur eftirlit með notkun fjármunanna.

4. gr. 2. mgr. Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum B.Í.

II. kafli, um nautgriparækt

7. gr.
1. mgr. b-liður. Búnaðarsambönd fá stofnframlag úr ríkissjóði 1/3 af kostnaði við dreifingarstöð nautasæðis.
1. mgr. d-liður. Ríkissjóður greiðir 65% af launum sæðingarmanna á dreifistöð svo og kr. 65.00 í framlag á hverja sædda kú.

8. gr. Ríkissjóður greiðir 65% af launum starfsmanna nautastöðva og allan aukakostnað, er leiðir af einangrun nauta utan djúpfrystistöðvar, er sauðfjárveikivarnir kunna að ákveða hverju sinni.

9. gr. Búnaðarsambönd og búnaðarfélög, sem fengið hafa búfjárræktarsamþykktir staðfestar af B.Í.fá árlegt framlag "kr. 80 á hverja árskú".

10. gr. Í greininni er mælt fyrir um, að ríkissjóður greiði framlög til afkvæmarannsókna á nautum, sem B.Í. hlutast til um. Sundurliðað er í 1.-3. lið, hve háar greiðslur sé um að ræða.

11. gr. Í greininni eru sundurliðuð ákvæði um framlög ríkissjóðs, bæði vegna nautgripasýninga og verðlauna í sambandi við þær.

12. gr. Ríkissjóður greiðir framlag til ákveðins eftirlits með allt að 50 kúabúum.

III. kafli um sauðfjárrækt

15. gr. Búnaðar- eða fjárræktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af B.Í. fær árlegt framlag úr ríkissjóði:

kr. 10.00 á hverja skýrslufærða á
kr. 700.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur 1. verðlaun
kr. 3000.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun eða 1. verðlaun á afkvæmasýningu.

Séu 80% af ám félagsmanna eða þar yfir á skýrslu hækka framlögin um 50%.

16. gr. Ríkissjóður greiðir 1/3 af byggingarkostnaði sæðingarstöðva fyrir sauðfé, svo og verkfærum og öllum búnaði, enda séu stöðvarnar samþykktar af landbúnaðarráðuneytinu að fengnum tillögum B.Í.

Þá greiðir ríkið rekstrarframlög kr. 25.00 á hverja sædda á, enda hafi B.Í. samþykkt hrútaval stöðvar þeirrar, sem í hlut á.

17. gr. Ríkissjóður greiðir framlög til dreifingar á hrútasæði, eftir reglum 16. gr.

18. gr. Veita má framlög til stofnræktunar sauðfjár hjá einstökum bændum eða ríkisbúum, kr. 115.00 á hverja á, "skýrslufærða í stofnræktun".

23. gr. Ríkissjóður leggur fram 2/3 verðlauna á afkvæmasýningum sauðfjár, og er sundurliðað ækilega í greininni, hvernig verðlaunum er háttað.

24. gr. Í greininni er kveðið á um framlög ríkissjóðs til"afkvæmarannsókna á hrútum."

26. gr. Í greininni er mælt fyrir um ríkisframlög til bænda, sem eiga geitfé, allt að kr. 800.00 á geit þó ekki út á fleiri geitur en 200 í landinu öllu.

IV. kafli um hrossarækt.

28. gr. Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 15.00 á hvert framtalið hross gegn jöfnu framlagi úr sveitasjóði. Af því renna 20% til hlutaðeigandi hrossaræktarfélags, sbr. 27. gr.

29. gr. Hrossaræktarfélög fá auk framlaga, skv. 28. gr., framlag úr ríkissjóði kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á tilteknum sýningum og leidd er til stóðhests, er hlotið hefur samsvarandi verðlaun.

Framlag þetta getur hækkað um 50%, skv. reglum í 2. mgr.

30. gr. Hrossaræktarfélög geta hlotið framlög kr. 5000.00 á hvern stóðhest, sem notaður er á vegum þess.

Þá greiðir ríkissjóður framlag, sem nemur efniskostnaði til girðingar fyrir úrvalsstóðhesta og valdar hryssur og til geymslu á stóðhestum og hestum í uppeldi.

Ennfremur greiðir ríkissjóður "20% af framlagi því, sem greiðist til hrossaræktar, sbr. 29. gr."

35. gr. Þar er kveðið á um verðlaun (18 tegundir verðlauna) á sýningum kynbótahrossa, upphæðir, en kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er ákveðin í 34. gr.

36. gr. Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú í landinu. Starfa þau eftir reglum, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum B.Í.

Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til tamningar á afkvæmahópum undan einstökum stóðhestum, kr. 3300.00, ef hesturinn er í eigu hrossaræktarsambands, en kr. 1650.00, ef hann er í einstaklingseign. B.Í. setur nánari reglur um framkvæmd og ákveður hámarksfjölda hesta, sem framlag greiðist til árlega.

41. gr. Halda má einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir svín og alifugla. Verðlaun á sýningu greiðast úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá B.Í.

44. gr. B.Í. ræður til sín ráðunaut í loðdýrarækt, þegar fé er veitt til.

IX. kafli. Um ræktun erlendra búfjárkynja o.fl.

Í þessum kafla eru ekki bein ákvæði um ríkisframlög, en þau hljóta að koma til, t.d. í sambandi við 52. gr. Þar er ákveðið, að landbúnaðarráðherra skuli hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi til ræktunar holdanauta. "Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands".

54. gr. Ríkissjóður greiðir 65% af þóknun þeirra aðstoðarmanna, sem ráðnir eru af stjórn búnaðarsambands til aðstoðar við forðagæzlu.

60. gr. Verði teknar upp sæðingar fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiðir ríkissjóður til þess framlag, sem landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum B.Í.

62. gr. Á framlög, sem ákveðin eru í búfjárræktarlögum, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við B.Í.

19) Lög nr. 74/1962, um innflutning búfjár.

3. gr. Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum.

4. gr. Áður en búfé er flutt inn skv. lögum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð svo og setja saman bú á eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eftir því, sem í lögum segir og reglugerð samkvæmt þeim. Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar í þessu sambandi.

13. gr. Allur kostnaður við stofnun sóttvarnarstöðvar og rekstur hennar, rannsóknir, kaup á gripum, sæði og búnaði o.s.frv. greiðist úr ríkissjóði.

16. gr. Landbúnaðarráðherra er heimilt í samráði við stjórn B.Í. og yfirdýralækni að kaupa íslenzka nautgripi og flytja í stöðina.

20) Lög nr. 50/1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.

1. gr. Ríkisstjórnin skal svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

4. gr. Nauðsynlegan kostnað af framkvæmd laganna skal greiða úr ríkissjóði.

21) **Lög nr. 44/1911 um heyforðabúr.**

Samkvæmt 6. gr. laganna ber landssjóði að greiða tiltekinn hluta af árskostnaði við heyforðabúr, sem starfa samkvæmt lögunum.

22) **Lög nr. 73/1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.**

Samkvæmt 6. gr. laganna greiðir landssjóður tiltekinn hluta af árskostnaði við kornforðabúr, sem starfrækt eru samkvæmt lögum.

23) **Lög nr. 80/1936, um fóðurtryggingasjóði**

2. gr. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingasjóða samkvæmt lögum þessum.

24) **Lög nr. 77/1981, um dýralækna**

5. gr. Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hina almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

13. gr. Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkýr eru færri en 1600, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót, sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu.

Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðslæknis er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði.

14. gr. Þegar dýralæknir hefur störf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið.

Heimilt er í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til slíkra bifreiðakaupa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum lækna-áhöldum og tækjum.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðslæknir hefur starfað, á hann rétt á 6 mánaða frí á fullum launum, til framhaldsnáms. Greiðir ríkissjóður fyrir hann fargjald til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast og til baka.

25) **Lög nr. 22/1977 um sauðfjárbaðanir.**

5. gr. Landbúnaðarráðherra getur skipað sérstakan framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd útrýmingarböðum sauðfjár, og tekur hann laun úr ríkissjóði.

8. gr. Ef landbúnaðarráðherra fyrirskipar sauðaböðun sauðfjár vegna þess, að fjárkláða hefur orðið vart, þá greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja.

26) **Lög nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki o.fl.**

7. gr. (formlega 2. gr. laga nr. 16/1952). Í reglugerð um framkvæmd laganna getur ráðherra sett ákvæði um bætur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsunarkostnaðar o.fl.

27) **Lög nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma o.fl.**

7. gr. Ríkissjóður getur þurft að taka þátt í greiðslu bóta, sem stafar af því, að jörð er svipt aðgangi að löndum sínum með varnargirðingu.

8. gr. Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og þeim viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínum leggur ríkissjóður til efni og kostar viðhalds.

Varzla meðfram varnargirðingum skal kostuð af ríkissjóði.

Sauðfjársjúkdómanefnd úrskurðar reikninga um kostnað ríkissjóðs, skv. þessari grein.

9. gr. (formlega 5. gr. laga nr. 12/1967). Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum svo lengi sem nauðsynlegt þykir, og er kveðið nánar á um framkvæmd í greininni.

10. gr. Varðmenn við varnarlínur, skv. 6.-9. gr. eru sýslunarmenn ríkisins.

13. gr. Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, og ákveður hún bætur.

14. gr. 3. mgr. (formlega 8. gr. laga nr. 12/1967). Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnarsvæðis, þótt ekki séu varnarlínur. Þá gilda reglur 13. gr. um bætur.

22. gr. (formlega 13. gr. laga nr. 12/1967). Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða "grunað af garnaveiki" að fyrirskipa reglulega rannsóknir. Lyf, tæki, kennsla og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs. Annan framkvæmdakostnað "greiðir sauðfjársjúkdómanefnd" að hálfu.

23. gr. Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem slátrað er vegna þess, að það reynist sjúkt, svo og fé, sem slátrað er skv. ákvæðum 17. gr. (þ.e. fé sem slátrað er vegna þess að talið er að sjúkdómur hafi borizt yfir varnarlínu).

Það virðist leiða af eðli máls, að ríkissjóður beri kostnað af ráðstöfunum, sem leiðir af framkvæmd 7.-23. gr., en við fljótlegan yfirlestur hef ég ekki rekizt á bein ákvæði um slíkt. Þetta virðist t.d. leiða af meginreglum VI. kafla.

35. gr. Ef fjáreigandi, sem tekið hefur við líflömbum í sambandi við fjárskipti, verður fyrir tjóni eða óþægindum vegna þess, að nauðsynlegt þykir að baða lömbin eða slátra þeim, á rétt á fullum bótum fyrir.

Í VI. kafla, 37.-42. gr., eru ákvæði um framlög ríkisins til fjárskipta (breytt með lögum nr. 12/1967):

37. gr. (formlega 14. gr. laga nr. 12/1967) fjallað er um við hvaða fjártölu skuli miða ríkisframlög vegna fjárskipta.

38. gr. Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar 3/4 lambsverðs á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða verðið svo sem nánar er lýst í greininni. Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

39. gr. Ef nauðsynlegt telst að hafa svæði sauðlaust árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns 3/4 lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind eða styrkja þá til að breyta um búskaparhætti eins og nánar er lýst í greininni.

40. gr. Í greininni eru ákvæði um, að ríkissjóði sé heimilt að grreiða tiltekinn hluta bóta með ríkisskuldabréfum.

41. gr. Ákvæði um uppeldisstyrk til fjárbænda vegna vanhalda af fjársóttum.

42. gr. Ef landbúnaðarráðherra fyrirskipar niðurskurð til að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, skal greiða fjáreigendum bætur "samkvæmt ákvæðum þessara laga".

43. gr. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum um hvers konar vanhöld á sauðfé svo og fénaðarhöld yfirleitt. Getur nefndin ákveðið, hvort og að hve miklu leyti kostnaður við þessa skýrslusöfnun greiðist úr ríkissjóði.

28) Lög nr. 25/1923 um berklaveiki í nautpeningi

4. gr. Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum skv. þessum lögum, greiðir ríkissjóður eiganda tilteknar bætur, svo og sótthreinsunarlyf og umsjón með sótthreinsun.

29) Lög nr. 57/1944 um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum

2. gr. Tilraunastöðin fær til eignar 165 ha. spildu úr landi Reykhóla. Landinu fylgja hitaréttindi. Þá fær tilraunastöðin á sama hátt "þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni".

Stofnkostnaður og rekstur skyldi greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé yrði veitt í fjárlögum, sbr. 26. gr. laga nr. 64/1940, en nú gilda um þetta ákvæði 1. gr. laga nr. 107/1974, um breytingu á lögum nr. 64/1965.

30) Lög nr. 29/1981 um tilraunastöð að Stóra-Ármóti

4. gr. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

31) Lög nr. 20/1967 um Búreikningastofu landbúnaðarins

1. gr. Búreikningastofnun er undir yfirstjórn B.Í.

2. gr. Kostnaður við Búreikningastofuna greiðist úr ríkissjóði, samkv. ákvæðum fjárlaga.

32) Lög nr. 95/1981 um Framleiðsluráð landbúnaðarins

12. gr. 2. mgr. "Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðsla vegna þessarar tryggingar ekki nema meira en 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár o.s.frv."

Í 13. gr. segir, að kostnaður af framkvæmd II. kafla laganna, 4.-12. gr., greiðist úr ríkissjóði. Þar með er talinn kostnaður við sexmannanefnd, sem skipuð er samkv. 5. gr., en undantekningarákvæði er um kostnað af tiltekinni gagnaöflun.

Skv. 2. gr. er landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda heimilt að innheimta gjald af kjarnfóðri. Í c-lið segir: Framleiðsluráð fer með gæzlu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar (2. gr.) og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra. Í sambandi við framkvæmd á c-lið er gert ráð fyrir, að til komi ákveðið framlag ríkissjóðs, eftir því sem þar er nánar lýst.

Í lokamgr. 2. gr. (auðkennd sem 2. gr. a) segir, að ágreiningur, sem rísa kunni út af atriðum, sem falla undir þessa grein (kjarnfóðursgjaldið) skuli lagður til úrskurðar nefndar, sem í eiga sæti tveir fulltrúar stéttarsambands bænda og tveir fulltrúar B.Í. og einn fulltrúi landbúnaðarráðherra.

45. gr. "Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Framleiðsluráðs."

33) Lög nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Í 9. gr. laganna er mælt svo fyrir, að ríkissjóði beri að greiða nánar tiltekinn kostnað við yfirmat sláturafurða, sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 442/1977.

34) Lög nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar.

Laun og ferðakostnaður yfirullarmatsmanna greiðast úr ríkissjóði, skv. 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

35) Lög nr. 22/1976 um flokkun og mat á gærum.

Laun og ferðakostnaður yfirgærumatsmanna greiðast úr ríkissjóði, skv. 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

36) Lög nr. 15/1928, um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Þar er mælt svo fyrir, að fastir starfsmenn félagsins eigi rétt á lífeyri með sama hætti og embættismenn ríkisins. Eiga þá væntanlega við ákvæði í b-lið 3. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

37) Lög nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka.

Skv. 13. gr. þeirra laga greiðir ríkissjóður 2/3 af kostnaði við eyðingu refa og minka og auk þess greiðir hann Búnaðarfélagi Íslands laun, skrifstofu- og ferðakostnað veiðistjóra.

38) **Lög nr. 29/1937 um útrýmingu sels í Búnaðsi.**

Ríkissjóður greiðir prestinum í Steinnesi (nú á Blönduósi) bætur fyrir missi selveiðihlunninda, skv. 2. gr. laganna.

39) **Lög nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.**

Kostnaður við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, skv. V. kafla ofangreindra laga, greiðist úr ríkissjóði skv. 56. gr. (formlega 1. gr. laga nr. 107/1974) að því leyti, sem aðrar, nánar tilteknar tekjur, hrökkva ekki til.

40) **Lög nr. 32/1979 um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.**

Samkvæmt 2. gr. er yfirstjórn þessarar þjónustu í höndum B.Í. í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag hennar er í höndum hlutaðeigandi búnaðarsambanda. Kostnaður við stjórnun og skipulagningu greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem B.Í. samþykkir.

Í 3. gr. er mælt svo fyrir, að ríkissjóður eigi að leggja fram árlega fé til að greiða mánaðarlaun 60 afleysingamanna.

Reglugerð er nr. 422/1979. Í 9. gr. hennar er greint frá launakjörum afleysingamanna.

II. HLUTI

Skipun landbúnaðarmála á Íslandi o.fl.

I. INNGANGUR

Sú skipun landbúnaðarmála, sem við búum nú við, að því er tekur til opinberra afskipta, virðist vera beint afkvæmi hagfræðikenninga, sem voru ofarlega á baugi í Evrópu um og eftir miðja 18. öld.

Þá var sett fram í Frakklandi fræðilegt hagkerfi, sem svonefndir fysiokratar (búauðgismenn) stóðu að. Þar í flokki var einna fremstur læknirinn de Quesnay (1694-1774), sem er m.a. höfundur ritsins Tableau Économique, sem út kom árið 1758.

Hér er ekki ætlunin að gera kenningum fysiokrata nein almenn skil; ætlunin er að drepa aðeins á viðhorf þeirra til landbúnaðar, sem urðu mjög afdrifarík. Þeir boðuðu þá kenningu, sem kom mjög í bág við ríkjandi sjónarmið í efnahagsmálum, að landbúnaður og þá ekki síst jarðyrkja, væri undirstaða annarra atvinnuvega. Eftir því yrðu menn að haga gerðum sínum.

Samkvæmt því væru þeir, sem ættu landið (la classe des propriétaires), hefðu með höndum ræktun þess og nýtingu, burðarás þjóðfélagsbyggingarinnar. Skilyrði þess, að þeir gætu staðið undir henni væri, að vel væri við þá gert, svo og þá, sem jörðina erjuðu, bændur, sem þá voru yfirleitt leiguliðar. Þeir voru kallaðir framleiðslustéttin (la classe productive).

Nú skyldi lokið stuðningi ríkisins, er tíðkazt hafði, við það, sem þeir nefndu hina óvirku stétt (la classe stérile), en til hennar töldust þeir, sem stunduðu iðnað og verzlun.

Fyrir neðan og utan við þessar þrjár stéttir var stétt lítilmagnans (le petit peuple), verkalýður allur.

Kenning fysiokrata náði töluverðri útbreiðslu, féll vel að stjórnarháttum hins upplýsta einveldis og varð landbúnaðinum víða mikil lyftistöng; átti t.d. drjúgan þátt í að bændaánauð var aflétt í ýmsum löndum.

Þessar kenningar höfðu t.d. veruleg áhrif í Danmörku og þaðan bárust þær til Íslands eins og annað það, sem í umheiminum gerðist á þeirri tíð.

Það var ekki sízt í áliti og tillögum landsnefndarinnar, sem konungur skipaði 1770, að áhrif þeirra koma fram. Þessi nefnd hafði það viðfangsefni að gera tillögur um, hvernig unnt væri að bæta úr því dæmalausa eymdarástandi, sem þá ríkti hér á aldni. Nefndin fékk mjög víðtækt erindisbréf, ekki aðeins varðandi fjármál og atvinnumál, heldur og um stjórnsýslu.

Heildargreinargerð nefndarinnar er prentuð í Lovsamling for Island IV. bindi, bls. 34-51 í sambandi við það, að árið 1774 var hinu svonefnda Tollkammeri í Kaupmannahöfn falið að sjá um frekari framkvæmd á tillögunum, eftir því sem henta þætti.

Sitthvað af því, sem nefndin hafði gert tillögur um, hafði áður orðið mönnum íhugunar- og tillöguefni; sumt af því hafði komizt í framkvæmd eins og stofnun Innréttinganna í Reykjavík og í sambandi við þær innflutningur 14 danskra og norskra bænda til að leiðbeina landsmönnum í akuryrkju o.fl.; einnig stofnun fjárræktarbús á Elliðavatni. Úr öðru hafði minna orðið eins og konungsúrskurði frá 1751 um stuðning við akuryrkjutilraunir og ákvæðum í stjórnarbréfi 1755 um verndun skógarleifa.

Tillögur landsnefndarinnar voru mjög í samræmi við kenningar fysiokrata. Þótt minna yrði úr framkvæmdum en til stóð, verður það þó engan veginn allt skrifað á reikning stjórnvalda, því að nokkru eftir, að tekið var að vinna að framkvæmdum steðjuðu að geysilegir erfiðleikar eins og t.d. af völdum Móðuharðinda og styrjalda. Sjálfsagt má segja, að boginn hafi verið spenntur nokkuð hátt, enda vesöld og framtaksleysi hér á landi slíkt, að meira en meðalátak þurfti til að bæta úr, og því hlaut eiginlega að fara sem fór.

Það, sem einkennir tillögurnar er það, hversu mikil ríkisforsjá er nú tekin upp í landbúnaðinum, sem var raunar eini teljandi atvinnuvegurinn hér á landi. Það var ekki aðeins, að stjórn hans og eftirlit með framkvæmd væri fengin embættismönnum, heldur ákveðið mjög margbrotið styrkjakerfi og auk þess mælt rækilega fyrir um það, hvernig staðið skyldi að ákveðnum framkvæmdum.

Þegar litið er á þróun landbúnaðarmála hér á landi verður ekki annað sagt en stefna sú, sem fylgt er nú, sé í mörgum atriðum hin sama og fest var í lögum á tímabilinu 1772-1783.

Það þýðir engan veginn, að hún hljóti að vera röng; því fer fjarri. Hins vegar hlýtur það að vera íhugunarefni, hvort kenningar fysiokrata eins og þær voru útfærðar í lögum af dönsku stjórninni seint á 18. öld eigi við öllu lengur. Sitthvað hefur breytzt síðan, svo að ekki sé meira sagt. Kenning, sem var góð og gild seint á 18. öld, þarf ekki endilega að eiga við nú á dögum.

Til skýringar því sem nú var bent á, verður hér skráð örstutt yfirlit um helztu stjórnarákvarðanir um landbúnaðarmál 1772-1783.

II. STJÓRNARÁKVARÐANIR UM LANDBÚNAÐARMÁL 1772-1783.

Í þessu yfirliti er greint stuttlega frá helztu stjórnarákvörðunum (tilskipunum, konungsúrskurðum o.þ.h.) á sviði landbúnaðarmála á tímabilinu frá því, að áhrifa landsnefndarinnar fer að gæta, unz kemur að hinum gerbreyttu viðhorfum, sem Móðuharðindin sköpuðu.

1. Tilskipun um aðgerðir til að stöðva útbreiðslu (útrýma) á fjársýkinni (fjárkláðanum) á Íslandi, dags. 12. maí 1772.

Fjárkláðinn hafði borizt hingað til lands með kynbótahrútum, sem fluttir voru til Íslands 1761 og komið fyrir á fjárræktarbúinu á Elliðavatni sem áður var minnzt á. Þeir voru fluttir hingað að opinberri tilhlutan, og var ætlunin sú, að með kynbótum sauðfjár fengist ull, sem hentaði betur ullarvinnslunni, sem fram fór á vegum Innréttinganna í Reykjavík. Frá fjárræktarbúinu barst þessi faraldur um Suðurland, Vesturland, nokkurn hluta Vestfjarða og Norðurland að Skjálfandafljóti. Fjárkláðinn olli gífurlegu tjóni í þessum landshlutum. Fallizt var á þá tillögu landsnefndarinnar, að hið opinbera gengist fyrir niðurskurði og fjárskiptum og jafnframt yrði eytt fjárhúsum, sem ætla mætti að smithætta stafaði af.

Hér var um kostnaðarsamar aðgerðir að ræða og lítt fyrir því hugsað í byrjun, hvernig um kostnað færi. Þessu lyktaði á þann veg, að í þrem konungsúrskurðum 1773, 1775 og 1779, var ákveðið, að kostnaðurinn yrði að verulegu leyti, líklega mestu, greiddur úr konungssjóði.

2. Konungsúrskurður um útgáfu á matjurtabók Eggerts Ólafssonar, dags. 23. júní 1774.

Þar er kveðið á um allríflegan styrk úr konungssjóði til þessarar útgáfu. Styrkur var á tímabilinu veittur til útgáfu á fleiri bókum eða og/eða bæklingum um landbúnaðarmál.

3. Bréf Tollkammersins til stiftamtmanns, dags. 14. marz 1775, um akuryrkjutilraunir á Íslandi.

Tilkynnt, að honum séu með Hólmsskipi (til Reykjavíkur) sendar nokkrar tunnur af byggi og rúgi til akuryrkjutilrauna.

4. Bréf sama til hins sama, dags. 2. marz 1776, um sauðfjárrækt á Íslandi.

Þar er mælt fyrir um það nákvæmlega, hvernig haga skuli nýjum fjárhúsum, sem reist yrðu í stað eldri húsa, sem rifin væru vegna sýkingarhættu af völdum fjárkláðans. Var lögð við því refsing, ef út af þessum fyrirmælum yrði brugðið. Þá voru þar og ákvæði um val kynbótahrúta og notkun þeirra. Enn fremur var heitið stuðningi við útgáfu leiðbeiningarits um sauðfjárrækt og einnig heitið verðlaunum þeim til handa, sem sköruðu fram úr í sauðfjárrækt.

5. Tilskipun um bygging eyðijarða (nýbýla), dags. 15. apríl 1776.

Í henni fólst, að þeim, sem byggði upp eyðibýli, var heitið ýmiss konar fríðindum. Þar er fyrst að geta, að þeim var veitt allvíðtækt skattfrelsi. Ef byggt var á eyðijörð inni í byggð og ekki fannst eigandi að jörðinni, gat "nýbýlingur" orðið eigandi jarðarinnar. Sama gilti, ef byggt var á eyðijörð í eyðibyggð eða á afrétti. Um þetta voru ýtarleg ákvæði í tilskipuninni.

6. Í bréfi Tollkammers, dags. 4. maí 1777, var mælt svo fyrir, að veita mætti "nýbýlingi" nokkurn fjárstyrk til hýsingar og kaupa á bústofni.

7. Tilskipun um girðingar og þúfnasléttun ("þúfnatilskipunin"), dags. 13. maí 1776.

Í inngangi tilskipunarinnar segir, að könnun hafi leitt í ljós, að meðal þess, sem standi í vegi fyrir framförum í landinu, sé það, að túnin séu meira og minna kargaþýfi og auk þess séu þau óvarin, þannig að hið mesta tjón verði af.

Því er mælt svo fyrir, að girða skuli (hlaða garða um) öll tún á landinu, þar sem eigi sé fullgirt. Nákvæmlega er kveðið á um það, hvernig gengið skuli frá görðunum. Þá er mælt fyrir um, hversu mikið hver bóndi skuli girða á ári á hverri jörð. Ef meira er girt en lagaskylda hljóðar um, eiga menn rétt á tilteknum peningaverðlaunum úr konungssjóði. Ekki tók þetta síðastgreinda í upphafi til annarra en þeirra, sem tilheyrðu "bændastandinu", og þeirra af "prestastandinu", sem höfðu þau "allrafátækustu prestaköll".

Einnig voru í tilskipuninni ákvæði um skyldu manna til að slétta tún, og er þar mjög nákvæmlega greint frá því, hvernig að verki skuli staðið. Er nánast um kennslurit í lagaformi að ræða eins og um garðahleðsluna. Ef meira var sléttað en ákveðið var í tilskipuninni, áttu menn rétt á peningaverðlaunum með sama hætti og var um garðahleðslu. Leiguliði átti rétt á sérstökum fjárhagshlunnindum, ef jarðabætur hans voru slíkar, að jarðardýrleiki óx við þær.

Hreppstjórar og sýslumenn áttu að fylgjast með því, að farið væri eftir fyrirmælum tilskipunarinnar og sjá um, að þeir, sem ekki gerðu skyldu sína yrðu sektaðir eða þá bætt úr á þeirra kostnað.

8. Konungsúrskurður um akuryrkjutilraunir, sauðfjárrækt og hreindýrahald á Íslandi, dags. 10. febrúar 1777.

Þar er lýst yfir, að konungur hafi fallizt á aðgerðir Tollkammersins varðandi ofangreind mál. Fram er tekið, að kostnaður við útvegun, fóðrun og flutning 25 hreindýra til Íslands verði kostaður úr konungssjóði.

9. Konungsúrskurður um ýmislegt varðandi Íslandsverzlun og um verðlagsskrá, dags. 19. apríl 1779.

Í verðlagsskránni er kveðið á um verð á kjöti og smjöri til útflutnings.

10. Konungsúrskurður um efnahagsmál Íslands (landbúnaðarmál), verðlaun o.fl., dags. 8. apríl 1782.

Fallizt er á tillögur Stefáns Þórarinssonar þáv. varalögmanns frá 1780 varðandi reglur um úthlutun verðlauna vegna framræslu mýra, að konungur legði til nokkrar járnskóflur handa hinum vöskustu jarðabótamönnum o.fl. Skóflurnar kæmu í stað plóga, sem áður hafði verið heitið að gefa.

11. Konungsúrskurður um sama efni, dags. 19. maí 1783.

Þar kemur fram, að konungur hefur fallizt á að gefa bændum í Múlasýslu norskan plóg og þess getið, að 74 járnskóflur hafi verið sendar stiftamtmanni til útbýtingar. Þá var og greint frá því, að ákveðið hefði verið að útvíkka reglurnar um verðlaun fyrir garðahleðslu og þúfnasléttun frá 1776, þannig að þær taki til allra presta svo og veraldlegra embættismanna.

12. Erindisbréf Stefáns Þórarinssonar amtmanns norðan og austan, dags. 19. júní 1782.

Í 18. gr. þess er lagt fyrir amtmanninn að fylgjast með því, að framfylgt verði fyrirmælum um aðgerðir í landbúnaðarmálum: um garðahleðslu, túnasléttun, ræktun og notkun garðávaxta, mótekju o.s.frv.

Verður í næstu tveim köflum, III. og IV. kafla greint stuttlega frá þróun búnaðarfélaga, en í V. kafla tekinn upp þráðurinn aftur og í honum og hinum næsta gerð grein fyrir því, hvernig núgildandi löggjöf tengist þeim sjónarmiðum, sem nú var lýst.

III. BÚNAÐARSAMTÖK ÁHUGAMANNA Á FYRRI TÍÐ.

Í I. kafla var stuttlega rakið, hver áhrif stefna fysiokrata hafði á þróun landbúnaðarmála. Um það leyti, sem sú stefna tók að breiðast út, höfðu verið stofnuð í nokkrum Evrópulöndum félagasamtök til að stuðla að framförum í landbúnaði. Félög áhugamanna voru stofnuð í að minnsta kosti fimm meðal helztu borga Evrópu á árunum 1746-1765. Þetta urðu fljótlega mjög öflug félög og að sjálfsögðu varð útbreiðsla á kenningum fysiokrata þeim mikill byr í segl. Félagar voru fyrst og fremst aðalsmenn og framámenn í borgarastétt, sem áhuga höfðu á landbúnaði. Eiginlegir bændur munu varla hafa komið þar við sögu, enda svo umkomulitlir á þeirri tíð, að þeir hafa tæpast verið taldið gjaldgengir í slíkum félagsskap.

Árið 1769 var stofnað í Danmörku konunglega landbúnaðarfélagið og varð fljótlega öflugt og áhrifamikið. Íslendingar nutu lengi mikillar og góðrar fyrirgreiðslu þess.

Af málefnum, sem það vann að í þágu Íslendinga, má fyrst nefna útgáfu ýmiss konar fræðslurita á íslenzku, þar sem félagið átti frumkvæði, styrkti með fé eða kostaði algerlega. Það stuðlaði að því, að nokkur hópur Íslendinga fór til Norðurlanda að stunda búnaðarnám; það útvegaði fræ og trjáplöntur og styrkti marghátttaðar ræktunartilraunir. Það studdi að sandgræðslu, átti frumkvæði að skipulegri skógrækt hér á landi auk margs annars.

Hið íslenzka akuryrkjufélag, sem hér starfaði 1770-1777 er vafalaust sprottið af svipuðum rótum og danska félagið; frumkvæði að stofnun þess kom frá Danmörku. Þetta var félag áhugamanna af heldra taginu. Á vegum þess voru gerðar tilraunir með jarðyrkju, garðyrkju, kornrækt og skógrækt. Naut það styrks frá landbúnaðarfélaginu danska svo og frá stjórninni, enda hafa félagsgjöld hrokkið skammt. Svo fór, að félagið lognaðist út af um 1777. Var það þá í miklum skuldum, sem lentu víst að mestu leyti á einstökum félagsmönnum.

Suðuramtsins húss- og bústjórnarfélag var stofnað 1837. Hafði þá um skeið verið á því áhugi að stofna öflugt búnaðarfélag. Þetta félag tók aðeins til Suðurlands. Hér var um að ræða áhugamannafélag embættismanna og nokkurra framámanna í bændastétt. Skv. 1. gr. félagslaga var tilgangur þess "að efla velmegun bændastéttarinnar í Suðuramtinu." Að þessu skyldi unnið með ritgerðum, peningastyrk og verðlaunaveitingum. Til að standa undir framkvæmdum voru fyrst og fremst félagsgjöld; þá naut félagið styrks frá stjórninni og marghátttaðrar aðstoðar landbúnaðarfélagsins danska. Þrátt fyrir þennan stuðning hafði það engan veginn þá möguleika til framkvæmda, sem menn óskuðu, en kom þó fjölmörgu til leiðar á starfstíma sínum, sem var fram að aldamótum.

Á fyrsta löggjafarþinginu (1875) var ákveðið að veita á fjárlögum 1876-1877 (fjárlög voru þá sett til tveggja ára, enda kom þá reglulegt Alþingi aðeins saman annað hvort ár) fé til eflingar búnaði, en ekki sérstaklega til búnaðarfélaga, sem þá voru komin á fót nokkuð víða um land. Þau fóru aftur að fá beinar fjárveitingar á fjárlagaárinu 1888-1889. Með þessum fjárveitingum var að því stefnt að félögin gætu eignazt jarðyrkjuverkfæri til sameiginlegra afnota félagsmanna; þá gengu fjárveitingar til að styrkja jarðabótaframkvæmdir einstaklinga og einnig til lánveitinga í þessu skyni. Fjárveitingar á fjárlögum til einstakra búnaðarfélaga munu hafa haldizt til 1928 eða því sem næst.

IV. BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Félagið var stofnað 1899 og var stofninn í því Búnaðarfélag Suðuramtsins, sem þá hét svo. Þá gengu í það hreppabúnaðarfélögin svo og einstaklingar.

Búnaðarþing tók þá til starfa og hefur samkvæmt lögum félagsins æðsta vald í málefnum þess.

Það var þá skipað tólf mönnum, 8 sem kosnir voru af amtsráðunum og 4 kosnum á aðalfundi félagsins.

Þegar amtsráðin voru lögð niður árið 1905, var ákveðið, að sýslunefndir innan hvers amtsráðssvæðis kysu fulltrúana, en brátt leið að því, að búnaðarsambönd komust á legg, og tóku þau þá að kjósa búnaðarþingsfulltrúa, en kosning fulltrúa á aðalfundi lagðist af.

Samkvæmt lögum B.Í. frá 1983 kjósa 15 búnaðarsambönd 25 fulltrúa, og fer fulltrúafjöldinn eftir fjölda kjósenda á hverju sambandssvæði.

Búnaðarþing kýs stjórn félagsins.

Fyrstu áratugina var tilgangur félagsins þríþættur:

1. að veita aðalforgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar búskapnum.

2. að vera ráðgefandi tengiliður milli ríkisvaldsins og bænda.

3. að vinna að þessu með rannsóknum, fjárstyrk og leiðbeinandi eftirliti.

Á þessum áratugum fóru áhrif félagsins vaxandi; það naut verulegra fjárveitinga úr ríkissjóði, og á það hlóðust sífaukin verkefni.

Þótt völd þess og áhrif færu vaxandi verður það þó ekki stjórnarstofnun fyrr en með setningu jarðræktarlaganna árið 1923. Þar er svo mælt fyrir í 1. gr., að atvinnumálaráðuneytið, sem þá fór með landbúnaðarmál, hafi á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála, en í 2. gr. var hið raunverulega vald ráðuneytisins skert, hvað alla lagaframkvæmdina snerti. Þar segir svo í byrjun: "Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sérstaklega...."

Í 3. gr. er mælt svo fyrir, að atvinnumálaráðuneytið skuli jafnan leita álits Búnaðarfélags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin og eigi megi veita lán eða styrk úr sjóðum þeim, sem í 2. gr.

getur, ef félagið leggur á móti því.

Í 4. gr. er nánar greint frá yfirumsjón félagsins með "viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til af stofnunum þeirm eða sjóðum, sem um ræðir í 2. gr.

Í 5. gr. segir, að störf þau, sem Búnaðarfélaginu eru ætluð í lögunum skuli framkvæmd af stjórn félagsins, framkvæmdastjóra eða ráðunautum, allt eftir því, sem lög félagsins eða reglur mæla fyrir.

Á svipaðan hátt er svo haldið áfram um vald- og verksvið félagsins.

En þessu valdi félagsins voru þó settar skorður í niðurlagi 2. gr. Þar segir nefnilega: "Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meirihluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis".

Sú skoðun er nú rótföst orðin við túlkun á því orðalagi, að stjórnarathöfn fari "eftir tillögum" einhvers aðila, að skylt sé að fylgja tillögunum. Lengi þótti allt eins mega túlka þetta á sama hátt og nú er túlkað orðalagið "að fengnum tillögum", þ.e. að stjórnvaldi sé aðeins skylt að leita tillagna, en alls ekki að fara eftir þeim. Klemenz Jónsson þáverandi ráðherra, einn reyndasti lögfræðingur landsins, lýsti því yfir við meðferð frumvarpsins á þingi, að engan veginn væri öruggt, hvernig líta bæri á. Er ekki annað að sjá en hann hafi talið sig sem ráðherra formlega óbundinn af tillögum nefndanna.

Á túlkun þessa ákvæðis reyndi hins vegar aldrei, svo að ég viti til. Meðan þetta fyrirkomulag hélzt, mun ráðherra jafnan hafa fylgt tillögum nefndanna um skipun í stjórn Búnaðarfélagsins.

Rétt þykir að greina lítillega frá þeim umræðum, sem urðu Alþingi um þetta ákvæði, nánar tiltekið, hvernig Búnaðarfélagið þróaðist á þann veg, sem orðinn, frá því að félagssamtök áhugamanna í það að verða nánast stjórnarskrifstofa eins og nú er orðið.

Vísir að þessari þróun var eitthvað tekinn að vaxa fyrir 1923, en með setningu jarðræktarlaganna það ár var stigið stórt skref í þá átt að gera félagið að stjórnarstofnun. En vegna lögboðinnar íhlutunar ríkisvaldsins um stjórn félagsins, var þetta formlega séð allt annars eðlis en núverandi skipun. Hún komst á 1935 eins og nú skal rakið.

Þegar frumvarið til jarðræktarlaga kom fyrir þing 1923, hafði verið ráðgert, að stjórn og framkvæmd jarðræktarlaganna yrði í höndum Búnaðarfélagsins. Klemenz Jónsson þáverandi atvinnumálaráðherra, sem fór með stjórn landbúnaðarmála, gat með engu móti fallizt á þá skipan.

Í umræðum sagði hann meðal annars:

"Það, sem mér þótti einna athugaverðast við frumvarpið í heild sinni eins og það kom frá Búnaðarfélaginu, var hið mikla vald, sem frumvarpið veitti félaginu, án þess að það samband væri félagsins og (ríkis)stjórnarinnar, að hún hefði nægilegan íhlutunarrétt um þau ýmsu störf, sem félagið hefur með höndum, og þá heldur ekki það mikla fé, sem félaginu eftir frumvarpinu er ætlað að hafa undir höndum. Búnaðarfélagið hafði með þessu fengið svo mikil völd, að það hefði í þessum málum orðið nokkurs konar ríki í ríkinu.

Þetta hefur einnit háttvirt landbúnaðarnefnd fundið, og breytir hún frumvarpinu þannig, að atvinnumálaráðuneytið á að hafa nokkurs konar yfirstjórn Búnaðarfélagsins og hafa rétt til að skipa tvo menn (ef þrem) í stjórn þess.

Sjálfur hafði ég hugsað mér víðtækari breytingu á frumvarpinu og að Búnaðarfélagið kæmist í miklu nánara samband við Stjórnarráðið en hér er farið fram á."

Það kom fram í ræðu Þórarins bónda á Hjaltabakka, sem nú var sagt, að ráðherra hefði alls ekki verið ánægður með frumvarpið, vildi ganga lengra; gjarnan fá ákveðið, að tilhögun í jarðræktarmálum væri svipuð og til dæmis tilhögun, sem væri á vegamálum og vitamálum..

Magnús Jónsson prófessor vildi líka hafa málin í fastari skorðum. Hann sagði meðal annars: "Mér þótti betur eiga við, að í lögunum sjálfurm væri tekið fram, hvernig stjórn Búnaðarfélagsins væri skipuð, meðan hún hefur það fjárforræði og vald, sem henni er ætlað í þessu frumvarpi."

Klemenz ráðherra taldi, að þrátt fyrir breytinguna á frumvarpinu í þá átt, að ríkisvaldið réði tveim stjórnarmönnum, væri allt of langt gengið með ákvæðum frumvarpsins: að fela stjórn Búnaðarfélagsins "afar mikið og nær ótakmarkað vald, bæði um framkvæmdir, ráð á fé og eftirlit framkvæmda." Hann taldi, að ef þetta fyrirkomulag kæmist á, ætti félagið að verða "undirskrifstofa í Stjórnarráðinu eða sérstök deild þar."

Nokkrum árum síðar voru lög Búnaðarfélagsins tekin til endurskoðunar. Þá kom fram töluvert mikil óánægja meðal fulltrúa á Búnaðarþingi með það, hvernig stjórn félagsins væri skipuð og var óskað breytinga. Var þetta rökstutt á þann hátt, "að Búnaðarfélag Íslands ætti að hafa framvegis á sér hið sjálfsagða einkenni alls félagsskapar, að það sé sjálfrátt um sína eigin stjórn."

Þetta kom fram í málflutningi Bjarna Ásgeirssonar, sem síðar varð formaður félagsins, en hann gerðist þegar 1930 mikill baráttumaður á þingi fyrir því, að fyrirkomulagi við skipun stjórnarinnar væri breytt. Bjarni sagði meðal annars, að starf Búnaðarfélagsins samkvæmt jarðræktarlögunum væri ekki annað en "það venjulega skrifstofustarf að úthluta fé eftir ákvæðum laganna."

Ekki verður séð, að þetta hafi þá verið mikið kappsmál eða flokksmál, t.d. taldi flokksbróðir Bjarna, Tryggvi Þórhallsson, þáverandi forsætis- og atvinnumálaráðherra, auk þess formaður B.Í., að hér væri um að ræða "heppilegt fyrirkomulag".

En nú gerðist málið pólitískt áróðursmál. Það er tekið upp þing eftir þing og þess krafizt, að íhlutun ríkisvaldsins um stjórn B.Í. yrði felld niður. Þarna var Bjarni fremstur í flokki, en þeir tóku einnig upp málið Pétur Magnússon síðar ráðherra og Jón Pálmason á Akri.

Magnús Jónsson prófessor sagði um þetta á þingi 1931: "Það hafa komið fram raddir um, að nauðsynlegt væri að breyta til í þessum efnum, bæði viðvíkjandi Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu. Menn hafa talið óeðlilegt að fá nokkurs konar einkafélögum í hendur það fé, sem Alþingi veitir til framdráttar tveim aðalatvinnuvegum landsmanna. Mönnum hefur virzt eðlilegt, að í Stjórnarráðinu væru trúnaðarmenn hvors atvinnuvegar, búnaðarmálastjóri og fiskveiðistjóri, sambærilegir við fræðslumálastjóra, biskup, landlækni, vegamálastjóra, landsímastjóra o.s.frv. Það er aðeins hinn sögulegi uppruni, sem gerir það að verkum, að þessu er nú öðruvísi fyrir komið, en það er næstum því óhugsandi annað en, að smám saman þokist frekar í þá átt, að ríkisvaldið taki þetta gersamlega í sínar hendur eins og aðrar stofnanir."

Rétt þykir að tilfæra hér skilgreiningu Tryggva Þórhallssonar ráðherra, sem var m.a. formaður félagsins um þessar mundir, á stöðu félagsins. Hann sagði: "Þó að Búnaðarfélag Íslands sé á pappírnum sjálfstætt félag, er jafnmikil ríkiseign sem þau gögn, sem eru hjá Hagstofu Íslands, vegamála- stjóra eða vitamálastjóra."

Það var á þingi 1935, sem áðurnefnt ákvæði var fellt úr gildi. Jón Pálmason flutti frumvarpið. Hann lagði áherzlu á, að félagið ætti að vera sem frjálsastur og óháðastur stéttarfélagsskapur íslenzkrar bændastéttar, hagsmunafélagsskapur hennar. Hann og fleiri bentu á, að það væri fullkomið vantraust á bændastéttinni að halda í þá íhlutun ríkisvaldsins um málefni félagsins sem í lögum væri. Tóku ýmsir undir þetta, en aðrir andæfðu, t.d. taldi Jón Baldvinsson óráðlegt í meira lagi að fela hinum og þessum stofnunum að útdeila því fé, sem ríkisstjórnin ætti að annast útdeilingu á.

Frumvarpið var síðan samþykkt sem lög, lög nr. 77/1935.

Í 1. gr. núgildandi jarðræktarlaga nr. 79/1972 segir á þessa leið: "Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn ræktunarmála." Svo kemur 2. gr. og þar segir: "Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun þess og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands."

Rétt er að benda sérstaklega á, að fremur má segja, að lögin séu sniðin eftir skipulagi og starfsreglum B.Í., en þau ákvæði eftir jarðræktarlögunum. Ríkisvaldið hefur samkvæmt þessum lögum engan íhlutunarrétt um það, hvernig búnaðarþing er skipað. Það er algerlega á valdi búnaðarþingsins sjálfs. Lög B.Í. lúta algerlega vilja Búnaðarþings.

Hvorki af þessum lögum né reglugerð um jarðrækt nr. 359/1979 verður séð að landbúnaðarráðherra eða ráðuneyti hans hafi neinn íhlutunarrétt um starfsemi félagsins hvað snertir framkvæmdina í einstökum atriðum. Hann skipar annan af tveim endurskoðendum, en Búnaðarþing úrskurðar veitingarnar endanlega. Helzta hlutverk ráðherra er það, sem segir í 5. gr. l. mgr.: "Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir." Eftir orðanna hljóðan virðist svo sem ráðherra hafi samkvæmt þessu neitunarvald; hann geti með öðrum orðum neitað að samþykkja orðinn hlut.

Í búfjárræktarlögunum nr. 31/1973 er svipaður háttur á. Í 1. gr. segir: "Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála. - Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með framkvæmd laga þessara fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. - Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautaþjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar. Það hefur umsjón með annarri leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt. Það skal taka við og vinna úr skýrslum búfjárræktarfélaga; skipuleggja afkvæmarannsóknir á búfé; reka kynbótastöðvar, sem nái til alls landsins og byggja á notkun djúpfyrsts sæðis; hafa yfirumsjón með fóðragæzlu og sjá um greiðslur á öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögum þessum og hafa eftirlit með notkun fjármunanna."

Það vekur nokkra undrun, að þetta ákvæði skyldi ekki tekið fyrr í lög en raun ber vitni, en ætla má að þetta fyrirkomulag hafi verið komið á í raun að meira eða minna leyti. Það þótti a.m.k. engum tíðindum sæta, þegar verið var að ræða frumvarpið, og rann hljóðalaust gegnum þingi.

Í b-lið í 1. lið 4. gr. búfjárræktarlaganna segir, að meðal verkefna búfjárræktarráðunauta félagsins sé "að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, sem að því lúta".

Hér er um ærið víðtækt stjórnsýsluverkefni að ræða samkvæmt orðanna hljóðan, en um framkvæmd segir nánar í reglugerð nr. 139/1967.

Í sambandi við innflutning búfjár kemur fram í lögum nr. 74/1962, 2. gr., að þótt landbúnaðarráðherra vilji skv. meðmælum yfirdýralæknis leyfa innflutning búfjár eða búfjársæðis, er slíkt óheimilt nema samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands komi til. Munu varla mörg dæmi um slíkt neitunarvald í lögum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1967 greiðir ríkissjóður kostnað við Búreikningastofu landbúnaðarins, sem er algerlega undir stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ekki munu nein lög gilda um Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins, en ríkissjóður greiðir kostnaðinn.

Og þannig er þetta á mörgum sviðum. Þótt víða sé þannig tekið til orða, að svo líti út sem um ráðgjöf sé að ræða, þá er hæpið að telja, að svo sé. Þótt sagt sé að leita skuli umsagnar félagsins um ýmis mál, verður að telja harla líklegt, að umsögnin jafngildi í raun lokaákvörðun. Með því að framselja til félagsins vald yfir viðamiklum málaflokkum og taka að sér allan kostnað við framkvæmd þeirra og þar með rekstur félagsins, hefur ríkisvaldið byggt upp valdakerfi, sem það ræður í raun alls ekki við.

Nú er svo komið, að félagið ræður raunverulega yfir nær allri sérfræðiþekkingu í landbúnaði.

Og fleiri feta í sömu spor. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur víðtæk verkefni, skv. lögum nr. 95/1983. Gert er ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Það skal hann gera "eftir tillögu Framleiðsluráðs". Þar er auðséð, hver á að ráða þar.

Samkvæmt 5. gr. laga Búnaðarfélags Íslands frá 1983 er tilgangur og starfssvið félagsins, sem hér segir:

1. að hafa forgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar landbúnaðinum.

2. að vera málsvari bændastéttarinnar og beita sér fyrir nýmælum í löggjöf og breytingu á eldri lögum, er til framfara horfa og snerta bændastéttina eða landbúnaðinn.

3. að vinna að framförum í landbúnaði með því að hafa á hendi leiðbeiningarstarfsemi í öllum greinum hans og hlutast til um, að gerðar séu hagnýtar rannsóknir og tilraunir á öllum sviðum landbúnaðarins.

4. að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum.

5. að hafa á hendi framkvæmd mála, sem Alþingi eða ríkisstjórn felur því.

6. að hafa yfirstjórn Búreikningaskrifstofu landbúnaðarins og embættis veiðistjóra og umsjón með Landgræðslu Íslands s.s. tilskilið er í lögum svo og annarra stofnana eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

7. að eiga og reka djúpfrystingarstöð fyrir búfjársæði og annast og hafa umsjón með afkvæmaprófunum kynbótagripa.

Um 1. Þetta er hið gamla ákvæði, sem áður er nefnt, en hefur augljóslega misst töluvert af gildi sínu með stofnun Stéttarsambands bænda.

Um 2. Virðist efnislega séð nokkurn veginn endurtekning á því, sem segir í 1. gr., en báðar eru nokkuð óljósar.

Um 3. Er nokkurn veginn sama efnis og 3. liður í eldri ákvæðum, og er hér að mestu leyti um að ræða verkefni, sem nú eru ákveðin í lögum og kostuð af ríkissjóði að langmestu eða öllu leyti.

Um 4. Hér er um sama hlutverk að ræða og á fyrri tíð, sbr. 2. lið hér að framan.

Um 5. Á þessu virðist öll starfsemi félagsins byggjast sem sagt að taka að sér mikla málaflokka, sem ríkisvaldið hefur með höndum að nafninu til og greiddir eru að öllu leyti úr ríkissjóði.

Um 6. og 7. Hér er einungis verið að vísa í lagaákvæði, þar sem hið sama á við og segir um 5. lið.

Í lögum Búnaðarfélagsins frá 1983 kemur ekki fram, að félagið hafi neina tekjustofna. Þó er sagt, að gjaldkeri innheimti tekjur og tiltekinn kostnaður sé greiddur "úr sjóði félagsins".

Reikningar félagsins ganga ekki til ríkisendurskoðunar.

Um kosningar til Búnaðarþings eru ækilegar reglur, og ákveður Búnaðarþingið þær sjálft án þess, að ríkisvaldið hafi nokkurn afskiptarétt.

Stjórn félagsins ræður alla starfsmenn félagsins, sem njóta allra réttinda ríkisstarfsmanna, án þess að ríkið hafi nokkuð um það að segja.

Í landbúnaðarlöggjöfinni virðist komið á sjálfvirkt stjórnkerfi, sem kostað er af ríkissjóði.

V. TENGSL NÚGILDANDI LÖGGJAFAR UM LANDBÚNAÐARMÁL VIÐ LÖGGJÖFINA 1772-1783

Það verður varla annað sagt eins og áður er fram komið en mjög mörg sjónarmið, sem enn í dag móta landbúnaðarlöggjöfina, séu í raun arfur frá 18. öld og hafi haldizt að miklu leyti óslitið síðan, að nokkru leyti í lögum landsins en að öðru leyti verið rauði þráðurinn í starfsemi búnaðarsamtaka áhugamanna.

Að vísu varð harla lítið úr þeim góða ásetningi, sem fram kemur í löggjöfini frá 1772-1783, eins og getið er í I. kafla. Þá er því slegið föstu, að það sé hlutverk ríkisvaldsins að segja fyrir um það í einstökum atriðum, hvernig landbúnaði skuli hagað og greiða síðan veruleg framlög honum til eflingar, bændum og búaliði til styrktar og uppörvunar. Á 19. öldinni dregur töluvert úr beinni ríkisforsjá. Frumkvæði og framtak verður meira í höndum samtaka áhugamanna, sem hins vegar njóta verulegra og vaxandi styrkja af opinberu fé. En þegar kemur fram á þessa öld er þráðurinn frá 18. öld tekinn upp. Farið er að setja í lög mjög sundurliðuð og flókin ákvæði um styrkveitingar og ríkisframlög til greiðslu á öllum mögulegum kostnaði vegna landbúnaðar. Jafnframt er tekið að lögbjóða mjög flóknar reglur um alla framkvæmd og hún sett undir lögboðna stjórn og eftirlit.

Hér gerist það brátt, sem virðist nú orðið dálítið kyndugt. Eftir því sem styrkirnir aukast og ríkisforsjáin vex, tekur ríkisvaldið upp á því að þjóðnýta búnaðarsamtökin eða það mætti kannski orða það á hinn veginn: þau leggja undir sig veigamikinn þátt af stjórnsýslu ríkisins og þar með ríkisfé til að kosta stjórnarframkvæmdina, ásamt ýmsu öðru, sem ætti ef til vill að flokkast frekar undir frjálsa félagsstarfsemi.

Nú er svo komið, að Búnaðarfélag Íslands, sem áður var félag áhugamanna um landbúnað með ríkisstyrk á fjárlögum, er orðið ríkisstofnun, en þó þannig að það lýtur algerlega sjálfvirku stjórnkerfi, er að öllu leyti kostað af ríkisfé, bæði hvað eiginlega ríkisstjórnsýslu snertir en einnig raunverulega félagsstarfsemi.

Ýmis önnur samtök og stofnanir starfa á vegum landbúnaðarins. Ýmist er starfsemi þeirra ákveðin í lögum, t.d. Framleiðsluráð landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, svo að dæmi séu nefnd eða sjálfstæð eins og Stéttarsamband bænda. En öllum er það sameiginlegt, að þau byggja afkomu sína á lögboðnum og meira og minna sjálfvirkum tekjustofnum sem greiðast af almannafé í einu eða öðru formi.

VI. ÞRÁÐURINN FRÁ 18. ÖLD

Nú verður tekinn upp þráðurinn, þar sem frá var horfið í III. kafla.

Þess skal getið til skýringar, að tölusetning liða hér á eftir samsvarar tölusetningu einstakra liða í þeim kafla.

1. Búfjársjúkdómar.

Víðtækustu lögin á því sviði eru nú lög nr. 23/1956 um útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með síðari breytingum.

Svo að segja allur kostnaður við framkvæmd þeirra hvílir á ríkissjóði eins og fram kemur í heildaryfirlitinu.

Ákvæði laganna eru ekki einskorðuð við sauðfjársjúkdóma, sbr. 4. og 5. mgr. 13. gr., svo og reglugerð nr. 135/1952.

Í lögum nr. 22/1977 um sauðfjárbaðanir, sem fara fram til að halda fjárkláða í skefjum eða útrýma, eru ákvæði um greiðsluskyldu ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 8. gr. Annars hvílir framkvæmd laganna að mestu leyti á sveitarfélögum. Hefur þarna orðið breyting frá því, sem var í tilskipun frá 1866 og lögum frá 1901, en samkvæmt þeim virðist hlutdeild fjáreigenda hafa verið meiri.

Í lögum nr. 16/1952 um breytingu á lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, er í 2. gr. gert ráð fyrir því, að ýmislegur kostnaður við framkvæmd laganna getið fallið á ríkissjóð.

Í lögum nr. 25/1923 um berklaveiki í nautpeningi er í 1. og 2. mgr. 4. gr. lagður kostnaður við lagaframkvæmd á ríkissjóð.

Þá má geta þess til viðbótar, að úr því að lög um dýralækna nr. 77/1982 eru flokkuð undir landbúnaðarmál, sem er sjálfsagt umdeilanlegt, að ríkissjóður stendur að mjög verulegu leyti undir kostnaði við framkvæmd laganna.

2. Fræðslustarfsemi.

Um þessa útgáfu eru ákvæði í 61. gr. búfjárræktarlaga. Ekki virðist við lauslega könnun, að nein almenn lagaákvæði gildi um fræðslustarfsemi, t.d. útgáfustarfsemi. Það má þó nefna þá útgáfu, sem á að skipa stefnu þess í búfjárræktarmálum, búfjársýkingu og búfjársjúkdóma. Búnaðarfélagið stendur að útgáfu tveggja tímarita og ýmiss konar fræðslurita. Ekki er kunnugt um það, hvort útgáfa þessi stendur undir sér eða ekki, og má þá ætla, að hún sé að einhverju leyti greidd af rekstrarfé Búnaðarfélagsins, sbr. 7. gr. laga þess frá 1983.

Það mætti þó til gamans benda á eitt lagaákvæði, sem má víst flokka hér með, en það er í e-lið 2. tl. 4. gr. búfjárræktarlaganna nr. 31/1973 um skyldu héraðsráðuneuta til "viðræðna við bændur."

3. Akuryrkjutilraunir.

Ýmiss konar tilraunastarfsemi á þessu sviði hafði farið fram á vegum Búnaðarfélags Íslands, áður en sett voru lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðar. Í 26. gr. þeirra laga var ákveðið, að ríkissjóður skyldi kosta framkvæmd laganna.

Nú gilda um þetta efni lög nr. 65/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með breytingu skv. lögum nr. 107/1974. Ekki verður annað séð, en kostnaður samkvæmt þeim kafla greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 56. gr., að því leyti, sem ekki koma til ákveðnar sértekjur.

4. Búfjárrækt.

Núgildandi lög um það efni eru nr. 31/1973. Þau virðast minna einna mest núgildandi laga um landbúnað á 18. aldar lögin, ekki síst á andann í bréfinu frá 1776. Verður sérstaklega minnzt á þessi lög í VIII. kafla hér á eftir. Ekki er unnt að sjá annað en framkvæmd laganna hvíli svo til algerlega á ríkissjóði, því að þeir aðilar, sem helzt eru nefndir fyrir utan Búnaðarfélagið, virðast tilheyra hinu sjálfvirka kerfi, sem vikið er að í VI. kafla.

5. - 6. Nýbýli.

Tilskipunin um nýbýli frá 1776 var afnumin með lögum nr. 15/1897. Með þeim lögum var stefnt í gagnstæða átt við það, sem ákveðið hafði verið í tilskipuninni; þá var reynt að sporna við því, að nýbýli yrðu reist á eyðijörðum.

Með lögum nr. 35/1928 var aftur snúið við blaðinu. Markmiðið með setningu þeirra var að stuðla með verulegum fjárframlögum að því, að býlum í landinu yrði viðhaldið og þeim fjölgað, sbr. upphaf 2. gr. Skyldi það bæði gert með uppbyggingu eyðijarða og með skiptingu jarða í ábúð.

Þessari stefnu er síðan fylgt í lögum nr. 25/1936, lögum nr. 76/1938, lögum nr. 108/1941 og enn er haldið áfram í lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum nr. 35/1946. Þá koma lög nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og lög nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Með lögum nr. 45/1971 virðist verða nokkur stefnubreyting og í jarðalögum nr. 65/1976 er snúið af fyrri braut og tekin upp meiri varúð við stofnun nýrra býla, sbr. og lög nr. 90/1984, sem um ræðir í heildaryfirliti. Hugtakið nýbýli er nú úr þessum lögum, en er enn að finna í eldri lögum, t.d í 2. mgr. 21. gr. jarðræktarlaga.

Lán og styrkir til nýbýla (nú "nýrra býla") hafa numið allt að 70% af stofnkostnaði; styrkir eru veittir samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, en lán skv. lögum nr. 45/1971 með breytingum í lögum nr. 60/1978.

7. Jarðyrkja.

"Þúfnatilskipunin" svonefnda var afnumin 1836. Hún hafði þrátt fyrir góðan ásetning velviljaðra landsfeðra borið harla lítinn árangur, og hefur þess verið áður getið. Af afnámi hennar leiddi hins vegar beinlínis, að því er fróðir menn segja, að í verk komst 1837 að stofna nokkuð öflugt búnaðarfélag á íslenzkan mælikvarða svo sem hugmyndir höfðu verið uppi um. Hér er átt við Búnaðarfélag Suðuramtsins, sem löngum var nefnt svo, sbr. III. kafla. Það tók að sinna að vissu marki málefnum, sem tilskipunin fjallaði um.

Árið 1903 voru sett sérstök lög um túngirðingar. Var þar kveðið á um, að varið skyldi töluvert miklu fé úr landssjóði til að kaupa gaddavír og annað girðingarefni úr galvaniseruðu járni. Skyldi girðingarefni þessu varið til túngirðingar og landeigandi eiga þess kost að fá andvirði efnis lánað til 41 árs.

Framkvæmd laganna mun hafa reynzt mjög erfið á allan máta og varð miklu minna úr en að var stefnt. Í framhaldi af því voru sett lög nr. 22/1905, um gaddavírsgirðingar. Enn eru sett girðingalög 1907, lög nr. 62/1907; ekki er öllu þar með lokið, því að nú koma girðingalög nr. 52/1909, sem eru afnumin með girðingalögum nr. 66/1913, sem giltu til 1952. Í þessum lögum voru m.a. mjög nákvæmar reglur um girðingar, sem njóta skyldu styrks úr landssjóði eða Ræktunarsjóði. Síðustu áratugi hafa ákvæðin um opinbera styrki verið í jarðræktarlögum. Nú er þau að finna í 10. gr. þeirra.

Þar er og að finna ýmisleg ákvæði um efni, sem mjög svara til "þúfnatilskipunarinnar" - ákvæði um ríkisstyrk við túnrækt, hagarækt, grjóthreinsun að ógleymdum girðingunum, sem áður er getið, en þær svara auðvitað til ákvæðanna um garðahleðslu. Þá er þar að finna mjög sundurliðuð ákvæði um gerð skurða og ræsa og styrki út á slíkt.

Í þessu sambandi má og nefna lagaákvæði um Flóaáveitu og Skeiðaáveitu, sem getið er í heildaryfirliti.

8. Innflutningur búfjár.

Sú tilraun, sem gerð hafði verið með innflutningi kynbótahrúta til landsins árið 1761 hafði eins og áður er nefnt, endað með slíkum ósköpum, að þess var varla að vænta, að á tímabilinu 1772-1783 væri stuðlað að því, að slíkt endurtæki sig.

En þá var aftur ákveðin tilraun með innflutning hreindýra. Varla verður talið, að mikil búdrýgindi hafi orðið af því. Á öldinni, sem leið, var því til dæmis haldið fram af sumum, að telja bæri hreindýrin til "óarga dýra" og handtéra þau skv. því.

Varðveizla hreindýrastofnsins er nú nánast náttúruverndarmál. Eftirlit með því, að lögunum um friðun hans sé fylgt er kostað af ríkissjóði, skv. 2. gr. laga nr. 28/1940.

Innflutningur búfjár til kynbóta og til eflingar búgreinum á sviði landbúnaðar hefur tekizt misjafnlega á síðustu áratugum, sbr. 1. lið hér að framan, og hefur ríkissjóður haft af geysimikinn kostnað, sem stafað hafa af sóttum, sem af því hefur leitt o.fl.

Í lögum nr. 62/1962 er kveðið á um það, hvernig innflutningi búfjár megi haga. Kostnaður við kaup búfjár, sem lögin taka til, skal greiddur úr ríkissjóði, sbr. 3. gr., svo og kostnaður við byggingu sóttvarnastöðvar, skv. 4. gr., sbr. heildaryfirlit.

Í gildi eru enn lög nr. 50/1929 um innflutning sauðnauta. Ekki munu menn með öllu afhuga því, að ný tilraun verði gerð með slíkt, þótt fyrri tilraun heppnaðist ekki. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði.

Árið 1933 voru sett lög, sem taka til loðdýraræktar, en 1937 kom til ýtarleg löggjöf um slíkt. Í þeim var ákveðin stofnun embættis loðdýraræktarráðunauts, sem starfaði hjá Búnaðarfélagi Íslands, en skyldi launaður úr ríkissjóði. Þá skyldi stofnuð sérstök lánadeild við Búnaðarbankann, er veitti hagstæð lán til að stofna loðdýrabú. Var í lögunum mælt fyrir um álitleg ríkisframlög til deildarinnar. Í gildandi lögum um loðdýrarækt frá 1981 hefur Búnaðarfélagið eftirlit með framkvæmd þeirra og greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Skv. lögum nr. 52/1957 um eyðingu refa og minka greiðir ríkissjóður Búnaðarfélagi Íslands laun veiðistjóra og kostnað vegna starfa hans. Þá greiðir ríkissjóður 2/3 kostnaðar við eyðingu refa og minka.

9. Verðlagsmál.

Á fyrri tíð var lengi ákveðið af opinberri hálfu verð á þeim landbúnaðarvörum, sem fluttar voru úr landi. Þetta fyrirkomulag var í góðu gildi á 18. öldinni, sbr. úrskurðinn frá 19. apríl 1779.

Í lögum um meðferð og sölu á mjólk og rjóma nr. 1/1935 var ákveðin tiltekin íhlutun ríkisvaldsins varðandi sölu mjólkur og mjólkurafurða. Kostnaður við störf svonefndrar mjólkursölunefndar skyldi, skv. 8. gr. laganna greiðast að 4/7 úr ríkissjóði, en með lögum nr. 79/1935 var þetta ákvæði fellt úr gildi, og önnur greiðslutilhögun ákveðin.

Í lögum nr. 2/1935 var aftur ákveðið, að kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar skyldi greiddur að fullu úr ríkissjóði, en þetta var fellt úr gildi samtímis ákvæðunum um mjólkursölunefnd.

Í lögum nr. 11/1946 um verðlagningu landbúnaðarafurða o.fl. er verðlagningin fengin í hendur svonefndu búnaðarráði. Í lögunum var mælt svo fyrir, að tiltekin nefnd, sem ráðið kaus annaðist verðlagningu afurðanna svo sem nánar er lýst í lögunum. Allur kostnaður við framkvæmd laganna skyldi greiddur úr ríkissjóði. Þessi skipun varð ekki langlíf.

Með lögum nr. 94/1947 um framleiðsluráð landbúnaðarins o.fl. var í stórum dráttum tekin upp sú skipun á verðlagsmálum landbúnaðarins, sem enn gildir. Skv. II. kafla laganna (nú l. nr. 95/1981) er allur kostnaður við verðskráningu eins og það er kallað í lögunum greiddur úr ríkissjóði.

Rétt er að geta þess, að bæði búnaðarráð og framleiðsluráð eru stofnuð með bráðabirgðalögum, þannig að saga þeirra hefst nokkru fyrr en dagsetning nefndra laga gefur til kynna. Í núgildandi lögum er fjallað um verðlagningu útfluttra landbúnaðarafurða (12. og 13. gr.); að því leyti er tekinn upp þráðurinn frá 1779.

10. - 11. Útvegun verkfæra.

Danska landbúnaðarfélagið sendi þegar 1773 og 1777 plóga til jarðyrkjustarfa á Íslandi, og var þeim útbýtt ókeypis. Á 19. öldinni hélt félagið áfram stuðningi sínum við landbúnað á Íslandi með því að senda öðru hverju landbúnaðarverkfæri hingað. Var sumum þeirra útbýtt sem verðlaunum. Búnaðarfélag Suðuramtsins hafði oft sama hátt á. Konungsstyrkur fékkst stundum, t.d. til þess að auðvelda kaup á kerru til móflutninga í Reykjavík. Búnaðarfélagið hóf þegar við stofnun að hafa milligöngu um útvegun hentugra verkfæra handa bændum. Upp úr 1920 var tekið að nota stórvirkari tæki en áður þekktust. Með jarðræktarlögunum 1923 er mælt fyrir um fjárveitingar til kaupa á jarðræktarvélum og milligöngu svo og fyrirgreiðslu Búnaðarfélagsins í sambandi við vélavinnu

fyrir bændur og lánveitingar í því sambandi. Þetta hélt áfram að þróast. Samkvæmt lögum nr. 40/1928 er stofnaður Verkfærasjóður með allríflegu ríkisframlagi. Veitti hann bændum fjárhagsaðstoð til að eignast hestaverkfæri. Síðar kemur til Vélsjóður með ríkisframlögum.

Í lögum nr. 59/1930 um skurðgröfur ríkisins er gert ráð fyrir að ríkissjóður kaupi skurðgröfur, en Búnaðarfélagið sjái um rekstur á þeim. Ríkissjóður skyldi lána skurðgröfurnar ókeypis til áveitu- og landþurrkunarfélaga, greiða allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða, sjá um viðhald þeirra og kostnað vegna verkstjóra að því er bezt verður séð. Kostnaður af starfrækslu skyldi að auki greiðast úr ríkissjóði að 1/3.

Í jarðræktarlögum, er síðar voru sett er nánar kveðið á um margháttaðan stuðning ríkissjóðs við öflun og rekstur véla og tækja í þágu landbúnaðar, sem hér yrði of langt upp að telja.

Í núgildandi jarðræktarlögum nr. 79/1972 eru í b-lið 10. gr. mjög rækileg ákvæði um ríkisframlög vegna skurðgraftar. Í 16. gr. segir frá skyldum verkfæraráðunauts Búnaðarfélagsins til að aðstoða við val og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum. Í 24. gr. er tekið fram, að Búnaðarfélag Íslands skuli taka við helmingi af andvirði eigna Vélasjóðs, sem lagður er niður. Andvirðið ber að leggja í sjóð, er félagið varðveitir og skal hann styrkja "tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði eftir tillögum Búnaðarþings." Þá má nefna, að í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er í núverandi 36. gr. mælt svo fyrir í 6. tl., að Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hafi með höndum "vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar". Þá má og benda á 37. gr. um tilraunastarfsemi á vegum landbúnaðarins og umráð stofnunarinnar yfir þeim tilraunastofnunum á sviði landbúnaðar, sem í ríkiseign eru.

12. Mótak.

Ekki verður séð, að ríkissjóður eigi að bera kostnað af framkvæmd laga nr. 16/1940 um mótak.

VII. HUGLEIÐINGAR UM BÚFJÁRRÆKTARLÖGIN

Til þess að skýra í einstökum atriðum ýmislegt, sem minnzt hefur verið á í þessari greinargerð, virðist mér það verða til skilningsauka að rekja í einstökum atriðum efni eins lagabálks um landbúnaðarmál.

Ég hef valið búfjárræktarlögin nr. 31/1973 í þessu sambandi. Mér virðast þau nokkuð gott dæmi um það, hvernig hin landsföðurlega forsjá frá dögum Kristjáns 7. lifir enn góðu lífi og svo einnig dæmi um það, hversu B.Í. hefur í raun yfirtekið álitlegan hlut ríkisvaldsins eða öllu heldur verið afhentur hann af Alþingi.

Ekki er mér ljóst, hvernig á því stendur, að það er ekki fyrr en 1973, að B.Í. er með lögum falið formlega að "fara með framkvæmd" búfjárræktarlaganna fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. Þá er haft í huga að samsvarandi framkvæmd jarðræktarlaga hafði þá verið um áratugi í höndum B.Í. Þetta skiptir þó efnislega séð ekki máli.

Frumvarpið, sem varð að lögum 1973 var samið á vegum Búnaðarþings. Það var samþykkt mjög lítið breytt. Lögin hljóta því að túlka viðhorf þess stjórnkerfis, sem fer með raunverulega stjórn landbúnaðarmála.

Verður nú vikið að einstökum greinum laganna. Þótt 1. gr. hafi verið tilfærð orðrétt hér að framan, þykir þó rétt samhengis vegna að taka lagatextann upp orðrétt í þessu samhengi. Þess skal getið, að undirstrikanir, sem kunna að koma fyrir hér á eftir, eru frá mér komnar.

Um I. kafla.

1. gr. laganna hljóðar á þessa leið:

"Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála.

Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með hönd laga þessara fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautaþjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar. Það hefur umsjón með annarri leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt. Það skal taka við og vinna úr skýrslum búfjárræktarfélaga; skipuleggja afkvæmarannsóknir á búfé; reka kynbótastöðvar, sem nái til alls landsins og byggja notkun djúpfrysts sæðis; hafa yfirumsjón með forðagæzlu og sjá um greiðslur og öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögum þessum og hafa eftirlit með notkun fjármunanna.

Þessi texti ber með sér, að félagið hefur á þessu sviði ápekka stöðu sem ráðuneyti. Hvað snertir framkvæmd forðagæzlu, skv. X. kafla laganna, er það sett yfir sveitarstjórnir í landinu. Ekki nóg með það; undir stofnanir félagsins, búnaðarsamböndin, hafa yfir sveitarstjórnum að segja, sbr. 54. gr. Annars leiðir þetta fyrirkomulag beinlínis af framangreindu ákvæði 1. gr. Í sambandi við ráðstöfun fjár, bæði skv. bókstaf laganna og hvað snertir rekstur félagsins er það að segja, að **ríkisendurskoðun hefur engin afskipti af þeim málum** eins og áður er fram komið.

Stjórnkerfi það, sem lögin gera ráð fyrir er flókið í meira lagi, sbr. félagslög frá 1983.

Búnaðarþing er formlega efst í valdastiganum. Það kýs stjórn félagsins, sem ræður starfsmenn. Þeir njóta lífeyrisréttinda sem ríkisstarfsmenn, en ekki verður séð, að um þá gildi ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.. Búnaðarþing setur félaginu lög, þar sem kveðið er á um starfsemi þess svo og reglur um kosningu til Búnaðarþings. Ríkisvaldið hefur engan íhlutunarrétt um þessi mál.

Búnaðarþing kýs þriggja manna stjórn félagsins, sem aftur ræður búnaðarmálastjóra og alla fasta starfsmenn eins og áður segir.

Samkv. 2. gr. félagslaga er B.Í. byggt upp af búnaðarfélögum hreppanna og búnaðarsamböndum, sem eru 15.

Aðalreglan, skv. 3. gr. er sú, að starfssvæði hvers búnaðarfélags skuli vera sveitarfélag, en heimilt er að starfssvæði sé látið ná yfir tvö sveitarfélög eða fleiri.

Samkvæmt 4. gr. skulu bændur allir á hlutaðeigandi starfssvæði vera félagar í hlutaðeigandi búnaðarfélagi. Í 6. gr. jarðræktarlaganna er mælt svo fyrir, að hver sá, er njóta vill styrks skv. þeim lögum, skuli vera "félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarinnar."

Í 3. gr. segir frá búnaðarsamböndum, sem munu nú vera 15 að tölu. Samþykktir þeirra skulu gerðar eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af stjórn þess. Þar má ákveða, að búfjárrækt á sambandssvæðinu heyri beint undir stjórn búnaðarsambandsins. Sá möguleiki er líka til, að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök nefnd á vegum búnaðarsambands eða þá þriðji möguleikinn, að verkefni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárgreina séu falin sérstökum búnaðarsamböndum.

Í 4. gr. kemur að hreppabúnaðarfélögum. Þau starfa samkvæmt samþykktum, sem gerðar eru skv. fyrirmynd frá Búnaðarfélaginu og háðar eru staðfestingu þess.

Búfjárræktarstarfsemi á félagssvæði hreppsbúnaðarfélags getur heyrt beint undir stjórn félags, eða sérstakar nefndir á sviði einstakra búfjárræktargreina. Þá er sá möguleiki, að verkefni félags á sviði einstakra greina sé falið búfjárræktarfélagi, sem fyrir er eða stofnað verður, en til þess þarf minnzt sex bændur.

Enn er sá möguleiki, að búfjárræktarsamband nái yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Þá getur búfjárræktarfélag náð yfir fleiri hreppa en einn.

Ef staðfest hefur verið samþykkt fyrir félagsform eins og nú var getið, skulu þá renna til slíks sambands eða félags þau framlög, sem lögin mæla fyrir um.

Skv. 1. gr. laga nr. 40/1982 rennur helmingur af árlegum tekjum búnaðarmálasjóðs til búnaðarsambanda, og skiptir Búnaðarfélag Íslands því milli sambandanna.

Í 4. gr. er gerð grein fyrir ráðunautaþjónustu í búfjárrækt.

Í 1. tl. er í 5 liðum gerð grein fyrir störfum búfjárræktarráðunauta félagsins.

Í 2. tl., sem er miklu lengri, er greint frá héraðsráðunautum búnaðarsambandanna. Búnaðarfélagið þarf að samþykkja ráðningu þeirra svo og verkssvið. Í 6 liðum eru tiltekin störf héraðsráðunauta og þar ærið margt tínt til, m.a. kemur þar fram, að þeir eigi að spjalla við bændur (e-liður, 2. tl. 4. gr.).

Í lok þessarar löngu greinar er mælt svo fyrir, að ríkissjóður skuli greiða 65% af launum héraðsráðunauta og allt að 65% af ferðakostnaði. Í því sambandi þarf að koma til samþykki landbúnaðarráðuneytisins "að fenginni tillögu Búnaðarfélags Íslands".

Um II. kafla.

Í 5. gr. er mælt fyrir, að á vegum Búnaðarfélagsins starfi kynbótanefnd nautgriparæktar. Búnaðarþing kýs í hana 4 héraðsráðunauta en stjórn Búnaðarfélagsins tilnefnir formanninn, sem skal vera nautgriparæktarráðunautur félagsins. Í 2. mgr. er greint frá starfssviði nefndarinnar, sem er aðallega að meta naut, sem notuð eru á nautastöðvum skv. 8. gr. og "skipuleggja uppeldi þeirra og notkun".

Í 6. gr. er mælt svo fyrir, að Búnaðarfélagið reki stöð "til að framleiða djúpfryst nautasæði til geymslu og sölu". Búnaðarþing setur stöðinni samþykktir.

Í 7. gr. er í mjög löngu máli greint frá hlutverki búnaðarsambanda í sambandi við kynbætur nautgripa. Virðist allt fyrirkomulag meira og minna háð samþykki Búnaðarfélagsins annars vegar og ríkisframlögum hins vegar auk þess, sem innheimta skal "gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbúum, er nemi allt að 0.7% af grundvallarverði hennar "eftir ákvörðun stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands".

Reglurnar um ríkisframlög til sæðingar kúa eru töluvert flóknar, og er gert ráð fyrir ýmiss konar frávikum.

Í 8. gr. er mælt fyrir um ríkisframlög til nautastöðva, þar á meðal um aukakostnað vegna einangrunar nauta utan djúpfrystistöðvar, er sauðfjárveikivarnirnar kunna að ákveða hverju sinni.

Í 9. gr. er ákveðið, að búnaðarsambönd og búnaðarfélög, sem hafa samþykktir staðfestar af Búnaðarfélaginu eigi að fá árlegt framlag"kr. 80.00 á hverja árskú", sem skýrslu er skilað um til Búnaðarfélags Íslands.

Í 10. gr. er tekið fram, hver skuli vera ríkisframlög til afkvæmarannsókna á nautum, sem "Búnaðarfélag Íslands hlutast til um".

Svo kemur nú að nautgripasýningum á vegum Búnaðarfélags Íslands. Um þær eru mjög rækileg fyrirmæli í 11. gr. Félagið setur reglur um tilhögun og framkvæmd. Þá er í lögum ákvæði um dómnefndir, bæði aðaldómara og meðdómendur og dómstig.

Hvert búnaðarfélag hefur á rétt til að sýna á svonefndri héraðssýningu 1 kú fyrir hverjar 100, sem skýrslu er skilað um, en þó rétt til að sýna 2 kýr hið fæsta.

Í greininni er ákveðið, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við svonefndar sveitasýningar, greiði 3 kr. á hvern framtalinn nautgrip á sýningarsvæði þess árs gegn jöfnu framlagi úr sveitarsjóði.

Svo er í greininni mælt fyrir um upphæð verðlauna, er greiðast að öllu leyti úr ríkissjóði, sem greiðir einnig helming kostnaðar við héraðssýningar, "enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá reikninga".

Nú er komið að 12. gr. Þar er rætt um sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum til að sannprófa, "hvort þar finnist álitlegar nautsmæður". Í greininni er mælt svo fyrir, að eftirlitsmaður skuli koma á viðkomandi bú a.m.k. 6 sinnum á ári; "er viðstaddur mjaltir kvölds og morgna, vegur mjólk úr hverri kú, mælir mjöltun, júgur og spena og tekur sýnishorn til fiturannsókna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur".

Í 13. gr. er lögboðið, að öll naut 6 mánaða og eldri skuli "gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu."

Um III. kafla

Í 14. gr. er mælt svo fyrir, að í samþykkt búnaðarfélags eða fjárræktarfélags skuli tekið fram, að hver félagsmaður skuli eiga og halda skýrslur um 12 ær til þess að teljast virkur félagsmaður.

Í 15. gr. eru ákvæði um ríkisframlög til búnaðar- eða fjárræktarfélaga, sem hafa samþykktir sínar staðfestar af Búnaðarfélagi Íslands.

Skal ríkissjóður m.a. greiða kr. 10.00 á hverja skýrslufærða á og kr. 700.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur I. verðlaun og kr. 3000.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun eða I. verðlaun á afkvæmasýningu, sbr. 1. tl. 15. gr. Skv. 2. tl. skulu þessi framlög hækka um 50%, ef 80% af ám félagsmanna eða þar yfir eru "á skýrslu". Þá er þar mælt fyrir um hlutdeild búnaðarsambands í þessum framlögum.

16. gr. er um sæðingarstöðvar. Landbúnaðarráðuneytið þarf að samþykkja, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, stofnun stöðva, hvað snertir staðarval og starfssvæði. Ekki verður séð, að samþykkið taki til annarra þátta, t.d. byggingarinnar sjálfrar (innréttingar) eða búnaðar, en af þessu öllu greiðir ríkissjóður 1/3. Þá greiðir ríkissjóður rekstrarframlög, kr. 25.00 á hverja sædda á, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands hrútaval.

Þá kemur að 17. gr. Búnaðarfélaginu er heimilt að taka upp djúpfrystingu á hrútasæði til geymslu og sölu og setur Búnaðarþing reglur um þá starfsemi og kýs fimm manna kynbótanefnd sauðfjár. Ríkisframlög til þessa greiðast með samsvarandi hætti og framlög skv. 16. gr.

Í 18. gr. er heimilað að greiða framlag til stofnræktar sauðfjár er nemi kr. 115.00 á hverja skýrslufærða á. Framlag, sem greitt yrði, kæmi að 4/5 úr ríkissjóði en 1/5 frá búnaðarsambandi.

Í viðauka við 18. gr., lögum nr. 46/1976, er svo kveðið á, að Búnaðarfélaginu beri að sjá um að hreinrækta forustufé. Framlag til slíkrar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.

Í 19. gr. er ákvæði um gæzlu hrúta og hvernig með skuli fara, ef út af ber.

Nú kemur að hrútasýningum. Um þær er mælt fyrir í 20.-22. gr.

Búnaðarfélaginu ber að halda hrútasýningu í hverjum hreppi fjórða hvert ár. Nú eru hrepparnir 200, svo að meðaltali er skylt að halda 50 hrútasýningar á ári, skv. 1. mgr.

Þá getur búnaðarfélag eða sauðfjárræktarfélag, sbr. 5. mgr., óskað eftir að árlega sé haldin sýning á veturgömlum hrútum. Hlutaðeigandi héraðsráðunaut ber að veita aðstoð við slíkt. Nú er ekkert vitað, hversu mörg þessi félög eru, en gera verður ráð fyrir, að nokkur séu til, ella væru þau varla nefnd í lögum.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að halda afkvæmasýningar, sýna ær og hrúta, svo sem segir í 21. gr. Skylt er að veita þar 1., 2. og 3. verðlaun bæði fyrir ær og hrúta, en auk skal veita "heiðursverðlaun á hrúta fyrir afkvæmi.

Og ekki er allt búið enn. Að lokinni aðalsýningu á hverju fjögurra ára tímabili er heimilt að halda héraðssýningar á einstökum hrútum og einstökum afkvæmahópum, sbr. 22. gr.

Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir því, að það sé ætlun löggjafans að haldnar séu 100 hrútasýningar á hverju ári að mestu leyti á opinberan kostnað.

Reglur um dómnefndarmenn, skipun oddamanns og meðdómenda eru allrækilegar; þær eru í 2., 3., 4., og 5. mgr. 20. gr.

Í 23. gr. er vandlega sundurliðað, hver upphæð skuli greidd í verðlaun, en þau eru veitt skv. 22. gr. Verðlaun, sem ærnar fá eru aðeins fyrir afkvæmi, 1. verðlaun kr. 900.00, en 2. verðlaun kr. 400.00. Samsvarandi verðlaun "á hrúta" eru frá kr. 600.00-3000.00, en auk þess geta hrútar fengið heiðursverðlaun allt að kr. 8000.00.

Á héraðssýningum geta verðlaun verið sexþætt. Afkvæmahópur getur fengið ein verðlaun, en að öðru leyti sitja hrútar að öllum verðlaunum.

Þessi verðlaun, sem eins og áður segir eru veitt á sýningar, skv. 21. gr., eru greidd að 2/3 hluta úr ríkissjóði en 1/3 af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Í 24. gr. er greint frá afkvæmarannsóknum á hrútum. Búnaðarfélag Íslands setur, að fengnum tillögum kynbótanefndar, ef stofnuð verður, reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara rannsókna.

Framlag til afkvæmarannsókna, kr. 150.00 á hverja á, greiðist úr ríkissjóði.

Búnaðarfélagið á, skv. 26. gr., að hlutast til um, að geitfjárstarfsemi verði haldið við. Ríkissjóður greiðir eigendum geitfjár allt að kr. 800.00 á hverja geit.

Um IV. kafla.

Í 27. gr. er tekið fram, að stofna megi í hverjum hreppi hrossaræktarfélag með sex bændum eða fleiri, sbr. 3. gr., og þar kveðið á um það í 2. mgr., að stjórn félagsins sjái um, að árlega séu til afnota fyrir hrossaeigendur nægilega margir stóðhestar viðurkenndir af hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélagsins. Hann útvegar girðingar fyrir þá, kemur þeim í fóður, innheimtir folatolla o.s.frv.

Ef hrossaræktarfélag starfar ekki í hreppi, fer búnaðarfélag hreppsins með þessi mál, annað hvort stjórn þess eða hrossakynbótanefnd o.s.frv.

Skv. 28. gr. leggur ríkissjóður árlega fram kr. 15.00 á hvert fram talið hross gegn jöfnu framlagi úr sveitarsjóði. Af þessu renna 20% til hlutaðeigandi hrossaræktarsambands - búnaðarsambands, en 80% til hrossaræktarfélags (búnaðarfélags) til að standa straum af framkvæmd 27. gr.

Um 29. gr.

Auk þess sem segir í 28. gr. greiðir ríkissjóður kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur 1. eða 2. verðlaun á svæða-, fjórðungs- eða landssýningu og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur 1. eða 2. verðlaun á sömu sýningu.

Þetta framlag getur hækkað um 50% eða 100%, ef notaðir eru tilteknir stóðhestar.

Um 30. gr.

Búnaðarsambönd - hrossaræktarsambönd - fá framlög úr ríkissjóði, kr. 5000.00 út á hvern stóðhest, sem notaður er á vegum þess, og er mælt fyrir um stighækkandi álag á framlag eftir því hve, mikil verðlaun hesturinn hefur fengið. Framlag þetta rennur í sérstakan sjóð á vegum sambandsins.

Þá eru og ríkisframlög, er nema efniskostnaði til girðinga fyrir úrvals-stóðhesta og valdar hryssur.

Ennfremur greiðir ríkissjóður 20% af framlagi til hrossaræktar, skv. 29. gr.

Um 31. gr.-33. gr.

Bann við lausagöngu stóðhesta og hvernig með skuli fara, ef út af er brugðið. Nánari ákvæði varðandi stóðhesta í 32.-33. gr.

Í **34. gr.** eru ýtarlegar reglur um hrossasýningar, sem halda skal árlega, þegar um er að ræða sýningar hjá búnaðar- og hrossaræktarfélögum, fjórðungssýningar og landssýningar þriðja til fjórða hvert ár.

Ríkissjóður greiðir að verulegu leyti það fé, sem til verðlauna gengur, en reglur um upphæð verðlauna eru í 18 liðum í 35. gr.

Um 36. gr.

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búunum, sem skulu starfa samkvæmt reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum þess.

Í **37. gr.** er mælt svo fyrir, að settur skuli á fót sérstakur stofnverndarsjóður hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hlutverk hans á að vera að styrkja hrossaræktarsambönd og lána þeim til kaupa á "kynbótahrossum, sem annars kynnu að verða seld úr landi". Tekjustofn sjóðsins er gjald, sem útflytjendur hrossa greiða. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um starfsemi sjóðsins og fer með stjórn hans.

Um V. kafla.

Þessi kafli, sem geymir ákvæði um svína- og alifuglarækt, er nokkuð rýr í roðinu, aðeins þrjár greinar um heimild landbúnaðarráðuneytisins, að efna til kynbótabús í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi eftir því sem bezt þykir henta, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Í 41. gr. segir að halda megi einstaklings- eða afkvæmasýningar "fyrir svín og alifugla". Verðlaun greiðist úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

Um VI. kafla.

Í 42.-43. gr. eru Búnaðarfélagi Íslands falin verkefni varðandi hundarækt. Ekki eru þar ákvæði um ríkisframlög.

Um VII. kafla.

Skv. 44. gr. annast Búnaðarfélag Íslands leiðbeiningar í loðdýrarækt varðandi fóðrun, kynbætur og önnur atriði varðandi loðdýrarækt, sem ekki er kveðið á um í lögum nr. 53/1981.

Félagið ræður til sín ráðunaut í loðdýrarækt, þegar fé er veitt til, sbr. 45. gr.

Þótt Búnaðarfélagið annist, skv. lögunum frá 1981 eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða skv. þeim virðist íhlutunarréttur félagsins skv. því miklu minni en í búfjárræktarlögunum. Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn félagsins. Þetta er eina ákvæðið af þessu tagi, t.d. þarf ráðherra ekki að leita umsagnar þess, þegar hann úrskurðar, hvort ákveðin dýrategund sé loðdýr eða ekki, sbr. 1. gr.

Reglugerð má setja án þess, að Búnaðarfélagið þurfi að koma þar við sögu.

Um VIII. kafla.

Um 46.-47. gr.

Búnaðarfélagið annast leiðbeiningarstörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Því er heimilt að setja upp í tilraunaskyni útungunar- og uppeldisstöð fyrir æðarunga.

Ekkert er getið um, hvernig fjármagns skuli aflað né að verði staðið, en kostnaður við þetta, sem er víst ekki mjög mikill mun vera greiddur af rekstrarfé B.Í.

Um IX. kafla.

Þar er þráðurinn tekinn upp aftur um stjórn og vald Búnaðarfélagsins.

Um 48. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum til kynbótastarfsemi eins og þar er lýst. "Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun, sbr. 1. tl.

Bændum er heimilt að vinna að kynbótastarfsemi eins og lýst er í 2. tl., enda hlíti þeir fyrirmælum Búnaðarfélagsins um allt, er varðar framkvæmd ræktunarinnar.

Í 3. tl. segir að heimilt sé að láta bændum í té búfjársæði frá sóttvarnarstöð ríkisins að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands. (Aths.: ákvæði laga um sóttvarnarstöðina hafa ekki enn komið til framkvæmda, sbr. 52. gr.)

Um 49. gr.

Á búum þeim, sem um ræðir í 48. gr. ber að hlíta fyrirmælum búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélagsins... þeir skera úr o.s.frv., eins og nánar greinir í 49. gr.

Um 50.-51. gr.

Þar er greint frá mjög víðtækum íhlutunarrétti búfjárræktarráðunauta og Búnaðarfélagsins varðandi framkvæmd þessa kafla um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við erlend búfé.

Í 52. gr. er mælt svo fyrir, að meðan ákvæði laganna frá 1962 og um innflutning búfjár, sbr. lög nr. 19/1972 koma ekki til framkvæmda þá sé nánar tiltekin ..blendingsræktun heimil, að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands hverju sinni. Þá skal landbúnaðarráðuneytið hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. "Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands".

Um X. kafla.

Forðagæzla var og er enn að verulegu leyti viðfangsefni sveitarfélaganna, og var undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Nú fer Búnaðarfélagið með framkvæmd búfjárræktarlaganna, þar með stjórn forðagæzlu, sbr. 2. mgr. 1. gr. búfjárræktarlaganna.

Eins og lögin eru nú orðuð hafa búnaðarsambönd og ráðunautar þeirra eftirlit með forðagæzlumönnum, sem sveitarstjórn kýs, sbr. 1. mgr. 54. gr.

Í þeirri grein er gert ráð fyrir sérstökum aðstoðarmönnum. Skal þóknun þeirra greiðast að 65% úr ríkissjóði, en að 35% af búnaðarsamböndum.

Í **3. mgr. 54. gr.** eru ákvæði um tiltekið vald Búnaðarfélags Íslands til að segja sveitarstjórnum (borgarstjórn, bæjarstjórn, hreppsnefnd) fyrir verkum; sama er að segja um **57. gr. og 64. gr.** Það getur e.t.v. verið spurning, hvort slík ákvæði, sem ekki skipta efnislega máli, samræmist 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Um XI. kafla.

Í 60. gr. er tekið fram, að verði teknar upp sæðingar fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiði ríkissjóður framlag, sem landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Um 62. gr. er ekki í sjálfu sér mikið að segja, þótt hún geymi mjög áhrifarík ákvæði fyrir ríkissjóð. Þar stendur, að á framlög, sem ákveðin eru samkvæmt lögunum skuli greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. Hagstofan ákveður grundvöll þessarar vísitölu "í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Í 63. gr. segir, að landbúnaðarráðherra setji "í samráði við Búnaðarfélag Íslands" reglugerð, sem kveði nánar á um framkvæmd laga þessara.

Sú reglugerð er nr. 139/1967.

Um 64. gr. er svo ákveðið, að verði ágreiningur um skilning á lögum þessum eða reglugerðum kveði landbúnaðarráðherra upp fullnaðarúrskurð um slíkt. Í þessu tilfelli er ekki mælt fyrir um umsögn Búnaðarfélags Íslands. Væri fróðlegt að vita, hvort til slíks hefur komið.

Í 65. gr. er mælt fyrir um refsingar, sem liggja við, ef brotið er gegn ákvæðum laganna. Þar er mjög óvenjulegt ákvæði, sem sé, að sekt vegna brota á lögum þessum renni til einkaaðila, þ.e. búnaðarfélags þess, þar sem brot er framið.

VIII. LÖG, SEM MÆTTI NÚ ÞEGAR AFNEMA

Í heildaryfirlitinu hér í upphafi er að finna nokkuð af lögum varðandi ríkisútgjöld, sem mætti að minni hyggju afnema án þess, að nokkur maður fyndi fyrir því. Þau eru svo gersamlega úrelt orðin. Þetta skiptir fjárhagslega séð engu fyrir ríkissjóð, en það mundi vera þarfleg grisjun í frumskóginum, sem oft er talað um, að losna við þau úr lagasafninu. Nóg er samt af úreltri löggjöf. Ég tel mér skylt að benda á þetta, því að með því að losna við þessu úreltu lög, verður ögn greiðfærara í lagafrumskóginum.

Þetta heyrir að vísu fremur undir landbúnaðarráðuneytið en fjármálaráðuneytið, en ég tel það fyllilega forsvaranlegt, að fjármálaráðuneytið eigi þarna frumkvæði og leiti samstarfs við landbúnaðarráðuneytið.

Í skránni hér á eftir er til hægðarauka vísað í þá tölusetningu, sem er í heildaryfirlitinu.

Nr. 4. Lög nr. 104/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Nr. 6. Lög nr. 58/1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Nr. 21. Lög nr. 44/1911 um heyforðabúr.

Nr. 22. Lög nr. 73/1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Nr. 23. Lög nr. 80/1936 um fóðurtryggingasjóði.

Nr. 28. Lög nr. 25/1923 um berklaveiki í nautpeningi.

Nr. 39. Lög nr. 29/1937 um útrýmingu sels úr Húnaósi.

Mér er ekki ljóst, hvort lög varðandi Flóaáveitu og Skeiðaáveitu hafa raunhæft gildi; ef eitthvað af þeim hefur slíkt gildi, mætti sjálfsagt koma því fyrir í örstuttu máli og þá afnema fimm lög, **nr. 13 - 17.**

Vera má, að lögin nr. 50/1929 um innflutning og ræktun sauðnauta (**nr. 20** í heildaryfirliti) eigi einhvern formælanda, en varla er ástæða til að hafa í gildi lög um skyldu ríkisstjórnarinnar að flytja inn sauðnaut "svo fljótt sem því verður við komið" eða hlutast til um slíkt og ákvæði um greiðsluskyldu ríkissjóðs varðandi kostnað við framkvæmd laganna.

IX. NIÐURSTÖÐUR

Þótt menn kunni að vera sammála um það, að íslenzk landbúnaðarlöggjöf sé á margan hátt girnileg til fróðleiks, er hún heldur óárennilegt viðfangsefni. Það er líka svo, að mjög lítið hefur um hana verið ritað á fræðilegum grundvelli, a.m.k. á seinni áratugum.

Sú greinargerð, sem hér birtist, er aðeins stutt yfirlit um, hvaða lagaákvæði gildi nú um skyldu ríkissjóðs til greiðslu vegna framkvæmdar laga um landbúnaðarmál ásamt nokkrum fróðleiksmolum, sem snerta þróun þessara mála, stjórnkerfið, sem fer með framkvæmd þessara mála og annað skylt. Var þessa sérstaklega óskað í samtali okkar fjármálaráðherra, þegar mér var falið þetta verk. Þá óskaði hann, að ábendingar kæmu um það, hvernig skyldi standa að breytingum, ef svo væri, að mér virtist breytinga þörf.

Rétt er að taka fram, að ég var mjög ókunnugur landbúnaðarlöggjöfinni, þegar ég hóf þessa könnun, og ber greinargerðin þess sjálfsagt vitni. Ég hef ekki talið það hlutverk mitt að ræða hér efnisþætti að neinu ráði, heldur er það, sem nú kemur, fyrst og fremst hugleiðingar frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Hið fyrsta sem vakti athygli mína er það, hversu þessi löggjöf er að ýmsu leyti ósamstæð og margt af henni úrelt. Mér þótti sitthvað í löggjöfinni bera þess merki, að margsinnis hefði verið breytt og aukið við, án þess að heildarsjónarmiða og nútímalegra skoðana um löggjafaratferlið væri gætt. Þar er geysilega margt að finna, sem ég tel, að eigi alls ekki heima í lögum frá Alþingi, sitthvað heldur klaufalegt, jafnvel broslegt. Þá eru lagaákvæðin um greiðsluskyldu ríkissjóðs óeðlilega flókin og fyrir vikið erfitt að fá heildarmynd af þessari löggjöf, sem er þrátt fyrir annmarkana á margan hátt merkileg. Sérstaklega rak ég augun í það, hversu stjórnkerfi landbúnaðarins er frábrugðið því, sem almennt gerist.

Mun ég fyrst víkja að því. Að forminu til fer landbúnaðarráðuneytið með yfirstjórn landbúnaðarmála, en þegar farið er að athuga löggjöfina nánar, kemur í ljós, að í raun er þetta á allt annan veg. Ákvörðunarmöguleikarnir og ákvörðunarvaldið eru í raun að mjög verulegu leyti hjá Búnaðarfélagi Íslands. Það hefur, ef svo má segja, vaxið Stjórnarráðinu yfir höfuð á flestum sviðum landbúnaðarmála. Félagið hefur ekki tekjur til starfsemi sinnar utan það fé, sem það fær úr ríkissjóði, ýmist samkvæmt beinum ákvæðum laga eða árlegum fjárveitingum á fjárlögum. Þótt svona sé skipað málum á ríkisvaldið engan íhlutunarrétt um stjórn félagsins eða starfshætti; hefur það komið fram oftar en einu sinni hér að framan. Félagið fer með beina stjórn á vissum þáttum ríkisvaldsins, það markar opinbera stefnu á vissum sviðum, stjórnar raunverulegum ríkisframkvæmdum, annast fjársýslu fyrir ríkið o.s.frv. Það hefur á að skipa

allfjölmennu starfsliði, sem ráðið er af stjórn félagsins og nýtur réttinda ríkisstarfsmanna án þess að ríkisvaldið hafi nokkuð um þessi mál að segja. Og sem dæmi um það, hvernig málum er skipað, er það, að reikningar félagsins ganga ekki til ríkisendurskoðunar.

Nú fer því víðsfjarri, að í þessu felist gagnrýni á störf félagsins, enda kann ég ekkert af þeim að segja. Það, sem ég vil varpa fram til íhugunar er það, hvort það teljist eðlilegt, að þessi skipun haldist. Þetta er fyrst og fremst pólitískt mál. Þótt núverandi fyrirkomulag virðist hálfkyndugt frá lögfræðilegu sjónarmiði, að félagsskapur með sjálfvirku stjórnkerfi, fari með ákveðinn þátt ríkisvaldsins, má vel vera, að þetta sé hagkvæmt og skynsamlegt.

Því varpa ég fram sem fyrstu ábendingu, hvort eðlilegt sé, að núverandi stjórnkerfi haldist.

Önnur ábending er þegar komin fram í VIII. kafla. Hún felur í sér, að stigið verði fyrsta skrefið til lagahreinsunar hvað snertir skyldufranlög ríkissjóðs.

Þriðja ábending er sú, að endurskoðuð verði hið fyrsta löggjöfin um landbúnaðarmál, hvort sem stjórnkerfið verður látið haldast eða því breytt. Sú endurskoðun, sem ég á við, er ekki hugsuð í því skyni að auka eða minnka ríkisframlög til landbúnaðarmála. Það er pólitísk spurning, sem ekki er mitt hlutverk að ræða hér. Ég á eingöngu við, að lagabálkar eins og t.d. jarðræktarlög og búfjárræktarlög verði færðir í skaplegt horf; allt það efni, sem ekki er nauðsynlegt að standi í lögunum verði flutt yfir í reglugerðir, ef ekki er alveg hægt að fella það brott, greiðslukerfið verði stórlega einfaldað og horfið frá þeim fornfálega hætti að láta Alþingi ákveða hrein framkvæmdaratriði eins og t.d. kveða á um það, hvernig með 18 mismunandi móti eigi að verðlauna kynbótahross á sýningum o.s.frv.

Ég fullyrði, hvað sem líður fyrstu ábendingu, að framkvæmd á annarri og þriðju mundi gera landbúnaðarlöggjöfina miklu geðslegri en nú er, auðveldari til skilnings og þar með framkvæmd markvissari á allan máta.

Það er kominn tími til að grisja í þessum mikla frumskógi, sem landbúnaðarlöggjöf okkar er stundum kölluð.

Tillögur

um breytingar á tilteknum lagaákvæðum varðandi landbúnaðarmál

Frv. til laga um afnám laga nr. 29, 13. júní 1937 um útrýmingu sels úr Húnaósi.

1. gr.

Lög nr. 29, 13. júní 1937 um útrýmingu sels úr Húnaósi eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Þessi lög munu hafa verið sett á þeim tíma, þegar selveiði var talin til meiri háttar hlunninga. Nú er það liðin tíð, enda ekki vitað til þess, að slíkar bætur væru greiddar. Hér var um að ræða ráðstöfun til að vernda laxastofninn.
Svo verður að líta á, að afnám þessara laga sé þörf lagahreinsun. Presturinn, sem áður bjó í Steinnesi og hafði selveiðiréttindin, er nú á Blönduósi og mun ekki stunda selveiði og varla hyggja á slíkt. Frumvarpið er flutt með vitund biskupsstofu.

Frv. til laga um afnám laga nr. 25, 20. júní 1923 um berkaveiki í nautpeningi.

1. gr.

Lög nr. 25, 20. júní 1923 um berkaveiki í naupeningi eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Lög þessi hafa sjálfsagt verið hin þörfustu á sínum tíma, en ætla verður, að þau hafi runnið skeið sitt á enda og því megi afnema þau. Ákvæði laganna, t.d. 4. gr. eru þannig að ekki virðist minnsti möguleiki á því, að þau verði framkvæmd eftir orðanna hljóðan. Ættu nýrri lög að ná yfir efni laganna.

Í lögunum er gert ráð fyrir tiltekinni greiðsluskyldu ríkissjóðs, lítilfjörlegri að vísu, en ástæðulaust þykir að halda slíku í lögum, og er því lagt til, að lögin verði afnumin.

Frv. til laga um afnám laga nr. 80, 23. júní 1936 um fóðurtryggingasjóði.

1. gr.

Lög um fóðurtryggingasjóði nr. 80, 23. júní 1936 eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Sjálfsagt hafa þessi lög þótt þarfleg á sínum tíma, en nú er svo komið, að gripið er til annarra úrræða, ef fóðurskortur verður. Ekki er vitað til þess, að á ákvæði þeirra hafi reynt, enda er öll stjórnsýsla í sambandi við þau geysilega flókin. Í þeim eru lagðar greiðsluskyldur á ríkissjóð, að vísu litlar á nútíma mælikvarða. Hins vegar verður að líta svo á, að hér sé um að ræða löggjöf, sem ekki hafi nokkra þýðingu lengur, tekur hins vegar óhæfilega mikið rými í Lagasafni. Því er lagt til, að þau verði felld úr gildi.

Lög um afnám laga nr. 73, 14. nóvember 1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

1. gr.

Lög nr. 73, 14. nóvember 1917 um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Ekki er til þess vitað að þessi lög hafi komið til framkvæmda. Þau byggjast á viðhorfum, sem nú eru vonandi úr sögunni. Í þeim er gert ráð fyrir vissum greiðslum úr ríkissjóði og sveitarsjóðum.

Virðist með öllu ástæðulaust að halda slíku í lögum, og er því lagt til að þessi óvirku lög verði felld úr gildi.

Frv. til laga um afnám laga nr. 104, 14. maí 1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

1. gr.

Lög nr. 104, 14. maí 1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Lög þessi byggjast á sjónarmiðum, sem nú þykja með öllu úrelt. Samkvæmt þeim er til þess ætlazt, að unnt sé að binda ríkissjóði bagga fjárhagslega séð.
Virðist með öllu ástæðulaust að halda slíku í lögum, og miðar frumvarpið að lagahreinsun að því er tekur til ríkisfjármála. Því er lagt til að lögin verði felld úr gildi, enda ekki vitað til að nokkur áhugi sé lengur á að framfylgja þeirri stefnu, sem lögin byggist á.

Frv. til laga um afnám laga nr. 44, 11. júlí 1911 um samþykktir um heyforðabúr.

1. gr.

Lög nr. 44, 11. júlí 1911 um samþykktir um heyforðabúr eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Efni þessara laga kann að hafa verið hið þarflegasta fyrir rúmum 70 árum, en ekki verður þó séð að þær heimildir, sem þau gera ráð fyrir hafi verið notaðar. Ef reynt hefur á ákvæði þau, sem lögin geyma, virðist hafa verið gripið til annarra úrræða en þar er gert ráð fyrir.

Lögin gera ráð fyrir greiðsluskyldum ríkissjóðs í sambandi við framkvæmd þeirra, að vísu algerlega óraunhæfum miðað við verðlag nú orðið.

Virðist ástæðulaust að halda slíkum forngripum í lögum, og er því lagt til, að þau verði felld úr gildi.

Frv. til laga um afnám laga nr. 58, 3. nóvember 1915, um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

1. gr.

Lög nr. 58, 3. nóvember 1915 um mælingar á túnum og matjurtagörðum eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Vel má vera, að hér hafi verið um að ræða nytsamleg lög á sínum tíma. Samkvæmt 1. gr. átti framkvæmd þeirra að vera lokið 1920, þannig að þarflaust virðist að halda þeim lengur í gildi. Þau binda ríki og sveitarfélögum vissa fjárhagslega bagga, sem raunar skipta nú litlu máli. Hins vegar er ástæðulaust að halda slíku í lögum og þykir sjálfsögð lagahreinsun að fella þau úr gildi. Er því lagt til, að svo sé gert.

Frv. til laga um afnám laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni nr. 43, 19. maí 1930 svo og laga um breytingu á þeim lögum og viðauka nr. 77, 23. júní 1936.

1. gr.

Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni nr. 43, 19. maí 1930 svo og lög nr. 77, 23. júní 1936 um viðauka við þau lög og breyting á þeim eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Það má vafalaust segja um Skeiðaáveituna eins og um Flóaáveituna, að hún var merkileg framkvæmd á sínum tíma. Hins vegar munu lögin um hana fyrir löngu orðin óvirk, en fela hins vegar í sér vissar greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs, sem ástæðulaust virðist að halda í lögum. Mmeð vísun til þessa er lagt til að lögin verði afnumin. Er það einn liður í nauðsynlegri lagahreinsun, sem snerta ákvæði, er varða fjármálaráðuneytið.

Frv. til laga um afnám áveitu í Flóann nr. 68, 14. nóv. 1917, ásamt viðauka og breytingum nr. 10, 15. júní 1926, svo og viðaukum og breytingum nr. 56, 19. júní 1933 og nr. 117, 30. des. 1943.

1. gr.

Lög nr. 68, 14. nóvember 1917 eru felld úr gildi, svo og lög nr. 10, 15. júní um breytingu og viðauka við þau lög, lög nr. 56, 19. júní 1933 og lög um sama efni nr. 117, 30. des. 1943 eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Flóaáveitan var á sínum tíma stórmerkileg framkvæmd eins og lesa má um í ritum eftir þá Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra og dr. Þorkel Jóhannesson prófessor. Var talið, að frægð hennar hefði farið svo víða, að jafnvel Píus páfi 11. hafi kynnt sér málið.

Nú er þetta hins vegar liðin tíð. Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið, hafa framangreind lög enga raunhæfa þýðingu lengur. Þau kveða hins vegar á um ýmiss konar skuldbindingar ríkissjóðs, sem ástæðulaust virðist, að lengur standi í lögum. Ekki er vitað til þess, að nein ákvæði laganna hafi raunhæfa þýðingu lengur. Þykir því ástæðulaust að hafa þau öllu lengur í Lagasafni, og er lagt til, að þau verði felld úr gildi.

Sþ. 961. Fyrirspurn [510. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Ríkismat sjávarafurða.

Frá Svavari Gestssyni, Karvel Pálmasyni, Guðmundi Einarssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Ellert B. Schram.

1. Hver ber ábyrgð á mistökum sem verða í útflutningsmati?
2. Hvernig samrýmist það ákvæði 18. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða, nr. 53/1984, að fá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda í hendur yfirmat á saltfiski?
3. Hvers vegna lætur sjávarútvegsráðherra ekki framkvæma ákvæði 11. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða þar sem fram kemur að ferskfiskdeildin skuli „... fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hans hefst“?
4. Hvernig skýrir sjávarútvegsráðherra framkvæmd 13. gr. laga um Ríkismat sjávarafurða þar sem fram kemur að ferskfiskmatsmönnum er óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmats?

Sþ. 962. Nefndarálit [472. mál]

um till. til þál. um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og var sammála um að sjálfgefið væri að samþykkja tillöguna, enda hafa Íslendingar í meira en áratug sótt rétt sinn til landhelgi, fiskveiða og hafsbotns í þann þjóðarétt sem verið hefur að mótast vegna starfa hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og birtist í hafréttarsamningnum. Og enn er íslenska þjóðin að tryggja sér mikilvæg hafsbotnsréttindi í suðri og út eftir Reykjaneshrygg sem í einu og öllu byggjast á ákvæðum hafréttarsamningsins. Sama er að segja um varðveislu fenginna réttinda og tryggingu sérhvers þess fyllri réttar, sem samningurinn heimilar, um aldur og ævi.

Nefndin er sammála um að rétt sé að gera svohljóðandi fyrirvara:

Jafnframt því að afhenda fullgildingarskjal varðandi hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna lýsi fastafulltrúi Íslands því yfir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands að samkvæmt 298. gr. samningsins er réttur áskilinn til að sérhverri túlkun á 83. gr. skuli vísað til sáttargerðar samkvæmt V. viðauka, 2. kafla, samningsins.

Íslendingar höfðu í Jan Mayen-málinu góða reynslu af sáttameðferð í skiptum við Norðmenn og telur nefndin sjálfsagt að halda opnum öllum leiðum til sáttargerðar við aðrar nágranna- og vinaþjóðir í Hatton- Rockall-málinu og hvenær sem ágreiningur kann að rísa í framtíðinni.

Guðmundur Einarsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Haraldur Ólafsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Ólafur G. Einarsson.	Hjörleifur Guttormsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. 963. Fyrirspurn [511. mál]

til viðskiptaráðherra um gjaldskrárhækkanir tannlækna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hversu mikið hafa gjaldskrár Tannlæknafélags Íslands hækkað frá 1. janúar 1982 til 1. maí 1985?

Óskað er eftir að fram komi heildarhækkun á tímabilinu, hvenær gjaldskrárbreytingarnar urðu, hverjar þær voru hverju sinni, að hve miklu leyti hver hækkun stafaði af launahækkun tannlækna og að hve miklu leyti af auknum rekstrarkostnaði og enn fremur samanburður á gjaldskrárhækkunum og verðþróun og almennum launabreytingum á framangreindu tímabili.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 964. Fyrirspurn [512. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við tannlækningar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga vegna tannlækninga á tímabilinu 1. janúar 1982 til 1. maí 1985 borinn saman við annan lækniskostnað á sama tíma?
   Óskað er eftir að kostnaður og samanburður sé sýndur fyrir hvert ár um sig.
2. Hverjar voru heildargreiðslur hvers sjúkrasamlags um sig vegna tannlækningakostnaðar á árinu 1984 og til hve margra tannlækna gengu þessar greiðslur í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 965. Fyrirspurn [513. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölgun vínveitingaleyfa.

Frá Helga Seljan.

1. Hvaða skýringar eru á 50% fjölgun vínveitingaleyfa s. l. tvö ár?
2. Hefur ráðuneytið í hyggju að draga úr leyfisveitingum eða koma í veg fyrir frekari fjölgun?

Sþ. 966. Fyrirspurn [514. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf nefndar um stefnumörkun í áfengismálum.

Frá Helga Seljan.

1. Hvað líður starfi stjórnskipaðrar nefndar um stefnumörkun í áfengismálum og hvenær má vænta þess að hún ljúki störfum?
2. Hefur ríkisstjórnin markað afstöðu til þeirra áfengistillagna sem frá nefndinni hafa borist?
3. Hvaða þættir þessara tillagna eru það sem til þessa hafa hindrað að ríkisstjórnin tæki ákvörðun í þessum málum?
4. Hvaða þáttum tillagnanna hyggst heilbrigðismálaráðherra beita sér fyrir að hrinda í framkvæmd?
5. Er þess að vænta að næsta haust verði lögð fram tillaga um stefnu í áfengismálum eða frumvörp um einstök málefni sem nefndin hefur skilað tillögum um til ríkisstjórnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 967. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 6. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Skipstjóri annast um að skip sé haffært og að það sé vel útbúið, nægilega mannað og búið vatni og vistum til fyrirhugaðrar ferðar, auk öryggisbúnaðar eftir þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum sem um hann gilda. Skylt er honum að annast um að skip sé vel búið til að taka við farmi og flytja hann, að skip sé ekki offermt, farmur sé vel búlkaður og lestarop tryggilega lukt miðað við þarfir og aðstæður.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Skylt er skipstjóra að gera allt það, er hann má til að halda skipi haffæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn eða annað að borið svo að ætla má að skip hafi laskast og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það þar sem því verður fyrst við komið eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um eftirlit með skipum.
   c. Síðasti málsl. 3. mgr. orðist svo: Það, sem hér segir um hættuleg efni og mengun, nær einnig til erlendra skipa sem fara um mengunarlögsögu Íslands.
2. Við 20. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. falli brott.
3. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Farmflytjandi skal sjá um að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og hafa lestarrými, kæli- og frystirými og aðra hluta skipsins, þar sem farmur er geymdur, í fullnægjandi ástandi til móttöku, flutnings og varðveislu farms.

4. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
   Sendandi skal sjá um að vara, sem er eldfim, hætt við sprengingu eða hættuleg að öðru leyti skipi eða áhöfn, sé merkt samkvæmt gildandi reglum um flutning á hættulegum varningi. Honum er einnig að öðru leyti skylt að veita þá fræðslu um vöruna sem nauðsynleg er til að varna tjóni.
5. Við 68. gr. M-liður 2. mgr. orðist svo: rýrnun á vöru eða sérstökum eiginleika hennar eða eigin ágalla vörunnar.
6. Við 71. gr. Í stað orðanna „vara hafi glatast eða skemmst“ í 1. og 3. mgr. komi: vara hafi orðið fyrir tjóni eða skemmst.
7. Við 72. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ákvæðunum um varnir af hálfu farmflytjanda og um ábyrgðartakmarkanir skal beita hvort heldur sem krafan byggist á samningi eða á ábyrgð utan samninga.
8. Við 73. gr. Fyrri málsl. 2. mgr. orðist svo: Við flutning, sem fram fer með skipi annars en farmflytjanda, er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins samkvæmt sömu ákvæðum og farmflytjandi.
9. Við 102. gr. Upphafsmálsl. 1. mgr. hljóði svo: Í farmskírteini skal enn fremur greint ef farmsendandi krefst þess:
10. Við 159. gr. Greinin orðist svo:
    Þegar meta skal sök á árekstri samkvæmt 158. gr. skal dómari einkanlega gefa gaum að því hve langan tíma skipstjórnarmaður hafði til að gera sér grein fyrir aðstæðum.
11. Við 172. gr. C- og d-liðir fyrra tölul. 2. mgr. orðist svo:
    (c.) Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa töluliðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
    (d.) Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.
12. Við 187. gr.
    a. Upphaf 1. mgr. hljóði svo: Með úrskurði verður ákvarðað um upphæð framlags úr sjóðnum o. s. frv.
    b. Upphaf 2. mgr. hljóði svo: Ákveða skal í úrskurði, hvort jafnframt skuli sett trygging o. s. frv.
13. Við 199. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Sjóveðréttur helst áfram í skipi að undanskildum tilvikum þeim sem í 202. gr. greinir þó að eignarréttur yfir því færist til annarra eða breyting verði á skráningu þess. Sjóveðréttur í skipi fellur þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips ef hann hefur verið staðfestur með dómi eða dómsátt og útdrætti úr dóminum eða dómsáttinni hefur ekki verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur var upp kveðinn eða dómsátt gerð.
14. Við 200. gr. 3. mgr. orðist svo:
    Haldsréttur víkur fyrir sjóveðréttindum í skipi en gengur fyrir samningsbundnum veðréttindum og öðrum eignarhöftum.
15. Við 220. gr. Við gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
    Vélstjóri, meiri hluti skipshafnar, stjórn stéttarfélags eða félag viðkomandi sjómanna geta farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda ósk þar um.

16. Við 221. gr.
    a. Upphaf 2. mgr. orðist svo: Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu (Rannsóknarlögreglu ríkisins) við skýrslutöku o. s. frv.
    b. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. bætist: Lögregluyfirvöld skulu, svo fljótt sem við verður komið, hafa samband við Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa og gefa fulltrúum þeirra kost á að vera viðstaddir frumrannsókn slyss, en eigi skal fresta upphafi lögreglurannsóknar af þeim sökum einum að þessu skilyrði sé eigi fullnægt.
    c. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr. er orðist svo:
    Forðast skal að spilla eða afmá verksummerki eftir slys í skipi fyrr en lögregluyfirvöld hafa heimilað það.
17. Við 222. gr. Síðasti málsl. gr. orðist svo: Útgerðarmaður skips eða skipstjóri skal þá þegar tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins um þessa ráðstöfun.
18. Við 226. gr.
    a. 5. málsgr. orðist svo:
    Þegar halda skal sjópróf ber dómara að tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins þar um.
    b. Upphaf 6. málsgr. orðist svo: Siglingamálastofnun ríkisins ber að láta starfsmann mæta við sjópróf ef um er að ræða strand skips o. s. frv.
    c. 7. málsgr. falli brott.
    d. 8. málsgr., sem verður 7. mgr., orðist svo:
    Það, sem í þessari grein segir um Siglingamálastofnun ríkisins, skal einnig eiga við um rannsóknarnefnd sjóslysa, sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970.
19. Við 230. gr. Greinin orðist svo:

Samgönguráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t. d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenjuumfangsmikil. Hafi sjópróf eigi farið fram má láta það niður falla. Formaður nefndarinnar skal ætíð vera embættisdómari eða lögfræðingur með embættisgengi til dómarastarfa og með kunnáttu og reynslu í sjórétti ef kostur er en aðrir nefndarmenn skulu verða sérfróðir, hver á sínu sviði.

Nefnd, sem skipuð er skv. 1. mgr., skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið, og um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar séu opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar séu veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins og rannsóknarnefndar sjóslysa, sbr. 45. gr. l. 52/1970, við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknastofnana, svo og Landhelgisgæslu Íslands, í þágu rannsóknar máls og er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsóknina í heild eða einstaka þætti hennar.

Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Kostnaður vegna rannsóknar máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

Nd. 968. Nefndarálit [501. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal, frsm.
Þorsteinn Pálsson.	Friðrik Sophusson.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 969. Nefndarálit [475. mál]

um frv. til l. um ríkislögmann.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á síðari árum hefur orðið sú þróun að löglærðir menn í fjármálaráðuneyti hafa í vaxandi mæli flutt mál fyrir ríki og ríkisstofnanir. Þetta eru venjur sem hafa myndast í samræmi við ríkjandi tíðaranda en þurfa ekki að hafa frambúðargildi. Tilgangur frumvarps þessa er fyrst og fremst að staðfesta þann sið sem þannig hefur mótast, m. a. með setningu reglugerðar 6. mars 1984 sem kveður á um starfssvið „ríkislögmanns". Samkvæmt greinargerð virðist reyndar svo sem **frumvarpið sé flutt til staðfestingar á reglugerðinni.**

Starfshættir stjórnarráðs og ríkisstofnana hljóta að vera í sífelldri endurskoðun og það er nauðsynlegt að tryggja olnbogarými fyrir tilraunir, breytingar og aðlögun í samræmi við þarfir og hugmyndir hvers tíma.

Að mati undirritaðs er því rangt að binda í lög starfsskipulag á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessari lagasetningu er verið að leggja grunn að útþenslu ríkiskerfisins og geirnegla starfshætti þess.

Undirritaður leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. maí 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Ed. 970. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Hún kallaði fyrir sig forstöðumann Landmælinga Íslands, Birgi Guðjónsson, og Gylfa Má Guðbergsson, forstöðumann jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem er á sérstöku þskj.
Jón Kristjánsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 21. maí 1985.

Egill Jónsson, form. | Skúli Alexandersson, frsm. | Valdimar Indriðason.

Kolbrún Jónsdóttir. | Árni Johnsen.

Ed. 971. Breytingartillaga [289. mál]

við frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá samgöngunefnd.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, hafi samráð sín á milli um samræmi í vinnubrögðum og skipulagi mælinga og kortagerðar.

Ed. 972. Nefndarálit [382. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Leitað var umsagnar ýmissa aðila og aðrir komu til viðræðna á fundi nefndarinnar.
Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. maí 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. | Egill Jónsson. | Björn Dagbjartsson.

Stefán Benediktsson.

Ed. 973. Breytingartillaga [382. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar (ÞK, BD, EgJ, StB).

Við 3. gr.
Á eftir fyrra málsl. komi nýr málsl. er orðist svo: Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til starfsmanna fyrirtækisins.

Nd. 974. Nefndarálit [475. mál]

um frv. til l. um ríkislögmann.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. nefndarinnar flytur breytingartillögu við frumvarpið á sérstöku þingskjali, en styður efni frumvarpsins að öðru leyti.

Alþingi, 21. maí 1985.

Svavar Gestsson.

Nd. 975. Breytingartillaga [475. mál]

við frv. til l. um ríkislögmann.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Embætti ríkislögmanns er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir dómsmálaráðherra.

Forseti Íslands skipar ríkislögmann til 6 ára í senn. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Nd. 976. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á tíu fundum sínum og gert nokkrar breytingartillögur.

Nefndinni bárust ýmsar umsagnir, m. a. frá Stýrimannafélagi Íslands, Guðlaugi Gíslasyni, frá Arnljóti Björnssyni prófessor, frá Steingrími Gauti Kristjánssyni og Friðgeiri Björnssyni sem eru stjórnarmenn í Dómarafélagi Reykjavíkur, frá Pétri Sigurðssyni alþingismanni og ýmsum fleirum.

Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri kom á fund nefndarinnar. Tryggingafræðingarnir Þórir Bergsson og Björgvin Þórðarson mættu á fundi hjá nefndinni og gáfu henni margvíslegar upplýsingar. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Jón H. Magnússon, Kristján Ragnarsson, Ingólfur Stefánsson, Hafþór Rósmundsson og Guðjón Kristjánsson. Einnig Ragnhildur Hjaltadóttir lögfræðingur í samgönguráðuneyti og skrifstofustjóri þess, Halldór S. Kristjánsson, svo og Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri.

Páll Sigurðsson dósent sat alla fundi nefndarinnar og veitti henni margvíslegar upplýsingar og hjálp sem reyndist ómetanleg.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fylgja á sérstöku þskj.

Alþingi, 22. maí 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Eggert Haukdal.
	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	

Nd. 977. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „lausafjármuna“ í ákvæði til bráðabirgða komi: myndbanda.

Alþingi, 22. maí 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Halldór Blöndal. Friðrik Sophusson.

Þorsteinn Pálsson. Kjartan Jóhannsson.

Nd. 978. Lög [384. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 904 (sbr. 616).

Nd. 979. Lög [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 656.

Nd. 980. Lög [209. mál]

um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 893 (sbr. 248).

Nd. 981. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur eðlilegra að menntamálaráðherra setji reglur um starfsemi myndbandaleigna. Þess vegna flytur 1. minni hl. nefndarinnar nýtt frv. í stað frv. um

breyt. á l. um verslunaratvinnu. Þá leggur 1. minni hl. til að þessu frv. um breyt. á l. um verslunaratvinnu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** en frv. á þskj. 982 um breyt. á l. um kvikmyndamál verði samþykkt í stað þess.

Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi nefndarinnar, er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 22. maí 1985.

Svavar Gestsson.

Nd. 982. Frumvarp til laga [515. mál]

um breyting á lögum um kvikmyndamál, nr. 94/1984.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein sem verði 10. gr. og orðist svo:

Myndbandaleigur þurfa leyfi til starfsemi sinnar. Menntamálaráðherra ákveður hver skráir leyfin, enda fullnægi leyfishafi a. m. k. skilyrðum laga um verslunaratvinnu, nr. 41 1968. Getur ráðherra samið við viðskiptaráðherra um að skrá leyfi fyrir myndbandaleigu samhliða skráningu verslunarleyfa.

Gjald fyrir starfsleyfi myndbandaleigna skal vera hið sama og greitt er fyrir verslunarleyfi. Gjaldið rennur í Kvikmyndasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt til þess að tryggja eðlilegt eftirlit með myndbandaleigum. Það er flutt í stað frumvarps ríkisstjórnarinnar um að viðskiptaráðherra annist útgáfu starfsleyfa fyrir myndbandaleigur.

Sþ. 983. Nefndarálit [353. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með því að hún verði samþykkt.

Alþingi, 22. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Haraldur Ólafsson, frsm.	Gunnar G. Schram.
Karl Steinar Guðnason.	Hjörleifur Guttormsson.	Ólafur G. Einarsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 984. Frumvarp til laga [516. mál]

um þjóðfund um nýja stjórnarskrá.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kristín Kvaran.

1. gr.

Kveðja skal saman þjóðfund er álykta skal um nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

2. gr.

Þjóðfundur skal skipaður 60 fulltrúum, kosnum með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna sem kosningarrétt hafa.

Fulltrúar á þjóðfund skulu kosnir hlutfallskosningu í núverandi kjördæmum og skulu um kosningu þeirra gilda lög um kosningar til Alþingis eftir því sem við getur átt, þ. á m. um kosningu varafulltrúa.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um kosningar til þjóðfundar, m. a. um fresti til framlagningar kjörskráa, framboð og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. gr.

Kosningar til þjóðfundar skulu fara fram síðasta laugardag í maí 1986.

4. gr.

Þjóðfundur skal koma saman í fyrsta sinn 17. júní 1986. Hann skal standa þrjá mánuði hvert sumar og skal ljúka störfum innan fimm ára.

5. gr.

Forseti sameinaðs Alþingis skal setja þjóðfund, stýra fundum hans og slíta honum.

Þjóðfundur skal starfa í einni málstofu. Þrjár umræður skulu fara fram um ályktun fundarins. Að öðru leyti skulu þingsköp Alþingis gilda sem fundarsköp þjóðfundar.

Forseti sameinaðs Alþingis skal leggja fram tillögu um nefndaskipun á þjóðfundi og aðra vinnutilhögun.

6. gr.

Forsætisráðherra skal leggja fyrir þjóðfund skýrslu um störf og tillögur nefnda sem unnið hafa að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því að hún var fyrst sett.

7. gr.

Þjóðfundur skal haldinn í húsakynnum Alþingis og skulu starfsmenn Alþingis vera starfsmenn þjóðfundar. Heimilt skal að ráða til starfa, meðan þjóðfundur situr, sérfróða menn um einstaka þætti stjórnarskrárinnar.

Þjóðfundarmenn skulu njóta sömu kjara og alþingismenn frá kjördegi til fundarloka ár hvert.

8. gr.

Er þjóðfundur hefur lokið störfum skal forsætisráðherra leggja ályktun þjóðfundar fyrir Alþingi sem frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Í rúmlega 40 ár hafa nefndir á vegum Alþingis unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar í þeim tilgangi að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Svo virðist sem þingmenn telji sig þar í hlutverki konungs sem á sínum tíma færði þjóðinni frelsisskjal sem rómað er í ljóðum. Í þessari afstöðu þingmanna og flokksforingja felst gróf lítilsvirðing á hugmyndum upplýsts fólks um uppruna valds og hlutverk þjóðkjörinna þinga í nútímanum. Það er augljóslega ekki hlutverk Alþingis að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Það er þjóðin sjálf sem á að setja sér stjórnarskrá. Með henni ákveður hún hvers konar stjórnarfar hún vill og hvaða grundvallarreglur eigi að gilda í samfélaginu. Á sama hátt og það er hlutverk Alþingis að setja þegnunum almennar leikreglur er það hlutverk þegnanna að setja Alþingi leikreglur. Þetta gerir þjóðin með því að kjósa til sérstaks stjórnlagaþings sem hefur einungis það hlutverk að setja saman stjórnarskrá, ekki í samræmi við skammtíma hagsmuni stjórnmálaflokka eða vilja flokksforingja heldur í takt við vilja þjóðarinnar sjálfrar.

Sú venja að fjalla um stjórnarskrá hérlendis sem innanhússmál stjórnmálaflokka er vond og lýðræðinu beinlínis fjandsamleg við okkar aðstæður. Stjórnarskrá er ekki ætlað að tryggja tilveru eða hagsmuni stjórnmálaflokka, heldur réttindi, tilveru og hagsmuni þegnanna. Fólk á heimtingu á því að segja álit sitt á stjórnarskránni og fyrirhuguðum breytingum á henni með beinni og ótvíræðari hætti en í almennum þingkosningum þar sem eins víst er að það henti ekki frambjóðendum að gefa kjósendum nokkurra kosta völ. Alþingismenn hafa ekkert umboð til þess að semja sín á milli um breytingar á stjórnarskránni án þess að þjóðinni gefist kostur á að láta álit sitt í ljós á ótvíræðan hátt. Stjórnmálaflokkar verða alltaf til, margir eða fáir, stórir eða smáir, sem farvegir skoðana og vettvangur stjórnmálastarfs af ýmsu tagi. Það er óréttlátt að miða stjórnarskrá við að halda óbreyttu ástandi og breyta henni til þess eins að framlengja líf stjórnmálaflokka. Alþingi hefur í fjóra áratugi reynt að afgreiða nýja stjórnarsrká og enn sem komið er hefur ekki tekist að ná samkomulagi um aðrar breytingar en þær sem snerta skammtíma hagsmuni stjórnmálaflokka. Slíkt má ekki viðgangast.

Stjórnlagaþing — þjóðfundur.

Bandalag jafnaðarmanna var stofnað um róttækar breytingar á stjórnskipun íslenska lýðveldisins. Það samræmist engan veginn skoðunum Bandalagsins að samið sé um framgang þessara stefnumála í formannaklúbbi á Alþingi, í stjórnarmyndunarviðræðum eða annars staðar. Bandalagið leggur áherslu á að þjóðin fái að gera það sem átti að gera fyrir 40 árum, þ. e. að ákveða stjórnskipun og grundvallarreglur hins nýja lýðveldis. Það er ljóst að meðal alþingismanna er takmarkaður áhugi fyrir róttækum breytingum á stjórnskipuninni, en vilji þjóðarinnar hefur hins vegar aldrei verið kannaður á ótvíræðan hátt. Þess vegna er lagt til að kvatt verði saman stjórnlagaþing sem hafi það hlutverk eitt að setja saman nýja stjórnarskrá til þess að leggja fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvörp um sama efni hafa áður komið fram, bæði á Alþingi og eins í stjórnarskrárnefnd, en ekki fengið afgreiðslu.

1. gr. skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Fjölda þjóðfundarfulltrúa má ákveða á ýmsum forsendum. Hér er tekið mið af aðstæðum í þinghúsinu.

Rétt þykir að forsætisráðherra, í svo víðtæku samráði sem hann kýs, sjái um undirbúning kosninga til þjóðfundar, svo og að jafna niður fjölda þingmanna í kjördæmum þannig að því markmiði greinarinnar að jafna atkvæðisréttinn verði náð.

Um 3. gr.

Skynsamlegt virðist að kosningar til þjóðfundar fari fram samtímis sveitarstjórnarkosningum.

Um 4. gr.

Ljóst er að fundinum er ætlað allmikið starf. Það er því hyggilegt að hann setji sér í upphafi vinnuáætlun, t. d. hvaða ár fjallað verði um einstaka kafla stjórnarskrárinnar.

Augljóslega er allmikillar umræðu þörf um aðgreiningu valdþáttanna þriggja, kjördæmaskiptingu, dómsmál og réttarfar, svo að eitthvað sé nefnt. Í ljósi þess hve lengi þessi umræða hefur staðið hlýtur að verða að ætla fundinum ríflegan tíma til að ljúka störfum.

Um 5. gr.

Það er eðlilegt, bæði með hliðsjón af frumkvæðisrétti Alþingis til stjórnarskrárbreytingar og einnig til að treysta tengsl Alþingis og þjóðfundar að hafa þann hátt á að forseti sameinaðs Alþingis stýri fundum þjóðfundar.

Aðrar greinar frumvarpsins skýra sig sjálfar.

Fylgiskjal.

Fyrri hluta ársins 1983 birtist í DV greinaflokkur sem nefndist **Um stjórnskipun og stjórnarskrá.** Greinarnar voru birtar undir höfundarheitinu **Lýður,** en að skrifunum stóðu Halldór Guðjónsson, Jónas Gíslason, Páll Skúlason, Vilhjálmur Árnason, Sigurður Líndal og Þórður Kristinsson.

I. grein:
AÐ RÆÐA STJÓRNARSKRÁ
(28. mars 1983.)

Kveikjan.

Í þeim greinum sem fylgja þessari á næstu vikum er ætlunin að ræða stjórnarskrármál almennt. Kveikja þessarar tilraunar er sú að fram er komið frumvarp á Alþingi að nýrri stjórnarskrá þjóðarinnar, en slíka atburði er ekki unnt að sitja af sér með þögninni. Reyndar hefur Stjórnarskráin 1944 verið lengi í endurskoðun og er frumvarpið niðurstaða hennar. En ljóst er hins vegar að ærin ástæða er til að vekja máls á fjölmörgum efnisatriðum er snerta stjórnarskrársmíði og reyndar samfélagið allt; efnisatriðum sem ekki er unnt að sleppa í umræðu um stjórnarskrá.

Þegar hugað er að stjórnarskrá þjóðar skiptir öllu máli hvernig þjóðin vill lifa lífi sínu. Og það sem einkum ætti að gera henni lífið þess virði að lifa því er hún sjálf; leikreglurnar skráir hún í stjórnarskrá. Þess vegna er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað hér er um að ræða og að leitast við að finna svör við þeim spurningum er skipta máli: Hvað er stjórnarskrá og til hvers er hún? Hvert er eða á að vera efni hennar? Hvernig viljum við sem þjóð haga sameiginlegum málum okkar?

Ekki einkamál.

Umræða um stjórnarskrá er ekkert einangrað efni, hún snertir alla þætti þjóðlífsins, en ekki einungis svonefnd „bráðabirgðalög“ eða það sem menn kalla „kjördæmamál“ — svo dæmi séu tekin. Hún er ekki einkamál þingmanna og á aldrei að vera tilefni

hagsmunatogstreitu stjórnmálaflokka. Ráðamenn flokkanna eiga ekki þjóðina og hafa engan siðferðilegan rétt til að versla með sameiginleg mál hennar sem væru þau séreign þeirra. Þegar rætt er um breytingar eða nýsmíði stjórnarskrár, verður að huga að efnisatriðum og spyrja spurninga um eðli þeirra og tilgang. Og auk spurninga um eðli stjórnarskrár ber að gaumgæfa fjölmörg tengd atriði sem beinlínis leiðir af svörum við þeim spurningum. Íhuga verður hvað ríki er og síðan hvers konar ríki það er sem við viljum búa okkur. Hvaða ástæður liggja að baki endurskoðun Stjórnarskrárinnar 1944? Hvert er eðli þeirra galla er menn þykjast finna á henni? Og hverjar eru nýjungarnar? Og hvað býr að baki nýjungum og breytingum?

Stjórnarskráin 1944 og það sem við getum kallað uppkastið 1983, greinast efnislega í svipaða þætti: Fyrst kemur yfirlýsing um að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og að valdið sé þrískipt. Þetta er forsendan sem byggt er á; efni beggja skránna er að öðru leyti nánari útfærsla forsendunnar. Í öðrum kafla eru ákvæði um hlutverk forseta og kjör. Í hinum þriðja og fjórða reglur sem lúta að hlutverki Alþingis og kjöri til þess. Þá koma í fimmta kafla ákvæði um dómsvaldið og í hinum sjötta um þjóðkirkjuna og sveitarfélög. Loks eru kaflar um friðhelgi einkalífs, borgarlega réttindi, mannréttindi og siðaboð ýmis.

Það sem einkum ber á milli Stjórnarskrárinnar 1944 og uppkastsins 1983 eru ólíkar áherslur á einstök atriði og verður rætt um þær síðar í þessum greinum. Hins vegar er vert að geta þess þegar að stjórnmálastarfsemi ber keim af þeirri stjórnarskrá sem um hana er sett og að því leyti hefur vaxið misræmi á milli stjórnhátta og stjórnmála. En það sem vekur athygli er að þeir ágallar sem birtast í stjórnmálastarfinu og í stjórnsýslunni — og eiga sér rætur í Stjórnarskránni 1944 — eru að miklu leyti látnir óáreittir í uppkastinu 1983.

Ríkið á villigötum.

Í þessu sambandi ber meðal annars að huga að réttmæti gildandi verkaskiptingar á milli hinna ýmsu valdsþátta ríkisins, en hún virðist einmitt mjög á reiki. Eru t. d. þeir er fara með löggjafar- og framkvæmdavald á réttri braut í starfsháttum? Hafa þeir reynst vel? Ljóst er að umsvif ríkisins eru gífurleg og hljóta því að krefjast réttlætingar, einkum þar eð sú stjórnskipan, sem myndar ramma um stjórnmálastarfsemina, hefur leitt til þess að ríkið birtist í senn sem ágengt og vanmáttugt ferlíki. Og það hefur gert villur sem enginn er kallaður til ábyrgðar á. Af þeim sökum gerir þjóðin sér óljósari grein fyrir eiginlegu eðli og hlutverki ríkisins. Hinn svonefndi almenni borgari lítur það einatt sem óvin sem beri að klekkja á eða komast undan; stjórnmálamenn líta það hins vegar tíðum sem eins konar tæki til að vasast með hvers kyns hagsmuni í nafni heildarinnar — og með því að skýla sér á bak við það drepa þeir allri ábyrgð á dreif. Þessar ranghugmyndir um ríkið virðast jafnvel ganga svo langt að það birtist nánast sem útlendingur gagnvart þjóðinni. En þessu verður trauðla breytt nema með breyttum stjórnháttum og hugsunarhætti.

Sú stjórnskipan, sem nú er við lýði, er ekkert náttúrulögmál, langt í frá. Stundlegir hagsmunir og þrætur mega ekki ráða ferð okkar í þessu máli né öðrum. Það sem hér er um að tefla er framtíð þjóðarinnar — og leiðarljósið verður að felast í svari við spurningunni um það hvað sé besti kosturinn fyrir þjóðina. Hvaða stjórnhættir eru mögulegir og æskilegir? Og öllu öðru fremur: Hver eru tengsl þjóðar og ríkis? Um þessa síðari spurningu verður fjallað í næstu grein.

II. grein:
RÍKIÐ OG ÞJÓÐIN
(5. apríl 1983.)

Í I. greininni að „tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ stendur: „Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.

Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.

Stjórnvöld fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.“

Ríki sem lýðveldi.

Hvað felst í þessum staðhæfingum? Í grófum dráttum virðist það vera eftirfarandi:

1) Að þeir sem byggja Ísland — Íslendingar eða íslenska þjóðin — lýsi því yfir að þeir myndi ríki sem er lýðveldi.

Síðan segir í athugasemd með greininni að orðunum „frjálst og fullvalda“ sé bætt við „af augljósum ástæðum“ frá því sem segir í stjórnarskránni frá 1944. Þetta er léttvæg athugasemd því að af enn augljósari ástæðum má segja að þessum orðum sé ofaukið: Það felst í hugmyndinni um ríki sem lýðveldi að það er „frjálst og fullvalda“, þ. e. a. s. ekki öðrum ríkjum háð varðandi ákvarðanir um mál sín. Hitt er svo annað mál að í reynd eru ríki heimsins ævinlega hvert öðru háð um ótal einstakar ákvarðanir um eigin málefni. Með orðunum „frjálst og fullvalda“ er kannski á óbeinan hátt verið að minna á þessa staðreynd að við erum ekki og verðum aldrei algerlega sjálfstætt ríki.

2) Að þeir sem byggja Ísland vilji láta lýðræði, þingræði og jafnrétti gilda í öllum sínum stjórnmálum.

Þetta eru stór orð sem bersýnilega kalla á ítarlegar skýringar því að leggja má mismunandi skilning í þau. Auk þess er engan veginn ljóst hvernig tengslin milli þessara reglna — lýðræðis, þingræðis og jafnréttis — eru yfirleitt hugsuð. Ef þetta eiga að vera meira en falleg, innantóm orð, þarf að skýra málið nánar. Verður rætt um þetta í síðari greinum.

3) Síðustu setningu þessarar fyrstu greinar virðist eðlilegast að skilja sem nánari útfærslu á lýðveldishugmyndinni og lýðræðisreglunni, þ. e. að stjórnvöld ríkisins sæki vald sitt til þjóðarinnar — til þeirra sem mynda ríkið.

Ríki og þjóð.

Hér er komið að hinu mikilvægasta máli sem rætt verður um í framhaldi þessarar greinar: Hvernig myndar þjóð ríki? Og hvernig má tryggt vera að handhafar ríkisvaldsins sæki vald sitt til þjóðarinnar.

Þessar spurningar snúast um það sama — þ. e. tengsl ríkis og þjóðar — frá tveimur sjónarmiðum. Annars vegar er spurt hvernig þjóð mótar með sér ákveðna stjórnskipun og hins vegar hvernig tryggt sé að starfsemin, sem fram fer eftir þessari stjórnskipun, sé í samræmi við það sem þjóðin vill.

Tengsl ríkis og þjóðar þarf að skoða frá báðum þessum sjónarmiðum, en fyrst skulum við leiða hugann að spurningunni: Hvernig myndar þjóð ríki? Í næstu grein mun ég ræða um hina hlið málsins.

Sögulega séð er ekki til neitt einfalt eða einhlítt svar við spuringunni hvernig þjóðir mynda ríki. Þjóðir heimsins hafa myndað ríki með ýmsum og ólíkum hætti í sögunnar rás, stundum tvær eða fleiri saman, stundum einar sér, og eftir mjög frábrugðnum leiðum. Þó má merkja tvö megineinkenni á ríkismyndunum. Fyrra megineinkennið er að tilraunum til ríkismyndunar virðist ævinlega fylgja barátta tiltekinna ætta, höfðingja eða stétta til að styrkja hagsmuni sína. Baráttunni hefur síðan lyktað ýmist með því að samkomulag náðist eða að annar aðilinn (eða margir) varð að láta í minni pokann, lúta hinum eða fara af landi

brott. Þetta einkenni kemur mjög skýrt fram nú á dögum í þeim löndum þar sem þjóðirnar hafa ekki áður deilt sameiginlegri stjórnskipun en eru í þann mund að mynda ríki.

En tilraunir til ríkismyndunar hafa jafnframt annað einkenni til að bera sem er í sjálfu sér miklu jákvæðara. Þeim er ætlað að styrkja þjóð eða þjóðir sem eina heild andspænis annarri þjóð eða þjóðum, auka velmegun og hagsæld. Ríkið á að efla og tryggja farsæld þegna sinna, þ. e. þjóðarinnar eða þjóðanna sem mynda það. Það á að standa vörð um þá hagsmuni og þau verðmæti sem viðkomandi þjóð eða þjóðir leggja mesta áherslu á.

Þessi tvö megineinkenni við mótun ríkisins, sem hér eru nefnd, skírskota til þjóðarinnar með tvennum hætti:

Annars vegar er þjóð eining sinnar tegundar, afmarkaður hópur manna sem deilir sameiginlegu landi, sameiginlegri tungu, menningu og sögu og á því augljóslega vissra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Frá þessu sjónarmiði er ljóst að ríkið er viðleitni þjóðar til að tryggja innri samheldni sína og ytra öryggi sitt.

Hins vegar er þjóð fjarri því að vera sameinaður hópur, hún er þvert á móti ákaflega sundurgreind heild og virðist einu gilda hvort hún er fjölmenn eða fámenn; hjá fámennri þjóð kann þessi sundurgreining (ef ekki sundurþykkja) að koma skýrar fram en hjá fjölmennari þjóðum þar sem sérkennin eru duldari eða svo mörg að þau fá ekki notið sín. Frá þessu sjónarmiði er augljóst að mótun ríkis verður barátta milli ólíkra hópa, stétta, ætta eða höfðingja.

Lýðræðisreglan og einingin.

Það hefur löngum verið eitt helsta keppikefli þjóða, sem hafa viljað móta ríki eða efla ríki sitt, að draga úr þeim óæskilegu áhrifum sem sundurgreining og valdabarátta hafa í för með sér við mótun ríkis. Segja má að lýðræðisreglan sé einmitt merkilegasta tilraunin til þess að móta ríkið á grundvelli einingar þjóðarinnar eða lýðsins og til þess að stilla valdabaráttu manna í hóf, þ. e. til að koma í veg fyrir að sundurgreiningin og sundurþykkjan fái að setja svip sinn á mótun og rekstur ríkisins. Þess vegna var þeirri aðferð beitt um skeið meðal Grikkja, sem mótuðu lýðræðisregluna, að varpa hlutkesti um það hverjir skyldu sitja í ráðum og stjórnum. Kosturinn við þessa aðferð er sá að gera miklu fleiri en ella virka við ákvarðanir sem varða þjóðina alla. En á því hvílir einmitt lýðræðið.

Lýðræðið er reist á þessu: Þjóðin sjálf, lýðurinn, skipar þá aðila sem skulu gæta sameiginlegra hagsmuna og fara með sameiginleg mál lýðsins; þeir sem kosnir eru eða valdir til að sitja í ráðum, á þingum eða í stjórnum á vegum ríkisins eru því þjónar þjóðarinnar og starfa í umboði hennar.

Í næstu grein verður því rætt um þá leið sem á að tryggja, eftir því sem við verður komið, að handhafar valds lúti vilja þjóðarinnar. Þessi leið hefur verið kennd við svonefnd réttarríki, þ. e. að stjórnað sé með lögum, ekki eftir geðþótta manna.

Að því búnu mun ég huga að rótum réttarreglna í vitund og starfi þjóðarinnar, þ. e. hvers konar grundvallarreglur það eru sem þjóð kýs að stjórnað sé eftir.

Þessar greinar verða ósögulegar og því mun ég í fjórðu greininni huga að sögulegum rótum stjórnskipunar og stjórnarskrárreglna.

III. grein:
RÉTTARRÍKIÐ
(25. apríl 1983.)

Grundvöllur þess að menn telja vert að setja ríki stjórnarskrá er sú hugmynd að unnt sé og æskilegt að skipa málum ríkisins með lögum, þ. e. að setja megi og setja eigi fastar og opinberar reglur sem gera annars vegar kleift að úrskurða hin erfiðustu deilumál manna og ráði hins vegar aðgerðum og umsvifum í þágu samfélagsheildarinnar. Þessi hugmynd um

réttarríkið, ríki þar sem lög stjórna en ekki menn, er svo samgróin öllu sem vestrænir menn hugsa um stjórnskipan að erfitt er að ímynda sér nokkra aðra skipan mála. Að vísu er ljóst að andstaðan við réttarlega skipan er bein beiting valds, stjórn tiltekinna manna eftir geðþótta og án hömlu, en óhugsandi virðist að slík skipan geti staðið lengi eða náð til nema tiltölulega lítils hóps. Jafnvel ríki sem reisa stjórnun á beinu valdi verða að koma sér upp lögum, gera þau opinber og halda þeim nokkuð stöðugum. Þegar slíkt ríki hefur þroskast með þessum hætti er ekkert sem formlega greinir það frá réttarríkinu. Af þessu má sjá að hugmyndin um hið formlega réttarríki felur ekki í sér neina vísbendingu um það hvernig hin föstu og opinberu lög eiga að vera.

Lögin og stjórnarskráin.

Þótt hugmyndin um réttarríki bindi þannig ekki tiltekna efnislega skipan stjórnar og samfélagslífs bendir hún þó til tveggja mikilvægra atriða sem huga verður að við stjórnarskrársmíði. Í fyrsta lagi það að lögin eru frumatriði í allri skipan samfélagsins og stjórn þess. En í öðru lagi að lögin sjálf og þær hugmyndir sem í þeim verða skráð nægja ekki til að tryggja æskilega og skynsamlega skipan; lögin verða að vera reist á og vísa til hugmynda, mælikvarða, siða og afstöðu sem ekki verða bundin í lögunum sjálfum. Lagasetning er þannig ekki þess eðlis að henni verði lokið í eitt skipti fyrir öll. Og ber tvennt til. Annars vegar það að mælikvarðarnir, sem standa ofar lögunum en verða ekki til fullnustu bundnir í þeim, breytast. Hins vegar að ævinlega koma upp ný efnisatriði og nýir samskiptahættir sem koma verður fastri og opinberri reglu á. Stjónarskrárgerð er tilraun til að festa almennustu, víðfeðmustu, mikilvægustu og mikilsverðustu þætti löggjafarinnar þannig að innan ramma stjórnarskrárinnar megi með almennri lagasetningu bregðast við breytilegum áherslum og aðstæðum.

Til þess að stjórnarskrá geti verið þannig fastur rammi um breytilega löggjöf, er ljóst að í henni megi ekki vera ákvæði um efni sem eru undirorpin öðrum breytingum, hvort heldur það er vegna þess að afstaða manna til þeirra breytist eða vegna þess að efnisatriði og aðstæður breytast. Eina vonin til þess að stjórnarskrá geti verið stöðugur og fastur rammi um almenna og oft breytilega löggjöf er því sú að stjórnarskráin sé eins knöpp og almenn og kostur er, en taki þau fáu og almennu atriði sem hún fjallar um föstum og ákveðnum tökum. Af þessu er meðal annars ljóst að óvænlegt er að miða gerð stjórnarskrár mjög nákvæmlega við aðstæður, viðhorf og hagsmuni sem eru ríkjandi þegar stjórnarskráin er sett.

Löggjafinn og stjórnarskráin.

Þetta felur það í sér að þess er ekki að vænta að hinn almenni löggjafi setji vænlega (góða) stjórnarskrá. Hann á meðal annars að taka náið tillit til samtímaaðstæðna og tímabundinna hagsmuna. Ef hinn almenni löggjafi er kosinn almennri lýðkosningu hlýtur athygli hans að mótast af þessum brýnu en hversdagslegu málefnum. Það eru þessi málefni sem líklegust eru til að hafa áhrif á kjósendur. Til að tryggja sér fylgi hljóta þingmenn því að helga sig þessum málum fyrst og fremst. Hversu mikilvæg og brýn sem þessi úrlausnarefni kunna að vera þá eiga þau ekki erindi í mótun stjórnarskrárinnar, vegna þess að þau eru samtímaleg og tímabundin. Hugmyndir og hugarfar sem einkum mótast af þessum viðfangsefnum eiga þá ekki heldur erindi í mótun stjórnarskrárinnar.

Það er enn annað sem veldur því að hinn almenni löggjafi er ekki líklegur til að setja góða stjórnarskrá og að hver sú stjórnarskrá sem hann setur verður tortryggileg. Löggjafinn á að starfa undir ákvæðum stjórnarskrárinnar og leita samræmis við hana í öllum gerðum sínum. Af þessum sökum á hann sjálfur mestra hagsmuna að gæta í mótun stjórnarskrárinnar. Hann verður því, ef hann setur stjórnarskrána sjálfur, dómari í eigin sök. Því blasir við honum sú freisting að haga stjórnarskránni sjálfum sér í hag, og setja sig, meðlimi sína,

hagsmuni sína og hagsmuni þeirra ofar lögum og hugmyndum og hugsjónum sem að baki þeim búa. Slík aðstaða gengur greinilega gegn hugmyndum manna um réttarríki.

Þessar almennu athugasemdir benda þegar á heildargalla á stjórnarskránni 1944, á breytingunum sem nú er í ráði að gera á henni og á aðferðunum sem notaðar hafa verið við að ná tillögunum um breytinguna fram. Um ýmsa þessara ágalla verður fjallað ítarlegar síðar í þessum greinum, en hér er látið nægja að drepa aðeins á nokkur almenn atriði, sem nánast tengjast því sem þegar hefur verið sagt í þessari grein.

Núverandi staða.

Í fyrsta lagi er stjórnarskráin 1944 ekki virkur heildarrammi um samfélagslíf okkar, bæði vegna þess að ákvæði hennar virðast ekki skipta máli og vegna þess að í hana virðist skorta ákvæði er gætu skipt máli. Mikilsverðustu ágreiningsmál og álitamál í stjórnmálalífi okkar virðast þannig vera utan ramma stjórnarskrárinnar. Gleggsta dæmið um þetta eru bráðabirgðalög.

Í öðru lagi er stjórnarskráin ekki nógu föst og stöðug eins og gleggst má sjá af því að í henni eru ákvæði um búsetuskiptingu á landinu. Það er einmitt þessi nákvæmni ákvæða stjórnarskrárinnar sem nú er gerð að tilefni til að breyta henni.

Í þriðja lagi er hvatinn til þess að breyta stjórnarskránni nú einkum sá að koma fyrir innan hennar eða með henni nákvæmlega tilteknum og tímabundnum hagsmunum; þ. e. hagsmunum landshluta og stjórnmálaflokka. Hér eru hagsmunir líðandi stundar látnir móta það hvernig taka megi hagsmuni saman í óvissri framtíð.

Í fjórða lagi hefur löggjafinn, mennirnir sem hana skipa og flokkarnir sem að honum standa í tillögum sínum um breytingar fyrst og fremst hugsað um eigin hag. Það sem greinilega skiptir mestu máli í umræðum stjórnmálamanna um kjördæmamálið er að þeir og flokkarnir vilja tryggja núverandi aðstöðu sína. Með þessu er hversdagsleg stjórnmálabaráttа, sem á að lúta stjórnarskránni, sett ofar henni.

IV. grein:
ÞÖRFIN Á STJÓRNARSKRÁ
(2. maí 1983.)

Ef litið er til sögunnar er ljóst að stjórnarskrá sérhverrar þjóðar leggur þær línur sem stjórna á eftir, m. ö. o. kveður hún á um þá stjórnhætti, sem taldir eru best hæfa þjóðinni — hún geymir þær reglur sem allar aðrar reglur samfélagsins miðast við. Hún er undirstaðan; hin röklega forsenda sem gengið er út frá.

Spurning: Hvaða stjórnhættir hæfa þjóð best? Svar við þessari spurningu er ekki eitt fyrir allar þjóðir, heldur eitt fyrir hverja um sig að öllu jöfnu — og ræður ýmislegt svarinu. Hver eða hverjir eru það sem taka sér fyrir hendur að semja stjórnarskrá og hvert er takmark hans eða þeirra? Er hún gerð af fúsum og frjálsum vilja allrar þjóðar? Af valdaaðilum til að tryggja eigin hagsmuni? Með vilja þjóðar, en af hópi manna sem ekki bera hag allrar þjóðar fyrir brjósti? Eða á einhvern annan hátt? — Allar þessar spurningar eru siðferðilegs eðlis.

Þjóðin setur sér reglur.

Unnt er að halda því fram að stjórnarskrá eigi að lýsa almennt viðurkenndum stjórnunarháttum eða stjórnskipan þjóðar sem mótast hafa sögulega. Í lýðræðissamfélagi felur svarið í sér, í víðum skilningi, að þjóð vilji lúta tilteknum reglum sem hún setur sér sjálf og sem kveða á um tiltekin réttindi hvers og eins og með hvaða hætti samfélaginu sé best stjórnað. Í stjórnarskrá lýðræðisríkis eru þá settar þær reglur um réttindi manna og skyldur

sem telja verður að eigi að komast næst því að allir séu sammála um. Menn eru ekki að afsala sér réttindum í hendur þriðja aðilja, þeir eru að sammælast um reglur sem eiga að tryggja rétt allra — og reglur sem þeir telja að beri að viðhafa svo að samfélaginu sé sem „best" stjórnað út frá „hagsmunum" allra manna samfélagsins. Ef hins vegar er um einveldi að ræða — eða einhverja aðra mynd fámennisstjórna — felur svar við spurningunni í sér að líklegast er að stjórnarskrá sé ekki samin með hag þjóðar að leiðarljósi, heldur ráði sérhagsmunir þess er setur hana. Í slíku tilviki er stjórnarskrá sett þjóðinni af einhverjum öðrum en henni sjálfri. Þjóðin er þá ekki að sammælast um eitt eða neitt, henni eru settir kostir, sem hún verður að lúta — væntanlega í krafti valds sem tíðum styðst við ofbeldi. Í skilningi lýðveldisins er hún að afsala sér réttindum í hendur þriðja aðilja. Afsal af þessu tagi getur einnig orðið með þjóð, sem kennir sig við lýðræði, eins og ég vék að í hugvekjunni um réttarríkið; þegar smáir eða stórir hagsmunaaðiljar laga stjórnarskrána eftir þröngum sérhagsmunum sem þeir vitandi eða óafvitandi sjá ekki út yfir. En þá getur þjóðin sjálfri sér um kennt, því að lýðrétturinn á einmitt að koma í veg fyrir að slík brot séu framin gegn henni. Hún hefur þennan rétt og verður mikilvægi hans seint nægilega ítrekað. Þjóð má aldrei láta það henda sig að sofa hann af sér.

Málfræði stjórnmálanna.

Þörf þjóðar fyrir stjórnarskrá er að ýmsu leyti hliðstæð þörf tungumáls fyrir málfræði. Tungumál lýtur kerfi reglna um það hvernig á að beita því; slíkt kerfi kallast málfræði. Mikilvægur hæfileiki mannsins, og sá er greinir hann hvað skýrast frá öðrum skepnum, er að hann getur sett reglur og farið eftir þeim; og hann getur brotið þessar reglur. Menn geta talað tungumál án þess endilega að geta vitnað beint til reglnanna, sem þeir fara eftir, þ. e. talið þær upp eða rakið þær. Málið er þeim eðlilegt til að koma hugsun sinni á framfæri, sem er forsenda mannlegra samskipta, verða þeir að lúta ákveðnum reglum um skipan setninga o. s. frv.

Það er einkum tvennt sem er mikilvægt í þessu samhengi: Málfræði kemur til sögunnar eftir að málið er orðið til, hún er nauðsynleg leið til að varðveita málið, verja það breytingum; m. ö. o. er hún umgerð, sem verður að vera, ef málið á ekki smám saman að týnast. Og það sem ef til vill er mikilvægara í samlíkingunni við stjórnarskrá er að málfræði einnar tungu gegnir því hlutverki að skera úr um hvern þann ágreining sem upp kann að koma um beitingu málsins. Hún gerir grein fyrir réttri og rangri beitingu þess og er leiðbeinandi um það hvað er gott mál og vont, hún bindur ekki efni málsins, né útilokar breytingar á því. Málfræði er málinu eins og stjórnarskrá stjórnmálunum í víðri merkingu; engum rétti er afsalað, heldur er sammælst um að hlýða reglum. Í málfræði birtist almennt samkomulag um það hvernig tala á málið — í stjórnarskrá á að koma fram almennt samkomulag um það hvernig stjórna beri samfélagi. Og á sama hátt og mál heldur áfram að lifa lítið breytt vegna þess að það lýtur tilteknum reglum, þá heldur lýðræðislegt samfélag áfram að vera til einungis ef í gildi eru almennt viðurkenndar undirstöðureglur um athafnir manna innan þess.

Stjórnhættir og stjórnmál.

Stjórnarskrá kveður á um stjórnhætti samfélags; stjórnmál eru iðkuð innan ramma stjórnháttanna. Þessi greinarmunur er mikilvægur í þeim skilningi að stjórnarskrá setur stjórnmálum leikreglur — stjórnhættina; allar gerðir stjórnmálamanna eiga að miðast við þær reglur sem stjórnarskráin kveður á um.

Brot á reglum stjórnarskrárinnar er brot á stjórnháttum þeim er þjóð hefur sammælst um að miða við; slíkt brot er því brot gegn þjóðinni. Í lýðræðisríki er starf stjórnmálamannsins einkum það að fara með tvenns konar vald eftir fyrirmælum stjórnar-

skrár; löggjafarvald og framkvæmdarvald. Dómsvaldið og stjórnmálastarfsemi er hins vegar tvennt, en eins og stjórnmálin er dómsvaldið iðkað innan ramma stjórnháttanna; rót þess býr í stjórnarskránni og þar er kveðið á um hlutverk þess og takmörk. Brjóti iðkendur stjórnmálanna þær stjórnskipunarreglur, sem kveðið er á um í stjórnarskrá, kemur til kasta dómsvaldsins að dæma hinn brotlega — eftir þeim viðmiðunarreglum sem því eru sett í stjórnarskrá. Um nánara hlutverk og takmörk hinna einstöku valdsþátta verður rætt síðar.

Við sjáum að stjórnarskrá lýðræðisríkis er ekkert einnar nætur tjald. Henni er ætlað að lýsa veigamiklum þáttum í hugarfari, lífsskoðunum og markmiðum þjóðar; hver hún telur meginréttindi sín og skyldur; hvernig hún telur sig best mega búa í sátt og samlyndi og með hvaða hætti samstjórn sé best borgið; m. ö. o. vitnar hún um það á hvern veg þjóð vill lifa lífi sínu sem þjóð. Ljóst er að við verðum að gera okkur grein fyrir efninu ef við viljum ræða það af einhverju viti. En ýmislegt virðist einmitt skorta á að iðkendur stjórnmálanna kunni yfirleitt að ræða um þau efni sem þeir telja sig þó vera að fjalla um. Umræðan um stjórnarskrá verður að hæfa efninu, hún verður að vera hafin yfir vettvang dagsins og þá togstreitu um vindinn sem einkennir málatilbúnað stjórnmálamanna. Sú togstreita hefur þegar orðið okkur of dýrkeypt. Menn verða að gera sér ljóst að stjórnarskrá þjóðar — og reyndar öll málefni er snerta samfélagið í heild — er ekki tæki til vísvitaðra breytinga, ekki kaupslag á torgi hégómans.

V. grein:
UPPRUNI STJÓRNARSKRÁA
(9. maí 1983.)

Stjórnarskrár og handfestur miðalda.

Stjórnarskrá kallast lög sem geyma meginákvæði um stjórnskipan ríkis. Í lýðræðisríki gilda sérstakar reglur um setningu þeirra sem miða að því að betur sé til vandað en almennra laga, enda er stjórnarskrárákvæðum ætlað varanlegt gildi. Efni flestra stjórnarskráa lýtur einkum að tvennu: Stjórnskipulagi ríkisins og afstöðu einstaklinga til samfélagsins. Annars er það nokkuð breytilegt meðal þjóða heims, hvaða reglum er skipað í stjórnarskrá. Þetta ræðst meðal annars af hefð, venju og sérstöku sögulegu tilefni.

Ekki eru allar reglur um íslenska stjórnskipan í stjórnarskránni. Sumar eru í almennum lögum, t. d. helstu ákvæðin um dómstóla og sveitarfélög, aðrar eru reistar á venju og enn aðrar teljast til óskráðra grundvallarreglna sem ætla má að sé almenn samstaða um.

Stjórnarskrár í nútímaskilningi eiga rætur að rekja til miðalda. Þá var almennt litið svo á að lögin sameinuðu landsfólkið í félagsskap af ýmsu tagi: Gildi, þorp og önnur sveitarfélög, bæi og svo samfélög sem náðu yfir víðáttumikil svæði og lutu konungi. Hin síðastnefndu eru einna helst sambærileg við ríki nútímans. Lögin voru innbyrðis ólík eftir því hvar menn bjuggu og hver þjóðfélagsstaða þeirra var, en annars var litið á þau sem forna óhagganlega venju sem öllum væri skylt að hlíta, jafnt valdamönnum sem almúga. Við konungstekju var á þetta minnt með því að konungur hét að virða hin fornu landslög. Nú var reyndar oft óljóst hvers efnis einstök ákvæði voru — meðal annars vegna vandkvæða á að varðveita lögin óbrengluð. Því var smám saman aukið við loforðum konunga um ákveðin efni eftir því sem tilefni gafst. Af þessu varð til sú venja að konungar og þegnar gerðu með sér gagnkvæma sáttmála sem oft eru kallaðir handfestar.

Athygli vekur að þar er sjaldan eða ekki að finna almennt orðaðar yfirlýsingar um réttindi lýðsins heldur tóku menn á sig afmarkaðar **skyldur** — bæði þegnar og þeir sem völdin höfðu. Hér er ekki gert ráð fyrir neinu alvalda ríki heldur því að menn séu frjálsir og sjálfstæðir.

Oftast er málum skipað svo að þegnarnir taka á sig þá skyldu að sýna konungi hollustu og gangast undir tilteknar kvaðir í þágu hans. Konungur skuldbindur sig á móti til að virða

tiltekin réttindi þegnanna. Einkum lutu loforð hans að því að leggja ekki á skatta nema með samþykki oddvita samfélagsins, að halda uppi lögum með því að dæma friðarspilla, að handtaka menn ekki að geðþótta og fleira þessu áþekkt.

Til nánari skýringar er nærtækast að líta á Gamla sáttmála 1262–64 en það er stjórnskipunarplagg í ætt við handfesturnar.

Íslendingar játa konungi „land og þegna“ — eða m. ö. o. hollustu og svo skattgjaldi sem nánar er tiltekið.

Þessi loforð eru bundin þeim skilyrðum að konungur gangist undir ákveðnar skyldur sem taldar eru upp: Að láta landsmenn ná friði og íslenskum lögum, að láta sex skip ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, að gefa upp erfðir í Noregi fyrir íslenskum mönnum o. s. frv.

Gera verður ráð fyrir að konungur hafi gengist undir þessar skyldur þótt heimildir greini ekki frá. En hugsunin bak við sáttmálann er alveg ljós: Báðir aðiljar taka á sig skyldur sem frjálsir menn og sjálfráðir.

Upphaf stjórnarskráa á 17. og 18. öld.

En þegar nálgaðist hámiðaldir tók það viðhorf að ryðja sér til rúms að konungur gæti sett lög að eigin vilja og án samráðs við landsfólkið. Til grundvallar lá sú hugmynd sem rekja má til Rómaréttar að konungur væri alvaldur og óbundinn af lögum. Þessari skoðun óx ásmegin þegar á leið uns hún náði mjög almennri viðurkenningu á 17. og 18. öld þegar einveldisskipan komst á víða í Evrópu.

En andstæðingar einveldis leituðust við að tryggja forn lýðréttindi með því að skrá þau í einn bálk. Enn fremur voru festar á bók þær gundvallarreglur sem þjóðfélagið skyldi almennt lúta. Hér var farið inn á þá braut að bókfesta samfellt regluverk þar sem kveðið væri á um réttarstöðu landsfólksins og stjórnskipan samfélagsins. Með þessu var hafinn nýr áfangi í stjórnskipunarsögunni.

Úr stjórnskipunarsögu Englendinga má nefna plögg eins og þjóðarsamþykktina 1649 (The Agreement of the People) þar sem þess var freistað að skilgreina valdstjórn ríkisins á þeirri forsendu að hún væri öll frá þjóðinni runnin. Var markmiðið með henni að styrkja þingið gegn hernum, jafnframt því sem valdi þess voru settar skorður.

Einnig má benda á að stjórnskipunarlögin 1653 (Instrument of Government) sem oft hafa verið nefnd eina ritaða stjórnarskrá Englendinga. Þar var að verki Oliver Cromwell með stuðningi hersins. Mikilvæg ákvæði þessara stjórnlaga lutu að því að skipta valdi milli einstakra stjórnstofnana og kveða á um hlutverk þeirra og réttarstöðu.

Þessi viðleitni til setningar stjórnlaga spratt einkum af átökum sem urðu milli hers og þings þegar sigrast hafði verið á konungsvaldinu í borgarstyrjöldunum 1642—1649. En ekki hafði þessi viðleitni nein varanleg áhrif á stjórnskipan Englendinga.

Á meginlandinu var hið sama reynt en þau stjórnlög urðu ekki réttindaskrár í anda miðalda, heldur lögðu þau grundvöll að miðstýrðu kerfi sem að lyktum varð stjórntæki einvaldshöfðingja.

Í stjórnmála- og trúarbragðaátökum í Englandi á fyrri hluta 17. aldar tóku minnihlutahópar sig upp og hófu landnám í Norður-Ameríku. Landnemarnir fluttu með sér fornar frelsishugmyndir sem þeir töldu best tryggðar í samfelldum stjórnlögum eins og Englendingar höfðu reynt. Íbúar hinna einstöku nýlenduríkja settu sér því slík lög — stjórnarskrár — þar sem kveðið var á um meginatriði stjórnskipunarinnar og ákvæði sett til að tryggja réttindi þegnanna, einkum gegn alræði löggjafans. Réttindi manna voru þó stundum bókfest í sérstökum réttindaskrám og er sú frægust sem Virginíumenn samþykktu 12. júní 1776. Var hún meðal annars fyrirmynd mannréttindayfirlýsingar Frakka 1789. Stjórnarskrár einstakra nýlenduríkja — og þá ekki síst stjórnarskrá Bandaríkjamanna 1789 urðu síðan fyrirmynd stjórnarskrár Frakka 1791, en eftir henni voru sniðnar flestar stjórnrskrár Evrópu á 19. öld. Þannig skiluðu Bandaríkjamenn Evrópu hinum forna arfi.

Stjórnarskrá Íslands 1874—1944.

Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 var sniðin eftir grundvallarlögum Dana frá 5. júní 1849. Helsta fyrirmynd þeirra var stjórnarskrá Belgíu frá 1831 sem átti rót að rekja til frönsku stjórnarskrárinnar 1791. Þannig á hún rætur í andófi gegn einveldinu á 18. og 19. öld og setur það svipmót á hana. Það var raunar einvaldskonungur sem gaf Íslendingum hana „af frjálsu fullveldi“ án þess að Íslendingar ættu neitt atkvæði um.

Þessari stjórnarskrá var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 16/1903 þegar komið var á heimastjórn, embætti innlends ráðherra stofnað og stjórnarráðið flutt frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Aftur var stjórnarskránni breytt með stjórnskipunarlögum nr. 12/1915 en aðalatriði þeirra breytinga voru rýmkun kosningarréttar – meðal annars það að konur fengu kosningarrétt.

Með sambandslögunum frá 1. desember 1918 varð sú breyting á réttarstöðu Íslands að setja varð nýja stjórnarskrá. Henni — stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9/1920 — var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 22/1934 og nr. 78/1942 sem bæði lutu að lagfæringu á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi. Enn var gerð á henni breyting með stjórnskipunarlögum nr. 97/1942, þar sem heimilað var að gera þær breytingar á stjórnarskránni sem leiddu af sambandsslitum við Dani og stofnun lýðveldis með sérstökum hætti. Var lýðveldisstjórnarskráin sett á grundvelli þessara laga.

Við lýðveldisstofnunina 17. júní 1944 var samþykkt ný stjórnarskrá, nr. 33/1944. Ekki voru aðrar breytingar gerðar á stjórnarskrá konungsríkisins en þær sem beint leiddu af stofnun lýðveldisins. Stjórnarskránni nr. 33/1944 hefur svo verið breytt tvisvar. Með stjórnskipunarlögum nr. 51/1959 þegar nýskipan var gerð á kjördæmum landsins, þeirri sem enn stendur, og stjórnskipunarlögum nr. 9/1968, er kosningaaldur var lækkaður í tuttugu ár og fimm ára búseta felld niður sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

Við svo búið hefur staðið síðan.

VI. grein:
NÁNAR UM UPPRUNA ÍSLENSKU STJÓRNARSKRÁRINNAR
(16. maí 1983.)

Nú þegar umræður fara fram hér á landi um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og breytingar á henni, gætir langmest umræðna um einstök atriði hennar; minna hefur gætt umræðu um heildarinnihald stjórnarskrárinnar. Þessi umræða þarf svo sem ekki að koma mikið á óvart; þegar breytingar hafa verið gerðar á íslensku stjórnarskránni í fortíðinni, hefur umræðan einmitt á sama hátt snúist mest um einstök atriði, einkum um kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Oftast hefur kveðið mest að alþingismönnum og öðrum fulltrúum stjórnmálaflokkanna, sem eiga þar beinna hagsmuna að gæta umfram aðra menn.

Mér virðist þessi umræða öll hafa byrjað á skökkum stað og verið miðuð við rangar forsendur; mér virðist, að nær hefði verið að spyrja um grundvallaratriðin sjálf: Hver er eðlileg skipan íslenskra stjórnlaga? Við hvað þarf hún að miðast? Hvaða atriði skipta þar mestu máli?

Ég hygg vart ofmælt, þótt sagt sé, að grundvallarumræða um skipan íslenskrar stjórnarskrár hafi raunar aldrei farið fram.

Sjónarmið Dana.

Hvernig er stjórnarskrá íslenska lýðveldisins til komin? Að meginstofni til stafar hún frá þeim tíma, þegar Ísland var í ríkjasambandi við Danmörku og Danakonungur fór hér með völd þjóðhöfðingja. Danakonungar höfðu þá um aldir ákveðið stjórnskipan Íslands sem og Danmerkur sjálfrar. Einveldi konungs lauk í Danmörku árið 1849. Hins vegar lauk einveldi

konungs á Íslandi raunverulega ekki fyrr en 1874. Þegar Íslendingar höfnuðu uppkasti Dana að stjórnarskipan fyrir Ísland á þjóðfundinum 1851, framlengdist einveldi konungs hér á landi.

Það var því Danakonungur, sem setti Íslandi stjórnarskrá 1874; við tókum við henni úr konungs hendi. Eins og nærri má geta, var sú stjórnarskrá alls ekki samin út frá íslenskum sjónarmiðum og hagsmunum fyrst og fremst, þótt þar væri tekið nokkurt tillit til ýmissa þeirra atriða, sem deilum höfðu valdið með Íslendingum og Dönum fram að þeim tíma um stöðu Íslands í danska ríkinu. Þessi stjórnarskrá var fyrst og fremst samin út frá dönskum hagsmunum með það fyrir augum að tryggja áframhaldandi samband laganna um ófyrirsjáanlega framtíð. Og grundvallaratriði hennar fjallaði um stöðu konungs sem erfðaþjóðhöfðingja á Íslandi.

Sambandsslit.

Deilur héldu áfram enn um stund með þessum frændþjóðum um samband landanna; þeim deilum lauk fyrst með sambandslögunum 1918, sem ætlað var að gilda næsta aldarfjórðung. Þá voru gerðar þær breytingar einar á íslensku stjórnarskránni, sem nauðsynlegar voru vegna breyttrar stöðu Íslands í danska ríkinu. Nú var um að ræða tvö ríki með sameiginlegan konung.

Vart þarf að efa, að Danir munu margir hafa vonast til, að þarna væri fundin sú lausn á gömlum deilum þjóðanna um stöðu Íslands í danska ríkinu, sem mundi haldast um langa hríð, a. m. k. að því er snerti konungssambandið. Hitt er jafnljóst, að Íslendingar hugðust frá upphafi nota rétt sinn til þess að segja sambandslögunum upp að 25 árum liðnum.

Svo fór sem alkunna er, að sambandi Íslands og Danmerkur var að fullu slitið 1944, þótt þau sambandsslit yrðu með talsvert öðrum hætti en búist hafði verið við. Aðstæður voru þá þannig, að lítill tími gafst til þess að hefja grundvallarumræður um gerð og innihald íslenskrar stjórnarskrár, sem tæki mið af óskum og þörfum þjóðarinnar sjálfrar og miðuð væri við gjörbreyttar aðstæður, m. a. stöðu íslensks þjóðhöfðingja, er forseti kom í stað konungs.

Auðvitað voru breytingar gerðar á íslensku stjórnarskránni, en þær voru aðeins hugsaðar til bráðabirgða, þar til betra tóm gæfist til þess að undirbúa nýja stjórnarskrá frá grunni. Fæstum hefur þá til hugar komið, að þessi umbreytta bráðabirgðastjórnarskrá mundi gilda jafnlengi og raun ber vitni.

Tími til grundvallarumræðu.

Það hlýtur að valda vonbrigðum, að núverandi tillögur um breytingar á íslensku stjórnarskránni eru miðaðar við það í grundvallaratriðum að gera enn breytingar á þeirri stjórnarskrá, sem okkur var færð af Danakonungi fyrir rúmri öld. Enn virðast menn ekki hafa gefið sér tóm til þess að setjast á rökstóla og hugsa málið frá grunni út frá gjörbreyttum forsendum í íslensku þjóðlífi. Vart er við því að búast, að stofninn frá 1874 dugi enn við þjóðfélagsaðstæður nútímans.

Og því miður virðist enn stefna í sama far og jafnan áður, er breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni, að mestur tími og áhugi hefur farið í eitt atriði hennar, kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Og það eru einmitt fulltrúar stjórnmálaflokkanna, sem hafa alfarið haft þessa endurskoðun með höndum.

Þetta ber að harma. Við hljótum að geta ætlað okkur tíma til þess að setjast niður til grundvallarumræðna um íslenska stjórnarskrá út frá því sjónarmiði, hvern veg íslensk þjóð best hyggur sér fært að skipa meginatriðum stjórnskipunar sinnar. Og mér finnst vafalaust, að fyrri reynsla hafi kennt okkur, að þessi viðkvæmu atriði, kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan, eru betur komin í almennum lögum en stjórnarskránni, nema aðeins í

aðalatriðum, svo að við neyðumst ekki til þess á tiltölulega fárra ára fresti að endurskoða og breyta stjórnarskránni.

Það er algjörlega gegn anda og tilgangi stjórnarskrárinnar. Hún á að vera rúmur heildarrammi utan um eðlilegt og farsælt mannlíf á Íslandi miðað við þær hugmyndir um mannréttindi og frelsi, sem við búum við nú, þannig að ekki sé þörf á tíðum breytingum, enda á að setja slíkum breytingum allþröngar skorður. Ég mun síðar koma nánar að því, í hverju þessi rúmi rammi stjórnarskrárinnar á að vera fólginn.

Að þessu sinni langar mig aðeins til þess að leggja megináherslu á þá staðreynd, að okkur hlýtur að vera nauðsyn á að hefja grundvallarumræðu um stjórnarskrána og miða þá fyrst og fremst við þarfir okkar sjálfra, en ekki stjórnarskrá, sem okkur var færð af erlendum aðila fyrir meira en einni öld; sú stjórnarskrá hentar ekki lengur nútímaaðstæðum á Íslandi. Og við skulum ekki flana að þessari umræðu, heldur gefa okkur góðan tíma. Á sama hátt er brýn nauðsyn á, að fleiri en stjórnmálamennirnir einir taki þátt í þessari umræðu og móti þá nýju stjórnarskrá, sem ætti að henta íslenskri þjóð helst um langan aldur.

VII. grein:
ALMENN TILEFNI TIL STJÓRNARSKRÁRBREYTINGA
(30. maí 1983.)

Í greinunum hér á undan hef ég rakið ýmsar hugmyndir um hvað stjórnarskrá eigi að vera og hvernig líta megi á hana. Ég hef skoðað hana sem samband ríkis og þjóðar, sem grundvallarreglur réttarríkisins, sem málfræði stjórnmálanna og handsal réttar þjóðarinnar til umboðsmanna sinna. Að auki hef ég skoðað uppruna stjórnarskrár okkar. Þessar hugmyndir lúta að stjórnarskrám yfir höfuð. Í þessum hugmyndum einum og út af fyrir sig felst ekki sérstakt tilefni til að gera breytingar á stjórnarskránni 1944 eða til að gagnrýna uppkastið 1983. En breytinga er þörf og vil ég í þessari grein og nokkrum næstu reyna að rökstyðja að svo sé og grípa þá til þeirra almennu hugmynda sem settar hafa verið fram í greinunum hér á undan.

Rökstuðnings fyrir breytingum á stjórnarskránni má helst leita í tvennu. Annars vegar í almennum rökum þess efnis að aðstæður séu nú almennt og yfir höfuð aðrar en þegar stjórnarskráin var sett og hún hæfi okkur því ekki í heild við núverandi aðstæður, en hins vegar í afmarkaðri rökum þess efnis að við búum nú við sérstök vandamál og úrlausnarefni sem stjórnarskráin eða uppkastið 1983 nái ekki til. Í þessari grein vil ég leita raka af fyrra taginu, almennra raka um það að stjórnarskráin og uppkastið 1983 séu bæði í heild sniðin við aðstæður sem eru breyttar. Eins og sagt var frá í seinustu grein, er það eina mikilsverða breytingin á stjórnarskrá okkar allt frá upphafi að 1944 var þjóðkjörinn forseti settur í stað arfakonungs.

Söguslit, valdaröskun.

Þótt þessi grundvallarbreyting á stjórnarskránni hafi verið svona einföld í sniðum og svo farsæl sem raun ber vitni, er það einkum hún sem ræður því að stjórnarskráin er nú í heild úrelt. Í konungsríki þar sem konungsvald er mikið og konungdómur gengur í erfðir þarf allt aðra sýn á valdastofnanir, dreifingu og farvegi, valda og ábyrgðar en í lýðveldi með nánast valdalausan lýðkjörinn forseta. Gleggsta merkið um þetta er ef til vill að óhugsandi er að valdalaus lýðkjörinn forseti geti gefið þjóð sinni stjórnarskrá. Þetta merki er líka dæmigert um vankantana á hinum gamla stofni stjórnarskrárinnar og uppkastsins 1983 við aðstæður okkar í dag. Stjórnarskráin 1874 afmarkaði valdstofnanir okkar gagnvart stöðugu veldi konungs, og miðaði að því að skapa jafnvægi milli þessara valda. Þegar konungur er tekinn burt og í stað hans settur valdalaus forseti sem aðeins situr skamman tíma er þessu jafnvægi raskað, og þar sem því valdi sem konungur hafði um langan aldur er ekki fundinn staður eða

forsvar hefur það dreifst án skipulags, umhugsunar eða ábyrgðar. Í þessu er að finna rótina að því sem menn hafa oft kvartað um hjá okkur að framkvæmdavaldið sé of veikt.

Í ljósi þess að forseti getur ekki gefið þjóð sinni stjórnarskrá má líka sjá það að stjórnarskrársaga okkar er rofin að fullu við lýðveldisstofnunina 1944. Eins og rakið var í einni af fyrri greinum eru stjórnarskrár sögulega og að hluta röklega framhald af handfestum miðalda. Þær byggðust á því að einhver einn maður var bundinn skilmálum og batt aðra skilmálum. Forseti hefur ekki þá stöðu að þessu megi koma fram við hann eða að hann geti komið því fram við aðra, og enginn annar aðili samfélagsins getur að þessu leyti komið í stað konungs fyrrum. Þar með er stjórnarfarssögunni slitið og mörgu öðru með. Líklega á þetta drjúgan þátt í því að lagatúlkun á Íslandi er mjög ósöguleg en horfir fyrst og fremst til gildandi lagabókstafs og tímabundinna aðstæðna.

Þingræði, valdaskipting.

Við þessi slit sögunnar hefur einnig glatast upphaflegur og eðlilegur skilningur á tilgangi og nauðsyn þingræðisins og tengist það aftur ofannefndu vandamáli okkar um styrkari framkvæmdastjórn. Þingræði mótaðist þannig í sögunni að löggjafarsamkundur settu framkvæmdavaldi konungs og beinna þjóna hans smátt og smátt ítarlegri skilyrði og þrengri mörk. Oftast gerðist þetta með þeim hætti að löggjafarsamkundan náði fyrst neitunarvaldi um nýjar álögur og þá jafnframt nokkrum heildartökum á öllum umsvifum framkvæmdavaldsins þótt hún réði litlu um aðgerðir þess í einstökum málum eða atriðum. Síðar færðu löggjafarsamkundurnar sig upp á skaftið með fjármálavaldið að vopni. Víða um lönd og þá einkum í engilsaxneskum löndum er fjármálavald löggjafans enn meginfarvegur ábyrgðar framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu. Þó hefur það alls staðar færst í vöxt að framkvæmdarvaldið verði að leita ítarlegrar samþykktar löggjafans um nákvæm atriði í gerðum sínum en ekki aðeins um heildarumfang umsvifa sinna. Þetta ítarlega eftirlit löggjafans með framkvæmdarvaldinu – sem greinilega hefur veikt framkvæmdarvaldið – er þó sprottið af sömu afstöðu og upphaflegt neitunarvald löggjafans um álögur. Eftirlitið lýtur að því að hafa hemil á því sem framkvæmdarvaldið tekur sér fyrir hendur. Eftirlitið er reist á rökstuddri tortryggni um það að framkvæmdarvaldið, sem einkum horfir til og mótast af knýjandi daglegri nauðsyn og tæknilegri ráðagerð, taki nægilegt tillit til sögulegs samhengis, heildarsjónarmiða og hinna almennustu undirstöðuhagsmuna allra. Löggjafanum bar áður og ber enn að gæta þess að áleitið starf framkvæmdarvaldsins íþyngi þegnunum ekki um of og alls ekki nema með vilja þegnanna. En tillögurétturinn um það hvað á að takast fyrir hendur og hvernig eigi að bera sig að við framkvæmd er enn í höndum framkvæmdarvaldsins svo sem óhjákvæmilegt er.

Aðhaldssamt löggjafarvald.

Hvarf konungsvaldsins hefur valdið því að þingið sem upphaflega átti að veita framkvæmdum aðhald hefur í raun yfirtekið framkvæmdahlutverkið, svo illa sem það er til þess fallið að allri gerð. Þegar sá formlegi aðskilnaður valdanna þriggja sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni 1944 og uppkastinu 1983 styðst ekki lengur við raunverulegar aðstæður, er borin von að ákvæðin virki eins og til er ætlast. Þegar enginn einn sterkur aðili er í forsvari fyrir framkvæmdarvaldið og þegar framkvæmdarvaldið sjálft er fremur fákunnandi, eins og hlýtur að vera með nýsjálfstæðum ríkjum, er nánast óhjákvæmilegt að hin fjölmenna löggjafarsamkunda hrifsi til sín framkvæmdarvaldið sem áður var sjálfstætt. Löggjafanum hefur reynst framkvæmd og valdið sem henni fylgir svo heillandi að hann er nánast með öllu horfinn frá störfum að þeim efnum sem hann á í eðli sínu að gegna og honum er falin í stjórnarskránni. Ákaflega lítið fer fyrir almennum löggjafarstörfum þingsins. Það fjallar nánast einvörðungu um framkvæmdir og rekstur ríkisins og gleymist þá oft að sérhver nýmæli í framkvæmd, hvort heldur er í umfangi eða aðferðum, eru íþyngjandi fyrir

borgarana. Eftirlits- og aðhaldshlutverk þingsins eru þannig líka horfin og enginn hefur tekið við þeim. Þetta hefur gerst þannig að framkvæmdarvaldið – eða öllu heldur framkvæmdin og nauðsyn hennar — hafa yfirtekið löggjafarsamkunduna, svo að segja má að okkur skorti nú aðhaldssaman löggjafa fremur en sterkt framkvæmdarvald.

Vöxtur margháttaðrar þjónustustarfsemi hefur sett svip sinn á atvinnuþróun hérlendis síðustu áratugi eins og í löndum á svipuðu hagþróunarstigi. Undir heitinu þjónustustarfsemi rúmast fjölmargar atvinnugreinar sem eiga það helst sammerkt að vera ekki bein vöruframleiðsla. Hér falla undir verslun og viðskipti, flutningastarfsemi, opinber stjórnsýsla og mennta- og heilbrigðiskerfi svo að nokkuð sé nefnt.

Menn getur greint á um gildi einstakra þátta í þjónustustarfsemi og um æskilegan vöxt þeirra, m. a. í verslun og bankastarfsemi. Flestir gera ráð fyrir fjölgun starfa í þjónustu en samdrætti eða óbreyttum mannafla í frumvinnslugreinum og iðnaði. Þessu veldur aukin framleiðni, m. a. vegna vélvæðingar og sjálfvirkni.

Í meðfylgjandi töflu III er að finna yfirlit frá Framkvæmdastofnun um fjölgun ársverka á öllu landinu á árunum 1974—82, sundurliðað í einstök tímabil.

Tafla III.

Meðalfjölgun ársverka á ári í landinu öllu.

	1964—1970	1971—1974	1975—1979	1980—1982
Landbúnaður	74	−108	−469	−139
Fiskveiðar og fiskiðnaður	93	97	439	506
Annar iðnaður og veitur	331	420	528	349
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	220	592	−154	471
Þjónustugreinar	1 223	1 934	1 289	2 584
Samtals	1 941	2 935	1 632	3 771
Þjónustugreinar sem hlutfall af heild	63%	66%	79%	69%

Í greinargerð Framkvæmdastofnunar segir um þetta m. a:

„Atvinnusköpun alls tímabilsins var 44 799 störf sem var 2,7% fjölgun starfa að meðaltali á ári. Lítill hluti þessarar aukningar varð í þeim atvinnugreinum, sem mest tengjast landsbyggðinni, landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Í landbúnaði fækkaði störfum um 2 677, fjölgaði í fiskveiðum um 1 281 og í fiskvinnslu um 3 468. Fjölgun starfa í þessum greinum samanlagt var 2 072 eða 4,6% af heildarfjölgun starfa. Stærsti hluti aukningarinnar var í þjónustugreinum. Þar bættust við 30 490 ný störf eða 68% heildaraukningarinnar."

Í töflu II hér á undan kom fram að hlutur þjónustugreina á landsbyggðinni fór minnkandi á árunum 1980—82 en vaxandi á höfuðborgarsvæðinu. Nánari athugun varðandi árabilið 1976—82 sést í töflu IV skv. gögnum Framkvæmdastofnunar.

Tafla IV.

Fjölgun ársverka 1976—1982.

	Aðalþéttbýli höfuðborgar-svæðisins	Aðrir hlutar Suðvestur-lands	Lands-byggðin	Ísland
Grunngreinar	+817	+795	+1 736	+3 348
Þjónustugreinar	+7 563	+1 720	+2 097	+11 380
Margföldun	7 563	1 720	2 097	11 380
	817	795	1 736	3 348
	= 9,26	= 2,16	= 1,21	= 3,40

Hér kemur það fram að á móti hverju einu starfi í framleiðslugreinum (grunngreinum) koma rúmlega níu störf í þjónustustörfum á höfuðborgarsvæðinu en einungis rúmlega eitt úti á landi.

Það er við þessari þróun sem sérstaklega verður að sporna vilji menn í raun stöðva fólksstrauminn frá landsbyggðinni. Það verður ekki gert með því einu að rétta við rekstrarstöðu frumvinnslugreinanna, að auki verður landsbyggðin að taka til sín langtum meiri hlut í þjónustustörfum. Þar reynir á að ríkisvald og sveitarfélög veiti skynsamlega forustu um breytingar á stjórnsýslu og marki nýja farvegi fyrir það fjármagn sem að miklu leyti verður til í undirstöðugreinum á landsbyggðinni.

Einn þáttur, sem miklu skiptir, er innflutningsverslunin sem landshlutarnir þyrftu að taka í eigin hendur að verulegu leyti, svo og aðflutning á vörum, m. a. með beinum siglingum frá útlöndum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins dregur upp eftirfarandi mynd af skiptingu fólksfjölda og aldursskiptingu milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar miðað við árslok 1984 skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands:

Höfuðborgarsvæðið	130 485	54%
Aðrir landshlutar	109 600	46%
Ísland	240 085	100%

Eftirfarandi tafla gefur einfalda mynd af aldursskiptingu svæðanna:

Aldursskipting 1984.

	Höfuðborgar-svæðið	Aðrir landshlutar	Ísland
Undir 20 ára	33%	38%	36%
20—69 ára	60%	55%	57%
70 ára og eldri	7%	7%	7%

Um þetta segir í drögum að ársskýrslu byggðadeildar:

„Hlutfallslega fleira ungt fólk býr utan höfuðborgarsvæðisins, sjötugir og eldri eru í sama hlutfalli. Vegna þessarar aldursskiptingar kemur hlutfallslega fleira fólk inn á vinnumarkaðinn úti á landi, þ. e. a. s. sé ekki reiknað með flutningum. Framreikningur á atvinnumannafla gefur eftirtaldar niðurstöður:

Fjöldi nýliða á vinnumarkaði 1985—1994 miðað við óbreytt landsmeðaltal atvinnuþátttöku.

	Fjöldi nýliða	Meðalfjölgun á ári
Höfuðborgarsvæðið	7 315	1,0%
Aðrir landshlutar	9 370	1,7%
Ísland	16 685	1,4%

Vegna mismunar á aldursskiptingu eru nýliðar meira en tveimur þúsundum fleiri utan höfuðborgarsvæðisins en innan. Markmið byggðaþróunaraðgerða er m. a. að skapa atvinnu nærri heimahögum fyrir eins mikinn hluta þessa fólks og unnt er. Reynslan hefur sýnt að þegar þetta er mögulegt hefur fólk valið nálæga þéttbýlisstaði til búsetu. Hér er gengið út frá því að það sé ósk mikils hluta þessa unga fólks að eiga kost á framtíðarvinnu innan síns héraðs eða landshluta."

Þessar tölur tala skýru máli um það stóra verkefni sem við blasir á vettvangi byggðamála.

Ný tök á stjórnsýslu.

Þeir þættir eru margir þar sem opinberir aðilar geta haft áhrif á byggðaþróun ef fylgt er skilmerkilegri stefnu, ekki aðeins í atvinnuþróun heldur einnig á sviði stjórnsýslu.

Þar er hægt að breyta til með róttækum hætti og hafa með því veruleg áhrif á byggðaþróunina. Verður hér bent á nokkur atriði sem til álita koma:

a. Nýjum ríkisstofnunum og stjórnsýsluþáttum ríkisins verði í vaxandi mæli komið á fót utan höfuðborgarsvæðisins og ekki bætt við mannafla á Reykjavíkursvæðinu á vegum ríkisins eða ríkisstofnana nema í litlum mæli. Ákvörðun um slíka stefnu verði tekin í fyrstu til 10 ára og endurskoðuð að fenginni 5 ára reynslu.

b. Starfsemi stjórnarráðs og ríkisstofnana verði endurskoðuð á vegum Alþingis með það að markmiði að flytja á næstu 5 árum marga stjórnsýslu- og þjónustuþætti, sem ríkið nú hefur með höndum að hluta til, út í byggðarlögin (útibú), þar sem þeim verði komið fyrir á vegum ríkisins eða héraðsstjórna í samstarfi við sveitarfélög í landshlutunum.

Meðal málaflokka, sem athuga ætti í þessu sambandi, eru eftirtaldir:

Húsnæðismál
Almannatryggingar
Skipulagsmál
Byggðamál
Menntamál
Málefni safna
Heilbrigðiseftirlit
Rafmagnseftirlit

c. Ýmis verkefni, sem ríkið hefur nú með höndum eða að hluta til, verði alfarið færð til sveitarfélaga í tengslum við markvissa stækkun þeirra. Endurskoðun á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga haldist í hendur við slíka uppstokkun ríkiskerfisins.

Við gerð áætlunar um tilfærslu opinberrar þjónustu og ríkisstofnana verði m. a. höfð hliðsjón af áliti stofnananefndar sem skilaði af sér til stjórnvalda á árinu 1975, sbr. fylgiskjal VII.

Ekki er vafi á að tilfærsla á verkefnum og mannafla skv. lið a—c hér að ofan mundi hafa veruleg áhrif, bæði beint með fjölgun starfa svo og til að efla sjálfstraust og atgervi innan héraða og viðkomandi byggðarlaga.

Nýtt stjórnsýslustig.

Tillagan gerir ráð að komið verði á héraðsstjórnum sem kosið verði til beint með lýðræðislegum hætti samhliða sveitarstjórnarkosningum. Fái héruðin sjálfsstjórn og umsýslu í ýmsum málaflokkum sem nú eru í höndum ríkis eða ríkis og sveitarfélaga.

Héraðsstjórnirnar fái ákvörðunarvald í málum sem varða viðkomandi svæði, þar á meðal skiptingu fjármagns sem Alþingi veitir til tiltekinna málaflokka, t. d. fræðslumála, samgöngumála og heilbrigðismála.

Þá fari héruðin með ráðgefandi vald í málum sem sameiginleg eru með ríki og sveitarfélögum á viðkomandi svæði. Á vettvangi héraðsstjórna yrði einnig um að ræða margs konar samráð í málum sem varða sveitarfélög einvörðungu.

Álitamál er hversu vítt héruðin eiga að spanna landfræðilega. Kemur þar einkum til greina að miða þau við skiptingu landsins í þjónustusvæði sem samkvæmt hugmyndum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar gætu orðið rúmlega tuttugu talsins eða að miða við núverandi kjördæmaskiptingu, þ. e. utan Suðvesturlands (Reykjanes- og Reykjavíkurkjördæmi). Hvor kosturinn, sem valinn væri, er að mati flutningsmanna þessarar tillögu líklegur til að auka sjálfstæði landsbyggðarinnar og ýta undir samruna sveitarfélaga þegar til lengri tíma er litið.

Tekjuöflun héraða og sveitarfélaga.

Hverju héraði verði ætlaðir tekjustofnar til að standa undir þeim verkefnum er verða á valdi héraðsstjórna, svo og sameiginlegum verkfnum skv. ákvörðun sveitarfélaga á viðkomandi svæði.

Tekjur, sem héraðsstjórnir fengju til ráðstöfunar, gætu komið m. a. frá eftirtöldum aðilum:

a. frá ríki skv. ákvörðun Alþingis, m. a. með hliðsjón af framleiðslustarfsemi á viðkomandi svæði miðað við verðmætasköpun næsta ár á undan;
b. frá ríkissjóði sem ákveðið hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti og þá í samræmi við íbúatölu á svæðinu;
c. frá sveitarfélögum skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni á svæðinu;
d. frá aðilum sem hafa stóran hluta tekna sinna af viðskiptum við landsbyggðina en greiða nú aðstöðugjald til þess staðar, þar sem þeir hafa heimili og varnarþing (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar o. s. frv.).

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög afli áfram tekna með útsvari en skv. eigin ákvörðun um álagningarhlutfall. Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga koma því aðeins til álita að nýtt hafi verið tiltekið lágmarkshlutfall við álagningu útsvars. Taka þarf tillit til aðstæðna sveitarfélaga til tekjuöflunar, m. a. að sjávarpláss þurfa að jafnaði að leggja í mun meiri tilkostnað til að afla tekna en staðir sem byggja fyrst og fremst á iðnaði og þjónustu.

Þróunarsjóðir og þróunarstofur landshluta.

Í tengslum við héraðsstjórnir innan hvers landshluta (kjördæmis) verði komið á fót **þróunarsjóðum** er taki við verkefnum Byggðasjóðs og fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og stórfyrirtækjum sem að meiri hluta eru í eigu ríkisins og staðsett eru í viðkomandi landshluta (orkuver, orkufrek iðnfyrirtæki). — Héraðsstjórnir í hverjum landshluta (kjördæmi) ættu sameiginlega að starfrækja **þróunarstofur** sem ætlað sé það hlutverk að safna upplýsingum og gera tillögur um hagþróun og sameiginleg langtímaverkefni í viðkomandi landshluta.

Rétt er að gera ráð fyrir að sett verði á fót Byggðastofnun um leið og Framkvæmdastofnun er lögð niður. Byggðastofnunin ætti að verða þjónustu- og stuðningsaðili við þróunarstofur og þróunarsjóði landshlutanna.

Héðsstjórnirnar tækju ákvörðun um verkefnaval þróunarstofa og settu reglur um úthlutun fjármagns úr þróunarsjóði landshlutans til nýsköpunar í atvinnulífi og brýnna sameiginlegra viðfangsefna, þar á meðal fjárveitingar til viðbótar öðrum framlögum skv. fjárhagsáætlun fyrir einstök svæði eða skv. fjárlögum Alþingis. Gera verður ráð fyrir að héraðsstjórnir komi saman nokkrum sinnum á ári og starfræki skrifstofu, sem m. a. hafi umsjón með fjárreiðum og eftirlit með störfum þróunarstofu og þróunarsjóðs.

Stækkun sveitarfélaga — þjónustusvæði.

Að mati flutningsmanna er eðlilegt að stefnt sé að auknu samstarfi og sameiningu sveitarfélaga frá því sem nú er þannig að þau nái því sem víðast að mynda lífvænlegar heildir sem rækt geti lágmarksþjónustu við íbúana og skyldur sem sveitarfélögunum eru lagðar á herðar af löggjafanum.

Slíkt samstarf og samruni sveitarfélaga hlýtur ekki síst að fara eftir landfræðilegum aðstæðum og samgöngum þannig að úr verði starfhæf þjónustusvæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Við sameiningu fámennra sveitarfélaga innbyrðis eða við fjölmennari sveitarfélög er eðlilegt að gera áfram ráð fyrir sjálfsstjórn hreppanna í þeim málum er snerta fyrst og fremst íbúa innan þeirra, svo sem barnafræðslu (skólasel), fjallaskil og félagsheimili. Þannig verði kosin sérstök **hreppsráð** í dreifbýli í stað hreppsnefnda samhliða sveitarstjórnarkosningum og fari þau með sérstök málefni er varða íbúa hreppsins skv. framansögðu í samráði við sveitarstjórn svæðisins.

Með þessari sveigjanlegu skipan á í senn að vera unnt að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og viðhalda með eðlilegum hætti þeirri valddreifingu sem nú er innan fámennra sveitarfélaga.

Eðlilegt er að ríki og héraðsstjórnir hvetji til sameiningar sveitarfélaga með félagslegum og fjármálalegum ráðstöfunum án þess að til valdboðs þurfi að koma. Þýðingarmikið atriði í þeirri nýskipan byggðamála, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, er sameining sveitarfélaga þannig að ákveðin lágmarksstærð náist innan landfræðilega skynsamlegra marka.

Byggðanefnd þingflokkanna.

Vorið 1984 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra svonefnda byggðanefnd þingflokkanna undir forustu Lárusar Jónssonar, bankastjóra Útvegsbankans, og eiga fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum sæti í henni.

Nefnd þessi hafði haldið 12 fundi í lok febrúar 1985 og safnað nokkru efni og hugmyndum, m. a. frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Hins vegar bólar lítið á tillögum frá nefndinni utan erindi sem beint var til þingflokka 27. febr. s. l. og birt er sem fylgiskjal IX með þessari þingsályktunartillögu.

Þannig er ljóst að ekki er að vænta mikils frumkvæðis af þessari nefnd eða af ríkisstjórninni nema Alþingi láti þessi brýnu mál til sín taka. Með hliðsjón af þessari stöðu og nauðsyn aðgerða hið fyrsta er þingsályktunartillaga þessi nú flutt.

Fylgiskjöl:

I. Fólksflutningar innanlands 1971—1984. Framkvæmdastofnun — byggðadeild, apríl 1985.
II. Ársverk og meðallaun eftir kyni, svo og atvinnuþátttaka á árinu 1983. Framkvæmdastofnun — áætlanadeild, febrúar 1985.
III. Byggðasjóður: Skipting samþykktra lána og styrkja árið 1984. Framkvæmdastofnun, 1985.
IV. Sjávarútvegurinn rændur 6000 milljónum á tveimur árum. Grein Kjartans Ólafssonar í Vestfirðingi 4. mars 1985.
V. Þróunarverkefni — Leið til að efla atvinnu- og byggðaþróun. Iðnaðarráðuneytið, september 1984.
VI. Álit nefndar forsætisráðuneytisins „til að kanna staðarval ríkisstofnana ...“, október 1975 — útdráttur.
VII. Afstaða ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar til nefndarálits um flutning ríkisstofnana, apríl 1978.
VIII. Helstu niðurstöður úr skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ágúst 1983.
IX. Byggðanefnd þingflokkanna — erindi til formanna þingflokka frá 27. febrúar 1985.

Fylgiskjal I.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Höfuðborgarsvæði.

Innanlandsflutningar 1971–84.

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	4856	4100	756	0.7%
1972	5111	4638	473	0.4%
1973	4561	4589	-28	0.0%
1974	5739	5540	199	0.2%
1975	5496	5510	-14	0.0%
1976	5349	5446	-97	-0.1%
1977	5859	6065	-206	-0.2%
1978	5527	5709	-182	-0.2%
1979	5333	5312	21	0.0%
1980	5581	5552	29	0.0%
1981	6001	5428	573	0.5%
1982	5916	5148	768	0.6%
1983	6153	5289	864	0.7%
1984	6520	5407	1113	0.9%
ALLS	78002	73733	4269	3.6%

Sveitarfélaganúmer : 0-1604,2603-2604.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Landsbyggð.

Innanlandsflutningar 1971–84.

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	3334	4165	-831	-1.0%
1972	3547	4120	-573	-0.7%
1973	4216	4270	-54	-0.1%
1974	4374	4766	-392	-0.4%
1975	4197	4208	-11	0.0%
1976	4298	4294	4	0.0%
1977	4457	4501	-44	0.0%
1978	4193	4112	81	0.1%
1979	4266	4290	-24	0.0%
1980	4371	4498	-127	-0.1%
1981	4327	4948	-621	-0.7%
1982	4392	5114	-722	-0.8%
1983	4039	4988	-949	-1.0%
1984	4308	5373	-1065	-1.1%
ALLS	58319	63647	-5328	-5.8%

Sveitarfélaganúmer : 3000-8718.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Suðurnes.

Innanlandsflutningar 1971–84.

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	605	530	75	0.7%
1972	583	483	100	0.9%
1973	603	521	82	0.7%
1974	915	722	193	1.6%
1975	706	681	25	0.2%
1976	722	629	93	0.8%
1977	950	700	250	2.0%
1978	827	726	101	0.8%
1979	813	810	3	0.0%
1980	781	683	98	0.7%
1981	868	820	48	0.4%
1982	827	873	-46	-0.3%
1983	973	888	85	0.6%
1984	911	959	-48	-0.3%
ALLS	11084	10025	1059	8.4%

Sveitarfélaganúmer : 2200-2506.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

LANDSBYGGÐ OG SUÐURNES

INNANLANDSFLUTNINGAR 1971-84

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	3939	4695	-756	-0.8%
1972	4130	4603	-473	-0.5%
1973	4819	4791	28	0.0%
1974	5289	5488	-199	-0.2%
1975	4903	4889	14	0.0%
1976	5020	4923	97	0.1%
1977	5407	5201	206	0.2%
1978	5020	4838	182	0.2%
1979	5079	5100	-21	0.0%
1980	5152	5181	-29	0.0%
1981	5195	5768	-573	-0.5%
1982	5219	5987	-768	-0.7%
1983	5012	5876	-864	-0.8%
1984	5219	6332	-1113	-1.0%
ALLS	69403	73672	-4269	-4.1%

Sveitarfélaganúmer : 2200-2506,3000-8718.

Fylgiskjal II.

ISLAND

ÁRSVERK OG MEÐALLAUN EFTIR KYNI 1983

NÚMER ATVGR.	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR ÁRSVERK	KARLAR M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	KONUR ÁRSVERK	KONUR M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	KARLAR+KONUR+ÓFLOKK. ÁRSVERK	KARLAR+KONUR+ÓFLOKK. M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.
11	LANDBÚNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
13	FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
30	FISKVINNSLA	5327	284	4723	217	10171	252
31	MATVÆLAIÐNAÐUR	1997	285	1583	184	3586	240
32	VEFJARIÐNAÐUR	865	284	1506	182	2376	219
33	TRJÁVÖRUIÐNAÐUR	1429	258	146	172	1576	250
34	PAPPÍRSIÐNAÐUR	1170	319	686	215	1857	280
35	EFNAIÐNAÐUR	747	295	234	194	982	271
36	STEINEFNAIÐNAÐUR	722	306	120	195	844	290
37	ÁL OG JÁRNBLENDI	765	399	80	270	845	387
38	MÁLM- OG SKIPASMÍÐI	3164	301	265	181	3433	292
39	ÝMIS IÐNAÐUR	359	333	80	167	441	302
40	VEITUR	886	400	239	216	1126	361
50	BYGGINGAR SEM ATV.REK.	7359	305	580	190	7968	297
51	BYGGINGAR Í EIGIN ÞÁGU	302	238	8	171	310	236
52	OPINBERAR FRAMKVÆMDIR	2460	288	356	156	2823	271
61	HEILDVERSLUN	3783	304	1640	209	5431	275
62	SMÁSÖLUVERSLUN	2897	276	4803	187	7722	221
63	VEITINGAR OG HÓTEL	736	267	1537	200	2281	221
71	FLUTNINGAR	5170	293	997	223	6171	285
72	PÓSTUR OG SÍMI	668	302	959	216	1627	251
81	PENINGASTOFNANIR	1061	357	1921	219	2983	268
82	TRYGGINGAR	378	376	420	214	797	291
83	ÞJÓNUSTA VIÐ ATV.REK.	1807	382	995	209	2808	320
91	OPINBER STJÓRNSÝSLA	3903	357	1853	205	5760	308
92	GÖTU- OG SORPHREINSUN	242	251	30	221	272	248
93	OPINBER ÞJÓNUSTA	5999	334	12489	216	18517	254
94	MENNINGARSTARFSEMI	1050	247	772	198	1827	226
95	PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA	2689	265	953	151	3650	235
96	VARNARLIÐIÐ	716	418	345	232	1060	358
	ATVINNUVEGIR						
	LANDBÚNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
	FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
	FISKVINNSLA	5327	284	4723	217	10171	252
	IÐNAÐUR	11218	301	4700	189	15940	268
	VEITUR	886	400	239	216	1126	361
	BYGGINGAR	10121	299	944	177	11101	289
	VERSLUN	7417	289	7980	194	15434	240
	SAMGÖNGUR	5837	294	1956	220	7798	278
	BANKAR OG FL.	3246	373	3336	216	6588	293
	ÞJÓNUSTA	14600	324	16441	211	31087	264
	ATVINNUVEGIR ALLS	68920	308	44001	200	113579	265

FRAMKVÆMDASTOFNUN RIKISINS 11. 4.1985
BYGGDADEILD

* ARSVERK OG LAUN EFTIR KYNI 1983 *

höfudborgarsvædi

NUMER ATVGR	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR ARSVERK	KARLAR MEDALL/ARSV	KONUR ARSVERK	KONUR MEDALL/ARSV	SAMTALS ARSVERK	SAMTALS MEDALL/ARSV
1	OPEKKT ATVINNUGREIN	123.3	928	65.7	373	189.0	735
11	LANDBUNADUR	326.9	165	143.1	148	469.9	160
13	FISKVEIDAR	1095.7	487	37.8	251	1133.5	479
30	FISKVINNSLA	1123.2	270	846.1	212	1969.3	246
31	MATVÆLAIDNADUR	964.7	286	871.3	177	1835.9	234
32	VEFJARIDNADUR	395.4	280	784.9	182	1180.3	215
33	TRJAVÖRUIDNADUR	761.6	247	84.0	177	845.6	240
34	PAPPIRSIDNADUR	1030.1	321	626.5	218	1656.6	282
35	EFNAIDNADUR	554.8	301	192.6	198	747.4	274
36	STEINEFNAIDNADUR	328.9	316	67.8	199	396.7	296
37	AL OG JARNBLENDI	614.5	400	56.6	270	671.1	389
38	MALM OG SKIPASMIDI	1720.6	297	164.8	182	1885.4	287
39	YMIS IDNADUR	306.6	335	73.9	165	380.6	302
40	RAFM.,HITI OG VATN	420.3	397	138.5	219	558.8	353
50	BYGG. SEM ATV.REK.	3904.1	310	292.9	182	4197.1	301
51	BYGG. I EIGIN PAGU	150.9	238	3.4	170	154.3	237
52	OPINB. FRAMKVÆMDIR	1278.0	289	192.7	148	1470.6	271
61	HEILDVERSLUN	3282.2	305	1450.8	209	4733.1	275
62	SMASÖLUVERSLUN	1470.3	284	2571.0	191	4041.3	225
63	VEITINGAR OG HOTEL	543.1	266	996.7	195	1539.7	220
71	FLUTNINGAR	3467.2	314	781.7	231	4248.9	299
72	POSTUR OG SIMI	381.6	298	519.6	218	901.3	252
81	PENINGASTOFNANIR	794.2	359	1367.1	223	2161.2	273
82	TRYGGINGAR	300.1	346	351.5	209	651.6	272
83	PJON. VID ATV.REK.	1564.4	383	827.6	213	2392.1	324
91	OPINB. STJORNSYSLA	2447.2	361	1210.8	215	3657.9	313
92	GOTU OG SORPHREINSUN	181.3	259	22.8	224	204.1	255
93	OPINBER PJONUSTA	4039.1	337	8381.8	219	12420.9	257
94	SKEMMTANIR,IPROTTIR	635.4	252	596.6	200	1432.0	230
95	FELAGSLEG PJON.	1703.7	269	666.9	152	2372.7	236
96	VARNARLIÐIÐ	275.9	525	31.2	299	307.1	489

höfuðborgarsvæði

ATVINNUVEGIR	KARLAR			KONUR			SAMTALS		
	ÁRSVERK		MEÐALL/ÁRSV.	ÁRSVERK		MEÐALL/ÁRSV.	ÁRSVERK		MEÐALL/ÁRSV.
LANDBÚNAÐUR	326.9	1%	165	143.1	1%	148	469.9	1%	160
FISKVEIÐAR	1095.7	3%	487	37.8	0%	251	1133.5	2%	479
FISKVINNSLA	1123.2	3%	270	846.1	3%	212	1969.3	3%	246
IÐNAÐUR	6677.2	18%	305	2922.4	12%	191	9599.6	16%	270
VEITUR	420.3	1%	397	138.5	1%	219	558.8	1%	353
BYGGINGAR	5333.0	15%	303	489.0	2%	168	5822.0	10%	291
VERSLUN	5295.6	15%	295	5018.5	21%	197	10314.1	17%	247
SAMGÖNGUR	3848.8	11%	313	1301.3	5%	226	5150.2	8%	291
BANKAR OG FL	2658.7	7%	372	2546.2	10%	218	5204.9	9%	296
ÞJÓNUSTA	9566.0	26%	334	10977.8	45%	215	20543.7	34%	270

ÁRSVERK KARLAR	=	36345.3
ÁRSVERK KONUR	=	24420.7
MEÐALL/ÁRSV.KARLAR	=	320.9
MEÐALL/ÁRSV.KONUR	=	207.7
SAMTALS ÁRSVERK	=	60766.0
MEÐALLAUN Á ÁRSVERK	=	275.4
LAUN ALLS(mkr)	=	16736.1

SVEITARFÉLAG 0-1604; 2603-2604;

ATH:STJÖRNA ER SETT FYRIR MEÐALLAUN EF ÁRSVERK ERU TVÖ EÐA FÆRRI.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RIKISINS 11. 4.1985
BYGGDADEILD

* ARSVERK OG LAUN EFTIR KYNI 1983 *

suðurnes

NUMER ATVGR	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR ARSVERK	KARLAR MEDALL/ARSV	KONUR ARSVERK	KONUR MEDALL/ARSV	SAMTALS ARSVERK	SAMTALS MEDALL/ARSV
1	OPEKKT ATVINNUGREIN	17.6	415	13.0	208	30.6	327
11	LANDBUNADUR	48.6	168	17.0	131	65.6	159
13	FISKVEIDAR	622.3	410	54.7	203	677.0	393
30	FISKVINNSLA	553.8	277	576.9	197	1130.7	236
31	MATVÆLAIDNADUR	35.5	295	67.4	169	102.8	212
32	VEFJARIDNADUR	30.1	274	16.6	175	46.7	239
33	TRJAVÖRUIDNADUR	79.5	262	16.5	162	96.0	244
34	PAPPIRSIÐNADUR	7.3	337	1.2	*	8.5	317
35	EFNAIDNADUR	6.0	288	3.0	213	9.0	263
36	STEINEFNAIDNADUR	27.8	394	4.5	271	32.3	377
37	AL OG JARNBLENDI	10.0	387	1.6	*	11.6	368
38	MALM OG SKIPASMIDI	198.6	318	17.2	210	215.8	309
39	YMIS IÐNAÐUR	12.6	420	4.1	209	16.8	368
40	RAFM.,HITI OG VATN	55.6	360	14.3	158	69.9	319
50	BYGG. SEM ATV.REK.	746.3	345	91.6	196	837.9	328
51	BYGG. I EIGIN ÞAGU	15.2	327	0.0	*	15.2	326
52	OPINB. FRAMKVÆMDIR	67.7	236	13.8	119	81.5	216
61	HEILÐVERSLUN	100.6	307	54.4	193	155.1	267
62	SMASÖLUVERSLUN	112.7	303	248.7	192	361.4	226
63	VEITINGAR OG HOTEL	15.3	248	57.7	212	73.0	219
71	FLUTNINGAR	257.5	281	40.9	202	298.3	270
72	POSTUR OG SIMI	25.6	271	44.0	227	69.6	243
81	PENINGASTOFNANIR	30.2	404	94.6	211	124.8	257
82	TRYGGINGAR	8.2	392	8.1	214	16.3	303
83	ÞJON. VIÐ ATV.REK.	25.4	326	28.6	181	54.0	250
91	OPINB. STJÓRNSÝSLA	211.8	363	74.2	185	286.0	317
92	GÖTU OG SORPHREINSUN	7.4	417	1.5	*	8.9	377
93	OPINBER ÞJÓNUSTA	162.7	297	356.3	186	518.9	222
94	SKEMMTANIR,ÍÞRÓTTIR	22.5	253	37.9	173	60.4	203
95	PERSÓNULEG ÞJÓN.	183.7	264	83.4	164	267.2	236
9[illegible]	VARNARLIÐIÐ	468.3	381	305.6	225	769.8	309

sudurnes

ATVINNUVEGIR	KARLAR ARSVERK		KARLAR MEÐALL/ARSV.	KONUR ARSVERK		KONUR MEÐALL/ARSV.	SAMTALS ARSVERK		SAMTALS MEÐALL/ARSV.
LANDBUNADUR	48.6	1%	168	17.0	1%	131	65.6	1%	159
FISKVEIÐAR	622.3	15%	410	54.7	2%	203	677.0	10%	393
FISKVINNSLA	553.8	13%	277	576.9	25%	197	1130.7	17%	236
IÐNAÐUR	407.4	10%	311	132.1	6%	181	539.5	8%	280
VEITUR	55.6	1%	360	14.3	1%	158	69.9	1%	319
BYGGINGAR	829.2	20%	335	105.5	4%	186	934.7	14%	318
VERSLUN	228.6	6%	301	360.8	15%	195	589.4	9%	236
SAMGÖNGUR	283.1	7%	280	84.9	4%	215	368.0	6%	265
BANKAR OG FL	63.7	2%	371	131.3	6%	204	195.0	3%	259
ÞJÓNUSTA	1016.0	25%	339	875.8	37%	198	1891.8	29%	274

ARSVERK KARLAR	=	4108.3
ARSVERK KONUR	=	2353.3
MEÐALL/ARSV.KARLAR	=	330.5
MEÐALL/ARSV.KONUR	=	196.1
SAMTALS ARSVERK	=	6461.5
MEÐALLAUN Á ARSVERK	=	281.6
LAUN ALLS(mkr)	=	1819.5

SVEITARFELAG 2200-2506;

ATH:STJARNA ER SETT FYRIR MEÐALLAUN EF ARSVERK ERU TVÖ EÐA FÆRRI.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RIKISINS 11. 4.1985
BYGGDADEILD

* ARSVERK OG LAUN EFTIR KYNI 1983 *

landsbyggdin

NUMER ATVGR	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR ARSVERK	KARLAR MEDALL/ARSV	KONUR ARSVERK	KONUR MEDALL/ARSV	SAMTALS ARSVERK	SAMTALS MEDALL/ARSV
1	OPEKKT ATVINNUGREIN	143.2	371	70.4	236	213.5	327
11	LANDBUNADUR	5214.5	145	3296.1	128	8510.6	139
13	FISKVEIDAR	3393.3	473	130.5	216	3523.8	463
30	FISKVINNSLA	3770.1	285	3300.1	221	7070.2	255
31	MATVÆLAIDNADUR	1003.7	282	643.8	194	1647.5	248
32	VEFJARIDNADUR	444.9	286	704.2	181	1149.2	222
33	TRJAVÖRUIDNADUR	588.4	269	45.3	163	633.7	262
34	PAPPIRSIDNADUR	131.2	291	56.9	186	188.2	259
35	EFNAIDNADUR	186.0	273	38.7	171	224.7	255
36	STEINEFNAIDNADUR	366.2	291	47.7	181	413.9	279
37	AL OG JARNBLENDI	140.9	392	21.7	274	162.6	376
38	MALM OG SKIPASMIDI	1251.5	301	83.2	174	1334.7	293
39	YMIS IDNADUR	41.2	274	2.1	183	43.3	270
40	RAFM.,HITI OG VATN	410.1	405	86.1	221	496.2	373
50	BYGG. SEM ATV.REK.	2736.4	285	195.8	199	2932.2	279
51	BYGG. I EIGIN ÞAGU	136.3	225	4.3	171	140.6	223
52	OPINB. FRAMKVÆMDIR	1148.8	273	149.3	167	1298.1	261
61	HEILDVERSLUN	406.3	264	133.6	204	539.9	249
62	SMASÖLUVERSLUN	1337.9	259	1982.9	181	3320.8	212
63	VEITINGAR OG HOTEL	185.4	265	477.4	208	662.8	224
71	FLUTNINGAR	1443.6	257	174.7	188	1618.5	249
72	POSTUR OG SIMI	260.5	285	391.5	211	652.0	240
81	PENINGASTOFNANIR	236.9	330	459.5	208	696.4	259
82	TRYGGINGAR	70.7	295	60.0	208	130.7	255
83	ÞJON. VID ATV.REK.	223.6	348	137.8	1[illegible]	361.3	267
91	OPINB. STJORNSYSLA	1272.5	319	560.9	182	1833.3	277
92	GÖTU OG SORPHREINSUN	49.6	217	5.2	223	54.8	218
93	OPINBER ÞJONUSTA	1900.7	299	3792.2	209	5692.8	239
94	SKEMMTANIR,IÞROTTIR	196.5	205	133.3	179	329.8	193
95	PERSÓNULEG ÞJÓN.	863.0	253	200.9	143	1063.9	232
96	VARNARLIÐIÐ	19.5	333	3.9	209	23.4	312

landsbyggdin

ATVINNUVEGIR	KARLAR ÁRSVERK		MEÐALL/ÁRSV.	KONUR ÁRSVERK		MEÐALL/ÁRSV.	SAMTALS ÁRSVERK		MEÐALL/ÁRSV.
LANDBÚNAÐUR	5214.5	18%	145	3296.1	19%	128	8510.6	18%	139
FISKVEIÐAR	3393.3	11%	473	130.5	1%	216	3523.8	8%	463
FISKVINNSLA	3770.1	13%	285	3300.1	19%	221	7070.2	15%	255
IÐNAÐUR	4154.1	14%	291	1643.6	9%	187	5797.7	12%	261
VEITUR	410.1	1%	405	86.1	0%	221	496.2	1%	373
BYGGINGAR	4021.6	14%	280	349.3	2%	185	4370.9	9%	272
VERSLUN	1929.6	7%	261	2594.0	15%	187	4523.5	10%	218
SAMGÖNGUR	1704.3	6%	261	566.2	3%	204	2270.5	5%	247
BANKAR OG FL	531.2	2%	333	657.2	4%	204	1188.4	3%	262
ÞJÓNUSTA	4444.8	15%	293	4766.8	27%	202	9211.6	20%	246

ÁRSVERK KARLAR = 29573.5
ÁRSVERK KONUR = 17389.8

MEÐALL/ÁRSV.KARLAR = 282.8
MEÐALL/ÁRSV.KONUR = 188.0

SAMTALS ÁRSVERK = 46963.4
MEÐALLAUN Á ÁRSVERK = 247.7

LAUN ALLS(mkr) = 11632.0

SVEITARFÉLAG 3000-8718;

ATH:STJÖRNA ER SETT FYRIR MEÐALLAUN EF ÁRSVERK ERU TVÖ EÐA FÆRRI.


FRAMKVÆMDASTOFNUN RIKISINS 11. 4.1985
BYGGÐADEILD

* ATVINNUÞATTTAKA 1983 *

höfudborgarsvædi

KARLAR 38038

KONUR 30985



SVEITARFELAG: 0-1604; 2603-2604;
HVER RETTHYRNINGUR JAFNGILDIR 0.5%


FRAMKVÆMDASTOFNUN RIKISINS 11. 4.1985
BYGGÐADEILD

* ATVINNUÞÁTTTAKA 1983 *

suðurnes

KARLAR 4369

KONUR 3015



SVEITARFÉLAG: 2200-2506;
HVER RÉTTHYRNINGUR JAFNGILDIR 0.5%


FRAMKVÆMDASTOFNUN RIKISINS 11. 4.1985
BYGGÐADEILD

* ATVINNUÞATTTAKA 1983 *

landsbyggðin

KARLAR 30864

KONUR 22489



SVEITARFELAG: 3000-8718;
HVER RETTHYRNINGUR JAFNGILDIR 0.5%

Skipting samþykktra lána og styrkja Byggðasjóðs árið 1984 eftir atvinnugreinum, landshlutum o.fl.

		Vesturland		Vestfirðir		Norðurl. vestra		Norðurl. eystra		Austurland		Suðurland		Reykjanes		Reykjavík		Alls	
		fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.		
1.	Nýsmíði fiskiskipa	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
2.	Endurbætur fiskiskipa	1	500	-	-	1	200	2	280	2	300	2	334	2	325	-	-	10	1939
3.	Kaup notaðra fiskiskipa	1	50	2	1420	2	90	6	2665	5	865	1	450	2	275	-	-	19	5815
4.	Fiskiskip, sérstök fyrirgreiðsla	-	-	-	-	4	3005	1	120	-	-	-	-	1	1800	-	-	6	4925
	Fiskiskip alls (1-4)	2	550	2	1420	7	3295	9	3065	7	1165	3	784	5	2400	-	-	35	12679
5.	Frystihús	3	5200	2	3500	1	3000	2	1360	1	200	1	675	-	-	-	-	10	13935
6.	Fiskimjölsverksmiðjur	-	-	1	600	-	-	-	-	-	-	-	-	2	2000	-	-	3	2600
7.	Önnur fiskvinnsla	2	530	1	600	3	2690	2	2100	5	1450	1	240	3	2800	-	-	17	10410
8.	Fjárhagsleg endurskipulagning fiskvinnsla	-	-	1	10000	1	4100	3	2455	2	18000	-	-	-	-	1	4315	8	38870
9.	Framleiðsluiðnaður	4	1525	4	790	3	1500	8	2142	6	1393	14	3530	3	2050	-	-	42	12930
10.	Þjónustuiðnaður	11	4401	5	3170	5	1200	2	1500	6	1300	8	1882	1	1500	-	-	38	14953
11.	Vinnustöðvar landbúnaðarins	-	-	2	1130	-	-	3	1990	4	3780	2	1600	-	-	-	-	11	8500
12.	Vinnust. landbúnaðarins annað	13	1614	11	3069	3	1900	13	4865	9	1455	6	2840	1	1000	2	580	58	17323
13.	Sveitarfélög, gatnagerð	5	13740	2	5550	1	3850	4	4750	7	8950	2	3160	2	4000	-	-	23	44000
14.	Sveitarfélög annað	2	495	8	4615	3	2495	7	4725	6	1820	8	3735	2	550	-	-	36	18435
15.	Annað	1	150	5	870	2	450	5	3250	2	900	4	915	3	1250	1	200	23	7985
	Almenn lán og styrkir alls	43	28205	44	35314	29	24480	58	32202	55	40413	49	19361	22	17550	4	5095	304	202620
16.	Hafnabótasjóður v/Norðurfjarðar		.		8531		.		.		.		.		.		.		8531
17.	Hafnarmálastofnun v/Breiðafjarðarbryggju		.		1500		.		.		.		.		.		.		1500
18.	Vegagerð ríkisins til jaðarbyggðavega		-		400		2500		2500		4000		3000		-		-		16000
19.	Lán til bættra hollustuhátta og aðbúnaðar á vinnustöðum		1555		1200		5400		1320		-		2250		1075		1200		14000
20.	Lán til aukningar verkefna skipasmíðastöðva; endurbætur skipa		4570		12901		22786		6762		8200		8392		15500		13428		92539
21	Styrkur til framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna útflutningsbóta 1980		.		.		.		.		.		.		.		.		5000
	Sérstök útlán og styrkir (16-21)		6125		28132		30686		10582		12200		13642		16575		14628		137570
	Samtals þús.kr. (1-21)																		340190

Fylgiskjal IV.

Kjartan Ólafsson:
Þetta er stjórnarstefnan:

SJÁVARÚTVEGURINN RÆNDUR 6000 MILLJÓNUM Á TVEIMUR ÁRUM

Skuldir útgerðar og fiskvinnslu komnar í ⅔ allra eigna. Allt eigið fé verður horfið eftir 4 ár.
(Vestfirðingur, 4. mars 1985.)

Kjartan Ólafsson skrifar:

Þegar þessi orð eru fest á blað, stendur yfir víðtækt sjómannaverkfall á íslenska fiskveiðiflotanum, og sýnist deilan fara harðnandi.

Kjaraskerðingin, sem sjómenn hafa orðið fyrir á síðustu árum er geigvænleg, og hjá mörgum í sjómannastétt enn meiri en sú nær 30% skerðing lífskjara, sem launafólk í landi hefur almennt mátt þola nú bráðum í tvö ár. Krafa sjómannasamtakanna um 35 000 króna kauptryggingu á mánuði er því bæði eðlileg og tímabær eins og komið er.

En þá komum við líka að annarri hlið, sem einnig skiptir máli. Fyrst sjómenn hafa mátt þola svo hrikalega kjaraskerðingu á síðustu árum, skyldi þá hagur útgerðarinnar standa með blóma, svo auðvelt sé fyrir útgerðarfyrirtækin að skila nokkru til baka af því, sem frá sjómönnum hefur verið tekið?

Flestum mun kunnugt, að þessari spurningu verður því miður að svara neitandi. Ekkert af þessum fjármunum hefur fengið að stöðvast hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi. Öllu þessu gífurlega mikla fjármagni hefur verið beint annað.

Til þess að unnt verði að bæta varanlega kjör sjómanna og fiskverkunarfólks, þá þarf að beita markvissum stjórnvaldsaðgerðum í því skyni að skila sjávarútveginum á ný a. m. k. verulegum hluta af þeim milljörðum króna, sem frá honum hafa verið teknir á síðustu árum og færðir hafa verið til eyðslugreinanna í þjóðfélaginu með aðgerðum stjórnvalda. Fyrir Vestfirðinga alla skiptir útkoman í þeim pólitísku átökum, sem um þetta standa, meira máli en flest annað. Þar er um tilveru byggðarlaganna að tefla. Lítum því hér aðeins nánar á þessi mál.

Tölur Seðlabankans.

Þann 9. desember s. l. birtist í Morgunblaðinu lítil frétt um að skuldir útgerðarinnar og fiskvinnslufyrirtækja á Íslandi væru nú 21,3 milljarðar króna og svaraði þetta til um 64% af öllum eignum þessara fyrirtækja. Fyrir þessari frétt var borin hagfræðideild Seðlabankans. Ég spurði nokkra menn, hvort þeir hefðu tekið eftir þessari frétt. Fæstum hafði orðið hún minnisstæð, — margir eru um annað að hugsa. Mér tókst hins vegar ekki að gleyma þessari litlu frétt í Morgunblaðinu og nokkru síðar lagði ég leið mína í Seðlabankann og bað um þau gögn, sem fréttin byggðist á. Voru mér vinsamlega látin þau í té. Ekki síst lék mér forvitni á að vita, hver hefði orðið breytingin á eiginfjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi hérlendis nú á síðustu árum, — það er að segja, hvort eignir umfram skuldir hefðu aukist eða minnkað, og þá hversu mikið.

Nú hef ég undir höndum upplýsingar Seðlabankans um þetta varðandi síðustu fjögur ár. Tel ég bæði rétt og skylt að koma þeim upplýsingum á framfæri. Tekið skal fram, að í sumum þeirra gagna frá Seðlabankanum, sem ég hef fyrir framan mig, eru eignir útgerðarinnar taldar eingöngu bátar og togarar. Í öðrum gögnum Seðlabankans er hins vegar 10% álagi bætt við, vegna „skammtímaeigna". Til samræmis mun ég leyfa mér að hafa þetta 10% álag með hér í öllum tilvikum. Þá eru í sumum gögnum Seðlabankans aðeins taldar skuldir útgerðarinnar við banka og opinbera sjóði, — en þegar Seðlabankinn gerir grein fyrir skuldastöðunni í árslok 1983, þá telur hann einnig með skuldir útgerðarinnar við

olíufélög, tryggingafélög og fleiri slíka aðila, og bætast þá 15% ofan á skuldirnnar við banka og lánasjóði. Til samræmis hef ég einnig leyft mér að gera ráð fyrir, að skuldahlutfallið þarna á milli hafi verið svipað þessi fjögur ár, sem hér verður fjallað um, og bæti því jafnan 15% ofan á tölur Seðlabankans um skuldir útgerðarinnar við banka og lánasjóði. Það sem talið er til eigna hjá vinnslunni eru hús og vélar, svo og birgðir og ógreiddur flutningur. Skuldamegin hjá vinnslunni eru aðeins taldar skuldir við banka og opinbera lánasjóði. Þá er þess að geta, að tölur um verðmæti eigna eru hér jafnan í samræmi við upplýsingar Seðlabankans um svokallað þjóðarauðsmat eignanna. Einnig skal vakin athygli á því, að síðustu tölur Seðlabankans eru frá 26. nóvember s. l. Það er skömmu eftir síðustu gengisbreytingu. Lengri formála er ekki þörf og koma þá tölurnar:

I. Útgerðin	31.12.1980	31.12.1981	31.12.1982	31.12.1983	26.11.1984
Eignir: (í milljónum kr.)	3817	4881	9187	13830	17424
Skuldir: (í milljónum kr.)	1875	2593	5502	10173	13817
Eigð fé: (mælt sem hlutfall af eignum)	50.9%	46.9%	40.1%	26.4%	20.7%
II. Fiskvinnslan	31.12.1980	31.12.1981	31.12.1982	31.12.1983	26.11.1984
Eignir: (í milljónum kr.)	2783	4052	8493	13494	17530
Skuldir: (í milljónum kr.)	1082	1688	3537	6530	9329
Eigið fé: (mælt sem hlutfall af eignum)	61.1%	58.3%	58.3%	51.6%	46.8%
III. Sjávarútvegurinn í heild (veiðar og vinnsla)	31.12.1980	31.12.1981	31.12.1982	31.12.1983	26.11.1984
Eignir: (í milljónum kr.)	6600	8933	17680	27324	34954
Skuldir: (í milljónum kr.)	2957	4281	9039	16703	23146
Eigið fé: (mælt sem hlutfall af eignum)	55.2%	52.1%	48.9%	38.9%	33.8%

Allt eigið fé fyrirtækjanna er að hverfa.

Þessar töluraðir þarfnast ekki mikilla skýringa. Þær tala sjálfar mjög skýru máli og segja flest sem segja þarf um það, hvernig verið er að brjóta niður íslenskan sjávarútveg.

Fyrir fjórum árum námu skuldir útgerðarfyrirtækjanna „aðeins“ rétt um helming af eignum þeirra, — hinn helmingurinn var eigið fé. Fyrir tveimur árum voru skuldir útgerðarinnar komnar upp í 60% af eignunum og eigið fé niður í 40%. **Nú eru skuldir útgerðarfyrirtækjanna svo komnar upp í 80% af eignunum, en eigið fé niður í 20%!**

Hjá vinnslunni er ástandið lítið eitt skárra, en þó greinilega á sömu braut, eins og tölurnar sýna.

Sé litið á sjávarútveginn í heild, verður útkoman þessi: Fyrir fjórum árum námu skuldir fyritækjanna um 45% af eignum þeirra, en eigið fé var þá um 55%. Fyrir tveimur árum námu skuldir fyrirtækjanna um 51% af eignunum, en eigið fé var þá enn um 49%.

Nú eru skuldirnar orðnar yfir 66% af eignunum og eigið fé komið niður í 33.8%.

Á aðeins tveimur síðustu árum nemur eignaupptakan í íslenskum sjávarútvegi um 5280 milljónum króna, sé mælt á því verðlagi sem taflan sýnir frá nóvember 1984. En miðað við þá hækkun lánskjaravísitölunnar, sem síðan er orðin, þá er núvirði þessa fjár ríflega 6000 milljónir króna!!

Allt þetta fé var hluti af skuldlausri eign íslenskra útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja fyrir aðeins tveimur árum. Nú hefur það allt breyst í skuldir með tilheyrandi vaxtabyrði, þessar 6000 milljónir króna.

Eintóm þrotabú í sjávarútvegi eftir fjögur ár verði stefnan óbreytt.

Verði framhaldið á sama veg og þróunin síðustu tvö ár, þá verður allt eigið fé fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi uppurið eftir liðlega fjögur ár. Það tekur sem sagt eitt kjörtímabil að klára þetta svo að engin króna verði eftir. Fái skriðan að falla með sama hraða eftir lögmálum „frjálshyggjunnar", þá verður ekkert eigið fé eftir hjá einkafyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi eftir fjögur ár, ekkert eftir hjá samvinnufyrirtækjum í sjávarútvegi og ekkert eftir hjá þeim fyrirtækjum í sjávarútvegi, sem eru að meira eða minna leyti í eigu bæjar- og sveitarfélaga. — Ekkert eftir nema skuldirnar, innlendar og erlendar, sem sumar hverjar bera einhverja hæstu vexti í heimi. Það verður blómlegt í Súðavík og á Bíldudal, þegar svo verður komið, og gaman fyrir þá Steingrím Hermannsson og Matthías Bjarnason að heilsa upp á háttvirta kjósendur!

Með þeim rekstrargrundvallarskilyrðum, sem stjórnvöld hafa búið sjávarútveginum upp á síðkastið, þá hefur verið tryggð stórkostleg tilfærsla fjármuna frá þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar Íslendinga og til þeirra margvíslegu gróðabraskara í eyðslugeira þjóðfélagsins, sem núverandi ríkisstjórn hleður undir í samræmi við pólitíska ofsatrú á frelsi fjármagnsins, þá ofsatrú, sem svífur yfir vötnunum hjá Verslunarráðinu og fámennum valdakjarna Sjálfstæðisflokksins. Framsókn er svo leidd með eins og lamb til slátrunar.

Sú eignaupptaka, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, er meiri en dæmi finnast í Íslandssögðu síðari alda. Engin þörf er að lengja hér mál með því að ræða afleiðingar þessarar stefnu fyrir afkomuhorfur og lífsskilyrði þess fólks sem á landsbyggðinni býr. Þær þekkir hvert barn á Vestfjörðum, þótt ýmsir virðist hins vegar þurfa að ná nokkuð háum aldri hér kringum Arnarhólinn til þess að skilja svo einfalda hluti.

Þjóðartekjur nálægt hámarki.

Þegar þessi mál eru skoðuð, ber öllum að hafa vel í huga, að ekkert af þeim mörgu milljörðum króna, sem á skömmum tíma hafa verið gerðir upptækir hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi, hafa runnið til sjómanna eða fiskverkunarfólks. Þvert á móti hefur kaupmáttur almennra launa verið skertur um nær 30% frá 1982 samkvæmt opinberum upplýsingum (sjá t. d. rit Seðlabankans, Hagtölur mánaðarins, febrúar 1985, bls. 31), og auðvitað hafa lífskjör verulegs hluta sjómannastéttarinnar versnað enn meir, þar sem þorskafli hefur dregist saman.

Ætlar svo einhver að halda því fram, að kjaraskerðingin sé orðin slík, vegna minnkandi þjóðartekna?

Reynið það ekki, því fyrir liggur að á árunum 1984—1985 eru þjóðartekjur á mann taldar verða aðeins 5 til 6% lægri en þær voru 1982 samkvæmt opinberu mati Þjóðhagsstofnunar. Slíkt réttlætir ekki 30% kjaraskerðingu.

Framleiðsla sjávarafurða ósjaldan meiri en nú.

Eða ætlar máske einhver að halda því fram, að skuldir sjávarútvegsins á Íslandi hafi hækkað á aðeins tveimur árum frá því að vera helmingur samanlagðra eigna útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja upp í það að vera tveir þriðju þessara eigna, aðeins vegna þess að aflaverðmæti hefur minnkað?

Reynið það ekki heldur, því sú er ekki skýringin á þeirri eignatilfærslu upp á 6 milljarða króna, sem hér hefur verið vakin athygli á. Opinberar upplýsingar Þjóðhagsstofnunar votta, að framleiðsla sjávarafurða hefur aðeins tvisvar sinnum orðið meiri á Íslandi en hún varð á árinu 1984, og var það á árunum 1980—1981. Í slíkum samanburði milli ára, þá er að sjálfsögðu ekki verið að bera saman heildartonnafjölda landaðs afla, **heldur verðmæti.** Þjóðhagsstofnun telur nú, að framleiðsla sjávarafurða á síðasta ári hafi orðið nánast hin sama og hún var á árinu 1979, sem var metár fram að þeim tíma, — og það er mat sömu stofnunar, að reikna megi með meiri framleiðslu sjávarafurða á því ári sem nú er hafið.

Og takið eftir: **Samkvæmt opinberu mati Þjóðhagsstofnunr, þá verður sjávarafurðaframleiðslan aðeins 4—5% minni að jafnaði hérlendis á árunum 1983—1985, að báðum meðtöldum, heldur en hún var að jafnaði á árunum 1978–1982. Þarna munar reyndar langmest um hið slæma aflaár, 1983, — en á árinu 1984 er sjávarafurðaframleiðslan talin hafa verið um 3% minni en hún var að jafnaði 1978 til 1982, og í ár er hún talin verða aðeins 1% minni heldur en hún var á þessum sömu viðmiðunarárum, og það þrátt fyrir kvótann.**

Mest er það því af mannavöldum.

Skýringin á 6000 milljón króna tapi liggur ekki þarna og ekki er það heldur verðfall á erlendum mörkuðum, sem hér er um að kenna. Mest er þetta því af mannavöldum, og að baki hinnar stórkostlegu eignatilfærslu standa þau pólitísku öfl, sem vilja gjörbylta íslensku þjóðfélagi eftir lögmálum fjölþjóðlegrar „frjálshyggju". Þessi pólitísku öfl standa nú fyrir flutningi á fjármagni, sem nemur milljörðum á milljarða ofan frá sjávarútveginum til yfirbyggingarinnar á suðvesturhorni landsins, þar sem hvers kyns verslun og viðskipti ásamt svokallaðri þjónustu fleyta rjómann af striti þeirra er að framleiðslustörfunum vinna. **Þeir sem fyrir þessu standa vilja ekki, að sjávarútvegurinn standi á eigin fótum, heldur að þar séu bónbjargamenn reyrðir á skuldaklafa. Þeir sem gert hafa hina fjölþjóðlegu frjálshyggju að sínum pólitísku trúarbrögðum, telja, að allt okkar basl við sjávarútveg og landbúnað séu aðeins leifar frá liðinni tíð. Þess vegna má eignamyndun bara verða í kringum verslunina, „þjónustuna" og allt viðskiptalífið, — en sjávarútvegurinn á hins vegar að sitja uppi með skuldirnar og menn fá að róa svona fyrir náð. Þannig hyggjast postularnir færa sönnur á, að trú þeirra á gullkálf fjölþjóðlegrar „frjálshyggju" sé líka sú eina rétta! Ekkert nema tap á tap ofan í sjávarútveginum svo ekki sé nú talað um landbúnað, meðan viðskiptalífið blómstrar!**

Nú þarf nýja samstöðu og nýja ríkisstjórn — og máske nýtt flokkakerfi.

En þarf þetta að vera svona? — Nei ekki aldeilis. Hérna er spurningin aðeins um pólitíska stefnu, um pólitískan skilning og pólitískan vilja.

Það er sjálfsagt, að sjómenn krefjist 35 000 króna kauptryggingar á mánuði, og vonandi hafa þeir sigur í þeirri baráttu. Hitt er þó enn mikilvægara, að sjómenn og útgerðarmenn, fiskverkunarfólk og stjórnendur fyrirtækja í sjávarútvegi snúi bökum saman og hefji markvissa sókn í því skyni að sækja aftur, þó ekki væri nema hluta af þeim gríðarlegu fjármunum, sem frá þessum aðilum öllum hefur verið rænt. Til þess þarf vissa samstöðu um nothæfar pólitískar aðgerðir hvað varðar stýringu á streymi fjármagnsins um æðar og vefi þjóðfélagsins. Það er í þessum efnum, sem þarf að breyta um stefnu. Til þess þarf nýja ríkisstjórn og máske nýtt flokkakerfi. Til þess þarf lágmarkssamstöðu þeirra, sem harðast hafa orðið úti vegna núverandi stjórnarstefnu, — en það eru almennt launafólk á sjó og

landi, í þéttbýli og strjálbýli, framleiðsluatvinnuvegirnir og þar með byggðarlögin úti um landið og fólkið allt, sem þar ber framleiðsluna uppi. Slík samstaða er þó einskis virði, nema menn viti hvað þeir vilja og á hverju samstaðan verður að byggjast. Milljarðar króna hafa verið fluttir frá framleiðsluatvinnuvegunum og frá almennu launafólki og til gróðafyrirtækjanna í eyðslugeiranum. Þetta hefur verið gert með harðvítugum pólitískum aðgerðum. Ef snúa á þessu fjárstreymi við, þarf aðrar pólitískar aðgerðir, og þær þurfa einnig að vera bæði einbeittar og markvissar, því engu verður skilað til baka af fúsum og frjálsum vilja, né heldur fyrir bænastað góðviljaðra manna.

Því miður eru hagsmunaandstæðurnar orðnar skarpari í okkar þjóðfélagi en verið hefur um langt skeið, en sú skipting, sem okkar pólitíska flokkakerfi býður upp á, endurspeglar ekki, nema að mjög takmörkuðu leyti, þessar miklu hagsmunalegu og hugmyndalegu andstæður. Þess vegna er ekki nóg að horfa á flokkana, þegar spurt er, hvaða ríkisstjórn sé hugsanleg til að snúa við hinni uggvænlegu þróun, sem við blasir, snúa veikri vörn í sterka sókn. Þar þarf að horfa á málefni fyrst og fremst, en reyndar líka menn. Standi flokkakerfið í vegi fyrir því að þeir, sem saman þurfa að ná, nái saman, áður en það er um seinan, þá þarf að ryðja flokkakerfinu úr vegi.

Margir góðir talsmenn framleiðsluatvinnuveganna og landsbyggðarinnar hafa verið og eru tengdir núverandi stjórnarflokkum, en þeir hafa ekki náð vopnum sínum um skeið og virðast engu ráða. Átakanlegt er að sjá suma hverja eins og gjörsigraða pólitíska fanga í hershöndum innan víggirðinga þar sem markaðspostularnir ráða lögum og lofum, þar sem æðsta frelsið er talið vera frelsi fjármagnsins og handhafa þess til að leggja áður blómlegar byggðir í rúst. Hér þarf að verða breyting á og hún af stærra tagi. Framleiðsluatvinnuvegirnir þurfa á nýjan leik að eignast öfluga pólitíska talsmenn. Talsmenn, sem skilja hvað í húfi er fyrir byggðarlögin, og láta ekki knésetja sig við fyrsta tilhlaup vígreifra gulldrengja, sem máske hafa ruglast í ríminu við pólitíska niðurdýfingarskírn á einhverju fjölþjóðlegu markaðstorgi.

Milli slíkra fulltrúa framleiðsluatvinnuveganna og verkalýðshreyfingarinnar þarf síðan að skapa gagnkvæman skilning og tryggja samstöðu um markvissa sókn fyrir sameiginlegum lífshagsmunum gegn innlendu og erlendu verslunarauðvaldi. Slík samstaða og sóknarvilji er forsenda þess, að hér geti komist á ný ríkisstjórn, sem dygði til að snúa blaðinu við, — burtséð frá núverandi flokkakerfi, ef nauðsyn krefur. Takist þetta hins vegar ekki, þá er vá fyrir dyrum bæði í bráð og lengd, því ríkjandi stjórnarstefna býður framleiðsluatvinnuvegunum og fólkinu, sem við þá starfar, ekki upp á frelsi, heldur skuldaþrældóm á klafa fjarlægs peningavalds.

Skrifað á þorraþræl 1985.
Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal V.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ NR. 84-6

ÞRÓUNARVERKEFNI

— LEIÐ TIL AÐ EFLA ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUN —

SEPTEMBER 1984

Fylgirit með skýrslu SIL:
Iðnráðgjöf í landshlutunum

Halldór Árnason,
starfsmaður SIL og
Sigurður Guðmundsson
Framkvæmdastofnun
ríkisins tóku saman

0 FORMÁLI

Greinargerð þessi er að mestu leyti samin í nóvember 1983, en hefur verið endurskoðuð lítillega. Mjög áhugaverð þróun hefur átt sér stað á þessu sviði frá því hún var samin. Ekki þótti þó ástæða til að breyta greinargerðinni með tilliti til þessa, þar sem þessi þróun styður þær hugmyndir sem hér eru settar fram.

Aðferðum af því tagi sem hér er greint frá vex nú fylgi víða og því er hægt að byggja á sívaxandi þekkingu við skipulagningu slíkra verkefna hér á landi.

1. INNGANGUR

Á undanförnum árum hefur orðið til þekking og reynsla sem skapar möguleika á að nálgast vandamál byggðaþróunar með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið til þessa. Þungamiðja þessarar nýju reynslu varðar þátt manneskjunnar/athafnamannsins í því flókna viðfangsefni sem það er að stofna og reka arðbært fyrirtæki. Við mótun mótun þeirra hugmynda sem hér eru settar fram um þróunarverkefni(*) er þessi reynsla sett í öndvegi.

Hingað til hafa tvenns konar aðferðir verið taldar líklegar til árangurs í byggðamálum: Annars vegar er um að ræða fjárfestingu í ýmiskonar grunngerð, svo sem samgöngu-mannvirkjum, og hins vegar fjármagnsfyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. Fyrirgreiðsla úr Byggðasjóði hefur komið til viðbótar þeim lánum sem fjárfestingarlánasjóðir hafa getað veitt fyrirtækjum.

Þessar aðgerðir einar sér telja höfundar þessarar greinargerðar ófullnægjandi til lausnar á þeim vandamálum sem framundan eru í atvinnuþróun á Íslandi. Til að byggja upp öflugt og fjölþætt atvinnulíf þarf margs konar ný atvinnustarfsemi að koma til. Nýjar framleiðsluhugmyndir hafa verið of fáar og ekki nægilega vel mótaðar til að skynsamlegt hafi verið að hrinda þeim í framkvæmd.

Opinberar aðgerðir þurfa í meira mæli en verið hefur að örva nýja atvinnustarfsemi. Þróunarverkefni er leið til þess. Hér er um að ræða nýstárlega aðferð til að laða fram og hlúa að því frumkvæði sem býr í lífvænlegum byggðarlögum. Leitað er eftir fólki með frumkvæði og getu til að byggja upp fyrirtæki

---

(*) Höfundar þessarar greinargerðar kalla það átak í atvinnu- og byggðaþróun sem hér er lýst "þróunarverkefni," vegna skorts á öðru betra nafni.

eða þróa nýjungar innan starfandi fyrirtækja. Skapa þarf þessu fólki skilyrði til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Þróunarverkefnið skiptist í tvo meginhluta:

* Undirbúningsverkefni sem felst í gerð verkáætlunar fyrir aðalverkefnið. Áætlunin þarf að miðast við þær forsendur sem fyrir hendi eru í byggðarlaginu.

* Aðalverkefni þar sem hrundið er í framkvæmd aðgerðum sem taldar eru raunhæfar og áhrifaríkastar til að stuðla að öflugri atvinnuþróun í byggðarlaginu.

Með þróunarverkefninu sem heild er reynt að koma af stað atvinnuþróun sem miðist við aðstæður á hverjum stað. Breytingar á þessum aðstæðum, t.d. hvað varðar fjárfestingu í samgöngumannvirkjum, heyra til almennra byggðaþróunaraðgerða og tilheyra ekki þróunarverkefninu.

Þær hugmyndir sem hér eru kynntar byggja að verulegu leyti á reynslu Samstarfsnefndar um iðnþróun í landshlutunum (SIL) af verkefni um stofnun og þróun smáfyrirtækja (**) og þátttöku Íslands í norrænu samstarfi um byggðaþróun. Einnig er byggt á reynslu sem fengist hefur af þessari aðferð í Noregi og Svíþjóð.

Samstarf við norska ráðgjafafyrirtækið INDEVO hefur átt drjúgan þátt í að færa þessa reynslu inn í landið. - Á ráðstefnu sem SIL gekkst fyrir á Þingvöllum 2. september 1983 kynntu fulltrúar frá norska byggðasjóðnum, Gautaborgarháskóla og INDEVO íslenskum embættis- og stjórnmálamönnum hvernig standa má að atvinnu- og byggðaþróun. Í greinargerðinni hér á eftir er einnig tekið mið af undirtektum og ábendingum þátttakenda.

(**) Um reynslu af þessu verkefni vísast til skýrslunnar: "Smáfyrirtækjaverkefnið - Taktu þér tak."

2. LÝSING Á VERKEFNINU

Með þróunarverkefninu er ætlunin að laða fram og hlúa að frumkvæði hjá íbúum í viðkomandi byggðarlagi. Til þess að svo megi verða þarf að vera fyrir hendi þekking og skilningur á raunverulegum aðstæðum byggðarlagsins, væntingum, möguleikum og takmörkunum. Staðarkosti þarf að meta og afla upplýsinga hjá hagsmunahópum og einstaklingum sem líklegir eru til að hafa áhrif á gang mála.

* Vettvangur verkefnisins er atvinnulíf og umhverfi þess í ákveðnu byggðarlagi.

* Þátttakendur yrðu þeir sem hyggja á stofnun eða þróun fyrirtækja og aðilar sem hafa mótandi áhrif á atvinnurekstur.

2.1 Markmið

Fjölþætt og þróttmikið atvinnulíf er undirstaða búsetu og góðra lífsskilyrða og því keppikefli hvers byggðarlags. Markmið þróunarverkefnisins er því:

* að skapa hagstætt umhverfi fyrir fjölbreytt atvinnulíf

* að virkja frumkvæði íbúanna til að byggja upp og efla arðbær og lífvænleg fyrirtæki.

2.2 Forsendur

Heildarfjárfesting á árinu 1984 var 19,0 m.kr.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja batnaði nokkuð á árinu 1984. Þannig varð rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda 136,87 m.kr. í stað 95,5 m.kr. á árinu 1983. Nettó fjármagnsgjöld voru 211,3 m.kr., þannig að tap á rekstri Hitaveitu Suðurnesja varð (74,5) m.kr.

Keflavíkurflugvöllur kaupir um það bil 55% af

heildarvatnsmagninu.

Tekjur af raforkusölu voru 37 m.kr. og var það góð búbót fyrir rekstur fyrirtækisins. Ætla má að raforkusala skili góðum arði á næstu árum, ef ekki kemur til óvæntra breytinga. Háþrýstigufa er notuð til að framleiða rafmagn í gufuhverfli 1. Nú eru þrír gufuhverflar í gangi og framleiða þeir samtals 8 MW. Orkuverið notar sjálft milli 1 og 2 MW. Önnur raforka, um 6 MW, er seld Landsvirkjun, sem aftur selur hana inn á dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins.

Vert er að geta þess, að nú hafa verið afskrifuð um 23,6% af heildarkostnaði eða um 460 m.kr. af 1.953 m.kr.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1984 kr.	1983 kr.
Rekstrartekjur	279.288.964	205.709.771
Rekstrargjöld	(142.480.900)	(110.156.023)
Nt.fjármagnstekjur (gjöld)	(211.259.600)	(192.991.223)
Hagnaður (Tap)	(74.451.636)	(97.437.475)
Eignir	1.907.257.051	1.472.092.900
Skuldir	1.834.699.352	1.349.629.995
Eigið fé	72.557.699	122.462.905

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1984 var 37 manns og hafði fjölgað um 2 á árinu.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1985

Gert er ráð fyrir nokkurn veginn hallalausum rekstri á árinu 1985 að undanskildum afskriftum gengisjöfnunarreiknings.

Reiknað er með 40% hækkun tekna, en sú hækkun er að stórum hluta vegna samningsbundinnar hækkunar vatnsverðs til varnarliðsins. Gert er ráð fyrir 20% hækkun tekna af öðrum

notendum.

Áætlað er að leggja í framkvæmdir á árinu 1985 fyrir 35,4 m.kr., er skiptast í stórum dráttum þannig:

	m.kr.
Orkuver II - vélbún. o.fl.	4,8
Gufuöflun	2,5
Rannsóknir	1,5
Kaldavatnsöflun	4,2
Dreifikerfi til nýrra notenda	15,2
Birgðageymsla Njarðvík	5,5
Svæðisfrágangur o.fl.	1,7

Ef litið er lengra fram í tímann, er gert ráð fyrir, að greiðslustaða Hitaveitu Suðurnesja verði góð á árinu 1985, en árin 1986-1988 verði hún erfið, þar sem þá koma til af fullum þunga afborganir af lánum. Eftir það ætti að vera nokkuð bjart framundan í rekstri Hitaveitu Suðurnesja.

Með lögum um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja var í maí 1984 lagður grundvöllur að því að breyta hitaveitunni í almennt orkuveitufyrirtæki. Heimildir til þess, að hitaveitan standi að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu, eru auknar, en háð því skilyrði, að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun. Hinn 17. maí s.l. var undirritaður samningur milli iðnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands, með fyrirvara um samþykki hennar, og stjórnar Hitaveitu Suðurnesja um kaup hitaveitunnar á öllum eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum.

Jafnframt hefur náðst samkomulag um sameiningu allra rafveitna á Suðurnesjum og að Hitaveita Suðurnesja taki við þeim. Við það breytist eignaraðild ríkisins að hitaveitunni og verður væntanlega 20% í stað 40% áður.

Frá og með 1. júlí n.k. eða í síðasta lagi 1. janúar 1986 mun Hitaveita Suðurnesja sjá um alla raforkusölu á Suðurnesjum.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins frá 30. marz 1984 til næstu þriggja ára eru Ólafur G. Einarsson, alþingismaður, skipaður af fjármálaráðherra, og Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra, skipaður af iðnaðarráðherra.

Á aðalfundi hitaveitunnar, hinn 29. marz 1985, voru kjörnir til þess að sitja í stjórn Hitaveitu Suðurnesja auk framangreindra: Steinþór Júlíusson, bæjarstjóri, formaður, Albert K. Sanders, bæjarstjóri, og Finnbogi Björnsson, oddviti. Framkvæmdastjóri er Ingólfur Aðalsteinsson.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS h.f.

Rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f. 1984

Heildarinnlán jukust um 55,5%, en innlánsaukning allra viðskiptabankanna á árinu 1984 varð að meðaltali 35,3%. Í árslok námu heildarinnlán bankans 1.797.932 þús.kr. Heildarútlán bankans í lok ársins 1984 voru 1.602.590 þús.kr. án útlána Veðdeildar. Útlán jukust um 50,9% á árinu.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga hefur breytzt lítið, en hlutur iðnaðar og byggingarverktaka er eftir sem áður langmestur, eða 42,4%.

Heildarútlán Veðdeildar námu í árslok 427.261 þús.kr. og er það 51,2% aukning frá fyrra ári. Lántökur Veðdeildar hjá lífeyrissjóðum námu 81.032 þús.kr. á árinu, samanborið við 91.382 þús.kr. árið áður og er það 11,3% samdráttur frá fyrra ári.

Lausafjárstaða bankans var neikvæð um 99.667 þús.kr. í lok ársins, samanborið við 46.077 þús.kr. neikvæða stöðu í upphafi

árs.

Heildarinnistæður umfram skuldir í Seðlabankanum námu 198.024 þús.kr. samanborið við 94.828 þús.kr. í árslok 1983.

Á árinu 1984 varð tap á rekstrinum 3.123 þús.kr., en árið 1983 var tekjuafgangur 18.249 þús.kr. Bankaráðið gerði þá tillögu á aðalfundi bankans, 12. apríl 1985, að tap verði jafnað sem hér segir:

	Þús.kr.
Lagt í varasjóð Veðdeildar	(8.943)
Fært til lækkunar óráðstöfuðu eigin fé	12.066
Samtals	3.123

Bankaráð gerði jafnframt þá tillögu, að greiddur verði 5% arður til hluthafa, 3.293 þús.kr., sem færður verður til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé. Arður til hluthafa er reiknaður af hlutafé bankans eins og það var í upphafi ársins 1984, að viðbættum jöfnunarhlutabréfum á árinu 1984.

Meðalfjöldi starfsfólks við bankastörf var 176 árið 1984, samanborið við 150 árið áður.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1984	1983
	Þús.kr.	Þús.kr.
Rekstrartekjur	541.322	651.815
Rekstrargjöld	(544.445)	(633.566)
Hagnaður (Tap)	(3.123)	18.249
Eignir	2.886.720	1.923.845
Skuldir	2.705.388	1.775.617
Eigið fé	181.333	148.228

Í ársbyrjun 1984 ákvað iðnaðarráðherra að gangast fyrir

því, að ríkissjóður seldi 27% eignarhlut sinn í Iðnaðarbanka Íslands h.f. Í maí 1984 var samþykkt á Alþingi lagaheimild til sölunnar. Var þá hluthöfum boðinn forkaupsréttur á hlutabréfum ríkissjóðs í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Það boð stóð til 1. júní 1984, en þá var almenningi gefinn kostur á að kaupa óseld hlutabréf. Hinn 25. júlí 1984 var lokið sölu á öllum hlutabréfum ríkissjóðs í bankanum.

ÍSLENZKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ H.F.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um breytingu á þeim lögum. Íslenzka ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutafjárins en aðrir eigendur nú eru Elkem a/s í Osló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 "til framleiðslu á kísiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur" eins og segir í lögunum.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og járni, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og lítillega til efnaiðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Starfsemi

Járnblendiverksmiðjan var reist á árunum 1977-1980. Framkvæmdir hófust að vísu strax eftir stofnun félagsins 1975,

en lögðust niður er þáverandi meðeigandi, Union Carbide Corporation í New York, dró sig út úr samstarfinu. Framleiðsla hófst vorið 1979, en síðari ofninn var tekinn í notkun haustið 1980.

Rekstur verksmiðjunnar hefur ævinlega gengið mjög vel frá tæknilegu sjónarmiði, en um fjárhagsafkomuna hefur gengið á ýmsu. Orkuskortur háði verksmiðjunni strax fyrsta veturinn, en sölutregða og lágt markaðsverð síðar, allt fram á árið 1983, en þá tók verulega að létta til í rekstri félagsins.

Þrátt fyrir batahorfurnar 1983 var nauðsynlegt að endurskipuleggja fjármál félagsins. Var það gert með því að breyta hluthafalánum í hlutafé og með því að auka hlutafé félagsins með yfirtöku skulda og beinum fjárframlögum eigenda. Loks seldi Elkem a/s þriðjung hlutafjár síns til Sumitomo Corporation, sem er kaupandi að kísiljárni, og var samningur gerður við báða meðeigendur íslenzka ríkisins um sölu á kísiljárni frá Grundartanga, sem tryggir verksmiðjunni minnst 50.000 tonna sölu á ári.

Á árinu 1984 voru framleidd 60.976 tonn af kísiljárni, sem er 22% aukning frá árinu á undan. Útflutningur var 63.454 tonn, 29% meira en árið á undan. Hvort tveggja, framleiðsla og sala, varð meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Reksturinn 1984

Mikil umskipti urðu til hins betra í afkomu Járnblendifélagsins 1984. Í stað 113,5 m.kr. halla 1983, varð 132,2 m.kr. hagnaður árið 1984 eftir að reiknaðar höfðu verið afskriftir 165,3 m.kr. og fjármagnsgjöld 114,7 m.kr., sem að mestu leyti eru vaxtagjöld, en einnig nokkurt gengistap vegna hækkunar á gengi bandaríkjadals.

Sölutekjur félagsins voru 1225,8 m.kr. og hagnaður af rekstrinum nam því tæpum 11% af veltu.

Starfsmannafjöldi var að meðaltali 186 manns, 19 fleiri en 1983.

Helztu tölur úr ársreikningum félagsins eru þessar í millj.króna:

	1984 m.kr.	1983 m.kr.
Rekstrartekjur	1.119,9	588,2
Rekstrargjöld	(873,0)	(588,9)
Nettó fjármagnstekjur (gjöld)	(114,7)	(112,8)
Hagnaður (Tap)	132,2	(113,5)
Eignir	2.345,7	1.842,8
Skuldir	1.525,8	2.158,2
Eigið fé	819,9	(315,5)

Þróun 1985 og horfur

Batinn, sem hófst í rekstri Járnblendifélagsins 1983, hélt áfram allt árið 1984, en nú eru merki um að góðærið sé í hámarki að þessu sinni. Spáð er svipaðri eftirspurn eftir kísiljárni 1985 eins og 1984, en framleiðslugetan í heild hefur aukizt og þar með framboðið. Sölusamningar félagsins við Elkem og Sumitomo Corporation tryggja þó sölu, sem nemur áætlaðri afkastagetu verksmiðjunnar, og það ásamt endurfjármögnun á síðasta ári gerir félaginu kleift að standa af sér öldudali af því tagi, sem vænta má í þessum atvinnurekstri.

Stjórn

Stjórnarmenn tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í marz 1985 eru Barði Friðriksson, hrl., formaður, Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri, og Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur. Elkem a/s tilnefndi tvo stjórnarmenn, Frank

Myhre og Gunnar Viken, og Sumitomo Corporation einn, Kiyotomo Sakuma. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

JARÐBORANIR RÍKISINS

Jarðboranir ríkisins voru stofnaðar 1945 og var fyrirtækið framan af rekið sem deild innan embættis raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt.

Árið 1958 var gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi þessara aðila um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð sérstök borstjórn. Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins.

Í VII. kafla orkulaga nr. 58/1967 er kveðið á um, að Jarðboranir ríkisins skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, og er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur betur henta, að annast reksturinn. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur fyrir rekstri beggja fyrirtækjanna undir yfirstjórn stjórnar gufuborsins og orkumálastjóra.

Rekstur 1984

Á árinu 1984 voru starfræktir fimm snúningsborar, þrír höggborar og fimm kjarnaborar auk ýmissa tækja tengdra borunum. Mikið var unnið að þjálfun starfsmanna og útvegun tækja vegna þróunar nýrrar bortækni við loftboranir og eignaðist fyrirtækið m.a. stærstu loftpressu landsins til þeirra nota.

Boranir á árinu skiptust þannig:

a)	heitt vatn fyrir hitaveitur	7	holur
b)	gufa á háhitasvæðum	3	"
c)	heitt vatn til fiskeldis	5	"
d)	heitt vatn fyrir bændur	6	"
e)	kalt vatn fyrir sveitarfélög	20	"
f)	viðgerð á háhitaholum	4	"
g)	rannsóknarborun vegna jarðhita	10	"
h)	rannsóknarborun vegna mannvirkjagerðar	50	"

Helztu viðskiptavinir Jarðborana voru hitaveitur, sveitarfélög, bændur og aðrir einstaklingar, verksmiðjur og raforkuver. Miðað við árið 1983 varð 20% samdráttur í umfangi verkefna á árinu 1984 og gætir þar þverrandi fjármagns í Orkusjóði. Þrátt fyrir samdráttinn varð hagnaður af rekstrinum um tíundi hluti af tekjum og er það svipað hlutfall og árið 1983. Tókst að halda í horfinu með aðhaldsaðgerðum og minniháttar skipulagsbreytingum. Verði frekari samdráttur í borunum eru breytingar á rekstrinum óhjákvæmilegar, annaðhvort með niðurskurði eða öflun verkefna erlendis.

Fastráðnir starfsmenn við stjórnun voru 9 á árinu, 6 menn unnu að staðaldri í áhaldahúsunum við birgða- og tækjavörzlu og viðhald bora og tækja. Í áhöfn boranna voru 66 menn, þegar flestir voru. Heildarvinnustundafjöldi á árinu var 170.700 klst., hjá fastráðnum mánaðarkaupsmönnum samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna 27.100 klst. og hjá öðrum starfsmönnum 143.600 klst. Seldar vinnustundir í borverkum voru 102.300 klst. Heildarlaunagreiðslur voru 26,2 m.kr.

Iðnaðarráðherra skipaði í júní 1984 nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan í rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og var það álit nefndarinnar að fyrirtækin tvö skuli sameinuð og stofnað hlutafélag um reksturinn með jafnri eignaraðild ríkisins og

Reykjavíkurborgar við stofnun þess. Ljóst er að með slíkri formbreytingu fær stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins aukið aðhald en jafnframt meiri sveigjanleika, auk þess sem ábyrgðir fyrirtækisins takmarkast við hlutaféð, en sú takmörkun er nauðsynleg ef fyrirtækið á að hasla sér völl á erlendum vettvangi.

Borgarstjórinn í Reykjavík og iðnaðarráðherra undirrituðu, 8. maí 1985, samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins. Fyrirvari var gerður um samþykki Alþingis og borgarstjórnar Reykjavíkur. Samkvæmt samningum skal stofnað hlutafélag um reksturinn og er gert ráð fyrir að eignaraðild aðilana verði við stofnun félagsins jöfn. Þá er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig hafi heimild til að selja eignarhlut sinn í félaginu.

Jarðboranir hafa ekki geta greitt af láni því sem tekið var vegna kaupa á jarðborinum Jötni en sá bor var sérstaklega leigður til landsins vegna Kröfluvirkjunar. Lánið er nú allt gjaldfallið og hefur Ríkisábyrgðarsjóður orðið að greiða það. Skuld fyrirtækisins við ríkissjóð er nú 98 m.kr. án dráttarvaxta.

Staða Jarðborana ríkisins (JBR) og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkur (GRR) er:

	JBR		GRR	
	þús.kr.		þús.kr.	
	1984	1983	1984	1983
Rekstrartekjur	73.515	70.665	37.441	30.377
Rekstrargjöld 1)	(65.679)	(60.516)	(31.255)	(23.261)
Fjármagnsgjöld 2)	(103)	(2.578)	(288)	(815)
Hagnaður (Tap)	7.733	7.571	5.898	6.301

1) Þ.m.t. afskriftir.
2) Verðbreytingarfærsla hefur ekki verið reiknuð.

Framkvæmdastjóri frá 1. marz 1983 er Karl Ragnars verkfræðingur.

JARÐVARMAVEITUR RÍKISINS

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 80/1966, en þar segir m.a. að ríkisstjórninni sé heimilt "að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m.a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns".

Með bréfi, dags. 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar. Fyrirtæki þetta gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins og er B-hlutafyrirtæki á fjárlögum.

Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og af öðrum aðilum.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríkisins selja einnig gufu til gufuaflstöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þessa annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga, í samræmi við samning ríkisins við landeigendur jarðanna Reykjahlíðar og Voga.

Rekstur 1984

Jarðvarmaveiturnar seldu Kísiliðjunni 278 þús. tonn af gufu á árinu, þar af 230 þús. tonn á meðaleiningarverðinu 25,61

kr/tonn en afganginn með 25% afslætti skv. ákvæðum í sölusamningi, þannig að meðalverðið miðað við heildarsölu var 24,67 kr/tonn.

Bókfærðar tekjur af gufusölu til Kísiliðjunnar námu 7,2 m.kr. og nýtanlegur varmi 156 GWh, þannig að meðalverð varmans var 4,62 aurar á kWh á árinu 1984.

Gufusalan til Landsvirkjunar á árinu var 142 þús. tonn og samsvaraði það 6,9 GWh raforkuframleiðslu í stöðinni. Tekjur af þessari gufusölu námu 3,8 m.kr., þannig að meðalverð gufunnar var 0,55 kr. á hverja kWh raforku. Rafstöð Landsvirkjunar var starfrækt mánuðina janúar til marz.

Á árinu 1984 sáu Jarðvarmaveitur ríkisins um framkvæmdir á vegum Iðnaðarráðuneytisins við endurbyggingu Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga við Mývatn. Lokið var við lagnir og byggingar, þ.e. hús fyrir varmaskiptistöð ásamt utanhúss frágangi. Á árinu 1985 verður framkvæmdum að fullu lokið.

Halli á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins hefur á undanförnum árum verið mjög mikill, og ljóst er að mikið vantar upp á að rekstur fyrirtækisins standi undir vöxtum og afborgunum af fjárfestingu beirri, er ráðizt hefur verið í. Stafar þetta af umbrotum í Bjarnarflagi, en eftir það drógust sölutekjur fyrirtækisins verulega saman, jafnframt því að allar borholur eyðilögðust og bora þurfti nýjar í þeirra stað.

Í tengslum við úttekt Rekstrarstofunnar á Kísiliðjunni hefur ráðgjafarfyrirtækið lagt til, að Landsvirkjun yfirtaki rekstur Jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi.

Nú er í gangi samningaviðræður milli Iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar um að Landsvirkjun kaupi eignir Jarðvarmaveitnanna í Bjarnarflagi.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1984 kr.	1983 kr.
Rekstrartekjur	11.763.000	10.982.000
Rekstrargjöld	(3.194.000)	(4.677.000)
Fjármagnsgjöld	(11.374.000)	(10.504.000)
Hagnaður (Tap)	(2.805.000)	(4.199.000)
Eignir	69.199.000	63.379.000
Skuldir	134.237.000	111.047.000
Eigið fé (neikvætt)	(65.038.000)	(47.668.000)

KÍSILIÐJAN H.F., VIÐ MÝVATN

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni er nú þannig:

Ríkissjóður 59,8%
Manville International 39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands) 0,4%

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis 14. marz 1983 voru kjörnir þrír fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar h.f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1983 til jafnlengdar 1987. Stjórnarmenn ríkisins eru Sigurður R. Ragnarsson, vélavörður, formaður, Jón Illugason, bóndi, og Lárus Jónsson, bankastjóri.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík.

Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þess félags.

Framleiðsla og sala

Árið 1984 var Kísiliðjunni h.f. einkar hagstætt. Framleidd voru 27.265 tonn af fullunnum kísilgúr, sem er mesta magn sem framleitt hefur verið á einu ári. Þegar verksmiðja Kísiliðjunnar h.f. var reist var gert ráð fyrir að framleiða mætti 22-24.000 tonn á ári með núverandi tækjakosti. Framleiðsla s.l. árs var því vel yfir því marki. Þennan góða árangur má þakka stöðugri viðleitni starfsmanna við að auka afköst og framleiðni verksmiðjunnar.

Á árinu 1984 voru markaðsaðstæður fyrir kísilgúr góðar í Evrópu. Helzta ástæða þess var að vegna hækkandi gengis á bandaríkjadollar hefur útflutningur kísilgúrs frá Bandaríkjunum til Evrópu dregizt saman. Alls voru flutt út frá Kísiliðjunni h.f. 27.005 tonn af kísilgúr. Innanlands voru seld 27 tonn.

Rekstur

Á árinu 1984 námu rekstrartekjur Kísiliðjunnar h.f. að frádregnum útflutningskostnaði 155,3 m.kr. Nettó hagnaður eftir afskriftir, vexti og tekjuskatt nam 10,5 m.kr. Af eignum voru 13,2 m.kr. afskrifaðar og afskrifaður gengismunur af erlendum lánum nam 5,4 m.kr. Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga námu 1,4 m.kr.

Afkoma fyrirtækisins á áriu 1984 var til muna betri en á undangengnum árum. Ástæður þess eru fyrst og fremst hve vel tókst til með framleiðslu og sölu á afurðum fyrirtækisins.

Fjárfestingar voru ekki miklar á árinu 1984. Lokið var við byggingu húss fyrir búningsklefa, böð og kaffistofu starfsmanna. Nokkuð var um endurnýjun á eldri tækjum í verksmiðjunni og umfangsmiklar lagfæringar voru gerðar á skrifstofuhúsi og vöruskemmu.

Rekstrarfjárstaða fyrirtækisins batnaði til muna á árinu og 7,6 m.kr. voru greiddar af lánum til lengri tíma. Engin ný lán voru tekin á árinu 1984.

	1984 kr.	1983 kr.	1982 kr.
Rekstrartekjur	247.128.458	183.384.000	94.876.000
Rekstrargjöld	(231.842.276)	(176.724.000)	(97.207.000)
Fjármagnsgjöld	(4.733.950)	(6.405.000)	(6.204.000)
Hagnaður (tap)	10.552.232	256.000	(8.535.000)
Eignir	209.950.126	170.695.000	101.011.000
Skuldir	33.136.555	39.581.000	24.837.000
Eigið fé	176.813.571	131.114.000	76.174.000

Stjórn og starfslið

Fjöldi fastra starfsmanna var óbreyttur frá fyrra ári, þ.e. 71 yfir vetrarmánuðina og 78 á þeim tíma, sem dæling hráefnis úr Mývatni stendur yfir. Auk þessa er nokkuð um að fólk sé ráðið til starfa tímabundið vegna sumarafleysinga eða skammtíma verkefna þannig að tryggingarskyldar vinnuvikur starfsmanna félagsins svöruðu til þess að meðalfjöldi starfsmanna væri 83. Engin breyting varð á stjórn fyrirtækisins á árinu.

Heildarfjárhæð launa til starfsmanna og stjórnar á árinu var 31 m.kr.

Önnur mál

Á fyrra hluta ársins 1984 fól Iðnaðarráðuneytið Rekstrarstofunni í Kópavogi að gera athugun á rekstri Kísiliðjunnar h.f. Meginniðurstaða athugunarinnar var að á heildina litið sé rekstur Kísiliðjunnar h.f. góður. Jafnframt var á það bent í skýrslunni að raforkukostnaður hjá fyrirtækinu hafi hækkað óeðlilega mikið á undanförnum árum, miðað við

almenna verðlagsþróun í landinu. Þetta var Kísiliðjunni h.f. löngu ljóst og hefur verið leitað eftir því allt frá árinu 1981 að fá raforkuverð lækkað. Vorið 1984 fékkst nokkur breyting hér á, þar sem raforka til dælingar á hráefni úr Mývatni fékkst keypt samkvæmt svokölluðum sumartaxta. Við það lækkuðu heildarútgjöld fyrirtækisins til raforkukaupa um 13%.

Frá því á árinu 1980 hefur allur kísilgúr verið fluttur út á vörupöllum. Til þess að auka hagkvæmni í flutningum og að bæta vörumeðferð var ákveðið á fyrri hluta ársins 1984 að stefna að því að flytja allan kísilgúr út í vörugámum. Aðstæður til að meðhöndla gáma voru ekki fyrir hendi í Húsavíkurhöfn en á s.l. hausti stóð Húsavíkurbær fyrir því að stórbæta þá aðstöðu. Í árslok 1984 voru 30% af öllum kísilgúr flutt út í vörugámum og stefnt er að því að það hlutfall verði komið í 50-60% fyrir árslok 1985 og 100% í árslok 1986.

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville International framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996.

Námaleyfi til handa Kísiliðjunni h.f. var upphaflega gefið út þann 13. ágúst 1966 og gildir til 20 ára frá útgáfu þess.

Leyfið felur í sér heimild til að vinna hráefni frá kísilgúrnámunni á botni Mývatns.

Á fundi stjórnar Kísiliðjunnar h.f. þann 21. júní 1984 var samþykkt að óska eftir því við Iðnaðarráðuneytið að það endurnýjaði ofnagreint leyfi þrátt fyrir að gildistími þess væri ekki útrunninn fyrr en í ágúst árið 1986.

Iðnaðarráðuneytið leitaði eftir umsögn Náttúruverndarráðs um endurnýjun leyfisins. Náttúruverndarráð lagði til að leyfið yrði einungis framlengt í 5 ár og beðið yrði með frekari framlengingu þar til niðurstöður rannsókna um áhrif námavinnslunnar á lífríki Mývatns lægju fyrir. Þann 30. janúar

1985 gaf iðnaðarráðherra síðan út leyfi til handa Kísiliðjunni h.f. til að stunda námavinnslu á Mývatni í 15 ár, frá 13. ágúst 1986 að telja. Leyfisveiting til skemmri tíma hefði veikt mjög stöðu Kísiliðjunnar h.f. Má þar til dæmis nefna að starfsmenn fyrirtækisins byggju þá við mikið öryggisleysi um framtíð sína, og hætt er við stöðnun fjárfestingarákvarðana. Ennfremur er þá hætt við að viðskiptavinir fyrirtækisins teldu Kísiliðjuna h.f. ekki nægilega traustan seljanda kísilgúrs í framtíðinni.

Horfur í upphafi ársins 1985

Efnahagur Kísiliðjunnar h.f. hefur batnað til muna á s.l. tveimur árum og verður nú að teljast nokkuð góður. Markaðshorfur eru góðar og allar aðstæður fyrir hendi til að framleiða a.m.k. jafnmikið og á s.l. ári.

Ráðgerðar eru nokkrar fjárfestingar á árinu 1985 og ber þar hæst sjálfvirkar vélar til að stafla kísilgúrpokum á vörupalla. Vélar þessar munu bæta pökkun kísilgúrsins, sem síðan leiðir af sér bætta vörumeðferð og aukna hagkvæmni í gámaflutningum.

KÍSILMÁLMVINNSLAN H.F.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981, til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25-30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í marz 1982. Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til, að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 70, er heimila ríkisstjórninni að beita sér

fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn hlutafélagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera, samkvæmt 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986-88 og miða allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu, þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýzka fyrirtækið Mannesmann Demag, sem tryggir verksmiðjunni allan helzta véla- og rafbúnað á hagstæðu verði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykkt Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutafjár félagsins. Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í marz 1984. Stærð og gerð allra helztu bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hefur einnig verið ákveðið. Á grundvelli forhönnunar miðað við aðstæður á verksmiðjusvæðinu hefur stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar verið endurskoðuð. Heildarkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 2.366.000.000 kr. (58 millj.$), þar af er undirbúnings- og gangsetningarkostnaður áætlaður 142.000.000. kr. (3,5 millj.$), en byggingarkostnaður 2.224.000.000 kr. (54,5 millj.$). Áætlunin er miðuð við verðlag í janúar 1985 og eru 49% kostnaðar innlendur en 51% erlendur. Heildarframkvæmdatími frá upphafi verks til gangsetningar fyrri ofns er áætlaður 28 mánuðir, en síðari ofn yrði gangsettur 6 mánuðum síðar.

Í maí 1983 ákvað iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum Stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni h.f. á Reyðarfirði. Var

þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason, fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar, og Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóra, að þeir störfuðu með undirnefnd Stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki, er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá hafa komið hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísleif Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr Stóriðjunefnd og Geir H. Haarde og Axel Gíslason, samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f., í viðræðunefnd, sem hafi með höndum samningaumleitanir við aðila, er áhuga hafa á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar hefur verið Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar h.f. Einnig hafa starfað með nefndinni Magnús Magnússon, verkfræðingur Kísilmálmvinnslunnar h.f., Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur, Garðar Ingvarsson, deildarstjóri hjá Seðlabanka Íslands, og Hermann Sveinbjörnsson, deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu.

Þegar þetta er skrifað á nefndin í viðræðum við nokkur erlend fyrirtæki, en ekki hefur fengizt niðurstaða á því, hvort þau eru tilbúin til þátttöku í rekstri og byggingu kísilmálmverksmiðju á Íslandi og þá á hvaða grundvelli. Ljóst er að síðustu áætlanir og spár um þróun kísilmálmmarkaðarins á næstu 10-15 árum einkennast ekki af þeirri bjartsýni sem forsendur hagkvæmniathugunar Iðnaðarráðuneytisins frá 1982

byggðust á. Ennfremur hefur raforkuverð í viðmiðunar- og samkeppnislöndum okkar fremur lækkað en hækkað á s.l. 2-3 árum og hefur það veikt okkar samkeppnisstöðu til að draga að erlent áhættufjármagn inn í fyrirtækið. Af þessum ástæðum hafa átt sér stað viðræður við Landsvirkjun um mismunandi skilmála raforkusölusamnings. Ennfremur hefur stofnkostnaðaráætlun verið endurskoðuð með tilliti til möguleika á hagræðingu og lækkun heildarkostnaðar. Vonazt er til að hægt verði að tryggja viðunandi samkeppnishæfni fyrirtækisins þannig að samningar takist við erlenda meðeigendur. Búizt er við niðurstöðu í því sambandi í lok sumars 1985. Ekki er að vænta endanlegrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um byggingu verksmiðjunnar fyrr en að fengnum þeim niðurstöðum.

Ríkissjóður greiddi 8,2 m.kr. í hlutafjárframlag á árinu 1982, 20 m.kr. 1983 og 12,5 m.kr. 1984.

Stjórn

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi Sameinaðs Alþingis í maí 1984:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Halldór Árnason, efnafræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. alþingismaður, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iðnaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri er Geir A. Gunnlaugsson.

LANDSSMIÐJAN

Landssmiðjan var stofnuð 17. janúar 1930 og hefur starfað eftir lögum nr. 102/1936. Fyrirtækið hefur heyrt beint undir

iðnaðarráðherra síðustu áratugi.

Í febrúar 1984 var Helga G. Þórðarsyni, verkfræðingi, falið að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Markmið könnunarinnar var m.a. að auðvelda ákvörðun um áframhaldandi rekstur á fyrirtækinu og aðstoða starfsmenn við að meta möguleika á að kaupa fyrirtækið.

Helztu niðurstöður könnunarinnar voru m.a.:

1. Ekki væri nauðsynlegt að ríkið ætti og ræki fyrirtækið til þess að markmiðum þess yrði náð.

2. Tekjuafgangur í rekstri án verðbreytingarfærslna og aukafyrninga var neikvæður árið 1982 um (2.000 þús.kr.) en árið 1983 neikvæður um (3.811 þús.kr.).

3. Líkur benda til að auka megi sölumagn með því að endurskipuleggja aðstöðu og starfsháttu, draga úr kostnaði þjónustudeilda, fá meiri verkefni og auka framleiðni.

Hinn 8. marz 1984 stofnuðu 52 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll að samkomulagi við Iðnaðarráðuneytið um kaup á Landssmiðjunni og kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis.

Hinn 15. marz 1984 skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn til að annast viðræður um sölu Landssmiðjunnar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarlögfræðing, Gunnlaug Claessen, ríkislögmann, Guðmund Malmquist, hdl. Með nefndinni starfaði Helgi G. Þórðarson.

Að lokinni upplýsingasöfnun um eignir fyrirtækisins, ástand tækja, viðskiptavild og allmarga samningafundi var undirritaður kaupsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar h.f. (hlutafélags í eigu 23ja starfsmanna

Landssmiðjunnar) hinn 20. september 1984. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis.

Meginatriði kaupsamningsins eru:

a) Ríkissjóður selur hlutafélaginu Landssmiðjunni h.f. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum, hlutabréfum í Tollvörugeymslunni h.f. og viðskiptakröfum. Kaupverðið er kr. 22.115.638,00.

Undanskilið sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands h.f. og Sameinuðum verktökum h.f., tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar síðastliðin ár, og fasteignir Landssmiðjunnar.

b) Kaupverðið greiðist þannig að kaupverð véla og tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun, en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til 8 ára. Viðskiptakröfur greiðast með yfirtöku viðskiptaskulda. Lager greiðist með verðtryggðu skuldabréfi til 4 ára.

Lán vegna kaupanna eru tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum.

c) Áskilið er af hálfu ríkisins að hlutafé í Landssmiðjunni verði eigi minna en kr. 4.000.000.

d) Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda fasteignir Landssmiðjunnar til allt að 15 ára.

e) Seljandi skuldbindur sig til að beita sér fyrir því að erlendir aðilar, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, veiti samþykki sitt fyrir því að umboðin verði yfirfærð til Landssmiðjunnar h.f.

f) Seljandi lofar að beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a.m.k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan h.f. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.

g) Afhending eignanna fór fram 1. janúar 1985.

Meðal fasteigna Landssmiðjunnar er grunnur að nýbyggingu við Skútuvog, en áform voru uppi um að flytja Landssmiðjuna þangað meðan hún var í ríkiseign.

Fjárfest var í grunni þessum að upphæð 60 m.kr. og hefur Ríkissjóður yfirtekið þá fasteign, og er nú verið að afla tilboða í grunninn.

Um nánari upplýsingar um sölu fyrirtækisins vísast til frumvarps til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna. Frumvarp þetta var samþykkt á Alþingi í desember 1984 og tók hlutafélagið Landssmiðjan h.f. við rekstri fyrirtækisins 1. janúar 1985.

Rekstur 1984

Í tengslum við úttekt Helga G. Þórðarsonar og Rekstrarstofunnar fór fram á árinu 1984 endurskipulagning á rekstri fyrirtækisins. Höfðu hluthafar í Landssmiðjunni h.f. forystu um þá endurskipulagningu, sem unnin var utan venjulegs vinnutíma, og bar hið nýja hlutafélag kostnað þeirrar vinnu.

Fest voru kaup á tölvu og samtengd hugbúnaðarkerfi fyrir alla starfsemina, lagerar sameinaðir og verkstæði flutt á jarðhæð. Öllu starfsfólki ríkisfyrirtækisins var sagt upp störfum frá og með 1. janúar 1985 og réð hið nýja hlutafélag

mestan hluta þess starfsfólks aftur.

Af tæknilegum, fjárhagslegum og ýmsum öðrum ástæðum var hætt við þróun tilraunaverksmiðju fyrir fiskimjöl og tækjabúnaði komið í geymslu. Engar framkvæmdir voru við nýbyggingu í Skútuvogi á árinu.

Tap var á rekstri Landssmiðjunnar á árinu 1984 og nam 1.443 m.kr. fyrir fjármagnsgjöld. Hlutur verzlunar af veltu nam 59% en hlutur iðnaðar 41%. Verkfall opinberra starfsmanna í október olli nokkru tekjutapi.

Staða samkvæmt rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984 kr.	1983 kr.
Rekstrartekjur	60.375.000	52.460.000
Rekstrargjöld	(61.818.000)	(54.396.000)
Fjármagnstekjur (gjöld)	(7.129.000)	5.975.000
Hagnaður (Tap)	(8.572.000)	4.039.000
Eignir	117.158.000	102.653.000
Skuldir	62.529.000	57.149.000
Eigið fé	54.629.000	45.504.000

Árið 1984 störfuðu að jafnaði 65 menn hjá fyrirtækinu.

Forstjóri Landssmiðjunnar 1984 var Sigurður Daníelsson.

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 samkvæmt lögum nr. 59 frá 20. maí 1965 og áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg sinn helminginn hvor. Í lögunum var ákvæði, sem heimilaði eigendum Laxárvirkjunar að ákveða, að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita eftir heimild eigenda sinna til að athuga möguleikana á sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eigenda beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, sem undirritaður var 27. febrúar 1981. Tók samningurinn gildi 1. júlí 1983 og á ríkissjóður frá þeim tíma áfram 50% í Landsvirkjun, en Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun, nr. 42 frá 23. marz 1983. Í þeim eru ýmis nýmæli í samræmi við sameignarsamninginn og til staðfestingar þeirri þróun, sem orðið hefur hjá Landsvirkjun frá því fyrirtækið var sett á stofn árið 1965. Iðnaðarráðherra staðfesti nýja reglugerð fyrir Landsvirkjun þann 16. nóvember 1983. Er hún nr. 760/1983 og tók gildi 30. nóvember. Í henni er að finna nánari útfærslu og skýringar á lögunum um Landsvirkjun.

Yfirlit 1984

Vatnsbúskapurinn reyndist Landsvirkjun hagstæður allt árið og nam heildarorkuöflun Landsvirkjunar 3.663 GWst. Er hér um að ræða aukningu frá fyrra ári um 234 GWst eða 6,8%. Raforkuvinnslan jókst um 230 GWst eða 7% frá 1983 og nam 3.508 GWst, sem var 89,6% af raforkuvinnslu landsins í heild, en hún nam 3.914 GWst. Hlutur Landsvirkjunar í raforkuvinnslu vatnsaflsvirkjana reyndist 93,7%. Raforkukaup Landsvirkjunar námu 30 GWst frá Hitaveitu Suðurnesja og 125 GWst frá Kröfluvirkjun eða alls 155 GWst, sem er 4,2% af heildarorkuöflun Landsvirkjunar. Aukningin í raforkukaupunum

nam um 4,0 GWst eða 3,3%.

Raforkusala Landsvirkjunar til almenningsrafveitna jókst um 25 GWst eða 1,7%. Er þetta mun minni aukning en áætlað hafði verið, einkum vegna minni rafhitunar en gert hafði verið ráð fyrir og samdráttar í efnahagslífinu. Í þessum samanburði er hlutur Laxárvirkjunar í rafmagnssölunni á fyrri hluta árs 1983 meðtalinn. Sé það hins vegar ekki gert er aukningin 110 GWst eða 8,2%. Salan til stóriðju jókst um 119 GWst eða 6,2%. Alls nam raforkusalan 3.150 GWst, sem er 6,9% aukning, en töp og eigin notkun námu 153 GWst eða 4,2% af heildarorkuöfluninni.

Gjaldskrá Landsvirkjunar gagnvart almenningsrafveitum hækkaði aðeins einu sinni á árinu og var það hinn 1. maí, er hún hækkaði um 5%. Meðalverð ársins til almenningsrafveitna hækkaði um 29,9%, borið saman við árið á undan. Meðalverðið til ÍSALS og Áburðarverksmiðjunnar hækkaði um 59,9% og til Íslenzka járnblendifélagsins h.f. um 10,2% og er þá miðað við verðið í ísl. krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga og samningsbreytinga.

Hinn 13. september 1984 var gerð sú breyting á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Íslenzka járnblendifélagsins h.f., að til viðbótar hinu samningsbundna rafmagnsverði er Landsvirkjun tryggð viss hlutdeild í hagnaði félagsins nái hann ákveðnu marki og að fullnægðum tilteknum skilyrðum varðandi eiginfjárstöðu félagsins.

Á árinu lauk endurskoðun rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSALS til verulegra hagsbóta fyrir Landsvirkjun. Við gildistöku nýja samningsins hinn 30. nóvember 1984 hækkaði orkuverðið til ÍSALS úr 9,5 mill á kWst samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi frá 23. september 1983 í 12,5-18,5 mill eins og sérstök reikniformúla kemur til með að ákveða nánar ársfjórðungslega næstu 20 árin með tilliti til álverðs í heiminum. Gerir samningurinn jafnframt ráð fyrir því að á 5 ára fresti megi endurskoða hið samningsbundna verð ef sérstakar

aðstæður eru fyrir hendi og að tuttugu árum liðnum geti hvor aðili sem er framlengt samninginn um 10 ár til viðbótar og skal þá ákveða rafmagnsverðið á nýjan leik eftir tilteknum reglum.

Framkvæmdir voru hafnar við jarðgangagerð og aðrar byggingarframkvæmdir Blönduvirkjunar og miðaði þeim samkvæmt áætlun sem og framkvæmdum við Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Meginhluti véla og rafbúnaðar Blönduvirkjunar var boðinn út, en úrvinnslu og samanburði tilboða var ekki lokið í árslok. Stefnt hefur verið að því að ljúka framkvæmdum við Kvíslaveitu og Þórisvatn 1986 og taka fyrstu vél Blönduvirkjunar í rekstur 1988. Tímasetningar þessar voru til endurskoðunar í árslok með tilliti til fyrirsjáanlegrar lækkunar á orkuspá og óvissu um aukningu orkufreks iðnaðar á næstu árum.

Framkvæmdum við Suðurlínu lauk á árinu og var hún tekin í notkun í nóvember 1984 að viðstöddum iðnaðarráðherra. Var 132 kV hringtengingu landsins þar með lokið og öryggi dreifikerfis Landsvirkjunar verulega aukið.

Eins og undanfarin ár var unnið við virkjanarannsóknir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og eru þær það vel á veg komnar að segja má að Vatnsfellsvirkjun (98 MW), Sultartangavirkjun (120 MW) og stækkun Búrfellsvirkjunar (140 MW) séu allt virkjunarkostir, sem bjóða megi út með stuttum fyrirvara. Að öðru leyti beindust virkjanarannsóknir einkum að Fjótsdalsvirkjun (252 MW), sem einnig hefur verið verkhönnuð.

Í samræmi við nýmæli í lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 var fyrsti ársfundur Landsvirkjunar haldinn 27. apríl 1984, en samkvæmt lögunum ber að halda hann í apríl ár hvert. Fundur þessi markaði tímamót í sögu fyrirtækisins, sem nú hefur breytzt úr landshlutafyrirtæki í meginraforkuframleiðanda fyrir landið í heild. Á fundinum var gerð grein fyrir þróun Landsvirkjunar frá upphafi, stöðu fyrirtækisins og horfum með tilliti til fjárhagsafkomu, framkvæmda og rannsókna. Fundinn

sóttu fulltrúar eigenda Landsvirkjunar og samtaka sveitarfélaga auk stjórnar og starfsmanna fyrirtækisins. Voru þátttakendur alls 80 talsins, en ársfundi Landsvirkjunar er ætlað að vera fastur samráðsvettvangur þessara aðila um málefni fyrirtækisins.

Vegna aukinna umsvifa Landsvirkjunar í kjölfar yfirtöku byggðalína og sameiningar Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar á árinu 1983 var í ársbyrjun samið við þrjá rekstrarráðgjafa um athugun á hinum ýmsu þáttum í starfsemi fyrirtækisins með það fyrir augum að koma á aukinni hagræðingu og draga úr kostnaði. Niðurstöður og tillögur ráðgjafanna lágu að mestu leyti fyrir í lok ársins og er stefnt að því að taka afstöðu til þeirra á árinu 1985.

Afkoma Landsvirkjunar 1984

Rekstrarafkoma Landsvirkjunar var hagstæð á árinu 1984 um 15,7 milljónir króna. Var hér um breytingu til batnaðar að ræða, þar sem Landsvirkjun hafði búið við meiri og minni rekstrarhalla á árunum 1978-1983, að báðum meðtöldum. Þá var greiðslujöfnuður ársins 1984 hagstæður um 246,5 milljónir króna.

Tekjur Landsvirkjunar námu alls um 2.200 m.kr. á árinu 1984 og gjöld um 2.023 m.kr. og eru þá orkukaup frá Kröfluvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð alls um 161 m.kr. ekki meðtalin. Stærsti gjaldaliðurinn er fjármagnskostnaður, sem er um 1.685 m.kr. eða 83,3% gjaldanna og skiptist þannig, að vextir nema um 1.056 m.kr. og afskriftir um 629 m.kr. Almennur rekstrarkostnaður nam um 337 m.kr. eða 16,7% af gjöldum.

Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði aðeins einu sinni á árinu, þ.e. um 5% hinn 1. maí, og hafði þá verið óbreytt frá 1. ágúst 1983. Frá þeim tíma og til síðustu áramóta lækkaði gjaldskrárverðið því að raungildi um 20% miðað við

byggingarvísitölu. Verðið til ÍSALS hækkaði á árinu úr 9,5 mill á kWst í 12,6 mill hinn 30. nóvember s.l. samkvæmt hinum nýja samningi við ÍSAL. Vegna þessarar hækkunar og gengisbreytinga hækkaði verðið til ÍSAL á árinu um alls 87,6% í íslenzkum krónum reiknað. Verðið til Áburðarverksmiðjunnar fylgdi verðinu til ÍSALS. Verðið til Járnblendifélagsins var 5,4 norskir aurar á kWst allt árið, en hækkaði vegna gengisbreytinga um 14,1% í íslenzkum krónum reiknað.

Í árslok námu bókfærðar eignir Landsvirkjunar alls um 25.747 m.kr. og skuldir alls um 17.012 m.kr. Eigið fé nam mismuninum eða um 8.735 m.kr. króna, að jafnvirði um 215 milljónum dollara, sem er um 34% af heildareign. Við stofnun Landsvirkjunar 1965 nam eigið fé fyrirtækisins um 1.048 milljónum króna á verðlagi í árslok 1984. Það hefur því um það bil áttfaldast til ársloka 1984 og er hér um verulega aukningu að ræða. Sogsvirkjanirnar þrjár urðu skuldlaus eign Landsvirkjunar á árinu og skuldir vegna Laxárvirkjunar námu aðeins um 57 milljónum króna í árslok. Skuldir vegna hinna svonefndu Búrfellsvirkja voru þá komnar niður í um 860 m.kr., að jafnvirði um 21 milljón dollara, sem verðmætislega séð svarar til Búrfellslínu 1 og 2. Jafngildir þetta því að í árslok hafi Búrfellsvirkin að öðru leyti verið orðin skuldlaus eign Landsvirkjunar, þ.e. Búrfellsstöðin sjálf, spennistöðin á Geithálsi, gasaflstöðin í Straumsvík og stór hluti Þórisvatnsmiðlunar.

Í árslok 1984 nam hlutur bandaríkjadollars 39,4% í heildarskuld Landsvirkjunar og hafði þá lækkað úr 70,8% í árslok 1981 eða um 31,4% á þrem árum. Er þetta afleiðingin af þeirri stefnu Landsvirkjunar á þessu árabili að draga úr vægi dollarans í skuldabyrði fyrirtækisins með því að taka engin ný lán til langs tíma í dollurum og greiða upp fyrirfram eldri dollaralán með breytilegum vöxtum og nota í því skyni ný lán í öðrum myntum með föstum vöxtum.

Vegna sívaxandi styrkleika dollarans á þessum árum

gagnvart öðrum myntum hefur þessi stefna Landsvirkjunar í lánamálum reynzt fyrirtækinu mjög hagstæð og leitt til lægri skuldabyrði í íslenzkum krónum en ella. Hefði Landsvirkjun ekki framkvæmt neinar lánabreytingar af umræddu tagi á síðustu þrem árum og tekið öll ný langtímalán á þeim árum í dollurum með breytilegum vöxtum er áætlað að vaxtagreiðslur hefðu orðið alls um 324 milljónum króna hærri á þessu þriggja ára tímabili en raun varð á og bá miðað við verðlag í árslok 1984 og eftirstöðvar erlendra skulda í árslok 1984 orðið um 613 milljónum króna hærri á verðlagi þess tíma en þær reyndust verða. Þessar aðgerðir hafa því sparað Landsvirkjun allt að 937 m.kr.

Hér á eftir fara töflur, er sýna orkuöflun og sölu Landsvirkjunar árin 1984 og 1983 og verðlagningu eftir tímabilum árið 1984, auk yfirlits yfir starfsmannahald fyrirtækisins:

ORKUÖFLUN	1984		1983	
	GWst	MW	GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.508,1	526,0	3.278,4	524,0
Vatnsorka	3.501,1	525,0	3.273,6	521,0
Varmaorka (jarðgufa)	7,0	3,0	4,8	3,0
Varmaorka (eldsneyti)	0,0	0,0	0,0	0,0
Orkukaup	155,0	37,0	150,7	28,0
Frá Hitaveitu Suðurnesja	30,0	6,9	30,0	6,0
Frá Kröfluvirkjun	125,0	30,1	120,7	22,0
Heildarorkuöflun	3.663,1	565,0	3.429,1	552,0

ORKUSALA	1984					1983				
	Forg. GWst	Afg. GWst	Alls GWst	MW	Þar af ótr.orka GWst	Forg. GWst	Afg. GWst	Alls GWst	MW	Þar af ótr.orka GWst
Almenningsveitur	1.451,2	–	1.451,2		70,0	1.341,5	–	1.341,5		73,1
Rafmagnsveita Reykjavíkur	488,1	–	488,1	90,4	–	473,5	–	473,5	88,7	–
Rafmagnsveitur ríkisins	720,9	–	720,9	142,2	28,8	682,0	–	682,0	140,8	30,2
Rafveita Hafnarfjarðar	46,3	–	46,3	8,3	–	46,9	–	46,9	8,2	–
Orkubú Vestfjarða	97,2	–	97,2	14,5	30,5	84,7	–	84,7	13,4	30,6
Rafveita Akureyrar	98,7	–	98,7	16,6	10,7	54,4	–	54,4	16,9	12,3
Stóriðja	1.690,7	367,9	2.058,6		–	1.684,5	254,7	1.939,2		–
Áburðarverksmiðja ríkisins	131,9	–	131,9	21,8	–	148,7	–	148,7	23,2	–
ÍSAL	1.301,4	57,2	1.358,6	176,0	–	1.279,4	28,9	1.308,3	168,0	–
Íslenska járnblendifélagið	257,4	310,7	568,1	79,5	–	256,4	225,8	482,2	72,8	–
Heildarorkusala	3.141,9	367,9	3.509,8		70,0	3.026,0	254,7	3.280,7		73,1
Tap og eigin notkun			153,3					148,4		

GJALDSKRÁ LANDSVIRKJUNAR TIL ALMENNINGSRAFVEITNA 1984

	-30.04.	01.05.-31.12.
FORGANGSRAFMAGN:		
Afgjald, krónur á árskW	2.708,36	2.843,78
+ Orkugjald, aurar á kWst:		
Fyrir fyrstu notkun allt að 2.500 klst. nýtingartíma á ári	86,3	90,6
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 klst. nýtingartíma á ári	50,3	52,8
Fyrir notkun umfram 4.000 klst. nýtingartíma á ári	23,6	24,8
ÓTRYGGT RAFMAGN:		
Orkugjald (eingöngu), aurar á kWst	17,8	18,7

FJÖLDI STARFSMANNA Í FÖSTUM STÖRFUM

	1984	1983
Yfirstjórn og verkfræðideildir	65	64
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	35	36
Aflstöðvar	89	91
	189	191

FJÖLDI LAUSRÁÐINNA STARFSMANNA

	1984	1983
Mestur	255	249
Minnstur	66	55

Starfsemi starfsmannafélagsins var með líku sniði og undan farin ár. Formaður var Helgi Bjarnason.

Yfirstjórn

Núverandi stjórn Landsvirkjunar tók til starfa 1. júlí 1983 og er kjörtímabil hennar 4 ár. Stjórnin er skipuð sem hér segir:

Formaður: Jóhannes Nordal.
Kosnir af Alþingi: Árni Grétar Finnsson, Baldvin Jónsson, Böðvar Bragason, Ólafur Ragnar Grímsson.
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur: Birgir Ísleifur Gunnarsson, Davíð Oddsson, Kristján Benediktsson.
Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar: Valur Arnþórsson.

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra og aðstoðarforstjóra fyrirtækisins auk skrifstofustjóra, rekstrarstjóra, forstöðumanns verkfræðideildar, byggingarstjóra og svæðisstjóra fyrir Norður- og Austurland.

Hinn 1. júlí 1984 létu af störfum fyrir aldurs sakir Ingólfur Ágústsson, rekstrarstjóri, og Rögnvaldur Þorláksson, byggingarstjóri.

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu nú forstöðu:

Forstjóri Halldór Jónatansson, aðstoðarforstjóri Jóhann Már Maríusson.

Forstöðumenn deilda:
Rekstrarstjóri Guðmundur Helgason, skrifstofustjóri Örn Marinósson, svæðisstjóri Norður- og Austurlands Knútur Otterstedt, aðstoðarbyggingarstjóri Páll Ólafsson, aðstoðarforstöðumaður verkfræðideildar Agnar Olsen.

Í kjölfar nýs heildarskipulags fyrir Landsvirkjun sem tók gildi 1. maí 1983 var komið á sérstöku skipulagi fyrir hverja deild fyrirtækisins, en þær eru fimm talsins.

Í júlí 1983 var þannig leitað til Rekstrarstofunnar og henni falið að gera úttekt á bílamálum Landsvirkjunar. Hefur tillögum hennar nú að mestu verið komið í framkvæmd. Um sama leyti var Rekstrarstofunni falið að huga að lagermálum í samvinnu við sérstakan starfshóp Landsvirkjunar. Eru þau mál enn í athugun. Í framhaldi af frumkvæði iðnaðarráðherra að úttekt á rekstri ýmissa fyrirtækja á sviði Iðnaðarráðuneytisins samþykkti stjórn Landsvirkjunar í ársbyrjun 1984, að tillögu forstjóra, að ráða rekstrarráðgjafafyrirtæki til að gera úttekt á starfsemi og rekstri Landsvirkjunar í heild. Stendur sú vinna enn yfir og er gert ráð fyrir að henni ljúki um mitt sumar 1985. Var samið við þrjú fyrirtæki og verkefnum skipt þannig að Hagvangur h.f. fjallar um aðalskrifstofuna, Hannarr s.f. um tækniideildirnar og svæðisskrifstofuna á Akureyri, háspennulínur og aðveitustöðvar, en Rekstrarstofan um aflstöðvar.

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40%, en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum af 32 eigendur að Orkubúi Vestfjarða.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar

undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps.

Orkubúið hefur reist varmaveitur á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur 1984

Rekstrarafkoma Orkubús Vestfjarða batnaði á árinu. Hagnaður varð á rekstrinum, tæpar 7 m.kr., en tapið árið 1983 var rúmar 0,5 m.kr. Heildarrekstrargjöld árið 1984 voru um 321 m.kr., þar af voru afskriftir 58 m.kr. og fjármagnsgjöld 88 m.kr.

Orkubú Vestfjarða fær 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku í sinn hlut. Árið 1984 nam þessi hlutur 76,3 m.kr. eða um 23% af heildartekjum fyrirtækisins.

Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam um seinustu áramót 542 m.kr. og langtímaskuldir voru um 708 m.kr.

Að jafnaði störfuðu 91 manns hjá fyrirtækinu á s.l. ári.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 175,5 GWh og hafði aukizt um 2,5% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var

þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	38,0%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	0,6%
Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna	5,2%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK	56,2%
Samtals	100,00

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnsla í svartolíukötlum minnkaði frá fyrra ári.

Af raforku voru seldar um 105,3 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 5,7%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 187,5 m.kr. og meðalverð á seldri kílówattstund 178,1 eyrir, sem er 27% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Af heitu vatni voru seldar 41,4 GWh og er það 4,7% aukning frá fyrra ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru um 56,6 m.kr. og meðalverð á seldri kílówattstund 136,7 aurar.

Orkusala	GWh	%
Til heimilisnota	10,6	7,2
Til búrekstrar	10,0	6,8
Til stórra véla	25,7	17,5
Til hitunar	95,2*	64,9
Til annarra nota	5,2	3,6
Samtals	146,7	100,0

*Af raforku voru seldar 53,8 GWh og af heitu vatni 41,4 GWh. Reiknað er með að 70% af raforkusölu til búrekstrar séu til húshitunar. Orkubú Vestfjarða hefur því selt 102,2 GWh til húshitunar eða 69,7% af heildarorkusölu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984 kr.	1983 kr.
Rekstrartekjur	328.016.000	242.160.000
Rektrargjöld	(233.054.000)	(180.062.000)
Fjármagnsgjöld	(88.122.000)	(62.555.000)
Hagnaður (Tap)	6.840.000	(501.000)
Eignir	1.388.710.000	1.047.392.000
Skuldir	851.204.000	626.369.000
Eigið fé	537.506.000	421.022.000

Framkvæmdir

Á árinu 1984 var unnið að framkvæmdum fyrir 77,0 m.kr. og skiptust þær þannig:

	M.kr.
Vatnsaflsvirkjanir	0,7
Dísilstöðvar	1,9
Stofnlínur	21,1
Aðveitustöðvar	23,3
Innanbæjarkerfi	5,5
Fasteignir, bílar og áhöld	11,0
Sveitaveitur	11,5
Hitaveitur	2,0
Samtals	77,0

Framkvæmdir voru fjármagnaðar með lánsfé að upphæð 30 m.kr. Úr rekstri komu 47 m.kr., þar af 8,4 m.kr. stofnfjárframlag úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar.

Rekstrarhorfur 1985

Þann 1. janúar 1985 hækkuðu gjaldskrár Orkubús Vestfjarða um 17% að meðaltali, en höfðu þá verið óbreyttar frá 1. ágúst 1983.

Fjórir þættir rekstrargjalda skipta höfuðmáli: Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendrar myntar, vextir lána og laun. Verði ekki umtalsverðar breytingar á nefndum liðum á árinu 1985 verður mögulegt að hafa gjaldskrár óbreyttar allt árið.

Rekstraráætlun 1985.

		M.kr.
Tekjur		367,6
Orkusala.....	289,7	
Verðjöfnunargjald o.fl.	77,9	
Gjöld		(373,6)
Rekstrargjöld	(276,5)	
Fjármagnsgjöld	(97,1)	
Tap		(6,0)

Af tekjuliðnum "verðjöfnunargjald o.fl." eru tekjur af verðjöfnunargjaldi á árinu 1985 áætlaðar 71,9 m.kr. Ljóst er því, að verðjöfnunargjaldið er verulegur þáttur í tekjuöflun Orkubúsins. Verði verðjöfnunargjaldið lækkað eða fellt niður með öllu, er ljóst að tryggja verður Orkubúinu aðrar tekjur til að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum, eða létta af því lánabyrði.

Framkvæmdir á árinu 1985 eru áætlaðar 70 m.kr.

Stjórn Orkubúsins

Stjórn Orkubúsins til aðalfundar 1985 er þannig skipuð:
Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, Höskuldur Davíðsson, trésmiður, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri Vestfjarða er Kristján Haraldsson.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkulaga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfsþættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatnsaflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakílsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínukerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitarfélaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og um sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er nú eigandi byggðalína.

Rafmagnveiturnar sjá um rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs. Yfir standa viðræður milli eigenda Landsvirkjunar og stjórnvalda um kaup Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Starfsemi - Orkuveitusvæði

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um land (að undanskildum Vestfjörðum) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á

orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli en um 92% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun

Rafmagnsveiturnar kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Heildarorkuöflun Rafmagnsveitnanna árið 1984 var 842 GWh og skiptist hún þannig:

Eigin orkuvinnsla	112 GWh
Aðkeypt orka	730 GWh

Framleiðsla Kröfluvirkjunar var 136 GWh. Að frádreginni eigin notkun virkjunarinnar sem var 7 GWh telst framleiðslan með aðkeyptri orku.

Orkuöflun árið 1984 hefur aukist um 8 GWh eða 1% frá árinu 1983.

Raforkusala

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar, þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1984 var 728 GWh og jókst um 7 GWh eða 1% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 271 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1984:

	GWh	%
Almenn notkun	50	11
Markmæling landbúnaðar	160	35
Vélanotkun	93	20
Húshitun	142	31
Annað	12	3
Samtals	457	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 26 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 254 GWh til húshitunar (112 GWh til landbúnaðar og 142 GWh til annarrar húshitunar) eða nálægt 56% af raforku í smásölu.

Nýframkvæmdir

Á árinu 1984 var unnið að framkvæmdum fyrir 237,9 m.kr. og er það 5,9% aukning frá árinu áður í krónum talið. Framkvæmdir ársins 1984 skiptust þannig:

	M.kr.
Vatnsaflsvirkjanir	5,9
Dísilvélar	0,1
Stofnlínur	54,1
Aðveitustöðvar	25,1
Innanbæjarkerfi	51,3
Fasteignir, bílar og áhöld	45,2
Sveitaveitur	50,9
Gjaldmælar	5,3
Samtals	237,9

Framkvæmdir við sveitaveitur eru að mestu fjármagnaðar með framlagi Orkusjóðs, en aðrar framkvæmdir með lánsfé.

Fjárhagsafkoma 1984

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús.kr.) í árslok 1984:

		1984 þús.kr.		1983 þús.kr.
Tekjur		1.555.014		1.187.496
Orkusala	1.220.656		926.708	
Verðjöfnunargj. ofl.	334.358		260.788	
Gjöld		(1.485.807)		(1.183.735)
Rekstrargjöld	(1.219.618)		(972.835)	
Fjármagnsgjöld	(266.189)		(210.900)	
Rekstrarafgangur		69.207		3.761
Eignir		7.108.953		5.691.986
Skuldir		6.257.511		4.782.590
Eigið fé		851.442		909.396

Árið 1984 var Rafmagnsveitunum ákaflega hagstætt hvað rekstur varðar. Ber þar einkum tvennt til. Bezta vatnsár í eigin vatnsaflsvirkjunum, en aldrei hefur verið framleitt meira í þeim frá upphafi og því keypt minna en áætlað var. Þá hefur tíðarfar verið hagstætt og kostnaður við viðhald og rekstur veitukerfanna orðið minni en ráð var fyrir gert. Einnig hefur minnkað umfang Rafmagnsveitnanna og endurskipulagning fyrirtækisins haft áhrif á rekstrarafkomuna. Þá hefur hjöðnun verðbólgu skipt máli. Rekstrarafgangur var 69,2 m.kr. á árinu.

Horfur í rekstri 1985

Rekstraráætlun fyrir árið 1985 ber með sér að verulegar halli er fyrirsjáanlegur. Fjórir þættir rekstrargjalda skipta mestu varðandi rekstrargjöld: Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendrar myntar, vextir lána og laun.

Rekstraráætlun 1985 í þús.kr.

Tekjur

Smásala	983.800
Heildsala	506.800
Verðjöfnunargjald	293.700
Aðrar tekjur	17.200
Samtals	1.801.500

Gjöld

Laun	(130.700)
Önnur rekstrargjöld	(184.500)
Hráefni og vörur til endursölu	(1.008.800)
Afskriftir	(237.600)
Vextir	(309.500)
Samtals	(1.871.000)

Hagnaður (Tap)	(69.500)

Verðjöfnunargjald var lækkað úr 19% í 16% 1. janúar 1985. Lækkun tekna Rafmagnsveitnanna vegna þeirrar breytingar er áætluð nálægt 57 m.kr. Þetta hefur ekki verið bætt með hækkun á gjaldskrám að sama skapi. Ráðgert er að fresta greiðslum afborgana af tilteknum skuldabréfum um fimm ár en sú fjárhæð nægir þó engan veginn til að leiðrétta greiðslustöðu Rafmagnsveitnanna. Núverandi stjórnvöld hafa markað þá stefnu að leggja verðjöfnunargjaldið niður í áföngum og hefur fyrsta skrefið í þá átt verið stigið með lækkun þess úr 19% í 16%. Tryggja verður Rafmagnsveitunum viðbótartekjur í framhaldi af því. Rafmagnsveiturnar hafa lagt til að ríkissjóður greiði óarðbærar framkvæmdir, framlög til rafhitunar, yfirtaki hluta af skuldum Rafmagnsveitnanna og felli niður aðflutningsgjöld af efni til framkvæmda og rekstrar í flutnings- og dreifikerfum fyrir raforku. Gjaldskrá var hækkuð 1. janúar 1985 og hefur

ekkert verið ákveðið um frekari hækkanir á árinu.

Starfsfólk

Í árslok 1982 voru starfsmenn RARIK 546, en í árslok 1983 um 374. Starfsfólk var 336 í árslok 1984 og fækkaði því um 38 frá árinu 1983.

Stjórnun

Þann 15. febrúar 1984 tók gildi nýtt skipulag Rafmagnsveitnanna. Það skipulag hefur verið endanlega staðfest af iðnaðarráðherra.

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Sveinbjörn Óskarsson og tæknisviðs Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi, og Örlygur Jónasson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjum, Skeiðahreppi, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Prentsmiðjan hefur verið eign ríkisins frá árinu 1930. Meginverkefni fyrirtækisins hafa verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Starfsemin var með svipuðum hætti 1984 og undanfarin ár.

Rekstur 1984

Rekstrarafkoma var heldur verri árið 1984 en árið

áður eða um 2 m.kr. tap eftir að afskriftir höfðu verið reiknaðar, en þær námu um 6 m.kr.

Verkfall Félags bókagerðarmanna (FBM) og svo síðar verkfall BSRB setti starfsemina verulega úr skorðum. Verkfall FMB stóð frá 10.09-22.10. eða í rúmar 6 vikur. Á miðju s.l. ári var tekin í notkun ný prentvél og haustið 1984 var hafin fjölritunarþjónusta. Á árinu 1985 eru áætluð frekari vélakaup sem og lagfæring á húsi prentsmiðjunnar utanhúss.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984 kr.	1983 kr.
Rektrartekjur	50.618.648	44.868.000
Rekstrargjöld	(51.395.161)	(37.095.000)
Fjármagnsgjöld*	(1.249.343)	(6.861.000)
Hagnaður (Tap)	(2.025.856)	(912.000)
Eignir	50.388.726	43.514.000
Skuldir	11.381.921	8.594.000
Eigið fé	39.006.805	34.920.000

*Verðbreytingar-
færsla 613.942

Fjöldi starfsmanna um s.l. áramót var 76 og er það nánast sami starfsmannafjöldi og árið 1983. Ekki er búizt við verulegum breytingum á fjölda starfsmanna á árinu 1985.

Á s.l. hausti skipaði iðnaðarráðherra eftirtalin í þriggja manna stjórn prentsmiðjunnar: Eggert G. Þorsteinsson, forstjóra, formann, Valgerði Bjarnadóttur, forstöðumann, og Hjört Hjartarson, gjaldkera.
Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggir á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1984

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 100.100 tonn, samanborið við 97.400 tonn árið 1983. Rekstrardagar ofnsins voru 336 og framleiðslan því 297,90 tonn á dag að meðaltali, eða heldur meiri en árið áður. Framleiðsla sements varð 113.900 tonn, en sala 118.393 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1984 í tonnum

	1984		1983	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	99.500	101.957	102.052	97.486
Hraðsement	14.400	16.381	15.292	13.631
Pozzolansement	0	0	3.066	3.765
Hvítt sement, innfl.		55		65
Alls tonn	113.900	118.393	120.410	114.947

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	72.226	29.731
Hraðsement	13.831	2.550
Samtals	86.057	32.281
Skipting	72,7%	27,3%

Árið 1983 var sala á lausu sementi 70,9% og sekkjuðu 29,1%.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði einu sinni um 8% og flutningsjöfnunargjald hækkaði einnig einu sinni um 18%. Hækkun frá ársbyrjun til ársloka var um 9%. Rekstur verksmiðjunnar stóð nokkurn veginn í járnum eins og fram kemur hér á eftir. Rekstrarhagnaður varð um 3,3 m.kr. Afskriftir námu um 65 m.kr.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 1984 voru 172 og hafði fækkað um 10 frá fyrra ári.

Helztu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	383.800	290.300
Rekstrargjöld	(350.500)	(282.900)
Nt. fjármagnstekjur (gjöld)	(30.000)	(9.900)
Hagnaður (Tap)	3.300	(2.500)
Eignir	509.600	437.600
Skuldir	280.300	260.900
Eigið fé	229.300	176.700

Rekstarhorfur 1985

Áætlað er að sementssala verði svipuð og árið 1984, en þó hefur salan fyrstu mánuði ársins reynzt talsvert meiri en áætlað var.

Gert er ráð fyrir að verðbreytingar á sementi á árinu verði talsvert minni en almennar verðlagsbreytingar í landinu, annað árið í röð, sem stafar fyrst og fremst af aukinni hagræðingu í rekstri.

Stærstu framkvæmdir á þessu ári eru í fyrsta lagi uppsetning vélbúnaðar sem staflar sementspokum á bretti og klæðir heisin með plasti og í öðru lagi að gera endurbætur á brennsluofni verksmiðjunnar. Í allt er áætlað að verja rösklega 20 m.kr. til fjárfestinga og framkvæmda, sem munu væntanlega auka framleiðni fyrirtækisins töluvert.

Á árinu 1984 fór fram úttekt á rekstri verksmiðjunnar á vegum Iðnaðarráðuneytisins sem ráðgjafafyrirtækið "Kaupþing" annaðist. Niðurstöður þeirrar úttektar eru í höndum iðnaðarráðherra og stjórnar verksmiðjunnar til umfjöllunar.

Stjórn

Á fundi Sameinaðs Alþingis í desember 1980 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1981 til 6. febrúar 1985: Skúli Alexandersson, alþingismaður, formaður, Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, og Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari.

Framkvæmdastjóri tæknimála er dr. Guðmundur Guðmundsson og framkvæmdastjóri viðskipta- og fjármála Gylfi Þórðarson.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins. Í 1. gr. frumvarpsins segir m.a.

"Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Heiti hlutafélagsins verði: Sementsverksmiðjan h.f. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a) Að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja félags.
b) Að láta fara fram nákvæmt mat á eignum

Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi.

c) Að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að almenningur geti keypt hlut í félaginu.

d) Að selja allt að 20% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni á almennum markaði, á því verði sem ákveðst skv. b- og c-lið hér að framan."

SJÓEFNAVINNSLAN H.F., REYKJANESI

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. þó tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á um 87% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Framleiðsla

Félagið hefur unnið að því að koma upp stórvirkum búnaði til þess að vinna salt, kalí og kalsíumklóríð úr söltu borholuvatni, sem fæst á staðnum. Auk þess hafa verið uppi áform um að vinna þarna ýmis önnur efni, sem tengjast slíkri framleiðslu, svo sem klór og vítissóta, natríum hypóklóríð og

saltsýru.

Framleiðslan fer þannig fram, að jarðgufa og saltvatn (jarðsjór) er fengið úr borholum. Til þess að vinna föst efni úr þessum salta vökva þarf eimingu. Hún fer fram í eimum, sem fá orku sína frá gufunni, og síðan má kristalla út salt í sérstökum tækjum eftir því sem við á um salttegund þá, sem vinna skal.

Nú er unnið síldar- og fisksalt í verksmiðjunni. Afköst eru 6-7 tonn af salti á dag eða rúm 2000 tonn á ári. Mikil eftirspurn var eftir síldarsalti s.l. haust og framan af vetri og seldist þá öll framleiðsla jafnóðum. Í febrúar s.l. hækkaði félagið verðið á fisksalti í kr. 2600 pr. tonn og hefur það selzt á því verði síðan þrátt fyrir að saltið sé nú um 20% dýrara en innflutt fisksalt.

Framkvæmdir 1984

Framkvæmdakostnaður félagsins á árinu 1984 nam alls um 40 m.kr., þar af var kostnaður við eimastöð um 20 m.kr. Eimastöðin hefur ekki verið gangsett enn, en hún er talin tilbúin til tilraunagangsetningar. Bráðabirgðatenging var sett á borholu 9 og lögn frá borholu 8 var fullfrágengin og einangruð. Gufurafstöð (0,5 MW) var tekin upp og skoðuð í fyrsta sinn og reyndist hún í eðlilegu ástandi. Þá var svonefnd utanborðshitun sett á saltframleiðslupönnu nr. 2 og hefur það reynzt vel. Í saltpönnuhúsi voru gerðar ýmsar lagfæringar. Engar framkvæmdir hafa átt sér stað síðan í október 1984.

Orka - fiskeldi

Félagið hefur yfir að ráða mjög mikilli orku eins og vitað er og hafa þar af leiðandi borizt ýmsar fyrirspurnir um kaup á afgangsorku til fiskeldis.

Nýlega gerði félagið nokkrum aðilum, sem hafa í hyggju að

reisa saman stóra fiskeldisstöð á Reykjanesi, tilboð um sölu á afgangsorku í ýmsu formi. Orka þessi er talin nema samtals 1,65 TWst á ári og hljóðaði tilboðið upp á 0,41 aur/kWst eða samtals um 67 m.kr. á ári. Tilboð þetta er nú í athugun.

Efnahagur og fjárhagsstaða

Efnahagur í árslok 1984:	1984	1983
	þús.kr.	þús.kr.
Eignir	326000	210000
Skuldir	239000	151000
Eigið fé	87000	59000

Til glöggvunar á rekstri fyrirtækisins, er sýnd rekstraráætlun 1985 miðað við mismunandi forsendur. Áætlunin gerir ráð fyrir rekstri hvers áfanga fullbúnum frá upphafi árs, og rekstri í eitt ár.

	2000 tn.	4000 tn.	8000 tn.
	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.
Rekstrartekjur	5125	9725	18925
Rekstargjöld 1)	(15981)	(18759)	(20514)
Fjármagnstekjur (gjöld) 2)	(28776)	(30576)	(33576)
Hagnaður (Tap)	(39632)	(39610)	(35165)

1) Það skal tekið fram að í rekstrargjöldum eru afskriftir ekki meðtaldar, en þær hefðu numið um 19.500 þús.kr. við 2000 tonna áfangann, en um 20.500 þús.kr. við 4000 tonna áfangann og um 22.000 þús.kr. við 8000 tonna áfangann.

Hefðu afskriftir verið teknar með rekstrargjöldum hefði tapið við 2000 tonna áfangann numið allt að (59.132 þús.kr.), við hina áfangana hefði tapið verið eitthvað meira.

2) Í liðnum fjármagnstekjur (gjöld) er ekki reiknað með hugsanlegum gengismun, né er verðbreytingarfærsla reiknuð með.

Í lánsfjárlögum fyrir 1985 er gert ráð fyrir 50 m.kr. lántökuheimild fyrir félagið, þar af um 36,4 m.kr. til greiðslu afborgana og vaxta af eldri lánum og um 10 m.kr. til greiðslu rekstrarkostnaðar, en fyrirtækið tapar nú um 1,9 m.kr. á mánuði, þegar ekki er tekið tillit til vaxta og afskrifta.

Athuganir á fyrirtækinu

Að beiðni iðnaðarráðherra gerði Iðntæknistofnun Íslands úttekt á uppbyggingu og rekstrarhorfum fyrirtækisins. Skýrslu Iðntæknistofnunar um fyrirtækið var skilað um mánaðamótin september-október 1984. Í nóvember s.l. óskuðu 10 þingmenn eftir skýrslu um fyrirtækið og var Alþingi skilað skýrslu frá iðnaðarráðherra þar að lútandi í febrúar s.l.

Staða fyrirtækisins í dag og verkefni framundan

Að vonum hafa málefni Sjóefnavinnslunnar verið talsvert til umræðu á síðustu mánuðum, bæði í fjölmiðlum, á Alþingi og hjá stjórnvöldum. Hér er um að ræða tilrauna- og þróunarverkefni, sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar í heiminum. Í raun er ekki um að ræða rekstur fyrirtækis á þessu stigi. Margt hefur reynzt mun torveldara í saltframleiðslunni en ætlað var í upphafi, m.a. með hliðsjón af árangri í tilraunaverksmiðju. Af þeim sökum, ásamt þróun í vaxta- og gengismálum, hefur stofnkostnaður stöðugt hækkað. Er nú svo komið að ekki er fyrirsjáanlegt að stofnkostnaður endurheimtist nema að mjög takmörkuðu leyti.

Ekki hefur náðst samstaða í stjórn fyrirtækisins varðandi framtíðarhorfur og framhald málsins. Meirihluti stjórnar hefur lagt til að lokið verði við byggingu 8 þús. tonna verksmiðju, en það er talið kosta allt að 40 m.kr. Minnihluti stjórnar hefur hins vegar lagt til að strax verði hætt við frekari uppbyggingu vegna saltframleiðslu og að leitað verði nýrra leiða til að nýta þá orku og aðstöðu sem fyrirtækið ræður yfir.

Fulltrúar Iðnaðarráðuneytisins í stjórn félagsins hafa eigi komið fram tillögum sínum um tafarlausa lokun saltverksmiðjunnar. Til málamiðlunar hefur iðnaðarráðherra fallizt á að fyrirtækið starfi áfram næstu 5-6 mánuði, en á sama tíma verði jafnframt gerð lokatilraun til að kanna nýja möguleika á vegum félagsins á breiðari grundvelli en hingað til. Þessi stefna hefur m.a. verið gerð möguleg með nýjum lánsfjárlögum. Í þessu sambandi hefur stjórn félagsins ákveðið að ráða Magnús Magnússon, verkfræðing, framkvæmdastjóra til bráðabirgða, verkefni hans verður m.a:

- Að kynnast aðstæðum á Reykjanesi og fyrirliggjandi upplýsingum.
- Að ræða við aðila sem kannað hafa möguleikann á að nýta lág- og háhita, s.s. Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Háskóla Íslands, Veiðimálastofnun, Stóriðjunefnd, Battell Memoril Institut (í USA), o.fl.
- Gerð kynningarbæklings um almennar aðstæður og möguleika Sjóefnavinnslunnar h.f. og nágrennis.
- Skipuleg leit að möguleikum, og samstarfsaðilum.
- Að skrá möguleika og meta verðgildi orkunnar.
- Úrvinnsla möguleika og byrjunarviðræðna við hugsanlega samstarfsaðila, notendur, framleiðendur, seljendur.
- Frumkönnun á 2-3 áhugaverðustu kostunum, gróft arðsemismat.
- Að skila tillögum til stjórnar og eigenda félagsins um framhald.

Iðnaðarráðherra hefur nýlega kannað möguleika á að fá Verkfræðistofnun Háskólans til að gera hlutlaust mat á uppbyggingar- og rekstrarhorfum saltvinnslu á Reykjanesi. Samkvæmt tilboði VHÍ er áætlaður kostnaður slíkrar úttektar um 4,5 m.kr. Samkomulag um þessa aðferð náðist ekki við fjármálayfirvöld. Þess vegna ákvað iðnaðarráðherra í samráði við stjórnarmenn sína að fela nýjum framkvæmdastjóra að endurskoða fyrri áætlanir félagsins og leita að nýjum

framleiðslumöguleikum. Gert er ráð fyrir að hann geti leitað til Háskóla Íslands og annarra aðila í því sambandi.

Endanleg ákvörðun um framtíð og stefnu félagsins verður tekin í síðasta lagi á aðalfundi þess nú í haust (1985).

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1985 eru: Guðmundur Malmquist, formaður, skipaður af iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af fjármálaráðherra, Ingjaldur Hannibalsson, skipaður af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega. Aðrir í stjórn eru Gunnar Sveinsson og Björgvin Gunnarsson. Framkvæmdastjóri er Finnbogi Björnsson.

STEINULLARVERKSMIÐJAN H.F.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar, hinn 25. maí 1982, var samþykkt svofelld tillaga: "Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins h.f. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað."

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna h.f. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenzka ríkisins. Hluthafar voru íslenzka ríkið með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið h.f. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um, að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagsins með hliðsjón af skilyrðum ríkisins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga,

Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek ab, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hluthafar í Steinullarverksmiðjunni h.f. eru því nú:

	Hlutafé kr.	%
Íslenzka ríkið	35.991.000	40,00
Steinullarfélagið h.f.	23.977.000	26,64
Samband ísl. samvinnufélaga	14.790.000	16,44
Kaupfélag Skagfirðinga	4.930.000	5,48
Oy Partek ab, Finnlandi	10.290.000	11.44
Samtals	89.978.000	100.00

(Upphæðir eru miðaðar við verðlag í febrúar 1985).

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu h.f. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

Um síðustu áramót nam innborgað hlutafé um 70%. Eftirstöðvar hafa verið innkallaðar á fyrri hluta ársins 1985.

Auka þarf hlutafé í verksmiðjunni um kr. 12.200.000 til að heildarhlutafé nái 30% stofnkostnaðar. Hlutur ríkisins í aukningunni nemur 40% eða kr. 4.880.000. Sú aukning rúmast innan ramma lagaheimildar.

Stofnkostnaður og fjármögnun

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er þannig áætlaður í febrúar 1985:

Byggingar	103.951.000 kr.
Vélar	195.426.000 "
Annar kostnaður	41.255.000 "
Samtals	340.632.000 kr.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að ábyrgjast 25% af

nauðsynlegum stofnlánum og hefur verið ákveðið að nýta þá heimild. Ábyrgð ríkisins er nauðsynleg vegna erlendra lána, sem tekin verða á árinu 1985.

Fjöldi starfsfólks er áætlaður 28 manns fyrsta starfsárið en verður um 40 við full afköst.

Í arðsemisútreikningum er gengið út frá tilboði Ríkisskip um flutning á steinull innanlands.

Markaður

Áætlað er að notkun einangrunar árið 1984 hafi verið 136.000 m^3. Reiknað er með aukningu vegna breyttrar byggingareglugerðar á árinu 1984 og átaks í endureinangrun, sem er að hefjast á árinu 1985, og nemur samtals um 30.000 m^3 á næstu árum, miðað við svipaða byggingastarfsemi.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan nái á 4 árum að mestu þeim markaði, sem nú er þjónað með innfluttum einangrunarefnum. Þetta samsvarar um 70% markaðshlutdeildar og 3.800 tonna sölu á steinull.

Framkvæmdir

Byggingaframkvæmdir eru á lokastigi. Í byrjun marz 1985 hófst uppsetning véla og er gert ráð fyrir að verksmiðjan verði gangsett í ágúst n.k.

Rekstrarskilyrði

Nokkrar breytingar hafa orðið á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar við arðsemisáætlanir í upphafi.

Glerull hefur haldið áfram að lækka í verði vegna samdráttar og stöðnunar á einangrunarmarkaði á Norðurlöndum.

Raunvextir hafa farið mjög hækkandi á undanförnum misserum. Þessi hækkun kemur sér mjög illa fyrir verksmiðjuna þar sem um mjög fjármagnsfrekan iðnað er að ræða.

Þróun verðlags og gengis, síðast á árinu 1984 og í byrjun árs 1985, hefur einnig haft þau áhrif á fjárfestingar, að erfitt verður að ná endum saman í fjárfestingunni.

Þróun einangrunarmarkaðar hefur hins vegar verið jákvæð. Spár um átak í endureinangrun eldra húsnæðis og hertar reglur um einangrun nýbygginga hafa staðizt og gefa þessar aðgerðir ástæðu til að reikna með aukinni notkun einangrunar.

Byggingar hafa reynzt dýrari en ráð var fyrir gert í upphafi og veldur það nokkrum erfiðleikum í fjármögnun framkvæmda.

Arðsemi verksmiðjunnar, miðað við þessar nýju forsendur, er vel viðunandi, en sjóðsstreymi verður neikvætt fyrstu þrjú árin. Ráðgert er að mæta þeim vanda með tilfærslu afborgana af útflutningslánum vegna vélakaupa.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1985 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru: Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, formaður, Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Pentti Ljungqvist, framkvæmdastjóri, Snorri Egilsson, framkvæmdastjóri, og Stefán Guðmundsson, alþingismaður.

Framkvæmdastjóri er Þorsteinn Þorsteinsson.

Aðalfundur Steinullarverksmiðjunnar 1985 verður haldinn í byrjun júní.

ÞÖRUNGAVINNSLAN H.F., REYKHÓLUM

Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum nr. 107/1973. Rekstrarform þess er hlutafélag með lögboðinni meirihlutaaðild ríkisins. Ríkissjóður á nú um 97% hlutafjár. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. Iðnaðarráðherra fer með málefni, er varða eignaraðild ríkisins að félaginu. A.m.k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skulu vera búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu.

Við stofnun félagsins var heimilað í lögum að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingar verksmiðjunnar, ennfremur var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa og reka hitaveitu, leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði og styrkja byggingu hafnar fyrir verksmiðjuna.

Starfsemi

Í fyrri skýrslu var rætt um byrjunarerfiðleika í rekstri fyrirtækisins, riftun skozka fyrirtækisins Alginate Industries Ltd. á markaðssamningi árið 1980. Þessi atriði verða ekki rakin aftur, heldur greint frá því hvernig starfseminni er háttað.

Starfsemi Þörungavinnslunnar h.f. er fólgin í öflun, vinnslu og sölu þörungamjöls. Þörungar, sem aflað er, eru aðallega klóþang (ascophyllum nodosum), hrossaþari (laminaria digitata) og smávegis af sölvum (palmaria palmata). Þangs er aflað með þeim hætti að bændur og fleiri aðilar við Breiðafjörð slá þangið með sláttuprömmum sem eru í eigu Þörungavinnslunnar h.f. Þangið er slegið víða um fjörðinn, allt frá Brjánslæk að norðan og vestan, inn eftir og út undir Stykkishólm að sunnanverðu. Einnig er slegið þang víða við eyjar og sker. Þangið er sótt til sláttumanna á vélskipinu

Karlsey, sem flytur það til verksmiðjunnar. Sláttumenn leiggja prammana af verksmiðjunni og fá greitt ákveðið verð fyrir hvert tonn af öfluðu þangi. Þarans er aflað á Karlsey með þeim hætti að skipið dregur á eftir sér sérstaka þarakló, sem rífur upp hrossaþarann. Söl hafa verið tínd með höndum, sett í poka og flutt til verksmiðju.

Öflun og vinnsla

Öflun var eftirfarandi:

	1984		1983	
Þang blautt	16.213	tonn	13.966	tonn
Þari blautur	610	"	1.785	"
Söl blaut	7,2	"	6,5	"

Í upphafi árs 1984 var hafizt handa við ýmsar endurbætur.

Karlsey, skip fyrirtækisins, fór í gagngera viðgerð, m.a. til að mæta kröfum um sjóhæfni. Jafnframt voru þangskurðarprammar, vélar og tæki verksmiðjunnar yfirfarin rækilega. Endurnýjaður var að hluta mölunar- og sigtisbúnaður. Þaraöflun og vinnsla var af þessum sökum engin á vormánuðum.

Fyrsta þanginu var landað 25. apríl og öfluðust á sumarvertíðinni 16.213 tonn af blautu þangi eða 16% meira en 1983. Þangvertíð stóð fram til 24. október eða í slétta 6 mánuði. Þangskurður gekk það vel að stöðva þurfti skurð á stundum þar sem verksmiðjan hafði ekki undan. Hjálpaðist tvennt við að ná þessum árangri, þ.e. betra ásigkomulag skurðartækja og góð tíð.

Að lokinni þangvertíð fór Karlsey í slipp en hóf síðan þaraöflun.

Framleiðsla og sala árið 1984

	Fram.		Selt		Verð (í þús.kr.)
Þangmjöl	4.050	tonn	4.280	tonn	36.543
Þaramjöl	66	"	239	"	5.543
Til samanb. 1983					
Þangmjöl	3.500	"	3.210	"	24.543
Þaramjöl	160	"	208	"	3.299

Það er ljóst að Þörungavinnslan h.f. hefur unnið mikið átak í sölumálum sem sést bezt á því, að á árinu 1984 seldi fyrirtækið afurðir sínar til 26 aðila í 14 löndum.

Rekstur

Verulegt tap var á rekstri fyrirtækisins árið 1984.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi var:

		1984 þús.kr.		1983 þús.kr.
Rekstrartekjur samtals		45.821		31.497
a) af rekstri	42.451		28.127	
b) skaðabætur	3.370		3.370	
Rekstrargjöld		(52.076)		(35.456)
Fjármagnsgjöld		(14.901)		(7.068)
Hagnaður (Tap)		(21.156)		(11.027)
Eignir		62.011		55.641
Skuldir		95.517		61.666
Eigið fé (neikvætt)		(33.506)		(6.025)

Starfsmenn eru að jafnaði 30 manns.

Horfur

Þó að útkoma ársins 1984 hafi ekki verið eins og menn höfðu ætlað hefur rekstri verið haldið áfram, m.a. vegna

eftirfarandi atriða:

1. Batnandi söluhorfur á haramjöli.
2. Hækkað verð á þangmjöli.
3. Bætt rekstraröryggi í öflun og vinnslu.
4. Frekari vinnsla mjölsins sem skilar hærra verði.

Það er engu að síður staðreynd að skuldir fyrirtækisins eru orðnar það miklar að óverjandi er að reka það áfram án aðgerða. Stofnlán fyrirtækisins eru í dollurum og hafa því hækkað í samræmi við breytingar dollarans gagnvart krónunni. Ennfremur er um að ræða lausaskuldasöfnun vegna taprekstrar undanfarinna ára. Ljóst er að róttækar ráðstafanir verður að gera í fjármálum og rekstri fyrirtækisins ef stefnt er að áframhaldandi starfsemi þess.

Á vegum iðnaðarráðherra hefur verið unnið að því að kanna möguleika á því, að nýtt hlutafélag á vegum heimamanna í Austur-Barðastrandarsýslu yfirtaki rekstur Þörungavinnslunnar, annaðhvort með kaupum eða leigu. Iðnaðarráðherra kynnti þessa stefnu á fundi á Reykhólum seinni part apríl. Á fundinum var samþykkt tillaga um stofnun hlutafélags á vegum heimamanna til kaupa eða leigu á Þörungavinnslunni h.f. Í byrjun maí lagði iðnaðarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um þörungavinnslu við Breiðafjörð, vegna heimildar til sölu eða leigu á eignum félagsins. Málið hefur ekki verið afgreitt þegar þetta er skrifað, en vonazt er til að sú yfirfærsla sem stefnt er að geti átt sér stað á árinu.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1985 eru: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður, Vilhjálmur Egilsson, Aðalsteinn Jóhannsson. Aðrir eru: Ingi Garðar Sigurðsson, Ólafur E. Ólafsson. Framkvæmdastjóri Þörungavinnslunnar h.f. er Kristján Þór Kristjánsson.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir Iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti. Starfsemin er í meginatriðum á eftirfarandi sviðum:

Húsbyggingatækni, vegagerðar- og jarðtækni, steinsteypa, kostnaður - vinnurannsóknir, jarðfræði, fræðsla og útgáfa, rannsóknastofa - þjónusturannsóknir.

Starfsemi stofnunarinnar má í grófum dráttum flokka þannig: Þjónusta 48%, rannsóknir 31%, ráðgjöf 21%.

Rekstur 1984

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir, en einnig er heimild til verkefnabundinna ráðninga.

Heildarvelta var 24,8 m.kr. sem að 50% var aflað með eigin tekjum stofnunarinnar og 50% með fjárveitingu frá ríkissjóði. Er þetta hæsta hlutfall eigin tekna frá upphafi.

Í reikningum stofnunarinnar fyrir árið 1984 má sjá að sértekjur námu 12.326 þús.kr., rekstrargjöld námu 22.922 þús.kr., viðhaldsgjöld námu 696 þús.kr., stofnkostnaður 1.147 þús.kr. Samtals gjöld umfram sértekjur 12.439 þús.kr.

Stjórn

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.
Stjórnarmenn eru:
Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson, byggingameistari, og Halldór Jónsson, verkfræðingur.

Forstjóri árið 1984 var Haraldur Ásgeirsson.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins og orkubúskap þjóðarinnar. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti, að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðhita, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsóknanna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar vænlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma að kostur er valinn til virkjunar ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun hafi hluta þeirra framkvæmda oft með höndum. Þær eru þá unnar af stofnuninni sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en stærstu hitaveiturnar, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akureyrar, svo og Kröfluvirkjun (þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins), á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknaþættir, sem Orkustofnun annast sjálf alfarið og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir. Þeir eru einnig nefndir eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þá sjálf af fjárveitingum. Hinir rannsóknaþættirnar, sem fylgja í kjölfar valsins, nefnast verkhönnunarrannsóknir, og fara fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkisins, þ.e.

lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess, og til undirbúnings verkútboða. Þessi verk eru jafnframt oft nefnd söluverk því að Orkustofnun selur virkjunaraðilum þessar rannsóknir.

Þessir síðartöldu rannsóknaþættir, verkhönnunar- og útboðsrannsóknir, eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna undir virkjun vatnsorku og jarðhita. Kostnaður við þá nemur oft yfir 80% af kostnaðinum við undirbúningsrannsóknirnar í heild; en kostnaður við forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun ber sjálf, undir 20%.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í bætti eru undirbúningsrannsóknir undir virkjanir vatnsorku og jarðhita samfelld heild, þar sem síðari þættirnir eru reistir á hinum fyrri. Þetta eru meira og minna sameiginleg einkenni rannsóknastarfsemi af hvaða tagi sem er. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Ljóst er, að miklu máli skiptir að þættirnir haldist í hendur, undirstaða sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Að öðrum kosti getur yfirbyggingin, verkhönnun, útboð og framkvæmd virkjunar, tafist.

Starfsemin 1984

Vatnsorka

Á sviði vatnsorkurannsókna var 1984 unnið að rannsóknum í Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsá neðan Búrfells, Efri-Þjórsá (h.e. ofan ármóta við Tungnaá), Hvítá í Árnessýslu, Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljóti og Síðuvötnum. Hér er alls staðar um að ræða forathuganir þær og forhönnunarrannsóknir sem vikið er að hér að framan og Orkustofnun kostar af fjárveitingum sínum. Þessu til viðbótar vann stofnunin fyrir eigin fjárveitingar að ýmsum almennum verkefnum vatnsorkurannsóknar svo sem vatnamælingum og aurburðarmælingum víðs vegar um land, með svipuðum hætti og áður. Vatnshæðarmælistöðvar eru um 150 á landinu. Lögð var aukin áherzla á vetrarmælingar á hálendinu.

Auk þess sem að framan er talið voru unnin mörg söluverk fyrir Landsvirkjun á sviði vatnsorkurannsókna. Þau teljast með síðari rannsóknarþáttunum sem að framan voru taldir. Helztu söluverkin tengdust Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar, Vatnsfellsvirkjun, Búðarhálsvirkjun, Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, vatnsborðshækkun í Þórisvatni, Bjallavirkjun og jarðfræðikortlagningu á virkjunarsvæðum við Þjórsá og Tungnaá og á Fljótsdalsheiði. Síðasttalda verkið, jarðfræðikortlagningin, er samvinnuverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar, og er kostnaði við það skipt milli þeirra.

Auk ofangreindra söluverka fyrir Landsvirkjun vann Vatnsorkudeild Orkustofnunar ýmis smærri söluverk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, svo og fyrir ýmsa utan orkugeirans, svo sem líkanatilraunir fyrir Hafnamálastofnun, athuganir á öflun vatns fyrir vatnsveitur og fyrirtæki á sviði fiskeldis, athuganir á frárennsli vegna mengunarhættu fyrir Kísiliðjuna og fleiri og staðarvalsathuganir fyrir Staðarvalsnefnd Iðnaðarráðuneytisins.

Jarðhiti

Af eigin verkefnum, þ.e. forathugunum og forhönnunarverkum á sviði jarðhitarannsókna á árinu 1984, má nefna forathuganir á Tröllladyngju-Krísuvík; lokaskýrslu um skjálftarannsóknir á Hengilssvæðinu sem unnar voru í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur og Raunvísindastofnun Háskólans á undanförnum 7 árum; skýrslu um yfirborðsrannsóknir á Þeistareykjum, en það svæði er nú tilbúið til borunar; tilraunir með niðurdælingu affallsvatns á Svartsengi (í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, sem kostar verkefnið að hluta); forathugun á háhitasvæði í Öxarfirði, sem unnin var fyrir sérstaka fjárveitingu á fjárlögum í því skyni; tilraun með varmadælu, í samvinnu við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins; hagkvæmniathuganir á jarðhitanýtingu fyrir sveitarfélög og einstaklinga; athugun á

hagkvæmni samvinnslu á háhitavarma til laxeldis og raforkuvinnslu; rannsóknir á eðli magnesíumsilikatútfellinga við hitun á fersku vatni; athuganir á því hvaða jarðhitabættir hafi einkum áhrif á eðlisviðnám bergs; þróun tölvuforrita til úrvinnslu úr jarðhitamælingum og aðlögun erlends forrits til líkanareikninga á háhitasvæðum.

Áfram var unnið að húshitunaráætlun í samvinnu við Rafmagnsveitur ríkisins og verkefninu lokið á árinu 1984.

Af verkefnum er varða orkulindir á hafsbotni má nefna, að á árinu kom út lokaskýrsla um rannsóknarholu í Flatey; lagður var grunnur að tölvutækum gagnabanka á Orkustofnun fyrir hafsbotnsmæligögn, og unnið að undirbúningi undir þátttöku í rannsóknum 1985 á Jan Mayen hryggnum, sem fram fara í samvinnu Norðmanna og Íslendinga.

Seld þjónusta á sviði jarðhita 1984 var mikil eins og áður. Verkkaupar voru nokkrir hinir sömu en sumpart nýir. Stærsta verkið var rannsókn á Nesjavöllum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Af öðrum verkefnum má nefna vinnslueftirlit í Mosfellssveit og Reykjavík, einnig verk fyrir Hitaveitu Reykjavíkur; rannsóknir í Svartsengi og úrvinnslu gagna frá borunum í Eldvörpum fyrir Hitaveitu Suðurnesja; úrvinnslu eldri mælinga, vinnslueftirlit og ráðgjöf vegna Kröfluvirkjunar, fyrir Rafmagnsveitur ríkisins; vinnslueftirlit og lokafrágang mæligagna fyir Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi; vinnslueftirlit í Bjarnarflagi fyrir Jarðvarmaveitur ríkisins; rannsóknir og úrvinnslu eldri gagna fyrir Hitaveitu Seltjarnarness; eftirlit með vatnsvinnslu og efnainnihaldi vatnsins fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella; vinnslueftirlit og skýrslugerð um stöðu vinnslusvæða og framtíðarhorfur í orkuöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar og ráðgjöf og ýmiss konar mælingar fyrir m.a. hitaveitur Selfoss, Rangæinga, Svalbarðseyrar og Hríseyjar.

Á árinu var í ríkari mæli en áður veitt ráðgjafar- og rannsóknarþjónusta varðandi nýtingu jarðhita til fiskeldis.

Voru unnin verkefni á þessu sviði m.a. fyrir Hólalax, Fljótalax, Íslax h.f., ISNO, Íslandslax, Fiskeldi Grindavíkur í Húsatóftum og Fjárfestingarfélagið.

Nýmæli er, að á árinu 1984 vann Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki h.f. að tveimur jarðhitaverkefnum í Grikklandi, þ.e. ráðgjöf og eftirlit með vinnslu jarðhita og losun affallsvatns á eyjunni Milos í Eyjahafi og svipað verkefni á eyjunni Nisyros, einnig í Eyjahafi.

Auk þess hafa verið gerð tilboð, í samvinnu við Virki h.f., í jarðhitaverkefni í Eþíópíu og Norður-Jemen, og viðræður hófust um sams konar verkefni í Kenýa á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Jarðhitaskóli HSÞ var rekinn með svipuðum hætti og áður. Styrkþegar voru 8: frá Burundi (1), Costa Rica (1), Eþíópíu (2), Kína (3) og Thailandi (1). Að auki komu 3 til skólans til styttri dvalar, 2-3 mánuði. Þeir voru frá Indlandi, Svíþjóð og Vestur-Þýzkalandi, einn frá hverju landi. Einnig komu yfirmenn jarðhitamála í orkumálaráðuneytum Kenýa og Nicaragua í stuttar kynnisferðir.

Stjórnsýsla

Iðnaðarráðherra skipar stjórn Orkustofnunar til eins árs í senn. Stjórnina skipa þrír menn. Árið 1984 áttu sæti í stjórninni: Jónas Elíasson, prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson, prófessor, Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í fjórar deildir:

Stjórnsýsludeild, forstöðumaður Gunnlaugur Jónsson.
Vatnsorkudeild, forstöðumaður Haukur Tómasson.
Jarðhitadeild, forstöðumaður Guðmundur Pálmason.
Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Vilhjálmsson.

Orkustofnun annast rekstur Jarðborana ríkisins og Jarðvarmaveitna ríkisins, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Með bréfi, dags. 10. ágúst 1983, fól iðnaðarráðherra Hagvangi h.f. að framkvæma úttekt á skipulagi og rekstri Orkustofnunar og leita leiða til bætts skipulags og aukinnar hagkvæmni í rekstri.

Í framhaldi af skýrslu Hagvangs, sem út kom í júlí 1984, var unnið með stjórn Orkustofnunar, orkumálastjóra og stjórnendum deilda að framkvæmd einstakra tillagna.

Rekstur og fjármál 1984

Samkvæmt meðfylgjandi rekstraryfirliti námu útgjöld á árinu alls rúmum 124 milljónum króna samanborið við tæpar 116 milljónir árið áður. Hækkun milli ára nam 7,2% á sama tíma og vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 30,3% milli ára. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar lækkaði því nær um fimmtung milli ára.

Að raunvirði á verðlagi ársins 1984 hækkuðu eigin tekjur Orkustofnunar úr 15 milljónum 1974 í um 90 milljónir 1982. Eftir það hafa sértekjur minnkað vegna minnkandi söluverkefna til raforkuframleiðenda.

Á árinu 1984 námu sértekjur um 50 milljónum króna. Við samanburð verður þó að hafa í huga að á árinu 1982 nam útlagður kostnaður vegna söluverka nær 20 m.kr., að mestu vegna vinnubúða við Blöndu. Þessi kostnaður var endurheimtur og er

talinn með eigin tekjum Orkustofnunar. Endurheimtur kostnaður er ekki talinn með í yfirlitinu fyrir árið 1984.

Rekstrarreikningur 1984

Rekstrartekjur	1984	1983
	þús.kr.	þús.kr.
Fjárveiting til Orkustofnunar	74.720	67.506
Sértekjur:		
Framlög til Háskóla S.Þ.	6.013	3.236*
Sérverkefni fyrir Orkusjóð og Iðnaðarráðuneytið	3.400	4.557
Seld þjónusta önnur	32.286	33.999
Ýmsar tekjur	7.799	4.579
Endurheimt útgjöld	-	2.028
	124.218	115.905

Rekstrargjöld

Rekstur Stjórnsýsludeildar	(23.941)	(19.790)
Rekstur Vatnsorkudeilar	(41.773)	(37.657)
Rekstur Jarðhitadeildar	(50.491)	(47.511)
Viðhaldskostnaður	-	(1.187)
Gjaldfærður stofnkostnaður	(8.042)	(9.812)
	(124.247)	(115.957)

Nokkur samdráttur varð í starfsmannahaldi Orkustofnunar á árinu og fækkaði ársverkum úr 149,5 árið 1983 í 145,0 árið 1984. Fastráðnir starfsmenn unnu 90 ársverk, verkefnaráðnir 26 ársverk, en sumarvinnufólk og annað lausráðið starfsfólk 29 ársverk.

Yfirlit yfir starfsmannahald (ársverk) Orkustofnundar deildum árið 1984:

	Vatns-orku-deild[1]	Jarð-hita-deild[2]	Stjórn-sýslu-deild	Samtals
Ótímabundin ráðning	32,5	36,25	21,0	89,75
Verkefnaráðning	9,6	12,5	4,0	26,1
Samtals	42,1	48,75	25,0	115,85
Lausráðið starfsfólk	14,1	12,95	2,1	29,15
ALLS	56,2	61,7	27,1	145,0
Starfsmenn 1983 ALLS	58,5	63,0	28,0	149,5

1) Inniheldur Orkubúskapardeild.

2) Inniheldur Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Fjárhagsáætlun ársins 1985

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 26% hækkun í útgjöldum milli ára, sem er svipuð hækkun og áætluð verðbólga ársins. Margt bendir þó til að verðhækkanir verði nokkru meiri á árinu. Hækkunin er misjöfn eftir deildum, mest 34% á Jarðhitadeild, 22% á Stjórnsýsludeild en aðeins 18% á Vatnsorkudeild. Fjárhagsáætlunin endurspeglar þá þróun sem er í sértekjum deildanna en reiknað er með samdrætti í verksölu Vatnsorkudeildar en nokkurri aukningu í verksölu Jarðhitadeildar, einkum við áframhaldandi rannsóknir og boranir í Henglinum en einnig í verkefnum erlendis.

Fjárhagsáætlun Orkustofnunar 1985: (þús.kr.)

	Stjórn-sýrslu-deild	Vatns-orku-deild	Jarð-hita-deild	Alls	Alls 1984
Laun	14479,0	28358,0	40577,0	83414,0	67965,0
Rekstur	12783,0	19864,0	26195,0	58842,0	48240,0
Stofnkostn.	1000,0	1104,0	2200,0	4304,0	8042,0
Samtals	28262,0	49326,0	68972,0	146560,0	124247,0
Heildargjöld 1984	(24836)	(44327)	(55024)	(124187)	
Óráðstafað á deild	1438,0	2116,0	3449,9	7003,0	
Óráðstafað óskipt	575,0	1012,0	1379,0	2966,0	
Heildargjöld	30275,0	52454,0	73800,0	156529,0	124247,0
Fjárveiting	17762,6	39453,7	40107,8	97324,0	74720,0
Háskóli S.Þ.			8220,0	8220,0	6013,0
Sértekjur (áætlað)	12513,0	13000,0	25472,0	50985,0	43485,0
Heildar-tekjur	30275,6	52453,7	73799,8	156529,0	124218,0
Hækkun milli ára				26%	

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, undir yfirstjórn Iðnaðarráðuneytisins.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa

án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Til 1. október 1984 voru í stjórninni Guðrún Hallgrímsdóttir, verkfræðingur, formaður, Páll Kr. Pálsson, deildarstjóri, Steinar Steinsson, tæknifræðingur, Guðjón Jónsson, járnsmiður, og Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona. Ný stjórn stofnunarinnar var skipuð hinn 1. október 1984: Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður stjórnar, en stjórnin eru að öðru leyti eins skipuð og áður. Forstjóri skipaður af iðnaðarráðherra til 31. janúar 1987, er dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnverkfræðingur.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands á árinu 1984

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands skiptist í nýiðnaðarrannsóknir á sviði raforku og jarðvarma og iðntækniþjónustu á sviði efnaiðnaðar og tréiðnaðar og er stofnunin deildaskipt samkvæmt því. Ný deild, Rekstrartæknideild, tók til starfa í byrjun árs 1984. Hún starfar þverfaglega í samvinnu við aðrar deildir og sama gildir um Staðladeild, bókasafn, útgáfu og almenna skrifstofu. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í iðnaði og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenzkra auðlinda.

Nýiðnaðardeild vann á árinu 1984 að ýmsum verkefnum varðandi nýtingu orkulinda. Meðal annars tók deildin þátt í fjölþjóðlegu verkefni bandarísku rannsóknastofnunarinnar Batelle um nýtingu jarðvarma í iðnferlum og vann með þremur öðrum rannsóknastofnunum að tillögugerð um verkefni á sviði líftækni: ensímvinnslu úr íslenzkum hráefnum. Þá vann deildin að könnunum á sviði kísilefna, zeólíta og fleiri verkefnum í efnistækni og gerði úttekt á rekstri og framtíðarmöguleikum sjóefnavinnslu. Hafið var þriggja ára rannsóknaverkefni á sviði himnusíunar og háþrýstivökvadráttar, sem styrkt er af Norræna iðnaðarsjóðnum.

Þjónustudeildir stofnunarinnar inntu sem fyrr af höndum margs konar þjónustu við starfandi iðnfyrirtæki og fleiri aðila, m.a. gæðaeftirlit, prófanir, ráðgjöf, þjálfun og útvegun staðla. Lagður var grunnur að gæðamati og eftirliti með gagnfúavörn og húsgagnasmíði. Stofnunin stóð fyrir fjölmörgum námskeiðum, fundum og námsstefnum um tæknileg og stjórnunarleg málefni og efnt var til hópferða á áhugaverðar sýningar erlendis. Þá skipulagði stofnunin hópferð til Singapore, Hong Kong og Japans til að kynnast aðferðum þessara þjóða við að byggja upp háþróaðan iðnað á stuttum tíma. Nokkrar skýrslur um niðurstöður kannana komu út á árinu auk "ITÍ-frétta" ásamt sérsíðum fyrir einstakar iðngreinar. Lokið var smáfyrirtækjaverkefninu "Taktu þér tak" á vegum SIL (Samstarfsnefndar um iðnþróun í landshlutunum), sem Iðntæknistofnun átti aðild að, og hefur stofnunin síðan unnið að undirbúningi svipaðrar starfsemi með iðnráðgjöfum einstakra landshluta. Gerður var samningur við "Opfinderkontoret" í Danmörku um þjónustu vegna íslenzkra uppfinninga og hugmynda. Mun Iðntæknistofnun meta hugmyndir og hafa milligöngu, en Opfinderkontoret annast gagnaleit og ráðgjöf, annars vegar leiðsögn og fyrirgreiðslu og hins vegar aðstoð við fyrirtæki í leit að framleiðsluhugmyndum. Um áramót 1984/'85 gerðust Íslendingar aðilar að EAN alþjóða strikamerkjakerfinu á umbúðir og hefur íslenzka EAN nefndin falið Iðntæknistofnun að vera hlutlaus framkvæmdaaðili hér á landi.

Iðntæknistofnun var á árinu 1984 formlega falið að taka við rekstri Verkstjórnarfræðslu, Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins og Námskeiða fyrir stjórnendur vinnuvéla, en þessi starfsemi var áður í tengslum við stofnunina. Stofnuninni var einnig falin samræming á störfum iðnráðgjafa landshlutanna. Forstöðumenn þessara starfsþátta eru starfsmenn Iðntæknistofnunar. Verkstjórnarfræðslan starfar áfram undir sérstakri stjórn, en Fræðslumiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð deild innan ITÍ með ráðgjafanefnd.

Langþráður áfangi í starfi Iðntæknistofnunar náðist í maí 1984, er allar deildir hennar sameinuðust undir einu þaki með flutningi Nýiðnaðardeildar og Trefjadeildar úr Kópavogi að Keldnaholti, en áður hafði stofnunin aðsetur á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Hluti nýbyggingar ITÍ á Keldnaholti var tekinn í notkun á árinu. Reiknað er með, að nýbyggingin verði að fullu tekin í notkun fyrri hluta ársins 1985, en samhliða hefur verið unnið að breytingum og endurbótum á eldra húsnæði. Skrifstofuhald færðist einnig í nýtízkulegra form og hófst tölvuvæðing hjá stofnuninni á árinu 1984 með kaupum á fyrstu íslenzku tölvunni, Atlantis.

Í árslok 1984 voru starfsmenn Iðntæknistofnunar 50 og hafði fjölgað um 5 á árinu. Heildarútgjöld urðu 32,1 m.kr., þar af laun og launatengd gjöld 18,5 m.kr. Fjárveiting ríkisins var 19,3 m.kr., en eigin tekjur 15,2 m.kr., eða 47,4% af heildargjöldum. Á árinu 1983 voru heildarútgjöld 24,8 m.kr., en eigin tekjur 9,0 m.kr., sem var 36,3% af heildarútgjöldum. Eftirfarandi rekstraryfirlit sýnir afkomu aðaldeilda.

Rekstrarniðurstaða ársins 1984: (þús.kr.)

	Yfir-stjórn	Iðntækni-þjónusta	Nýiðnaðar-rannsóknir	Samtals
Laun og launatengd gjöld	(4.200)	(11.431)	(2.876)	(18.507)
Rekstrargjöld	(4.615)	(5.195)	(2.419)	(12.229)
Stofnkostnaður	(494)	(321)	(575)	(1.390)
Samtals gjöld	(9.309)	(16.947)	(5.870)	(32.126)
Sértekjur	1.004	10.774	3.466	15.244
Fjárveiting	8.305	7.529	3.420	19.254
Til ráðstöfunar	9.309	18.303	6.886	34.498
Mismunur	0	1.356	1.016	2.372

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt lögunum skal eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

Hinn 1. júlí 1933 tók gildi reglugerð um raforkuvirki, sem gefin var út 14. júní 1933 af Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932. Þessi reglugerð var í gildi með breytingum og viðbótum uns reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971 tók gildi 1. júlí 1972. Með gildistöku reglugerðarinnar 1. júlí 1933 hefur að jafnaði verið talið að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið formlega stofnað.

Í árslok 1984 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 22 og hafði þá fækkað um þrjá á árinu. Meginhluta ársins 1984 voru þeir 23, þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum hjá ríkisstofnunum að Síðumúla 13. Að auki keypti RER ráðgjafaþjónustu vegna einstakra verkefna, og Orkustofnun annaðist fjármálabókhald eins og undanfarin ár.

Verkefni og verkaskipting RER var í meginatriðum eftirfarandi:

Yfirstjórn, reglugerð, erlend samskipti, slysa- og tjónarannsóknir, fræðslumál og skrifstofa	8 starfsmenn
Eftirlit með raforkuvirkjum, þ.e. orkuvirkjunum flutnings- og dreifikerfum neysluveitum og einkastöðvum	8 " "
Raffangaprófun og markaðseftirlit	7 " "

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuver og rafveitur greiddu 1,2% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, þó að undanskildinni raforkusölu til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru minni háttar tekjur af sérstökum verkefnum.

Að tilhlutan iðnaðarráðherra var ráðgjafafyrirtækinu Hagvangi h.f. falin úttekt á starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins. Hagvangur h.f. skilaði áfangaskýrslu, þar sem bent var á mismunandi leiðir við rafmagnseftirlit í landinu, en niðurstöður úttektarinnar lágu að öðru leyti ekki fyrir í árslok.

ÚTFLUTNINGSMIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, er starfar samkvæmt lögum nr. 14 frá 1971. Stofnendur voru Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Iðnaðarráðuneytið og Viðskiptaráðuneytið. Markmið og tilgangur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að stuðla að auknum útflutningi íslenzkra

iðnaðarvara.

Starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar hefur verið fjármögnuð með sértekjum stofnunarinnar, fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi frá sjóðum iðnaðarins. Í samráði við verkbeiðendur er tekið gjald fyrir þjónustu Útflutningsmiðstöðvarinnar vegna umfangsmeiri verkefna.

Með hækkun iðnlánasjóðsgjalds í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni, skv. lögum nr. 55 frá 30. maí 1984 um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, beitti iðnaðarráðherra sér fyrir því að starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins væri markaður fastur tekjustofn, sem er 2/7 hlutar iðnlánasjóðsgjaldsins.

Starfsemi 1984

Á árinu 1984 hefur Útflutningsmiðstöð iðnaðarins átt umfangsmikið samstarf við erlenda ráðgjafa. Ráðinn var sérstakur markaðsráðgjafi til að stýra svokölluðu markaðsátaki á Norðurlöndum. Er hann kostaður til hálfs af Norðurlandaráði og hins vegar af Viðskiptaráðuneytinu og Iðnþróunarsjóði.

Iðnþróunarsjóður og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins standa í sameiningu að verkefni, sem kallast "Exportdiagnoser". Verkefni þetta hefur verið unnið með dönskum ráðgjöfum frá Industriraadet í Kaupmannahöfn og markaðsráðgjafafyrirtækinu AIM í Kaupmannahöfn. Alls hafa ráðgjafarnir frá Industriraadet og AIM nú unnið með 12 iðnfyrirtækjum hérlendis.

Á árinu 1984 skipulagði Útflutningsmiðstöð iðnaðarins þátttöku ýmissa íslenzkra fyrirtækja á erlendum vörusýningum. Þannig sá hún um þátttöku íslenzkra fyrirtækja á Scandinavian Furniture Fair í Kaupmannahöfn (húsgagnasýning), SIAL (Salon International du L'alimentation, matvælasýning) í París og Catch '84 (sjávarútvegssýning) í Aberdeen, þá var og farin kynningarferð til Finnlands. Útflutningsmiðstöðin hélt námskeið

og hafði starfsmann á Íslenzku sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll til aðstoðar íslenzku fyrirtækjunum, sem þátt tóku í henni.

Á hverju ári aðstoðar Útflutningsmiðstöð iðnaðarins útlendinga og erlend fyrirtæki við að koma á viðskiptasamböndum við íslenzk fyrirtæki. Þannig aðstoðaði Útflutningsmiðstöðin á síðasta ári hópa frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Shetlandseyjum, Færeyjum, Grænlandi og Noregi.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir. Sérstaklega náið samstarf er við útflutningsráðin á Norðurlöndum. Einnig er rækt gott samstarf við ýmsar félagsstofnanir, svo sem Scandinavian Clothing Council, Nordisk Möbelproducent Raad og International Wool Secretariat.

Stjórn

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa Steinar Berg Björnsson, forstjóri, formaður, og Þráinn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri tilnefndir af Félagi íslenzkra iðnrekenda, Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri í Iðnaðarráðuneytinu, Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna, og Sveinn Björnsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Viðskiptaráðuneytinu. Framkvæmdastjóri árið 1984 var Úlfur Sigurmundsson, sem nú hefur verið ráðinn viðskiptafulltrúi í New York. Í starf framkvæmdastjóra hefur nú verið ráðinn Þráinn Þorvaldsson.

Rekstur 1984

Á árinu 1984 var hafinn undirbúningur að þeirri skipulags- og áherzlubreytingu stofnunarinnar er kom til framkvæmda á árinu 1985.

Sem að framan getur var á árinu 1984 samþykkt með lögum frá Alþingi að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fengi visst hlutfall af iðnlánasjóðsgjaldi (2/7 af gjaldinu). Hér er um þáttaskil að ræða því að þetta er í fyrsta skipti á þrettán ára starfstímabili Útflutningsmiðstöðvarinnar að henni er tryggður fastur tekjustofn.

Þessi tekjustofn, sem jafnframt eykur tekjur Útflutningsmiðstöðvarinnar verulega, varð svo til þess að ákveðið var að færa út kvíarnar og opna fleiri skrifstofur erlendis. Þannig hafa nú verið opnaðar tvær skrifstofur erlendis, önnur í Þórshöfn í Færeyjum og hin tók til starfa í New York í maímánuði 1985.

Bókhaldsniðurstöður 1983 og 1984

Rekstrartekjur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins:

	1983 kr.	1984 kr.
Framlag ríkissjóðs	2.949.780	2.899.000
Framlag Iðnrekstrar- og Iðnlánasjóðs	2.239.809	5.500.000
Framlag Iðnþróunarsjóðs	135.000	
Framlög þátttakenda og seld þjónusta	2.902.335	4.432.573
	8.226.924	12.831.573
Rekstrargjöld	(8.271.873)	(13.256.908)
Fjármagnsgjöld	(250.473)	(89.571)
Hagnaður (Tap)	(295.422)	(514.906)
Eignir	1.231.799	968.598
Skuldir	291.584	306.274
Eigið fé	940.215	662.624

SJÓÐIR

IÐNLÁNASJÓÐUR

Tilgangur

Iðnlánasjóður, sem stofnaður var með lögum nr.12/1935, hefur þann tilgang að styðja íslenzkan iðnað með hagkvæmum stofnlánum, og veitir hann stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkvæmt 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang til lána úr sjóðnum.

Vöruþróunar- og markaðdeild

Með lögum nr. 55 frá 30. maí 1984, um breyting á lögum nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, var stofnuð sérstök deild hjá Iðnlánasjóði, vöruþróunar- og markaðsdeild. Sú deild tók við rekstri Iðnrekstrarsjóðs, en hann var lagður niður hinn 1. júlí 1984 með þeim sömu lögum.

Hlutverk vöruþróunar- og markaðsdeildar er eftirfarandi:

- að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins,
- að örva nýsköpun,
- að auka útflutning iðnaðarvara.

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði.
4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.
5. Veitingu ábyrgða á lánum hjá bönkum og sparisjóðum.

Seinni hluta árs 1984 var starfsemi nýju deildarinnar í lágmarki, vegna þess að nýir tekjustofnar koma ekki til framkvæmda fyrir en 1985.

Eftirspurn og lánveitingar

Árið 1984 bárust sjóðnum 365 umsóknir í stað 342 umsókna 1983 eða 7% fleiri. Lánsbeiðnir í krónum talið jukust hins vegar verulega fjórða árið í röð, eða um 50%, og námu 739.1 m.kr. í stað 492.3 m.kr. árið áður. Ráðstöfunarfé sjóðsins jókst hins vegar meir en eftirspurnin á árinu 1984. Munar þar mestu um auknar heimildir til lántöku, en þær tvöfölduðust á árinu. Eins jókst eigið ráðstöfunarfé sjóðsins um 56%.

Vegna mikillar eftirspurnar á síðustu mánuðum ársins 1983 hafði sjóðsstjórn ekki tekið afstöðu til lánsbeiðna er námu 242.1 m.kr. um áramótin 1983/'84, þannig að aukning ráðstöfunarfjár á milli ára nýttist ekki sem skyldi. Þegar svo miklar sveiflur eru á eftirspurn eftir lánum til sjóðsins eins og raun ber vitni skapast eðlilega misvægi milli ára.

Fjöldi afgreiddra lána 1984 var 276 en 330 árið áður. Árið 1984 voru afgreidd lán að fjárhæð 352,5 m.kr. á móti 214,9 m.kr. árið áður. Nemur aukningin 64%.

Lántökur sjóðsins

Sívaxandi hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins eru nýjar lántökur, og er nú svo komið að um 75% af ráðstöfunarfé sjóðsins 1984 voru ný lán.

Þau skiptust þannig:

Lán bundin lánskjaravísitölu með vöxtum 7,25%	m.kr.	82
Lán háð gengi bandaríkjadollars með 1% yfir millibankavöxtum, sem voru 9,5% þegar lánið var tekið	m.kr.	100
Lán háð gengi japansks yens með 1,375% vöxtum yfir skammtímavöxtum á japönskum yenum	m.kr.	118
Samtals	m.kr.	300

Lánskjör sjóðsins

Útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir hinn 15. júní 1984. Vextir byggingalána voru hækkaðir úr 5% í 6% en vextir vélalána úr 4,5% í 5,5%. Gilti vaxtahækkunin einnig fyrir útistandandi lán. Báðir lánaflokkar sjóðsins eru bundnir lánskjaravísitölu að fullu og lántökugjald er 1%.

Lántaki velur sjálfur lengd lánstíma, en hámarkslánstími byggingarlána er 15 ár en vélalána 7 ár. Lánin eru endurgreidd með jöfnun greiðslum og er gefinn kostur á einni eða tveim endurgreiðslum á ári.

Rekstur og efnahagur

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984:

	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	349.980	533.216
Rektrargjöld	(423.882)	(532.098)
Hagnaður (Tap)	(73.902)	1.118
Eignir	1.759.896	1.224.916
Skuldir	1.349.974	868.286
Eigið fé	409.923	356.630

Við uppgjör sjóðsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 1983. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færð í ársreikninginn. Gengistryggð lán eru uppfærð á gengi 31. desember 1984. Einnig er færð til gjalda í rekstrarreikningi reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga þar sem peningalegar eignir sjóðsins voru umfram skuldir. Nam sú færsla 70.981 þús.kr.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald var á árinu 1984 1.800 þús.kr., en hafði verið á árinu 1983 14.400 þús.kr. Ljóst er að samanburður á milli ára er erfiður vegna þeirrar röskunar, sem varð er iðnlánasjóðsgjaldið var lækkað árið 1983 úr 0,5% í 0,05% af aðstöðugjaldsstofni.

Framlag ríkissjóðs var fellt niður árið 1984, en var 626 þús.kr. árið áður.

Með lögum nr. 55 frá 30. maí 1984 var iðnlánasjóðsgjald hækkað úr 0,05% í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni og skal hækkun gjaldsins koma til framkvæmda á árinu 1985 á gjaldstofn ársins 1984. Þá eru fyrirmæli um að þau ákvæði laganna, sem varða fjárhæð og ráðstöfun iðnlánasjóðsgjaldsins, skuli tekin til

endurskoðunar fyrir árslok 1988.

Framleiðslugjald af áli var 2.472 þús.kr. árið 1984 í stað 1.504 þús.kr. árið áður eða hækkun um 64%.

Rekstrarkostnaður Iðnlánasjóðs varð 9.303 þús.kr. 1984 á móti 6.011 þús.kr. árið áður.

Framlög til hagrannsókna námu 660 þús.kr. 1984 í stað 1.442 þús.kr. árið áður.

Heimilt er skv. lögum sjóðsins að verja allt að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, er stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ráðstafar stjórn sjóðsins framlögum þessum í samráði við stjórnir Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsaðstaða og stjórn

Iðnlánasjóður er lögum skv. í umsjón Iðnaðarbanka Íslands h.f., og hefur sjóðurinn aðsetur í húsnæði bankans, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. júní 1983, voru eftirfarandi skipaðir í stjórnina til næstu fjögurra ára:
Jón Magnússon, hdl., formaður, skipaður án tilnefningar, Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, og Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda.

Bankastjórar Iðnaðarbankans eru framkvæmdastjórar sjóðsins, en samkvæmt verkaskiptingu bankastjóranna annast Bragi Hannesson, bankastjóri, daglega framkvæmdastjórn sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins er Gísli Benediktsson, viðskiptafræðingur.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970, á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlanda. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 milljóna US$. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherzlu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta á milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnumm og 5 varamönnum, einum frá hverju landi.

Iðnaðarráðherra Íslands skipar fulltrúa Íslands í sjóðinn til þriggja ára, svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. marz 1982 að telja:
Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður, og Ingi R. Helgason, forstjóri, varamaður.

Í framkvæmdastjórninni eiga sæti fjórir fulltrúar íslenzkra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins.

Lánakjör

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán hans að fullu gengistryggð og miðuð við Bankaríkjadollar.

Útlánsvextir höfðu verið óbreyttir frá 1. nóvember 1983, eða 10,5%, en voru hækkaðir í 11,5% frá 1. október 1984.

Starfsemin

Á árinu 1984 voru til afgreiðslu 84 umsóknir um fjárfestingarlán, að upphæð 554 m.kr., borið saman við 56 umsóknir að upphæð 203 m.kr. árið 1983.

Samþykkt voru 59 lán að upphæð 304 m.kr.

Lög sjóðsins gera ráð fyrir því að ráðstafa megi ákveðnum hluta af fjármagni hans með sérstökum kjörum. Lán þessi eru óverðtryggð. Vextir af lánum þessum voru 23% í lok ársins. Veitt eru lán til vel skilgreindra verkefna, sem miða að þróun efna og afurða er stuðla að nýsköpun í iðnaðarframleiðslu, og til erlendrar markaðsöflunar. Ef um er að ræða verkefni, sem mikil áhætta fylgir, getur framkvæmdastjórn sjóðsins breytt lánum í styrk, leiði verkefnið ekki til arðbærrar framleiðslu.

Samþykkt voru 10 áhættulán að upphæð 7,4 m.kr., borið saman við 12 lán að upphæð 4,6 m.kr. árið 1983.
Á árinu voru samþykktir 16 styrkir að upphæð samtals 10.029 þús.kr. Stærstum hluta styrkveitinga á árinu 1984 var varið til útflutningsmála. Í samstarfi við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var unnið að svonefndu útflutningsverkefni. Markmið þess var að leiðbeina fyrirtækjum við skipulagningu og starfsaðferðir við sókn á erlenda markaði. Að verkefninu unnu erlendir ráðgjafar og starfsmenn Útflutningsmiðstöðvarinnar, og nutu þeir í því sambandi sérstakrar þjálfunar. Greiddur styrkur vegna verkefnisins nam 3,0 m.kr.

Samþykktur var styrkur til greiðslu hluta af kostnaði við staðsetningu markaðsfulltrúa í New York, að upphæð 3.000 þús.kr. Þá var samþykktur styrkur að upphæð jafnvirði 300 þús. norskra króna til sérstaks átaks á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs til að efla útflutning iðnaðarvara til annarra norrænna landa.

Á árinu fór fram athugun skozkra sérfræðinga á

rafeindaiðnaði hér á landi, í samstarfi við Félag íslenzkra iðnrekenda.

Útborgaðir styrkir á árinu námu 4.981 þús.kr.

Endurgreiðsla stofnfjár

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs segir, að frá 10. ári skuli, eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, að upphæð 13,5 millj.USD. Endurgreiðsla stofnfjár á árinu nam 340 þús. USD. Námu heildarendurgreiðslur stofnfjár í árslok 1.060 þús.USD.

Lántökur

Í september 1984 var undirritaður samningur við Norræna fjárfestingarbankann um lán að jafnvirði 13 milljónir norskra króna. Lánið var tekið í USD, reikningseiningu sjóðsins, og kom til útborgunar á árinu. Heildarlán sjóðsins við árslok 1984 námu 238 m.kr.

Starfsaðstaða

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og er aðsetur sjóðsins í húsnæði Seðlabanka Íslands. Veitir bankinn sjóðnum ýmiss konar þjónustu, svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru, auk framkvæmdastjóra, tveir fulltrúar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1983 og 1984 í þús.kr:

	1984	1983
	þús.kr.	þús.kr.
Fjármunatekjur	531.658	459.110
Fjármagnsgjöld	(429.042)	(383.115)
Rekstrarkostnaður	(7.058)	(4.592)
Greiddir styrkir	(4.982)	(3.313)
Hagnaður (Tap)	90.576	68.090
Eignir	1.554.606	1.014.839
Skuldir	773.841	526.728
Eigið fé	789.766	488.111

Meðal skulda er talið óendurgreitt stofnfé, sem nam 381.269 þús.kr. í árslok 1983 og 525.364 þús.kr. í árslok 1984. Engir vextir greiðast af stofnfé sjóðsins, en endurgreiðslu þess lýkur 1995.

Horfur 1985

Áætlað er að ráðstöfunarfé sjóðsins til lán- og styrkveitinga árið 1985 verði um 320 m.kr. Ráðgert er að heimildir til lántöku á árinu nemi 50 m.kr.

Áætlað er því að eiginfjármögnun útlána verði um 280 m.kr. Umsótt lán í lok marz árið 1985 voru um 164 m.kr.

Iðnaðarráðherra hefur nýverið lagt fram frumvarp um breytingar á lögum sjóðsins, þar sem gert er ráð fyrir að verksvið hans verði víkkað og sjóðurinn geti tekið þátt í fjármögnun arðvænlegra framkvæmda. Lánskjör verði sveigjanlegri og auknir verði möguleikar sjóðsins í þátttöku í áhættufjármögnun.

Útlán í árslok 1984 - skipt á iðngreinar

	Millj.kr.	%
Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	183	13,4
Vefjaiðnaður og prjónaiðnaður	270	19,8
Fatagerð	60	4,4
Húsg.- og innréttingaiðnaður	161	11,8
Pappírs- og prentiðnaður	112	8,2
Skinna- og leðuriðnaður	19	1,4
Efnaiðnaður	140	10,3
Steinefnaiðnaður	125	9,2
Málmiðnaður	143	10,5
Raftækjaiðnaður	25	1,8
Smíði flutningstækja	28	2,1
Plastiðnaður	66	4,9
Ýmis iðnaður	30	2,2
Samtals	1.362	100,0

YFIRLIT YFIR AFGREIÐSLU LÁNSUMSÓKNA 1984 (þús.kr.)

		Óafgreitt frá 1983		Innkomnar umsóknir 1984		Til afgreiðslu 1984		Samþykkt lán 1984		Synjað/dregið til baka vísað frá 1984		Óafgreitt 31.12 1984	
	I Ð N G R E I N	fj	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.	fj.	upph.
1.	Matvæla- og drykkjav.iðn.	1	6.000	10	70.052	11	76.052	6	36.200	1	3.000	4	28.500
2.	Vefjar- og prjónaiðnaður	-	-	6	87.755	6	87.755	4	42.700	1	140	1	12.235
3.	Fataiðnaður	-	-	5	18.426	5	18.426	3	5.020	-	-	2	13.400
4.	Húsg.- og innrétt.iðn.	2	21.300	6	18.781	8	40.131	4	31.338	1	350	3	25.300
5.	Pappírs- og prentiðnaður	1	15.000	7	26.216	8	41.216	6	29.600	1	6.500	1	7.550
6.	Skinna- og leðuriðnaður	1	800	1	-	1	800	1	800	-	-	-	-
7.	Efnaiðnaður	1	7.000	13	44.360	4	51.360	3	37.000	1	14.160	-	-
8.	Steinefnaiðnaður	1	20.000	18	44.300	9	64.300	8	54.265	-	-	1	10.000
9.	Málmiðnaður	1	39.000	16	78.060	7	117.060	4	32.800	2	40.670	1	32.000
10.	Raftækja- og rafeindaiðn.	-	-	2	2.285	2	2.285	1	900	-	-	1	1.000
11.	Skipasmíðar og viðg.	-	-	2	5.150	2	5.150	2	4.300	-	-	-	-
12.	Plastiðnaður	1	300	17	21.440	8	21.740	7	15.954	1	4.600	-	-
13.	Ýmiss iðnaður	-	-	13	27.355	13	27.355	10	12.780	3	12.780	-	-
	SAMTALS	9	109.450	75	444.180	84	553.630	59	303.657	11	82.200	14	129.985

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175/1985. Hlutverk sjóðsins er að efla lagmetisiðnaðinn m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur sérstaka stjórn sem fer með málefni sjóðsins, skipuð til tveggja ára í senn, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarráðherra skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF.

Í nýrri stjórn, sem skipuð var frá 1. apríl 1984 til tveggja ára, eiga þessir menn sæti:
Heimir Hannesson, formaður, Ingjaldur Hannibalsson, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Rögnvaldur Einarsson, Theódór S. Halldórsson. Ritari sjóðsins er Guðrún B. Sigurðardóttir.

Sölustofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins en peningaeign sjóðsins er varðveitt í Iðnaðarbanka Íslands.

Rekstur 1984

Helztu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árinu 1984 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

1% af útfluttu lagmeti	(72%	af	heildartekjum	Þróunarsjóðs)
3% af söltuðu matarhrognum	(20%	"	"	"	)
3% af frystum þroskhrognum	(8%	"	"	"	)

Heildartekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins voru kr.

7.377.730 en þegar frá hafa verið dregin gjöld öll ásamt styrkjum og lánum varð rekstrarafgangur 4,5 milljónir króna.

Á árinu voru veitt lán til verksmiðja að upphæð kr. 2.715.000 og styrkir voru veittir til uppbyggingar í verksmiðjum og til markaðsmála að upphæð kr. 4,2 milljónir.

Helztu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1984 eru:

	1984 kr.	1983 kr.
Tekjur	7.377.730	5.792.232
Rekstrargjöld	(4.435.626)	(2.300.632)
Fjármagnstekjur	1.603.613	2.944.892
Hagnaður (Tap)	4.545.717	6.436.492
Skuldir	698.891	254.286
Eignir	23.643.798	16.216.297
Eigið fé	22.944.907	15.962.011

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, orkulögum, X. kafla, með síðari breytingum. Hann tók við starfsemi Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs og yfirtók eignir þeirra og skuldbindingar. Sjóðurinn er eign ríkissjóðs. Hann lýtur stjórn Orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, til bænda til að koma upp vatnsaflsstöðvum og mótorrafstöðvum. Þá veitir sjóðurinn lán til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til að leita að og afla jarðvarma. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum rafveitum styrki til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra óafturkræfra framlaga. Lán og styrkir eru veittir af

lánum, sem sjóðurinn tekur, eða framlögum, sem hann fær.

Rekstur

Á árinu 1984 fékk sjóðurinn framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 211,2 m.kr. Verðjöfnunargjald var 381,2 m.kr. Lántökur Orkusjóðs á árinu námu 202,7 m.kr. en lánveitingar urðu alls 222,2 m.kr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningum sjóðsins 1984 (bráðabirgðatölur) og 1983 eru sem hér segir:

	1984 m.kr.	1983 m.kr.
Tekjur	1.074,8	741,3
Gjöld	(908,2)	(650,1)
Eignir	4.744,5	3.649,3
Skuldir	5.122,4	4.051,3
Eigið fé	(377,6)	(402,0)

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga, að styrkveitingar úr sjóðnum eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á.m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvort tveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður tekjuafgangur 1983 27,1 m.kr. en halli 6,0 m.kr. árið 1984.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1983 og 1984 sem hér segir:

	1984 m.kr.	1983 m.kr.
1. Greitt verðjöfnunargjald	381,00	283,00
2. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	33,00	27,00
3. Jarðhitaleitarlán	15,00	15,00
4. Hitaveitulán	10,00	7,50
5. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	14,50	20,50
6. Lánveitingar til einkarafstöðva í sveitum	1,00	1,00
7. Greiddir vextir, vísitöluálag og afb.	1100,90	777,87
8. Reksturskostnaður Orkusjóðs	0,55	0,40
9. Styrkur til Hólsfjallabæja v. raforkuframleiðslu	1,75	0,70
Samtals	1557,60	1132,97

Fé það sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1983 og 1984 var fengið sem hér segir:

	1984 m.kr.	1983 m.kr.
1. Framlög úr ríkissjóði:		
a) verðjöfnunargjald	381,00	283,00
b) önnur framlög	218,80	117,41
2. Lántökur	27,00	30,50
3. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	930,80	702,06
Samtals	1557,60	1132,97

Stjórn

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Stjórn Orkuráðs skipa frá 1. júlí 1983: Þorvaldur G. Kristjánsson, alþingismaður, formaður, Daníel Ágústínusson, aðalbókari, Aage Steinsson, deildarstjóri, Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri, Ingólfur Árnason, rafveitustjóri. Ritari er Páll Hafstað. Fundi ráðsins sitja auk þess: Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, og Jakob Björnsson, orkumálastjóri.

Ed. 1017. Breytingartillaga [284. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Anna Lísa Siti Jóhannsdóttir, barn í Svíþjóð, f. 16. júlí 1983 í Indónesíu.
2. Clinceanu, Eugenia-Dorina, einkaritari í Reykjavík, f. 1. mars 1945 í Rúmeníu.
3. Hansen, Rikhard Dürke, vélvirki á Ísafirði, f. 9. mars 1954 á Íslandi.
4. Jurczak, Krystyna Anna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1953 í Póllandi.
5. Jünemann, Ursula Elisabeth, kennari í Mosfellssveit, f. 28. des. 1950 í Þýskalandi. Fær réttinn 27. nóv. 1985.
6. Mellk, Marilyn Herdís, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. febr. 1961 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 31. des. 1985.
7. Middleton, Inga Lísa, nemi í Reykjavík, f. 9. des. 1964 í Englandi.
8. Moustacas, Ilias Karolos, nemi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 á Íslandi.
9. Paulsen, Ingrid Marie, kennari í Garðabæ, f. 4. nóv. 1936 í Þýskalandi.
10. Ponzi, Tómas Atli, nemi í Mosfellssveit, f. 10. júní 1959 á Íslandi.
11. Sólheim, Edgar, verkamaður í Neskaupstað, f. 1. jan. 1960 á Íslandi.

Ed. 1018. Frumvarp til laga [397. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. maí.)

Samhljóða þskj. 642 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðusta ár.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

8. gr. hljóðar svo:

Flokkun gististaða er sem hér segir:

a. Hótel.
Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.

b. Gistiheimili.
Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

c. Gistiskáli.
Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.

d. Gisting á einkaheimilum.
Gisting á heimili leigusala.
Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

15. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

Ed. 1019. Nefndarálit [424. mál]

um frv. til l. um breyt. á erfðalögum, nr. 8/1962.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Benediktsson.

Alþingi, 24. maí 1985.

Haraldur Ólafsson, form. | Helgi Seljan, frsm. | Salome Þorkelsdóttir.

Eiður Guðnason. | Valdimar Indriðason.

Nd. 1020. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný gr. er verði 7. gr. og hljóði svo:

Sérhver skráningaraðili notar eigin greiningarlykil fyrir lögpersónur til merkingar annarra upplýsinga en þeirra sem teknar eru úr þjóðskrá. Lykillinn er trúnaðarmál og skal ekki tengjast nafni, nafnnúmeri, fæðingardegi né öðrum slíkum auðkennum.

Ed. 1021. Breytingartillögur [504. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá Árna Johnsen.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Við 16. gr. bætist ný málsgr., svohljóðandi:
   16.2. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð ákvæði um innflutning tóbaks, með hliðsjón af skaðsemi þess.
2. Við 2. gr. bætist: Þó skulu ákvæði 2. gr. öðlast gildi nú þegar.

Sþ. 1022. Fyrirspurn [519. mál]

til menntamálaráðherra um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Frá Ragnari Arnalds og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Hvað líður áformum um stofnun fiskiðnskóla í Siglufirði, sbr. ályktun Alþingis 30. mars 1973 og framlag í fjárlögum ársins 1985 til athugunar málsins?

Ed. 1023. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið með hefðbundnum hætti og mælir með samþykkt þess með þeim breytingartillögum sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. maí 1985.

Haraldur Ólafsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.	Helgi Seljan.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 1024. Þingsályktun [507. mál]

um þróunaraðstoð Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 947.

Sþ. 1025. Fyrirspurn [518. mál]

til viðskiptaráðherra um mismunandi álagningu vaxta af innheimtum veðskuldabréfum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?
2. Hefur ágreiningi milli Seðlabanka Íslands og annarra banka um útreikning vaxta af veðskuldabréfum verið skotið til dómstóla?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 1026. Breytingartillögur [470. mál]

við frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: Lokapróf frá Þroskaþjálfaskóla Íslands skal veita rétt til framhaldsnáms við Háskóla Íslands í helstu námsgreinum skólans, sbr. ákvæði 21. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 77/1979.
2. Við 5. gr. B-liður orðist svo: Stúdentspróf og hliðstætt nám eða inntökupróf á vegum skólans.

Nd. 1027. Lög [363. mál]

um breyting á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 870.

Nd. 1028. Lög [289. mál]

um Landmælingar Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1014 (sbr. 798).

Ed. 1029. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Benediktsson.

Alþingi, 24. maí 1985.

Haraldur Ólafsson, form. Salome Þorkelsdóttir, frsm. Helgi Seljan.

Eiður Guðnason. Valdimar Indriðason.

Nd. 1030. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá þingskapanefnd.

Þingskapanefnd neðri deildar hefur haft frv. þetta til meðferðar og rætt það gaumgæfilega. Í þingskapanefnd deildarinnar eiga sæti, meðal annarra, fjórir þeirra er sæti áttu í milliþinganefnd þeirri er vann að endurskoðun þingskapa og samdi frv. það sem lagt var fyrir efri deild á þessu þingi og er nú til meðferðar í neðri deild. Þrátt fyrir vandaða meðferð málsins í milliþinganefnd og efri deild komu fram ýmsar athugasemdir við einstakar greinar frv. í þingskapanefnd neðri deildar, svo og í umræðum í þingdeildinni, og er nefndin einhuga um að rétt sé að leggja til að á frv. verði gerðar tilteknar breytingar.

Nefndin leggur til að ákvæði verði í frv. um að koma skuli upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur og hverfa frá þeim reglum sem nú gilda um atkvæðagreiðslur með handauppréttingu. Horfir þessi breyting til þess að koma á atkvæðagreiðslukerfi sem víðast er við lýði í þjóðþingum nágrannalanda enda hefur verið unnið að því á vegum forseta þingsins að undanförnu að slíku kerfi verði komið upp í þingsölum.

Þá leggur nefndin til að breyta orðalagi 28. greinar er fjallar um þingsályktunartillögur og meðferð þeirra og gera með því sem skýrast það markmið sem í greininni felst að þingsályktunartillögur séu bornar upp í sameinuðu þingi en ekki þingdeildum. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, miðað við tillögu milliþinganefndarinnar, heldur tillögu um skýrara orðalag. Í því sambandi vill nefndin að það komi sem ljósast fram **að ályktunartillögur,** sem bornar kynnu að vera upp í þingdeild, **eru ekki þingsályktunartillögur** og að ályktanir, sem þingdeild gerir, **eru ekki þingsályktanir.**

Nefndin tekur að fullu undir það meginsjónarmið að rétt sé að stefna að því að hraða meðferð þingsályktunartillagna, svo sem mælt er fyrir um í 28. gr., með þeim undantekningum sem er að finna í greininni og varðar þingsályktunartillögur er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- og varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga. Slíkar tillögur eru ekki háðar tímatakmörkum og fer um þær eftir ákvæðum 36. gr. **Þrátt fyrir það leggur nefndin til að ein efnisbreyting verði gerð um þetta atriði.** Er þar leitast við að koma til móts við aðfinnslur og athugasemdir, sem fram komu í báðum þingdeildum, um að takmörkun á ræðutíma, þegar þingsályktunartillögur eru ræddar, geti hugsanlega skert þingræðisleg réttindi stjórnarandstöðu til að bera upp mál í formi

þingsályktunar. Nefndin telur slíka hættu að vísu hverfandi en vill fyrir sitt leyti leitast við að taka af tvímæli í því efni. Breytingartillagan felur það í sér að **forseti** geti ákveðið frávik frá hinni almennu reglu um ræðutíma ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi og hver þingflokkur hefði rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Þótt fleiri athugasemdir hafi vissulega komið fram í þingdeild og þingnefnd um þingsköp og þingstörf og aðbúnað þingsins í meðferð þessa máls telur þingskapanefnd ekki rétt að leggja til aðrar breytingar á þessu frv. en hér hefur verið lýst. Hvað varðar aðbúnað og starfsskilyrði þingsins og einstakra þingmanna stendur margt til bóta. Á vegum forsetanna og í samstarfi við þingflokka er nú unnið að víðtækum úrbótum í húsnæðismálum þingsins á grundvelli þingsályktunar frá 21. maí 1981, um framtíðarhúsakost Alþingis. Gagnrýni, sem fram hefur komið um ýmsa þætti þingstarfa, er að áliti nefndarinnar um margt réttmæt og til eftirbreytni hvort heldur er um að ræða valdsvið forseta, störf þingnefnda eða hlut þingmanna almennt í því að greiða fyrir meðferð þingmála og góðri reglu í þingstörfum. Nefndin telur að ákvæði þessa frumvarps séu út af fyrir sig nægilega skýr um þessi atriði og veltur því á **framkvæmdinni** hvert gildi þeirra verður.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. maí 1985.

Ingvar Gíslason, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Páll Pétursson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristín S. Kvaran.	Ólafur G. Einarsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 1031. Breytingartillögur [416. mál]

við frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá þingskapanefnd.

1. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Tillögur til þingsályktunar skal bera upp í sameinuðu þingi og skulu þær vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti sameinaðs þings samþykki það.

Ályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur.

2. Við 47. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Þegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skal hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvæðagreiðslur í 2. mgr.

Ed. 1032. Nefndarálit [429. mál]

um frv. til l. um verslun ríkisins með áfengi.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið í tengslum við 428. mál, frv. til l. um gjöld af tóbaksvörum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 29. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Egill Jónsson. Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 1033. Nefndarálit [501. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Eiður Guðnason, fundaskr. Egill Jónsson.

Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara. Jón Kristjánsson. Ragnar Arnalds.

Valdimar Indriðason.

Sþ. 1034. Nefndarálit [222. mál]

um till. til þál. um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Eins og fram kemur í áliti meiri hl. nefndarinnar er þar tekið undir það meginsjónarmið flm. tillögunnar að efla þurfi atvinnulíf með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Enn fremur er í rökstuddri dagskrá tekið undir það með því að í raun er þar skorað á ríkisstjórnina að hafa uppi markvissar aðgerðir til eflingar íslensku atvinnulífi. Það er þess vegna augljós nauðsyn á skipulegu átaki og heildarstefnu í líkingu við það sem gert hefur verið víða á Vesturlöndum, svo sem í Bretlandi.

Þó að einstök atriði þessarar tillögu séu nú til meðferðar í ýmsum stofnunum skortir algerlega að mótað sé samvirkt átak og stefna sem stuðlar að eflingu atvinnulífs af þessu tagi. Með þessari tillögu er verið að leggja til að ríkisstjórnin gangist fyrir slíku frumkvæði og leggur minni hl. nefndarinnar því til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 29. maí 1985.

Kristín S. Kvaran, fundaskr., frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Ed. 1035. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að fylgja breytingartillögum ef fram koma.

Egill Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.	Kristín Ástgeirsdóttir.

Nd. 1036. Breytingartillaga [416. mál]

við frv. til l. um þingsköp Alþingis.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allt það þing. Svo er og um kosningu til efri deildar. Kosning kjörbréfanefndar samkv. 4. gr. er fyrir allt kjörtímabilið.

Nd. 1037. Frumvarp til laga [520. mál]

um frjálsa vöruflutninga á sjó vegna varna Íslands.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Flutningar vöru á sjó, ef um aðrar vörur en olíu og hergögn er að ræða, til Íslands og frá landinu fyrir varnarlið á Íslandi skulu vera frjálsir.

Í þeim efnum skal ekkert erlent skipafélag njóta sérréttinda umfram íslensk skipafélög. Skal sú meginregla gilda að kaupskipaútgerðir annist þessa flutninga í samræmi við siglingatíðni hvers þeirra, að því tilskildu að verð, greiðslukjör og þjónusta einstakra útgerða séu sambærileg.

2. gr.

Utanríkisráðuneytið skal gæta þess að framangreindri meginreglu sé fylgt. Í því sambandi getur ráðuneytið krafist eintaks af farmskrám þeirra skipa sem flytja vörur fyrir varnarliðið til landsins eða frá landinu. Skal þeim aðilum, sem annast tollafgreiðslu skipa, vera skylt að láta farmskrár þessar í té eða ljósrit þeirra ef þess er óskað.

3. gr.

Nú telur utanríkisráðuneytið að ákvæði 1. gr. hafi verið brotin. Getur ráðuneytið þá krafist þess að synjað verði um tollafgreiðslu skipa sem flytja til landsins eða frá því vörur gagnstætt þessum lögum.

Utanríkisráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laganna á ófriðartímum.

4. gr.

Synjun skv. 3. gr. skal vera tímabundin og aldrei lengri en 30 dagar frá komu skips til Íslands eða þeim degi þegar skip var búið til brottfarar frá landinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið og lagt fram vegna þess að bandarískt skipafélag hefur hafið reglubundnar siglingar til Íslands í skjóli bandarískra laga frá 1904 sem áskilja skipum þess lands einkarétt til flutninga fyrir varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna.

Slíkur einkaréttur er í ósamræmi við réttarvitund íslensku þjóðarinnar og veruleg skerðing á hagsmunum hennar. Er nauðsynlegt að grípa til löggjafar í því skyni að tryggja hagsmuni og öryggi landsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar lúta að því að siglingar skuli vera frjálsar hvað varðar flutninga á almennum vörum til varnarliðsins á Íslandi.

Um 2. gr.

Einhver opinber aðili verður að hafa með höndum og hafa aðstöðu til þess að fylgjast með því að meginreglu 1. gr. verði fylgt. Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að það verkefni verði falið utanríkisráðuneytinu þar sem það ráðuneyti fer með öll mál er varða varnarsamninginn milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Kvörtunum aðila um misrétti, ef upp kæmi, mundi því verða beint til Atlantshafsbandalagsins.

Samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit þarf hvert skip sem til landsins kemur og þaðan fer að fá tollafgreiðslu og er þá skylt að afhenda farmskrá er greinir allar vörur um borð í skipinu, sendendur og viðtakendur.

Þótt farmskrá verði ekki fullkomin sönnum um það hvort um brot á meginreglu 1. gr. sé að ræða má fá af henni veigamiklar upplýsingar sem grundvöll frekari rannsókna ef með þarf.

Um 3. gr.

5. 13. gr. orðist svo:
   Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.
   Ársreikningum skal fylgja skrá yfir lánveitingar og óafturkræf framlög Byggðastofnunar.
6. 18. gr. orðist svo:
   Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum eða sparisjóðum samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar.
7. Við 23. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Nd. 1060. Breytingartillögur [455. mál]

við frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Við 4. gr.

a. 3. málsl. 1. tl. orðist þannig: Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í þessu skyni með innlendri lánsfjáröflun.
b. 2. málsl. 2. tl. orðist þannig: Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla með innlendri lánsfjáröflun í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar.
c. 3. tl. orðist þannig:
   Að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði samtals allt að 200 milljónum króna og endurlána hlutafélagi skv. 1. gr. án sérstakra trygginga til 5—7 ára og að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 milljónum króna.

Nd. 1061. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Reglan hefur verið, og er sú, í sambandi við fjárhagslega fyrirgreiðslu til atvinnurekstrar og fjárfestingar í honum að sjálfvirkar reglur tryggja lánafyrirgreiðslu til hefðbundinna greina og gjarnan hefur niðurstaðan orðið sú að mikið fé er veitt til þess sem of mikið er þegar af og má nefna landbúnaðarfjárfestingu, verslunarhúsnæði og skipastól sem dæmi um þetta. Á hinn bóginn eiga nýjungar í atvinnurekstri hvergi heima samkvæmt þessu skipulagi.

Í annan stað eru lán nánast eingöngu veitt gegn fasteignaveðum. Þannig er lánað út á steinsteypuna en menn með skynsamlegar hugmyndir eða nýsköpun fá enga fjárhagslega fyrirgreiðslu nema þeir geti lagt með sér steinsteypuveð.

Þetta kerfi er staðnað, stuðlar að stöðnun og hindrar framþróun og nýjungar. Vaxtarbroddar atvinnulífs fá ekki að dafna og njóta sín. Úr þessu hefur þurft og þarf að bæta.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gerð tilraun til þess að mæta þessari þörf. Takist vel til getur þróunarfélag af því tagi, sem fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir, orðið til þess að örva nýsköpun í atvinnulífi enda verður að ætla að hugmyndin sé að félagið beiti sér fyrir nýstárlegum verkefnum sem styðjast við hugvit og frumkvæði íslenskra aðila.

Á hinn bóginn eru engin rök til þess að auka enn á erlendar lántökur eins og 4. gr. og umræður um efni hennar gefa tilefni til að ætla að hér gætu fylgt. Lántökur á að takmarka við innlenda lánsfjáröflun. Í samræmi við þetta sjónarmið flytur 1. minni hl. breytingartillögur á sérstöku þskj. og mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Alþingi, 30. maí 1985.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 1062. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um lífeyrisréttindi húsmæðra, breyt. á l. nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Guðrún Agnarsdóttir stendur að afgreiðslu málsins með fyrirvara.

Alþingi, 30. maí 1985.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson.	Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 1063. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það frv., sem hér liggur fyrir, ber að skoða í samhengi við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands. Þessi tvö frv. fela það eitt í sér að Framkvæmdastofnun verði skipt í tvennt með tveimur stjórnum og forstjórum. Önnur skipulagsbreyting er nánast engin skv. þessum frumvörpum. Ágallar núverandi kerfis skulu því framlengdir. Munurinn er einungis sá að nú á að auka báknið.

Byggðaþróunarmál og byggðaáætlanir eru best komin í höndum þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmdinni og best til þekkja. Í samræmi við það er eðlilegt að færa þessi verkefni út í héruðin til lýðræðislega kjörinna fylkisstjórna eða hliðstæðra eininga.

Þar sem fyrirliggjandi frumvarp gerir ekki ráð fyrir slíkri valddreifingu og stefnir ekki til neinna framfara en samþykkt þess er hins vegar afsökun fyrir því að takast ekki á við það verkefnið, sem vinna verður í raunverulegri skipulagsbreytingu og valddreifingu, leggur undirritaður til að það verði fellt.

Alþingi, 30. maí 1985.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 1064. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta felur ekki í sér neina raunverulega skipulagsbreytingu aðra en þá að auka á yfirstjórn með kosningu sérstakrar stjórnar yfir Framkvæmdasjóð einan.

Hlutverk sjóðsins, eins og það hefur verið og eins og það verður eftir samþykkt þessa frumvarps og hugmynda um atvinnuvegasjóði, er hins vegar af því tagi að sjóðurinn getur einfaldlega verið í umsjón fjármálaráðuneytisins án sérstakrar stjórnar eða skrifstofubákns, ellegar þá vistast í Seðlabanka, ef frekar þætti henta, svo framarlega sem menn treystast ekki til þess að leggja sjóðinn niður.

Samþykkt þessa frumvarps nú tefur vafalaust fyrir því að nauðsynleg skref verði stigin til einföldunar eins og að framan hefur verið lýst.

Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. maí 1985.

Kjartan Jóhannsson.

Ed. 1065. Frumvarp til laga [522. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 12 000 kr. en hámarksfjárhæð 120 000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar skv. byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 3 000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 30 000 kr.

Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a. m. k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem bera skulu nafn og nafnnúmer eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, um

innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski banki eða sparisjóður eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok þess ársfjórðungs er það skyldi lagt inn skv. samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveim árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings samkvæmt 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan mánaðar frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, sbr. þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reikningsins skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjárhæðir þær er um getur í 2. mgr. 2. gr. skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu frá upphafi til loka árs, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. des. 1984 til 31. des. 1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga frá 1. júlí 1985. Skattafsláttur skv. 1. gr. vegna innleggs á tveim síðustu ársfjórðungum ársins 1985 kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er vikið að nauðsyn átaks í húsnæðismálum og segir þar m. a. að áhersla verði lögð á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána. Á sviði húsnæðismála kallar verðtrygging lána m. a. á ný viðhorf. Er talið nauðsynlegt að hvetja til sparnaðar áður en hafist er handa um öflun íbúðarhúsnæðis eða meiri háttar endurbætur auk þess sem almenn þjóðhagsleg rök hníga að auknum sparnaði innanlands.

Með hliðsjón af þessu ákvað Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra í ársbyrjun 1985, í samráði við Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra, að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur um hvernig taka mætti upp samningsbundin innlán við banka og sparisjóði til þess að fjármagna lán til íbúðarhúsnæðis. Í því sambandi var nefndinni falið að athuga með hvaða hætti löggjafinn gæti veitt skattívilnanir þeim aðilum er tækju upp slíkan samningsbundinn sparnað.

Í nefndina voru skipaðir Halldór Blöndal alþingismaður, formaður, Árni Kolbeinsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Eiríkur Guðnason, forstöðumaður hagfræðideildar Seðlabanka Íslands, Haraldur Ólafsson alþingismaður og Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þá var Jóni Ögmundi Þormóðssyni, deildarstjóra í viðskiptaráðuneytinu, falið að aðstoða nefndina í störfum sínum.

Nefndin aflaði, aðallega með aðstoð sendiráða Íslands, ýmissa gagna um lög og reglur varðandi skipan húsnæðismála og fjármögnun þeirra á Norðurlöndunum og í ýmsum öðrum löndum. Sérstaklega var athugað hvernig erlend stjórnvöld leitast við að greiða fyrir sparnaði þegna sinna vegna fyrirhugaðrar húsnæðisöflunar, m. ö. o. samningsbundnum innlánum við banka, sparisjóði og aðrar þar til bærar stofnanir, með skattfríðindum og annars konar stuðningi ríkisins. Sparnaðarkerfi sem þessi hafa sprottið upp í ýmsum löndum á síðustu árum.

Við samningu frumvarps til laga um húsnæðissparnaðarreikninga hafði nefndin hliðsjón af lögum og reglum erlendis, einkum í Noregi, en auk þess voru einstök ákvæði frumvarpsins borin undir ýmsa aðila, m. a. ríkisskattstjóra og fulltrúa banka og sparisjóða. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins gefst mönnum ekki aðeins kostur á að fá mikinn skattafslátt vegna húsnæðissparnaðar heldur einnig almenns sparnaðar. Munurinn felst í mislöngum binditíma.

Meginreglur frumvarpsins eru þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapar rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs. Árlegur sparnaður skal vera minnst 12 000 krónur en mest 120 000 krónur og breytast upphæðir í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Sparnaður skal vera reglulegur og varða vanskil ströngum viðurlögum, þ. e. missi skattafsláttar og hugsanlega missi annarra fríðinda samkvæmt ákvörðun viðkomandi banka eða sparisjóðs. Sparifé má taka út eftir þriggja ára binditíma ef menn afla sér íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða ráðast í meiri háttar endurbætur en ella er féð bundið í tíu ár (fimm ár fyrir ellilífeyrisþega og 75% öryrkja). Auk hins mikilvæga skattafsláttar nýtur spariféð bestu ávöxtunarkjara í viðkomandi banka eða sparisjóði og kann að skapa rétt á láni við úttekt sparnaðarins eftir því sem viðkomandi stofnun getur boðið. Þeir sem náð hafa 16 ára aldri geta stofnað til húsnæðissparnaðarreikninga.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og geymir það frumvarp nánari ákvæði varðandi skattafsláttinn.

Hér á eftir eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarps þessa. Síðan er í I. viðauka að finna upplýsingar um húsnæðissparnað erlendis.

Um 1. gr.

Í þessari grein er skattafsláttur ákveðinn fjórðungur af árlegu innleggi. Eru skattfríðindi þessi mikil miðað við önnur lönd. Í Noregi er skattafsláttarprósentan að vísu hærri en upphæðin, sem skattafslátturinn er veittur af, hins vegar miklum mun lægri þannig að skattfríðindin yrðu meiri hér á landi en þar.

Ókleift er að spá um hugsanlegan tekjumissi ríkissjóðs vegna ýmissa óvissuþátta, m. a. samkeppni við önnur ávöxtunarform, en hann gæti numið hundruðum milljóna króna ef húsnæðissparnaðarreikningarnir næðu vinsældum. Nefna má að bankar og sparisjóðir hér á landi hafa boðið upp á reglubundinn sparnað með lánarétti eftir tiltekinn sparnaðartíma. Fjárhæðir sparnaðar hafa verið mismunandi, allt upp í 10 000 kr. á mánuði. Heildarfjárhæðir á þessum sparireikningum hafa verið mjög óverulegur hluti heildarinnlána. Enginn skattafsláttur hefur tengst þessum reikningum.

Um 2. gr.

Í 1. málsgrein er kveðið á um 16 ára aldurslágmark til þess að geta stofnað húsnæðissparnaðarreikning enda sé gætt ákvæða lögræðislaga um samþykki lögráðamanna ófjárráða manna. Ekkert aldurshámark er sett. Reikning skal stofna í innlendum viðskiptabönkum eða sparisjóðum þannig að ekki kæmi til álita að þessir reikningar mættu t. d. standa inni á póstgíróreikningum eða sem inneign hjá innlánsdeildum samvinnufélaga.

Í 2. málsgrein eru ákvæði um lágmark og hámark sparnaðar, 12 000 krónur minnst og 120 000 krónur mest á ársgrundvelli. Lágmark og hámark breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, sbr. 7. og 8. gr. Gert er ráð fyrir því að sparnaður sé reglubundinn allan binditíma samningsins og staðið sé í skilum á hverjum ársfjórðungi almanaksársins. Sé t. d. samið um mánaðarlegan sparnað en eitthvað dregst verða skil að hafa verið gerð fyrir lok viðkomandi ársfjórðungs. Sé sparnaður hafinn er nokkuð er liðið á ársfjórðung skal samt standa skil á fullri ársfjórðungsgreiðslu.

Í 3. málsgrein er sagt að semja skuli fyrir fram um ákveðna sparnaðarupphæð en heimild er til þess að semja um lækkun sparnaðar. Þó skal semja um lækkun fyrir fram miðað við ársfjórðunga.

Í 4. málsgrein segir að hver maður geti aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn. Búferlaflutningar eiga m. a. þátt í þessari reglu. Hvort hjóna um sig getur átt sinn húsnæðissparnaðarreikning. Tekjulaus maki í hjónabandi (eða í sambúð sem er lögð að jöfnu við hjónaband) gæti því stofnað slíkan reikning og aukið þar með millifærslu skattafsláttar til hins makans. Í reynd mundi því sá maki, sem teknanna aflar, standa undir sparnaði á tveimur reikningum á nafni hvors hjónanna um sig.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er binditíminn að hámarki tíu ár. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar og hafa sparað í fimm ár geta þó fengið féð til frjálsrar ráðstöfunar eftir fimm ár. Ofangreindur tíu ára og fimm ára binditími miðast við úttekt fjárins til frjálsrar ráðstöfunar. Hyggist reikningseigandi hins vegar afla sér íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða leggja í meiri háttar endurbætur á íbúðarhúsnæði sínu er binditíminn þó aðeins þrjú ár. Má því ætla að þessir reikningar henti ekki síst þeim er hyggja á öflun húsnæðis eða endurbætur á því.

Með endurbótum er átt við hefðbundnar endurbætur, viðbyggingu og endurnýjun. Undireins og framkvæmdum er lokið á reikningseigandi að geta afhent skattstjóra viðeigandi skýrslu ásamt nauðsynlegum fylgigögnum og fengið síðan vottorð vegna úttektar, þ. e. um það hver kostnaður við endurbætur sé og að hann nemi a. m. k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun. Þótt úttektarheimild sé aðallega miðuð við kaup á

eða byggingu íbúðarhúsnæðis þykir verða að heimila einnig úttekt vegna meiri háttar endurbóta þannig að menn séu ekki knúðir til þess að kaupa eða byggja heldur geti nýtt sparnaðinn til að búa áfram í húsnæði sínu.

Þótt rétt þætti að ákveða að reikningur geti staðið mest fimmtán ár eftir framlengingu gengur nefndin út frá því að stjórnvöld kunni að lengja tímann síðar. Það má taka fram að í Noregi er hinn almenni binditími tíu ár en fé má losa vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eftir þrjú ár og vegna öflunar sumarbústaðar eftir sex ár.

Um 4. gr.

Í þessari grein er m. a. kveðið á um það að húsnæðissparnaðarreikningar skuli á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði. Jafnframt segir að í húsnæðissparnaðarreikningi skuli tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi innlánsstofnun. Er gert ráð fyrir því að lánaréttur og lánakjör geti verið mismunandi eftir stofnunum. Ætla má að lánaréttur geti falið í sér veigamikið hagræði reikningshöfum til handa en rétturinn kemur til viðbótar við bestu ávöxtunarkjör og skattafslátt.

Með almennum innlánsreikningum er átt við innlánsreikninga er standa öllum til boða og falla t. d. ekki undir þá skilgreiningu sérstakir innlánsreikningar fyrir lífeyrisþega.

Um 5. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um misþung viðurlög við því ef vanskil verða á umsömdum sparnaði. Samkvæmt 1. málsgrein verða vanskil innan ársfjórðunga til þess að skattafslátturinn miðast við raunveruleg innlegg. Samkvæmt 2. málsgrein þarf reikningseigandi þó að hafa staðið skil á því sem vangreitt er fyrir lok almanaksárs því að lægri greiðsla en nemur umsömdum sparnaði á árinu leiðir til strangra viðurlaga, missi alls skattafsláttar á viðkomandi ári og þar að auki þarf að endurgreiða þann skattafslátt sem reikningseiganda hefur nýst á næstu tveimur árum þar á undan. Alls geta því vanskil miðað við lok almanaksárs leitt til missis skattafsláttar vegna þriggja ára sparnaðar. Undantekning frá hinum ströngu viðurlögum felast þó í 4. málsgrein í þeim tilvikum er gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Sem dæmi má nefna að veikindi, slys eða mannslát skerði gjaldþol manns verulega.

Í 3. mgr. 5. gr. er að finna ströngustu viðurlögin, endurgreiðslu nýtts skattafsláttar allt að sex árum aftur í tímann að viðbættu 25% álagi, og miða þau einkum að því að koma í veg fyrir að reynt sé að ná innistæðum út með því að gera kaupsamninga til málamynda.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um bann við ráðstöfun innistæðu á binditíma, aðför, gjaldþrot, andlát og skilnað. Svipar ákvæðunum um flest til ákvæða í lögum annarra Norðurlandaþjóða.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um breytingar á sparnaðarfjárhæðum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Er við það miðað að sparnaðarfjárhæðir séu ætíð innan þeirra marka sem þannig eru ákveðnar.

Um 8. gr.

Í þessari grein felst heimild, fjármálaráðherra til handa, til þess að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gildistökuákvæði. Skattafsláttur vegna innleggs á tveimur síðustu ársfjórðungum ársins 1985 miðast við lágmark og hámark viðkomandi ársfjórðunga samkvæmt 2. gr. og reiknast því í mesta lagi af hálfsársgreiðslu.

I. VIÐAUKI.
HÚSNÆÐISSPARNAÐUR ERLENDIS.

Almennar athugasemdir.

Erlendis eru lög og reglur um skipan húsnæðismála og fjármögnun þeirra með mjög mismunandi hætti. Í iðnríkjum Vesturlanda hefur ríkisvaldið reynt með ýmsum hætti að stuðla að því að menn geti eignast sitt eigið húsnæði. Þannig er algengt að vextir af fasteignaveðskuldum njóti skattaívilnana. Einnig tíðkast það sums staðar að ríkið veiti ýmist beint eða óbeint betri vaxtakjör en bjóðast mundu á hinum almenna fjármagnsmarkaði. Hér á eftir verður þó einkum gerð grein fyrir þeim tilvikum þegar ríki leitast við að greiða fyrir sparnaði þegnanna vegna húsnæðisöflunar í framtíðinni, m. ö. o. samningsbundnum innlánum við banka, sparisjóði og aðrar þar til bærar stofnanir, með skattfríðindum og annars konar stuðningi ríkisins. Skattafsláttur kann að vera veittur af ákveðnum hundraðshluta af hinu sparaða fé, vextir af innlánum geta verið skattfrjálsir, vextir af lánum, sem lánastofnanir veita í kjölfar sparnaðar, eru stundum skattfrjálsir og ríkið greiðir alloft vaxtaábót. Sparendur geta fengið mismunandi hátt margfeldi af hinni spöruðu upphæð í lán hjá viðkomandi lánastofnunum. Ekki er þó kveðið á um upphæð útlánanna í viðkomandi lögum heldur byggjast mismunandi kjör einstakra lánastofnana á samkeppnishæfni þeirra á lánamarkaðinum.

Danmörk.

Í Danmörku er farin vaxtaábótarleið. Vaxtaábótin, sem greidd er við úttekt sparnaðar, er frádráttarbær frá skatti og vextir af útlánum til húsnæðiskaupenda eru frádráttarbærir. Byggist ábótarleiðin á lögum um húsnæðissparnaðarsamninga, lov om boligsparekontrakter, númer 251/1970, með áorðnum breytingum, og reglugerðum á grundvelli laganna, númer 287 og 288/1970. Nánar tiltekið eru reglurnar þær að þeir sem orðnir eru 18 ára geta stofnað til samningsbundinna innlána, gert húsnæðissparnaðarsamninga, í því augnamiði að koma sér upp eða endurbæta heimili sem búið er í allt árið. Í þessu sambandi koma til greina kaup á húsnæði, kaup á grunni eða bygging húsnæðis og endurbót eða stækkun húsnæðis. Í samningnum skal kveðið á um sparnað í 3—5 ár og voru upphæðirnar í áðurgreindum lögum frá 1970 ákveðnar 100—500 danskar krónur á mánuði (um 350—1 750 ísl. kr. á mánuði miðað við gengi 19. mars 1985). Makar geta hvor um sig stofnað slíka innlánsreikninga. Í lögunum er kveðið á um það að peningastofnunin skuli greiða reikningshafa eigi lægri vexti en hæstu innlánsvexti sem stofnunin greiðir á hverjum tíma. Við úttekt sparnaðar bætist ofan á vextina 4% árleg vaxtaábót frá ríkinu og er hún frádráttarbær frá skatttekjum Stofnanirnar greiða ríkisábótina út en hafa heimild til að fá féð af reikningi ríkisins í þjóðbankanum. Við útborgun sparnaðar skal reikningshafi láta stofnuninni í té yfirlýsingu um það að viðlögðum drengskap að fjárhæðin verði notuð til húsnæðisöflunar eins og aðalákvæði laganna kveða á um. Innlánsstofnanir kunna að hafa skuldbundið sig til þess að veita sparanda lán við úttekt sparnaðarins sem sé ákveðið margfeldi af sparnaðinum. Má nefna sem dæmi að innlánsstofnanir veita jafnvel fimm sinnum hærra lán en sparnaði nemur. Miðað við hámarkssparnað, 500 danskar krónur á mánuði í hámarkstíma, 5 ár, nemur sparnaðurinn að 5 árum liðnum 30 000 dönskum

krónum (um 106 000 ísl. kr.), vextirnir (9% á ári plús 4% ábót) alls 10 700 dönskum krónum eða um 38 000 ísl. kr., sparnaður samtals því 40 700 dönskum krónum eða um 144 000 ísl. kr., lánamöguleikinn 150 000 dönskum krónum eða um 530 000 ísl. kr. og ráðstöfunarfé (sparnaður auk láns) í lok sparnaðartíma því samtals 190 700 dönskum krónum eða um 670 000 ísl. kr. Sé miðað við lágmarkssparnað á tímabilinu verða allar upphæðir 5 sinnum lægri. Skattur greiðist af vöxtum þangað til innistæðan er tekin út. Vaxtaábótin er frádráttarbær frá skatti, svo og vextir af lánum.

Finnland.

Í Finnlandi er kerfi samningsbundinna innlána fyrir ungt fólk sem aflar sér fyrstu eignar sinnar og ríkið veitir skattaívilnanir á innleggi, vöxtum innlánsstofnana og vaxtaábót ríkisins auk þess sem það greiðir vaxtastyrk. Nánar tiltekið er grundvöllurinn í lögum um húsnæðissparnaðarábót (lagen um bostadssparpremier, nr. 862 frá 1980 og 917 frá 1983) og lögunum um vaxtastyrkslán til að afla eigin bústaðar (lagen um räntestödslån för anskaffande av ägarbostad, nr. 639 frá 1982). Markmiðið er að auka möguleika ungs fólks á að afla sér fyrsta eigin bústaðar síns og auka húsnæðissparnað. Leggja má fé í viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar innlánsstofnanir. Þeir sem spara skulu vera á aldrinum 18—34 ára. Leggja skal minnst inn 750 finnsk mörk eða um 4 600 kr. á ársfjórðungi. Hámarkið er 10 sinnum hærra eða 7 500 mörk á ársfjórðungi (um 46 000 kr.). Þetta gerir minnst 3 000 mörk eða um 18 000 kr. á ári en mest 30 000 mörk eða um 183 000 kr. á ári. Hækka má upphæðir með reglugerð og þá með hliðsjón af verðþróun á fasteignamarkaði. Innlegg skulu gerð reglulega, að minnsta kosti 8 ársfjórðunga eða 2 ár í röð. Samkvæmt lögunum skal sparifjáreigandinn og innlánsstofnunin gera með sér skriflegan samning þar sem sparifjáreigandinn skuldbindur sig til að spara 20% af kaupverði fyrstu íbúðar sinnar en innlánsstofnunin skuldbindur sig á hinn bóginn til þess að veita honum lán er nægi fyrir afganginum af kaupverðinu. Endurgreiðslutími lánsins getur verið minnst 4 sinnum sparnaðartíminn samkvæmt samningnum, þó mest 12 ár. Auk lánstíma geta vextir verið breytilegir eftir lánastofnunum. Vextir geta verið 4,75% auk viðbótarvaxta sem innlánsstofnunin greiðir einnig. Síðan greiðir ríkið vaxtaábót, 1,75% í mest 6 ár, ef sparifjáreigandi uppfyllir sett skilyrði. Innlegg, vextir innlánsstofnunar og vaxtaábót ríkisins er eignarskattfrjáls, vextirnir og ábótin tekjuskattfrjáls. Vextir af húsnæðislánum almennt eru frádráttarbærir að vissu marki. Úttekt getur farið fram þegar síðasta innlegg samkvæmt samningnum hefur átt sér stað. Auk áðurnefndra skattaívilnana og vaxtaábótar, sem hinn ungi sparifjáreigandi nýtur, kemur til vaxtastyrkur ríkisins vegna töku láns í innlánsstofnun í framhaldi af sparnaðinum. Vaxtastyrkurinn er 5% og greiðist í 6 ár, þó því aðeins að eignin, sem aflað er til búsetu, fari ekki yfir opinbert hámarksverð á slíkri eign. Sveitarfélög skulu hafa eftirlit með því að fé sé notað til öflunar húsnæðis eins og kveðið er á um í lögunum. Í reglugerð um húsnæðissparnaðarábót er greint frá því að í skriflegum samningi sparifjáreiganda og innlánsstofnunar skuli vera ákvæði um upphæð láns, vexti og lánstíma.

Noregur.

Í Noregi gildir skattafsláttarkerfi þar sem samningsbundin innlán skulu vera til tíu ára en taka má sparnað út vegna öflunar húsnæðis eftir þrjú ár. Nánar tiltekið hefur frá árinu 1967 verið í Noregi lögmælt skipan sem nefnist „sparnaður með skattafrádrætti". Ákvæðum laganna og reglna, byggðum á þeim, hefur verið breytt í tímans rás. Meginbreytingin er sú að nú er um skattafslátt að ræða, ekki frádrátt frá skatti fyrir skattálagningu. Aðalreglurnar eru þær að gera má skriflegan samning við banka eða aðrar viðurkenndar lánastofnanir um árlegan sparnað, að hámarki 4 000 norskar krónur (um 17 600 ísl. kr.) í fyrsta skattflokki (einstaklingar sem eru ekki framfærendur) eða 8 000 norskar krónur (um 35 300 ísl. kr.) í

skattflokki 2 (einstaklingar með framfærsluskyldu). Veittur er skattafsláttur af álögðum sköttum og nemur afslátturinn 40% af árssparnaðinum. Aðalreglan er að sparnaðartíminn sé 10 ár. Heimilt er þó að framlengja hann um ár í senn þar til hann verður 15 ár. Sparnaðartíminn er styttri hjá þeim sem orðnir eru 58 ára gamlir og getur farið allt niður í 5 ár hjá þeim sem eru orðnir 67 ára gamlir. Þeir sem náð hafa 67 ára aldri geta og sparað hærri leyfilegu upphæðina þótt þeir hafi ekki framfærsluskyldu að gegna. Þessi sparnaðarmöguleiki miðast ekki aðeins við húsnæði þótt reglurnar séu sniðnar sérstaklega að þörfum þeirra sem spara til að fjármagna vegna öflunar húsnæðis. Þannig má taka sparnaðinn út eftir 3 ár ef það er gert vegna öflunar húsnæðis með fasta búsetu í huga. Eftir 6 ár má taka sparnað út ef viðkomandi hyggst afla sér sumarbústaðar. Síðan mega allir taka féð út án takmörkunar í lok 10 ára sparnaðartímabilsins. Sérstakar reglur gilda um úttekt vegna skilnaðar o. s. frv. Ef sparnaður er tekinn út áður en reglurnar gera ráð fyrir hefur það þau áhrif að skattafslátt skal endurgreiða. Ekki er kveðið á um það í reglunum að lánastofnanir skuli greiða hæstu vexti, sem þær greiða á hverjum tíma, af sparnaðinum. Eru vextirnir breytilegir, frá 7—11% á ári. Þá er heldur ekki kveðið á um rétt á láni í kjölfar sparnaðar heldur geta lánastofnanir boðið viðskiptavinum sínum misjöfn kjör. Sem dæmi má nefna að Bergen Bank hefur sett að skilyrði að viðkomandi þurfi að hafa haft launareikning í minnst eitt ár hjá bankanum auk sparnaðarreikningsins til þess að öðlast rétt til láns vegna öflunar fyrsta húsnæðis. Nemur lánið 100 000 norskum krónum (um 440 000 ísl. kr.) fyrir einstaklinga án framfærsluskyldu en allt að 150 000 norskum krónum (um 660 000 ísl. kr.) fyrir hjón eða sambýlisfólk. Því má bæta við að flestir norskir bankar bjóða viðskiptavinum sínum upp á sparnaðar- og lánakerfi sem ekki fellur undir skattafsláttarreglurnar. Er þá sparnaðartímabilið frá einu ári og upp í 5—6 ár. Viðkomandi á rétt á láni til öflunar húsnæðis en upphæð lánsins er komin undir því hversu mikið hefur verið sparað og hversu langt sparnaðartímabilið er. Hámarkslán eru nú 600 000 norskar krónur (um 2 650 000 ísl. kr.). Nefna má það dæmi að vextir séu 5% á ári af sparnaðinum en útlánsvextir, sem lánveitandi telur hagstæða, 12% á ári og lánið allt til 25 ára.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð er byggt á sparnaðarkerfi sem veitir skattfrjálsa vexti. Á gildistökuári viðkomandi laga greiddi ríkið jafnframt vaxtaábót en síðar og vaxtaábót þeim sem byrja sparnað 25 ára eða yngri. Nánar tiltekið hefur hið opinbera aðeins afskipti af þeirri tegund innlána sem kölluð eru almenningssparnaður (allemanssparande). Byggt er á tvennum lögum, annars vegar lögum um almenningssparnað (lag om allemanssparende) sem munu hafa gengið í gildi hinn 1. apríl 1984 og hins vegar lögum um skattaívilnanir vegna almenningssparnaðar (lag om skattelättnader för allemanssparande) sem munu hafa gengið í gildi sama dag. Í lögum þessum er ekki tekið fram að spara skuli með öflun húsnæðis sérstaklega í huga. Samkvæmt lögunum um almenningssparnað getur hver sá sem skráður er í trúfélag í Svíþjóð tekið þátt í sparnaðinum frá 16 ára aldri. Aldurshámark er ekkert. Skal stofna reikning með samningi við banka eða sparisjóð, ríkissparnaðarreikning, en einnig er unnt að spara í öðru formi, með þátttöku í tveimur fjármagnssparnaðarsjóðum. Í lögunum eru ýmsar reglur um sparnað í fjármagnssparnaðarsjóðunum þar sem gert er ráð fyrir sparnaði í hlutabréfum og öðrum verðbréfum. Ekki verður þó farið út í reglurnar um slíkt hér heldur vikið að ákvæðum laganna um sparnaðarreikninga í bönkum og sparisjóðum. Samkvæmt lögunum skal leggja inn á reikningana minnst 600 sænskar krónur á mánuði hverjum (eða um 2 700 ísl. kr.) en hámark sparnaðarins er 30 000 sænskar krónur eða um 133 000 ísl. kr. Geta menn því ákveðið reglubundna sparnaðarupphæð hver við sitt hæfi. Þeir sem byrjuðu að spara á árinu 1984, er lögin tóku gildi, fá 5% vaxtaábót frá ríkinu. Þeir sem byrja síðar að spara og eru 25 ára og yngri fá þó einnig sömu ábót á því ári sem þeir hefja sparnað. Ríkið greiðir vaxtaábótina í lok þess árs er sparnaður er hafinn. Heimilt er að taka

sparifé út hvenær sem sparandinn óskar þess en við hverja úttekt dregst 1% frá því fé sem tekið er út, þó minnst 20 sænskar krónur eða um 90 ísl. krónur. Fé, sem lagt er inn á ríkissparnaðarreikningana, gengur til ríkisskuldaskrifstofunnar. Vextirnir, sem opinberir aðilar ákveða, og vaxtaábótin er samkvæmt lögunum um skattaívilnanir vegna almenningssparnaðar frádráttarbær frá tekjum, ákveðnum samkvæmt sænsku lögunum um tekjustofna sveitarfélaga og lögunum um tekjuskatt ríkisins. Ekki er kveðið á um rétt til útláns í bönkum og sparisjóðum í lögunum en samkvæmt fengnum upplýsingum getur sparifjáreigandinn öðlast lánarétt er hann hefur sparað 5 000 sænskar krónur eða um 22 000 ísl. kr. Lánastofnunin lánar þrefalda hámarksupphæð reikningsins eða mest 90 000 sænskar krónur (um 400 000 ísl. kr.) Þá er unnt að fá allt að 21 000 s.kr. lán til bústofnunar (um 93 000 ísl. kr.) Önnur innlán til húsnæðismála eru á milli lánastofnunar og viðskiptavinar og eru þau örlítið misjöfn. Skandinaviska Enskilda Banken býður t. d. upp á lán er sparifjáreigandi hefur sparað 10—25% af kostnaðarverði húss (mismunandi eftir húsategundum). Verður þá helmingur sparifjárins að hafa verið á reikningnum í a. m. k. síðustu 8 mánuði. Bankinn lánar síðan allt að tvöföldum eigin sparnaði. Lánstíminn er 15 ár. Föreningsbanken býður upp á svipuð lán og Skandinaviska Enskilda Banken nema hvað helmingur krafins sparnaðar verður að hafa verið inni á reikningi síðustu 12 mánuðina.

Austurríki.

Í Austurríki er sparnaðarsamningskerfið svipað og í Þýskalandi. Þar eru sérstakir byggingarsparisjóðir sem starfa á svipuðum grundvelli og í Þýskalandi nema hvað lán þeirra eru venjulega veitt samhliða lánum á lágum vöxtum frá sveitarstjórnum í stað lána frá öðrum stofnunum.

Bandaríkin.

Í Bandaríkjunum er ekki fyrir hendi neitt kerfi samningsbundinna innlána. Rætt hefur verið um að koma slíku kerfi á en ekki hefur orðið úr lagasetningu enn sem komið er.

Bretland.

Í Bretlandi tíðkast ekki samningsbundin innlán við lánastofnanir gegn skattaívilnunum. Fjármögnun vegna húsnæðismála er að langmestu leyti í höndum byggingarfélaga (building societies) en að nokkru leyti hjá viðskiptabönkum og þá með sömu kjörum og hjá byggingarfélögunum. Vextir af lánum húsbyggjenda eru frádráttarbærir til skatts. Sjá byggingarfélögin um að draga skattalækkunina frá greiðslum til félagsins en fá upphæðina endurgreidda frá skattinum.

Frakkland.

Samningsbundnum innlánum í Frakklandi fylgja skattfríðindi auk þess sem ríkið greiðir vaxtaábót. Nánar tiltekið er um að ræða tvenns konar lánveitingar sem tengdar eru samningsbundnum innlánum. Annars vegar er um að ræða húsnæðissparnaðaráætlanir, sem eru vinsælla formið, og hins vegar sérstakir húsnæðisparnaðarreikningar. Í árslok 1982 voru 5 milljónir áætlana til en 3,4 milljónir reikninga. Yfir 40% þeirra sem kaupa sér húsnæði notfæra sér þessi samningsbundnu innlán. Aðeins fæst hluti af kaupverði húsnæðis með þessum hætti og kemur því einnig til fjármögnunar í formi annars konar lána.

Um húsnæðissparnaðaráætlanirnar (plan d'épargne logement) gilda þær reglur að hver sem er getur gert slíka áætlun. Lágmarksgreiðsla í byrjun er 1 500 franskir frankar eða um 6 200 kr. og eftir það minnst 3 600 frankar eða um 15 000 kr. á ári í 5 ár. Hámarksupphæð er 300 000 frankar eða um 1 240 000 kr. Bankinn greiðir venjulega bankavexti en ríkið leggur til á móti sem samsvarar 80 hundraðshlutum vaxtanna, þó aldrei meira en 10 000 franka eða

um 41 000 kr. Nú eru vextir samtals 9—10%, þar af 4% vaxtaábót frá ríkinu, en eftir að uppsafnaðir vextir ná 10 000 frönkum eða um 41 000 kr. eru vextir reiknaðir á 6,3%. Sé féð tekið út af reikningnum fyrstu tvö árin tapast lánaréttindi og vextir lækka í 3,25%. Ef fé er tekið út á þriðja ári haldast uppsafnaðir vextir en réttur til láns og framlags ríkisins tapast. Ef fé er tekið út á fjórða eða fimmta ári áætlunarinnar haldast lánaréttindi og vextir en réttur til framlags ríkisins minnkar um helming (á fjórða ári) eða fjórðung (á fimmta ári). Vextir af innlánunum eru skattfrjálsir. Upphæð lána ræðst af uppsöfnuðum vöxtum og endurgreiðslutíma. Ef vextir nema t. d. 14 000 frönkum eða um 58 000 kr. og framlag ríkisins 9 333 frönkum eða um 39 000 kr. fæst 115 400 franka (um 480 000 kr.) lán til 9 ára á 8,54% vöxtum. Vextir af teknum lánum eru frádráttarbærir til skatts í 10 ár. Hámarkslán er 400 000 frankar eða um 1 650 000 kr. og samsvarar það vöxtum upp á 71 383 franka eða um 295 000 kr. Stundum er sú viðmiðun notuð að sparnaður veiti rétt á 2,5 sinnum hærra láni.

Um húsnæðissparnaðarreikninga (compte d'épargne logement) gilda þær reglur að hver sem er getur stofnað slíka reikninga (ekkert aldurstakmark er sett). Fyrsta innborgun verður að vera minnst 750 frankar eða um 3 100 kr. og hver innborgun eftir það minnst 150 frankar eða um 600 kr. Engu máli skiptir hversu oft er borgað inn á reikninginn. Reikningseigandi getur tekið út af honum aftur án þess að tapa réttindum ef hann lætur 750 franka eða um 3 100 kr. óhreyfðar. Heildarupphæð á reikningnum má ekki fara yfir 100 000 franka eða um 413 000 kr. Vextir af innlánunum eru skattfrjálsir. Nema þeir 3,25% en auk þess greiðir ríkið 3,25% vaxtaálag. Þegar reikningur hefur verið opinn í 18 mánuði á reikningshafi rétt á láni ef vextir nema minnst 500 frönkum eða um 2 100 kr. Upphæð þessi ræðst af uppsöfnuðum vöxtum og endurgreiðslutíma. Vextir að upphæð 600 frankar eða um 2 500 ísl. kr. veita rétt á 13 000 franka (um 54 000 kr.) láni til fjögurra ára eða 17 000 franka (um 70 000 kr.) láni til þriggja ára. Vextir af hinu veitta láni eru 5,31%. Má draga þá frá skatti 10 ár. Vextir að upphæð 7 000 frankar eða um 29 000 kr. veita rétt á 50 300 franka (um 208 000 kr.) láni til 12 ára eða 60 700 franka (um 250 000 kr.) láni til 10 ára. Hámark vaxtaábótar ríkisins vegna uppsafnaðra vaxta fer aldrei fram úr 7 500 frönkum eða um 31 000 kr. Veitt lán endurgreiðist á 2—15 árum. Unnt er að leggja saman lánaréttindi af tveimur eða fleiri sparnaðarreikningum en heildarupphæð láns getur ekki verið hærri en 150 000 frankar eða um 620 000 kr. Stundum er sú viðmiðun notuð varðandi lántökurétt vegna sparnaðar á húsnæðissparnaðarreikningum að lána megi 1,5 sinnum meira en sparnaði nemur.

Þótt vextir af lánum til kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota séu frádráttarbærir frá skatti má sú upphæð þó aldrei nema hærri fjárhæð en 9 000 frönkum eða um 37 000 íslenskum krónum á ári og þar að auki 1 500 frönkum eða um 6 200 krónum á hvern einstakling á framfæri framteljanda.

Kanada.

Í Kanada geta þeir sem hyggjast kaupa íbúðarhúsnæði gerst aðilar að skrásettum sparnaðaráætlunum vegna eigin húsnæðis. Áætlanir þessar opna skattgreiðendum þægilega leið til skattfrjáls sparnaðar í því skyni að kaupa húsnæði til íbúðar. Allar viðurkenndar stofnanir geta boðið upp á þetta kerfi en féð skal geyma í sérstökum fjármálastofnunum. Sérhver skattgreiðandi getur sparað mest 1 000 dali eða um 30 000 krónur á ári og getur mest sparað á grundvelli kerfisins 10 000 dali eða um 300 000 krónur. Hinn árlegi sparnaður er frádráttarbær frá skatti og tekjur af sparifénu eru ekki skattlagðar meðan þær liggja inni. Hvorki féð né tekjurnar eru skattlagðar ef féð er notað til kaupa á húsnæði til íbúðar handa eigandanum. Kerfinu var komið á árið 1975 og í árslok 1982 höfðu 2 milljónir reikninga verið stofnaðar.

Þýskaland.

Í Þýskalandi er húsnæði meðal annars fjármagnað á grundvelli sparnaðar- og lánssamninga við byggingarsparisjóði (Bausparkassen) en vextir eru skattfrjálsir upp að ákveðnu marki. Ríkið og aðrir opinberir aðilar blanda sér ekki beint í þessi viðskipti en sett hafa verið sérstök lög um byggingarsparisjóðina. Um er að ræða annað algengasta form fjármögnunar kaupa, nýbygginga, endurbóta eða breytinga á fasteignum. Viðkomandi gerir sparnaðar- og lánssamning við byggingarsparisjóðinn. Í samningnum er algengast að menn skuldbindi sig til þess að spara ákveðna upphæð og greiði hana mánaðarlega 6—8 ár (en lágmarkstíminn er 18 mánuðir) og fái af innistæðu sinni á hverjum tíma greidda 2,5—3% ársvexti. Að sparnaðarsamningstímabilinu loknu er byggingarsparisjóðurinn skuldbundinn til þess að greiða sparifjáreigenda út sparifé sitt með vöxtum, svo og lána honum 1½ sparnaðarupphæðina til viðbótar vegna íbúðarbyggingar eða fasteignakaupa. Sé áætlað kostnaðarverð fasteignar til dæmis 100 000 mörk eða um 1 260 000 krónur sparar væntanlegur húsbyggjandi á 6 eða 8 árum samtals 40 000 mörk eða um 505 000 krónur. Að þeim tíma liðnum greiðir byggingarsparisjóðurinn sparifjáreigandanum stofnfé sitt, 40 000 mörk eða um 505 000 krónur, að viðbættum 150% sparifjárins, þ. e. 60 000 mörkum eða um 757 000 krónum sem lán þannig að húsbyggjandi/fasteignakaupandi hefur í höndunum 100 000 mörk eða 1 260 000 krónur til ráðstöfunar við útborgun. Frá því að lánið er greitt út greiðir lántakandi 4,5—5% vexti á ári af lánsupphæðinni en lánið er til umsamins tíma, oftast 20 ára og tryggt með veði í fasteigninni.

Mjög lítið brot af íbúðarbyggingum og fasteignakaupum í Þýskalandi er að hluta til fjármagnað á grundvelli sérstakra laga. Getur láglaunafólk hagnýtt sér þennan möguleika, þ. e. einstaklingur sem hefur ekki meira en 24 000 mörk (303 000 krónur) í laun á ári eða hjón með 48 000 mörk (um 605 000 krónur) á ári. Samkvæmt lögunum getur láglaunafólk lagt allt að 624 mörkum (um 7 900 krónum) á ári inn á byggingarsparibók og þegar að því kemur að kaupa íbúð fær láglaunafólk, sem uppfyllir viss skilyrði, frá 23—33% ríkisstyrk til íbúðarkaupa ofan á grunnupphæðina. Umsvif þessa sjóðs eru lítil og má telja að hér sé um að ræða algjöra undantekningu varðandi fjármögnun íbúðarhúsnæðis enda er hér nánast um að ræða viðbótaraðstoð við fólk sem ræður ekki við kjör byggingarsparisjóðanna nema að fá viðbótaraðstoð eða ræður ekki við að fjármagna nema hluta íbúðarkaupa samkvæmt venjum hins frjálsa fjármagnsmarkaðar. Enginn getur þó eignast íbúð með því að fá aðeins fjármagn samkvæmt þessum styrkjalögum.

Því má bæta við að algengast er að fasteignakaup, íbúðabyggingar og breytingar og umbætur á húsnæði séu fjármagnaðar á hinum frjálsa fjármagnsmarkaði banka, sparisjóða og tryggingarfélaga. Á þessum frjálsa fjármagnsmarkaði fá fasteignakaupendur og/eða íbúðabyggjendur yfirleitt um 80% af byggingarkostnaðarverði eða kaupverði fasteignar að láni til 15—20 ára með 8% ársvöxtum sem eru bundnir í 4 ár en gætu hækkað eða lækkað samkvæmt markaðsverði fjármagns að þeim tíma liðnum. Við útborgun láns eru tekin 4% afföll, þ. e. lánveitandi greiðir aðeins 96% af lánsupphæðinni. Lánið er tryggt með veði í fasteigninni sjálfri.

Ed. 1066. Frumvarp til laga [523. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innistæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innistæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 67. gr. laganna (sbr. 3. gr. l. nr. 121/1984) orðist svo:

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

3. gr.

68. gr. laganna (sbr. 4. gr. l. nr. 121/1984) orðist svo:

Skattafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal annars vegar vera persónuafsláttur að fjárhæð 35 000 kr. en hins vegar 25% af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á bundinn reikning vegna húsnæðissparnaðar skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga allt að því hámarki er þar getur.

Nemi skattafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá skattafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan skattafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti skattafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður skattafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti skattafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um húsnæðissparnaðarreikninga og felur í sér nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að veittur verði 25% skattafsláttur af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á húsnæðissparnaðarreikninga í bönkum eða sparisjóðum. Einstakar greinar frumvarps þessa þarfnast ekki skýringar nema hvað tekið skal fram að skattafslátturinn getur orðið lægri en 25% af árlegu innleggi ef vanskil hafa orðið einhvern ársfjórðunginn. Þá leiða vanskil á tekjuárinu í heild til þess að skattafsláttur alls ársins fellur niður og endurgreiða þarf skattafslátt næstu tveggja ára þar á undan. Um þessi atriði vísast að öðru leyti til frumvarps til laga um húsnæðissparnaðarreikninga.

Nd. 1067. Breytingartillögur [470. mál]

við frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Við 5. gr.

a. B-liður orðist svo: Stúdentspróf eða hliðstætt nám. Þó skal annað nám viðurkennt ef skólastjórn metur það gilt.
b. C-liður orðist svo: störf í a. m. k. sex mánuði á stofnun með fötluðum.

Nd. 1068. Nefndarálit [486. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. maí 1985.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Gunnar G. Schram.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Friðrik Sophusson.	Hjörleifur Guttormsson.
	Ingvar Gíslason.	

Nd. 1069. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1981, um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur að varanlegur grunnur að bættri umferðarmenningu og meira öryggi verði ekki lagður með sektarákvæðum. Úrbætur verða að fást með jákvæðri löggæslu, hvatningu og upplýsingum, umferðarkennslu og aðgerðum á sviði gatnaframkvæmda og skipulags, svo að dæmi séu nefnd.

Notkun einstaklinga á bílbeltum verður að byggjast á fullvissu þeirra sjálfra um nytsemi hennar en ekki á ótta við lögreglu- og dómsvald.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 22. maí 1985.

Guðmundur Einarsson, frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.
	Pálmi Jónsson.	

Nd. 1070. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. vandlega og leggur hún til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Það er vilji nefndarinnar að Ríkisendurskoðun verði óháð stofnun undir yfirstjórn Alþingis. Forsetar Alþingis tilnefni forstöðumann Ríkisendurskoðunar og svari fyrir hann á Alþingi. Fjárhagsbeiðnir Ríkisendurskoðunar berist með fjárlagatillögum Alþingis.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 31. maí 1985.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Svavar Gestsson.
Kjartan Jóhannsson.	Þorsteinn Pálsson.	Friðrik Sophusson.
	Halldór Blöndal.	

Nd. 1071. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
   Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.
   Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum.
2. 2. gr. orðist svo:
   Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, er skipaður af forseta Íslands, eftir tilnefningu forseta Alþingis, til 6 ára í senn. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Starfskjör hans skulu ákveðin af kjaradómi. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsetar Alþingis geta, að fengnu samþykki sameinaðs þings, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.
3. 3. gr. orðist svo:
   Ríkisendurskoðandi stjórnar Ríkisendurskoðun. Hann ræður nauðsynlegt starfsfólk til starfa og skal leitast við að það hafi staðgóða menntun og þekkingu og sé í einu og öllu óháð þeim ráðuneytum og stofnunum sem það vinnur að endurskoðun hjá.
4. 4. gr. orðist svo:
   Ríkisendurskoðun er heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum. Kostnað af slíkri endurskoðun greiðir sú stofnun sem í hlut á hverju sinni.

5. 5. gr. orðist svo:

Reikningar Ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsetum Alþingis.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu birt með ríkisreikningi.

6. 6. gr. orðist svo:

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkv. fjárlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum. Enn fremur er Ríkisendurskoðun skylt að hafa umsjón með og aðstoða endurskoðendur, sem Alþingi kýs samkv. sérstökum lögum, og endurskoðendur tilnefnda af hálfu ríkisins í fyrirtækjum eða stofnunum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins eða ríkissjóður á að hálfu eða meira.

7. 7. gr. orðist svo:

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Þá getur ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

8. 8. gr. orðist svo:

Endurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur,
2. að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

9. 9. gr. orðist svo:

Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

10. 10. gr. orðist svo:

Í störfum sínum samkvæmt 7. gr. á Ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur Ríkisendurskoðun krafist þeirra upplýsinga og gagna sem þýðingu geta haft við störf hennar samkvæmt 8. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla aðstöðu sem þarf til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald eða fjárvörslu.

11. 11. gr. orðist svo:

Nú ákveður ríkisendurskoðandi að beita ákvæðum 7. og 9. gr. og skal hann þá gera fjárveitinganefnd grein fyrir ákvörðunum sínum. Fjárveitinganefnd getur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.

12. 15. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði í 6. og 10. gr. laga nr. 73/1969 sem kveða á um ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda.
2. Lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

Nd. 1072. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur á mörgum fundum fjallað ítarlega um frumvörpin þrjú sem gerðu ráð fyrir því að breyta Framkvæmdastofnun í þrjár stofnanir. Frumvörpin eru öll illa undirbúin frá tæknilegu sjónarmiði. Sést það best á því að meiri hl. nefndarinnar neyðist til þess að flytja sjálfur margar breytingartillögur við frumvörpin. Í nefndaráliti um frv. til l. um Byggðastofnun gerir 2. minni hl. grein fyrir áliti sínu á frumvörpunum í heild. Hér verður því ekki um ítarlega efnisumfjöllun að ræða í þessu nefndaráliti enda eru frumvörpin í raun til meðferðar samtímis.

Frumvarpið um Framkvæmdasjóð gerir ráð fyrir því að sjóðurinn starfi áfram með sjálfstæðum hætti. Hér er því ekki verið að leggja niður starfsemi ríkisstofnunar eða að draga úr henni á nokkurn hátt eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa látið í veðri vaka.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir aukinni miðstýringu embættismannavaldsins. Þar segir að embættismenn eigi að annast alla stjórn sjóðsins, þ. e. sérlegir fulltrúar fjármálaráðherra, forsætisráðherra og Seðlabankans. Þessu ákvæði mótmælir 2. minni hl. sérstaklega. Þess vegna flytur hann breytingartillögu um að sjóðnum verði kosin stjórn á Alþingi.

Þá bendir 2. minni hl. á að eðlilegt er að ráða forstöðumann Framkvæmdasjóðs til takmarkaðs tíma í samræmi við önnur lagaákvæði sem hafa verið afgreidd á síðustu þingum um forstöðumenn ríkisstofnana.

Fluttar verða breytingartillögur um þetta efni af undirrituðum. Fallist meiri hl. þingsins hins vegar ekki á þessar breytingartillögur mun 2. minni hl. ekki taka þátt í atkvæðagreiðslum um frumvarp þetta.

Meiri hl. hefur lagt fram nokkrar breytingartillögur. Meðal annars gerir hann ráð fyrir því að felld verði niður úr frv. 2. málsgrein 4. gr. sem fjallar um húseign Framkvæmdastofnunar ríkisins. Meiri hl. nefndarinnar hefur fullyrt að ríkisstjórnin hafi viljað og vilji ganga svo frá hnútunum að Byggðastofnun fái örugglega helming húseignar Framkvæmdastofnunar. Gengur minni hl. út frá því að það sé tryggt eftir yfirlýsingar formanns nefndarinnar.

Þá gerir meiri hl. ráð fyrir því að 3. málsgr. 4. gr. falli niður, en þar segir svo:

„Hinn 1. janúar 1986 skal eignarhaldsfyrirtæki ríkisins taka við allri hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs og eignarráðum sjóðsins í viðkomandi hlutafélögum."

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnarliðinu virðist ríkisstjórnin nú hafa fallið frá öllum hugmyndum um eignarhaldsfyrirtæki ríkisins. Er þetta undarlega frumvarpsákvæði því fellt niður.

Loks skal þess getið að spurt var um eignir Mótvirðissjóðs í nefndinni. Engar upplýsingar komu fram um heildarstöðu sjóðs þessa sem upphaflega var stofnaður með Marshall-fé. En hins vegar greindi starfsmaður Framkvæmdastofnunar frá því að sjóðinn væri ekki hægt að leggja niður né heldur að sameina hann Framkvæmdasjóði nema spyrja Bandaríkjamenn leyfis. Hlýtur þetta að vera mál sem Alþingi verður að taka til sérstakrar athugunar.

Alþingi, 31. maí 1985.

Svavar Gestsson.

Nd. 1073. Breytingartillögur [457. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. 3. gr. orðist svo:
   Alþingi kýs þrjá menn í stjórn sjóðsins, og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnarinnar.
2. 6. gr. orðist svo:
   Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaðurinn er ráðinn til 6 ára í senn. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk í samræmi við ákvörðun stjórnarinnar.

Ed. 1074. Frumvarp til laga [164. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

(Eftir 3. umr. í Nd., 31. maí.)

Samhljóða þskj. 171 með þessari breytingu:

31. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og falla úr gildi 31. desember 1989. Dómsmálaráðherra skal endurskoða lög þessi og leggja fram nýtt frumvarp á Alþingi í þingbyrjun haustið 1988.

Ed. 1075. Lög [342. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 31. maí.)

Samhljóða þskj. 1040.

Ed. 1076. Lög [437. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 31. maí.)

Samhljóða þskj. 739.

Nd. 1077. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. með hefðbundnum hætti og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin flytur á sérstöku þskj.

Alþingi, 31. maí 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Páll Dagbjartsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðmundur Einarsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1078. Breytingartillaga [284. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Hafdell, Jeanette Ann, kennari í Kópavogi, f. 29. jan. 1944 í Bandaríkjunum.

Nd. 1079. Breytingartillögur [456. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. gr. komi: félagsmálaráðherra.
2. Við 4. gr. Síðasti málsl. gr. orðist svo: Þóknananefnd ákveður þóknun stjórnarinnar.
3. 6. gr. orðist svo:
   Stjórn Byggðastofnunar ræður einn forstjóra til 6 ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Kjaradómur ákveður laun og starfskjör forstjóra.
4. 9. gr. orðist svo:
   Í starfi sínu skal Byggðastofnun hafa samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarstjórnir, þróunarfélög og aðra heimaaðila eftir atvikum. Stofnunin getur gert samstarfssamninga við slíka aðila um áætlanagerð og aðra skipulega starfsemi.
   Áætlanir, sem fela í sér tillögur um aðgerðir á sviðum sem heyra undir ýmis ráðuneyti, skulu sendar félagsmálaráðherra sem gerir ríkisstjórninni grein fyrir þeim. Viðkomandi ráðuneyti skulu síðan fjalla um tillögur Byggðastofnunar.
   Byggðastofnun fylgir eftir framkvæmd samþykktra byggðaáætlana. Áætlanir skal endurskoða eftir því sem tilefni eru til.

Nd. 1080. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. maí.)

1. gr.

8. tl. A-liðar 30. gr. laganna orðist svo:

Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Nd. 1081. Frumvarp til laga [416. mál]

um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. maí.)

Samhljóða þskj. 684 með þessum breytingum:

28. gr. hljóðar svo:

Tillögur til þingsályktunar skal bera upp í sameinuðu þingi og skulu þær vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti sameinaðs þings samþykki það.

Ályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur.

32. gr. hljóðar svo:

Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma í sameinuðu þingi geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveim klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Málshefjandi hvers máls má eigi tala lengur en þrjár mínútur og aðrir eigi lengur en tvær mínútur í senn. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Forseti getur leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar skv. 31. gr. eða annarra formlegra þingmála. Fer þá um umræðu málsins skv. 36. gr. eftir því sem við á.

47. gr. hljóðar svo:

Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu máli má hann lýsa því yfir að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður, sbr. 20.—25. og 28. gr.

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifarar telja atkvæðin en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig að málið sé hvorki samþykkt né fellt lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður farið fram en verið óglögg. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið.

Þegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skal hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvæðagreiðslur í 2. mgr.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

Nd. 1082. Frumvarp til laga [106. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. maí.)

Samhljóða þskj. 845 með þessari breytingu:

3. gr. orðast svo:

Veita má þeim leyfi samkvæmt 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

6. gr. hljóðar svo:

Verksvið tannlækna tekur til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekkju og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum.

Nd. 1083. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9/1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 31. maí 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Páll Dagbjartsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðmundur Einarsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1084. Breytingartillaga [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9/1981.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Á eftir 2. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

Nd. 1085. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur fjórar breytingartillögur við frv. til l. um Byggðastofnun:

1. Lagt er til að stofnunin heyri undir félagsmálaráðherra í stað forsætisráðherra.
2. Lagt er til að þóknananefnd ákveði laun stjórnarmanna.
3. Lagt er til að stofnuninni verði ráðinn einn forstöðumaður og að ráðning gildi til sex ára í senn.
4. Gerð er tillaga um nánari tengsl stofnunarinnar við landshlutasamtökin en stjórnarflokkarnir hafa áform um. Enn fremur er gert ráð fyrir skipulegu samstarfi stofnunarinnar við landshlutasamtökin um áætlanagerð.

Þá flytur undirritaður tillögu ásamt Halldóri Blöndal um að stofnunin hafi heimili og varnarþing á Akureyri.

Aðalgallar frumvarpsins og málsins í heild eru þessir:

1. Ekki er komið til móts við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram að undanförnu, meðal annars í samþykktum Alþýðubandalagsins, að aukið vald verði fært til landshlutanna sjálfra. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að byggðastefnunni verði stýrt frá einum stað í Reykjavík og að höggvið verði á þau tengsl sem landshlutasamtökin hafa haft við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þessi aukna miðstýring, á sama tíma og krafist er valddreifingar og lýðræðis, er versti gallinn á frumvarpi ríkisstjórnarinnar.
2. Þá gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að stofnun þessi heyri undir forsætisráðherra. Undirritaður leggur til að stofnunin heyri undir félagsmálaráðherra vegna þess að félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er því eðlilegt í alla staði að félagsmálaráðuneytið fari með byggðamál í heild.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heimilt verði að ráða til stofnunarinnar fleiri en einn forstjóra. Það virðist því vera ætlun stjórnarflokkanna að ráða a. m. k. tvo forstjóra til stofnunarinnar í samræmi við helmingaskiptaregluna. Þá er það athyglisvert að stjórnarflokkarnir skuli ætla forráðamönnum Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar eilífðarráðningu en það brýtur í bága við þau almennu viðhorf að forstöðumenn slíkra stofnana eigi að ráða til takmarkaðs tíma í senn.
4. Ekki er nægilega tryggilega gengið frá því að Byggðastofnun fái helming húseignar Framkvæmdastofnunar. Meiri hl. nefndarinnar hefur lýst því yfir að það verði gert en engin gögn hafa komið fram því til staðfestingar enn þá.
5. Samkvæmt frumvarpinu er dregið úr áherslu á byggðastefnu og byggðajafnvægi. Sama gildir um áætlanagerð hvers konar, en jafnframt er bersýnilega stefnt að því að láta markaðslögmálin ráða meira um framtíð byggðar í landinu en verið hefur.
6. Hvergi er í frumvarpinu tekið á þeim stórfellda vanda sem nú blasir við landsbyggðinni, ekki síst í sjávarútvegi og landbúnaði. Þar fylgir ríkisstjórnin í raun andbyggðastefnu og sést það meðal annars á því að verulegur hluti landbúnaðarhéraðanna er í stórfelldri hættu þannig að auðn blasir við.

Annar minni hl. nefndarinnar telur þrátt fyrir þessa galla rétt að stuðla að því að hér á landi starfi Byggðastofnun. Alþýðubandalagið hefur áður flutt tillögur um sjálfstæða og öfluga byggðastofnun með traustum tengslum við byggðirnar sjálfar á grundvelli valddreifingar og lýðræðis. Þess vegna er 2. minni hl. andvígur því sjónarmiði Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna sem leggja til að frumvarpið verði fellt.

Nánari grein er gerð fyrir áliti 2. minni hl. í nefndarálitum um frv. um Framkvæmdasjóð og frv. um þróunarfélag sem rætt hefur verið um í nefndinni samhliða afgreiðslu frv. um Byggðastofnun.

Alþingi, 31. maí 1985.

Svavar Gestsson.

Nd. 1086. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til sjómannalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um frv. þetta sem er komið frá efri deild. Dr. Páll Sigurðsson dósent, formaður nefndar þeirrar sem samdi frv., sat fundi nefndarinnar.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. júní 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson.	Friðjón Þórðarson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 1087. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hafa henni borist margháttuð erindi og gögn. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. mun skila séráliti.

Við afgreiðslu efri deildar á frumvarpinu var gert ráð fyrir að heildarlántökur næmu alls 9462 m.kr. Þar af var ráðgert að afla 2393 m.kr. innanlands og 7069 m.kr. með erlendum lántökum. Breytingar í meðförum nefndarinnar leiða til hækkunar á lántökum um 127 m.kr. og nema því heildarlántökur 9589 m.kr.

Breytingar, sem lagt er til að samþykktar verði, eru eftirfarandi:

Áformað var að fyrirhugaðu þróunarfélagi yrði heimiluð 500 m.kr. lántaka á árinu 1985. Af þessari fjárhæð hefur ríkisstjórnin ákvarðað að 50 m.kr. gangi til eflingar rannsóknarstarfa í landinu á vegum Rannsóknaráðs og 60 m.kr. renni til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til eflingar nýrra búgreina. Eftirstöðvum af fyrirhugaðri lántöku þróunarfélagsins er fyrirhugað að ráðstafa á eftirfarandi hátt:

1.	Framkvæmdasjóður, vegna sjávarútvegsins	50 m.kr.
2.	Framkvæmdasjóður, vegna Iðnlánasjóðs	50 m.kr.
3.	Framkvæmdasjóður, vegna fiskiræktar	50 m.kr.
4.	Útflutningslánasjóður	50 m.kr.
5.	Þróunarfélagið	190 m.kr.
	Samtals	390 m.kr.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs hækka um 120 m.kr. Felast þær í eftirfarandi atriðum:

1.	Framlag til rannsóknarstarfsemi og nýrra atvinnugreina í landbúnaði	110 m.kr.
2.	Kvikmyndasjóður	10 m.kr.

Heildarlántökur B-hluta ríkissjóðs hækka um 5 m.kr. og er það til laxeldisstöðvar í Kollafirði vegna endurbóta.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs hækka um 202 m.kr. og skiptist sú hækkun þannig:

1.	Þróunarfélagið	190 m.kr.
2.	Grænfóðurverksmiðjur	12 m.kr.

Í frumvarpinu, eins og það kom frá efri deild, voru erlendar lántökur til lánastofnana áætlaðar 1562 m.kr. Í þessari fjárhæð var gert ráð fyrir 500 m.kr. erlendri lántöku vegna fyrirhugaðs þróunarfélags. Eins og fram hefur komið tekur A-hluti ríkissjóðs 110 m.kr. af þeirri fjárhæð og 190 m.kr. eru áætlaðar til þróunarfélagsins sjálfs sem fellur undir fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs.

Til atvinnufyrirtækja var gert ráð fyrir 1500 m.kr. erlendri lántöku, en nú er lagt til að hækka þessa fjárhæð um 100 m.kr. sem ganga eiga til skipaviðgerða.

Þá er leitað eftir heimild til handa fjármálaráðherra til að yfirtaka eða veita sjálfskuldarábyrgð á allt að 250 m.kr. vegna afurðalána sem skreiðarverkendur hafa fengið vegna skreiðarbirgða í árslok 1984. Hér er um að ræða aðstoð við skreiðarframleiðendur í landinu vegna söluerfiðleika á skreið til Nígeríu allt frá árinu 1982.

Þá er þess að geta að Framkvæmdasjóður mun leggja Byggðasjóði 100 millj. kr. til þess að auðvelda þeim byggðarlögum, sem eru að missa eða hafa misst skip vegna greiðslerfiðleika, að halda þeim í heimabyggð.

Sömuleiðis mun Framkvæmdasjóður lána til loðdýraræktar 50 millj. kr. að fengnum tillögum Stofnlánadeildar.

Breytingar á útlánaáætlun húsbyggingarsjóða ríkisins hafa ekki verið gerðar þar sem ákveðin hefur verið viðbótarfjáröflun til lausnar á vanda húsbyggjenda.

Alþingi, 31. maí 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Halldór Blöndal.

Þorsteinn Pálsson.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
(millj. kr.)

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Lífeyris-sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**400**	**—**	**—**	**380**	**3 781**	**4 561**
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	926	1 526
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 114	1 294
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	1 415	1 415
Sveitarfélög	—	—	—	—	326	326
II Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**1 045**	**188**	**553**	**1 786**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	700	188	553	1 441
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	**—**	**200**	**180**	**—**	**1 262**	**1 642**
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	1 092	1 442
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
Útflutningslánasjóður	—	—	—	—	120	120
IV Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**1 600**	**1 600**
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 600	1 600
Heildarfjárþörf (I—IV)	**400**	**200**	**1 225**	**568**	**7 196**	**9 589**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárþörf opinberra aðila 1985
(millj. kr.)

	Endurskoðun eftir afgr. fjárlaga 1985	Eftir afgr. efri deildar	Áætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	**3 601**	**3 248**	**3 373**
1.1 A-hluti	**2 156**	**1 406**	**1 526**
1.2 B-hluti	**1 445**	**1 842**	**1 847**
Byggðasjóður	120	120	120
Byggingarsjóður ríkisins	—	403	403
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	150	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	5	5	5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	340	340
Laxeldisstöðin í Kollafirði	—	—	5
RARIK, almennar framkvæmdir	175	169	169
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	500	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10	10
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	32[2]	32[1]	32[1]
Umferðarmiðstöð	3	3	3
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	100	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 800**	**1 213**	**1 415**
Landsvirkjun	1 200	1 036	1 036
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	40	40
Steinullarverksmiðja	60[2]	75[2]	75[2]
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	—	50	50
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	—	12	12
Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	—	—	12
Þróunarfélag	500	0[3]	190
3. Sveitarfélög	**153**	**326**	**326**
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	65	85	85
Fjarhitun Vestmannaeyja	82	82	82
Hitaveita Akureyrar	—	140	140
Hitaveita Rangæinga	6	6	6
Hitaveita Siglufjarðar	—	6	6
Hitaveita Egilsstaða og Fella	—	7	7
4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6)	**5 554**	**4 787**	**5 114**
5. Innlend fjáröflun	**780**	**780**	**780**
Útgáfa spariskírteina	400	400	400
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	180	180	180
Önnur fjáröflun	200	200	200
6. Erlend lán	**4 774**	**4 007**	**4 334**
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 821	2 468	2 593
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 213	1 415
Sveitarfélög	153	326	326

[1] Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.
[2] Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.
[3] Lántökuheimild að fjárhæð 500 m. kr. flyst á Framkvæmdasjóð.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Endurskoðuð áætlun 1984	Lánsfjáráætlun 1985	Áætlun 1985
Fjáröflun	**1 112**	**2 142**	**1 582**	**1 882**
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	100	100	290	440
Lán frá innlendum bönkum	250	250	200	200
Lán frá lífeyrissjóðum	110	110	150	150
Erlend lán	652	1 682	942	1 092
Lánveitingar	**1 112**	**2 142**	**1 582**	**1 882**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	136	161	187	187
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	400	400	440	440
Fiskveiðasjóður v/útlána	250	400	275	275
Iðnlánasjóður	205	300	440	490
Lánasjóður sveitarfélaga	14	14	5	5
Ferðamálasjóður	29	29	94	94
Verslunarlánasjóður	17	17	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	17	17	20	20
Landflutningasjóður	5	5	8	8
Útflutningslánasjóður	6	6	7	7
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14	14	14
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	10	10	—	—
Bein útlán Framkvæmdasjóðs og fiskeldi	9	29	72	72
Veðdeild Búnaðarbankans v/skuldbreytinga	—	80	—	—
Lánastofnanir v/skuldbreytinga	—	500	—	—
Byggðasjóður v/skipasmíða	—	150	—	—
Fiskimálasjóður	—	10	—	—
Byggðasjóður v/endurskipulagningar sjávarútvegsfyrirtækja	—	—	—	100
Sjávarútvegssjóður	—	—	—	50
Fiskirækt	—	—	—	50
Framkvæmdasjóður v/loðdýraræktar	—	—	—	50

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fylgiskjal IV.

ÚTFLUNTINGSLÁNASJÓÐUR

Reykjavík, 31. maí 1985.

Fjárhags- og hagsýslustofnun,
b.t. Gunnars Hall,
Arnarhvoli.

Skv. ósk yðar sendast hér með þau gögn er fram voru lögð á aðalfundi Útflutningslánasjóðs þann 21. maí s. l.

Athygli er einkum vakin á áætlun fyrir árið 1985 sem gerir ráð fyrir að útlán ársins verði 135 millj. kr., sbr. 123 millj. kr. á árinu 1984. Að auki er gert ráð fyrir því að samþykkt lán frá árinu 1984, að fjárhæð kr. 22 millj. („hali" 1984) sem ekki tókst að borga út á árinu 1984, verði greidd út á árinu 1985.

Þessi áætlun er byggð á því að lánsfjárlög heimili erlenda lántöku að fjárhæð 1,5 millj. USD sem gangi til greiðslu eldri lána sömu fjárhæðar. Enn fremur að lán fáist af „þróunarfé" að fjárhæð 50 millj. kr.

Sérstök áætlun um skiptingu útlána milli lánaflokka hefur ekki verið gerð, að öðru leyti en því að frá 1. jan. 1985 féllu niður lán til byggingaeininga, stálgrindahúsa og límtrésframleiðslu.

Miðað við reynslu fyrri ára og umsóknir, er þegar hafa borist á árinu, gerum við ráð fyrir svofelldri skiptingu útlána árið 1985.

	1983 m.kr.	%	1984 m.kr.	%	1985 m.kr.	%
1. Byggingar	17,1	22,8	31,0	25,3	0	0
2. Tæki og búnaður til vinnslu og geymslu sjávarafurða	37,6	50,1	62,9	51,3	90	66,7
3. Samgöngutæki	14,1	18,8	22,1	18,0	35	25,9
4. Ýmislegt	6,3	8,4	6,5	5,3	10	7,4
	75,1	100%	122,5	100%	135	100%

Virðingarfyllst,

Jónas H. Haralz. Reinhold Þ. Kristjánsson.

Fylgiskjal V.

Greiðsluyfirlit Iðnþróunarsjóðs.

(þús. kr.)

	Yfirlit 1984	1985
Innborgarnir:		
Afborganir og vextir veittra lána	197 631	287 052
Ný lántaka	59 685	50 000
Lántökugjald af veittum lánum	2 870	3 200
Vextir og gengishagnaður af innstæðum	29 308	10 000
Áætlaðar innborganir alls	289 494	350 252
Innstæður í ársbyrjun	135 246	91 480
Til ráðstöfunar alls	424 740	441 732
Útborganir:		
Útborguð lán og styrkir	279 946	320 000
Endurgreidd stofnframlög	9 801	17 212
Vextir og afborganir NIB-lána	30 443	66 567
Annað	13 070	10 000
Útstreymi alls	333 260	413 779
Innstæður í árslok	91 480	27 953
Ráðstafað samtals	424 740	441 732

Fylgiskjal VI.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1983—1985
(Meðalgengi hvers árs, millj. kr.)

	1983	Bráðab.-útkoma 1984	Áætlun[1] 1985
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	−18 156	−23 889	−31 450
Skip og flugvélar	−587	−654	−1 550
Til stóriðjuvera	−1 555	−1 877	−2 520
Annar innflutningur	−16 014	−21 358	−27 380
(Þar af olía)	(−3 012)	(−3 683)	(−4 780)
(Þar af annað)	(−13 002)	(−17 675)	(−22 600)
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	18 623	23 557	31 750
Vöruskiptajöfnuður	**467**	**−332**	**+300**
Þjónustujöfnuður	**−1 730**	**−3 798**	**−4 800**
Innflutt þjónusta	−10 563	−15 033	−20 060
Útflutt þjónusta	8 833	11 235	15 260
Viðskiptajöfnuður	**−1 263**	**−4 130**	**−4 500**
Viðskiptajöfnuður í % af VÞF	−2,4	−6,0	−5,1
Framlög án endurgjalds	**−42**	**+25**	...
Fjármagnsjöfnuður	**1 162**	**3 895**	**5 500**
Erlent einkafjármagn	−610	409	...
Langar lántökur, nettó	2 899	3 232	2 600
Innkomin löng lán, alls	5 577	7 511	7 200
Afborganir	−2 678	4 279	4 600
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−1 127	+254	+2 900
Heildargreiðslujöfnuður	**−143**	**−210**	**1 000**

[1] Áætlun byggð á þjóðhagsspá í apríl 1985.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VII.

Fjármunamyndun 1983—1985
(millj. kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðabirgðatölur		Spá	Bráðabirgðatölur		Spá
	1983	1984	1985	1983	1984	1985
Fjármunamyndun alls	**13 000**	**16 630**	**21 424**	**−13,6**	**6,9**	**2,0**
Þar af:						
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 148	1 160	1 106	−23,9	−15,9	−24,3
Innflutt skip og flugvélar	587	654	1 100	−22,5	−9,0	32,4
Útflutt skip og flugvélar	−117	−511	−70			
Önnur fjármunamyndun	11 382	15 327	19 288	−12,0	12,4	−0,3
I Atvinnuvegirnir	**5 531**	**7 538**	**10 440**	**−14,4**	**13,5**	**9,4**
1. Landbúnaður	650	950	1 150	−14,0	29,2	−4,3
2. Fiskveiðar	731	820	730	−19,0	−7,7	−29,4
3. Vinnsla sjávarafurða	512	800	960	−15,8	26,6	−5,1
4. Álverksmiðja	22	27	20	−68,7	0,0	−40,7
5. Járnblendiverksmiðja	9	23	50	−33,3	150,0	73,9
6. Annar iðnaður (cn 3.-5.)	1 150	1 850	2 200	−9,1	29,6	−6,0
7. Flutningatæki	832	783	2 120	−24,8	−26,2	113,2
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	831	1 015	1 280	−9,6	0,0	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	794	1 270	1 930	−5,2	40,3	19,6
II Íbúðarhús	**2 694**	**3 622**	**4 564**	**−8,0**	**10,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**4 775**	**5 470**	**6 420**	**−15,7**	**−2,7**	**−6,8**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 560	1 500	1 500	−23,6	−20,4	−20,7
2. Hita- og vatnsveitur	440	670	800	−21,6	24,8	−5,2
þar af hitaveitur	(330)	(530)	(620)	−25,5	30,5	−7,2
3. Samgöngumannvirki	1 825	2 140	2 695	−5,2	4,5	0,0
4. Byggingar hins opinbera	950	1 160	1 425	−15,5	0,0	−2,5

Athugasemd: Magnbreytingar 1983 og 1984 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1985 eru miðaðar við verðlag ársins 1984.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Nd. 1088. Breytingartillögur [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Í stað „2 436 000“ komi: 2 561 000.
2. Við 4. gr. Í stað „62 000“ komi: 74 000.

3. Á eftir 5. gr. komi ný gr. sem verði 6. gr. og orðist svo:
   Þróunarfélagi, sem stofnsett verður, er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 190 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.
4. Við 7. gr. sem verður 8. gr. Í stað „1 442 000“ komi: 1 092 000.
5. 9. gr., sem verður 10. gr., orðist svo:
   Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr.“ komi: sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr.
7. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er verði 29. gr. og orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka eða ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð afurðalán allt að 250 000 þús. kr. sem veitt hafa verið skreiðarframleiðendum vegna óseldra skreiðarbirgða í árslok 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

Nd. 1089. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Að mati undirritaðs eiga fyrirtæki og aðrir, sem á lánsfé þurfa að halda, að semja um lántökur erlendis sjálfir, beint eða með milligöngu viðskiptabanka. Að þessu leyti er því Framkvæmdasjóður Íslands orðinn óþarfur og mætti fella lagaákvæði um hann úr gildi.

Í grg. með frv. er hins vegar greint frá því að sjóðurinn hafi stofnað til mikilla skuldbindinga erlendis með löngum lánum og ef sjóðurinn yrði formlega lagður niður gæti það valdið **óróa** hjá lánveitendum sem e. t. v. teldu sér heimilt að gjaldfella lánin nú þegar.

Þótt það sé reyndar skoðun undirritaðs að **takmarkalaus rósemi erlendra lánardrottna** kunni að reynast Íslendingum dýrkeypt fellst hann á röksemdir í grg. vegna eldri skuldbindinga. Hins vegar telur hann enga ástæðu til að framlengja lántökuhlutverk sjóðsins.

Í brtt. á sérstöku þskj. leggur undirritaður til að sjóðurinn verði færður undir stjórn fjármálaráðuneytis og gætt verði þeirra skuldbindinga sem þegar hafa verið gerðar en látið af frekari lántökum.

Alþingi, 3. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Nd. 1090. Breytingartillögur [457. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og undir fjármálaráðherra.
   Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk Framkvæmdasjóðs samkvæmt lögum þessum er að gæta skuldbindinga sem gerðar hafa verið samkvæmt lögum nr. 97/1976.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.
7. 7.—12. gr. falli niður.

Nd. 1091. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrir neðri deild liggja nú þrjú þingmál, mál 455, 456 og 457, sem eru náskyld. Þau fjalla um að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir. Í staðinn fyrir eitt höfuð verða þau nú þrjú. Tilgangur frumvarpanna er að fullnægja kröfum landsfundar markaðshyggjuflokksins um að leggja Framkvæmdastofnunina niður. Hér er því um nafnbreytingu að ræða annars vegar, hins vegar er hér á ferðinni enn ein tilraunin til þess að láta markaðssjónarmiðin fá yfirhöndina á öllum sviðum efnahagslífsins.

Annar minni hl. hefur þegar skilað álitum um Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun og flutt við þau frumvörp breytingartillögur.

Verður nú í þessu nál. farið nokkrum orðum um málið í heild og sérstaklega um 455. mál.

1. Fullyrt er að þessi frumvörp eigi að stuðla að því að draga úr ríkisafskiptum. Hvað er hæft í því? Í rauninni er verið að auka miðstýringarvald ríkisins. Rök:

A. Framkvæmdasjóður er settur undir embættismenn á vegum þriggja ráðherra. Vald Alþingis – þingræðisins – verður að engu.

B. Ríkið á að eiga, svo að segja eitt, nýtt hlutafélag með a. m. k. 200 milljónum kr. í hlutafé.

C. Í lögum um Framkvæmdastofnun er gert ráð fyrir því að hún heyri undir ríkisstjórnina í heild. Í frv. ríkisstjórnarinnar nú eiga allar stofnanirnar að heyra undir forsætisráðherra einan. Forsætisráðherra á þannig – einn – að fara með allt vald ríkisins yfir þróunarfélaginu sem getur þýtt það að hann hafi úrslitavald um ráðstöfun 500 – 700 milljóna króna.

Niðurstaðan er því þessi: Það er verið að styrkja embættismannavaldið, verið að auka vald eins ráðherra — hvort tveggja á kostnað Alþingis.

2. Samkvæmt frumvörpunum er beinlínis dregið úr áherslu löggjafans á byggðasjónarmið og í staðinn lögð áhersla á vald markaðarins, fjármagnsins. Þetta gerist á sama tíma og

landsbyggðin stendur álíka höllum fæti og á viðreisnarárum Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þannig segir Framsóknarflokkurinn sig frá byggðastefnunni sem er sérstaklega athyglisvert miðað við aðild hans að ríkisstjórninni árin 1971–1974.

3. Í frumvörpum er hvergi tekið á heildarvandamálum atvinnulífsins en framleiðslugreinarnar búa nú við stórfellda erfiðleika eins og kunnugt er.
4. Í frumvörpunum er ekkert sem tryggir raunverulega nýsköpun í atvinnulífinu. En það er athyglisvert að Framsóknarflokkurinn skuli nú ætla að stela orðinu „nýsköpun“ eftir áratuga baráttu gegn hvers konar nýsköpun í atvinnulífinu. Enda er „nýsköpun“ Framsóknarflokksins nafnið tómt.
5. Í frumvarpinu er opnað fyrir það að fyrirtæki geti keypt sig inn í þróunarfélgið og þannig keypt sér aðgang að niðurgreiddu fjármagni, með öðrum orðum gjafafé úr ríkissjóði. Þó er bersýnilegt að ríkisstjórnin hefur enga trú á félaginu því að meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur nú tillögu um undantekningarákvæði frá hlutafélagalögum þannig að hluthafar í þróunarfélaginu geti verið færri en fimm talsins.
6. Í frumvarpinu um þróunarfélag er hvergi um að ræða **stefnubreytingu í atvinnumálum sem raunverulega gæti stuðlað að nýsköpun í atvinnulífinu.** Þar er ekki minnst á nauðsyn þess að efla sérstaklega smáfyrirtæki né heldur gjaldeyrissparandi fyrirtæki. Frumvarpið er svo opið að það er augljós hætta á því að **ríkisfjármunir verði hér notaðir í stórum stíl í fyrirgreiðslupólitík helmingaskiptaflokkanna.**

Af þessum ástæðum telur 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar ekki ástæðu til þess að afgreiða frumvarp þetta á yfirstandandi þingi og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. júní 1985.

Svavar Gestsson.

Nd. 1092. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp er dæmigert fyrir fílabeinsturna íslenska stjórnkerfisins. Þegar fólk um allt land krefst **sjálfsvirðingar** og **sjálfsstjórnar** setjast stjórnmálamenn og embættismenn niður og búa til frumvarp um að færa til skrifborð og nafnspjöld á Rauðarárstíg 25 í Reykjavík.

Grundvallaratriðið í þessu máli er að tryggja **sjálfræði** fólksins um eigin hagi. Ef fólk fær að njóta þess sem það aflar og ef svæði og héruð verða sjálfstæð um uppbyggingu atvinnulífs þarf engar aumingjabætur frá byggðakontórum í Reykjavík. Í stað bóta- og styrkjastefnu þarf að gera fólki, fyrirtækjum og héruðum kleift að standa á eigin fótum og tryggja þannig eðlilegan vöxt og viðgang landsbyggðarinnar.

Þetta frumvarp um Byggðastofnun er ónýtt því að í því er hvergi tekið á þessum atriðum. Um allt land krefst fólk, svo þúsundum skiptir, grundvallarbreytinga á stjórnkerfinu, breytinga sem færa því rétt til sjálfsákvörðunar.

Bandalag jafnaðarmanna hefur flutt tillögur til þingsályktunar um **fylkisstjórnir** og **þróunarstofur landshlutanna.** Þar er mörkuð sú stefna valddreifingar og lýðræðis sem óumflýjanlegt er að taka. Þar er gert ráð fyrir almennum kosningum til héraðsstjórna og einnig fyrir frumkvæði heimamanna um mótun atvinnustefnu sinnar og lífshátta.

Nú steðjar hætta að byggðum landsins vegna þess að fólk hefur glatað völdum í hendur sjóðsstjóra og stjórnmálamanna. Ef fólkið fær þessi völd ekki aftur innan skamms verða byggðir landsins ekki verkefni Byggðastofnunar heldur Þjóðminjasafns áður en yfir lýkur.

Undirritaður leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Sþ. 1093. Tillaga til þingsályktunar [524. mál]

um úttekt á rekstri Seðlabanka Íslands.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Í framhaldi af undangengnum úttektum Hagvangs hf. á ýmsum stofnunum ríkisins ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að fela Hagvangi hf. að gera hliðstæða úttekt á rekstri Seðlabanka Íslands þar sem ítarlega verði könnuð hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar, m. a. að því er varðar mannahald og húsnæði, og gerðar tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa stjórnvöld gengist fyrir því að ráðgjafarfyrirtæki tækju rekstur ýmissa ríkisstofnana til sérstakrar athugunar í því skyni að auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Þeir, sem hafa beitt sér fyrir þessum ráðstöfunum, telja að þær hafi gefist vel í ýmsum tilvikum og borið árangur í hagræðingu í rekstri. Einhverra hluta vegna hefur þó ekki verið gripið til þessara aðgerða gagnvart þeirri stofnun sem hvað flestir meðal almennings draga í efa að gæti nægilegs aðhalds og sparnaðar í rekstri, þ. e. Seðlabankanum, og leggur flm. til með þeirri þáltill. sem hér er flutt að úr því verði bætt.

Þar sem jafnan er mikilvægt þegar slík úttektarstörf eru unnin að forstöðumenn viðkomandi stofnunar, sem úttekt beinist að, beri fullt traust til þeirra sem annast hana leggur flm. til að hún verði falin Hagvangi hf. með það í huga að æðsti maður Seðlabankans var formaður í þeirri nefnd sem valdi Hagvang hf. til þess að annast hina svokölluðu „hamingjurannsókn“ sem þekkt er meðal landsmanna.

Ed. 1094. Lög [416. mál]

um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1081 (sbr. 684).

Ed. 1095. Lög [164. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1074 (sbr. 171).

Ed. 1096. Lög [106. mál]

um tannlækningar.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1082 (sbr. 845).

Ed. 1097. Lög [243. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1039.

Ed. 1098. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. af nýju eftir þær breytingar sem gerðar voru á því í neðri deild. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv., en þó með nokkrum breytingum sem allar miða að nákvæmara eða betra orðalagi.

Sem fyrr sat dr. Páll Sigurðsson dósent fund nefndarinnar og veitti margvíslega aðstoð. Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. júní 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.	Árni Johnsen.

Ed. 1099. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 26. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Farmflytjanda ber að sjá til þess, með eðlilegri árvekni, að skip sé haffært, nægilega mannað o. s. frv.
2. Við 71. gr. Í stað orðanna „vara hafi orðið fyrir tjóni eða skemmst“ í 1. og 3. mgr. komi: tjón hafi orðið á vöru eða hún skemmst.
3. Við 220. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna geta farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda ósk þar um.
4. Við 221. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
   Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu við skýrslutöku o. s. frv.

Ed. 1100. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. l. nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar tvö frumvörp sem tengjast mjög innbyrðis, þ. e. frumvarp um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, svo og frumvarp um breytingu á lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. Í seinna frumvarpinu var um að ræða breytingu á tveimur köflum, þ. e. köflum III og IV, sem fjalla um ríkisfjármál, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir og lánsfjárlög. Auk þess hefur nefndin haft til athugunar frumvarp til laga um afnám laga nr. 13/1979, 216. mál Ed. Eftir ítarlega athugun og umfjöllun var það sameiginleg niðurstaða nefndarinnar að leggja til að III. og IV. kafli laga nr. 13/1979 verði felldir úr gildi en þau ákvæði í þessum köflum, sem snerta ríkisfjármál og fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, verði tekin inn í lögin um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Nái þessar breytingar fram að ganga verður framvegis að finna í einum og sömu lögunum öll þau ákvæði sem lúta að fjárlögum, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum og lánsfjárlögum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að móta heillega mynd af umfangi ríkisfjármálanna þar sem lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila fá fyllri og nánari umfjöllun en verið hefur, enn fremur að framvegis verði yfirlit yfir lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs að finna á einum stað, þ. e. í 1. gr. fjárlaga. Þetta ætti að auðvelda öllum þeim, sem um ríkisfjármál fjalla, að hafa yfirsýn yfir þennan mikilvæga málaflokk. Nefndin telur að það auðveldi stjórn fjármála verði frumvarpið að lögum.

Í breytingartillögum þeim, sem nefndin flytur, eru engar efnislegar breytingar frá þeim frumvörpum sem fjármálaráðherra flutti heldur eru frumvörpin sameinuð þannig að öll lagaákvæði varðandi fjárlög sé framvegis að finna á einum stað.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að III. og IV. kafli laga nr. 13/1979 verði felldir úr gildi en að þau ákvæði, sem þar er að finna og snerta ríkisfjármál, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög, verði sett í lögin um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Í þessum köflum er enn fremur að finna tímabundin ákvæði um markmið í ríkisfjármálum en þær lagagreinar eru að sjálfsögðu ekki teknar inn í þetta frumvarp þar sem um tímabundin ákvæði var að ræða.

Hér á eftir verður fjallað um einstakar breytingartillögur og þess getið hvort viðkomandi grein sé tekin úr lögum nr. 13/1979, úr lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga eða hvort greinin sé úr frumvarpi um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Nefndin gerir ekki tillögur um breytingu á 1. og 3. gr. frumvarpsins en þær kveða svo á að almannatryggingar og endurlánareikningur ríkissjóðs verði framvegis í A-hluta fjárlaga. Enn fremur að skil frá einkasölum ríkisins til ríkissjóðs skuli framvegis talin með sköttum.

Um 17. tl.

Gert er ráð fyrir að heiti XII. kafla laga nr. 52/1966 verði breytt þannig að framvegis heiti kaflinn, „Um efnisskipan fjárlaga, um lánsfjárlög og um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun“. Kafli þessi heitir núna „Um efnisskipun fjárlaga o. fl.“

Um 1. tl.

Hér er 6. gr. laga nr. 13/1979 tekin upp orðrétt og greinin fjallar um að frumvarp til fjárlaga skuli samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar og tekju- og gjaldaáætlanir fjárlagafrumvarps séu byggðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun hverju sinni.

Um 2. tl.

Hér er 62. gr. laga nr. 52/1966 gerð að 63. gr. og þarfnast því ekki skýringar.

Um 3. tl.

Þessi grein fjallar m. a. um lánahreyfingar ríkissjóðs og er hér kveðið mun fastar að orði um að allar lántökur og lánveitingar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og endurlánareiknings ríkissjóðs, skuli sýndar í 1. gr. fjárlaga. Þessi grein var áður 4. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 4.—8. tl.

Greinar þær, sem fjallað er um í þessum töluliðum, er að finna í lögum nr. 52/1966 en hér er einungis verið að breyta númeri greinanna. Ekki þykir ástæða til sérstakra skýringa.

Um 9. tl.

Þessi grein var áður 7. gr. l. nr. 13/1979 og er greinin hér tekin inn í frumvarpið óbreytt frá því sem hún hefur verið. Í greininni segir að með fjárlagafrumvarpi skuli leggja fram áætlun er lýsi í meginatriðum stefnunni í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárlagaárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Um 10. tl.

Fjármálaráðherra leggur fyrir Alþingi frumvarp til fjárlaga. Lánsfjárlög hafa í sívaxandi mæli varðað ýmis atriði önnur í ríkisfjármálum en heimild til erlendrar lántöku eins og gilti fyrir 1979. Lánsfjárlögin eru því orðin nauðysnleg forsenda þess að ákvæði fjárlaga standist, t. d. skerðing á framlögum til fjölmargra fjárfestingarlánasjóða og skil markaðra tekjustofna. Í lánsfjárlögum hefur auk þessa verið í auknum mæli veitt ríkisábyrgð á ýmsum skuldbindingum sveitarfélaga og ýmissa annarra aðila.

Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að því að Alþingi fjalli frekar um ábyrgðarveitingar ríkissjóðs en verið hefur. Þá er jafnframt að finna ákvæði í þessari grein sem takmarkar notkun ábyrgðarheimilda sem samþykktar hafa verið í sérlögum, þ. e. að notkun heimilda í sérlögum skuli vera innan þeirra marka sem um getur í fjárlögum og lánsfjárlögum á því fjárlagaári sem um er að ræða.

Þessi grein var áður 6. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 11. tl.

Hér er lagt til að það varði fjármálaráðherra sem leggi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og frumvarp til lánsfjárlaga fyrir Alþingi í stað ríkisstjórnar eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þessi breyting er í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförnum árum. Þá er lagt til að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verði hluti af greinargerð fjárlagafrumvarps hvers árs. Enn fremur er gert ráð fyrir að það verði fjárveitinganefnd sem fjalli um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og aðra þætti ríkisfjármála.

Þessi grein var áður 4. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 12. tl.

Þessi grein tekur til þeirra atriða sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á m. a. að ná yfir. Greinin gerir jafnframt ráð fyrir að hér sé ekki um endanlega upptalningu að ræða á þeim þáttum sem vera eigi í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum hverju sinni heldur megi bæta við tilteknum atriðum ef ástæða þykir til. Það nýmæli er m. a. að finna í þessari grein að sýna á yfirlit um skuldbindingu þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.

Þessi grein var áður 5. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 13. tl.

Þessi grein var áður 17. gr. laga nr. 13/1979 með þeirri breytingu að gert er ráð fyrir að það verði fjármálaráðherra en ekki ríkisstjórnin sem ákveði nánar til hvaða verksviðs einstakar greinargerðir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli ná.

Um 14. tl.

Þessi grein var áður 18. gr. laga nr. 13/1979 og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. tl.

Þessi grein var áður 12. gr. laga nr. 13/1979 og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. tl.

Þessi grein var áður 13. gr. laga nr. 13/1979 og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. tl.

Hér er lagt til að III. og IV. kafli í lögum nr. 13/1979 falli úr gildi.

Þær greinar þessara tveggja kafla, sem fella á niður og ekki er að finna í þessu frumvarpi, eru eftirfarandi:

a. 8. gr., sem fjallar um að endurskoða skuli fyrir árslok 1979 ákvæði sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlags til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti.
b. 9. gr., sem fjallar um niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum á árunum 1979—1981.
c. 10. gr., sem fjallar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1979.
d. 11. gr., sem fjallar um umfang ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980.
e. 20. gr. Þessi grein fjallar um hver skyldi vera heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins á árinu 1979.
f. 21. gr. Þessi grein fjallar um að fyrir árslok 1979 skyldi komið á nýjum reglum um útlán allra fjárfestingarlánasjóða.

Um 19. tl.

Miðað er við að frumvarp þetta öðlist þegar gildi.

Þá yrði fjárlagafrumvarp fyrir árið 1986 með þeim viðauka og breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 3. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.	Jón Kristjánsson.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Ed. 1101. Breytingartillögur [499. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 4. gr. orðist svo:
   62. gr. laganna orðist svo:
   Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, svo sem kveðið er á um í 2. gr. l. nr. 13/1979. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun og þær spár sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið sem í hönd fer eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.
2. 5. gr. orðist svo:
   63. gr. laganna orðist svo:
   Fjárlög skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, á sama hátt og ríkisreikningur, sbr. 1. mgr. 6. gr.
3. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
   64. gr. laganna orðist svo:
   Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs. Þó skal eigi getið lána sem greidd eru að fullu á sama ári og þau eru tekin.
4. Við bætist ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:
   65. gr. laganna orðist svo:
   Í B-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi, lánahreyfingar og fjármunahreyfingar hvers aðila sérstaklega, og auk þess skal birta yfirlitsáætlanir, sbr. 51. gr., eftir því sem við verður komið.
5. Við bætist ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:
   66. gr. laganna orðist svo:
   Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.
6. Við bætist ný grein er verði 9. gr. og orðist svo:
   67. gr. laganna orðist svo:
   Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar sem geyma má ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára.
   Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga.

7. Við bætist ný grein er verði 10. gr. og orðist svo:
   68. gr. laganna orðist svo:
   Heimilt er fjármálaráðherra að láta sérstök yfirlit, sams konar eða hliðstæð þeim sem getið er um í VII. kafla, fylgja fjárlagafrumvarpi og fjárlögum, og jafnan skal fylgja skrá yfir ónotaðar fjárveitingar, sem gilda áfram sem fjárveitingarheimildir, og yfirlit um gjöld eftir eðli þeirra.
8. Við bætist ný grein er verði 11. gr. og orðist svo:
   69. gr. laganna orðist svo:
   Fjárlagafrumvarpi skal jafnan fylgja tölulegur samanburður við fjárlög síðasta reikningsárs og síðasta fullgerðan ríkisreikning.
9. Við bætist ný grein er verði 12. gr. og orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein sem verði 70. gr. og hljóði svo:
   Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun er lýsir í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til.
   Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:
   1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
   2. Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
   3. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
   4. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.
10. Við bætist ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:
    Við lögin bætist ný grein er verði 71. gr. og hljóði svo:
    Í frumvarpi til lánsfjárlaga skal leita heimilda til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimilda og annarra nauðsynlegra fjármálaráðstafana að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu skal ár hvert gerð grein fyrir heildarábyrgðarveitingum ríkissjóðs og skiptingu þeirra á helstu ábyrgðarflokka. Alþingi fjallar árlega um hámark veittra ábyrgða og setur mörk í lánsfjárlögum.
11. Við bætist ný grein er verði 14. gr. og orðist svo:
    Við lögin bætist ný grein sem verði 72. gr. og hljóði svo:
    Fjármálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og skal hún vera hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi hvers árs. Um áætlunina skal fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Jafnhliða framlagningu fjárlagafrumvarps leggur fjármálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp til lánsfjárlaga.
    Undirbúningur áætlunarinnar skal vera á vegum fjármálaráðherra og skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa forgöngu um gerð áætlunarinnar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.
12. Við bætist ný grein er verði 15. gr. og orðist svo:
    Við lögin bætist ný grein sem verði 73. gr. og hljóði svo:
    Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skulu m. a. eftirtalin atriði koma fram:
    1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m. a. til fjármögnunar og fjárráðstöfunar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, sjóða, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila.
    2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
    3. Heildaráætlun um erlendar lántökur opinberra aðila, atvinnuvega og einkaaðila. Einnig yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.
    4. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

13. Við bætist ný grein er verði 16. gr. og orðist svo:
Við lögin bætist ný grein sem verði 74. gr. og hljóði svo:
Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti, í samvinnu við Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra, sem þau fjalla um. Fjármálaráðherra ákveður nánar til hvaða verksviða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlagatillögur ráðuneyta og ákveður fjármálaráðherra skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins.
14. Við bætist ný grein er verði 17. gr. og orðist svo:
Við lögin bætist ný grein sem verði 75. gr. og hljóði svo:
Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal á vegum einstakra ráðuneyta og í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins eftir nánari ákvörðun þeirra gera áætlanir um þróun einstakra atvinnugreina og fjárfestingar þeirra, sbr. og II. kafla laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og V. kafla laga nr. 13/1979.
15. Við bætist ný grein er verði 18. gr. og orðist svo:
Við lögin bætist ný grein sem verði 76. gr. og hljóði svo:
Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.
16. Við bætist ný grein er verði 19. gr. og orðist svo:
Við lögin bætist ný grein sem verði 77. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:
Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.
Meðal þess háttar verkefna Fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:
1. mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis;
2. mat á kostnaði sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð; skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma;
3. athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum;
4. athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis.
17. Við bætist ný grein er verði 20. gr. og orðist svo:
Heiti XII. kafla laganna verði: **Um efnisskipan fjárlaga, um lánsfjárlög og um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.**
18. Við bætist ný grein er verði 21. gr. og orðist svo:
Með lögum þessum eru felld úr gildi ákvæði III. og VI. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.
19. Við bætist ný grein er verði 22. gr. og orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1102. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stofnun félags, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, er til einskis ef ekki eru fyrir hendi þær almennu aðstæður sem hvetja til frumkvæðis, áhættu og tilrauna í atvinnulífi. Það er á valdi ríkisstjórnar að skapa slíkt andrúmsloft með hvetjandi aðgerðum, t. d. í fjármálum og með fræðslu og áróðri fyrir stofnun og rekstri fyrirtækja.

Í þessu tilliti hefur núverandi ríkisstjórn brugðist. Sú staðreynd að þetta frumvarp sér loks dagsins ljós á síðustu vikum venjulegs þinghalds, eftir tveggja ára valdatíma ríkisstjórnarinnar, talar sínu máli um áhugann.

Á frumvarpinu sjálfu er sá stóri galli að þar er ekki mörkuð stefna um athafnasvið félagsins. Ýmsar nýjar atvinnugreinar, s. s. fiskeldi, eru mjög fjármagnsfrekar og áhættusamar og í vissum skilningi stóriðja. Aðrar nýjar greinar byggjast meir á einstaklingum, frumkvöðlum með hugmyndir og þor til að ráðast í framkvæmdir ef aðstoð fæst.

Með hliðsjón af því að væntanlegt fjármagn þessa félags verður ekki til skiptanna, ef ráðist er í stóru verkefnin, sýnist undirrituðum nauðsynlegt að marka stefnu í þessum málum í byrjun.

Skorturinn á áhuga, örlæti og hvatningu stjórnvalda á þessum sviðum verður tilfinnanlegri þegar á hverjum degi berast upplýsingar um lífskjör, bruðl og flottræfilshátt stóriðjuhirðarinnar. Kísilmálmæðið kostar nú t. d. 40 milljónir króna án þess að nagli hafi verið rekinn í spýtu af því tilefni á Reyðarfirði.

Nýsköpun í atvinnuháttum þarfnast fjölmargra samverkandi breytinga í innviðum samfélagsins, menntun, rannsóknum og peningamálum svo að dæmi séu tekin. Þess háttar stórátak er óumflýjanlegt og hvert missiri, sem líður án þess, verður okkur dýrt.

Hugmyndin að baki frv. sjálfs er rétt og sú samvinna ríkisvalds og fleiri aðila, sem það gerir ráð fyrir, er af hinu góða. En með tilliti til hins almenna stefnu- og áhugaleysis stjórnvalda um nýjar leiðir er ljóst að samþykkt frv. sjálfs mun ekki styrkja nýsköpun í atvinnulífi.

Þess vegna mun undirritaður ekki samþykkja þetta frv.

Alþingi, 3. júní 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Ed. 1103. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.
	Ragnar Arnalds.	

Ed. 1104. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þskj.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.
	Ragnar Arnalds.	

Ed. 1105. Breytingartillaga [523. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir 4. gr. komi svofellt **ákvæði til bráðabirgða:**

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984, þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillaga vegna rekstrarársins 1984 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1985. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1985 skulu bundnar í sex mánuði, talið frá innborgunardegi.

Bráðabirgðaákvæði þetta skal, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 á tekjur ársins 1984.

Nd. 1106. Breytingartillögur [470. mál]

við frv. til l. um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 5. gr.

a. B-liður orðist svo: stúdentspróf eða hliðstætt nám; þó skal annað nám viðurkennt ef skólastjórn metur það gilt.
b. C-liður orðist svo: störf í a. m. k. sex mánuði með fötluðum.

Nd. 1107. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1981, um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og kallaði á sinn fund Guðjón Magnússon landlækni, Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjón og Arngrím Ísberg fulltrúa lögreglustjóra. Þessir aðilar voru samþykkir meginefni frv.

Í grg. með frv. segir m. a.:

„Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er ... Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, ... og því er brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum."

Umferðarráð er þess hvetjandi að frv. verði samþykkt. Á vegum þess var tekin saman skýrsla um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983. Þar kemur m. a. fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum látist. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. okt. 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi.

Þeir aðilar, er hvað mest vinna að þessum málum, telja að með samþykkt frv. megi koma í veg fyrir fjöldamörg slys á ári hverju.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur þessu áliti og leggur því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. maí 1985.

Gunnar G. Schram, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Stefán Guðmundsson, frsm.

Nd. 1108. Frumvarp til laga [525. mál]

um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

Flm.: Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Þorsteinn Pálsson.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí 1985 til 31. desember 1986 skal leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

2. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1985 og 1986 og skal hann vera þannig:

a. 0,25% á eignarskattsstofn manna, sbr. 80.—82. gr. laga nr. 75/1981, umfram 1600 þús. kr. gjaldárið 1985. Gjaldárið 1986 skal skattskylt mark til eignarskattsauka breytast með skattvísitölu, sbr. 121. gr. framangreindra laga. Þó skal ekki leggja eignarskattsauka á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri.
b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga.

Eignarskattsauki hefur engin áhrif á eignarskattsútreikning samkvæmt 83. og 84. gr. laga nr. 75/1981. Eignarskattsaukinn rennur í ríkissjóð og skal honum ráðstafað til húsnæðismála.

3. gr.

Af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála árið 1985 og 60 millj. kr. árið 1986.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur varið miklum fjármunum til að efla húsnæðislánakerfið. Ráðstafanir þessar verða ekki raktar hér í smáatriðum, en bent er á fylgiskjöl I–III, sem sýna útlán byggingarsjóðanna og framlag ríkissjóðs til þeirra. Þar kemur m. a. fram að útlán byggingarsjóðanna í hlutfalli af þjóðarframleiðslu hafa aukist stórlega að undanförnu. Á árunum 1980–1982 var þetta hlutfall á bilinu 1,7–2,0%, en 1984 hafði það hækkað í 2,9%. Í ár er áætlað að þetta hlutfall verði 3,6% þannig að útlán opinberu íbúðalánasjóðanna hafa hartnær tvöfaldast í tíð núverandi ríkisstjórnar. Enn fremur hafa margvíslegar ráðstafanir verið gerðar varðandi útlánareglur o. fl. til að nýta betur fjármuni sem ráðstafað er til þessa málaflokks.

Þó að stjórnarflokkarnir hafi þannig beitt sér fyrir ýmsum ráðstöfunum í þágu húsbyggjenda og húskaupenda eru mörg viðfangsefni óleyst í húsnæðismálum, ekki síst vegna þess vanda sem skapast hefur vegna misgengis milli launa og lánskjara. Það er hins vegar ógjörningur að auka fjárframlög hins opinbera til þess málaflokks nema sérstök fjáröflun komi til, bæði vegna halla á ríkissjóði og eins þess að aukinni lántöku erlendis hefur verið hafnað. Til þess að unnt sé að taka á brýnasta vanda húsbyggjenda og húskaupenda er með þessu lagafrumvarpi gerð tillaga um sérstaka fjáröflun til þeirra viðbótarráðstafana sem stjórnarflokkarnir hafa gert og munu beita sér fyrir á þessu ári. Í því efni er einkum um þrennt að ræða:

1. Ráðgjafarþjónusta hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem hefur það hlutverk að leiðbeina, aðstoða og lána þeim sem komnir eru í greiðsluerfiðleika. Útlán í tengslum við ráðgjafarþjónustuna eru áætluð um 200 millj. kr.
2. Greiðslujöfnun vegna fasteignaveðlána einstaklinga sem talin er fela í sér um 100 millj. kr. minni endurgreiðslur lána til byggingarsjóða ríkisins í ár.
3. Aukin áhersla á lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Tekin hefur verið ákvörðun um að hækka hámark svonefndra G-lána þannig að það verði komið í 50% af nýbyggingarláni (F-láni) á 1. ársfjórðungi 1986.
   Í þessu skyni er gert ráð fyrir 70 millj. kr.

Þessi þrjú atriði hafa í för með sér 370 millj. kr. fjárvöntun. Til þess að mæta þessari fjárvöntun er lagt til að tekna verði aflað með eftirfarandi hætti:

	Millj. kr.
1. Húsnæðisgjald	250
2. Eignarskattsauki á einstaklinga	20
3. Eignarskattsauki á félög	70
4. Sérstök hækkun á áfengis- og tóbaksverði	30
Samtals:	370

Áhersla er á það lögð að með þessari auknu fjáröflun verði í ár fyrst og fremst sinnt fjárþörf þeirra sem byggja sína fyrstu íbúð og gera fokhelt fyrir 1. október.

Jafnframt verður flýtt afgreiðslu lána til þeirra sem að keyptu sína fyrstu íbúð á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Í sambandi við þessa tekjuáætlun er minnt á að ávallt er erfitt að gera slíkar áætlanir af nákvæmni. Ef eitthvað kann á að skorta að tekjurnar nægi í ár verður sá greiðsluvandi, sem af því hlýst, leystur með tilfærslu milli ára.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi gjaldtaka eigi sér einnig stað á næsta ári enda mörg verkefni framundan í húsnæðismálum. Áætlaðar tekjur af gjaldtökunni á næsta ári eru 600–700 millj. kr. á verðlagi ársins 1985.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðstöfun fjárins á því ári. Það verður ekki gert fyrr en að höfðu samráði við þá milliþinganefnd í húsnæðismálum sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að koma á fót eftir viðræður við stjórnarandstöðuflokkana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sérstakt húsnæðisgjald verði lagt á söluskattsstofn og rennur það óskipt til húsnæðismála. Að öðru leyti gilda sömu reglur um þetta gjald og söluskatt.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um eignarskattsauka á eignir einstaklinga og félaga. Eignarskattsaukinn nemur 0,25% og leggst á eignarskattsstofn samkvæmt núgildandi skattalögum, en þó einungis á eignir einstaklinga sem eru umfram tiltekið mark.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að tiltekinni fjárhæð af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verði varið til húsnæðismála. Til að koma í veg fyrir aukinn halla á ríkissjóði af þessum völdum er gengið út frá því að áfengis- og tóbaksverð hækki umfram almennar verðbreytingar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

ÚTLÁN BYGGINGARSJÓÐA RÍKISINS 1980—1985.

	Byggingarsjóður ríkisins		Byggingarsjóður verkamanna		Samtals	
	Millj. kr.	Í hlutfalli af þjóðar-framleiðslu	Millj. kr.	Í hlutfalli af þjóðar-framleiðslu	Millj. kr.	Í hlutfalli af þjóðar-framleiðslu
1980	216	1,6	17	0,1	233	1,7
1981	287	1,4	111	0,5	398	1,9
1982	393	1,3	240	0,8	633	2,0
1983	692	1,3	409	0,8	1 101	2,1
1984	1 552	2,3	409	0,6	1 961	2,9
1985[1]	2 465	2,8	683	0,8	3 148	3,6

1) Áætlun.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fylgiskjal II.

GREIÐSLUYFIRLIT BYGGINGARSJÓÐS RÍKISINS 1980—1985.

(Í milljónum króna á verðlagi hvers árs.)	1980	1981	1982	1983	1984	1985[1]
1. Eigið framlag, nettó	34,9	55,7	76,8	129,0	−18,1	−45,0
2. Skyldusparnaður, nettó	18,2	9,7	29,3	−8,4	−81,6	0,0
3. Framlag ríkissjóðs	71,3	48,8	69,7	147,5	245,0	622,0
4. Tekin lán	86,7	195,4	181,3	415,2	1 298,8	1 213,0
5. Uppruni = ráðstöfun	211,2	309,6	357,1	677,1	1 444,1	1 790,0
6. Útlán	215,5	287,3	393,1	691,7	1 552,3	1 790,0
7. Sjóðsbreyting	−4,3	22,3	−36,0	−6,2	−108,2	0,0
Hlutfallsleg skipting ráðstöfunarfjár:						
1. Eigið framlag, nettó	16,5	18,0	21,5	19,1	−1,3	−2,5
2. Skyldusparnaður, nettó	8,6	3,1	8,2	−1,2	−5,7	0,0
3. Framlag ríkissjóðs	33,8	15,8	19,5	21,8	17,0	34,7
4. Tekin lán	41,1	63,1	50,8	61,3	90,0	67,8
5. Ráðstöfunarfé	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

1) Samkvæmt lánsfjáráætlun, fyrir ráðstafanir skv. frv.

Heimild: Gögn frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fylgiskjal III.

ÁÆTLUÐ STAÐA VERÐTRYGGÐRA LÁNA FASTEIGNAKAUPENDA Í LOK HVERS ÁRS.[1]

	1981	1982	1983	1984
Opinberir byggingarsjóðir	519	1 506	3 801	6 880
— Byggingarsjóður ríkisins	359	946	2 281	..
— Byggingarsjóður verkamanna	160	560	1 520	..
Lífeyrissjóðir[2]	1 050	2 400	5 300	7 676
Innlánsstofnanir[3]	313	762	1 736	1 575
Samtals	1 882	4 668	10 837	16 131

1) Hér eru eingöngu talin lán sem bundin eru lánskjaravísitölu.
2) Áætlun.
3) Staða annarra útlána innlánsstofnana til fasteignakaupenda var sem hér segir í lok hvers árs:

	1981	1982	1983	1984
Staða óverðtryggðra lána innlánsstofnana	412	373	239	943

Heimildir: Skýrslur Húsnæðisstofnunar ríkisins.
Flokkun Seðlabankans á útlánum innlánsstofnana.
Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða.

Fylgiskjal IV.

VERKEFNASKRÁ RÍKISSTJÓRNARINNAR Í HÚSNÆÐISMÁLUM

Stjórnarflokkarnir telja þrjú verkefni brýnust í húsnæðismálum.

Í fyrsta lagi að enn frekar verði komið til móts við þá húsbyggjendur og íbúðakaupendur sem hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna efnahagsáfalla síðustu ára.

Í öðru lagi að tryggja fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins með sérstakri tekjuöflun á þessu ári og samningsbundnu samstarfi við lífeyrissjóði.

Í þriðja lagi ber brýna nauðsyn til að koma fram breytingum á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins með það fyrir augum að nýta betur útlánafé sjóðsins og greiða götu þeirra sem hefjast handa um að eignast húsnæði í fyrsta sinn. Samhliða þeirri breytingu er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði um nýjan flokk húsnæðisreikninga í bönkum og sparisjóðum með skattaívilnun fyrir húsbyggjendur og þá sem vilja ráðast í kaup eða meiri háttar viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði.

1.0. Lán vegna greiðsluerfiðleika, greiðslujöfnun og skattamál.

Miðað við þær upplýsingar sem fengist hafa frá ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins má ætla að hinn sérstaki lánaflokkur, sem settur var á laggirnar fyrr á árinu, reynist þess megnugur að mæta erfiðustu vandamálunum sem upp hafa komið vegna greiðsluerfiðleika húsbyggjenda og íbúðarkaupenda. Starfsreglur þær, sem unnið hefur verið eftir, hafa mótast í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. Áhersla er lögð á að þessi aðstoð létti greiðslubyrði þeirra sem hennar njóta og miðist við að aðstæður séu slíkar að viðbótarlánveiting geri viðkomandi kleift að standa straum af húsnæðiskaupunum en auki ekki á þann vanda sem við er að etja. Áfram verður haldið því samstarfi sem tekist hefur við banka og sparisjóði um lengingu lánstíma og aðra fyrirgreiðslu.

Í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af starfsemi ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins, hefur verið tekin ákvörðun um áframhald hennar. Verður hún aukin í þágu þeirra sem hyggjast eignast húsnæði og þurfa á áreiðanlegum upplýsingum að halda um kostnaðaráætlanir nýbygginga og greiðslubyrði lána.

Boðað var af hálfu ríkisstjórnarinnar að leitað yrði samstarfs við samtök vinnumarkaðarins, m. a. um húsnæðismál, vegna þeirra kjarasamninga sem standa fyrir dyrum.

Tekist hefur samkomulag milli stjórnvalda og Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um greiðslujöfnun á lánum úr byggingarsjóðum ríkisins og liggur það fyrir Alþingi. Þá tókst samkomulag um það við fulltrúa Alþýðusambandsins að beina því til lífeyrissjóða og innlánsstofnana að taka upp greiðslujöfnun lána.

Stjórnarflokkarnir minna á að það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Ákveðið hefur verið að til 600 millj. kr. lækkunar komi á tekjuskattinum á næsta ári í því skyni. Í því sambandi verður að huga að því hvernig skattamálum húsbyggjenda og íbúðarkaupenda verður háttað. Hvað áhrærir skattamál húsbyggjenda og íbúðarkaupenda sérstaklega eru stjórnarflokkarnir sammála um að ekki komi til álita að draga úr því hagræði sem ákvæði gildandi skattalaga veita, hvort heldur verður um áframhaldandi vaxtafrádrátt að ræða og/eða sérstakan skattaafslátt. Á hinn bóginn er brýnt að bæta úr ágöllum gildandi laga, m. a. með því að taka upp ný ákvæði sem yrði ætlað að örva sparnað í stað þess að hvetja til skuldasöfnunar eins og hætta er á að gildandi reglur geri.

2.0. Endurskoðun húsnæðislánakerfisins.

Meginreglan varðandi lán Byggingarsjóðs ríkisins verður sú að þeir, sem áður hafa fengið fullt lán úr sjóðnum og eiga viðunandi íbúð fyrir að mati húsnæðisstjórnar, verða ekki lánshæfir. Þó mun þeim, sem vegna fjölskyldustærðar þurfa að stækka við sig, gefinn kostur á viðbótarláni. Jafnframt verður tekið tillit til sérstakra aðstæðna. Þessi áherslubreyting á lánveitingum Byggingarsjóðs kallar á að leiðréttur verði sá munur sem er á nýbyggingarlánum og lánum til kaupa á eldri íbúðum. Lán til kaupa á eldra húsnæði mun hækka í áföngum í 70% af nýbyggingarláni. Með þessu móti verður lánakerfið hlutlaust gagnvart nýjum og notuðum íbúðum. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að það húsnæði, sem fyrir er í landinu á hverjum tíma, nýtist á sem hagkvæmastan hátt. Verður kröftum Byggingarsjóðs ríkisins beitt til þess að ná ofannefndum markmiðum.

Frá næstu áramótum verða nýjar starfsreglur teknar upp í Byggingarsjóði ríkisins. Sá háttur verður hafður á að umsækjanda um lán úr Byggingarsjóði ríkisins verður gert að skila inn teikningum áður en framkvæmdir hefjast og skal hann fá svar innan mánaðar um hverrar fyrirgreiðslu hann getur vænst og hvenær.

Það er markmið með þessum aðgerðum að jafnvægi skapist í fjárstreymi og lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins svo að svigrúm gefist til að greiða út lán jöfnum höndum. Sú ráðstöfun mun leiða til lægri byggingarkostnaðar enda geta húsbyggjendur þá nýtt sér staðgreiðsluafslætti við efniskaup til framkvæmda. Þetta lækkar húsnæðiskostnað og sparar húsaleigu.

Sami háttur verður hafður á varðandi umsóknir þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Veittar verða upplýsingar um hvenær vænta megi íbúðarláns þegar kaupsamningur liggur fyrir.

Settar verða nýjar og fastmótaðar útlánareglur í samræmi við þá stefnu er hér hefur verið lýst og taki þær gildi 1. janúar n. k.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins eru félagsleg aðstoð og raunvextir af þeim eru lægri en raunvextir af almennum lánum. Meðan svo er og á meðan skortur er á útlánafé Byggingarsjóðs ríkisins er nauðsynlegt að gæta fyllsta aðhalds í útlánum.

3.0. Fjáröflun.

Til þess að tryggja fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins hafa bein framlög úr ríkissjóði verið margfölduð á s. l. tveimur árum og er frekari fjáröflun í undirbúningi. Þetta er nauðsynlegt þar sem lán sjóðsins hafa meir en tvöfaldast að raungildi á sama tíma. Í framhaldi af þessum aðgerðum verður gengið til samninga við lífeyrissjóðina um reglubundin kaup á skuldabréfum byggingarsjóðanna, jafnframt því sem þau verða boðin út á almennum markaði. Lögð verður áhersla á áframhaldandi samstarf við banka og sparisjóði um fjármögnun húsnæðislána.

4.0. Frekari fyrirætlanir í húsnæðismálum.

Auk þeirra verkefna, sem hér hefur verið lýst, eru stjórnarflokkarnir sammála um að á næstunni verði unnið að eftirfarandi atriðum með það fyrir augum að bæta hag húsbyggjenda og íbúðakaupenda:

4.1. Sérstakir húsnæðisreikningar í bönkum og sparisjóðum.

Mikilvægt er að fjölga fjármögnunarleiðum þeirra sem þurfa að festa kaup á húsnæði, byggja eða ráðast í umfangsmiklar endurbætur eða viðgerðir. Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvarp á Alþingi um sérstaka húsnæðisreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem gert er ráð fyrir að þeim, sem taki upp reglubundinn sparnað á bundnum reikningum, verði veittur sérstakur skattaafsláttur.

4.2. Umbætur á fasteignamarkaði.

Í framhaldi af tillögum nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar, sem falin var könnun fasteignamarkaðarins, verði sett lög um fasteignasölur þar sem fasteignasölum verður gert að starfa að fengnu leyfi opinberra aðila. Forsenda leyfisveitinga verður trygging fyrir greiðslu á tjóni sem fasteignasali kynni að valda viðskiptamanni sínum. Kveðið verður á um skyldu fasteignasala til að veita viðskiptamönnum sínum ráðgjöf og upplýsingar um greiðslubyrði lána, fjármögnunarmöguleika og fleira er snertir fasteignaviðskipti.

4.3. Lækkun útborgunar í fasteignaviðskiptum.

Vinna þarf markvisst að því að útborgun í fasteignaviðskiptum lækki verulega frá því sem hún er nú. Mun leitað samstarfs við félag fasteignasala um að stuðla að því að seljendur fasteigna láni stærri hluta kaupverðs en nú tíðkast og til lengri tíma. Mun greiðslujöfnunarleiðin án efa einnig stuðla að slíku og tryggja að greiðslubyrði af lánum aukist ekki frá því sem hún var þegar lán eru tekin.

4.4. Lækkun byggingarkostnaðar.

Iðnaðarlög og byggingarlög verða endurskoðuð með það að markmiði að tryggja hagsmuni húsbyggjenda og treysta stöðu byggingaraðila, m. a. með því að afnema ákvæði er standa í vegi fyrir hagkvæmni í byggingariðnaði og lækkun byggingarkostnaðar. Lögð verður áhersla á rannsóknir í byggingariðnaði með sparnað og hagkvæmni fyrir augum. Stjórnvöld munu beina því til sveitarfélaga að þau tryggi jafnt og hæfilegt framboð byggingarlóða og gæti að því að húsbyggjendum verði ekki íþyngt með kvöðum varðandi stærð og gerð húsa.

4.5. Byggingarsjóður verkamanna.

Ákvæði laga um Byggingarsjóð verkamanna verða endurskoðuð með það fyrir augum að hann geti greitt úr húsnæðisvanda þeirra sem standa höllum fæti og þurfa á sérstakri fyrirgreiðslu að halda af þeim sökum. Efnt verður til samkeppni og leitað tilboða um ódýrar og hentugar íbúðir í verkamannabústöðum. Keyptar verða eldri íbúðir á almennum fasteignamarkaði þegar slíkt er hagkvæmt. Endurskoða þarf lánskjör úr Byggingarsjóði verkamanna.

4.6. Þjónustuíbúðir aldraðra.

Stjórnarflokkarnir eru sammála um að greiða fyrir fólki sem vill selja óhagkvæmar eignir og þarf á skammtímafjármögnun að halda vegna byggingar þjónustuíbúða aldraðra. Kannað verður hvaða fjármögnunarleiðir koma helst til greina í því sambandi.

4.7. Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ákvæði laga um stjórn og framkvæmdastjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins verða endurskoðuð. Kannað verður hvort einstaka þætti í starfsemi stofnunarinnar mætti bjóða út. Af hálfu félagsmálaráðherra verður skipuð sérstök nefnd stjórnarflokkanna til að athuga þessi mál frekar.

Nd. 1109. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar. Minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Frumvarp þetta var flutt snemma á yfirstandandi þingi og var við gerð þess haft samráð við stjórn Bandalags kennarafélaga sem sent hafði þingflokkum sérstakt erindi um þetta efni í september 1984. Um svipað leyti og frv. var lagt fram lýsti Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra yfir því að ráðuneyti hennar hygðist flytja mál sama efnis. Skipaði menntamálaráðherra nefnd til að vinna að samningu slíks stjórnarfrumvarps og hóf nefndin störf 24. okt. 1984. Í henni áttu m. a. sæti fulltrúar frá Bandalagi kennarafélaga.

Við 1. umr. um þetta frv., sem nú liggur fyrir, beindi menntamálaráðherra þeim tilmælum til menntamálanefndar að fjalla um væntanlegt frumvarp samtímis. Við umræður í þinginu lýsti ráðherra því ítrekað yfir að nefnt stjórnarfrumvarp væri senn fullbúið, síðast þann 19. febr. s. l. Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir og nefnd sú, er vann að málinu á vegum menntamálaráðuneytisins, hefur ekki verið kvödd saman síðan 22. febr. s. l. Var starfi nefndarinnar þá nánast lokið, aðeins eftir að ganga frá leiðréttingum og fullræða eina grein sem varðaði réttindanám fyrir réttindalaust fólk í kennslustörfum að því er fram kemur í Félagsblaði BK í maí 1985.

Í svari við fyrirspurn 14. maí 1985 um hvað liði stjórnarfrumvarpi um lögverndun á starfsheiti kennara greindi menntamálaráðherra frá því að ekki væri að vænta slíks frumvarps eins og sakir stæðu. Af hálfu menntamálaráðherra og fulltrúa meiri hl. menntamálanefndar hefur heldur ekki komið fram áhugi á að ná samkomulagi um það frumvarp sem nú liggur fyrir og leggur meiri hl. til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Minni hl. telur hins vegar að eðlilegt sé að lögfesta þau ákvæði sem í frumvarpinu felast og að með því sé komið til móts við réttmætar óskir kennara um leið og gætt er nauðsynlegs sveigjanleika með ákvæðum 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Því leggur minni hl. til að frv. verði samþykkt.

Guðrún Agnarsdóttir er áheyrnarfulltrúi í menntamálanefnd og er hún samþykk þessu áliti.

Alþingi, 3. júní 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.	Hjörleifur Guttormsson. frsm.	Kristín S. Kvaran.

Ed. 1110. Frumvarp til laga [526. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Eiður Guðnason, Kristín Ástgeirsdóttir, Ragnar Arnalds, Stefán Benediktsson.

1. gr.

11. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 13/1979 og 26. gr. laga nr. 43/1984, orðist svo:

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., svo og aðrar opinberar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 15%. Sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum. Öll frekari innstæðubinding er óheimil.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem um ræðir í 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjármagni því, sem losnar úr Seðlabanka með þessari lækkun bindiskyldunnar, skal, í samráði við viðskiptabankana og húsnæðismálastjórn, varið til þess að létta greiðslubyrði húsbyggjenda.

Greinargerð.

Seðlabankinn hefur nú lagaheimildir til að binda allt að 38% af sparifé landsmanna. Fram hefur komið opinberlega að í frv. til laga um Seðlabanka Íslands, sem bankamálaráðherra hefur boðað að flutt verði, séu ákvæði um 15% bindiskyldu. Bindiskyldan er nú í raun 18%, en með því að lækka hana í 15% mundu losna tæplega 800 milljónir króna.

Flm. þykir einsýnt að lækka skuli bindiskylduna þegar í stað og losa þannig fé til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda án þess að til nýrrar skattheimtu þurfi að koma. Í þeim tilgangi er þetta frumvarp flutt.

Nd. 1111. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar ASÍ og Sambands almennra lífeyrissjóða. Nefndin frestaði endanlegri afgreiðslu málsins meðan viðræðunefnd þingflokka um húsnæðismál starfaði.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins, en flytur breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða á sérstöku þskj.

Minni hl. skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Alþingi, 5. júní 1985.

Páll Pétursson, form. Þorsteinn Pálsson, frsm. Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.

Nd. 1112. Breytingartillaga [480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÞP, FrS, HBl).

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Greiðendum fullverðtryggðra lána sem um ræðir í 4. gr. þessara laga skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) á næsta heila ári hvers láns. Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð sem á jöfnunarreikningi stæði ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku og einungis taka til þeirra sem nú eiga í greiðsluerfiðleikum og æskja frestunar af þeim sökum. Húsnæðisstofnun skal kynna nánari reglur og viðmiðanir um skilyrði fyrir frestun, ekki síðar en 15. júlí 1985. Umsóknir skulu hafa borist stofnuninni fyrir 1. september 1985.

Ed. 1113. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til umfjöllunar á mörgum fundum, m. a. í tengslum við frv. um breyt. á lögum nr. 13 frá 1979, en nefndin hefur nú lagt til í öðru nál. að ýmis ákvæði laganna verði afnumin. Eftir standa þó mörg ákvæði sem sjálfsagt er að nema úr gildi, en forsætisráðherra hefur upplýst að þegar hafi verið tekin ákvörðun um að „hreinsa" þessa lagasmíð og muni frumvarp þess efnis verða lagt fyrir Alþingi næsta haust, en allmikil vinna er að koma þessari hreingerningu í kring.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Ragnar Arnalds.	Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

Ed. 1114. Frumvarp til laga [527. mál]

um breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 53 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—1985.)

1. gr.

Við 1. mgr. bætist ný mgr., 2. mgr., sem orðist svo:

Samgönguráðherra er heimilt að leyfa, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

1. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
2. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
3. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa tl. enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
4. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.

2. gr.

2. gr. hljóði svo:

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða sem veitt hefur verið undanþága samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

1. málsl. 10. tl. 4. gr. orðist svo:

Fullt nafn og heimilifang eiganda eða leigutaka samkvæmt 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Heimahöfn skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. ætlar því heimilisfang.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt að skipastóll skipafélaganna hafi verið endurnýjaður með leigu á skipum, aðallega þurrleigu og kaupleigu.

Með þurrleigusamningi er átt við leigu á skipi, þar sem leigutaki leigir skip til ákveðins tíma, mannar skipið, greiðir allan rekstrarkostnað og ber ábyrgð á öllu viðhaldi, tryggingum og rekstri skipsins. Skipin eru oftast leigð með kauprétti en fjárhagsleg skuldbinding leigutaka takmarkast við leigugreiðslur á leigutímabilinu.

Samkvæmt 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53/1970, er óheimilt að skrá skip hér á landi nema það sé í eigu íslenskra aðila eða íslensks fyrirtækis þar sem a. m. k. 3/5 hlutafjár eru í eigu íslenskra aðila.

Skip, sem eru í eigu erlendra aðila en í leigu íslenskra aðila samkvæmt samningi, eru því skráð erlendis.

Fyrir utan ýmislegt óhagræði sem er af slíkri skráningu erlendis, fylgir henni umtalsverður kostnaður.

Við samningu þessa frumvarps var höfð hliðsjón af ákvæðum loftferðalaga um skráningu loftfara. Samkvæmt þeim er unnt að skrá hér á landi flugvélar sem ekki eru í eigu íslensks aðila með sérstöku leyfi samgönguráðherra.

Skiparekstur er á sama hátt og flugrekstur fjármagnsfrekur og nauðsynlegt að skapa skipafélögunum meiri möguleika varðandi fjármögnun og leigu skipa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að heimiluð verði undanþága frá kröfunni um íslenskt eignarhald til að unnt sé að skrá skip hér á landi.

Íslensk skrásetning skipa í eigu erlendra aðila, en sem rekin eru af íslenskum aðilum, hefur ýmsa kosti, m. a.:

1. Aðrar reglur gilda erlendis um skráningu skipa og getur óhagræði af því hlotist.
2. Gera má ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum íslenskra sjómanna.
3. Endurnýjun skipastóls verður auðveldari.
4. Minni kostnaður.

Með því að takmarka íslenska skráningu erlendra skipa við undanþágur sem ráðherra veitir og með þeim skilyrðum sem hér er lagt til, ættu hagsmunir Íslendinga að vera tryggðir gagnvart þeim erlendu aðilum, sem hugsanlega vildu hefja hér kaupskipaútgerð.

Rétt er að vekja athygli á því að þessi breytingartillaga nær einungis til kaupskipa, ekki fiskiskipa.

Um 2. gr.

Breyting til samræmis við 1. gr.

Um 3. gr.

Breyting til samræmis við 1. gr.

Um 4. gr.

Breyting til samræmis við 1. gr.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 1115. Frumvarp til laga [528. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Í stað ákvæða 10. gr. skulu eftirtalin bráðabirgðaákvæði gilda um framlög til búnaðarframkvæmda, sem unnar eru á árunum 1985 og 1986:

I. **Til undirbúnings ræktunar.**

a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, allt að 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.

b. Framræsla vegna endurræktunar, þ. m. t. hreinsun og dýpkun skurða, allt að 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs skv. þessum stafliðum skal að hámarki svara til 3,5 millj. m^3 skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum skv. þessum töluliðum, reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi, 50 kr. pr. m.

II. **Til jarðræktar.**
a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi (nýrækt og endurræktun) 12 000 kr. pr. ha.
b. Túnrækt á þurrlendi (nýrækt og endurræktun) 8 000 kr. pr. ha.
c. Korn- og fræakrar 4 000 kr. pr. ha.
Framlag skv. þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.
d. Grænfóðurrækt 4 000 kr. pr. ha.
Framlag skv. þessum staflið er bundið því að um sé að ræða ræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af héraðsráðunaut Búnaðarfélags Íslands, áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. **Grjótnám úr ræktunarlandi,** þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65 pr. m^3.

IV. **Girðingar um ræktunarlönd,** fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10 pr. m.

V. **Áburðargeymslur.**
Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350 pr. m^3.

VI. **Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og verkfærageymslna.**
a. Votheyshlöður úr varanlegu efni 400 kr. pr. m^3
b. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni með súgþurrkunarkerfi 600 kr. pr. m^2
c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél vegna garðávaxtageymslu, og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni — framlag allt að 40% af innkaupsverði tækja og búnaðar.
d. Garðávaxtageymslur úr varanlegu efni með viðeigandi loftræstibúnaði 600 kr. pr. m^2
e. Verkfærageymslur úr varanlegu efni 200 kr. pr. m^2

VII. **Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfar.**
Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. **Til kölkunar á túnum,** þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

IX. **Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.**
a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði:
Framlag 1250 kr. pr m^2, allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í eldri húsum. Framlag 250 kr., allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.

X. **Til loðdýrabygginga.**
Framlag má nema allt að 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m^2 að flatarmáli á býli.

XI. **Til ræktunar skjólbelta.**
Framlag má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er, að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og ráðunautur Skógræktar ríkisins um skjólbeltarækt hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að ákveða stærðarmörk framkvæmda, sem framlags njóta skv. þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf til framkvæmda skv. lögum þessum og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytis um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt árlegrar jarðræktar og húsabóta skuli lokið.

2. gr.

Við 12. gr. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Á framlög skv. 1. gr., vegna framkvæmda, sem unnar verði árin 1985 og 1986, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1984 í samræmi við önnur ákvæði 12. gr. jarðræktarlaga nr. 79 29. maí 1972.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jarðræktarlög þau, er nú gilda, eru frá árinu 1972. Árið 1979 var með lögum nr. 43 29. maí sett bráðabirgðaákvæði, sem miðaði að því að sníða ákvæði laganna að þeirri breytingu á framleiðslustefnu, sem þá var mörkuð. Skyldu bráðabirgðaákvæðin taka til framkvæmda, sem unnar yrðu á árunum 1979—1984.

Allmiklar umræður hafa farið fram á síðustu árum um breytingar á jarðræktarlögum, m. a. hefur búnaðarþing fjallað um frumvörp til jarðræktarlaga, nú síðast á liðnum vetri. Á útmánuðum 1984 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að endurskoða jarðræktarlög. Nefndina skipa alþingismennirnir Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson, Þórarinn Sigurjónsson, svo og Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, sem er formaður nefndarinnar.

Á búnaðarþingi 1985 var fjallað um frumvarp til jarðræktarlaga, sem samið var af milliþinganefnd þess. Búnaðarþing lauk hins vegar ekki afgreiðslu málsins.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, felur í sér bráðabirgðabreytingu á 10. og 12. gr. gildandi jarðræktarlaga, er nái til áranna 1985 og 1986, en á þeim tíma er gert ráð fyrir, að heildarendurskoðun jarðræktarlaganna ljúki.

Breytingar þær, sem hér eru lagðar til, felast í því að sníða jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði og þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið m. a. með frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem nú liggur fyrir Alþingi. Í meginatriðum felast þær í eftirfarandi atriðum:

a) Dregið er úr framlögum, sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem framræslu og grænfóðurrækt.

b) Efldur er stuðningur við heimaafla, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta.
c) Efldur er stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skv. 1. mgr. er hér um að ræða bráðabirgðabreytingu á ákvæðum 10. gr., er gildi um framkvæmdir unnar á árunum 1985 og 1986.

Úr I. lið 10. gr. gildandi laga er fellt niður ríkisframlag á plægða hagskurði, handgrafna skurði, kílræsi, önnur ræsi, svo og flóðgarða og fleiri framkvæmdir skv. g-lið þeirra laga. Sett er hámark á framræsluframkvæmdir er framlags geta notið. Hámark þetta er ákveðið með hliðsjón af framræsluþörf til viðhalds og endurnýjunar nauðsynlegri ræktun við sett markmið búvöruframleiðslu. C-liður er hliðstæður e-lið gildandi laga.

Í II. lið greinarinnar er gerð sú breyting að framlag til nýræktar er lækkað nokkuð, en endurræktun lögð að jöfnu við nýrækt. Er það gert í því skyni að styðja fremur viðhald ræktunar en túnauka með nýrækt. C-liður er nýmæli, sett í ljósi vaxandi möguleika á korn- og fræræktar hérlendis, sem eflt getur innlenda fóðurframleiðslu á lögbýlum. Fellt er niður framlag til grænfóðurræktar skv. II. lið d í 10. gr. gildandi laga, nema þegar um er að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra afleiðinga harðinda. Fellt er niður framlag til hagaræktar, sbr. II. lið e-lið í 10. gildandi laga, sem og f-liður um aukaframlag til túnræktar á félagsgrundvelli.

III. liður greinarinnar er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

IV. liður breytist þannig, að niður fellur framlag til girðinga um heimahaga.

V. liður er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

Nokkrar breytingar eru gerðar á VI. lið 10. gr. Framlag á votheysgeymslur er hækkað, m. a. með hliðsjón af samþykkt Alþingis um eflingu votheysverkunar og ábendingum búnaðarþings í sömu átt. Þá er gerð sú breyting, að nýjar hlöður njóta því aðeins framlags, að í þeim sé súgþurrkunarkerfi. Stafliðir b og c í þessum lið frv. koma í stað a-, e-, f- og g-liða í VI. lið 10. gr. gildandi laga. Nýmæli er enn fremur heimild til að greiða framlög til kælivéla í garðávaxtageymslum, sem og rafstrengi til þessara nota, svo og súgþurrkunar. Þá er framlag til garðávaxtageymslna hækkað, enda séu þær með viðeigandi loftræstibúnaði. Reynsla hefur sýnt fram á mikla þörf til þess að bæta geymslu garðávaxta, m. a. til þess að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Framlag til vélageymslna, stafliður e, er óbreyttur frá gildandi lögum.

Liðirnir VII og VIII eru óbreyttir frá gildandi lögum.

Í greinina er bætt þremur nýjum liðum. Skv. IX. lið er kveðið á um framlag til bygginga uppeldishúsa í garðyrkju með lýsingu, svo og til lýsingar í eldri húsum. Komið hefur í ljós, að lengja má vaxtartíma grænmetis með lýsingu í gróðurhúsum og styrkja þannig markaðsaðstöðu innlendrar garðyrkju. Breyting þessi er í samræmi við ábendingar búnaðarþings 1985.

Framlag skv. X. lið er ætlað sem stuðningur við loðdýrarækt. Er það framhald á þeirri stefnu, sem mörkuð var með breytingu á jarðræktarlögum 1979, er svokallað sparnaðarfé skv. stafliðum a-f 3. gr. laga nr. 43/1979 var beint til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Verulegum hluta af því fé hefur verið varið til uppbyggingar loðdýraræktar í landinu. Fjármagn, sem til þessa liðar fer, nemur allt að þeim hluta er sparast mun við þá takmörkun á framlögum til framræslu, sem I. liður þessarar greinar gerir ráð fyrir. Er þá miðað við framræslu á árinu 1984. Búnaðarþing 1985 tók undir tillögu þessa efnis.

Framlag skv. XI. lið til ræktunar skjólbelta er bundið því skilyrði, að Skógrækt ríkisins hafi samþykkt verkáætlun. Skjólbelti skv. þessum lið eru fyrst og fremst hugsuð til þess að bæta ræktunarskilyrði jarðargróða, svo sem garðávaxta, korns og annarra fóðurjurta.

Í næstsíðustu málsgrein 10. gr. er heimild fyrir landbúnaðarráðherra að ákveða stærðarmörk framkvæmda, er ríkisframlags njóta skv. greininni, að höfðu samráði við stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þá er Búnaðarfélagi Íslands ætlað að gera áætlun um fjárþörf vegna framkvæmda skv. greininni og tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér ákvæði til bráðabirgða um útreikning verðlagsuppbóta á framlög skv. 1. gr. frv., er komi sem viðauki við 12. gr. gildandi jarðræktarlaga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 1116. Nefndarálit [268. mál]

um till. til þál. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá fjölmörgum aðilum sem málið varðar. Ljóst er að hér er um mikið fjárhagsmál að ræða sem ekki verður afgreitt með einfaldri þingsályktunartillögu. Nefndin telur hins vegar rétt að gerð verði áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja sem síðan megi nota sem grundvöll frekari ákvarðana. Nefndin flytur því breytingartillögu í þá átt á sérstöku þskj. og mælir með samþykkt tillögunnar þannig breyttrar.

Alþingi, 5. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Kristín S. Kvaran, fundaskr.	Björn Dagbjartsson, frsm.
Þórarinn Sigurjónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Eggert Haukdal.
	Garðar Sigurðsson.	

Sþ. 1117. Breytingartillaga [268. mál]

við till. til þál. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra, svo og yfirvöld heilbrigðismála.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt í sér mat á fjárþörf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum.

Sþ. 1118. Nefndarálit [336. mál]

um till. til þál. um frelsi í útflutningsverslun.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sambandi skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefnd, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og viðskiptaráðuneytinu.

Reglugerð sú, sem vitnað er til í tillögunni, byggist á 13. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þar segir:

„Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda."

Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð nr. 519/1979 og var hún gefin út af hv. 3. þm. Reykn., Kjartani Jóhannssyni, 1. flm. þessarar tillögu. Í þeirri reglugerð var gert ráð fyrir þeirri meginreglu að útflutningur á vöru væri háður leyfi viðskiptaráðuneytis. Ráðuneytið gat þó veitt undanþágu frá þeirri meginreglu.

Með auglýsingu, sem tók gildi 1. janúar 1984, ákvað núverandi viðskiptaráðherra að útflutningur á langflestum iðnaðarvörum yrði undanþeginn útflutningsleyfum. Þá hefur viðskiptaráðherra komið fram breytingu á öðrum reglum sem snerta útflutnings- og gjaldeyrismál. Útflutningur á landbúnaðarvörum og sjávarafurðum er háður eftirliti viðskiptaráðuneytisins en í sumum greinum sjávarafurða ríkir í reynd útflutningsfrelsi.

Meiri hl. nefndarinnar telur að rétt sé að auka athafnafrelsi útflutningsgreina. Öllum verði heimilaður útflutningur sem uppfylla lágmarkskröfur um verð og gæði framleiðslunnar nema sannanlegt sé að sérstakar aðstæður á ákveðnum erlendum mörkuðum krefjist annars.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum leggur meiri hl. nefndarinnar til að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að viðskiptaráðuneytið hafi við framkvæmd útflutningsmála ofangreind stefnumið að leiðarljósi sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm. Björn Dagbjartsson. Eggert Haukdal.

Þórarinn Sigurjónsson. Garðar Sigurðsson.

Ed. 1119. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá neðri deild.

Nefndin tekur undir þann skilning sem fram kemur í nál. menntamálanefndar neðri deildar á þskj. 1009 og varðar ákvæði 1. tl. 1. gr. frv.

Salome Þorkelsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. júní 1985.

Haraldur Ólafsson, form.	Eiður Guðnason, frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Árni Johnsen.	Ey. Kon. Jónsson.	Ragnar Arnalds.

Ed. 1120. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá neðri deild.

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 5. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Ragnar Arnalds.	Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.

Ed. 1121. Frumvarp til laga [470. mál]

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. júní.)

Samhljóða þskj. 909 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í skólann eru:

a. 18 ára aldur,
b. stúdentspróf eða hliðstætt nám; þó skal annað nám viðurkennt ef skólastjórn metur það gilt,
c. störf í a. m. k. sex mánuði með fötluðum.

Nd. 1122. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til sjómannalaga.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ef kona, sem er skipverji, verður barnshafandi, getur hún krafist lausnar úr skiprúmi ef hagsmunir hennar eða barnsins krefjast þess og á hún þá aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hún var í skiprúminu.

Ef kona fær lausn úr skiprúmi eftir ákvæðum 1. mgr. skal útgerðarmaður, sé þess nokkur kostur, veita henni annars konar starf á sínum vegum óski konan þess.

Sþ. 1123. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1984.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1984 sem hér segir:

		Samkvæmt vegáætlun m.kr.		Rauntekjur pr. 31.12.84 m.kr.	Mismunur m.kr.
1.1.1. Bensíngjald:		663,0		675,6	12,6
1.1.2. Þungaskattur:		307,0		314,6	7,6
Km-gjald	265		260,0		
Árgjald	42		54,6		
1.1.4. Gúmmígjald		0		1,2	1,2
Samt. 1-4.		970,0		991,0	21,4
1.2.1. Aðrar tekjur af bensíni		190,0		190,0	
1.3. Annað framlag ríkissj.		223,1		219,1	−4,0
Samt. 1-3.		1 383,1		1 400,5	17,4

Í fylgiskjali 1.-1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. febr. 1985.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR.

1.1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1984 voru fluttar inn 8 550 bifreiðar og er það 2 670 bifreiðum fleira en árið áður.

Mest er flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 7 597. Innflutningur vörubifreiða var alls 451, þar af 93 með yfir 10 tonna burðarþoli. Sendibifreiðar voru 439 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 64. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1984 hafi verið orðin um 112 600 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 4,1%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1985 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1984 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísil	Alls	Br. frá 1983
Fólksbifreiðar	91 795	4 405	96 200	1,6%
Alm. bifreiðar	252	855	1 107	−12,1%
Vörubifreiðar	5 446	5 501	10 947	4,5%
	97 493	10 761	108 254	1,7%

1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á tekjuárinu 1984 varð 126,0 m. ltr., en það er 1,6% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 1,2% minni en árið áður eða 1265 ltr. á móti 1281 árið 1983.

Bensínverð hækkaði á árinu 1984 úr 22,30 kr. í 25,80 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað fjórum sinnum á árinu, fyrst 9. mars í 5,27 og síðan 7. apríl í 5,37, þá 14. júlí í 5,57 og loks 24. nóv. í 5,72 kr./ltr.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr./ltr.	Bensíngjald kr./ltr.
1971	77,5	1 756	0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1	1 359	8,45	4,640	1,700
1982	126,9	1 353	13,80	7,800	3,060
1983	124,0	1 281	22,30	12,870	5,080
1984	126,0	1 265	25,80	14,500	5,720

1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 314,6 m. kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 260,0 m. kr. og af árgjaldi 54,6 m. kr. Mælagjald er nú innheimt af dísilbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur dísilbíla er nú innheimtur af um 11 000 bifreiðum. Áætlað er um 7 000 greiði eftir mæli, en um 4 000 fast árgjald.

1.1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 1,2 m. kr. Gert var ráð fyrir að gúmmígjald yrði fellt niður á árinu en af því varð ekki.

1.2. AÐRAR TEKJUR AF BENSÍNI.

Skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar skulu að lágmarki 50% af tekjum ríkisins af bensíni renna til vegasjóðs. Til viðbótar bensíngjaldinu koma því aðrar tekjur af bensíni uns 50% markinu er náð.

1.3. ANNAÐ FRAMLAG RÍKISSJÓÐS.

Annað framlag ríkissjóðs var í vegáætlun 223,1 m. kr. Á þeirri tölu verða tvær breytingar. Annars vegar lækkar framlagið um 20 m. kr., sem er frestun framkvæmda skv. ákvörðun ríkisstjórnar í tengslum við efnahagsráðstafanir fyrri hluta árs 1984. En hins vegar hækkar fyrri tala um 16 m. kr., sem er lán frá Byggðasjóði sem endurlánað var til vegaframkvæmda. Nánar er gerð grein fyrir frestunum og aukafjárveitingum í kafla um útgjöld.

1.4. GREIÐSLA VAXTA OG AFBORGANA.

Auk fjárframlaga til framkvæmda skv. vegáætlun sem frá er greint hér að framan var gert ráð fyrir að veitt yrði framlag úr ríkssjóði til að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af langtímalánum til framkvæmda, sem tekin hafa verið af B-hluta. Ekkert framlag kom úr ríkissjóði til greiðslu þessara lána og eru þau nú í vanskilum eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla 2.3.0.3.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1984 samtals 1 383 137 þús. kr. (að frádregnum styrkjum til að greiða fyrir vetrarsamgöngum 340 þús. kr.). Var sú tala tekin upp óbreytt í vegáætlun fyrir árið 1984 þannig að fullt samræmi var nú á milli fjárlaga og vegáætlunar.

Samkvæmt lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar frestað framkvæmdum á vegáætlun fyrir samtals 20,0 m. kr.

Ríkissjóður tók í ágústmánuði lán hjá Byggðasjóði að upphæð 16,0 m. kr. til ýmissa verkefna á stofnbrautum.

Aukafjárveitingar að upphæð samtals 22,3 m. kr. til greiðslu á halla vegna vetrarþjónustu á árunum 1982–1983, sem veittar voru á árinu 1983 og getið var um í skýslunni fyrir það ár, hafa ekki enn þá verið greiddar Vegagerð ríkisins og eru því ekki taldar með í yfirlitinu hér á eftir.

Ekkert fé var nú veitt úr ríkissjóði til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum úr Byggðasjóði eins og frá er greint í kafla 2.3.0.3. á eftir.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fé skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Upph. í þús. kr.

	Vegáætl. 1984	Frestun framkv.	Auka-fjárv.	Sam-tals
2.1. Stjórn og undirbúningur:	**70,0**	**1,1**		**68,9**
1. Skrifstofukostnaður	28,1	1,1		27,0
2. Tæknilegur undirbúningur	33,8	0,0		33,8
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	5,0	0,0		5,0
4. Eftirlaunagreiðslur	3,1	0,0		3,1
2.2. Viðhald þjóðvega:	**539,2**	**6,9**		**532,3**
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	139,5	2,3		137,2
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	78,3	1,3		77,0
3. Viðhald brúa	18,5	0,3		18,2
4. Viðhald varnargarða	2,6	0,0		2,6
5. Heflun vega	72,4	1,2		71,2
6. Rykbinding	26,1	0,4		25,7
7. Vinnsla efnis	67,1	1,1		66,0
8. Vatnask. og ófyrirséð	15,1	0,2		14,9
9. Vegmerkingar	3,4	0,1		3,3
2. Vetrarviðhald	116,2	0,0		116,2
2.3. Til nýrra þjóðvega	**554,3**	**9,0**	**16,0**	**561,3**
1. Stofnbrautir				
1. Stofnbrautir almennt	155,2	2,5	16,0	168,7
2. Bundin slitlög	137,9	2,2		135,7
3. Sérstök verkefni	122,5	2,0		120,5
4. Framlög til Ó-vega	39,6	0,6		39,0
2. Þjóðbrautir	78,3	1,3		77,0
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	11,7	0,2		11,5
4. Girðingar og uppgræðsla	9,1	0,2		8,9
2.4. Til brúagerða:	**64,5**	**1,1**		**63,4**
1. Brýr 10 m og lengri	56,3	1,1		55,2
2. Smábrýr	8,0	0,0		8,0
3. Gilsfjörður (ranns.)	0,2	0,0		0,2
2.5. Til fjallvega o. fl.	**16,7**	**0,3**		**16,4**
1. Aðalfjallvegir	3,1	0,1		3,0
2. Aðrir fjallvegir	3,2	0,1		3,1
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	3,0	0,0		3,0
4. Bláfjallavegur	7,0	0,1		6,9
5. Reiðvegir	0,4	0,0		0,4
2.6. Til sýsluvega	**37,0**	**0,0**		**37,0**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**90,0**	**1,5**		**88,5**
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	**7,4**	**0,1**		**7,3**
2.9. Til tilrauna	**4,0**	**0,0**		**4,0**
Samtals	1 383,1	20,0	16,0	1 379,1
Til greiðslu vaxta og afborgana af B-hluta lánum vegna vegagerðar				0
Samtals	1 383,1	20,0	16,0	1 379,1

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Þegar vegáætlun 1984 var til endanlegrar afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun verðlags milli 1983 og 1984 var á grundvelli hennar áætluð 23%. Raunverulegar verðhækkanir urðu nokkru minni eins og eftirfarandi tafla sýnir (hækkun frá ágúst 1983).

	Viðhald	Vegagerð	Brúargerð
Vísitala í vegáætlun	23,0%	23,0%	23,0%
Vísitala í ágúst 1984	12,6%	12,7%	15,6%
Frávik	−8,5%	−8,4%	−6,0%

Það svigrúm sem skapaðist við þessa hagstæðu þróun var notað til að lengja áfanga og mæta áföllum í nýjum framkvæmdum. Nokkur halli varð á vetrarviðhaldi á árinu 1984 eða um 50,0 m. kr. Sjá nánar kafla 2.2.2. Heildarkostnaður varð 157,0 m. kr. og er það 27,0 m. kr. umfram meðaltal s. l. 5 ára.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 423 í 415 stöðugildum en voru 455 í 449 stöðugildum um áramótin 1983—1984. Af þessum 423 eru 153 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 146,5 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 150.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1984 var 524 en var 593 árið 1983. Heildarvinnuframlag á árinu 1984 reiknað í dagvinnustundum nam 737 mannárum og hefði lækkað úr 830 frá árinu 1983. Launagreiðslur voru 209,3 milljónir kr. á árinu 1984 og launatengd gjöld um 18,6 m. kr.

Auk framangreindra starfsmanna störfuðu meira og minna 550 vörubílstjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann og voru greiðslur til þeirra á árinu 1984 149,5 m. kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1984.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals des. 1984
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	4	2	39
Tæknilegur undirbúningur	35	5	5	6	5	5	7	5	73
Vegaeftirlit	6								6
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	13	1					1	1	16
Iðnlærðir verkstjórar	8	1		3	1	3	4	4	24
Verkstjórar	2	8	7	10	8	6	11	11	63
Iðnaðarmenn	19	1		8	1	3	6	4	42
Vélamenn	10	10	6	19	12	10	15	14	96
Verkamenn	14	7	1	4	5	6	9	6	52
Ráðskonur, matráðskonur	5	1		1	1	1	2	1	12
Fastir starfsmenn í janúar 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í janúar 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsmenn í janúar 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsmenn í janúar 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsmenn í janúar 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsmenn í janúar 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsmenn í janúar 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sendar til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best.

Á síðastliðnu ári var tekið í notkun nýtt bókhaldskerfi, sem ríkisbókhald tók ákvörðun um að kaupa fyrir tveim árum. Þá var enn fremur unnið að hönnun og forritun kerfis til úrvinnslu á kaupauka, sem taka á upp í kjölfar hagræðingaraðgerða, sem unnið hefur verið að.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 26,2 m. kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá var lokið úttekt á ástandi þjóðbrauta og áætlaður kostnaður við endurbætur á þeim.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 5,0 m. kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir í meginatriðum síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 54 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðurlandi. Heildarumferð á þjóðvegum jókst um 8% frá árinu 1983. Gildir það jafnt um sumarumferð og ársumferð.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Vestfjörðum og Austfjörðum, um 14%. Minnst varð aukningin hins vegar á Vesturlandi og Norðurlandi 1—2%.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Eins og áður sagði hefur umferðartalning í meginatriðum verið eftir sama skipulagi í tíu ár. Nú er unnið að endurskoðun þessa skipulags og verður umferð væntanlega talin með nokkuð breyttu talningarkerfi á árinu 1985.


Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1984.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir.

Enn sem fyrr verða flest umferðarslys á Hafnarfjarðarvegi og hefur orðið töluverð fjölgun þeirra frá árinu 1983. Umferð hefur hins vegar aukist það mikið að slysatíðni á veginum hefur staðið í stað nema á kaflanum frá Engidal að Reykjanesbraut, en á honum hefur orðið umtalsverð aukning slysatíðni.


ÁRSUMFERÐ 1984
< 200 bílar á dag
200-500 " "
500-1000 " "
>1000 " "

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, urðu samtals 2,1 m. kr. Einn fyrrverandi vegaverkstjóri og ein ekkja létust á árinu, en einn fyrrverandi verkamaður og ein ekkja öðluðust rétt til eftirlauna. Alls nutu því 9 fyrrverandi vegaverkstjórar, 29 ekkjur og 8 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 36 og var það sama tala og í árslok árið 1983.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	416,1
Vetrarviðhald	116,2
Samtals	532,3


2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	137,2
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	77,0
3. Viðhald brúa	18,2
4. Viðhald varnargarða	2,6
5. Heflun vega	71,2
6. Rykbinding	25,7
7. Vinnsla efnis	66,0
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	14,9
9. Vegmerkingar	3,3
Samtals	416,1

Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1973—84 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1984, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.


Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. verðlags 1984 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr. km verðl. 1984 þús.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km. á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. '84 kr.
1974	6,80	22,7	358,9	8 211	43,7	63 189	395	90,9
1975	8,40	37,1	271,2	8 336	32,5	71 364	420	64,6
1976	11,72	47,7	294,3	8 336	35,3	71 459	420	70,1
1977	14,37	67,5	255,1	8 336	30,6	73 410	449	56,8
1978	26,55	100,0	318,1	8 409	37,8	78 481	450	70,7
1979	39,47	145,0	326,1	8 406	38,8	84 141	449	72,6
1980	63,63	228,0	334,4	8 409	39,8	90 015	472	70,8
1981	95,70	351,0	326,6	8 411	38,8	95 606	485	67,3
1982	180,63	550,0	393,4	8 306	47,4	100 936	500	78,7
1983	288,21	1 064,0	324,2	8 277	39,2	100 459	485	66,8
1984	395,93	1 198,0	395,9	8 268	47,9	108 254	524	75,6



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðs vegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU
Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1984
Vegurinn lokaður eða aðeins opinn jeppum (vl. eða oj.)
5 tonna öxulþungi (5 t)
7 " " (7 t)
Katlaskipting

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní-sept.).

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

Kjördæmi	Gerð slit-lags	Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1984																Ársumferð				
		Minni en 50	50–100	100–200	200–300	300–500	500–750	750–1000	1000–1500	1500–2000	2000–3000	3000–5000	5000–10000	Yfir 10000				% Skipting				
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki																				
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	Í Kjörd %	Í Landi %				
Suðurland	Malar	448	271	246	226	97	13	7	1	0	0	0	0	0	1 309	40,3	38,8	7,7				
	Bundið	1	0	12	25	70	50	16	34	14	0	34	0	0	256	63,5	61,2	12,1				
	Samt.	449	271	258	251	167	63	23	35	14	0	34	0	0	1 565	103,8	100,0	19,8				
Meðalt. bílar/dag		23	78	140	257	437	603	843	1 170	1 690	2 148	3 183	0	0	279							
Reykjanes	Malar	0	65	43	20	19	10	0	12	9	0	2	0	0	180	16,1	8,9	3,1				
	Bundið	2	0	9	5	9	14	1	41	15	13	46	18	5	178	165,7	91,1	31,6				
	Samt.	2	65	52	25	28	24	1	53	24	13	48	18	5	358	181,8	100,0	34,7				
Meðalt. bílar/dag		22	82	162	254	381	673	856	1 253	1 610	2 406	3 855	6 772	27 986	1 735							
Vesturland	Malar	362	302	336	147	82	24	0	35	0	0	0	0	0	1 288	43,8	71,2	8,3				
	Bundið	1	0	4	6	17	17	0	45	0	1	0	0	0	91	17,7	28,8	3,4				
	Samt.	363	302	340	153	99	41	0	80	0	1	0	0	0	1 379	61,5	100,0	11,7				
Meðalt. bílar/dag		27	74	146	245	394	618	0	1 211	0	2 551	0	0	0	206							
Vestfirðir ...Malar		497	434	246	29	28	6	0	0	0	0	0	0	0	1 240	22,8	78,7	4,3				
	Bundið	0	2	28	7	4	4	3	0	3	2	0	0	0	53	6,2	21,3	1,2				
	Samt.	497	436	274	36	32	10	3	0	3	2	0	0	0	1 293	29,0	100,0	5,5				
Meðalt. bílar/dag		28	78	135	252	381	593	809	0	1 658	2 722	0	0	0	97							
Norðurl. ve.	Malar	398	216	122	73	78	62	0	1	0	0	0	0	0	950	28,1	65,7	5,4				
	Bundið	1	0	1	5	32	79	1	0	0	0	0	0	0	119	14,7	34,3	2,8				
	Samt.	399	216	123	78	110	141	1	1	0	0	0	0	0	1 069	42,8	100,0	8,2				
Meðalt. bílar/dag		26	75	142	253	407	623	788	1 013	0	0	0	0	0	186							
Norðurl. ey	Malar	307	223	211	154	160	24	12	2	0	0	0	0	0	1 093	37,7	67,0	7,2				
	Bundið	0	0	0	15	19	33	29	3	5	0	3	0	0	107	18,6	33,1	3,6				
	Samt.	307	223	211	169	179	57	41	5	5	0	3	0	0	1 200	56,3	100,1	10,8				
Meðalt. bílar/dag		30	73	143	244	372	597	879	1 489	1 730	0	3 402	0	0	217							
Austurland	Malar	396	178	474	156	75	7	1	0	0	0	0	0	0	1 287	37,6	76,6	7,2				
	Bundið	1	0	11	43	42	14	0	7	0	0	0	0	0	118	11,5	23,4	2,2				
	Samt.	397	178	485	199	117	21	1	7	0	0	0	0	0	1 405	49,1	100,0	9,4				
Meðalt. bílar/dag		23	69	136	236	388	544	870	1 183	0	0	0	0	0	143							
Samtals	Malar	2 408	1 689	1 678	805	539	146	20	51	9	0	2	0	0	7 347	226,4	43,2	43,2				
	Bundið	6	2	65	106	193	211	50	130	37	16	83	18	5	922	297,9	56,8	56,8				
	Alls	2 414	1 691	1 743	911	732	357	70	181	46	16	85	18	5	8 269	524,2	100,0	100,0				
Meðalt. bílar/dag		26	75	141	247	399	613	862	1 222	1 651	2 457	3 568	6 772	27 986	257							

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, umferðarmerkja og stika, malarslitlags, skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til mölburðar var varið 44,6 m. kr., en það var um 10,5% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjað á 1984 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

Mölburður 1984.

	Óunnið efni				Unnið efni				Samt. mölburður			
Umdæmi	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm
Suðurland	78,8	114 965	1,46	30	23,0	11 026	0,48	11	93,6	125 991	1,35	30
Reykjanes	19,8	10 900	0,55	12	39,0	15 800	0,41	7	55,4	26 700	0,48	12
Vesturland	108,1	123 353	1,14	20	47,9	25 195	0,53	9	121,9	148 548	1,22	21
Vestfirðir	39,2	64 298	1,64	34	64,4	24 353	0,38	6	90,2	88 651	0,98	17
Norðurland ve. .	55,1	55 672	1,01	21	90,4	106 699	1,18	22	101,3	162 371	1,60	31
Norðurland ey. .	43,9	44 379	1,01	20	142,0	59 502	0,42	7	157,7	103 881	0,66	11
Austurland	92,4	243 528	2,64	53	145,4	62 860	0,43	9	197,1	306 388	1,55	31
Samtals	437,3	657 095	1,50	30	552,1	305 435	0,55	10	817,2	962 530	1,18	22

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 61,4 km af slitlagi í viðhaldi, sem skiptist þannig:

Malbikun ..... 8,0 km
Olíumöl ..... 11,2 km
Afrétting + klæðning ..... 3,0 km
Klæðning ..... 39,2 km

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1984 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km).

	Lengdir í km.				
Kjördæmi	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðing	Samtals
Suðurland		7,4	109,2	139,5	256,1
Reykjanes	46,7	46,8	63,1	22,1	178,7
Vesturland		2,9	16,0	72,9	91,8
Vestfirðir		9,1		43,7	52,8
Norðurland vestra	0,8	0,2		118,2	119,2
Norðurland eystra		11,5		96,1	107,6
Austurland	0,6		11,7	104,2	116,5
Samtals	48,1	77,9	200,0	596,7	922,7

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 18,5 m. kr.

Stærstu verkefni voru eftirtalin:

Ryðhreinsun og málun á brúm á Ölfusá (1), Sandá (85) og Jökulsá á Breiðamerkursandi (1), steypuviðgerðir á brúm á Svínafossá (57), Reykjadalsá (60) og Hólaá (711) og viðgerð á undirstöðum brúar á Laxá í Lóni.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 2,6 m. kr. Unnið var að viðhaldi varnargarða á mörgum stöðum. Stærsta verkið var viðgerð og styrking varnargarða við Súlu og Núpsvötn.

2.2.1.5. Heflun vega.

Vegagerðin á nú 63 hefla, og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum við nýbyggingu vega.

Á árinu 1984 voru keyptir 4 nýir heflar.

Eitt hefilstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 58,8 m. kr. eða um 8 000 kr. á hvern km af malarvegum.

Heflaðar voru 25,3 þús. klst., sem miðað við meðalafköst svarar til heflunar á tæplega 47 þús. km.

Samkvæmt lauslegri athugun liggja afköst í heflun á bilinu 1,2—1,8 km fullheflaðs vegar á unna klst. Lausakeyrsla er mjög mismunandi eftir umdæmum eða frá 7%, þar sem best er, og allt upp í 13%.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hafa dregið mjög úr heflunarþörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Heflunartímar þ. klst.	39,1	33,6	37,2	28,7	31,1	28,0	25,3
Notkun hefla í snjómokstri	18,7	21,8	12,1	24,3	16,6	21,2	18,4
Heildarnotkun	82,6	77,1	73,6	78,5	72,9	70,9	64,6

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru með klórkalsíum, salti eða sjó 1984. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega annars vegar með meira en 200 bíla og hins vegar meira en 300 bíla á dag, miðað við sumarumferð.

	Rykbundnir km.					Umferð	
Umdæmi	Klór Kalsíum	Úrgangs-salt	Sjór	Vatn	Samtals	SDU > 200	SDU > 300
Suðurland	—	233,0	—	—	233,0	344	118
Reykjanes	9,0	—	13,0	—	22,0	70	50
Vesturland	68,0	29,0	65,0	—	162,0	288	141
Vestfirðir	58,0	—	41,0	—	99,0	63	34
Norðurl. ve.	52,0	8,0	8,0	—	68,0	214	141
Norðurl. ey.	40,0	120,0	180,0	91,0	431,0	348	194
Austurland	56,0	47,0	20,0	32,0	155,0	240	84
Samtals	283,0	437,0	327,0	123,0	1 170,0	1 567,0	762

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

1984 voru starfræktar tvær mulningsvélasamstæður á vegum Vegagerðarinnar. Samið var við nokkra verktaka um mölun á efni. Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1984 var sem hér segir:

	Mölun m³				Hörpun m³	Samt. m³
	16 mm	19 mm	25 mm >	25 mm	30 mm	
Suðurland	—	—	36 182	—	—	36 182
Reykjanes	—	20 857	1 064	5 981	—	27 902
Vesturland	6 579	19 510	5 028	—	—	31 117
Vestfirðir	—	—	27 747	—	—	27 747
Norðurl. ve.	—	58 054	—	55 462	—	113 516
Norðurl. ey.	—	—	—	61 743	—	61 743
Austurland	28 333	33 830	4 991	—	3 000	70 154
Samtals	34 912	132 251	75 012	123 186	3 000	368 361

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1984 nam tjón vegna vatnaskemmda 10,7 m. kr.

Á árunum 1980—1983 varð árlegur kostnaður 11,0 m. kr. að meðaltali á verðlagi 1984. Eins og sést af þessum tölum varð tjón af völdum vatnaskemmda mun minni á þessu ári miðað við fyrri ár.

Mest var tjónið á Suðurlandi vegna flóða í Hvítá og Markarfljóti.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 3,3 m. kr. Á árinu var eins og venjulega unnið að viðhaldi á umferðarmerkjum. Þá var hafin uppsetning á nýrri gerð merkja, sem vara við beygjum, „stefnuörvar". Merki þessi þykja auka mjög öryggi vegfarenda og er stefnt að því að gera átak í uppsetningu þeirra á þessu ári.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Kostnaður við vetrarþjónustu nam 157,0 m. kr., en það var um 49,6 m. kr. umfram upphaflega fjárveitingu, að frádreginni skuld frá 1983. Vetrarþjónusta kostaði um 119,8 m. kr. til júníloka en á seinni hluta ársins varð kostnaðurinn um 37,2 m. kr. Eins og á ofangreindum tölum sést, varð fyrri hluti ársins ákaflega dýr, enda voru mikil snjóalög og óstöðug veðrátta mjög ríkjandi á vestanverðu landinu. Á Norðaustur- og Austurlandi var hins vegar mjög snjólétt frá áramótum. Haustið varð svo hagstætt um allt land. Kostnaður við vetrarþjónustu 1983 varð um 154,1 m. kr. á verðlagi 1984, eða næstum sá sami og 1984.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1984. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur á þeim.

Tafla sem sýnir hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1984.

	Jan	Febr	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí	Ág	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjó-moksturs-dagar
Fróðárheiði	24	12	7	3							3	2	51	14	42
Svínadalur	16	10	9	10									45	12	38
Kletthváls	31	29	31	23							4	15	133	36	10
Hálfdán	13	13	9	7							2	7	51	14	41
Dynjandisheiði	31	29	31	27	1						5	22	146	40	9
Hrafnseyrarheiði	31	29	29	22						5	15	19	150	41	13
Breiðadalsheiði	30	20	14	8						4	5	14	95	26	55
Botnsheiði	31	27	14	11						4	3	11	101	28	47
Þorskafjarðarheiði	31	29	31	30	22					22	30	31	226	62	8
Holtavörðuheiði	8	1	1	2									12	3	49
Vatnsskarð	9	2											11	3	34
Siglufv.-Fljót	9	1		5									15	4	31
Lágheiði	31	29	31	30	20					2	12	31	186	51	6
Öxnadalsheiði	5	2	2	1									10	3	34
Ólafsfjarðarmúli	10	3	1	4							1	1	20	5	46
Hólssandur	31	29	31	30	25					13	30	31	220	60	3
Axarfjarðarheiði	31	29	31	30	26					21	30	31	229	63	4
Sandvíkurheiði	3	1	3	1									8	2	12
Vopnafjarðarheiði	31	29	31	19							30	31	171	47	4
Möðrudalsöræfi	31	29	31	14						3	17		125	34	6
Vatnsskarð eystra	23	9	8	7							5	2	54	15	16
Fjarðarheiði	11	9	9	4						1	3	1	38	10	47
Oddskarð	10	6									2		18	5	42
Breiðdalsheiði	31	29	31	15						11	20	12	149	41	2

Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1975—1984.

Ár	Jan.–júní m.kr.	Okt.–des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala vetrar-þjónustu	Á verðl. 1984 m.kr.
1975	2,45	0,77	3,22	33,4	117,50
1976	2,27	0,92	3,19	43,8	88,80
1977	3,23	1,71	4,94	67,7	89,00
1978	5,27	3,18	8,45	100,0	103,00
1979	8,91	5,46	14,37	144,0	121,70
1980	7,08	9,71	16,79	226,0	90,60
1981	26,99	15,99	42,98	347,0	151,00
1982	30,21	25,74	55,95	549,0	124,20
1983	90,61	46,31	136,92	1 083,0	154,10
1984	119,8	37,2	157,00	1 219,0	157,00
Meðalkostnaður:					119,70

Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum–fjallvegum.

Kafli	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjóm. þús.kr.	Kostnaður á km. þús.kr.
Mýrdalssandur	34	1 379	40,6
Hellisheiði: Reykjavík—Hveragerði	38	8 586	225,9
Holtavörðuheiði	38	3 541	93,2
Fróðárheiði	13	2 317	178,2
Miklidalur og Hálfdán	29	2 827	97,5
Breiðadalsheiði	16	3 273	204,6
Botnsheiði	17	3 064	180,2
Siglufjarðarvegur: Ketilás — Siglufjörður	31	1 690	54,5
Öxnadalsheiði	30	1 359	45,3
Ólafsfjarðarmúli	18	1 653	91,8
Fjarðarheiði	25	2 400	96,0
Oddsskarð	22	2 350	106,8

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1974—1984.

Ár	Fjárv. í vegáætl. m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0
1982	222,90	236,58	55,95	23,6
1983	414,00	425,13	136,9	32,2
1984	532,30	561,67	157,00	28,0

Skipting viðhaldskostnaðar þjóðvega árið 1984.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd skipting viðhaldskostnaðar árið 1984. Yfirlitið sýnir helstu verkþætti viðhalds.

	Kjördæmi										
	Sam-eiginl	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	N.land vestra	N.land eystra	Austur-land	Samt. af heildark.	Hlutfall	
Kostnaðarliður	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	þ.kr.	Alls	Sumarvh.
Eftirlit og stjórnun		4 522	1 994	2 339	3 235	2 463	1 895	1 703	18 151	3,2	4,6
Umferðarm., stikur	4 059	669	2 670	1 344	764	539	601	816	11 462	2,0	2,9
Vegmálun		387	3 828	253	154	273	202	270	5 367	1,0	1,3
Umferðarljós, lýsing		1	4 531		13		1	6	4 552	0,8	1,1
Leiðarar–kantsteinar		3	675	2	15	16	5		716	0,1	0,2
Vegheflun	280	10 076	4 786	13 419	7 850	5 680	8 371	8 355	58 817	10,4	14,8
Rykbinding		1 855	798	2 381	635	1 411	3 147	1 274	11 501	2,0	2,9
Mölb.-endurn.malarslitl.		6 234	3 584	10 140	2 788	6 138	11 245	4 453	44 582	7,9	11,3
Viðgerðir á bundnu slitl.		1 183	5 301	2 057	373	401	400	414	10 129	1,8	2,6
Yfirl.-endurn.b-slitl.		11 370	20 035	5 185	−5	1 888	813	1 397	40 683	7,2	10,3
Axlir		1 085	3 363	2	6	270	392	281	5 399	1,0	1,4
Vorviðgerðir		1 374		3 624	1 504	1 647	646	1 283	10 078	1,8	1,5
Styrkingar		17 246	1 290	9 153	7 606	21 359	6 009	26 808	89 471	15,9	22,6
Rásir, skurðir, ræsi		2 448	1 344	5 360	3 445	2 101	1 229	1 760	17 687	3,1	4,5
Vatnaskemmdir		2 988	123	1 033	2 138	953	257	2 373	9 865	1,8	1,5
Efnisvinnsla		2 756	3 121	4 845	4 046	1 717	6 768	6 442	29 695	5,3	7,5
Samtals	4 339	64 197	57 443	61 137	34 567	46 856	41 981	57 635	368 155	65,3	93,00
Viðhald brúa	2 280	4 390	229	3 571	740	1 233	1 738	6 373	20 554	3,7	5,2
Sérst. verk í viðh.		1 610	65	904	760	2 367	655	852	7 213	1.3	1,8
Samtals Sumarviðhald	4 339	64 197	57 443	61 137	34 567	46 856	41 981	57 635	368 155	70,2	100,0
Samt. Vetrarþjónusta	4 377	13 185	24 441	33 861	36 963	10 923	15 565	17 681	156 996	27,9	
Viðhald alls	8 716	77 382	81 884	94 998	71 530	57 779	57 546	75 316	525 151		
Hagræðing	9 779								9 779	1,7	
Tækjakaup	469								469	0,1	
Samtals kostnaður	21 244	83 382	82 178	99 473	73 030	76 230	59 959	82 541	563 166	100,0	

Í næstu töflu er tilgreind lengd akfærra vega og kostnaður við viðhald þeirra á km, ásamt eknum km og viðhaldskostnaði á hverja ekna 100 km. Í töflunni er einnig sýndur kostnaður við sumarviðhald og kostnaður á hvern ekinn km.

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við hvern ekinn km árið 1984.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1984 þ.kr.	Lengd akfærra vega km.	Viðhaldskostnaður á hvern km þ.kr.	Eknir km 1983 m.km.	Viðhaldskostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður við sumarviðhald alls þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á km þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á ekna 100 km kr.
Suðurland	85 075	1 566	54,3	104	82	71 390	45,6	69
Reykjanes	83 846	358	234,2	182	46	58 719	164,0	32
Vesturland	101 492	1 379	73,6	62	164	66 728	48,4	108
Vestfirðir	74 512	1 293	57,6	29	257	36 681	28,4	126
Norðurland v. ...	62 625	1 069	58,6	43	146	51 315	48,0	119
Norðurland e. ...	61 156	1 200	51,0	56	109	45 129	37,6	81
Austurland	84 216	1 405	59,9	49	172	65 964	46,9	135
Samtals	552 922	8 270	66,9	525	105	395 926	47,9	75

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Ríkissjóður aflaði á árinu 1984 lánsfjár fyrir því sem á vantaði að markaðar tekjur og ríkisframlag nægðu fyrir útgjöldum samkvæmt vegáætlun. Samkvæmt fjárlögum nam þetta lánsfé að viðbættu ríkisframlagi 410,1 m. kr.

A-hluta lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar á undanförnum árum er ekki lengur haldið aðgreindum í ríkisbókhaldi frá öðrum lántökum ríkissjóðs. Að þessu sinni fellur því niður tafla sú sem birt hefur verið í skýrslunni um hreyfingar á lánum þessum.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Tekin voru bráðabirgðalán, sem heimamenn í tilteknum héruðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti, til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Var lánsfé þetta að mestu í formi vinnulána frá Vinnuvélaeigendum og verktökum.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 11,8 m. kr. og fóru 5,3 m. kr. til vega á Suðurlandi aðallega til Suðurlandsvegar, en 3,7 m. kr. til vega á Vesturlandi aðallega Vesturlandsvegar á Holtavörðuheiði og Ólafsvíkurvegar og loks fóru 2,1 m. kr. til Norðurlandsvegar í Norðurlandskjördæmi vestra.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 1,8 m. kr. og dreifðist það fé á vegi í þremur kjördæmum, þ. e. Þykkvabæjarveg, Hafravatnsveg og Svínvetningabraut.

Til viðhalds vega var lánað samtals 4,1 m. kr. og fór það lánsfé að mestu til vega á Suðurlandi og Vesturlandi.

Til Bláfjallavegar sem telst fjallvegur var tekið lán að upphæð 1,1 m. kr.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 19,01 m. kr. á móti 27,0 m. kr. í árslok 1983 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1984 m.kr.	Árslok 1983 m.kr.
Til stofnbrauta	11,82	11,58
Til þjóðbrauta	1,80	6,88
Til viðhalds	4,09	5,46
Til brúargerða	0,00	2,90
Til fjallvega	1,10	0,22
Til verkfr. undirbúnings	0,20	0,00
Samtals	19,01	27,04

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.

Lán úr Byggðasjóði.

Eins og frá var greint í skýrslunni fyrir árin 1980 og 1981 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins á þessum árum lán að upphæð samtals 20,89 m. kr. hjá Byggðasjóði og endurlánaði til ýmissa framkvæmda á vegáætlun. Lán þessi eru gengistryggð og nam uppfærsla þeirra á árinu 1984 vegna gengislækkunar 17,22 m. kr.

Ekkert fé var nú veitt úr ríkissjóði til að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af lánum þessum, en venja hefur verið að veita slíka fjárveitingu undanfarin ár utan vegáætlunar. Ekki var heldur neitt fé á vegáætlun til að mæta þessum greiðslum og námu ógreiddar gjaldfallnar afborganir í árslok 10,23 m. kr. og ógreiddir vextir 6,64 m. kr. og var því vanskilaskuld við Byggðasjóð af þessum sökum samtals 16,87 m. kr. í árslok. Fjáröflun til greiðslu þessarar skuldar er enn þá óleyst mál.

Ógreiddar gengisuppfærðar eftirstöðvar þessara lána námu í árslok 89,23 m. kr.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.

Eftir lækkun ríkisútgjalda samkvæmt áðurgreindum lögum voru fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun 545,3 m. kr. Skiptist sú upphæð þannig að til stofnbrauta fóru 408,9 m. kr. (152,7 m. kr. til almennra verkefna, 135,7 m. kr. til bundinna slitlaga og 120,5 m. kr. til sérstakra verkefna), 39 m. kr. til svonefndra Ó-vega (þ. e. Ólafsvíkurennis, Óshlíðar og Ólafsfjarðarmúla), 77,0 m. kr. til þjóðbrauta, 11,5 m. kr. til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum og 8,9 m. kr. til girðinga og uppgræðslu.

Skipting þessa fjármagns er rakin nánar síðar í skýrslunni.

2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.

Heildarfjárfesting á árinu 1984 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm varð 602 m. kr. samkvæmt bráðabirgðayfirliti. Framkvæmdir urðu sem hér segir:

1. Stofnbrautir:	
a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	130,7 km
b) Lagning malarslitlags	36,4 km
c) Lagning bundins slitlags	147,2 km
d) Brýr 10 m og lengri, 4 brýr	132 m
e) Smábrýr, 3 brýr	19 m
2. Þjóðbrautir:	
a) Undirbyggður vegur	41,8 km
b) Lagning burðarlags og malarslitlags	74,5 km
c) Lagning bundins slitlags	18,2 km
d) Brýr 10 m og lengri, 3 brýr	72 m
e) Smábrú, 1 brú	5m

2.3.1. Til stofnbrauta.

2.3.1.1. Almenn verkefni.

Fjárveiting til almennra verkefna á stofnbrautum urðu samtals 168,7 m.kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætl. 1984 m.kr.	Frestun framkv. m.kr.	Auka-fjárv. m.kr.	Sam-tals m.kr.
	Suðurlandskjördæmi				
1	Suðurlandsvegur				
04	Foss-Kirkjubæjarklaustur			3,0	3,0
14	Vík—Dyrhólavegur	1,0			1,0
16	Skógar—Steinalækur	3,9			3,9
18	Sandhólmavegur—Seljaland	0,6			0,6
22—28	Hvolsvöllur—Þjórsá	2,0	0,2		1,8
30	Skeiðavegur				
02	Ólafsvallavegur—Skálholtsv.	1,2			1,2
31	Skálholtsvegur				
02	Um Laugarás	1,6			1,6
39	Þrengslavegur				
01	Suðurlandsv.-Þorláksh.v	1,3			1,3
	Reykjaneskjördæmi				
1	Vesturlandsvegur				
18	Kjósarskarðsv.-Hvítanes	0,6			0,6
416	Álftanesvegur				
01	Bessastaðav.-vegam.-Bess.	4,0	0,1		3,9
	Vesturlandskjördæmi				
1	Vesturlandsvegur				
01	Akranesv.—Leirársv.v.	11,0	0,2		10,8
51	Akranesvegur				
01	Vesturlandsv.—Akranes	4,0			4,0
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Vesturlandsv.—Borg	3,5	0,2		3,3
06	Um Grímsá	3,4			3,4
10	Fróðárheiði, snjóast	1,4			1,4
57	Snæfellsnesvegur				
10	Grundará—Grundarfjörður	4,0			4,0
60	Vestfjarðarvegur				
04	Snæfellsnesv.—Lækjarskógur	5,0	0,1		4,9
	Vestfjarðakjördæmi				
60	Vestfjarðavegur				
05–06	Þorskafj.v.—Djúpidalur	9,4	0,2		9,2
11	Vattarnes—Fjarðarhl.ve.	5,2	0,1		5,1
61	Djúpvegur				
18	Utan Súðavíkur	4,6	0,2		4,4
18	Hafnir—Arnardalur	2,2			2,2
19	Arnardalur—Flugvöllur	1,3			1,3
62	Barðastrandarvegur				
02	Við Brjánslæk	2,6			2,6
63	Bíldudalsvegur				
02	Patreksfj.—Tálknafj.v.	1,9			1,9
64	Flateyrarvegur				
01	Innan Flateyrar	4,5			4,5
01	Innan Hvilftar			4,0	4,0
68	Hólmavíkurvegur				
01	Um Ormsá	0,6			0,6

Fjárveiting var 3,6 m.kr. Undirbyggð var og lögð malbiki 450 m löng tengibraut að sunnan frá Hafnarfjarðarvegi að Digranesvegi í Kópavogi. Frágangi og lýsingu er ólokið. Byggð var vinstribeygjurein í Fossvogi á eystri akbraut Hafnarfjarðarvegar. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ hf.

03 Kópavogslækur-Vífilsstaðavegur:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Gengið var frá Hafnarfjarðarvegi í Silfurtúni, steyptir kantsteinar og gengið frá biðstöðvum strætisvagna. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ hf.

41 **Reykjanesbraut:**

03 Vífilsstaðavegur-Hafnarfjarðarvegur:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. og af sérstökum verkefnum samkv. 2.3.1.3., 23,3 m.kr. Undirbyggður var 1,9 km langur kafli frá Vífilsstaðavegi og að Hafnarfjarðarvegi en 0,44 km voru undirbyggðir 1983. Kaflinn var malbikaður og gengið frá honum. Eftir er að leggja annað malbikslag og setja upp veglýsingu. Einnig er eftir að setja upp umferðarljós við Hafnarfjarðarveg og við Vífilsstaði. Í framhaldi af þessu verki voru gatnamót við Flatahraun lagfærð. Þessi vegarkafli var tekinn í notkun í nóvember. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ hf. Í desember var boðin út undirbygging á 3,5 km löngum kafla frá Breiðholtsbraut að Vífilsstaðavegi og var samið við verktakafyrirtækið Hagvirki hf. og á verki að vera lokið í nóvember 1985.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

01 Um Borg:

Fjárveiting var 3,6 m.kr. og 3,5 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

06 Um Vegamót:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. og 3,4 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

57 **Snæfellsnesvegur:**

10 Grundará-Grundarfjörður:

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og 4,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

60 **Vestfjarðavegur:**

04—05 Snæfellsnesvegur-Laxá:

Fjárveiting var 12,0 m.kr. og 5,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1., (sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

1 **Norðurlandsvegur:**

02—03 Reykir-Tjarnarkot:

Fjárveiting var 3,9 m.kr. Til greiðslu umframkostnaðar árin 1982 og 1983 fóru 1,4 m.kr. Lögð var klæðning á 1,9 km langan kafla við Tjarnarkot.

05—06 Vatnshorn-Víðidalsá:

Fjárveiting var 5,1 m.kr. Kaflinn frá Vatnsnesvegi 2,0 km til norðurs var réttur af, styrktur og lagður klæðningu.

07 Víðidalsvegur eystri-Gljúfurá:

Fjárveiting var 6,5 m.kr. og 3,6 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

08 Gljúfurá-Hnausakvísl:

Fjárveiting var 2,3 m.kr. Lögð var klæðning á 2,5 km við Gljúfurá.

13—14 Gunnsteinsstaðir-Bólstaðarhlíð:
Fjárveiting var 7,2 m.kr. og 4,3 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

74 **Skagastrandarvegur:**
03 Skagavegur-Skagaströnd:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Lögð var klæðning á kaflann frá Skagavegi að Skagaströnd, sem er 0,8 km.

75 **Sauðárkróksbraut:**
03 Sæmundarhlíðarvegur-Áshildarholt:
Fjárveiting var 3,9 m.kr. og 1,6 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1.).

1 **Norðurlandsvegur:**
11 Vaðlaheiðarvegur-Svalbarðseyri:
Fjárveiting var engin en innistæða f.f. ári 1,0 m.kr. Lagt var seinna klæðningarlag á 2,4 km langan kafla frá Sigluvík að Svalbarðseyrarvegi.
14—15 Illugastaðavegur-Litlu-Tjarnir:
Fjárveiting var 8,6 m.kr. og 3,6 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

85 **Norðausturvegur:**
01—02 Norðurlandsvegur-Aðaldalsvegur:
Fjárveiting var 7,0 m.kr. og 3,6 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
03 Þorvaldsdalsá-Dalvík:
Fjárveiting var 7,6 m.kr. og 4,2 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.-1).

1 **Austurlandsvegur:**
14 Kollur-Upphéraðsvegur:
Fjárveiting var 6,7 m.kr. Lögð var klæðning á 5,95 km langan kafla frá Úlfsstöðum að Gunnlaugsstöðum á Upphéraðsvegi (931-08).
39 Þveit-Hólmur:
Fjárveiting til bundinna slitlaga var 8,5 m.kr. Lögð var 6,0 m breið klæðning frá Myllulæk að Hoffellsá, 3,8 km og 3,8 m breið klæðning frá Hoffellssá að Grjótá, 6,2 km, frá Holtakíl að Hólmsá 7,7 km, og frá Flateyjará að Moldbakkahrauni, 4,7 km. Samtals var lögð klæðning á 22,4 km.

85 **Norðausturvegur:**
09 Vopnafjörður-Hlíðarvegur:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

92 **Norðfjarðarvegur:**
03 Mjóafjarðarvegur-Neðsta-brú:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. og 6,2 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**
03 Efri Stafur-Seyðisfjörður:
Fjárveiting var 1,7 m.kr. og 5,0 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.

96 **Suðurfjarðavegur:**
Fjárveiting var 9,1 m.kr. og 4,1 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.

Fskj. 2.3.1.3.—1.

Stofnbrautir — sérstök verkefni
Greinargerð um framkvæmdir

35 Biskupstungnabraut:

01 Suðurlandsvegur-Þingvallavegur:

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Byggður var með bundnu slitlagi 0,8 km langur kafli við nýja brú á Sogi.

36 Þingvallavegur:

06—01 Kárastaðir-Stardalur:

Fjárveiting var 11 m.kr. Lögð var klæðning á 3,0 km langan kafla frá Sauðafelli að Stardal, og gengið frá kaflanum. Eftir er að leggja seinna klæðningarlag. Undirbyggður var 2,1 km langur kafli frá Kárastöðum að Mókotsá. Lagt var seinna klæðningarlag á 7 km langan kafla í Þjóðgarðinum og 1,8 km langan kafla frá afleggjara að hringsjá að Kárastöðum.

41 Reykjanesbraut:

02—03 Reykjavík-Hafnarfjörður:

Fjárveiting var 23,3 m.kr. og af bundnum slitlögum samkv. 2.3.1.2. 8,0 m.kr. Sjá kafla 2.3.1.2.

Þjóðvegir í Reykjavík.

Fjárveiting var 13,3 m.kr. Undirbyggður var 1,35 km langur kafli Arnarnesvegar frá Suðurlandsvegi að Elliðavatnsvegi við Dimmu. Lagt var malbik á 0,55 km langan kafla frá Suðurlandsvegi að Selásbraut. Einnig voru gatnamót við Suðurlandsveg lagfærð og þau lýst. Byggð voru undirgöng fyrir reiðmenn á Arnarnesveg á móts við Víðidal. Öllum frágangi er lokið. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ h.f.

1 Vesturlandsvegur:

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveiting var 1,3 m.kr. Hluta hennar var varið til mælinga og tæknilegs undirbúnings vegna fóðrunar botns.

14 Um Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var 12,3 m.kr. Greidd var 2,3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1,9 m.kr. Byggð var 7 m plötubrú í nýrri veglínu á Búrfellsá neðri og fullgerður 3,0 km kafli frá Fornahvammi áleiðis að Krókalækjum. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

61 Djúpvegur:

01—05 Tenging Inn-Djúps:

Fjárveiting var 27,3 m.kr. Greitt var vinnulán 1,7 m.kr. Byggður var 1,1 km kafli í Staðardal nálægt Hólum. Lokið var við kaflann frá Aratungu að Sunnudalsá 5,4 km. Þar var burðarlag sett þar sem það vantaði og mölborið. Lokið var gerð undirbyggingar á kafla 03 frá Sunnudalsá að Þorskafjarðarvegi 6,1 km. Ekið var burðarlagi á allan kaflann og malarslitlagi í um 3,0 km. Nokkrum frágangi er ólokið á þessum kafla. Vegurinn frá Strandavegi að Þorskafjarðarvegi (02-03) var opnaður umferð. Á þessum kafla er eftir að leggja 0,6 km um Hóla, bera malarslitlag í um 9 km og vinna nokkuð að frágangi. Á kafla 05 innan við Arngerðareyri var lagður, 1,7 km kafli en enn vantar á hann malarslitlag.

1 **Norðurlandsvegur:**
09—10 Eyjafjarðarbraut vestri — Vaðlaheiðarvegur:
Fjárveiting var 7,2 m.kr. Lagður var 0,2 km langur kafli af Leiruvegi og 1,5 km langur tengivegur að Eyjafjarðarbraut eystri. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Gunnar og Kjartan sf.
13 Grenivíkurvegur-Illugastaðavegur:
Fjárveiting var 16,7 m.kr. Lagt var burðarlag og einföld klæðning á 4,6 km langan kafla frá austurbrún Víkurskarðs að Fnjóskadalsvegi vestri og lagður 3,2 km langur kafli frá Fnjóskadalsvegi vestri að Fnjóskárbrú ásamt 1,1 km löngum tengivegum. Það síðartalda var unnið af verktakafyrirtækinu Glerá s.f.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
06 Um Ólafsfjarðarmúla:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Unnið var við mælingar, kortagerð og skýrslugerð vegna fyrirhugaðra jarðgangna.

1 **Austurlandsvegur:**
30—32 Hof-Össurá:
Fjárveiting var 6,3 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári 0,5 m.kr. Lagður nýr vegur frá Grænanesi að Vík 2.3 km.

Fskj. 2.3.1.4.

Ó-vegir. Greinargerð um framkvæmdir

574 Útnesvegur.
07 Um Ólafsvíkurenni:
Fjárveiting var 25,8 m.kr. Lokið var framkvæmdum við kaflann undir Enni og lögð á hann klæðning. Verktaki var Hagvirki hf.

61 **Djúpvegur:**
25 Um Óshlíð:
Fjárveiting var 12,6 m.kr. Framkvæmdin var boðin út og verktaki varð Ístak hf. Undirbyggðir voru tveir kaflar, 0,5 km kafli um Ófæru og Stiga og Hvanngjár innan við kaflann sem lagður var 1983 og 1,7 km kafli um svokallaðar Skriður eða nánar tiltekið frá Einbúa að Óshólavita.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
06 Um Ólafsfjarðarmúla:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Unnið var við mælingar, kortagerð og skýrslugerð vegna fyrirhugaðra jarðgangna.

Fskj. 2.3.2.1

Þjóðbrautir — greinargerð um framkvæmdir

22 **Dalvegur:**
01 Við Flugstöð:
Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lagt var malbik á 1,1 km langan kafla við Flugstöð. Verkið var unnið af Vestmannaeyjabæ.

25 **Þykkvabæjarvegur:**
01 Suðurlandsvegur-Hrafntóftir.
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0,9 m.kr. Lögð var klæðning á 2,0 km langan kafla ofan við Hrafntóftir og í Þykkvabæ.

26 **Landvegur:**
03 Um Skarð:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Greitt var lán f.f. ári.

204 **Meðallandsvegur:**
01 Suðurlandsvegur-Arnardrangur:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Byggður var 2,2 km langur kafli um Hæðarlæk.

205 **Klausturvegur:**
01 Um Kirkjubæjarklaustur:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lagðar voru gangstéttir og sett upp götulýsing með veginum.

206 **Holtsvegur:**
01 Við Hunkubakka:
Fjárveiting 0,2 m.kr. Lagfærður var um 0,1 km langur kafli við Hunkubakka.

261 **Fljótshlíðarvegur:**
01—02 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greitt var vinnulán f.f. ári.

275 **Ásvegur:**
01 Um Ás.
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Byggður var um 1,1 km langur kafli við bæinn Ás.

30 **Hrunamannavegur:**
03—04 Þjórsárdalsvegur-Stóra Laxá:
Fjárveiting var 2,5 m.kr. Lögð var einföld klæðning á 3,7 km langan kafla milli Þjórsárdalsvegar og Skarðs.

35 **Biskupstungnabraut:**
05 Ofan Brúarár:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Fjárveitingin geymd til næsta árs.

355 **Reykjavegur:**
01 Um Hryggholt:
Fjárveiting var 0,8 m.kr. Greitt var vinnulán f.f. ári og vegurinn endurbættur frekar.

356 **Tjarnarvegur:**
01 Um Vatnsleysu:
Fjárveiting var 0,4 m.kr. Greitt var vinnulán f.f. ári.

416 **Álftanesvegur:**
01 Bessast.v., vegam.-Bessastaðav.:
Fjárveiting var 1,3 m.kr. og af almennum verkefnum samkv. 2.3.1.1., 4,0 m.kr.

431 **Hafravatnsvegur:**
01 Suðurlandsv.-Úlfarsvegur:
Fjárveiting var 2,7 m.kr. Undirbyggður var og gengið frá 1,7 km löngum kafla frá Suðurlandsvegi að Sólheimum.

50 **Borgarfjarðarbraut:**
05 Um Þverá og Stafholtsveg:
Fjárveiting var 4,1 m.kr. Greidd var 1,9 m.kr. skuld frá fyrra ári. Byggður var 1,5 km kafli. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

56 **Stykkishólmsvegur:**
01 Kerlingarskarð:
Fjárveiting var 4,7 m.kr. Fjárveiting var lánuð með samþykki þingmanna í Stykkishólmsveg við Stykkishólm. (Sjá 2.3.1.1.-1).

509 **Hagavegur:**
01 Borgarfjarðarbraut-Hagi:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

588 **Gillastaðavegur:**
01 Tenging að Goddastöðum:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Greidd var 0,9 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við framkvæmdir sem hófust á fyrra ári og fullbyggður 1,2 km kafli. Verktaki var Sigurður Vigfússon Hlíðarholti.

619 **Ketildalavegur:**
04 Um Austmannadal.
Fjárveiting var 3,4 m.kr. Lagður var 1,8 km vegarkafli um Austmannadal. Einnig voru lagfærð vegamót við Bíldudalsveg.

645 **Drangsnesvegur:**
01 Strandavegur-Drangsnes:
Fjárveiting var 3,9 m.kr. Hafnar voru framkvæmdir við 1,0 km langan kafla um Birgisdalsá, einnig var keypt efni í ræsi á Birgisdalsá. Birgisdalsá er milli Hveravíkur og Kokkálsvíkur. Framkvæmdum varð ekki lokið vegna verkfalls en verður haldið áfram vorið 1985.

704 **Miðfjarðarvegur:**
03 Um Urriðaá:
Fjárveiting var 0,8 m.kr. Tengd var ný brú á Urriðaá með 0,6 km löngum kafla.

714 **Fitjavegur:**
01 Norðurlandsvegur-Hrísar:
Fjárveiting var 1,4 m.kr. Greiddur var kostnaður Fremri-Torfustaðahrepps vegna vegagerðar á hálsinum milli Bjargs og Áslands um 0,2 m.kr. Endurbyggður var 1,1 km langur kafli við Norðurlandsveg. Verktaki var Hilmar Sigursteinsson.

715 **Víðidalsvegur vestri:**
01 um Fitjaá:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Tengd var ný brú á Fitjaá með 0,4 km löngum kafla.

723 **Grímstunguvegur:**
01 Vatnsdalsvegur-Ás:
Fjárveiting var 2,6 m.kr. Byggður var kaflinn frá Undirfelli að Ási sem er 2,6 km.

731 **Svínvetningabraut:**

01 Norðurlandsvegur-Reykjabraut:

Fjárveiting var engin en innstæða frá fyrra ári 0,6 m.kr., að auki var vinnulán 0,4 m.kr. Byggður var 2,6 km langur kafli um Hnjúkahlíð. Afréttingu er ólokið auk slitlags.

767 **Hólavegur:**

01 Ásavegur-Hjaltadalsvegur:

Fjárveiting var 1,5 m.kr. Tengd var ný brú yfir Hjaltadalsá hjá Klukkuhvammi með 0,5 km löngum kafla. Einnig var kaflinn frá Víðinesá að barnaskóla, sem er 1,1 km, endurbyggður.

769 **Ásvegur:**

01 Efri-Ás-Hólavegur:

Fjárveiting var 1,3 m.kr. Byggður var kaflinn frá Efra-Ási að Neðra-Ási, sem er 2,0 km.

83 **Grenivíkurvegur:**

02 Ystavík-Fnjóskadalsv. eystri:

Fjárveiting var engin, en innistæða f.f. ári að upphæð 1,9 m.kr. Lagður var 0,6 km langur kafli um Fagrabæ ásamt 0,3 km löngum bráðabirgðatengingum. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu R.S. Arður.

803 **Kleifarvegur:**

Fjárveiting var 0,6 m.kr. Endurbyggður var 0,4 km langur kafli í Kleifabrekku.

823 **Miðbraut:**

Fjárveiting var 7,1 m.kr. Greidd var skuld frá 1981 að upphæð 6,0 m.kr. Auk þess var vegurinn lagfærður og keyrt í hann malarslitlag.

836 **Vaglaskógarvegur:**

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Endurbyggður var 0,8 km langur kafli við Skógarsel.

994 **Borgarfjarðarvegur:**

07 Vatnsskarð:

Fjárveiting var 3,1 m.kr. Lagður var vegur, nýr að hluta og endurbyggður að hluta, frá Framnesi að Bakkagerði í Borgarfirði, 2,46 km að lengd. Því verki er ólokið. Framkvæmdina annaðist framan af verktakin Magnús Magnússon frá Bolungarvík, sem sagði sig frá verki. Við verkinu tók Sigurður Stefásson verktaki á Egilsstöðum.

925 **Hróartunguvegur:**

01 Austurlandsv.-Húseyjarvegur:

Fjárveiting var 2,1 m.kr. Styrktur var 10,9 km langur kafli frá Austurlandsvegi að og um Hallfreðarstaðablá.

931 **Upphéraðsvegur:**

01—03 Austurlandsvegur-Brekkugerði:

Fjárveiting var engin. Lán frá Landsvirkjun var 8,0 m.kr. Lagður var 1,1 km langur kafli frá Fjósaklauf að Þorgrímshæð. Því verki er ólokið og slitlag vantar. Malað var og ekið út á malarslitlagi á 6,1 km kafla um og utan við Skeggjastaði. Lagður var nýr og endurbyggður 4,4 km langur kafli milli Parthúsa og Húsa.

982 **Flugvallarvegur Hornafirði:**

Fjárveiting var 1,7 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári 0,65 m.kr. Unnið við frágang vegar, 0,7 km.

Vegir í jaðarbyggðum

624 **Ingjaldssandsvegur:**

02—04 Núpur-Ingjaldssandur:

Fjárveiting var 6,2 m.kr. 3,2 km kafli frá Alviðru að Gerðhömrum var styrktur og lagfærður. Neðst á Gerðhamradal var byggður 0,6 km kafli. Vestan við háheiðina var byggður 1,0 km kafli og 0,9 km kafli norðan við háheiðina. Samtals er þetta 2,5 km nýbygging. Auk þess voru grafnar rásir, mölborið eða styrkt á um 9 km samtals á Gerðhamradal og fyrir ofan efsta bæ á Ingjaldssandi.

745 **Skagavegur:**

05—06 Sýslumörk Selárbrú:

Fjárveiting var 3,6 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Hrauni suður fyrir Neðra Nes, sem er 5,5 km. Verktaki var Verktakinn s.f. Einnig var byggður 1,3 km kafli til norðurs frá Fossárbrú. Verktaki var Verktakinn s.f. Þriðji kaflinn sem byggður var nær frá Mallandi að Ketu og er 1,7 km.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

07 Vatnsskarð:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Vinna átti við gerð vegar um Hleinagarð. Deilur voru um vegstæðið. Framkvæmdum frestað.

924 **Jökuldalsvegur:**

01 Refshöfði-Skeggjastaðir:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Greidd var 0,8 m.kr. skuld frá fyrra ári. Styrktur var 12,2 km langur kafli, ósamfellt, frá Refshöfða að Austurlandsvegi.

Fskj. 2.4.1.—1.

Brýr 10 m og lengri
Greinargerð um framkvæmdir

Fossá í Hvalfirði (1):

Byggður var 5 m steyptur bogi undir fyllingu. Fjárveiting var 4,1 m.kr.

Peningadalsá við Flókalund (62):

Byggð var 12 m bitabrú með einni akrein og gangstíg.

Brúin kemur í stað lélegrar brúar frá 1930. Fjárveiting var 5,8 m.kr.

Móra á Barðaströnd (62):

Byggður var 7 m steyptur bogi undir hárri fyllingu. Fjárveiting var 6,4 m.kr.

Vesturá í Miðfirði (704):

Byggðar voru undirstöður 30 m forspenntrar bitabrúar. Gert er ráð fyrir að byggingu brúarinnar ljúki á árinu 1985. Brúin kemur í stað brúar frá 1936, en aðkoma að henni er snjóþung og hættuleg.

Fjárveiting var 4,8 m.kr.

Urriðaá í Miðfirði (704):

Byggður var 5 m steyptur bogi undir fyllingu. Fjárveiting var 4,8 m.kr.

Fitjá í Víðidal (714):
Lokið var byggingu 18 m stálbitabrúar, sem hafin var 1983.
Fjárveiting var 2,3 m.kr.

Hjaltadalsá (767):
Lokið var byggingu 30 m stálbitabrúar með timburgólfi. Stöplar nýju brúarinnar voru byggðir 1980.
Fjárveiting var 2,0 m.kr.

Eyjafjarðará hjá Hrafnagili (823):
Fjárveiting var 2,7 m.kr. og var varið til greiðslu skuldar. Byggingu brúarinnar lauk 1982.

Fjarðará í Ólafsfirði (802):
Byggð var 24 m steypt plötubrú. Fjárveiting var 3,3 m.kr.

Hölkná í Þistilfirði (85):
Byggð var 68 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Brúin kemur í stað lélegrar bogabrúar frá 1928.
Fjárveiting var 10,0 m.kr.

Krossá á Berufjarðarströnd (1):
Lokið var byggingu 12 m brúar, sem hafin var 1983.
Fjárveiting var 1,4 m.kr.

Nýpslón í Vopnafirði (85):
Byggð var 40 m forspennt bitabrú í einu hafi.
Fjárveiting var 10,0 m.kr.

Fskj. 2.5.1.—1.

Aðalfjallvegir
Greinargerð um framkvæmdir

F22 Fjallabaksleið nyrðri:
Fjárveiting var 200 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F28 Sprengisandsleið:
Fjárveiting var 400 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F35 Kaldadalsleið:
Fjárveiting var 190 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F37 Kjalvegur:
Fjárveiting var 900 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var byggður langur kafli um Bláfellsháls, en megináhersla var lögð á framkvæmdir á syðri hluta leiðarinnar. Þar sem miklar endurbætur voru gerðar á norðurhluta leiðarinnar vegna Blönduvirkjunar.

F78 Skagafjarðarleið:
Fjárveiting var 300 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F82 Eyjafjarðarleið:
Fjárveiting var 500 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F92 Gæsavatnaleið:
Fjárveiting var 400 þús.kr. og var henni varið til almenns viðhalds á leiðinni.

Nd. 1124. Lög [486. mál]

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

(Afgreidd frá Nd. 5. júní.)

Samhljóða þskj. 897.

Nd. 1125. Frumvarp til laga [290. mál]

um Ríkisendurskoðun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. júní.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:
1. gr. hljóðar svo:
Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.
Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum.

2. gr. hljóðar svo:
Forstöðumaður stofnunarinnar, sem nefnist ríkisendurskoðandi, er skipaður af forseta Íslands, eftir tilnefningu forseta Alþingis, til 6 ára í senn. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Starfskjör hans skulu ákveðin af kjaradómi. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsetar Alþingis geta, að fengnu samþykki sameinaðs þings, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.

3. gr. hljóðar svo:
Ríkisendurskoðandi stjórnar Ríkisendurskoðun. Hann ræður nauðsynlegt starfsfólk til starfa og skal leitast við að það hafi staðgóða menntun og þekkingu og sé í einu og öllu óháð þeim ráðuneytum og stofnunum sem það vinnur að endurskoðun hjá.

4. gr. hljóðar svo:
Ríkisendurskoðun er heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum. Kostnað af slíkri endurskoðun greiðir sú stofnun sem í hlut á hverju sinni.

5. gr. hljóðar svo:

Reikningar Ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsetum Alþingis.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu birt með ríkisreikningi.

6. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkv. fjárlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum. Enn fremur er Ríkisendurskoðun skylt að hafa umsjón með og aðstoða endurskoðendur, sem Alþingi kýs samkv. sérstökum lögum, og endurskoðendur tilnefnda af hálfu ríkisins í fyrirtækjum eða stofnunum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins eða ríkissjóður á að hálfu eða meira.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Þá getur Ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

8. gr. hljóðar svo:

Endurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur,
2. að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

9. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

10. gr. hljóðar svo:

Í störfum sínum samkvæmt 7. gr. á Ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur Ríkisendurskoðun krafist þeirra upplýsinga og gagna sem þýðingu geta haft við störf hennar samkvæmt 8. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla aðstöðu sem þarf til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald eða fjárvörslu.

11. gr. hljóðar svo:

Nú ákveður ríkisendurskoðandi að beita ákvæðum 7. og 9. gr. og skal hann þá gera fjárveitinganefnd grein fyrir ákvörðunum sínum. Fjárveitinganefnd getur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.

15. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði í 6. og 10. gr. laga nr. 73/1969 sem kveða á um ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda.
2. Lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

Nd. 1126. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. júní.)

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1127. Frumvarp til laga [284. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. júní.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anna Lísa Siti Jóhannsdóttir, barn í Svíþjóð, f. 16. júlí 1983 í Indónesíu.
3. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígeríu.
4. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11.mars 1950 í Þýskalandi.
5. Belomajova, Tatjana Veselinova, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. mars 1949 í Búlgaríu.
6. Clinceanu, Eugenia-Dorina, einkaritari í Reykjavík, f. 1. mars 1945 í Rúmeníu.
7. Fucci, Cosimo, nemi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 á Ítalíu.
8. Hafdell, Jeanette Ann, kennari í Kópavogi, f. 29. jan. 1944 í Bandaríkjunum.
9. Haní, Abdelazíz, iðnnemi í Reykjavík, f. 2. janúar 1954 í Marokkó.
10. Hansen, Rikhard Dürke, vélvirki á Ísafirði, f. 9. mars 1954 á Íslandi.
11. Hentze, Artha, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. janúar 1941 í Færeyjum.
12. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar á Íslandi.
13. Jurczak, Krystyna Anna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1953 í Póllandi.
14. Jünemann, Ursula Elisabeth, kennari í Mosfellssveit, f. 28. des. 1950 í Þýskalandi. Fær réttinn 27. nóv. 1985.

15. Kowalk, Bent, verkstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi, f. 29. september 1962 í Þýskalandi.
16. Lund, Hermod Ingemar Jakob, verkstjóri á Patreksfirði, f. 20. mars 1933 í Noregi.
17. Mellk, Marilyn Herdís, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. febr. 1961 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 31. des. 1985.
18. Middleton, Inga Lísa, nemi í Reykjavík, f. 9. des. 1964 í Englandi.
19. Mileris, Maria Carmen, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 á Spáni.
20. Moustacas, Ilias Karolos, nemi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 á Íslandi.
21. Nilssen, Erna, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 18. ágúst 1948 á Íslandi.
22. Nilssen, Gyða Minny, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 26. apríl 1951 á Íslandi.
23. Paulsen, Ingrid Marie, kennari í Garðabæ, f. 4. nóv. 1936 í Þýskalandi.
24. Ponzi, Tómas Atli, nemi í Mosfellssveit, f. 10. júní 1959 á Íslandi.
25. Popović, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. 28. október 1945 í Júgóslavíu.
26. Richardson, Paul, kennari í V-Skaftafellssýslu, f. 2. ágúst 1943 í Skotlandi.
27. Smíd, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 6. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
28. Smídová-Mintcheva, Violeta, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. ágúst 1944 í Búlgaríu.
29. Sólheim, Edgar, verkamaður í Neskaupstað, f. 1. jan. 1960 á Íslandi.
30. Stupcanu, Ioan, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. október 1948 í Rúmeníu.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til ársloka 1985, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1128. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. júní.)

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

15.1. Árlega skal verja sem svarar 0,5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi til tóbaksvarnastarfs.

15.2. Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

2. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgr., svohljóðandi:

16.2. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð ákvæði um innflutning tóbaks, með hliðsjón af skaðsemi þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986. Þó skulu ákvæði 2. gr. öðlast gildi nú þegar.

Ed. 1129. Frumvarp til laga [499. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. júní.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar með taldar almannatryggingar, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð sem ríkið leggur á einstaklinga og félög án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

Í fjárlögum skal áætla tekjur af fjáröflunareinkasölum ríkisins og skulu skil þeirra til ríkissjóðs talin með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalanna séu í B-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Lán sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum skal færa um endurlánareikning ríkissjóðs í A-hluta.

4. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, svo sem kveðið er á um í 2. gr. l. nr. 13/1979. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun og þær spár sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið sem í hönd fer eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

5. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Fjárlög skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, á sama hátt og ríkisreikningur, sbr. 1. mgr. 6. gr.

6. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs. Þó skal eigi getið lána sem greidd eru að fullu á sama ári og þau eru tekin.

7. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Í B-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi, lánahreyfingar og fjármunahreyfingar hvers aðila sérstaklega, og auk þess skal birta yfirlitsáætlanir, sbr. 51. gr., eftir því sem við verður komið.

8. gr.

66. gr. laganna orðist svo:

Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.

9. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar sem geyma má ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára.

Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga.

10. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra að láta sérstök yfirlit, sams konar eða hliðstæð þeim sem getið er um í VII. kafla, fylgja fjárlagafrumvarpi og fjárlögum, og jafnan skal fylgja skrá yfir ónotaðar fjárveitingar, sem gilda áfram sem fjárveitingarheimildir, og yfirlit um gjöld eftir eðli þeirra.

11. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

Fjárlagafrumvarpi skal jafnan fylgja tölulegur samanburður við fjárlög síðasta reikningsárs og síðasta fullgerðan ríkisreikning.

12. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 70. gr. og hljóði svo:

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun er lýsir í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:

1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
2. Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
3. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
4. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

13. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 71. gr. og hljóði svo:

Í frumvarpi til lánsfjárlaga skal leita heimilda til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimilda og annarra nauðsynlegra fjármálaráðstafana að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu skal ár hvert gerð grein fyrir heildarábyrgðarveitingum ríkissjóðs og skiptingu þeirra á helstu ábyrgðarflokka. Alþingi fjallar árlega um hámark veittra ábyrgða og setur mörk í lánsfjárlögum.

14. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 72. gr. og hljóði svo:

Fjármálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og skal hún vera hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi hvers árs. Um áætlunina skal fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Jafnhliða framlagningu fjárlagafrumvarps leggur fjármálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp til lánsfjárlaga.

Undirbúningur áætlunarinnar skal vera á vegum fjármálaráðherra og skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa forgöngu um gerð áætlunarinnar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

15. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 73. gr. og hljóði svo:

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skulu m. a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m. a. til fjármögnunar og fjárráðstöfunar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, sjóða, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila.
2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
3. Heildaráætlun um erlendar lántökur opinberra aðila, atvinnuvega og einkaaðila. Einnig yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.
4. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 74. gr. og hljóði svo:

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti, í samvinnu við Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra sem þau fjalla um. Fjármálaráðherra ákveður nánar til hvaða verksviða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlagatillögur ráðuneyta og ákveður fjármálaráðherra skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins.

17. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 75. gr. og hljóði svo:

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal á vegum einstakra ráðuneyta og í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins eftir nánari ákvörðun þeirra gera áætlanir um þróun einstakra atvinnugreina og fjárfestingar þeirra, sbr. og II. kafla laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og V. kafla laga nr. 13/1979.

18. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 76. gr. og hljóði svo:

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.

19. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verði 77. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna Fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis;
2. mat á kostnaði sem frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð; skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma;
3. athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum;
4. athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis.

20. gr.

Heiti XII. kafla laganna verði: **Um efnisskipan fjárlaga, um lánsfjárlög og um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.**

21. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi ákvæði III. og VI. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1130. Frumvarp til siglingalaga. [149. mál]

(Eftir eina umr. í Ed., 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1041 og 154 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:

Farmflytjanda ber að sjá til þess, með eðlilegri árvekni, að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og hafa lestarrými, kæli- og frystirými og aðra hluta skipsins, þar sem farmur er geymdur, í fullnægjandi ástandi til móttöku, flutnings og varðveislu farms.

71. gr. hljóðar svo:

Nú hefur vara verið afhent án þess að viðtakandi hafi látið farmflytjanda í té skriflega tilkynningu um að tjón hafi orðið á vöru eða hún skemmst, svo að viðtakandi vissi eða mátti vita, og almennt um eðli tjónsins, og telst þá öll varan afhent í því ástandi sem lýst er í farmskírteini eða öðru viðtökuskírteini um flutninginn ef ekki eru færðar fram sannanir gegn því. Ef ekki hefði verið unnt að komast að raun um tjónið gildir hið sama, hafi skrifleg tilkynning ekki verið afhent í síðasta lagi þremur dögum eftir afhendinguna.

Ekki er krafist skriflegrar tilkynningar ef ástand vörunnar hefur verið kannað sameiginlega við afhendinguna.

Þegar tjón hefur orðið á vöru eða hún skemmst, eða ætla má að svo sé, skulu farmflytjandi og viðtakandi vöru veita hvor öðrum færi á að skoða vöruna á hentugan hátt og ganga úr skugga um þyngd, mál og stykkjatölu.

220. gr. hljóðar svo:

Sjópróf skal haldið ef Siglingamálastofnun ríkisins, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en tilgreind eru í 219. grein.

Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess að sjópróf séu haldin vegna slysa sem verða á erlendum skipum ef slys verður í íslenskri landhelgi, sbr. 1. gr. l. nr. 41/1979, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Skal þá utanríkisráðuneyti gert viðvart um fyrirhugað sjópróf.

Nú verður slys eða tjón í ferð erlends skips sem snertir verulega hagsmuni íslenskra aðila, án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við, og geta þá Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að sjópróf séu haldin ef skipið er statt í íslenskri höfn.

Þegar skip, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., er statt í íslenskri höfn, geta Siglingamálastofnun ríkisins eða rannsóknarnefnd sjóslysa krafist þess að skipið fái eigi tollvegabréf fyrr en sjópróf hefur verið haldið.

Yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna geta farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda ósk þar um.

221. gr. hljóðar svo:

Tilgangur sjóprófs er að leiða í ljós, svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir sem máli skipta í því sambandi, þ. m. t. upplýsingar um allt það er varðar mat á haffærni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna.

Dómari sá, sem stjórnar sjóprófi, skal leita aðstoðar lögreglu við skýrslutöku, vettvangskönnun og aðra þætti málsrannsóknar eftir því sem frekast verður við komið, einkum þó ef manntjón hefur orðið eða meiri háttar líkamstjón. Skal lögð á það áhersla að lögreglurannsókn hefjist sem fyrst eftir að slys varð eða skip kom til hafnar. Lögregluyfirvöld skulu, svo fljótt sem við verður komið, hafa samband við Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa og gefa fulltrúum þeirra kost á að vera viðstaddir frumrannsókn slyss, en eigi skal fresta upphafi lögreglurannsóknar af þeim sökum einum að þessu skilyrði sé eigi fullnægt. Skulu skipstjóri og skipverjar, svo og útgerðarmaður skips, veita alla þá aðstoð er þeir geta í té látið vegna lögreglurannsóknar. Niðurstöður og gögn lögreglurannsóknar skulu lögð fram í sjóprófi svo skjótt sem auðið er, en eigi skal fresta upphafi sjóprófs af þeim sökum einum að þau liggi enn eigi fyrir.

Forðast skal að spilla eða afmá verksummerki eftir slys í skipi fyrr en lögregluyfirvöld hafa heimilað það.

Skipstjóra er skylt að óska eftir því að lögreglurannsókn vegna mannskaða eða meiri háttar líkamstjóns, sem greinir í 2. mgr., fari fram. Skipstjóri skal eigi halda skipi úr höfn þar sem lögreglurannsókn fer fram nema í samráði við lögregluyfirvöld.

Skipstjóra eða þeim, er kemur í hans stað, er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa er verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m. a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

Ed. 1131. Frumvarp til laga [523. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. júní.)

1. gr.

3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innstæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innstæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. l. nr. 121/1984, orðist svo:

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

3. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. nr. 121/1984, orðist svo:

Skattafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal annars vegar vera persónuafsláttur að fjárhæð 35 000 kr. en hins vegar 25% af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á bundinn reikning vegna húsnæðissparnaðar skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, allt að því hámarki er þar getur.

Nemi skattafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá skattafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan skattafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti skattafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður skattafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti skattafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984, þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillaga vegna rekstrarársins 1984 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1985. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1985 skulu bundnar í sex mánuði, talið frá innborgunardegi.

Bráðabirgðaákvæði þetta skal, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 á tekjur ársins 1984.

Ed. 1132. Lög [470. mál]

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1121 (sbr. 909).

Sþ. 1133. Fyrirspurn [529. mál]

til sjávarútvegsráðherra um markaðsverkefni sjávarútvegsráðuneytisins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður störfum markaðsnefndar sjávarútvegsráðuneytisins?
2. Hvaða árangur hefur orðið af því átaki er nefnt var „markaðsverkefni sjávarútvegsráðuneytisins“ og á hvern hátt er reiknað með að það verði samræmt annarri útflutningshvetjandi starfsemi, til dæmis starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins?
3. Við hvaða erlenda aðila hefur verið haft samband í tengslum við þetta verkefni og hvernig er talið að það geti leitt til aukinna útflutningstekna?
4. Hvernig hyggst sjávarútvegsráðuneytið bregðast við óskum frá Yemen um samvinnu á sviði fiskveiða og fiskveiðitækni?
5. Hver er heildarkostnaður ráðuneytisins vegna verkefnisins til þessa?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 1134. Nefndarálit [492. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. l. nr. 43/1980.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. júní 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Egill Jónsson.	Stefán Benediktsson.	Davíð Aðalsteinsson.
	Björn Dagbjartsson.	

Nd. 1135. Breytingartillaga [398. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. menntamálanefndar (ÓÞÞ, JBH).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum, og nefnist það fræðsluskylda. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum 7 til 15 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

Nd. 1136. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Hjörleifur Guttormsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.	

Nd. 1137. Nefndarálit [479. mál]

um frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og kallað til viðræðna ýmsa forvígismenn í ferðamálum og fulltrúa frá helstu greinum ferðamála. Einnig hafa nefndinni borist ýmsar athugasemdir, tillögur og umsagnir sem fjallað hefur verið um eftir föngum.

Nefndarmenn eru einhuga um að mæla með samþykkt frv. með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Alþingi, 5. júní 1985.

Stefán Valgeirsson, form.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Eggert Haukdal.
	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	

Nd. 1138. Breytingartillögur [479. mál]

við frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 3. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
   Ferðamálaráð heldur fundi a. m. k. fjórum sinnum á ári.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.
   Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:
   1. Félag hópferðaleyfishafa.
   2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
   3. Félag leiðsögumanna.
   4. Félag sérleyfishafa.
   5. Ferðafélag Íslands.
   6. Flugleiðir hf.
   7. Náttúruverndarráð.
   8. Samband veitinga- og gistihúsa.
   9. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
   10. Ferðaþjónusta bænda.
   11. Reykjavíkurborg.
   12. Ferðamálasamtök Vesturlands.
   13. Ferðamálasamtök Vestfjarða.
   14. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.
   15. Ferðamálasamtök Norðurlands eystra.
   16. Ferðamálasamtök Austurlands.
   17. Ferðamálasamtök Suðurlands.
   18. Ferðamálasamtök Suðurnesja.

   Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
   Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.
3. Við 6. gr.
   a. Síðasti málsl. fyrri mgr. falli brott.
   b. Síðari mgr. orðist svo:
   Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.
4. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Fríhöfnin skal greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Skal þessu fjármagni varið á eftirfarandi hátt:
   a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.
   b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
   c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr.

5. Við 9. gr.
   a. D-liður 1. mgr. orðist svo: að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan.
6. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Skal ráðið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.
7. Við 25. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
   Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs um lán- og styrkveitingar skulu lagðar fyrir Ferðamálaráð til kynningar og umfjöllunar.
8. Við 38. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Ed. 1139. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kemur frá neðri deild.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 6. júní 1985.

Egill Jónsson, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Eiður Guðnason.	Kolbrún Jónsdóttir.	Davíð Aðalsteinsson.

Nd. 1140. Nefndarálit [488. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. júní 1985.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Friðrik Sophusson.	Gunnar G. Schram.	Hjörleifur Guttormsson.
	Birgir Ísl. Gunnarsson.	

Nd. 1141. Nefndarálit [487. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 27. des. 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, sbr. l. nr. 14/1975.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt.
Ingvar Gíslason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. júní 1985.

Páll Pétursson, form., með fyrirvara.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Friðrik Sophusson, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.	Gunnar G. Schram.

Ed. 1142. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess eins og það liggur fyrir. Nefndin hefur áður fjallað um frv. svipaðs efnis, en þó með öðrum talnamörkum varðandi bindiskyldu. Meiri hl. nefndarinnar hefur ekki skipt um skoðun frá því að sú umfjöllun átti sér stað og telur raunar enn þá brýnna nú en þá að breyta þessum ákvæðum þannig að losa megi fé til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda án þess að grípa þurfi til nýrrar skattheimtu.

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti, enda einn af flm. frv.

Alþingi, 6. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Ragnar Arnalds.		Valdimar Indriðason.

Nd. 1143. Breytingartillögur [480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GE, SvG, KJóh).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „launa“ í síðari málsl. komi: kauptaxtavísitölu.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Lög þessi taka til lána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlánsstofnunum. Seðlabanka Íslands skal skylt að endurkaupa skuldabréf af öðrum aðilum en byggingarsjóðum ríkisins vegna samninga um greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum. Skuldari getur þó undanþegið sig þessu ákvæði.

3. Við 4. gr. Í stað orðsins „fullverðtryggðum“ í 1. og 2. mgr. komi: verðtryggðum.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. komi: kauptaxtavísitölu.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjalddagafjárhæð.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Kauptaxtavísitala skv. 1. og 5. gr. skal reiknuð út mánaðarlega af kjararannsóknarnefnd.

Ed. 1144. Nefndarálit [502. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna, sbr. l. nr. 69 18. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem lögð er fram á sérstöku þskj.

Alþingi, 6. júní 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 1145. Breytingartillaga [502. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna, sbr. l. nr. 69 18. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. 1. efnismgr. greinarinnar orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Nd. 1146. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Svavari Gestssyni.

2. málsgr. 3. gr. falli niður.

Nd. 1147. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hörmungarsaga frumvarps til lánsfjárlaga verður ekki rakin hér í nál. Fyrir liggur að frumvarp til lánsfjárlaga hefur aldrei verið afgreitt jafnseint og nú stendur til að gera. Töfin stafar af því að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um neitt fyrr en á elleftu stundu. Sem dæmi má nefna að hún hefur fjórum sinnum látið breyta tölum um erlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. Þessi ringulreið á grundvallarlöggjöf efnahagsstjórnar á Íslandi endurspeglar ráðleysi stjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Það er ljóst að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ná ekki saman um neitt þó að allt sé komið í óefni. Kemur hér fram að eina úrræðið, sem þessir flokkar eru sammála um í efnahagsmálum, er að lækka kaupið; allt annað er í fullkomnum ólestri.

Stjórn ríkisfjármálanna hefur gjörsamlega farið úr böndum. Ríkisstjórnin viðurkenndi eigin uppgjöf í þeim efnum á síðasta þingi með frumvarpinu um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Síðan er þróun þessara mála ein samfelld hörmungarsaga.

Fyrsti minni hl. mun gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í framsöguræðu auk þess sem breytingartillögur, sem fram kunna að koma frá öðrum nefndarmönnum, verða metnar eftir efni þeirra, en breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar eru enn ekki allar komnar fram.

Í nefndinni hefur stjórnarandstaðan aftur og aftur rekið á eftir því að þetta mál megi hljóta afgreiðslu á Alþingi. Þar hefur strandað á ósamkomulagi í stjórnarflokkunum. Sannast hér enn það sem forsætisráðherra hefur bent á að stjórnarmeirihlutinn hefur tafið þingstörfin.

Alþingi, 6. júní 1985.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.

Svavar Gestsson, frsm.

Fylgiskjal I.

31. maí 1985.

ERLENDAR SKULDIR 63,6%

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er erlend skuldastaða á árinu 1985 áætluð um 63,6% af vergri þjóðarframleiðslu. Greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum skuldum er áætluð um 21,3% af útflutningstekjum á árinu 1985.

Fylgiskjal II.

29. apríl 1985.

SKIPTING ERLENDRA LÁNA EFTIR UPPRUNA

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
Frá fjármálaráðuneyti.

Í framhaldi af fyrirspurn Svavars Gestssonar, dags. 26. apríl 1985, til formanns nefndarinnar var leitað til fjármálaráðuneytisins um svör:

Tl. 1.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins í árslok 1984 skiptast hlutfallslega þannig eftir myntum.

Í bandaríkjadollurum	54,5
Í sterlingspundum	6,0
Í vestur-þýskum mörkum	9,0
Í hollenskum flórínum	1,9
Í svissneskum frönkum	7,4
Í japönskum yenum	15,3
Annað	5,9

Tl. 2.

Viðskiptahallinn nam rúmum 4100 m. kr. samkvæmt bráðabirgðatölum 1984 og er áætlaður um 4500 m. kr. á árinu 1985.

Þess má geta að vaxtagreiðslur af erlendum lánum námu 4555 m. kr. á árinu 1984 og eru áætlaðar um 6000 m. kr. 1985.

Fylgiskjal III.

SKERÐING Á SJÓÐUM

Til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
Frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Efni: Framlög til sjóða í fjárlögum 1985.

	Framlög skv. lögum 1985	Fjárlög 1985	Skerðing í %
Erfðafjársjóður	25 000	25 000	—
Félagsheimilasjóður	27 000	7 000	74,1
Fiskveiðasjóður	135 000	—	100,0
Aflatryggingasjóður	59 000	—	100,0
Byggðasjóður	520 000	78 400	85,0
Jarðasjóður	120	430	—
Stofnlánadeild landbúnaðarins	77 000	—	—
— Lífeyrissjóður bænda	—	30 600	—
Iðnlánasjóður	28 500	28 500	—
Bjargráðasjóður	15 600	—	100,0
— harðærislán	—	19 800	—
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	250	—	100,0
Hafnarbótasjóður	10 350	10 000	—
Byggingarsjóður ríkisins	640 000	622 000	3,0
Byggingarsjóður verkamanna	—	282 000	
Framkvæmdasjóður fatlaðra	108 000	40 000	63,0
Framkvæmdasjóður aldraðra	55 000	55 000	—
Kvikmyndasjóður	32 000	8 000	
Menningarsjóður	3 800	3 800	—
Húsfriðunarsjóður	1 439	1 439	—
Ferðamálasjóður	400	—	100,0

Fylgiskjal IV.

Fiskveiðasjóður Íslands.
Reykjavík, 2. maí 1985.

GREIÐSLUÁÆTLUN FISKVEIÐASJÓÐS 1985
(í milljónum króna.)

I. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR:

Útborganir	kr.	1 725
Innborganir	kr.	1 285
Greiðsluhalli	kr.	440
Útborguð ný útlán	kr.	275
	kr.	715
Lántaka 1984	kr.	715
	kr.	0

II. SKÝRINGAR:

Innborganir:

Sjóður 1/1 1985	kr.	130
Afborgun og vextir af útlánum	kr.	980
Tekjur af útflutningsgjaldi	kr.	175
	kr.	1 285


Útborganir:

Afborgun og vextir af lánum	kr.	790
Afborgun og vextir af innstæðum lántakenda	kr.	900
Kostnaður	kr.	35
	kr.	1 725

Fylgiskjal V.

BYGGÐASJÓÐUR MARS 1985

RÍKISFRAMLÖG, "EIGIÐ FÉ" OG LÁNTÖKUR BYGGÐASJÓÐS Á VERÐLAGI 1984 M.V. BYGGINGARVÍSITÖLU



Fylgiskjal VI.

Forsætisráðuneytið
Reykjavík, 13. febrúar 1985.

Framkvæmdastofnun ríkisins,
Rauðarárstíg 25,
Reykjavík.

Málefni: Breyting togarans Sigurbjargar ÓF-1.

Með tilvísun til bréfs Framkvæmdastofnunar ríkisins, dags. 25. janúar 1985, og þeirrar samþykktar, sem stjórn stofnunarinnar hefur gert um ofangreint málefni, samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi á fundi sínum í gær:

„Kr. 100 milljónir af þeim 1836 milljónum, sem í lánsfjáráætlun er ætlað til atvinnuveganna, verði ráðstafað til breytinga á fiskiskipum í innlendum skipasmíðastöðvum og til að framkvæma samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 11. desember s. l. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Áhersla verði lögð á umtalsvert eigið fjármagn, t. d. um 20 af hundraði kostnaðar."

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að frumvarpi til lánsfjárlaga verði breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt og að Framkvæmdastofnun ríkisins fái heimild til þeirrar lántöku sem hér um ræðir. Jafnframt er ríkisstjórnin samþykk því að nú þegar verði af umræddu fé samþykkt lán til Magnúsar Gamalíelssonar hf. allt að kr. 25 milljónir til þess að breyta togaranum Sigurbjörgu ÓF-1 í frystitogara.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Úr fundargerð ríkisstjórnarinnar í des. 1984.

„Ríkisstjórnin beinir því til stjórnar Fiskveiðasjóðs að þeim fiskiskipum, sem sjóðurinn kann að eignast á næstu mánuðum, verði ráðstafað með eftirgreind meginsjónarmið í huga:

Fiskveiðasjóður ákveði viðmiðunarverð fyrir einstök fiskiskip miðað við ákveðinn greiðslutíma og greiðslukjör. Útgerðaraðilum í þeim byggðarlögum, sem hafa byggt afkomu sína á útgerð skipanna, verði að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið gefinn kostur á að semja um kaup á skipunum með framangreindum kjörum enda bjóði aðrir aðilar ekki betra heildarverð og greiðslukjör."

Fylgiskjal VII.

Landsvirkjun
18. apríl 1985
Mál: 105.5

FRAMKVÆMDA- OG RANNSÓKNARÁÆTLUN LANDSVIRKJUNAR FYRIR ÁRIÐ 1985

Bv= 206 og 1$ = 38.41 kr.

	Framkvæmdafé	Vextir	Samtals
Virkjanaframkvæmdir			
Blönduvirkjun	545,6	141,2	686,8[1]
Kvíslaveita og Þórisvatn	84,1	92,6	176,7
Sigöldu-, Hrauneyja- og Sultartangalón	20,9	1,4	22,3
	650,6	235,2	885,8
Framkvæmdir í rekstri			
Stjórnbygging kerfisráðs og 10% greiðsla	33,6	2,5	36,1
66 kV spennir Búrfelli	15,1	1,1	16,2
Stækkun H-100 og ræktun, Hrauneyjum	10,3	0,8	11,1
Annað	18,4	1,4	19,8
	77,4	5,8	83,2
Rannsóknir			
Virkjanarannsóknir	33,3	—	33,3
Háspennulínur	7,3	—	7,3
Almennar rannsóknir	38,4	—	38,4
Vextir	—	70,0	70,0
	79,0	70,0	149,0
Alls	807,0	311,0	1 118,0

1) Ef frestað verður til 1989 þá lækkar þessi tala um 82 m. kr. og verður:

Framkvæmdafé	468,5
Vextir	136,3
	604,8

Heildarfjárhæð verður þá 1036 m.kr.

Fylgiskjal VIII.

Byggðasjóður
18. mars 1985.

LÁNAÁÆTLUN 1985
— þús. kr. —

		Samþykkt áætlun 6. mars 1985	Tillögur 1985
1.	**Fiskiskip**	**30 000**	**18 000**
1.1.	Nýsmíði	–	–
1.2.	Endurbætur innanlands	15 000	8 000
1.3.	Kaup notaðra skipa innanlands	5 000	3 000
1.4.	Sérstök fyrirgreiðsla	10 000	7 000
2.	**Fiskvinnsla**	**38 000**	**39 000**
2.1.	Frystihús, framkvæmdir	15 000	20 000
2.2.	Fiskimjölsverksmiðjur	3 000	4 000
2.3.	Annað	5 000	5 000
2.4.	Sérstök fyrirgreiðsla	15 000	10 000
3.	**Iðnaður**	**30 000**	**40 000**
3.1.	Framleiðsluiðnaður	12 000	20 000
3.2.	Þjónustuiðnaður	18 000	20 000
4.	**Landbúnaður**	**14 000**	**27 000**
4.1.	(Vinnslustöðvar) Fiskeldi	(3 000)	12 000
4.2.	(Framleiðsluráð, vegna útflutningsuppbóta 1980) Loðdýraeldi	(5 000)	12 000
4.3.	Annað	6 000	3 000
5.	**Sveitarfélög**	**35 000**	**45 000**
5.1.	Gatnagerð	30 000	40 000
5.2.	Jarðhitaleit	2 000	2 000
5.3.	Annað	3 000	3 000
6.	**Varðveisla sjóminja**	**1 500**	**1 500**
7.	**Ýmislegt**	**5 000**	**7 500**
7.1.	Ferðamál	–	5 000
7.2.	Annað	–	2 500
	Almenn lán alls	153 500	178 000
8.	**Samgöngumál**	**27 000**	**–**
9.	**Hollustuhættir**	**14 000**	**14 000**
10.	**Verkefni skipasmíðastöðva (o. fl.?)**	**–**	**157 500**
11.	**Óráðstafað**	**3 000**	**2 400**
	Samtals	**197 500**	**351 900**
	Ógr. samþ. lán 31.12.1983	62 421	
	Ógr. samþ. lán 31.12.1984	65 735	

Fylgiskjal IX.

Landsvirkjun
22. maí 1985

Hr. alþingismaður Svavar Gestsson
Alþingi
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 26. apríl 1985, varðandi málefni Landsvirkjunar

Með skírskotun til símtals okkar í dag varðandi framangreint leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi um tímasetningu Blönduvirkjunar og áætlaðan kostnað við framkvæmdir Landsvirkjunar 1985.

a. Vegna almenns markaðar er áætlað að Blönduvirkjun þurfi að komast í notkun haustið 1991.
b. Á grundvelli áætlunar um að Blönduvirkjun komist í notkun haustið 1991 er gert ráð fyrir 604,8 milljóna króna kostnaði á árinu 1985 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 206 stig.
c. Áætlun um hvenær kísilmálmverksmiðja komi inn sem raforkukaupandi liggur ekki fyrir, en raforkusala til slíkrar verksmiðju gæti hafist fyrir árið 1988 ef stefnt verður að gangsetningu Blönduvirkjunar á því ári.
d. Á þessu ári er auk Blönduvirkjunar áætlað að ljúka 4. áfanga Kvíslaveitu og vinna að ýmsum frágangi við fyrri áfanga hennar og við Þórisós. Kostnaður vegna þessara framkvæmda er áætlaður 176,7 milljónir króna miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 206 stig. Auk þess er ráðgert að vinna á þessu ári við endurbætur á stíflum og lónum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu fyrir um 22,3 milljónir króna. Á sama verðlagi áætlast ýmsar framkvæmdir í rekstri í ár alls 83,2 milljónir króna.

Tekið skal fram að í öllum ofangreindum tölum eru vextir áfallins kostnaðar og áætlaður vaxtakostnaður af framkvæmdum 1985.

Virðingarfyllst,

Halldór Jónatansson
forstjóri.

Fylgiskjal X.

4. júní 1985.

MINNISPUNKTAR FRÁ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI UM STÖÐU INNLENDRAR FJÁRÖFLUNAR.

Samkvæmt upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs lágu fyrir eftirfarandi upplýsingar um innlenda fjáröflun ríkissjóðs um miðjan maí.

Innstreymi:

Sala spariskírteina	713 m.kr.
Innheimtufé spariskírteina	212 m.kr.

Útstreymi:

Innlausn eldri spariskírteina	1076 m.kr.

Varðandi 180 m.kr. innstreymi vegna skuldbreytinga endurlána ríkissjóðs er ljóst að sú fjárhæð er ekki ofáætluð.

Fylgiskjal XI.

6. maí 1985.

YFIRLIT UM STÖÐU LÁNSFJÁRÁÆTLUNAR OPINBERRA AÐILA OG ATVINNUVEGA TÍMABILIÐ JANÚAR – APRÍL 1985.

	Reikningur Janúar – apríl	Fjáröflun árs skv. frumvarpi lánsfjárlaga
Innlend fjáröflun:		
Sala spariskírteina	641,0	400,0
Sérstök fjáröflun til húsnæðismála		188,0
Innheimtufé spariskírteina	(843,6)	–
Verðbréfakaup bankakerfisins	40,0	200,0
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	275,1	1 225,0
Önnur innlend fjáröflun	–	380,0
Skyldusparnaður	(113,0)	–
Samtals	(0,5)	2 393,0
Erlend fjáröflun:		
Seðlabanki Íslands	208,6	4 007,0
Beinar lántökur B-hluta aðila	440,0	–
Af atvinnuvegunum	600,0	1 500,0
Af lánastofnunum	–	1 562,0
Samtals	1 248,6	7 069,0
Alls	**1 248,1**	**9 462,0**

Nd. 1148. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Um það leyti sem umfjöllun málsins var að ljúka í nefndinni hafði stjórnarandstaðan frumkvæði að viðræðum fulltrúa allra þingflokka um neyðina í húsnæðismálum. Í fréttum og greinargerðum frá þeim fundum hafa þegar birst upplýsingar um hugmyndir sem stjórnarandstaðan hélt þá fram. Þar voru gerðar tillögur um ýmis atriði, m. a. breytingar á þessu frv., sem meiri hl. nefndarinnar hafnaði.

Umræðugrundvöllur, sem stjórnarandstaðan lagði fram í upphafi viðræðna og greinargerð sem birt var að þeim loknum, eru prentuð hér sem fylgiskjöl

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, var viðstödd fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. júní 1985.

Guðmundur Einarsson, fundaskr., frsm. Kjartan Jóhannsson. Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Til: Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra og Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.
Frá: Þingflokkum stjórnarandstöðunnar.

UMRÆÐUGRUNDVÖLLUR FYRIR LAUSN Á RÍKJANDI NEYÐARÁSTANDI Í HÚSNÆÐISMÁLUM.

Reykjavík, 19. maí 1985.

Þingflokkar í stjórnarandstöðu á Alþingi vilja hér með vara hæstvirta ríkisstjórn og þingmeirihluta við því að slíta þingi án þess að leysa *ríkjandi neyðarástand* í húsnæðismálum.

Við viljum minna formenn stjórnarflokkanna á að orsakir þessa neyðarástands eru m. a.:

- *skert greiðslugeta* lántakenda vegna afnáms vísitölubindingar *launa en ekki lána* sem forsætisráðherra hefur kallað mistök,
- *hækkun raunvaxta* í kjölfar „vaxtafrelsis“ sem formaður Sjálfstæðisflokksins kallaði „tímamótaákvörðun.“

Við teljum að forustumönnum stjórnarflokkanna beri skylda til að beita sér fyrir því að fyrir þessi mistök verði bætt án frekari tafar. Afkoma þeirra fjölmörgu fjölskyldna, sem nú eiga eignir sínar undir uppboðshamrinum, er í húfi.

Þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa náð samkomulagi um breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar um greiðslujöfnun húsnæðislána. Aðalatriði þeirra tillagna er að stjórnvöld viðurkenni undanbragðalaust þann *umframreikning* sem lántakendum hefur verið gert að greiða vegna misgengis launa og lánskjara og hækkunar raunvaxta umfram verðbólgu.

Í breytingartillögum stjórnarandstöðunnar felst m. a.:

að auk byggingarsjóða ríkisins nái greiðslujöfnunin einnig til *banka og lífeyrissjóða,*

að réttur lántakenda verði skilgreindur og viðurkenndur án tillits til *vanskila* eða *mats* embættismanna,

að útreikningur „greiðslumarks" miðist við *kauptaxtavísitölu,*

að vextir verði lækkaðir,

að veittur verði sérstakur *skattafsláttur* skv. nánari reglum (réttur til skattafsláttar takmarkist við tiltekna *skuldlausa eign* lántakenda).

Þessar tillögur stjórnarandstöðunnar um lausn á ríkjandi neyðarástandi eru lagðar fram í *von um að samkomulag geti tekist á Alþingi* um þessar eða aðrar sambærilegar aðgerðir fyrir þinglausnir.

Um fjáröflun í þessu skyni vill stjórnarandstaða taka það fram að hún er ekki til viðtals um *nýjar erlendar lántökur.*

Þess í stað vísa stjórnarandstöðuflokkarnir til áður framlagðra fjáröflunartillagna við afgreiðslu fjárlaga og með sérstökum frumvarpa- og tillöguflutningi á Alþingi.

Auk þess lýsa stjórnarandstöðuflokkarnir sig reiðubúna til að leita samkomulags við stjórnarflokkana um aðrar innlendar fjáröflunarleiðir hvort heldur er með skattlagningu og/eða tilfærslum innan ramma fjárlaga.

Aðalatriðið að okkar mati er að Alþingi verði ekki slitið fyrr en lántakendur hafi fyrir því fullnægjandi tryggingu að lausn sé fundin á ríkjandi neyðarástandi.

Virðingarfyllst,

Svavar Gestsson,
f. h. Alþýðubandalagsins.

Jón Baldvin Hannibalsson,
f. h. Alþýðuflokksins.

Guðmundur Einarsson,
f. h. Bandalags jafnaðarmanna.

Guðrún Agnarsdóttir,
f. h. Samtaka um kvennalista.

Fylgiskjal II.

GREINARGERÐ
til stjórnarflokkanna frá stjórnarandstöðunni.

Stjórnarflokkarnir höfðu fyrir nokkrum vikum lýst yfir því að ekkert yrði frekar aðhafst í húsnæðismálum umfram það sem fram kemur í lánsfjáráætlun. Þó lá fyrir

- að þúsundir fjölskyldna voru að missa eignir sínar vegna okurlánskjara og kauplækkunar,
- að mörg hundruð milljónir króna vantaði til óbreyttrar starfsemi húsnæðislánakerfisins,
- að ekki hafði verð gert ráð fyrir neinum fjármunum til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar né heldur til þess að standa undir kostnaði við greiðslujöfnun húsnæðislána samkvæmt fyrirliggjandi stjórnarfrumvarpi.

Eina úrræði stjórnarflokkanna virtist vera að taka erlend lán og að auka þannig vanda húsnæðislánakerfisins til frambúðar.

Í ljósi þess ákvað stjórnarandstaðan að krefjast viðræðna við ríkisstjórnina og talsmenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi lýstu yfir því að þeir væru ekki reiðubúnir til neinna samninga um þinghaldið nema tekið yrði sérstaklega á vanda húsbyggjenda. Enn fremur lá fyrir að verkalýðshreyfingin og hópur áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum gerðu kröfur um að tekið yrði á þessum málum áður en þing færi í sumarleyfi, auk þess sem verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að húsnæðismálunum yrði ekki blandað í gerð kjarasamninga þeirra sem nú standa yfir.

Í upphafi þeirra viðræðna stjórnar og stjórnarandstöðu, sem nú hafa staðið yfir í 10 daga, lagði stjórnarandstaðan áherslu á að vandi almennings stafaði einkum af því að:

- kaupgjaldsvísitalan hefði verið tekin úr sambandi á sama tíma og lánskjaravísitalan hefur hækkað hrikalega; þetta jafngildir stórfelldri eignaupptöku hjá þeim sem hafa verið að byggja íbúðir eða kaupa á liðnum árum,
- að vextir hafa hækkað verulega einkum eftir að ríkisstjórnin hleypti vöxtum lausum á s. l. ári og eru raunvextir nú hærri hér á landi en nokkru sinni fyrr.

Í ljósi þessa lagði stjórnarandstaðan fram tillögur um stórfellda fjáröflun til húsnæðismála og um breytta útlánastefnu.

Tillögur stjórnarandstöðunnar um fjáröflun voru þessar:

1. Eignarskattsviðauki á fyrirtæki og stóreignir.
2. Hagnaður Seðlabankans verði gerður upptækur í byggingarsjóðina.
3. Húsnæðisgjald verði lagt á veltu fyrirtækja í verslun og þjónustu.
4. Áfengi og tóbak verði hækkað sérstaklega vegna húsnæðislánakerfisins.
5. Stofnun sérstakra skattfrjálsra sparnaðarreikninga.

Þá gerðu stjórnarandstöðuflokkarnir eftirfarandi tillögur um breytta útlánastefnu og aðgerðir í húsnæðismálum:

1. Vextir verði lækkaðir og verði aldrei hærri en 3% af húsnæðislánum.
2. Greiðslujöfnun nái ekki aðeins til Húsnæðisstofnunar heldur og til lífeyrissjóða og banka.
3. Greiðslumark húsnæðislána verði miðað við kaupgjaldsvísitölu en ekki vísitölu atvinnutekna og kaupgjaldsvísitölu að jöfnu eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar byggist á.
4. Misgengi vísitalna frá undanförnum árum verði endurgreitt í formi skattaafsláttar sem komi til framkvæmda þegar á þessu ári.
5. Lánshlutfall til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn verði hækkað. Hækkun lána vegna eldra húsnæðis verði bundin skilyrði um útborgunarhlutfall.
6. Skammtímalán vegna húsnæðiskaupa verði lengd í 10 ára lán. Seðlabankinn endurkaupi lánalenginguna af viðskiptabönkunum.
7. Lög um húsnæðissamvinnufélög verði afgreidd á þessu þingi.
8. Skipuð verði milliþinganefnd allra þingflokka sem hafi það hlutverk að endurskoða allt húsnæðislánakerfið, þ. e. lánakerfi opinberra aðila, banka og lífeyrissjóða. Nefndin geri tillögur um *nýja húsnæðisstefnu og um húsnæðisáætlun til aldamóta.* Áætlunin byggist á þeirri meginforsendu að húsnæði er mannréttindakrafa en á ekki að vera efni pólitískra átaka á fárra ára fresti.

Tillögur stjórnarandstöðuflokkanna um tekjuöflun náðu til ársins 1985 og út árið 1986. Þær gerðu ráð fyrir um 1,7 milljörðum króna til húsnæðislánakerfisins og stjórnarandstaðan byggði á því að hér væri um að ræða *viðbótarfjármagn* í húsnæðislánakerfið. Gerði stjórnarandstaðan tillögu um að þeim fjármunum yrði varið sem hér segir:

1. 840 millj. kr. til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðakaupenda. Þar af 440 millj. kr. til greiðslujöfnunar hjá bönkum, Húsnæðisstofnun og lífeyrissjóðum og 400 millj. kr. til skattalækkunar sem kæmi til framkvæmda þegar á þessu ári.
2. 550 millj. kr. yrði varið til þess að hækka lánshlutfall þeirra sem byggja og kaupa í fyrsta sinn.

3. 350 milljónum króna yrði varið til félagslegra íbúðabygginga, þ. e. 250 millj. kr. til verkamannabústaða og 100 millj. kr. til húsnæðissamvinnufélaga.

Nú liggur fyrir afstaða ríkisstjórnarinnar og er niðurstaðan þessi:

1. Ríkisstjórnin fellur frá þeim hugmyndum að taka aukin erlend lán til húsnæðislánakerfisins.
2. Ríkisstjórnin fellst á tillögur um eignarskattsviðauka en hafnar hugmyndum um frekari skattlagningu á eignir og fyrirtæki.
3. Ríkisstjórnin fellst á að skipa milliþinganefnd.
4. Ríkisstjórnin gefur fyrirheit um sérstakan skattaafslátt til húsbyggjenda og íbúðakaupenda á næsta ári.
5. Ríkisstjórnin lýsir yfir því að tekjuöflunin til húsnæðiskerfisins 1985 og 1986 komi til viðbótar þeirri fjáröflun sem þegar er um að ræða til húsnæðislánakerfisins.
6. Þá liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir munu taka upp greiðslujöfnun til samræmis við húsnæðislánin.

Milli stjórnar og stjórnarandstöðu tókst hins vegar ekki heildarsamkomulag í húsnæðismálum. Ástæðurnar eru þessar:

1. Stjórnarflokkarnir kusu að gera söluskattshækkun að meginuppistöðu í tekjuöflun til húsnæðismála. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru því andvígir og munu greiða atkvæði gegn söluskattshækkuninni.
2. Stjórnarflokkarnir höfnuðu tillögum um vaxtalækkun og að greiðslumark húsnæðislána tæki einungis mið af kaupgjaldsvísitölu.
3. Stjórnarflokkarnir voru ekki tilbúnir til þess að tryggja framgang frumvarps um húsnæðissamvinnufélög en þar virtist standa á ágreiningi milli stjórnarflokkanna. Munu stjórnarandstöðuflokkarnir því leggja frumvarpið fram á Alþingi næstu daga.
4. Stjórnarflokkarnir voru ekki tilbúnir til að tryggja endurgreiðslu vegna misgengis vísitalna í formi skattaafsláttar þegar á þessu ári.
5. Stjórnarflokkarnir höfnuðu því að taka hagnað Seðlabankans í byggingarsjóðina.

Með þessari afstöðu komu stjórnarflokkarnir í veg fyrir að heildarsamkomulag tækist í húsnæðismálum.

Stjórnarandstöðuflokkarnir munu áfram beita sér fyrir þeim breytingum sem áður voru skýrðar í þessari greinargerð.

Varðandi afstöðu til einstakra mála á næstu dögum vilja stjórnarandstöðuflokkarnir að lokum árétta:

1. Þeir munu greiða atkvæði á Alþingi gegn hækkun söluskatts.
2. Þeir munu styðja eignarskattsviðaukann og sérstaka hækkun á áfengi og tóbaki.
3. Þeir leggja áherslu á þátttöku í störfum milliþinganefndarinnar.

Stjórnarandstöðuflokkarnir telja að miðað við aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessum málum og áform hennar um erlendar lántökur hafi nokkur árangur náðst. Það má reyndar teljast verulegur ávinningur að tekist hefur að knýja fram að 1 milljarður kr. fáist til húsnæðismála umfram það sem áður var gert ráð fyrir.

Þeim megintekjuöflunarleiðum, sem stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu til, var þó hafnað en þess í stað valin tekjuöflunarleið sem stjórnarandstaðan getur ekki sætt sig við. Þrátt fyrir talsverðan árangur er niðurstaðan því engu að síður ófullnægjandi.

Er það ekki síst vegna þess að ríkisstjórnin ætlar í litlu að bæta það fjárhagstjón sem húsnæðiskaupendur hafa beðið vegna misgengis vísitalna og enn fremur að ekki liggur fyrir að komið sé til móts við þarfir húsnæðissamvinnufélaga. Þetta eru veigamiklir þættir þess bráða vanda sem við blasir og verður að leysa.

Til þess eru stjórnarandstöðuflokkarnir reiðubúnir.

Svavar Gestsson. Jóhanna Sigurðardóttir. Stefán Benediktsson.

Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 1149. Breytingartillögur [247. mál]

við frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi fimm nýjar greinar er orðist svo:

a. (6. gr.) Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía, sem ætluð er til nota í utanlandsflugi, ásamt öðrum olíutegundum, sem eru seldar úr landi til erlendra aðila.

b. (7. gr.) Innflytjandi olíu skal halda aðskilinn reikning yfir innkaupajöfnun hverrar olíutegundar. Hann skal tilkynna Verðlagsstofnun breytingar á jöfnunarverði og gildistöku þess með nánar tilteknum fyrirvara sem stofnunin setur. Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um framkvæmd innkaupajöfnunar á hverjum tíma.

c. (8. gr.) Innkaupajöfnun nær til kostnaðarverðs olíu sem komin er í geyma í innflutningshöfn hjá innflytjanda.

Jöfnunarverð hverrar olíutegundar er kostnaðarverð olíunnar að viðbættum jákvæðum eða neikvæðum mismun sem jafna skal kostnaðarverð milli einstakra farma eða hluta úr förmum. Staða innkaupajöfnunarreiknings er því uppsöfnun á jákvæðum eða neikvæðum mismun á kostnaðarverði og jöfnunarverði olíu á hverjum tíma.

d. (9. gr.) Verðlagsráð eða Verðlagsstofnun skal samþykkja sérstakan innkaupahvata í kostnaðarverði hjá þeim innflytjanda sem hagstæð olíuinnkaup gerir á hverjum tíma.

Ákveðinn hluti hagstæðra olíuinnkaupa skal þó ávallt renna til neytenda í formi lægra kostnaðarverðs samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs eða Verðlagsstofnunar hverju sinni.

e. (10. gr.) Verðlagning á olíuvörum skal að öðru leyti vera samkvæmt lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. l. nr. 13/1979, l. nr. 52/1982 og l. nr. 33/1984.

2. Við 7. gr. sem verði 12. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, með síðari breytingum.

3. **Ákvæði til bráðabirgða** orðist svo:

Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín.

Sameiginlegum innkaupajöfnunarreikningi Olíufélagsins hf., Olíufélagsins Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. á bensíni, gasolíu og svartolíu hjá Verðlagsstofnun skal skipt niður á hvert olíufélag þann 1. janúar 1986 samkvæmt ákvörðun Verðlagsstofnunar.

Verðlagsráð skal stefna að því að halli sá, sem við samþykkt þessara laga er á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna, verði jafnaður fyrir gildistöku laganna.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

Ed. 1150. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og kallað á sinn fund forstjóra allra olíufélaganna, fulltrúa viðskiptaráðuneytisins, Svein Björnsson, og Gunnar Þorsteinsson fulltrúa verðlagsstjóra.

Frv. fjallar um að leggja niður svokallað verðjöfnunargjald á olíuvörum, sem verið hefur í gildi frá árinu 1953, og taka upp flutningsjöfnunarsjóð.

Nefndin telur að þessi breyting sé til bóta því að svokallað verðjöfnunargjald hefur verið mjög gagnrýnt og erfitt að koma þar við æskilegu eftirliti.

Nefndin leggur til að gerð verði sú breyting, eða viðbót, á frv. að það taki einnig til annars þáttar í olíuverðsmynduninni hér innanlands, en það er svokallaður innkaupajöfnunarreikningur. Í hann er fært gjald sem tekið er af hverjum olíufarmi sem fluttur er til landsins og reikningurinn látinn jafna sveiflur sem eru á verði bensíns og brennsluolíu.

Nefndin leggur til að stofnaður verði sérstakur innkaupajöfnunarreikningur sem hvert olíufélag eða olíuinnflytjandi skal halda. Nefndin telur slíka breytingu geta orðið hvata til þess að olíufélögin leggi megináherslu á að ná sem hagstæðustum innkaupum á þeim olíuvörum (bensíni og brennsluolíu) sem eru fluttar inn utan sérstakra viðskiptasamninga, en það er um helmingur þessara vara.

Varðandi breytingartillögur nefndarinnar á þskj. 1149 skal eftirfarandi tekið fram til skýringar:

Um nýja 6. grein.

Nú er haldinn sameiginlegur innkaupajöfnunarreikningur olíufélaganna þriggja hjá Verðlagsstofnun yfir bensín, gasolíu og svartolíu. Með sérstökum innkaupajöfnunareikningi hvers olíuinnflytjanda á hverri olíutegund skapast möguleiki á aukinni samkeppni milli olíuinnflytjenda um hagstæð innkaup og söluverð þó að sama verð gildi um allt land hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans.

Með þessu ættu millifærslur milli innflytjenda að falla niður.

Undanþága frá innkaupajöfnun nær til millilandaflugs og sölu á öðrum olíum til erlendra aðila.

Um nýja 7. grein.

Með innkaupajöfnun er nauðsynlegt að halda hverri olíutegund aðskilinni svo að notendur bensíns greiði ekki niður t. d. gasolíu fyrir notendur hennar eða öfugt.

Tilkynningarskylda til Verðlagsstofnunar um breytingu á jöfnunarverði er sett til þess að stofnunin hafi betri möguleika á að fylgjast með verðþróun og grípa inn í verðlagningu olíuvara reynist það nauðsynlegt.

Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um innkaupajöfnun svo að ekki verði mismunur milli einstakra innflytjenda varðandi t. d. jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga eða eftir því hvort jöfnunarverðið tekur mið af meðalverði birgða eða öðru eftir aðstæðum hverju sinni.

Um nýja 8. grein.

Til kostnaðarverðs í greininni telst „cif-verð“, rýrnun við flutning til landsins, tollar og önnur aðflutningsgjöld innheimt við tollmeðferð, vörugjald til innflutningshafna, uppskipunarkostnaður og sérstakur innkaupahvati. Greinin fjallar að öðru leyti um skilgreiningu á jöfnunarverði olíu og innkaupajöfnunarreikningi.

Um nýja 9. grein.

Það hefur verið deilt á verðlagsyfirvöld fyrir það að þau skapi ekki nægan hvata til hagstæðra olíuinnkaupa með ákvörðun um hámarksverð og hámarksálagningu. Hér er gerð

tilraun til að hvetja olíuinnflytjendur til hagstæðra innkaupa meðan hámarksverð eða hámarksálagning eru í gildi gegn ákveðinni umbun, með það í huga að bæði innflytjendur og neytendur fái notið góðs af.

Auk þess er gert ráð fyrir að sameina einstaka liði í samþykktum verðútreikningi olíuvara, svo sem bankakostnað, geymslurýrnun, vaxtaálagningu, magnálagningu, veltuálagningu og flutningsjöfnunargjald þannig að þeir verði hluti álagningar innflytjenda.

Um nýja 10. grein.

Hér er ítrekað að ákvörðunarvald um verðlagningu olíuvara er samkvæmt lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og því í höndum Verðlagsráðs að ákveða hvernig verðlagningu olíuvara skuli háttað að öðru leyti en lög þessi gera ráð fyrir.

Um nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Um næstu áramót á flutningsjöfnunarsjóður að taka við réttindum og skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs.

Þá mun Verðlagsráð ákveða flutningsjöfnunargjald og flutningskostnað á olíum og bensíni en dagleg framkvæmd verða í höndum stjórnar sjóðsins og Verðlagsstofnunar.

Fyrir þann tíma ætti að gefast kostur á að láta athuga hagkvæmni olíuflutninga og fyrirkomulag þeirra áður en nýir aðilar taka við framkvæmd laganna.

Nefndarmenn urðu sammála um afgreiðslu þessa máls. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu þess.

Alþingi, 6. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Valdimar Indriðason, frsm.
Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.	Jón Kristjánsson.
	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	

Nd. 1151. Breytingartillögur [397. mál]

við frv. til l. um veitinga- og gististaði.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.
   b. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
      Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.
2. Við 2. gr. Röð málsgreina breytist svo að 4. mgr. verði 2. mgr., 2. mgr. verði 3. mgr. og 3. mgr. verði 4. mgr.
3. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo: Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvaraeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.
   b. 5. mgr. falli niður.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.
6. Við 11. gr. Fyrri málsl. orðist svo: Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum.
7. Við 14. gr. Fyrri málsl. orðist svo: Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra.
8. Við 15. gr. Síðari mgr. falli niður.

Nd. 1152. Nefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um veitinga- og gististaði.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og fengið til viðræðu Þórhall Halldórsson frá Hollustuvernd ríkisins, Þóri Hilmarsson brunamálastjóra, Vilhjálm Rafnsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Ragnheiði Hjaltadóttur lögfræðing í samgönguráðuneyti.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Alþingi, 6. júní 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Karvel Pálmason.	

Ed. 1153. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Stefán Benediktsson stendur einnig að afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., frsm.	Ragnar Arnalds.
Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.
	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 1154. Breytingartillaga [351. mál]

við frv. til l. um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Í stað orðanna „enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin“ í niðurlagi fyrri málsl. 1. gr. komi: enda taki ríkissjóður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda en félagsmaður greiði sinn eigin hlut.

Ed. 1155. Nefndarálit [281. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu Seðlabankahúss.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 6. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.
	Jón Kristjánsson.	

Ed. 1156. Breytingartillaga [281. mál]

við till. til þál. um hagnýtingu Seðlabankahúss.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

2. mgr. tillögunnar orðist svo:

Framkvæmdir við bygginguna, sem ekki eru þegar samningsbundnar, verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið.

Ed. 1157. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur áður haft til meðferðar mál af þessu tagi og hefur farið fram ítarleg umræða um það, bæði í nefndinni og í þingsölum.

Minni hl. telur sem fyrr að ekki beri að lögfesta hámark bindiskyldu þar sem hún er hluti af peningastefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Minni hlutinn leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. júní 1985.

Jón Kristjánsson, frsm.

Egill Jónsson.

Sþ. 1158. Nefndarálit [336. mál]

um till. til þál. um frelsi í útflutningsverslun.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til umfjöllunar og fengið um hana nokkrar umsagnir.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. júní 1985.

Kristín S. Kvaran, fundaskr.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.

Nd. 1159. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og jafnframt rætt frv. sama efnis flutt af nokkrum þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna.

Nefndin hefur komist að samkomulagi um flutning þriggja breytingartillagna. Til að ná sem víðtækustu samkomulagi þingmanna um afgreiðslu málsins beitti nefndin sér fyrir því að flm. tillagnanna væru úr öllum þingflokkum, einnig þeim sem ekki eiga aðild að nefndinni. Þessar breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þskj.

Fyrsta breytingartillagan gerir ráð fyrir að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, teljist ekki ganga gegn lögunum. Verði þessi breytingartillaga samþykkt er viðurkennt í lagatexta að slíkar aðgerðir, sem grundvallast á sérstökum ákvörðunun, séu ekki brot á lögunum, en sumir lögfræðingar hafa haldið því fram að gildandi lög heimili slíkar aðgerðir. Með þessari breytingartillögu er ekki verið að leggja til að aðgerðum af þessu tagi sé beitt og sumir flm. tillögunnar eru á móti slíkri tímabundinni mismunun þótt fallist sé á að hún brjóti ekki í bága við lögin. Sambærilegan texta er að finna í „alþjóðasamningi um afnám alls misréttis gagnvart konum", sem gerður var í New York 18. desember 1979, en Alþingi samþykkti nýlega heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda þann samning.

Önnur breytingartillagan fjallar um málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs. Samkvæmt breytingartillögunni fær Jafnréttisráð heimild til málshöfðunar *í samráði* við aðila sem telur á sér brotið, en ráðið þarf ekki að reka málið *í umboði* hans eins og í stjórnarfrv. er sagt. Með þessari breytingu rýmkast málshöfðunarréttur Jafnréttisráðs, en þó verður ráðið að virða neitun viðkomandi aðila ef hann vill ekki afhenda forræði sakarefnis.

Í þriðju breytingartillögunni er fjallað um framkvæmdaáætlanir um jafnréttismál og framlagningu framvinduskýrslna á Alþingi um þau mál.

Á þessu ári lýkur kvennaáratugi S.Þ. Þess vegna telur félagsmálanefnd æskilegt að samstaða náist um afgreiðslu frv. á þessu þingi. Nefndarmenn hafa lagt sig fram um að ná samkomulagi þótt slíkt hafi að sjálfsögðu kostað að lagðar hafa verið til hliðar ýtrustu óskir einstakra nefndarmanna.

Alþingi, 6. júní 1985.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Svavar Gestsson.	Halldór Blöndal.	Stefán Guðmundsson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 1160. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Friðriki Sophussyni, Stefáni Valgeirssyni, Svavari Gestssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Halldóri Blöndal, Stefáni Guðmundssyni, Eggert Haukdal, Kristínu S. Kvaran og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. 3. gr. orðist svo:
   Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.
2. 17. gr. orðist svo:
   Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.
3. 22. gr. orðist svo:
   Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.
   Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr.
   Áætlun þessa skal senda öllum jafnréttisnefndum sveitarfélaga.
   Áætlunina skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu. Félagsmálaráðherra skal á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Nd. 1161. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir minni hl. með samþykkt þess en flytur breytingartillögu við 1. gr. frv.

Það er álit minni hl. að það yrði skólastarfi í grunnskólum landsins ekki til framdráttar ef þeir nemendur, sem nú hverfa úr skóla eftir 8. bekk, yrðu skyldaðir til að

halda áfram námi sem þeir hafa engan áhuga á. Minni hl. telur að þeir nemendur, sem þannig yrðu þvingaðir til skólaveru, gætu skaðast verulega með slíkri ráðstöfun og e. t. v. gæti það komið í veg fyrir framhald í námi síðar meir.

Alþingi, 6. júní 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.

Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.

Nd. 1162. Breytingartillaga [479. mál]

við frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá Karvel Pálmasyni.

Við 27. gr. Orðin „eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt“ falli brott.

Ed. 1163. Lög [74. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní.)

Samhljóða þskj. 1080.

Nd. 1164. Breytingartillaga [455. mál]

við frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÞP).

Við 4. gr. 3. tl. orðist svo: Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 500 milljónum króna er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar. Leitað skal heimildar til lántöku í lánsfjárlögum hverju sinni.

Ed. 1165. Lög [478. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Afgreidd frá Ed. 6. júní.)

Samhljóða þskj. 1047 (sbr. 837).

Nd. 1166. Siglingalög. [149. mál]

(Afgreidd frá Nd. 6. júní.)

Samhljóða þskj. 1130 (sbr. 1041 og 154).

Nd. 1167. Breytingartillaga [480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist ný málsgr. svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra skal þegar í stað, í samráði við félagsmálaráðherra, beita sér fyrir skuldbreytingu til a. m. k. 10 ára á skammtímalánum í bönkum og sparisjóðum vegna öflunar eigin húsnæðis.

Nd. 1168. Frumvarp til laga [480. mál]

um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. júní.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga, sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarri viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa og/eða af hækkuðum raunvöxtum, ekki valda því að greiðslubyrði af greindum lánum þyngist.

2. gr.

Lög þessi taka til fasteignaveðlána einstaklinga, sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins, og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og stofnunum eftir því sem um semst milli lántaka og lánveitanda.

Lögin geta einnig tekið til almennra lána vegna fasteignaviðskipta þar sem samið er sérstaklega um, að ákvæðum um greiðslujöfnun við endurgreiðslu eftirstöðva kaupverðs skuli beitt.

Lög þessi taka eingöngu til verðtryggðra lána, en viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglur um sambærileg lánskjör óverðtryggðra lána.

3. gr.

Við gerð lánssamnings skal ákveða greiðslumark fyrir lánið.

a) Greiðslumark af verðtryggðu láni með jöfnum afborgunum er gjaldfallin afborgun og upphaflega umsamdir vextir á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.
b) Greiðslumark af verðtryggðum jafngreiðslulánum er ársgreiðslan á verðlagi við lántöku miðað við upphaflega umsamda vexti.

4. gr.

Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin hafa verið á tímabilinu frá 1. mars 1982 til gildistöku laga þessara, er gjaldfallin afborgun og vextir á verðlagi við lántöku.

Greiðslumark af fullverðtryggðum lánum, sem tekin voru fyrir 1. mars 1982, er gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. mars 1982.

Greiðendum lána, er um ræðir í þessari grein, sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar, skal gefinn kostur á að fresta greiðslum af þessum lánum skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga, enda berist stofnuninni umsókn þar að lútandi fyrir 1. september 1985.

5. gr.

Á gjalddaga láns er greiðslumark framreiknað miðað við breytingu á launavísitölu skv. 6. gr. og borið saman við gjalddagafjárhæð lánsins, sem er samanlögð fjárhæð afborgunar, verðtryggingarþáttar (verðbóta) og vaxta samkvæmt lánssamningi án greiðslujöfnunar.

Sé framreiknað greiðslumark lægra en gjalddagafjárhæð, gjaldfellur einungis sá hluti gjalddagafjárhæðar, sem samsvarar greiðslumarki. Greiðslu á ógreiddum hluta gjalddagafjárhæðar er frestað og myndar hann skuld á sérstökum jöfnunarreikningi sem telst hluti af höfuðstól lánsins.

Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við greiðslumark að því marki, sem skuld er á jöfnunarreikningi, en sé jöfnunarreikningur skuldlaus, skal gjalddagafjárhæð ráða greiðslu.

Ef skuld er á jöfnunarreikningi eftir að upprunalegum lánstíma er lokið, skal endurgreiða hana á sama gjalddaga (gjalddögum) ársins miðað við framreiknað greiðslumark á síðasta gjalddaga lánsins.

Lánskjör, þ. m. t. vextir og verðtrygging vegna skuldar á jöfnunarreikningi, skulu vera þau sömu og af upprunalegu láni.

6. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna út og birta mánaðarlega launavísitölu til greiðslujöfnunar. Launavísitalan skal miðuð við upphaf hvers mánaðar og gilda við útreikning greiðslumarks lána frá og með fyrsta degi næsta mánaðar. Vísitala þessi skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Vísitala atvinnutekna skal byggð á áætlunum Þjóðhagsstofnunar um mánaðarlegar breytingar atvinnutekna á mann. Launavísitalan skal sett 100 í júní 1979 og reiknuð fyrir hvern mánuð frá þeim tíma.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiðendum fullverðtryggðra lána, sem um ræðir í 4. gr. þessara laga, skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) á næsta heila ári hvers láns. Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð sem á jöfnunarreikningi stæði ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku og einungis taka til þeirra sem nú eiga í greiðsluerfiðleikum og æskja frestunar af þeim sökum. Húsnæðisstofnun skal kynna nánari reglur og viðmiðanir um skilyrði fyrir frestun, ekki síðar en 15. júlí 1985. Umsóknir skulu hafa borist stofnuninni fyrir 1. september 1985.

Nd. 1169. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÞP).

Við 12. gr. Í stað „8000“ komi: 18 000.

Ed. 1170. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9/1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 7. júní 1985.

Haraldur Ólafsson, form. Eiður Guðnason, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Helgi Seljan. Valdimar Indriðason.

Nd. 1171. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hingað og ekki lengra. Nú verður að spyrna á móti, stöðva aukningu erlendra skulda og snúa síðan þróuninni við á næstu árum og lækka erlendu skuldirnar. Þetta er það markmið sem við sem þjóð verðum að setja okkur. Við megum ekki og getum ekki gengið lengra í skuldasöfnun. Allar óskir og langanir verða að víkja fyrir þessu markmiði. Við getum ekki varið það fyrir börnum okkar að velta sífellt stærri og þyngri byrðum yfir á þau. Við getum heldur ekki varið það fyrir forverum okkar sem börðust fyrir sjálfstæði þessa lands að við stofnum lýðveldi og sjálfstæði í glötun með taumlausri skuldasöfnun.

Þetta þýðir vitaskuld að margir fá ekki það sem þá langar til, framkvæmdir verða að bíða, velja verður og hafna innan þrengri ramma en við höfum tamið okkur. Þjóðarnauðsyn býður hins vegar að það sé gert og fyrir henni verða óskir og kröfugerð einstakra aðila að víkja. Til þess er Alþingi að marka stefnuna fyrir hönd þjóðarheildarinnar. Alþingi má ekki leiða þetta verk hjá sér. Það er þess að marka rammann og velja síðan og hafna innan hans.

Undan þessu alvarlega viðfangsefni — langafdrifaríkasta málefni þjóðarinnar — víkja sér ríkisstjórnin og fulltrúar hennar í fjárhags- og viðskiptanefnd. Þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherra, svo sem bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra, um að skuldasöfnun erlendis megi ekki aukast eru tillögur stjórnarflokkanna í fjárhags- og viðskiptanefnd um að taka ný erlend lán að upphæð 10 100 milljónir kr., þ. e. 7200 milljónir til langs tíma og 2900 milljónir kr. í formi skammtímalána. Samkvæmt þessu á að bæta við 27,7 milljónum króna í

nýjum erlendum lánum hvern einasta dag ársins 1985, virkan sem helgan. Samkvæmt þessu á enn að auka löng erlend lán úr um 62% af þjóðarframleiðslu í 63.6%.

Alþýðuflokkurinn telur að nú strax verði að spyrna á móti þótt ýmsum kunni að þykja það óþægilegt.

Í samræmi við þessi sjónarmið og með það að markmiði að erlendar langtímaskuldir aukist ekki sem hlutfall af þjóðarframleiðslu flytur undirritaður breytingartillögur við lánsfjárlögin á sérstöku þingskjali.

Tillögurnar fela það í sér að **erlendar lántökur verði tæpum milljarði, eða 940 milljónum króna, lægri en tillögur stjórnarflokkanna** í nefndinni. Nettó-lántökur erlendis yrðu samkvæmt þessum tillögum 1660 milljónir króna, en það er 36% lægra en í tillögum stjórnarflokkanna. Svigrúm til lækkunar á erlendum lántökum takmarkast vitaskuld af því, að fjárlög hafa þegar verið afgreidd með miklum halla sem verður að mæta, enda er gengið út frá þeirri staðreynd í þessum tillögum.

Sú lækkun, sem felst í tillögunum miðað við tillögur stjórnarflokkanna, sundurliðast þannig:

		millj. kr.
Ríkissjóður		
A-hluti: vegna rannsóknaverkefna og nýrra atvinnugreina í landbúnaði	−70	
B-hluti: Byggðasjóður	−26	−96
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs		
Landsvirkjun	−230	
Grænfóðurverksmiðjur	−24	
Þróunarfélag	−40	−294
Framkvæmdasjóður		
Stofnlánadeild landbúnaðarins	−40	
Iðnlánasjóður	−190	
Verslunarlánasjóður	−10	
Stofnlánadeild samvinnufélaga	−10	
Sjávarútvegssjóður	−50	
Stofnlánadeild, vegna loðdýraræktar	−50	−350
Útflutningslánasjóður	−50	−50
Alls		−790

Þá er gerð tillaga um að lántaka vegna þróunarfélags verði innlend. Lækka því erlendar lántökur alls um 940 milljónir króna.

Eins og frumvarp til lánsfjárlaga liggur nú fyrir neðri deild, samkvæmt því sem efri deild afgreiddi það á sínum tíma, er gert ráð fyrir heildarlántökum að upphæð 9462 millj. kr. Í breytingartillögum undirritaðs eru lántökur alls 663 millj. kr. lægri og erlendar lántökur 813 millj. kr. lægri en samkvæmt frv. eins og efri deild gekk frá því. Jafnframt var þá áformað að afla innanlands 2393 millj. kr., en hér er lagt til að afla 150 millj. króna sérstaklega vegna þróunarfélags. Samkvæmt þessu er í tillögunum gert ráð fyrir innlendri lánsfjáröflun að upphæð 2543 millj. kr.

Þessar tillögur fela því í sér eftirfarandi breytingar frá frv. eins og það liggur fyrir frá efri deild:

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs eru 50 millj. kr. hærri en í frv. eftir 3. umr. í Ed. og greinast þær þannig:

1. Framlag til rannsóknarstarfsemi ..... 40 m. kr.
2. Kvikmyndasjóður ..... 10 m. kr.

Heildarlántökur B-hluta fjárlaga lækka nettó frá frv. um 21 m. kr. og felst það í eftirfarandi:

1. Byggðasjóður	−26 m. kr.
2. Laxeldisstöð í Kollafirði	+5 m. kr.

Lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs lækka frá frv. um 92 m. kr. nettó og greinist það þannig:

1. Landsvirkjun	−230 m. kr.
2. Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	−12 m. kr.
3. Þróunarfélag	+150 m. kr.

Lækkun lántöku Landsvirkjunar um 230 m. kr. til framkvæmda kallar á endurskoðun framkvæmdaáætlunar fyrirtækisins á árinu 1985. Lántaka til þróunarfélags var upphaflega áformuð 500 m. kr. sem erlend lántaka, en hér er lagt til að afla til félagsins 150 m. kr. innanlands með útgáfu skuldabréfa.

Heildarlántökur lánastofnana lækka um 700 m. kr. frá frv. sem öll kemur fram hjá Framkvæmdasjóði Íslands og felst í eftirfarandi:

1. Framkvæmdasjóður, vegna þróunarfélags	−500 m. kr.
2. Stofnlánadeild landbúnaðarins	−40 m. kr.
3. Iðnlánasjóður	−140 m. kr.
4. Verslunarlánasjóður	−10 m. kr.
5. Stofnlánadeild samvinnufélaga	−10 m. kr.

Til atvinnufyrirtækja var gert ráð fyrir 1500 m. kr. erlendum lántökum á árinu 1985. Lagt er til að hækka þessa fjárhæð um 100 m. kr. og er þá tekið mið af nýjum upplýsingum er varða lántökuáform þessara aðila í ár, og er það samhljóða tillögum meiri hl. nefndarinnar.

Fylgiskjal I sýnir heildaryfirlit yfir lántökur samkvæmt þessum tillögum. Í fylgiskjali II er lánsfjárúthlutun til opinberra aðila sundurliðuð og lánsfjáráætlun Framkvæmdasjóðs skv. þessum tillögum kemur fram í fylgiskjali III.

Í fyrirliggjandi gögnum kemur enn fremur fram að stjórnarflokkarnir gera ráð fyrir 2900 milljónum króna í nýjum skammtímalánum skv. liðnum „Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó“ í fylgiskjali VI í nefndaráliti meiri hl. nefndarinnar á þskj. 1087. Hér er ekki um lagaákvæði að ræða heldur stefnumörkun. Málið er því ekki efni í breytingartillögu. Á hinn bóginn verður að vara við þessari stefnu. Hún er ískyggileg. Háar skammtímaskuldir eru vísasti vegurinn til greiðsluvandræða. Aðrar þjóðir með svipaða eða skárri skuldastöðu en Íslendingar hafa einmitt lent í greiðsluerfiðleikum vegna þess að verulegur hluti erlendra skulda þeirra er til skamms tíma. Þar höfum við því dæmi til að varast. Skoðun undirritaðs er sú að stefnan eigi að vera sú að hafa skammtímalán um 1000 milljónum lægri en stjórnarstefnan gerir ráð fyrir.

Verði þessar tillögur og sú stefnumörkun, sem í þessu áliti felst, samþykkt mundi viðskiptahalli á árinu minnka um 500–1000 milljónir króna.

Þessar tillögur skapa líka svigrúm til þess að bæta kjör vinnandi fólks. Með aðhaldi í fjárfestingu eykst svigrúm til kjarabóta hjá vinnandi fólki.

Hin alræmda spenna í efnahagslífinu, sem allir fordæma, mundi líka minnka og jafnvægi aukast. Það mundi skapa sjávarútveginum betri starfsskilyrði.

Auk þess sem hér hefur verið rakið, flytur undirritaður tillögur um tvö önnur atriði.

Í fyrsta lagi er tillaga um heimild til handa fjármálaráðherra að gefa út á árunum 1985 og 1986 verðtryggð ríkisskuldabréf, en án vaxta, er nýta megi til þess að flýta verkáföngum sem gert hefur verið ráð fyrir að vinna síðar samkvæmt vegáætlun. Gjalddagi bréfanna yrði á

því ári sem verk það, sem fyrir var greitt, skyldi unnið samkvæmt vegáætlun. Notkun heimildar þessarar er bundin því skilyrði að fengnar hafi verið tillögur Vegagerðar ríkisins og samþykki fjárveitinganefndar. Heimild þessi er allt að 150 milljónir króna. Með ákvæði sem þessu mundu skapast auknir möguleikar til þess að nýta slaka í verktakastarfsemi til þess að vinna að vegagerð. Verktökum yrði hins vegar einungis greitt fyrir slík verk með þessum skuldabréfum. Í rauninni er hér um að ræða nokkra útvíkkun á því fyrirkomulagi sem viðgengist hefur, þ. e. að verktakar hafa flýtt verkum milli ára þótt greiðsla ríkissjóðs bærist ekki fyrr en síðar.

Í öðru lagi er tillaga um heimild til fjármálaráðherra til einfaldrar ríkisábyrgðar vegna lána fiskeldisstöðva hjá Norræna fjárfestingarlánasjóðnum.

Undirritaður leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hafa verið raktar og fluttar eru á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 6. júní 1985.

Kjartan Jóhannsson.

Fylgiskjal I

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1985
(millj. kr.)

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup	Lífeyris-sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**400**	**150**	**—**	**380**	**3 241**	**4 171**
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	856	1 456
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 088	1 268
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	150	—	—	971	1 121
Sveitarfélög	—	—	—	—	326	326
II Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**1 045**	**188**	**553**	**1 786**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	700	188	553	1 441
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	**—**	**200**	**180**	**—**	**862**	**1 242**
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	742	1 092
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
Útflutningslánasjóður	—	—	—	—	70	70
IV Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**1 600**	**1 600**
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 600	1 600
Heildarfjárþörf (I—IV)	**400**	**350**	**1 225**	**568**	**6 256**	**8 799**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II

Lánsfjárþörf opinberra aðila 1985
(millj. kr.)

	Endurskoðun eftir afgr. fjárlaga 1985	Eftir afgr. efri deildar	Áætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	**3 601**	**3 248**	**3 277**
1.1 A-hluti	**2 156**	**1 406**	**1 456**
1.2 B-hluti	**1 445**	**1 842**	**1 821**
Byggðasjóður	120	120	94
Byggingarsjóður ríkisins	—	403	403
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	150	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	5	5	5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	340	340
Laxeldisstöðin í Kollafirði	—	—	5
RARIK, almennar framkvæmdir	175	169	169
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	500	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10	10
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	32[2]	32[1]	32[1]
Umferðarmiðstöð	3	3	3
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	100	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 800**	**1 213**	**1 121**
Landsvirkjun	1 200	1 036	806
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	40	40
Steinullarverksmiðja	60[2]	75[2]	75[2]
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	—	50	50
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	—	12	0
Þróunarfélag	500	0[3]	150[4]
3. Sveitarfélög	**153**	**326**	**326**
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	65	85	85
Fjarhitun Vestmannaeyja	82	82	82
Hitaveita Akureyrar	—	140	140
Hitaveita Rangæinga	6	6	6
Hitaveita Siglufjarðar	—	6	6
Hitaveita Egilsstaða og Fella	—	7	7
4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6)	**5 554**	**4 787**	**4 724**
5. Innlend fjáröflun	**780**	**780**	**930**
Útgáfa spariskírteina	400	400	400
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	180	180	180
Önnur fjáröflun	200	200	350[4]
6. Erlend lán	**4 774**	**4 007**	**3 794**
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 821	2 468	2 497
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 800	1 213	971
Sveitarfélög	153	326	326

[1] Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.
[2] Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.
[3] Lántökuheimild að fjárhæð 500 m. kr. flutt á Framkvæmdasjóð.
[4] Afla skal 150 m. kr. til Þróunarfélags með sérstakri skuldabréfaútgáfu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Alþt. 1984. A. (107. löggjafarþing). 248

Fylgiskjal III.

Framkvæmdasjóður Íslands 1984 og 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjárlög 1984	Endurskoðuð áætlun 1984	Lánsfjáráætlun 1985	Áætlun 1985
Fjáröflun	**1 112**	**2 142**	**1 582**	**1 532**
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	100	100	290	440
Lán frá innlendum bönkum	250	250	200	200
Lán frá lífeyrissjóðum	110	110	150	150
Erlend lán	652	1 682	942	742
Lánveitingar	**1 112**	**2 142**	**1 582**	**1 532**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	136	161	187	147
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	400	400	440	440
Fiskveiðasjóður v/útlána	250	400	275	275
Iðnlánasjóður	205	300	440	300
Lánasjóður sveitarfélaga	14	14	5	5
Ferðamálasjóður	29	29	94	94
Verslunarlánasjóður	17	17	20	10
Stofnlánadeild samvinnufélaga	17	17	20	10
Landflutningasjóður	5	5	8	8
Útflutningslánasjóður	6	6	7	7
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14	14	14
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	10	10	—	—
Bein útlán Framkvæmdasjóðs og fiskeldi	9	29	72	72
Veðdeild Búnaðarbankans v/skuldbreytinga	—	80	—	—
Lánastofnanir v/skuldbreytinga	—	500	—	—
Byggðasjóður v/skipasmíða	—	150	—	—
Fiskimálasjóður	—	10	—	—
Byggðasjóður, vegna endurskipulagningar sjávarútvegsfyrirtækja	—	—	—	100
Fiskirækt	—	—	—	50

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Nd. 1172. Breytingartillögur [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 1. gr. Í stað „2 436 000“ komi: 2 465 000.
2. Við 3. gr. Í stað „1 036 000“ í fyrri mgr. komi: 806 000.
3. Við 4. gr. Í stað „62 000“ komi: 50 000.
4. Á eftir 5. gr. komi ný gr. sem verði 6. gr. og orðist svo:
   Þróunarfélagi, sem stofnsett verður, er heimilt að afla fjár innanlands með útgáfu skuldabréfa að fjárhæð allt að 150 000 þús. kr. til að efla nýjungar í atvinnulífinu.
5. Við 7. gr. Í stað „1 442 000“ komi: 742 000.
6. Við 9. gr. 2. mgr. falli brott.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr.“ komi: sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr.

Nd. 1173. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Svavari Gestssyni.

Á eftir 27. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt á árunum 1985 og 1986 að gefa út ríkisskuldabréf, er séu verðtryggð en án vaxta, og nýta andvirði bréfanna til að flýta verkáföngum frá gildandi vegáætlun, að fengnum tillögum Vegagerðar ríkisins og samþykki fjárveitinganefndar.

Gjalddagi bréfanna er á því ári sem verk það, sem fyrir var greitt, skyldi unnið skv. vegáætlun og greiðir ríkissjóður þá nafnverð bréfanna að viðbættum verðbótum.

Ríkissjóði er heimil lántaka skv. þessari grein allt að 150 000 þús. kr. miðað við lánskjaravísitölu 1144 stig. Nánari ákvæði um lántöku þessa og gjalddaga skulu sett með reglugerð.

Nd. 1174. Breytingartillaga [245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Á eftir 27. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð skuldbindingar fiskeldisstöðva gagnvart Framkvæmdasjóði Íslands vegna lántöku hjá Norræna fjárfestingarbankanum, allt að 150 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæðar í erlendri mynt.

Ed. 1175. Breytingartillaga [522. mál]

við frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 5. gr. Í stað orðanna „innan mánaðar“ í 3. mgr. komi: innan þriggja mánaða.

Nd. 1176. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fimm fundum. Til viðræðna við nefndina um efni frv. hafa komið fulltrúar Öryrkjabandalagsins, ÍSÍ og Getrauna íþróttahreyfingarinnar og Háskóla Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún ber fram á sérstöku þingskjali.

Friðjón Þórðarson og Ólafur Þ. Þórðarson áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 7. júní 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm. Guðrún Helgadóttir, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

Guðmundur Einarsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 1177. Breytingartillögur [503. mál]

við frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. 5. gr. orðist svo:
   Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu.
2. 6. gr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna og efni 5. gr., að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

Nd. 1178. Sjómannalög. [146. mál]

(Afgreidd frá Nd. 7. júní.)

Samhljóða þskj. 850 (sbr. 151).

Nd. 1179. Lög [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

(Afgreidd frá Nd. 7. júní.)

Samhljóða þskj. 582.

Ed. 1180. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. júní 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Helgi Seljan.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 1181. Breytingartillögur [528. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (EgJ, EKJ, DA, HS, EG, ÞK).

1. Við 1. gr., I. 1. málsl. 2. málsgr. b-liðar orðist svo:
   Heildarframlag ríkissjóðs skv. þessum stafliðum skal að hámarki svara til 7,0 millj. m^3 skurðgraftar og 1200 km plógræslu á árunum 1985 og 1986.
2. Við 1. gr., II. Í stað orðsins „héraðsráðunaut“ í d-lið komi: jarðræktarráðunaut.

Nd. 1182. Frumvarp til laga [522. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

(Eftir 3. umr., í Ed. 7. júní.)

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 12 000 kr. en hámarksfjárhæð 120 000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar skv. byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 3 000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 30 000 kr.

Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innistæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innistæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a. m. k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem bera skulu nafn og nafnnúmer eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, um innistæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innistæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski banki eða sparisjóður eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrirfram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok þess ársfjórðungs er það skyldi lagt inn skv. samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveim árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings samkvæmt 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan þriggja mánaða frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, samanber þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innistæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innistæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innistæðu niður. Við andlát innistæðueiganda rennur innistæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjárhæðir þær er um getur í 2. mgr. 2. gr. skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu frá upphafi til loka árs, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. 12. 1984 til 31. 12. 1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga frá 1. júlí 1985. Skattafsláttur skv. 1. gr. vegna innleggs á tveim síðustu ársfjórðungum ársins 1985 kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 1986.

Ed. 1183. Frumvarp til laga [502. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr. lög nr. 69 18. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. júní.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982, bætast þrjár nýjar málsgr. er orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1184. Frumvarp til laga [247. mál]

um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. júní.)

1. gr.

Greiða skal flutningsjöfnunargjald af öllu seldu magni af gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu, þó ekki flugvélabensíni og flugsteinolíu sem ætluð er til nota í utanlandsflugi. Gjald þetta ákveður verðlagsráð fyrir þrjá mánuði í senn. Verði upphæð þess miðuð við það að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af ofangreindum olíuvörum sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til útsölustaða svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Gjaldið skal greiða í flutningsjöfnunarsjóð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

2. gr.

Flutningsjöfnunarsjóður skal myndaður með flutningsjöfnunargjaldinu sem um ræðir í 1. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, sem sitja tvö ár í senn, verðlagsstjóra, einum manni, sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar, og einum manni sem ráðherrann skipar samkvæmt tilnefningu olíuinnflytjenda. Verðlagsstjóri er formaður stjórnarinnar.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi. Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs er heimilt að ákveða að í sjóðnum skuli vera sérdeild fyrir útgerð.

3. gr.

Flutningsjöfnunarsjóði skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, er annast dreifingu á olíuvörum þeim sem um getur í 1. gr., flutningskostnað þeirra en hann skal samþykktur af Verðlagsráði. Verðlagsstofnun annast þessar greiðslur eftir reglum sem stjórn sjóðsins setur. Heimilt er að ákveða tímabundna greiðslu úr flutningsjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva sem reistar kunna að verða utan Faxaflóasvæðisins ef ætla má að flutningur á olíuvörum á viðkomandi svæði verði ódýrari með því.

4. gr.

Söluverð á ofangreindum olíuvörum skal vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu.

5. gr.

Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs greiðist af eigin fé og skal tekið tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

6. gr.

Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía, sem ætluð er til nota í utanlandsflugi, ásamt öðrum olíutegundum, sem eru seldar úr landi til erlendra aðila.

7. gr.

Innflytjandi olíu skal halda aðskilinn reikning yfir innkaupajöfnun hverrar olíutegundar. Hann skal tilkynna Verðlagsstofnun breytingar á jöfnunarverði og gildistöku þess með nánar tilteknum fyrirvara sem stofnunin setur. Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um framkvæmd innkaupajöfnunar á hverjum tíma.

8. gr.

Innkaupajöfnun nær til kostnaðarverðs olíu sem komin er í geyma í innflutningshöfn hjá innflytjanda.

Jöfnunarverð hverrar olíutegundar er kostnaðarverð olíunnar að viðbættum jákvæðum eða neikvæðum mismun sem jafna skal kostnaðarverð milli einstakra farma eða hluta úr förmum. Staða innkaupajöfnunarreiknings er því uppsöfnun á jákvæðum eða neikvæðum mismun á kostnaðarverði og jöfnunarverði olíu á hverjum tíma.

9. gr.

Verðlagsráð eða Verðlagsstofnun skal samþykkja sérstakan innkaupahvata í kostnaðarverði hjá þeim innflytjanda sem hagstæð olíuinnkaup gerir á hverjum tíma.

Ákveðinn hluti hagstæðra olíuinnkaupa skal þó ávallt renna til neytenda í formi lægra kostnaðarverðs samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs eða Verðlagsstofnunar hverju sinni.

10. gr.

Verðlagning á olíuvörum skal að öðru leyti vera samkvæmt lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. l. nr. 13/1979, l. nr. 52/1982 og l. nr. 33/1984.

11. gr.

Viðskiptaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín.

Sameiginlegum innkaupajöfnunarreikningi Olíufélagsins hf., Olíufélagsins Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. á bensíni, gasolíu og svartolíu hjá Verðlagsstofnun skal skipt niður á hvert olíufélag þann 1. janúar 1986 samkvæmt ákvörðun Verðlagsstofnunar.

Verðlagsráð skal stefna að því að halli sá, sem við samþykkt þessara laga er á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna, verði jafnaður fyrir gildistöku laganna.

Nd. 1185. Tillaga til þingsályktunar [281. mál]

um hagnýtingu Seðlabankahúss.

(Eftir eina umr. í Ed., 7. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því hvernig æskilegast sé að nýta svonefnt Seðlabankahús. Sérstaklega verði athugað hvort það gæti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands.

Framkvæmdir við bygginguna, sem ekki eru þegar samningsbundnar, verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið.

Ed. 1186. Lög [351. mál]

um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Afgreidd frá Ed. 7. júní.)

Samhljóða þskj. 561.

Ed. 1187. Lög [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 7. júní.)

Samhljóða þskj. 793.

Ed. 1188. Lög [492. mál]

um breyting á lögum nr. 9 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. lög nr. 43/1980.

(Afgreidd frá Ed. 7. júní.)

Samhljóða þskj. 916.

Nd. 1189. Frumvarp til laga [479. mál]

um skipulag ferðamála.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. júní.)

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

Ferðamálaráð heldur fundi a. m. k. fjórum sinnum á ári.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðaleyfishafa.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband veitinga- og gistihúsa.
9. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
10. Ferðaþjónusta bænda.
11. Reykjavíkurborg.
12. Ferðamálasamtök Vesturlands.
13. Ferðamálasamtök Vestfjarða.
14. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.
15. Ferðamálasamtök Norðurlands eystra.
16. Ferðamálasamtök Austurlands.
17. Ferðamálasamtök Suðurlands.
18. Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára.

Einn er formaður Ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar.

Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf. og Samband veitinga- og gistihúsa. Einn skal skipaður til eins árs í senn, tilnefndur af Ferðamálaráði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera fjögur ár í senn.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning og markaðsmál.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
7. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
8. Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.
9. Samstarf við Náttúruverndarráð, og aðra hlutaðeigandi aðila, um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
10. Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.
11. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
12. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.
13. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Fríhöfnin skal greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Skal þessu fjármagni varið á eftirfarandi hátt:

a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.
b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 25. gr.

Ferðamálaráð gerir fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn, sem skal lögð fyrir samgönguráðherra, en hann tekur endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

III. KAFLI

Ferðaskrifstofa ríkisins.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins sem skal annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa ríkisins hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. allar eignir og fylgifé, til hins nýja félags,
b. að láta fara fram nákvæmt mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. m. t. viðskiptavild, til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi,
c. að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins geti keypt bréf í hlutafélaginu,
d. að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar.

Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan.

Þeir starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins, sem notað hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku þessara laga, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóði.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar 3 fulltrúa af 5 til setu á aðalfundum og hluthafafundum félagsins. Fer hver þeirra með ⅓ af atkvæðum ríkissjóðs í félaginu, eins og þau eru á hverjum tíma.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi skulu koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 3 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á fundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

12. gr.

Við skipulagningu ferða skal Ferðaskrifstofa ríkisins hf. leitast við að nýta gisti- og veitingaþjónustu sem rekin er allt árið. Þar sem þörf krefur er henni þó heimilt að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna, enda sé lágmarkskröfum um húsnæði og búnað skv. lögum og reglugerðum um veitinga- og gististaði fullnægt.

Við starfrækslu sumarhótela skal þess ávallt gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við nærliggjandi hótel. Jafnframt skal þess gætt að þjónusta sumarhótela sé að öðru jöfnu til ráðstöfunar fyrir aðrar ferðaskrifstofur.

13. gr.

Stjórnin ræður forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins hf. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

IV. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a) Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
b) Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c) Útvegun gistihúsnæðis.
d) Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a- til d-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

Skal ráðið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a) Fjárræði og forræði á búi sínu.
b) Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 1,7 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð árlega og breytt ef þurfa þykir í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingafé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingafjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningum forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a) Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
b) Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
c) Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

24. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar, en tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Ferðamálaráði.

25. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingu, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til einkaaðila og opinberra aðila, sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs um lán- og styrkveitingar skulu lagðar fyrir Ferðamálaráð til kynningar og umfjöllunar.

26. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 12 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

27. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 60 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs.

28. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu nema sérstakar ástæður komi til.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 4 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 60 31.maí 1976. Þó skal III. kafli þeirra laga um Ferðaskrifstofu ríkisins halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn í samræmi við 11. gr. laga þessara.

Ed. 1190. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. til l. sem felur í sér heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán allt að 1,55 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju við Fögruvík í Vatnsleysustrandarhreppi.

Svo virtist lengi vel sem málið yrði ekki afgreitt úr nefndinni þar sem í ljós kom að fjárhagsgrundvöllur fyrirtækisins væri með hæpnasta móti. Svo gerðist það allt í einu að grænt ljós kviknaði með tilkomu einhvers „huldumanns“ sem lofar fyrirtækinu 17—19 millj. kr.

Undirrituð er andvíg því að stuðlað verði að uppsetningu þeirrar verksmiðju, sem hér um ræðir, af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi er staðsetning verksmiðjunnar alls óviðunandi. Samkvæmt upplýsingum formanns Náttúruverndarráðs er verksmiðjunni ætlaður staður í nágrenni sérkennilegrar náttúru Látra við Hvassahraun sem komnir eru á náttúruminjaskrá. Við fjöruna er að finna sérkennilegar tjarnir með ísöltu vatni með sérkennilegu dýralífi.

Í öðru lagi verður það síst til fegrunar og álitsauka þegar haugar af brotajárni blasa við ferðamönnum þeim sem fara um Keflavíkurveginn á leið til höfuðborgarinnar eða af landi brott.

Í þriðja lagi fylgir verksmiðjum af þessu tagi óhjákvæmilega mengun bæði í útblæstri (þótt síum sé beitt) og með frárennslisvatni. Upplýsingar frá væntanlegum verksmiðjueigendum um hugsanlega mengun eru alls ófullnægjandi og ómarktækar og ætti auðvitað að fara fram rækileg könnun á hugsanlegum náttúruspjöllum frá verksmiðjum sem þessari, gerð af hlutlausum aðilum.

Þá er þess í fjórða lagi að geta að í heiminum er mikill fjöldi slíkra verksmiðja og hafa margar þeirra farið á hausinn á undanförnum árum, meðal annars sú sem ætlunin er að kaupa frá Halmstads Järnverk í Svíþjóð.

Í fimmta lagi er nóg komið af hæpnum fyrirtækjum í íslensku atvinnulífi og nær að leita vænlegri kosta.

Það verður þó að geta þess að verksmiðjan hefur þann kost að hún nýtir innlent brotajárn sem til fellur. Hætt er þó við að fljótlega verði skortur á brotajárni innanlands og verður þá að hefja innflutning. Verksmiðjan er afkastamikil samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja, henni er ætlað að framleiða um 20 000 tonn á ári. Nú um stundir er verð á steypustyrktarjárni í algjöru lágmarki í heiminum og virðist nánasta framtíð því ekki brosa við þeim Stálfélagsmönnum. Allar forsendur eru með hæpnasta móti og leggur því undirrituð til að frv. verði fellt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Ed. 1191. Nefndarálit [280. mál]

um till. til þál. um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta ítarlega og meðal annars fengið til viðtals Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og Inga Tryggvason, formann Stéttarsambands bænda, sem veittu ýmsar nytsamlegar upplýsingar.

Eftir þessa athugun á málinu er meiri hl. nefndarinnar samþykkur tillögunni með þeim eina fyrirvara að gjafsókn skuli einungis veitt til einstakra „prófmála“ til að fá skorið úr um rétt bænda.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Egill Jónsson.
Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir.

Ed. 1192. Nefndarálit [293. mál]

um till. til þál. um sölu Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Hníga þær að því að ekki verði nú ályktað um sölu Áburðarverksmiðjunnar, enda álitamál hvers virði hún er.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Egill Jónsson, frsm.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds.

Ed. 1193. Breytingartillögur [293. mál]

við till. til þál. um sölu Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EG, EgJ, KÁ, VI, RA).

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja Gullaugað í samráði við bændasamtökin. Hreinum söluhagnaði verði varið til styrktar landbúnaðinum eftir ákvörðun Alþingis.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um sölu Gullaugans.

Ed. 1194. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með flutningi frv. þessa gengur ríkisstjórnin þvert á yfirlýsta stefnu sína og margítrekuð fyrirheit um skattalækkanir. Í þessu efni er fylgt fordæmi vinstri stjórna frá 1978 sem kristallaðist í svokölluðum Ólafslögum þar sem ofstjórnaræðið var lögfest.

Stefna þessi gekk sér til húðar 1983 þegar verðbólguhraði var kominn í 130% miðað við eitt ár, erlendar skuldir hrönnuðust upp í mesta góðæri Íslandssögunnar og gjaldmiðillinn var hruninn. Úrræðin höfðu ætíð verið þau að dengja á nýjum sköttum, einkum neysluskattum, í kjölfar gengisfellinga og kjaraskerðingar eða sem fyrirboða slíkra aðgerða en samhliða var hindrað að íslenskir peningar mættu vera í umferð til annarra en útvaldra og sjávarútveginum komið á vonarvöl þegar hvergi var starfsfé að fá nema á okurkjörum hjá Aröbum og Ameríkumönnum. Þennan vítahring ætlaði ríkisstjórnin að rjúfa og tókst framan af margt vel og enn er unnið að umbótamálum. En meginstefnubreytingin í skatta- og peningamálum hefur látið standa á sér.

Fyrsti liður svokallaðra „mildandi aðgerða“ í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar 1983 hljóðar svo:

„Skattar og tollar, sem nú leggjast með miklum þunga á ýmsar nauðsynjavörur, verði lækkaðir.“

Þetta ákvæði var sett að skilyrði fyrir stuðningi við stefnu stjórnarinnar áður en hún var mynduð og samþykkt af öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks enda mátti ljóst vera að dæmið gat aldrei gengið upp nema til þessara úrræða væri gripið samhliða frjálsræði í peningamálum. Að framkvæmd þessa þýðingarmesta ákvæðis var mikið unnið strax síðla árs 1983 og síðar en ákvörðun hefur aldrei verið tekin. Þvert á móti var söluskattur hækkaður á síðasta þingi um hálfan af hundraði án þess að sú aðgerð skipti einangruð öðru máli en því að auglýsa fyrir alþjóð að ofsköttunarstefnunni skyldi haldið áfram þrátt fyrir gagnstæð loforð. Afleiðingarnar þekkja allir.

Hækkun söluskatts nú er röng ákvörðun. Gagnstætt þessu ætti að reyna að standa við marggefin fyrirheit um skattalækkanir til að tryggja vinnufrið og kveða verðbólguna í kútinn. Lækkun okurtolla og skatta á brýnustu nauðsynjavörur hvers einasta manns er nú sem fyrr vænlegasta úrræðið enda hefði slík skattalækkun tvíefld áhrif; hún gerði launafólki kleift að una við minni kauphækkanir og hún væri bein aðgerð gegn verðbólgu gagnstætt þessu frumvarpi.

Vandi húsbyggjenda er mikill. Leysa ætti hann og vinna bug á erfiðleikum atvinnuveganna með því að gera Seðlabanka Íslands — eða a. m. k. heimila honum — að fullnægja þeirri frumskyldu sinni „... að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt ...“ í stað þess að „loka“ viðskiptabönkum og sparisjóðum og færa allt fjármálalíf þjóðarinnar til útlanda en sprengja upp vexti á „almennum“ markaði innanlands því að engum er heimilað að gefa út peninga, starfsfé, ávísanir á mikla auðlegð lands og þjóðar svo að jafnvægi geti myndast á peningamarkaði og mismunun og ranglæti linni. Hér er fylgt tveim andstæðum stefnum, annars vegar eru vextir frjálsir en hins vegar er hindrað að framboð fjár sé eðlilegt.

Að því er söluskattshækkun nú varðar til aðstoðar húsbyggjendum er auk þess um að ræða kaldhæðnislega þversögn. Skatturinn leggst auðvitað með margföldum þunga á þá sem eru að byggja. Þeir þurfa ekki einungis að borga hækkunina á neysluvörunum eins og aðrir heldur til viðbótar söluskattshækkun á öllu því sem til íbúðarinnar þarf, einmitt þegar erfiðleikarnir eru mestir. Þess er þá að gæta að gífurlega há aðflutningsgjöld eru lögð á ýmsar byggingarvörur, svo sem á hreinlætistæki og eldhúsbúnað, en ofan á þau og álagningu leggst söluskatturinn með miklum þunga. Og svo má húsbyggjandinn, þegar greiðslubyrði hans er þyngst, eiga von á stórhækkuðum eignarskatti ef honum kynni að auðnast að halda húsinu og flytja inn í það.

Engin orð er unnt að hafa um það ákvæði að „Af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála ...“ af því að ríkissjóður er svo illa haldinn að hann getur ekki greitt upphæðina.

Þess er loks að gæta að skattheimta þessi er ekki hugsuð til að mæta einhverjum halla eins sjóðs eða annars innan lands eða utan. Hér er einungis um það að ræða að færa fé frá almenningi til ríkisins, sem það síðan lánar út með fullri verðtryggingu og vöxtum. Það er með öðrum orðum verið að færa eignarráðin frá fólkinu til ríkisins.

Með tilvísun til þessa er ljóst að 1. minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form.

Ed. 1195. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þar sem stjórnskipuð nefnd er að störfum samkvæmt einróma ályktun Alþingis til að fjalla um stefnumörkun í áfengismálum telja undirritaðir nefndarmenn allar meiri háttar breytingar á áfengislöggjöf okkar óeðlilegar á meðan að þessu starfi er unnið.

Með skírskotun til þessa leggur minni hl. til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 10. júní 1985.

Haraldur Ólafsson,
form., frsm.

Helgi Seljan.

Ed. 1196. Nefndarálit [293. mál]

um till. til þál. um sölu Gullaugans og Áburðarverksmiðjunnar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með tilliti til þess að nú er til meðferðar á Alþingi frv. um viðamiklar breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni sem m. a. felur í sér að rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins verður hætt telur minni hl. að óþarft sé að slíta ráðstöfun á fasteignum hennar úr tengslum við afgreiðslu þessa lagafrv.

Meiri hl. leggur til að niður falli ákvæði þáltill. um sölu Áburðarverksmiðjunar og er minni hl. samþykkur því. Eftir stendur ákvæðið um sölu Gullaugans og leggur minni hl. til að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. júní 1985.

Jón Kristjánsson.

Ed. 1197. Nefndarálit [280. mál]

um till. til þál. um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á undanförnum árum hafa viðskipti afurðasölufyrirtækja við bændur verið rekin á grundvelli umboðssölu. Afurðasölufyrirtækin hafa skilað bændum því verði sem fæst við sölu vörunnar að frádregnum vinnslu- og dreifingarkostnaði. Nú á síðustu árum hefur vantað upp á hjá þorra afurðasölufyrirtækja að endanlegt verð til bænda næði grundvallarverði sem ákveðið er af sexmannanefnd. Þó er það ekki einhlítt og sum afurðasölufyrirtæki hafa náð að greiða fullt verð eða yfirverð.

Umboðssölufyrirkomulagið er með fullu samkomulagi bænda og afurðasölufyrirtækja enda eru bændurnir í flestum tilfellum eigendur þeirra þar sem þorri þeirra er rekinn á samvinnugrundvelli.

Málarekstur af því tagi, sem í þáltill. felst, er því óþarfur og leggur minni hl. til að tillagan verði felld.

Alþingi, 7. júní 1985.

Jón Kristjánsson.

Ed. 1198. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur farið yfir frv. og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form. | Jón Kristjánsson, frsm. | Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Ed. 1199. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og klofnaði í málinu. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Jón Kristjánsson, frsm. | Egill Jónsson. | Valdimar Indriðason.

Ed. 1200. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Um það leyti sem umfjöllun málsins var að ljúka í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hafði stjórnarandstaðan frumkvæði að viðræðum fulltrúa allra þingflokka um neyðina í húsnæðismálum. Í fréttum og greinargerðum frá þeim fundum hafa þegar birst upplýsingar um hugmyndir sem stjórnarandstaðan hélt þá fram. Þar voru gerðar tillögur um ýmis atriði, m. a. breytingar á þessu frv., sem meiri hl. nefndarinnar hafnaði.

Umræðugrundvöllur, sem stjórnarandstaðan lagði fram í upphafi viðræðna og greinargerð sem birt var að þeim loknum, eru prentuð sem fskj. með þessu nál.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Stefán Benediktsson, þingmaður Bandalags jafnaðarmanna, var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. júní 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. | Ragnar Arnalds. | Kristín Ástgeirsdóttir.

Fylgiskjal I.

Til: Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra og Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.
Frá: Þingflokkum stjórnarandstöðunnar.

UMRÆÐUGRUNDVÖLLUR FYRIR LAUSN Á RÍKJANDI NEYÐARÁSTANDI Í HÚSNÆÐISMÁLUM.

Reykjavík, 19. maí 1985.

Þingflokkar í stjórnarandstöðu á Alþingi vilja hér með vara hæstvirta ríkisstjórn og þingmeirihluta við því að slíta þingi án þess að leysa *ríkjandi neyðarástand* í húsnæðismálum.

Við viljum minna formenn stjórnarflokkanna á að orsakir þessa neyðarástands eru m. a.:

- *skert greiðslugeta* lántakenda vegna afnáms vísitölubindingar *launa en ekki lána* sem forsætisráðherra hefur kallað mistök,
- *hækkun raunvaxta* í kjölfar „vaxtafrelsis“ sem formaður Sjálfstæðisflokksins kallaði „tímamótaákvörðun.“

Við teljum að forustumönnum stjórnarflokkanna beri skylda til að beita sér fyrir því að fyrir þessi mistök verði bætt án frekari tafar. Afkoma þeirra fjölmörgu fjölskyldna, sem nú eiga eignir sínar undir uppboðshamrinum, er í húfi.

Þingflokkar stjórnarandstöðunnar hafa náð samkomulagi um breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar um greiðslujöfnun húsnæðislána. Aðalatriði þeirra tillagna er að stjórnvöld viðurkenni undanbragðalaust þann *umframreikning* sem lántakendum hefur verið gert að greiða vegna misgengis launa og lánskjara og hækkunar raunvaxta umfram verðbólgu.

Í breytingartillögum stjórnarandstöðunnar felst m. a.:

að auk byggingarsjóða ríkisins nái greiðslujöfnunin einnig til *banka og lífeyrissjóða,*

að réttur lántakenda verði skilgreindur og viðurkenndur án tillits til *vanskila* eða *mats* embættismanna,

að útreikningur „greiðslumarks" miðist við *kauptaxtavísitölu,*

að vextir verði lækkaðir,

að veittur verði sérstakur *skattafsláttur* skv. nánari reglum (réttur til skattafsláttar takmarkist við tiltekna *skuldlausa eign* lántakenda).

Þessar tillögur stjórnarandstöðunnar um lausn á ríkjandi neyðarástandi eru lagðar fram í *von um að samkomulag geti tekist á Alþingi* um þessar eða aðrar sambærilegar aðgerðir fyrir þinglausnir.

Um fjáröflun í þessu skyni vill stjórnarandstaða taka það fram að hún er ekki til viðtals um *nýjar erlendar lántökur.*

Þess í stað vísa stjórnarandstöðuflokkarnir til áður framlagðra fjáröflunartillagna við afgreiðslu fjárlaga og með sérstökum frumvarpa- og tillöguflutningi á Alþingi.

Auk þess lýsa stjórnarandstöðuflokkarnir sig reiðubúna til að leita samkomulags við stjórnarflokkana um aðrar innlendar fjáröflunarleiðir hvort heldur er með skattlagningu og/eða tilfærslum innan ramma fjárlaga.

Aðalatriðið að okkar mati er að Alþingi verði ekki slitið fyrr en lántakendur hafi fyrir því fullnægjandi tryggingu að lausn sé fundin á ríkjandi neyðarástandi.

Virðingarfyllst,

Svavar Gestsson,
f. h. Alþýðubandalagsins.

Jón Baldvin Hannibalsson,
f. h. Alþýðuflokksins.

Guðmundur Einarsson,
f. h. Bandalags jafnaðarmanna.

Guðrún Agnarsdóttir,
f. h. Samtaka um kvennalista.

Fylgiskjal II.

GREINARGERÐ

til stjórnarflokkanna frá stjórnarandstöðunni.

Stjórnarflokkarnir höfðu fyrir nokkrum vikum lýst yfir því að ekkert yrði frekar aðhafst í húsnæðismálum umfram það sem fram kemur í lánsfjáráætlun. Þó lá fyrir

- að þúsundir fjölskyldna voru að missa eignir sínar vegna okurlánskjara og kauplækkunar,
- að mörg hundruð milljónir króna vantaði til óbreyttrar starfsemi húsnæðislánakerfisins,
- að ekki hafði verið gert ráð fyrir neinum fjármunum til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar né heldur til þess að standa undir kostnaði við greiðslujöfnun húsnæðislána samkvæmt fyrirliggjandi til frambúðar.

Eina úrræði stjórnarflokkanna virtist vera að taka erlend lán og að auka þannig vanda húsnæðislánakerfisins til frambúðar.

Í ljósi þess ákvað stjórnarandstaðan að krefjast viðræðna við ríkisstjórnina og talsmenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi lýstu yfir því að þeir væru ekki reiðubúnir til neinna samninga um þinghaldið nema tekið yrði sérstaklega á vanda húsbyggjenda. Enn fremur lá

fyrir að verkalýðshreyfingin og hópur áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum gerðu kröfur um að tekið yrði á þessum málum áður en þing færi í sumarleyfi, auk þess sem verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að húsnæðismálunum yrði ekki blandað í gerð kjarasamninga þeirra sem nú standa yfir.

Í upphafi þeirra viðræðna stjórnar og stjórnarandstöðu, sem nú hafa staðið yfir í 10 daga, lagði stjórnarandstaðan áherslu á að vandi almennings stafaði einkum af því að:

- kaupgjaldsvísitalan hefði verið tekin úr sambandi á sama tíma og lánskjaravísitalan hefur hækkað hrikalega; þetta jafngildir stórfelldri eignaupptöku hjá þeim sem hafa verið að byggja íbúðir eða kaupa á liðnum árum,
- að vextir hafa hækkað verulega einkum eftir að ríkisstjórnin hleypti vöxtum lausum á s. l. ári og eru raunvextir nú hærri hér á landi en nokkru sinni fyrr.

Í ljósi þessa lagði stjórnarandstaðan fram tillögur um stórfellda fjáröflun til húsnæðismála og um breytta útlánastefnu.

Tillögur stjórnarandstöðunnar um fjáröflun voru þessar:

1. Eignarskattsviðauki á fyrirtæki og stóreignir.
2. Hagnaður Seðlabankans verði gerður upptækur í byggingarsjóðina.
3. Húsnæðisgjald verði lagt á veltu fyrirtækja í verslun og þjónustu.
4. Áfengi og tóbak verði hækkað sérstaklega vegna húsnæðislánakerfisins.
5. Stofnun sérstakra skattfrjálsra sparnaðarreikninga.

Þá gerðu stjórnarandstöðuflokkarnir eftirfarandi tillögur um breytta útlánastefnu og aðgerðir í húsnæðismálum:

1. Vextir verði lækkaðir og verði aldrei hærri en 3% af húsnæðislánum.
2. Greiðslujöfnun nái ekki aðeins til Húsnæðisstofnunar heldur og til lífeyrissjóða og banka.
3. Greiðslumark húsnæðislána verði miðað við kaupgjaldsvísitölu en ekki vísitölu atvinnutekna og kaupgjaldsvísitölu að jöfnu eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar byggist á.
4. Misgengi vísitalna frá undanförnum árum verði endurgreitt í formi skattaafsláttar sem komi til framkvæmda þegar á þessu ári.
5. Lánshlutfall til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn verði hækkað. Hækkun lána vegna eldra húsnæðis verði bundin skilyrði um útborgunarhlutfall.
6. Skammtímalán vegna húsnæðiskaupa verði lengd í 10 ára lán. Seðlabankinn endurkaupi lánalenginguna af viðskiptabönkunum.
7. Lög um húsnæðissamvinnufélög verði afgreidd á þessu þingi.
8. Skipuð verði milliþinganefnd allra þingflokka sem hafi það hlutverk að endurskoða allt húsnæðislánakerfið, þ. e. lánakerfi opinberra aðila, banka og lífeyrissjóða. Nefndin geri tillögur um *nýja húsnæðisstefnu og um húsnæðisáætlun til aldamóta.* Áætlunin byggist á þeirri meginforsendu að húsnæði er mannréttindakrafa en á ekki að vera efni pólitískra átaka á fárra ára fresti.

Tillögur stjórnarandstöðuflokkanna um tekjuöflun náðu til ársins 1985 og út árið 1986. Þær gerðu ráð fyrir um 1,7 milljörðum króna til húsnæðislánakerfisins og stjórnarandstaðan byggði á því að hér væri um að ræða *viðbótarfjármagn* í húsnæðislánakerfið. Gerði stjórnarandstaðan tillögu um að þeim fjármunum yrði varið sem hér segir:

1. 840 millj. kr. til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðakaupenda. Þar af 440 millj. kr. til greiðslujöfnunar hjá bönkum, Húsnæðisstofnun og lífeyrissjóðum og 400 millj. kr. til skattalækkunar sem kæmi til framkvæmda þegar á þessu ári.
2. 550 millj. kr. yrði varið til þess að hækka lánshlutfall þeirra sem byggja og kaupa í fyrsta sinn.
3. 350 milljónum króna yrði varið til félagslegra íbúðabygginga, þ. e. 250 millj. kr. til verkamannabústaða og 100 millj. kr. til húsnæðissamvinnufélaga.

Nú liggur fyrir afstaða ríkisstjórnarinnar og er niðurstaðan þessi:

1. Ríkisstjórnin fellur frá þeim hugmyndum að taka aukin erlend lán til húsnæðislánakerfisins.
2. Ríkisstjórnin fellst á tillögur um eignarskattsviðauka en hafnar hugmyndum um frekari skattlagningu á eignir og fyrirtæki.
3. Ríkisstjórnin fellst á að skipa milliþinganefnd.
4. Ríkisstjórnin gefur fyrirheit um sérstakan skattaafslátt til húsbyggjenda og íbúðakaupenda á næsta ári.
5. Ríkisstjórnin lýsir yfir því að tekjuöflunin til húsnæðiskerfisins 1985 og 1986 komi til viðbótar þeirri fjáröflun sem þegar er um að ræða til húsnæðislánakerfisins.
6. Þá liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir munu taka upp greiðslujöfnun til samræmis við húsnæðislánin.

Milli stjórnar og stjórnarandstöðu tókst hins vegar ekki heildarsamkomulag í húsnæðismálum. Ástæðurnar eru þessar:

1. Stjórnarflokkarnir kusu að gera söluskattshækkun að meginuppistöðu í tekjuöflun til húsnæðismála. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru því andvígir og munu greiða atkvæði gegn söluskattshækkuninni.
2. Stjórnarflokkarnir höfnuðu tillögum um vaxtalækkun og að greiðslumark húsnæðislána tæki einungis mið af kaupgjaldsvísitölu.
3. Stjórnarflokkarnir voru ekki tilbúnir til þess að tryggja framgang frumvarps um húsnæðissamvinnufélög en þar virtist standa á ágreiningi milli stjórnarflokkanna. Munu stjórnarandstöðuflokkarnir því leggja frumvarpið fram á Alþingi næstu daga.
4. Stjórnarflokkarnir voru ekki tilbúnir til að tryggja endurgreiðslu vegna misgengis vísitalna í formi skattaafsláttar þegar á þessu ári.
5. Stjórnarflokkarnir höfnuðu því að taka hagnað Seðlabankans í byggingarsjóðina.

Með þessari afstöðu komu stjórnarflokkarnir í veg fyrir að heildarsamkomulag tækist í húsnæðismálum.

Stjórnarandstöðuflokkarnir munu áfram beita sér fyrir þeim breytingum sem áður voru skýrðar í þessari greinargerð.

Varðandi afstöðu til einstakra mála á næstu dögum vilja stjórnarandstöðuflokkarnir að lokum árétta:

1. Þeir munu greiða atkvæði á Alþingi gegn hækkun söluskatts.
2. Þeir munu styðja eignarskattsviðaukann og sérstaka hækkun á áfengi og tóbaki.
3. Þeir leggja áherslu á þátttöku í störfum milliþinganefndarinnar.

Stjórnarandstöðuflokkarnir telja að miðað við aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessum málum og áform hennar um erlendar lántökur hafi nokkur árangur náðst. Það má reyndar teljast verulegur ávinningur að tekist hefur að knýja fram að 1 milljarður kr. fáist til húsnæðismála umfram það sem áður var gert ráð fyrir.

Þeim megintekjuöflunarleiðum, sem stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu til, var þó hafnað en þess í stað valin tekjuöflunarleið sem stjórnarandstaðan getur ekki sætt sig við. Þrátt fyrir talsverðan árangur er niðurstaðan því engu að síður ófullnægjandi.

Er það ekki síst vegna þess að ríkisstjórnin ætlar í litlu að bæta það fjárhagstjón sem húsnæðiskaupendur hafa beðið vegna misgengis vísitalna og enn fremur að ekki liggur fyrir að komið sé til móts við þarfir húsnæðissamvinnufélaga. Þetta eru veigamiklir þættir þess bráða vanda sem við blasir og verður að leysa.

Til þess eru stjórnarandstöðuflokkarnir reiðubúnir.

Svavar Gestsson. Jóhanna Sigurðardóttir. Stefán Benediktsson.

Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 1201. Breytingartillögur [480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, RA, KÁ).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „launa“ í síðari málsl. komi: kauptaxtavísitölu.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi taka til lána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlánsstofnunum. Seðlabanka Íslands skal skylt að endurkaupa skuldabréf af öðrum aðilum en byggingarsjóðum ríkisins vegna samninga um greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum. Skuldari getur þó undanþegið sig þessu ákvæði.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „fullverðtryggðum“ í 1. og 2. mgr. komi: verðtryggðum.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. komi: kauptaxtavísitölu.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjalddagafjárhæð.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Kauptaxtavísitala skv. 1. og 5. gr. skal reiknuð út mánaðarlega af kjararannsóknarnefnd.

Ed. 1202. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Allmikil umræða hefur farið fram á síðustu árum um umframframleiðslu í flestum greinum landbúnaðar. Umtalsverðum fjármunum er varið árlega af hálfu ríkisins í útflutningsbætur, niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, auk þess sem styrkir eru veittir úr ríkissjóði til uppbyggingar í landbúnaði. Það frv., sem hér um ræðir, er einvörðungu um styrki til uppbyggingar og endurbóta í landbúnaði og markar því stefnu stjórnvalda í þessum atvinnuvegi. Með þessu frv. er aðeins að litlu leyti komið til móts við nýjar búgreinar með því að bæta við styrkjum vegna bygginga fyrir loðdýrarækt. Styrkir eru enn fremur hækkaðir sérstaklega til bygginga á votheyshlöðum og geymslum fyrir garðávexti. Að öðru leyti felast þær breytingar, sem lagðar eru til með þessu frv., í því að laga jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði.

Undirrituð telur að ekki sé lögð sú áhersla sem skyldi á stuðning við nýjar búgreinar ef ríkið er á annað borð að veita styrki til atvinnuvega og mun því ekki samþykkja þetta frv.

Alþingi, 10. júní 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 1203. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Allt frá því að verkfall BSRB stóð sem hæst á síðast liðnu hausti og útvarp féll niður að mestu hefur gætt mikillar óþreyju meðal þeirra sem þá vörðu í orðum og gerðum ólöglegar útvarpsstöðvar. Á Alþingi hefur verið reynt með ýmsum ráðum að þrýsta í gegn breytingum á útvarpslögum sem fela í sér óheft „frelsi“ fyrir hvern sem er til að útvarpa. Það hefur mikið verið rætt um réttindi en minna um skyldur.

Kvennalistinn lét sínar skoðanir á útvarpsmálum í ljós nú í vetur með flutningi sérstaks frv. til útvarpslaga (198. mál Ed.) sem byggist á þeirri meginhugmynd að besta leiðin til að bregðast við nýjungum og breytingum sé að gjörbreyta skipulagi Ríkisútvarpsins — gera byltingu innan dyra — opna nýja útvarpsrás fyrir einstaklinga og félagasamtök og heimila íbúum sveitarfélaga að koma á fót staðbundnum útvarpsstöðvum þar sem meiri hluti íbúanna æskir þess. Við teljum að Ríkisútvarpið tryggi best að lýðræðisleg umræða og skoðanamyndun eigi sér stað og að ekki veiti af einhverju mótvægi við þá stóru aðila sem nánast einoka aðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið hefur í meira en hálfa öld eflt og staðið vörð um íslenska menningu og tungu og hefur jafnframt séð um að kynna fólki það besta úr menningu annarra þjóða.

Með því að heimila þeim aðilum, sem leyfi fá til útvarps, að afla tekna með auglýsingum er hætt við að einn af megintekjustofnum Ríkisútvarpsins skerðist verulega, sem væntanlega hefur þá í för með sér minni þjónustu. Í frv. er gert ráð fyrir að leyfishafar eigi sjálfir boðveitukerfi það sem þeir nota en það er skoðun t. d. borgaryfirvalda í Reykjavík að eðlilegast og fyrirhafnarminnst sé að Reykjavíkurborg eigi boðveitukerfið (þ. e. fyrir kapalsjónvarp) og leigi síðan út rásirnar; annað kostar uppgröft út um allan bæ eða móttökuskjái fyrir gervihnetti á hvert hús. Bæði þessi atriði gera frv. stórgallað. Þá ber að nefna að þar sem slakað hefur verið á reglum um útvarp hefur verið um tilraunir á tilteknu tímabili að ræða og það skýrt tekið fram t. d. á Norðurlöndum. Í frv. er að vísu ákvæði um endurskoðun laganna og eins verða leyfi samkv. þeim aðeins veitt til þriggja ára. Miklu eðlilegra væri að gera slíka tilraun þar sem um svo mikilvægan fjölmiðil er að ræða.

Kvennalistinn er mótfallinn þeirri meginhugsun sem felst í frv. um ný útvarpslög og óttast að óbreytt grafi þau undan Ríkisútvarpinu og verði til þess að fjársterkir aðilar fari með sigur af hólmi í frumskógi samkeppninnar sem eflaust mun fylgja í kjölfarið. Reynslan erlendis sýnir að margir eru kallaðir en fáir útvaldir. Það er „frelsi“ peninganna sem heldur velli en almenningur stendur eftir sem áður utan garðs án tækifæra til sköpunar og þátttöku í mótun fjölmiðla. Hér á landi hefur Ríkisútvarpið verið mjög „opinn“ fjölmiðill miðað við það sem annars staðar gerist og væri miður ef það breyttist til hins verra.

Að baki þeirrar hugmyndafræði, sem fætt hefur af sér þetta frv. til útvarpslaga, virðist liggja sú draumsýn að það, sem gildir í milljónaþjóðfélögum úti í hinni stóru veröld, gangi einnig hér í samfélagi sem telur 240 000 sálir. Það gefur augaleið að svo lítill markaður, sem Ísland er, getur ekki borið margar útvarpsstöðvar sem reknar verða með afnotagjöldum og auglýsingum og eiga að uppfylla skilyrði um innlenda dagskrárgerð. Þar munu hinir (fjár) sterkari lifa af og það er auðvitað meiningin.

Fregnir frá Bandaríkjunum herma að það séu hvorki kapalstöðvar né gervihnattasendingar sem fólk vill horfa á heldur það efni sem fólk velur sjálft á myndbandaleigum. Það má því spyrja hvort glýja nýrrar tækni blindi ekki augu þeirra sem þrá svo heitt að heyra stöðvar í anda útvarps DV eða að sjá sjónvarp Ísfilm birtast á skjánum. Kannski verður framtíðin sú

að hver og einn velur sjálfur á hvað hann horfir eða hlustar, óháð öllum stöðvum. Ef svo fer er eins gott að Ríkisútvarpið verði ekki horfallið og geti áfram sinnt þeirri öryggisþjónustu og fréttamiðlun sem samfélaginu er nauðsynleg og landsmenn hafa treyst á í 55 ár.

Undirrituð mun því greiða atkv. gegn frv. verði ekki á því verulegar breytingar.

Alþingi, 10. júní 1985.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Ed. 1204. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Haraldi Ólafssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi, auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis.

Sé útsendingum þannig háttað að einungis notendur með sérstakan útbúnað ná þeim er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

Auglýsingar skulu skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.

Ed. 1205. Frumvarp til laga [530. mál]

um greiðslujöfnun húsnæðislána.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að jafna og létta greiðslubyrði af öllum lánum einstaklinga til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

2. gr.

Lánum, sem ríkisstofnanir og fyrirtæki hafa veitt, skal skuldbreyta skv. ákvæðum 3. gr.

Skuldbreyti peningastofnanir lánum sem falla undir 1. gr. skv. skilmálum 3. gr. skal ríkissjóður lána þeim fé sem samsvarar viðbótarfjárhæð þeirri sem af þessum skuldbreytingum leiðir.

Þeim húsbyggjendum, sem ekki fá úrlausn sinna mála skv. 1. og 2. mgr. þessarar gr., skal gefinn kostur á láni úr Byggingarsjóði ríkisins á bankavöxtum til þess að tilgangi laganna skv. 1. gr. verði náð.

3. gr.

Reglur um greiðslujöfnun skulu miðast við að reiknuð verði lánsgreiðsla skv. framreikningi með launavísitölu og borin saman við áður umsamda lánsgreiðslu. Einungis skal greiða lægri fjárhæðina en sé lánssamningsgreiðslan hærri en endurreiknuð lánsgreiðsla skal færa mismuninn á sérstakan jöfnunarreikning sem telst hluti af höfuðstól lánsins og greiðist þegar upphaflegur höfuðstóll hefur verið greiddur með sömu skilmálum.

4. gr.

Greiðendum fullverðtryggðra lána úr Byggingarsjóði ríkisins skal gefinn kostur á að fresta greiðslum sem eftir eru af lánunum á árinu 1985 og skal færa þá upphæð á jöfnunarreikning lánsins.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal í byrjun hvers mánaðar reikna út og birta launavísitölu sem miðast við meðalkauptaxta allra launþega í byrjun næsta mánaðar á undan. Launavísitalan skal sett 100 í júní 1979 og reiknuð fyrir hvern mánuð frá þeim tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er sá að skjalfesta þau sjónarmið Bandalags jafnaðarmanna sem fram koma í frv. fyrst og fremst þá grundvallarhugsun að hér hljóti að vera um sameiginlegt hagsmunamál fjármagnseigenda (húsbyggjenda) og allra lánastofnana að ræða. Þess vegna er eðlilegt að greiða úr þeim vanda sem þeir fjármagnseigendur hafa lent í, sem fjárfestu í eigin húsnæði og koma í veg fyrir nauðungarsölu á fasteignum á þeim tíma sem verð fasteigna, fyrir tilverknað stjórnvalda, er í lágmarki. Það má reikna með því að íbúðareigandi, sem fjárfest hefur á s. l. 3—4 árum um 2 000 000 kr. tapi um 500 000 kr. af eigin fé ef hann selur á þessu ári.

Í öðru lagi vill Bandalag jafnaðarmanna leggja áherslu á að það er hlutverk ríkisvaldsins að tryggja jafnan rétt manna í þessu máli sem öðrum. Einstaklingar hafa misjafnlega greiðan aðgang að peningastofnunum, hverjar sem þær eru, og við því verður ekki brugðist nema með því að tryggja ótvíræðan rétt hvers og eins og tryggja að stofnanirnar geti ekki skotið sér undan, eða réttara sagt hafi ekki ástæðu til að skjóta sér undan, jafnri og réttlátri afgreiðslu á málum allra lántakenda.

Flm. gerir sér grein fyrir að þetta frv. fær ekki neina umfjöllun á þessu þingi, en telur nauðsynlegt að kynna þau viðhorf sem þar koma fram. Nú þegar verður að hefja þær aðgerðir sem leiða til þess að húsnæðislánamál verði endurskipulögð frá grunni svo að næstu kynslóðir, hvort sem þær kjósa að eiga íbúð eða sparifé, geti búið við meira öryggi en við hin.

Ed. 1206. Breytingartillaga [480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist ný málsgr. svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra skal þegar í stað, í samráði við félagsmálaráðherra, beita sér fyrir skuldbreytingu til a. m. k. 10 ára á skammtímalánum í bönkum og sparisjóðum vegna öflunar eigin húsnæðis.

Ed. 1207. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og varð ekki sammála um afstöðu til þess. Minni hl. lýsir sig andvígan þeirri tekjuöflunarleið sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir og vísar til þeirra tillagna sem stjórnarandstaðan hefur þegar lagt fram um tekjuöflun.

Alþingi, 10. júní 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Ragnar Arnalds.

Ed. 1208. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Við 3. gr.
   a. 7. tölul. orðist svo:
   Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð eða einstaka dagskrárliði. Þetta gildir þó ekki um áður framleitt myndefni, svo sem kvikmyndir, eða fræðslu- og skemmtiefni af myndböndum.
   b. Á eftir 7. tl. komi nýr tl. er orðist svo:
   Að því er varðar dagskrárefni á erlendum tungum skulu útvarpsstöðvar fylgja sömu starfsreglum varðandi þýðingar og textun og fylgt er hjá Ríkisútvarpinu.
2. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 4% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.
3. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum, skal varðveita í a. m. k. 4 mánuði hljóðupptöku af útsendri dagskrá.
   Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar.
   Um varðveislu á myndum, plötum og hljómböndum skal haft samráð við þjóðskjalavörð.
4. Við **ákvæði til bráðabirgða.**
   a. 2. mgr. orðist svo:
   Útvarpsréttarnefnd skal kjörin fyrsta sinni við gildistöku þessara laga og sitja til ársloka 1988.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð fyrsta sinni 1. janúar 1986.
   c. 5. mgr. orðist svo:
   Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1988.
   d. Við bætast tvær nýjar mgr. er orðist svo:
   Menntamálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi nýtt frumvarp til útvarpslaga á árinu 1988.

Menntamálaráðherra skal árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga.

5. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýtt ákvæði, **II,** er orðist svo:

Þar til lokið er endurskoðun þeirra ákvæða fjarskiptalaga, nr. 73/1984, er snerta boðveitur í eigu sveitarfélaga, gilda eftirfarandi ákvæði um uppsetningu og rekstur þeirra:

a. Sveitarfélögum og samtökum þeirra er heimilt að koma upp boðveitum sem m. a. má nota til staðbundinnar dreifingar dagskrárefnis um þráð eða þráðlaust innan viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Slíkar boðveitur skulu fullnægja reglum sem samgönguráðuneytið setur að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunarinnar varðandi senditíðni og aðra tæknilega eiginleika sendistöðva og kapalkerfa og þær skulu hafa sendirásir til leigu fyrir útvarpsfélög og aðra aðila sem uppfylla almennar reglur, sbr. b- til f-lið.

   Útvarpsfélögum er einnig heimilt að eiga og starfrækja sendistöðvar fyrir staðbundið hljóðvarp, sbr. nánari ákvæði í f-lið.

b. Nú rekur sveitarfélag boðveitu, sbr. a-lið. og skal þá setja henni sérstaka stjórn í samræmi við reglur um nefndir og ráð sveitarfélagsins. Standi samtök sveitarfélaga að slíkri boðveitu skal ákveða um skipan stjórnar í sameignarsamningi. Setja skal almennar reglur um afnot af hljóðvarps- og sjónvarpsrásum boðveitunnar og skulu allir þeir, sem uppfylla sett skilyrði um ábyrgð á útsendingum, gerð dagskrárefnis og greiðslu afnotagjalds, hafa rétt til afnota rásanna ýmist í lengri eða skemmri tíma eftir nánari ákvörðun stjórnar.

   Gjöld fyrir afnot boðveitunnar skulu ákveðin af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í gjaldskrá. Skal gjaldskráin miðuð við rekstrar- og fjárfestingarkostnað boðveitunnar þannig að notendur greiði kostnaðinn í hlutfalli við notkun. Skal kostnaði jafnað niður á notendur boðveitunnar, svo sem á þá sem nota hana til móttöku útvarps- og sjónvarpsefnis frá innlendum eða erlendum stöðvum, til móttöku og sendinga á tölvuboðum og á þá sem nota hana til sendingar á dagskrárefni.

c. Einstaklingar og félög, svo sem menningarfélög, stjórnmálafélög, trúfélög, hagsmunasamtök og átthagafélög sem uppfylla öll almenn skilyrði um afnot af útvarps- og sjónvarpsrásum boðveitu, skulu hafa rétt til tímabundinna útsendinga um hana skv. nánari ákvörðun stjórnar boðveitunnar sem úthlutar útsendingartímum og útsendingarrásum. Eigi mega slíkir aðilar taka gjald af viðtakendum útsends efnis, né afla sér tekna með auglýsingum í útsendingum, né heldur nota útsendingarnar til kynningar á vörum og þjónustu í verslunarskyni.

   Stjórn boðveitu getur synjað umsókn um afnot af útvarps- og sjónvarpsrásum ef hún telur að viðkomandi aðili uppfylli eigi almenn skilyrði um afnot boðveitunnar eða ef hann hefur með fyrri útsendingum gerst sekur um gróf brot á reglum boðveitunnar eða refsilöggjafarinnar. Áfrýja má slíkri synjun til útvarpsréttarnefndar sem kveður upp úrskurð í málinu. Ávallt skal tilgreina ábyrgðarmann að útsendingum þeim sem að framan greinir.

d. Aðeins útvarpsfélög, sem útvarpsréttarnefnd viðurkennir, hafa rétt til reglulegra útsendinga um boðveitukerfi að uppfylltum almennum skilyrðum boðveitunnar en það telst regluleg útsending sem send er út 5 daga í viku hverri eða oftar og hver útsending tekur a. m. k. eina klukkustund.

   Nú leigir útvarpsfélag rás í boðveitu og er því þá heimilt að afla sér tekna með afnotagjöldum og/eða auglýsingum, enda skal gjaldskrá þess fyrir auglýsingar háð samþykki útvarpsréttarnefndar.

e. Útvarpsfélagi, sem útvarpsréttarnefnd viðurkennir, er heimilt að eiga og reka sendistöð fyrir staðbundið hljóðvarp enda uppfylli sendistöðin reglur samgönguráðuneytisins,

sbr. a-lið. Starfssvæði slíkrar stöðvar er háð samþykki menntamálaráðuneytisins að fengnum tillögum útvarpsréttarnefndar.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð gjaldskrá þar sem kveðið er á um árlegt leyfisgjald fyrir sendistöðvar útvarpsfélaga. Útvarpsfélög, sem reka eigin sendistöð, mega afla sér tekna með birtingu auglýsinga skv. nánari reglum sem útvarpsréttarnefnd setur.

f. Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar eða aðild að slíkum rekstri. Þó er utanríkisráðherra heimilt að veita Varnarliðinu leyfi til staðbundins útvarpsrekstrar á varnarsvæðunum í samræmi við þær almennu reglur um senditíðni og sendibúnað sem samgönguráðuneytið setur og um getur í a-lið.

Ed. 1209. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Það er til marks um hvað afgreiðsla þessa máls er komin í miklar ógöngur að aðeins 16 þingmenn í neðri deild greiddu því atkvæði í núverandi búningi.

Menntamálanefnd efri deildar hefur rætt málið á mörgum fundum og skilar fjórum nál. Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks standa sameiginlega að nefndaráliti. Undirritaður fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni skilar séráliti og leggur til að málinu verði vísað frá og fulltrúar Kvennalistans og Alþýðuflokks eru einnig sér um afstöðu. Undirritaður áskilur sér jafnframt rétt til að styðja brtt. er fram kunna að koma og til umræðu voru í nefndinni.

Þau meginatriði er ráða afstöðu þingflokks Alþýðubandalagsins til frv. eru eftirfarandi:

1. **Efling Ríkisútvarpsins.**

Alþýðubandalagið leggur nú sem fyrr mikla áherslu á að vel sé búið að Ríkisútvarpinu varðandi alla starfsaðstöðu. Á það reynir enn frekar þegar hafin verður starfræksla svæðisbundinna útvarpsstöðva. Ríkisútvarpið þarf eftir sem áður að vera burðarásinn í útvarpsfjölmiðlun og á það eru lagðar margháttaðar skyldur sem ekki eru gerðar til svæðisstöðva.

Tryggja þarf viðunandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og áhrif þeirra á starfrækslu stofnunarinnar. Alþýðubandalagið mun styðja brtt. við frv. sem til heilla horfa fyrir Ríkisútvarpið og gera það færara að rækja hlutverk sitt sem öflugasti fjölmiðill í landinu.

2. **Afnám einkaleyfis — aukið tjáningarfrelsi.**

Þingflokkur Alþýðubandalagsins er fylgjandi því að hópum með ólíkan bakgrunn verði heimilað að spreyta sig á útvarpsrekstri með það í huga að auka tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umræðu. Með þessi markmið í huga telur þingflokkurinn rétt að einungis samtök, sem sérstaklega eru stofnuð með útvarpsrekstur í huga, fái slíka heimild. Fyrirtæki, sem stunda annan og óskyldan rekstur, eiga ekki að geta gerst beinir aðilar að útvarpsrekstri.

3. **Útvarpsstöðvar án auglýsinga.**

Þingflokkur Alþýðbandalagsins bendir á að ráðstöfun útvarpsréttar er í höndum almannavaldsins og hlýtur að verða það áfram. Svigrúm til almennrar útvarpsstarfsemi er í raun takmarkað og því hlýtur Alþingi að sníða henni stakk með nýjum útvarpslögum. Vegna þessara takmarkana telur Alþýðubandalagið með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. Því leggst flokkurinn ákveðið gegn því að handhöfum

útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í svæðisbundnum útvarpsstöðvum. Sýnt hefur verið fram á með skýrum rökum hvernig unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Fjölmörg dæmi eru um það erlendis að útvarpsstöðvar séu reknar án auglýsinga, t. d. eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

4. **Dreifikerfi í opinberri eigu.**

Alþýðubandalagið leggur á það ríka áherslu að dreifikerfi til útvarpssendinga, bæði boðveitulagnir í jörð og endurvarpsstöðvar fyrir þráðlaust útvarp, verði í eigu opinberra aðila, þ. e. ríkis og/eða sveitarfélaga, til að koma í veg fyrir einokun í skjóli einkaeignar á dreifikerfum. Þetta skilyrði þarf á engan hátt að hindra það að handhafar útvarpsheimilda geti komið sér upp góðum tækjum eftir því sem þeir kjósa. Þessi afstaða er hins vegar tekin með það í huga að heimildir til útvarpsrekstrar eru veittar til takmarkaðs tíma og það væri með öllu óeðlilegt að rétthafi, sem hefur verið sviptur útvarpsheimild, t. d. fyrir stórfelld brot á útvarpslögum, gæti eftir sem áður verið eigandi að umfangsmiklum dreifikerfum. Einnig eru ákvæði um þetta atriði nauðsynleg til að tryggja visst samræmi í sendibúnaði. Útvarpsleyfishafar munu hins vegar hafa fullt forræði umræddra tækja á meðan þeir eru handhafar leyfis.

5. **Aukning á innlendu efni.**

Alþýðubandalagið leggur ríka áherslu á að framfylgt verði markmiðum útvarpslaga um rækt við menningu og tungu og að gætt verði hagsmuna allra þjóðfélagshópa. Sérstaklega vekur flokkurinn athygli á nauðsyn þess að tryggja að allar stöðvar flytji íslenskt efni að vissu marki og í auknum mæli og einnig verður að teljast nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að tryggja að Ríkisútvarpið og aðrar stöðvar verji ákveðnum hluta af dagskrárfé sínu til efnis fyrir börn.

Eftir meðferð neðri deildar á þessu máli er vonlaust með öllu að því verði komið í skaplegt horf. Skynsamlegast er því að málið verði endurskoðað fyrir næsta þing og leggur því undirritaður til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. júní 1985.

Ragnar Arnalds.

Ed. 1210. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og mælir meiri hl. með samþykkt frv.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. júní 1985.

Stefán Benediktsson, fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson, frsm.

Eiður Guðnason, með fyrirvara.

Valdimar Indriðason.

Sþ. 1211. Fyrirspurn [531. mál]

til dómsmálaráðherra um landvistarleyfi erlendra ríkisborgara á Íslandi.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um veitingu landvistarleyfa hér á landi?
2. Í hve mörgum tilfellum á s. l. árum hafa umsækjendur fengið synjun um landvistarleyfi? Hvaða ástæður hafa legið að baki hverri og einni synjun og frá hvaða löndum hafa þeir umsækjendur um landvistarleyfi verið sem hafa fengið synjun?
3. Er tekið tillit til þess ef umsækjandi um landvistarleyfi á foreldra, systkini eða aðra nána ættingja hér á landi? Ef svo er, á hvaða hátt er það gert?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 1212. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá Ragnari Arnalds, Davíð Aðalsteinssyni,
Eiði Guðnasyni og Árna Johnsen.

Í stað 1.—7. gr. og ákvæðis til bráðabirgða komi svofelld grein sem verði 1. gr.:

Ríkisstjórnin skal á árinu 1985 láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra manna um það hvort leyfa skuli innflutning og framleiðslu á áfengu öli sem hefur inni að halda vínanda á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli.

Atkvæðagreiðslan, sem er ráðgefandi fyrir Alþingi og ríkisstjórn, skal snúast um það hvort gerðar skuli eftirtaldar breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969:

a. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

b. 7. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

c. 8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

d. 9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

e. 1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

f. 3. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

Nd. 1213. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin tók þetta mál fyrst á dagskrá 22. maí en frv. var þó ekki rætt þá. Þann 29. maí komu fulltrúar frá ÍSÍ á fund nefndarinnar, þeir Sveinn Björnsson, Valdimar Örnólfsson og Jón Ármann Héðinsson. Háskólarektor, Guðmundur Magnússon, kom einnig á þennan fund, svo og fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands, þeir Oddur Ólafsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Við endurskoðun laga um getraunir árið 1972 var komið inn í 2. gr. laganna viðbótarákvæði um talnagetraunir. Þar segir m. a. að með getraunum sé átt við að „á þar til gerða miða — getraunaseðla, *sem félagið eitt (þ. e. Íslenskar getraunir) hefur rétt til þess að gefa út og selja,* eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna *(talnagetraunir).*“

Í nágrannalöndum hefur þetta getraunaform hlotið nafnið Lotto.

Í nokkur ár hefur þetta kerfi verið til ítarlegrar athugunar hjá íþróttahreyfingunni og með bréfi dags. 21. okt. 1983 til dómsmálaráðuneytisins er skýrt frá því að Íslenskar getraunir hafi ákveðið að hefja starfrækslu talnagetrauna samkvæmt ákvæði í 2. gr. laga um getraunir, nr. 59 frá 29. maí 1972. Síðan þetta bréf var ritað hafa fulltrúar frá ÍSÍ kynnt sér þessa starfsemi í Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Íþróttahreyfingin hefur nú tryggt sér tækjabúnað til þessarar starfsemi og áætlað er að starfsemin geti hafist síðar á þessu ári.

Stefnt er að því að rekstur íþróttahreyfingarinnar muni á þessu ári kosta um 250 millj. króna. Íþróttahreyfingin hefur hingað til fjármagnað sína starfsemi að mestu með eigin fjáröflun og sjálfboðavinnu og verður að telja ákjósanlegt að slíkt geti haldist áfram.

Þetta frv., ef samþykkt verður, getur haft veruleg áhrif á fjáröflunarmöguleika íþróttahreyfingarinnar og annarra sem hafa tekjur af rekstri happaspila. Það er álit minni hl. nefndarinnar að mál þetta þarfnist frekari athugnar og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. júní 1985.

Páll Dagbjartsson, frsm. Stefán Guðmundsson.

Ed. 1214. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta ítarlega á mörgum fundum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að fjármálaráðherra verði veitt heimild sú, sem farið er fram á, í trausti þess að hún verði því aðeins notuð að eiginfjárstaða fyrirtækisins verði trygg, bankaviðskipti með eðlilegum hætti og náttúruverndarsjónarmiða gætt. Er því lagt til að frv. verði samþykkt með breytingartillögu sem meiri hl. flytur á sérstöku þskj.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Egill Jónsson.
Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.	Ragnar Arnalds.

Ed. 1215. Breytingartillaga [236. mál]

við frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EG, EgJ, VI, JK).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða.

Nd. 1216. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. júní 1985.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Ólafur G. Einarsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hjörleifur Guttormsson.
	Kristín S. Kvaran.	

Nd. 1217. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefnd á vegum menntamálaráðherra hefur unnið að því að kanna með hvaða hætti sé unnt að ná samkomulagi við fulltrúa kennarasamtakanna um hvað felast skuli í frv. um lögverndun á starfsheiti kennara án þess að skólastarfi í landinu sé stefnt í hættu vegna kennaraskorts. Nefndin hefur ekki lokið störfum og því leggur meiri hl. til að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. júní 1985.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ólafur G. Einarsson.

Nd. 1218. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur meiri hl. til að það verði fellt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Halldór Blöndal, form., frsm. Hjörleifur Guttormsson. Kristín S. Kvaran.

Ólafur G. Einarsson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Nd. 1219. Breytingartillaga [48. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Halldóri Blöndal og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við 19. gr. Í stað orðanna „Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir“ í 2. mgr. komi: Félög, fyrirtæki og stofnanir má dæma í fésektir.

Ed. 1220. Frumvarp til laga [528. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10 júní.)

1. gr.

Í stað ákvæða 10. gr. skulu eftirtalin bráðabirgðaákvæði gilda um framlög til búnaðarframkvæmda, sem unnar eru á árunum 1985 og 1986:

I. **Til undirbúnings ræktunar.**

a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, allt að 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.

b. Framræsla vegna endurræktunar, þ. m. t. hreinsun og dýpkun skurða, allt að 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs skv. þessum stafliðum skal að hámarki svara til 7,0 millj. m^3 skurðgraftar og 1200 km plógræslu á árunum 1985 og 1986. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum skv. þessum töluliðum, reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframkvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi, 50 kr. pr. m.

II. **Til jarðræktar.**

a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi (nýrækt og endurræktun) 12 000 kr. pr. ha.

b. Túnrækt á þurrlendi (nýrækt og endurræktun) 8 000 kr. pr. ha.

c. Korn- og fræakrar 4 000 kr. pr. ha.

Framlag skv. þessum staflið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

d. Grænfóðurrækt 4 000 kr. pr. ha.

Framlag skv. þessum staflið er bundið því að um sé að ræða ræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Enn fremur er framlagið bundið því, að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, áður en í framkvæmdir er ráðist.

III. **Grjótnám úr ræktunarlandi,** þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65 pr. m^3.

IV. **Girðingar um ræktunarlönd,** fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10 pr. m.

V. **Áburðargeymslur.**

Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350 pr. m^3.

VI. **Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og verkfærageymslna.**

a. Votheyshlöður úr varanlegu efni 400 kr. pr. m^3

b. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni með súgþurrkunarkerfi 600 kr. pr. m^2

c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél vegna garðávaxtageymslu, og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu skyni — framlag allt að 40% af innkaupsverði tækja og búnaðar.

d. Garðávaxtageymslur úr varanlegu efni með viðeigandi loftræstibúnaði 600 kr. pr. m^2
e. Verkfærageymslur úr varanlegu efni 200 kr. pr. m^2

VII. **Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfar.**
Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. **Til kölkunar á túnum,** þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

IX. **Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.**
a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði:
Framlag 1250 kr. pr m^2, allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í eldri húsum. Framlag 250 kr., allt að 150 m^2 að flatarmáli á býli.

X. **Til loðdýrabygginga.**
Framlag má nema allt að 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m^2 að flatarmáli á býli.

XI. **Til ræktunar skjólbelta.**
Framlag má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er, að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og ráðunautur Skógræktar ríkisins um skjólbeltaræktun hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að ákveða stærðarmörk framkvæmda sem framlags njóta skv. þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands áætlar fjárþörf til framkvæmda skv. lögum þessum og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytis um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt árlegrar jarðræktar og húsabóta skuli lokið.

2. gr.

Við 12. gr. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Á framlög skv. 1. gr., vegna framvæmda, sem unnar verða árin 1985 og 1986, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1984 í samræmi við önnur ákvæði 12. gr. jarðræktarlaga, nr. 79 29. maí 1972.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1221. Frumvarp til lánsfjárlaga [245. mál]

fyrir árið 1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. júní.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 2 561 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 1 036 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 74 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til endurfjármögnunar og framkvæmda.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

6. gr.

Þróunarfélagi, sem stofnsett verður, er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 190 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 85 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1985 að fjárhæð 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 140 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1985 að fjárhæð 7 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1985 að fjárhæð 1 092 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 78 500 þús. kr. á árinu 1985. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 18 000 þús. kr. á árinu 1985.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 30 800 þús. kr. á árinu 1985 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1985.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1985.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 19 800 þús. kr. á árinu 1985.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1985.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga nr. 69/1984 skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 000 þús. kr. á árinu 1985.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, skal einungis þeirri fjárhæð, sem áætluð er í 4. gr. fjárlaga 1985, varið til rekstrar Rafmagnseftirlitsins en það sem umfram innheimtist skal renna í ríkissjóð.

22. gr.

Þrátt fyrir 8. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi samkvæmt fyrrgreindri lagagrein eigi fara fram úr 8 500 þús. kr. á árinu 1985. Framlag úr ríkissjóði skv. 25. gr. laga nr. 60/1976 til Ferðamálasjóðs skal falla niður á árinu 1985.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 7 000 þús. kr. á árinu 1985.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 96 000 þús. kr. á árinu 1985.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 635 000 þús. kr.

III. KAFLI

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42 1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán að fjárhæð 287 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Byggingarsjóður ríkisins tók á árinu 1984.

Þá er fjármálaráðherra heimilt að veita sams konar ábyrgð vegna láns að fjárhæð 80 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Endurlán ríkissjóðs tóku á árinu 1984 til að mæta innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs.

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lána með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka eða ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð afurðalán allt að 250 000 þús. kr. sem veitt hafa verið skreiðarframleiðendum vegna óseldra skreiðarbirgða í árslok 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1222. Frumvarp til laga [397. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. júní.)

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.

2. gr.

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðustu ár.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

3. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

4. gr.

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

5. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

6. gr.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum, eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

a. Hótel.
   Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.
b. Gistiheimili.
   Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
c. Gistiskáli.
   Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.
d. Gisting á einkaheimilum.
   Gisting á heimili leigusala.
   Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

9. gr.

Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

a. Veitingahús.
   Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.
b. Skemmtistaður.
   Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.
c. Veitingastofa, greiðasala.
   Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.
d. Veisluþjónusta, veitingaverslun.
   Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.
e. Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.
   Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

10. gr.

Rekstraraðilar er undir þessi lög falla skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

11. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

12. gr.

Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og brunamál.

13. gr.

Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.

Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Ed. 1223. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 3. minni hl. menntamálanefndar.

Frv. til útvarpslaga var lagt fram á fyrstu dögum yfirstandandi þings. Frv. var rætt í neðri deild í sjö mánuði. Náðist ekki samkomulag í málinu og fram komu margar brtt. Við lokaafgreiðslu málsins í Nd. var frv. samþykkt með atkv. minni hl. deildarmanna.

Við umræður í Ed. hafa komið fram ýmsar athugasemdir við frv. Ekki er þó ágreiningur um að rýmkað skuli um útvarpsrekstur frá því sem nú er. Hins vegar greinir menn á um á hvern hátt skuli staðið að slíkri rýmkun.

Þeir, sem að þessu nefndaráliti standa, eru sammála um að ný útvarpslög eigi að stuðla að eflingu Ríkisútvarpsins, enda eru því lagðar ýmsar nýjar skyldur á herðar í hinu nýja frv., ef að lögum verður. Þeir eru þó ekki sammála um hve víðtækan rétt útvarpsstöðvar skuli hafa til að flytja auglýsingar. Haraldur Ólafsson flytur brtt. um þann lið og er auk þess óbundinn að fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Það er álit 3. minni hl. nefndarinnar að rétt sé að boðveitur, er flytji útvarpsefni, séu í eigu Pósts og síma og sveitarfélaga og hann treystir því að ákvæði þar að lútandi komi innan skamms í fjarskiptalög.

Það er mikilvægt að skýrt sé tekið fram að útsent efni sé á íslensku eða með íslenskum texta, og sé þar fylgt sömu reglum og Ríkisútvarpið fer eftir í dagskrá sinni.

Ætla verður að fyrirhuguð útvarpsréttarnefnd fái víðtækt umboð samkv. reglugerð til þess að fylgjast með framkvæmd frv. ef að lögum verður og leggi fram innan þriggja ára hugmyndir að nýjum útvarpslögum, þar sem tekið verði tillit til fenginnar reynslu af rýmkaðri útvarpsstarfsemi.

Að fullnægðum þessum skilyrðum mælir 3. minni hl. með því að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm. Ey. Kon Jónsson. Árni Johnsen.

Ed. 1224. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Stefáni Benediktssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Menntamálaráðherra veitir slíkt leyfi skv. 3.—6. gr. þessara laga og fylgist með að ákvæðum þeirra sé fylgt. Leyfi til útvarpsrekstrar skulu vera tímabundin og eigi veitt lengur en til þriggja ára í senn. Við veitingu nýrra leyfa og við endurnýjun leyfa verði leitað opinberlega eftir umsögn almennings.
   b. 3. málsgr. falli niður.
   c. Hvarvetna þar sem stendur „útvarpsréttarnefnd“ annars staðar í frv. komi: menntamálaráðherra.

2. Við 3. gr.
   a. 3. tl. orðist svo:
   Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi. Menntamálaráðherra setur reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræður.
   b. 6. tl. falli brott.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðum dagskrárliðum. Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verð þeirrar þjónustu sem þær veita. Menntamálaráðherra gefur út reglur um framkvæmd hlustendakönnunar sem gerð skal eigi sjaldnar en mánaðarlega.
4. Við 5. gr.
   a. 1. tl. orðist svo:
   Sveitarstjórnir hafa einkarétt á uppsetningu kapalkerfa en heimilt skal sveitarstjórn að framselja þennan rétt til einstaklinga eða félaga með samningum.
   b. 3. tl. falli brott.
5. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar gr. er orðist svo:
   a. (8. gr.)
   Einstaklingar, sem eiga hlut í fyrirtæki í öðrum greinum fjölmiðlunar, svo sem dagblöðum, er óheimilt að eiga hlutdeild að útvarpsrekstri. Þetta ákvæði á einnig við um fyrirtæki.
   Sami aðili má ekki reka fleiri en tvær stöðvar.
   b. (9. gr.)
   Alþingi kýs nefnd sjö þingmanna er hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga þessara, svo og þróun fjölmiðlunar og lagasetningar um hana meðal nágrannaþjóða. Jafnframt skal nefndin huga að nauðsynlegum breytingum á lögunum í ljósi þeirrar reynslu sem af framkvæmd þeirra fæst. Skal nefndin skila Alþingi skýrslu um störf sín í nóvember ár hvert þar til endurskoun laganna er lokið.
6. Við 12. gr. Í stað orðsins „útvarpsráði“ í fyrri mgr. og hvarvetna annars staðar í frv. komi: stjórn Ríkisútvarpsins.
7. Við 18. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til 5 ára í senn og annast hann rekstur Ríkisútvarpsins o. s. frv.
8. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn: Útvarpsstjóri, þrír framkvæmdastjórar Ríkisútvarpsins, tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra og einn fulltrúi kosinn af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.
9. Við 20. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Árlega efnir menntamálaráðherra til ráðstefnu notenda um dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Ráðstefnan skal opin öllum almenningi.
10. Við 21. gr.
   a. 4. málsgr. orðist svo: Framkvæmdastjóri, skipaður til 5 ára í senn, er fyrir hverri deild.
   b. 1. málsl. 5. málsgr. orðist svo: Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar.
11. Við 22. gr. Við gr. bætist ný málsgr. sem orðist svo:
   Útvarpsstjóri gerir með samþykki stjórnar Ríkisútvarpsins kjarasamninga við starfsmenn Ríkisútvarpsins.

Ed. 1225. Breytingartillaga [284. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Jósep Þorbjörnsson, verkamaður í Keflavík, f. 4. des. 1966 á Spáni.

Ed. 1226. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Hljóðvarpsstöðvum er enn fremur heimilt að afla tekna með auglýsingum. Sömuleiðis er þeim sjónvarpsstöðvum, sem senda efni um boðveitur í eigu sveitarfélaga, heimilt að afla sér tekna með auglýsingum. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.

Ed. 1227. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 4. minni hl. menntamálanefndar.

Frv. til útvarpslaga var lagt fram á Alþingi í þingbyrjun, í annarri viku októbermánaðar. Í frv. sagði að ný útvarpslög skyldu öðlast gildi 1. nóvember 1984. Voru Alþingi þannig ætlaðar röskar tvær vikur til að ræða og afgreiða þetta margslungna og flókna mál. Munu slík vinnubrögð af hálfu ráðherra nánast einsdæmi í þingsögunni. Öllum var mæta vel ljóst að þessi dagsetning — þetta skamma ráðrúm — dugði hvergi nærri til þess að málið gæti fengið eðlilega umfjöllun og athugun á Alþingi.

Menntamálanefnd neðri deildar hafði málið síðan til umfjöllunar í allan vetur og það var ekki fyrr en 12. maí 1985 að neðri deild sendi frv. til efri deildar. Hefur menntamálanefnd efri deildar því ekki haft ýkja langan tíma til þess að fjalla um frv. til útvapslaga og athuga frv. svo sem vert væri. Þrátt fyrir þann skamma tíma sem nefndin hefur haft til ráðstöfunar hefur málið verið rætt allítarlega. Það er skoðun undirritaðs að í efri deild hefði verið unnt að ná samkomulagi um ýmis atriði málsins, sem ágreiningur var um í neðri deild. Það tókst hins vegar ekki þar sem ekki var unnt að skilja afstöðu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á annan veg en svo að engu mætti breyta í frv. Efri deild yrði að samþykkja það nákvæmlega eins og það kom frá neðri deild. Það eru vinnubrögð sem þingmenn efri deildar eiga ekki að láta bjóða sér, — vinnubrögð sem í senn eru óþingleg og ólýðræðisleg. Í þessu sambandi er rétt að benda á að málið var afgreitt frá neðri deild með þeim hætti að það hafði ekki meirihlutafylgi í deildinni. **Aðeins sextán af fjörutíu þingmönnum, sem sæti eiga í neðri deild, treystu sér til að greiða atkvæði með frv. Tólf greiddu atkvæði gegn því. Ellefu sátu hjá. Einn**

var fjarstaddur. Þessar staðreyndir lýsa því auðvitað í fyrsta lagi hversu mikið ágreiningsmál hér er um að ræða og í öðru lagi hve miklar efasemdir menn hafa um ágæti frv. eins og það nú liggur fyrir.

Frv. til útvarpslaga tók allmiklum breytingum í meðförum neðri deildar, enda ekki óeðlilegt þar sem hér var um að ræða frv. sem hafði nánast legið í salti í á þriðja ár og margt hefur vissulega breyst í þessum efnum á þeim tíma. Það var því ljóst að gera þurfti ýmsar breytingar á frv. og enda þótt ágreiningur væri um ýmis meginmál er það skoðun undirritaðs að vinnubrögð í menntamálanefnd neðri deildar hafi verið með þeim hætti að aldrei hafi raunverulega á það reynt hvort unnt væri að ná víðtæku samkomulagi um ýmis atriði.

Af hálfu Alþýðuflokksins voru í neðri deild fluttar fjölmargar brtt. við útvarpslagafrv. M. a. voru fluttar tillögur um að svonefnd boðveitukerfi ættu að vera í eigu sveitarfélaga og vera það sem á ensku hefur verið nefnt „common carrier", þ. e. að vera öllum opin sem uppfylla ákveðin skilyrði. Allar tillögur um þetta efni voru felldar. Því var lýst yfir af hálfu Alþýðuflokksins að þingmenn hans styddu auglýsingafrelsi í nýjum útvarpsstöðvum að því tilskildu að sett yrðu ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga. Ef ekki yrði fallist á ákvæðin um boðveitur yrði afstaðan til auglýsingafrelsis endurskoðuð. Nú verður enn látið á þetta reyna í efri deild og yfirlýsingin um afstöðu til auglýsingafrelsis, verði ekki fallist á ákvæði um boðveitur í eigu sveitarfélaga, stendur óhögguð.

Fram kom við umfjöllun málsins í nefndinni að tvö sveitarfélög, Reykjavík og Seltjarnarnes, eru nú að undirbúa og kanna grundvöll fyrir stofnun slíkra boðveitna. Má af því ljóst vera hversu brýnt er að um þetta verði settar reglur, enda eru boðveitur nánast forsenda þess að íslenskir þegnar geti notið mikilla kosta hinnar nýju fjarskiptatækni og notið sjónvarps frá fjarskiptahnöttum.

Ekki er ágreiningur um það meginmarkmið að veita fleiri aðilum en Ríkisútvarpinu leyfi til að útvarpa og sjónvarpa. Ágreiningurinn er hins vegar um það með hverjum hætti það skuli gert. Undirritaður er þeirrar skoðunar að unnt sé að ná víðtækari samstöðu um þetta mál en tekist hefur til þessa og hefur því gert óformlega tillögu um að níu manna nefnd allra þingflokka vinni að málinu í sumar, leggi nýtt frumvarp fyrir þingið í haust sem síðan yrði afgreitt fyrir miðjan nóvember, **þannig að ákvæðin um gildistöku 1. janúar 1986 geti staðið óbreytt.** Þessi tillaga hefur ekki fengið undirtektir, — því miður.

Auðvitað er ýmislegt gott um útvarpslagafrv. að segja eins og það nú liggur fyrir. En sá er hins vegar galli á gjöf Njarðar að á frv. eru annmarkar sem gera að verkum að ekki er unnt að samþykkja það óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Skulu aðeins hinir helstu taldir upp, en upptalningin gæti vissulega verið töluvert lengri.

1. Ákvæði 7. tl. 3. gr. er óskiljanlegt með öllu eins og það er orðað í frv.
2. Engin ákvæði er að finna sem skylda t. d. sjónvarpsstöðvar til að þýða eða texta erlent efni.
3. Engin ákvæði eru um að taka skuli upp og varðveita á segulbandi í ákveðinn tíma **alla** útsenda dagskrá útvarps- og sjónvarpsstöðva eins og Ríkisútvarpið hefur gert í allmörg ár og hvarvetna er gert þar sem undirritaður þekkir til.
4. Ákvæði um endurskoðun laganna þarf að gera ákveðnari, þannig að tryggt sé að sú endurskoðun eigi sér stað.
5. Skv. frv. eins og það nú liggur fyrir skulu lögin taka gildi 1. janúar 1986. Skv. ákvæði til bráðabirgða skal hins vegar skipa stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva **fyrir árslok 1985.** Öllum má vera ljóst að svona orðað fær þetta ákvæði ekki staðist. **Það er ekki unnt að skipa nefnd í krafti laga sem ekki hafa tekið gildi.** Þess vegna er óhjákvæmilegt að breyta þessu.

Undirritaður flytur ásamt Karli Steinari Guðnasyni nokkrar fleiri brtt. við frv. sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu en þær fjalla m. a. um gjald í Menningarsjóð

útvarpsstöðva, auglýsingamál, skýrslu menntamálaráðherra um útvarpsmál og framkvæmd útvarpslaga og boðveitur í eigu sveitarfélaga. Að þeim tillögum föllnum munu þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 10. júní 1985.

Eiður Guðnason.

Nd. 1228. Breytingartillögur [248. mál]

við frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 1. gr.:
   4. málsgrein orðist svo:
   Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð til 5 ára samkvæmt tillögu menntamálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Heimilt er að undangenginni auglýsingu að endurskipa sama mann í 5 ár til viðbótar. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir þess hönd út á við.
2. Við 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Safnið skal leitast við að safna heimildum og frumgögnum varðandi atvinnu- og verslunarsögu þjóðarinnar og hafa samvinnu við héraðsskjalasöfn um varðveislu slíkra gagna.
3. Við 14. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Héraðsskjalasöfn skulu leitast við að komast yfir önnur skjöl en þau sem skilaskyld eru, svo sem skjöl hvers kyns félagasamtaka, einkaskjöl og handrit, örnefnaskrár og ættfræðigögn og annað það er byggðasögu varðar, þannig að þau geti orðið miðstöðvar byggðasöguritunar hvert á sínu svæði. Í því skyni skulu héraðsskjalasöfn skiptast á heimildum er þeim berast hverju af annars svæði.

Nd. 1229. Frumvarp til laga [284. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Ed., 10. júní.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anna Lísa Siti Jóhannsdóttir, barn í Svíþjóð, f. 16. júlí 1983 í Indónesíu.
3. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígeríu.
4. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Þýskalandi.
5. Belomajova, Tatjana Veselinova, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. mars 1949 í Búlgaríu.
6. Clinceanu, Eugenia-Dorina, einkaritari í Reykjavík, f. 1. mars 1945 í Rúmeníu.
7. Fucci, Cosimo, nemi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 á Ítalíu.
8. Hafdell, Jeanette Ann, kennari í Kópavogi, f. 29. jan. 1944 í Bandaríkjunum.
9. Haní, Abdelazíz, iðnnemi í Reykjavík, f. 2. janúar 1954 í Marokkó.

10. Hansen, Rikhard Dürke, vélvirki á Ísafirði, f. 9. mars 1954 á Íslandi.
11. Hentze, Artha, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. janúar 1941 í Færeyjum.
12. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar 1957 á Íslandi.
13. Jósep Þorbjörnsson, verkamaður í Keflavík, f. 4. des. 1966 á Spáni.
14. Jurczak, Krystyna Anna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1953 í Póllandi.
15. Jünemann, Ursula Elisabeth, kennari í Mosfellssveit, f. 28. des. 1950 í Þýskalandi. Fær réttinn 27. nóv. 1985.
16. Kowalk, Bent, verkstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi, f. 29. september 1962 í Þýskalandi.
17. Lund, Hermod Ingemar Jakob, verkstjóri á Patreksfirði, f. 20. mars 1933 í Noregi.
18. Mellk, Marilyn Herdís, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. febr. 1961 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 31. des. 1985.
19. Middleton, Inga Lísa, nemi í Reykjavík, f. 9. des. 1964 í Englandi.
20. Mileris, Maria Carmen, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 á Spáni.
21. Moustacas, Ilias Karolos, nemi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 á Íslandi.
22. Nilssen, Erna, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 18. ágúst 1948 á Íslandi.
23. Nilssen, Gyða Minny, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 26. apríl 1951 á Íslandi.
24. Paulsen, Ingrid Marie, kennari í Garðabæ, f. 4. nóv. 1936 í Þýskalandi.
25. Ponzi, Tómas Atli, nemi í Mosfellssveit, f. 10. júní 1959 á Íslandi.
26. Popović, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. 28. október 1945 í Júgóslavíu.
27. Richardson, Paul, kennari í V-Skaftafellssýslu, f. 2. ágúst 1943 í Skotlandi.
28. Smíd, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 6. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
29. Smídová-Mintcheva, Violeta, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. ágúst 1944 í Búlgaríu.
30. Sólheim, Edgar, verkamaður í Neskaupstað, f. 1. jan. 1960 á Íslandi.
31. Stupcanu, Ioan, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. október 1948 í Rúmeníu.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til ársloka 1985, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1230. Lög [464. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.

(Afgreidd frá Ed. 10. júní.)

Samhljóða þskj. 789.

Ed. 1231. Frumvarp til laga [236. mál]

um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. júní.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1232. Tillaga til þingsályktunar [293. mál]

um sölu Gullaugans.

(Eftir eina umr. í Ed., 10. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja Gullaugað í samráði við bændasamtökin. Hreinum söluhagnaði verði varið til styrktar landbúnaðinum eftir ákvörðun Alþingis.

Ed. 1233. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. júní.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1985 láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra manna um það hvort leyfa skuli innflutning og framleiðslu á áfengu öli sem hefur inni að halda vínanda á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli.

Atkvæðagreiðslan, sem er ráðgefandi fyrir Alþingi og ríkisstjórn, skal snúast um það hvort gerðar skuli eftirtaldar breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969:

a. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

b. 7. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til

drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

c. 8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

d. 9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

e. 1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

f. 3. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

Ed. 1234. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá Ragnari Arnalds, Davíð Aðalsteinssyni, Eiði Guðnasyni og Árna Johnsen.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1235. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. júní 1985.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Kjartan Jóhannsson.	Þorsteinn Pálsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 1236. Breytingartillaga [522. mál]

við frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

7. gr. hljóði svo:

Fjárhæðir þær, er um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. des. 1984 til 31. des. 1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

Nd. 1237. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. júní 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Þorsteinn Pálsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Kjartan Jóhannsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 1238. Breytingartillaga [523. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:

Meðan ákvæði laga um eignarskattsauka eru í gildi skal með hann fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts skattafsláttar, sbr. 1. og 3. málsl. 2. efnismgr. 3. gr. þessara laga (68. gr. laga nr. 75/1981).

Ed. 1239. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frumvarp þetta var lagt fram snemma á þinginu og hefur nefndin haft það til athugunar á mörgum fundum og aflað umsagna um málið frá mörgum fjölmennum samtökum. Eru þær yfirleitt neikvæðar.

Allir eru sammála um að hár virðisaukaskattur yrði ekki lagður á brýnustu lífsnauðsynjar sem nú eru undanþegnar söluskatti nema víðtækar hliðarráðstafanir yrðu gerðar, en um þær eru engar ákveðnar tillögur fram komnar.

Nefndin hefur spurst fyrir um það hvernig álagningu virðisaukaskatts væri háttað í öðrum Evrópulöndum og nú fengið þær upplýsingar að þar sé víða um misháan skatt að ræða eins og eftirfarandi bréf ríkisskattstjóra til fjármálaráðuneytisins, dags. 22. maí s. l., ber með sér:

„Hér með sendist ráðuneytinu svar við fyrirspurn varðandi virðisaukaskatt sem barst símleiðis 17. maí s. l.

Fyrirspurnin var: Hvaða virðisaukaskattshlutföll eru í nágrannaríkjum okkar og ef um fleiri en eitt skatthlutfall er að ræða, hvert er skatthlutfallið á vörum annars vegar og þjónustu hins vegar?

Skipta má nágrannaríkjum okkar í tvo hópa að því er varðar virðisaukaskattshlutfall. Annars vegar eru ríki sem hafa í aðalatriðum eitt skatthlutfall með tiltölulega fáum undanþágum, hins vegar eru ríki sem hafa eitt almennt skatthlutfall en með allmiklum frávikum.

Hér á eftir er tafla sem sýnir hið almenna virðisaukaskattshlutfall í 12 nágrannaríkjum okkar og meginfrávikin þar frá:

Ríki með „eitt“ virðisaukaskattshlutfall:

Danmörk	22%
Noregur	20%
Svíþjóð	23,46%
Bretland	15%

Ríki með fleiri en eitt virðisaukaskattshlutfall:

	Almennt hlutfall	Hækkað hlutfall	Lækkað hlutfall
Austurríki	20%	32%	10%
Belgía	19%	25%	6%, 14%
Frakkland	18,6%	33⅓%	7%, 5,5%
Holland	19%		5%, 0%
Írland	35%		23%, 18%, 8%, 5%, 0%
Ítalía	18%	38%, 20%	15%, 10%, 8%, 2%
Luxemburg	12%		6%, 2%
V.-Þýskaland	14%		7%

Þeir flokkar vöru og þjónustu sem falla undir hækkað eða lækkað skatthlutfall eru yfirleitt sérstaklega tilgreindir í reglum einstakra ríkja sem undanþága frá hinu almenna skatthlutfalli.

Almennt má segja að *hækkað hlutfall* leggist á lúxusvörur, svo sem skartgripi, ljósmyndavörur, hljómflutningstæki, bifreiðar, skinnavörur o. fl.

Almennt má segja að *lækkað hlutfall* komi á matvörur ýmiss konar, þjónustu leikhúsa, hljómleikahald, fólksflutninga, listaverk, blöð, bækur, ýmsa þætti landbúnaðar, lyf, ýmsa ferðamannaþjónustu o. fl. o. fl.

Reglurnar um hækkað eða lækkað skatthlutfall eru dálítið mismunandi eftir ríkjum og í sumum tilvikum eru langir listar yfir þau atriði sem falla undir hvert skatthlutfall. Ef það er æskilegt er unnt að gera nákvæmara yfirlit yfir hvern skattflokk eftir ríkjum en slík upptalning yrði mjög viðamikil.

Samantekt þessi er unnin upp úr „Guides to European taxation: Volume IV, Value Added Taxation in Europe“, útgefið af International Bureau of Fiscal Documentation. Embættið er áskrifandi að þessu riti og fær reglulega sendar upplýsingar um breytingar sem verða í hinum einstöku ríkjum.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra,
Jón Guðmundsson.“

Ljóst er af framansögðu að mál þetta þarfnast fyllri undirbúnings og frekari athugunar og því leggur nefndin til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessari afgreiðslu.

Alþingi, 11. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Jón Kristjánsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Egill Jónsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 1240. Nefndarálit [491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur á allmörgum fundum fengið talsmenn ýmissa hagsmunaaðila til viðræðna um frv. Of langt mál yrði að vitna til alls sem þar hefur komið fram en í fáum orðum sagt hafa flestir, sem fyrir nefndina hafa komið, lagst gegn því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Þá hefur málsmeðferðin ekki síður verið gagnrýnd en frv. sjálft og það talinn slæmur kostur að samþykkja svo mikilsvert mál sem þetta án þess að hagsmunaaðilum gefist betra tóm til að kynna sér málið og koma athugasemdum sínum á framfæri. Sérstök ástæða er að vekja athygli á því að bændum, sem þó eiga að lifa og starfa — og nánast eiga allt sitt undir þessari löggjöf, — er nú fyrst að berast frv. í hendur um það leyti sem stjórnarliðar vilja taka málið til afgreiðslu. Hið sama á auðvitað við um ýmsa hagsmunaaðila, ekki síst neytendur, því að hér er einnig mikið í húfi fyrir þá.

Meiri hl. nefndarinnar hafnaði óskum um að senda málið til umsagnar og var borið við tímaskorti. Það er því ljóst að þrátt fyrir góða viðleitni nefndarinnar er ýmislegt enn óljóst um innihald frv. og áhrif af samþykkt þess.

Af fjölmörgum atriðum, sem þar koma til, skulu hér aðeins nefnd eftirfarandi:

1. Að því er best verður séð hefur fjármagn engan veginn verið tryggt með fullnægjandi hætti til þess að ákvæði VI. kafla um greiðslu afurðaverðs fái staðist. Frá upphafi virðist því hætta á að þau ákvæði verði dauður bókstafur auk þess — sem er öllu alvarlegra — að þær vonir, sem þau gætu vakið hjá bændum, yrðu falsvonir.

   Á síðasta fund nefndarinnar, þar sem málið var til umfjöllunar, komu bankastjórar þeirra þriggja viðskiptabanka sem mest afurðalánaviðskipti hafa við landbúnaðinn og bar þeim öllum saman um að bankarnir hefðu enga möguleika til að taka á sig útgjöld til að flýta greiðslum afurðaverðs til bænda eins og frv. gerir ráð fyrir.

2. Með samþykkt þessa frv. tekst ekki, nema síður sé, að koma á þeirri sátt milli framleiðenda og neytenda sem nauðsynlegt og skylt er að leita eftir við lagasetningu sem þessa.
3. Engir þjóðhagslegir útreikningar hafa farið fram á áhrifum af samþykkt frv. og þeim miklu breytingum sem það gæti að líkindum haft í för með sér. Hér er sérstaklega átt við þann mikla samdrátt sem frv. virðist gera ráð fyrir að verði í sauðfjárbúskapnum og þau margvíslegu áhrif á allt mannlíf og athafnalíf út um landið sem slíkt mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.
4. Frv. þessu fylgir engin stefnumörkun um niðurgreiðslur, eða niðurgreiðslustig, búvara sem þó verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stefnumörkun í framleiðslu og sölumálum landbúnaðarins.
5. Fjölmörg ákvæði frv. eru óljós og lítt eða ekki skýrð. Nefna má ákvæði um verðlagningarkerfi búvara, verðábyrgð, framleiðslustjórn, samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. fl.
6. Ekkert samkomulag lá fyrir í nefndinni um frv. eða brtt. við það og enginn meiri hl. hafði myndast þegar frv., að ósk stjórnarþingmanns, var afgreitt úr nefndinni.

Með vísan til ofanritaðs er undirritaður andvígur því að frv. þetta verði nú samþykkt en leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölumál landbúnaðarins verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Alþingi, 11. júní 1985.

Steingrímur J. Sigfússon,
fundaskr.

Sþ. 1241. Nefndarálit [2. mál]

um till. til þál. um bætta þjónustu við farþega í innanlandsflugi.

Frá allsherjarnefnd.

Á vegum samgönguráðuneytisins starfar nú nefnd sem vinnur að gerð áætlunar í flugmálum. Veigamikill þáttur í starfi nefndarinnar lýtur að þjónustu við farþega og aðstöðu fyrir þá á flugvöllum landsins, þ. m. t. hvaða kröfu eigi að gera til flugstöðvarbygginga og hvaða forgang þær skuli hafa í uppbyggingu flugvalla.

Nefndin telur því ekki á þessu stigi ástæðu til sérstakrar ályktunar um þetta mál og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. júní 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 1242. Breytingartillaga [491. mál]

við frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Á eftir 57. gr. komi ný gr. er orðist svo:
Þeim, sem annast sölu á útfluttum landbúnaðarvörum, er ekki heimilt að taka meira í sölulaun en sem nemur 2% af söluverðmæti þeirra.

Nd. 1243. Nefndarálit [502. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr. l. nr. 69 18. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. júní 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Páll Dagbjartsson.
Halldór Blöndal.	Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 1244. Nefndarálit [156. mál]

um till. til þál. um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ber fram breytingartillögur á sérstöku þskj. og leggur til að svo breytt verði tillagan samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Stefán Benediktsson.

Alþingi, 11. júní 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Pétur Sigurðsson.
	Jóhanna Sigurðardóttir.	

Sþ. 1245. Breytingartillögur [156. mál]

við till. til þál. um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við Seðlabanka Íslands með það að markmiði að verulegur hluti af nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti verði nýttur í þágu Stjórnarráðs Íslands.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um nýtingu ríkissjóðs á hluta af Seðlabankabyggingu fyrir Stjórnarráð Íslands.

Nd. 1246. Lög [475. mál]

um ríkislögmann.

(Afgreidd frá Nd. 11. júní.)

Samhljóða þskj. 824.

Nd. 1247. Lög [488. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 11. júní.)

Samhljóða þskj. 899.

Nd. 1248. Lög [487. mál]

um breyting á lögum nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, sbr. lög nr. 14/1975.

(Afgreidd frá Nd. 11. júní.)

Samhljóða þskj. 898.

Ed. 1249. Breytingartillaga [5. mál]

við brtt. á þskj. 1208 [Útvarpslög].

Frá Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Við 1. tl. b. Liðurinn hljóði svo:

Á eftir 7. tl. komi nýr tl. er orðist svo:

Erlendu sjónvarpsefni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti eftir því sem við á hverju sinni. Sé um að ræða beina útsendingu á erlendri tungu skal það vera meginregla að þulur kynni eða endursegi það sem um er fjallað nema bein ástæða sé til annars.

Sþ. 1250. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um könnun á nýrri legu Vesturlandsvegar með sérstakri gerð brúa er hannaðar væru með tilliti til hafbeitarmöguleika í Kollafirði og Leiruvogi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Vegagerð ríkisins, borgarverkfræðingi og borgarskipulagi, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og veiðimálastjóra.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þórarinn Sigurjónsson og Garðar Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm. Kristín S. Kvaran, fundaskr., með fyrirvara. Björn Dagbjartsson.
Jóhanna Sigurðardóttir. Eggert Haukdal.

Sþ. 1251. Breytingartillaga [383. mál]

við till. til þál. um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði. Slík upplýsingamiðlun gæti t. d. orðið með eftirtöldum hætti: Útgáfu handbóka, námskeiðahaldi og söfnun tölvutækra gagna. Hafa skal samráð við eftirtalda aðila: Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, Byggingarþjónustuna, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reiknistofnun Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins og Landssamband iðnaðarmanna.

Sþ. 1252. Nefndarálit [383. mál]

um till. til þál. um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og farið yfir umsagnir sem borist hafa. Nefndin mælir með að tillagan verði samþykkt með breytingum, og er brtt. flutt á sérstöku þingskjali.

Þórarinn Sigurjónsson og Garðar Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm. Kristín S. Kvaran, fundaskr. Eggert Haukdal.
Jóhanna Sigurðardóttir. Björn Dagbjartsson.

Nd. 1253. Frumvarp til laga [456. mál]

um Byggðastofnun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. júní.)

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

2. gr.

Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu.

3. gr.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.

4. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til funda. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Forsætisráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að ráða forstjóra.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, þar á meðal hverjar byggðaáætlanir skuli gerðar á vegum hennar. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu eftir því sem þurfa þykir.
4. Að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn.
5. Að fjalla um allar byggðaáætlanir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar eða lagðar eru fyrir stjórnina til samþykktar, sbr. 9. gr. laga þessara.
6. Að fjalla um skýrslur stofnunarinnar um starfsemi hennar.
7. Að taka ákvarðanir um lántöku, sbr. 16. gr. laga þessara.
8. Að setja reglur um lánakjör stofnunarinnar.
9. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ræður forstjóra til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Ráðning forstjóra miðast við 6 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

7. gr.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag stofnunarinnar.
3. Að gera tillögur til stjórnar um áætlanagerð á vegum stofnunarinnar.
4. Að gera tillögur um afgreiðslu á byggðaáætlunum sem lagðar eru fyrir stjórn stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laga þessara.
5. Að gera tillögur um árlega heildarútlánaáætlun, svo og tillögur um veitingu einstakra lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga stofnunarinnar.
6. Að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar. Stjórn stofnunarinnar skal staðfesta ráðningu helstu starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

II. KAFLI

Starfsemi.

8. gr.

Byggðastofnun fylgist með byggðaþróun og fjallar um áhrif opinberra aðgerða á hana. Getur hún gert tillögur til úrbóta ef þörf þykir.

Stofnunin skal afla upplýsinga, er hún þarf á að halda vegna starfsemi sinnar, í samráði við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands og aðra aðila sem hliðstæðum upplýsingum safna.

9. gr.

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar. Stjórnin getur jafnframt fjallað um byggðaáætlanir sem aðrir aðilar, svo sem sveitarstjórnir eða landshlutasamtök, hafa gert og lagt fyrir hana til samþykktar. Heimilt er stjórninni að ákveða að stofnunin skuli taka þátt í kostnaði við slíka áætlanagerð.

Byggðaáætlanir, sem stjórnin hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra og gerir hann ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir þeim.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra byggðaáætlana sem samþykktar hafa verið af stjórn stofnunarinnar. Áætlanir til lengri tíma en eins árs, sem gerðar hafa verið á vegum stofnunarinnar, skal endurskoða eftir því sem tilefni gefast.

10. gr.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara. Veiting lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga skal byggjast á umsóknum, nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánakjör stofnunarinnar. Skal í því efni bæði höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma og tilganginum með lánveitingum hennar.

11. gr.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

12. gr.

Með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. þessara laga, er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í fjárfestingar- eða þróunarfélögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.

Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir lánveitingar og óafturkræf framlög Byggðastofnunar.

14. gr.

Byggðastofnun tekur við öllum eignum Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum sjóðsins, við gildistöku laga þessara.

15. gr.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Eignir Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976.
2. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Fjármagnstekjur.

16. gr.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila, þannig að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði a. m. k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu.

17. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Byggðastofnun og skal stofnuninni gert viðvart svo tímanlega að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum eða sparisjóðum samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar.

19. gr.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

20. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Byggðastofnunar.

22. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Með lögum þessum eru felldir úr gildi III. og VI. kafli laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, og önnur ákvæði þeirra laga sem varða byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóð og verkefni Framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal stjórn stofnunarinnar kosin í fyrsta sinn með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi eftir samþykkt þessara laga.

Nd. 1254. Breytingartillaga [456. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá Halldóri Blöndal og Svavari Gestssyni.

Við 1. gr. bætist ný málsgr. sem orðist svo:

Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að ákveða að heimili og varnarþing stofnunarinnar verði á Akureyri.

Ed. 1255. Lög [525. mál]

um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

(Afgreidd frá Ed. 12. júní.)

Samhljóða þskj. 1108.

Ed. 1256. Lög [397. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Afgreidd frá Ed. 12. júní.)

Samhljóða þskj. 1222.

Ed. 1257. Lög [480. mál]

um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

(Afgreidd frá Ed. 12. júní.)

Samhljóða þskj. 1168.

Nd. 1258. Breytingartillaga [456. mál]

við brtt. á þskj. 1254 [Byggðastofnun].

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Í stað orðanna „á Akureyri“ komi: utan Reykjavíkur.

Nd. 1259. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar, og viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar eða samvinnufélagsbankar.
   Einungis hlutafélögum og samvinnufélögum er heimilt að reka aðra viðskipabanka en ríkisviðskipabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka og ákvæði laga um samvinnufélög um samvinnufélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.
   Til þess að stofna nýjan banka þarf sérstaka lagaheimild.
2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Skuldbindingar ríkisviðskiptabanka erlendis mega aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar eigin fé bankans, sbr. 36. gr. Til þess að taka lán erlendis, sem er umfram eigið fé bankans, þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Um hluti í hlutafélagsbanka gilda þær samþykktir sem ráðherra hefur staðfest fyrir viðkomandi banka.
4. Við 9. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
   Bankaráð skal leggja fram árlega skýrslu um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Skýrslan skal send viðskiptaráðherra sem kynnir efni skýrslna um viðskiptabanka ríkisins á Alþingi er hann gefur þinginu skýrslu um heildarþróun peningamála á næst liðnu ári og horfur í þeim efnum.
5. 10. gr. orðist svo:
   Ráðherra og Alþingi geta hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans.
6. 12. gr. orðist svo:
   Kjaradómur ákveður laun og önnur starfskjör bankastjóra. Að öðru leyti skulu laun bankamanna ákveðin í kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna.
7. Við 21. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin ákveður almenna stefnu í vaxtamálum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Bankaráðin ákveða heildarkjör á einstökum flokkum útlána og innlána samkvæmt tillögum bankastjórnar.
8. Við 23. gr. bætist ný málsgr. sem orðist svo:
   Heimilt er ráðherra að setja reglur um hámark lánveitinga til einstakra viðskiptamanna bankanna. Bankaeftirlitið gerir tillögur til ráðherra um takmörkun þessa.
9. Á eftir 25. gr. komi ný gr. sem verður 26. gr. og orðist svo:
   Bankarnir skulu birta opinberlega lista yfir öll útlán sem veitt hafa verið sama aðila á liðnu ári er nema hærri fjárhæð en 20 milljónum króna og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 40 milljónir króna í viðkomandi stofnun. Upphæðum þeim, er að framan greinir, skal breyta árlega með reglugerð sem ráðherra setur í samræmi við breytingar á verðlagi.
10. Við 28. gr. 2. og 3. mgr. falli niður.
11. Við 36. gr. Aftan við gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi: Þó er óheimilt að stofna ný bankaútibú nema með samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Nd. 1260. Nefndarálit [491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haldið 11 fundi um þetta mál. Fjölmargir aðilar hafa komið á fundi nefndarinnar. Í fyrsta lagi komu fulltrúar frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og frá ýmsum afurðastöðvum, svo og sexmenningarnir sem kosnir voru á aðalfundi Stéttarsambands bænda til þess að fylgja samþykktum þess eftir um breytingar á frv., þar á meðal formaður þess, Ingi Tryggvason. Frá Sambandinu mættu á fundunum Valur Arnþórsson og síðar kom Hjörtur Eiríksson frá iðnaðardeild Sambandsins. Þá komu fulltrúar Sláturfélags Suðurlands, þar á meðal formaður þess, Gísli Andrésson. Síðan komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Neytendasamtökunum, frá Verslunarráði og frá Kaupmannasambandi Íslands. Einnig fulltrúar frá búnaðarsamböndunum á Vesturlandi og menn frá Norðurlandi vestra. Til nefndarinnar komu einnig formenn eða fulltrúar frá öllum sérgreinasamböndunum, þ. e. loðdýra-, svína-, kjúklinga-, kartöflu-, garðávaxta- og eggjaframleiðendum. Þá komu á fundina bankastjórar frá Landsbankanum, Búnaðarbankanum og Samvinnubankanum. Að síðustu kom formaður Stéttarsambands bænda ásamt framkvæmdastjóra þess og einum stjórnarmanni.

Nefndin fjallaði um málið vítt og breitt og komu fram skiptar skoðanir, bæði frá gestum nefndarinnar og eins nefndarmönnum.

Nefndin klofnaði í málinu og munu þeir Steingrímur J. Sigfússon og Jón Baldvin Hannibalsson skila sérálitum en meiri hl., sem skipaður er fulltrúum frá stjórnarflokkunum, hefur komist að samkomulagi um veigamiklar breytingar á frv. sem verður gerð grein fyrir í framsögu í málinu og verða þær bornar fram á sérstöku þskj. Þetta samkomulag byggist á því að þeir, sem að meiri hl. standa, munu hvorki flytja né fylgja breytingartillögum. Jafnvel þótt ýmsir þeirra hefðu viljað víðtækari breytingar hefur náðst samkomulag um aðalatriðin.

Sem fylgiskjal með þessu nál. er prentað það samkomulag sem formenn stjórnarflokkanna gerðu um landbúnaðarmál, og má segja að frv., í þeirri mynd sem það er nú, sé miðað við þetta samkomulag sem er dagsett 6. sept. 1984.

Alþingi, 12. júní 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Halldór Blöndal. Páll Dagbjartsson.

Þórarinn Sigurjónsson. Eggert Haukdal.

Fylgiskjal.

Samkomulag formanna stjórnarflokkanna,
6. sept. 1984, 8. kafli: Landbúnaður.

Með tilvísun til þess ákvæðis í stefnu ríkisstjórnarinnar að unnið verði að aðlögun búvöruframleiðslunnar að markaðsmöguleikum og dregið úr þörf fyrir útflutningsbætur verður samhliða gert átak til atvinnuuppbyggingar í sveitum landsins, meðal annars með því að efla nýjar búgreinar og auka arðsemi í landbúnaði. Á árinu 1985 verður varið í þessu skyni fjármagni sem nemur 10% af útflutningsbótafé sem þá lækkar að sama skapi. Forgangsrétt að þessu fjármagni skulu þeir aðilar hafa sem draga úr framleiðslu á

hefðbundnum búvörum. Lögð er áhersla á uppbyggingu fjölþættrar atvinnustarfsemi í sveitum landsins jafnhliða samdrætti í hefðbundnum búgreinum sem leiða mun til stöðugt minnkandi þarfa á útflutningsbótum.

Í samræmi við þessi markmið verða lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins og önnur lög, sem landbúnaðinn varða, endurskoðuð að höfðu samráði við samtök bænda á eftirgreindum grundvelli.

8.1. Mjólkurframleiðslan verði að tveimur til þremur árum liðnum sem næst innanlandsneyslu, þannig að ekki verði þá lengur þörf fyrir útflutningsbætur á mjólkurafurðir, enda verði bændum tryggt fullt verð fyrir þá framleiðslu.
8.2. Kjötframleiðslan verði að fjórum til fimm árum liðnum sem næst innanlandsþörfum og ekki lengur þörf útflutningsbóta, enda verði bændum tryggt fullt verð fyrir þá framleiðslu.
8.3. Frá og með 1. janúar 1985 verði ekki veitt framlög til þeirra framkvæmda sem auka mjólkur- og kjötframleiðslu. Fé, sem sparast með þessum hætti, verður notað til þess að koma á fót arðbærum búgreinum og atvinnutækifærum í sveitum.
8.4. Samtök bænda skipti framleiðslunni á framleiðslusvæði og/eða einstaka framleiðendur.
8.5. Í samráði við fulltrúa bænda, vinnslustöðva og neytenda verði verðlagningu landbúnaðarafurða hagað þannig að verð til bænda annars vegar verði ákveðið sérstaklega og hins vegar sjálfstætt til vinnslustöðva og í smásölu, enda verði verðjöfnun tryggð.

Endurskoðun fari fram á ákvæðum um verðjöfnun, svo sem vegna fjármagnskostnaðar af fjárfestingu.
8.6. Framleiðendur fái fulla greiðslu fyrir afurðir sínar sem næst við afhendingu, enda verði vinnslustöðvum með afurðalánum gert það kleift.
8.7. Leitað verði leiða til þess að hafa heildarstjórn á landbúnaðarframleiðslunni, t. d. með því að leggja toll á innfluttan fóðurbæti þegar um óeðlilegar niðurgreiðslur erlendis er að ræða sem stofnað gætu innlendu framleiðslunni í hættu.
8.8. Settar verði reglur um frjálsan innflutning garðávaxta þegar innanlandsframleiðsla fullnægir ekki þörfum íslenska markaðarins. Lagaákvæði og reglur um Grænmetisverslun landbúnaðarins verði endurskoðuð til að stuðla að meiri hagkvæmni í framleiðslu og sölu garðávaxta.

Nd. 1261. Lög [284. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 12. júní.)

Samhljóða þskj. 1229.

Nd. 1262. Breytingartillögur [491. mál]

við frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (SV, HBl, PD, ÞS, EH).

1. Við 2. gr. 7. mgr. orðist svo:
   Sláturleyfishafi er hver sá aðili sem hefur löggildingu eða undanþáguleyfi til slátrunar búfjár skv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo: Stéttarsamband bænda fer með fyrirsvar framleiðenda búvara við framkvæmd laga þessara nema öðru vísi sé kveðið á um í lögum þessum.
3. Við 19. gr. Fyrir „3%“ í fyrri mgr. kemur: 5½%.
4. Við 22. gr. Fyrir „30%“ kemur: 15%.
5. Við 24. gr. Í stað orðanna „löggiltum endurskoðanda er Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefnir og endurskoðanda tilnefndum af landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. kemur: tveim löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra en hinn af Framleiðsluráði landbúnaðarins.
6. Við 29. gr. 1. tl. 1. mgr. orðist svo:
   Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag. Þeir, sem slátra síðar, hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðslurnar.
7. Við 30. gr.
   a. Orðin „heimilt að gera eftirtaldar ráðstafanir“ í upphafi 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „Að semja“ í a-lið 1. mgr. kemur : rétt að leita eftir samningum.
   c. Í stað orðanna „Að ákveða“ í b-lið 1. mgr. kemur: heimilt að ákveða.
   d. Í stað orðanna „Að ákveða“ í c-lið 1. mgr. kemur: heimilt að ákveða.
   e. Í stað orðanna „Að innheimta“ í d-lið 1. mgr. kemur: heimilt að innheimta.
8. Aftan við fyrri mgr. 35 gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Enn fremur má þar ákveða að réttur framleiðenda skuli skerðast vegna aðstoðar sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir til nýrra búgreina eða búháttabreytinga.
9. Við 36. gr.
   a. Á eftir „1990 4%“ kemur: og gildir það uns endurskoðun samkv. 38. gr. hefur farið fram.
   b. Við bætist ný málsgr. er verði 4. mgr., svohljóðandi:
      Nú nást ekki samningar samkv. a-lið 30. gr. og skulu útflutningsbætur þá greiddar framleiðendum búvara í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.
10. Við 40. gr. bætist ný málsgr. svohljóðandi:
    Við löggildingu sláturhúsa samkv. lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, skal gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar.
11. Við 42. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm.
12. Við 52. gr. 1. mgr. 52. gr. orðist svo:
    Framleiðsluráð landbúnaðarins hættir rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986.
13. 1. málsl. 60. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.
14. **Ákvæði til bráðabirgða,** C, orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 60. gr. skulu ákvarðanir sexmannanefndar um verð á landbúnaðarvörum og aðrar verðlagsákvarðanir, sem teknar hafa verið skv. lögum nr. 95/1981,

gilda þar til hlutaðeigandi aðilar taka nýjar ákvarðanir þar um skv. lögum þessum. Sama gildir um innheimtu verðmiðlunargjalda skv. 40. gr. laga nr. 95/1981.

Tekjum af verðmiðlunargjöldum, sem innheimt eru eftir 1. júlí 1985 og þar til landbúnaðarráðherra hefur ákveðið verðmiðlunargjald skv. V. kafla þessara laga, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði 40. gr. laga nr. 95/1981.

15. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður, G, svohljóðandi:
Á árinu 1985 breytast dagsetningar í eftirtöldum greinum sem hér segir:
a. Í 4. gr. breytist „1. júní“ í: 15. júlí.
b. Í 7. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí, og „1. júlí“ í: 1. ágúst.
c. Í 11. gr. breytist „15. júlí“ í: 15. ágúst, og „15. júní“ í: 15. júlí.
d. Í 13. gr. breytist „15. júní“ í: 15. júlí, og „1. júlí“ í: 1. ágúst.
e. Í a-lið 30. gr. breytist „1. ágúst“ í: 1. september.

16. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður, H, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skal Framleiðsluráð landbúnaðarins, það sem nú situr skv. lögum nr. 95/1981, fara með verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. lögum þessum þar til fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hefur kosið fulltrúa sína í ráðið skv. 5. gr., þó eigi lengur en til 15. september 1985.

Nd. 1263. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. júní.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1985 láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra manna um það hvort leyfa skuli innflutning og framleiðslu á áfengu öli sem hefur inni að halda vínanda á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli.

Atkvæðagreiðslan, sem er ráðgefandi fyrir Alþingi og ríkisstjórn, skal snúast um það hvort gerðar skuli eftirtaldar breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969:

a. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

b. 7. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

c. 8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

d. 9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

e. 1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

f. 3. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1264. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [491. mál]

í málinu: Frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Þar sem frv. þetta

— er að meiri hluta til samið af alþingismönnum sem hafa beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta af lögfestingu þess,
— hefur ekki fengið þinglega meðferð, er m. a. órætt í landbúnaðarnefnd og fékkst ekki sent til umsagnar aðila sem geta beðið alvarlegt fjárhagslegt tjón af lögfestingu þess,
— byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,
— byggir á úreltum stjórnsýsluhugmyndum frá 18. öld um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhögg við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,
— lokar síðustu smugum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,
— útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðlar þannig að rekstrarlegu ábyrgðarleysi og offjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðila,
— felur í sér hóflausa skattlagningu á búgreinar, sem miðstjórnarkerfinu eru vanþóknanlegar, og mismunar því einstaklingum fyrir lögum,
— tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna en mun að öllum líkindum hækka verulega allan tilkostnað við framleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótaþörf“ á næstu árum,
— slær á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru, óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og millilíðakerfi í landbúnaði sem hefur neytendur jafnt sem bændur að féþúfu,
— mun kosta þjóðina marga milljarða króna á ári hverju verði það að lögum

telur Alþingi frv. þetta sjálfu sér til vansa, bændum, neytendum, skattgreiðendum, ríkissjóði og þjóðarbúinu til skaða og vísar því málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 1265. Frumvarp til laga [532. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi **ákvæði til bráðabirgða:**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er ráðherra heimilt að veita öðrum aðilum heimild til staðbundins útvarpsrekstrar á tilraunatímabili er hefst 1. janúar 1986 og lýkur 31. desember 1988.

Heimildin er bundin eftirgreindum skilyrðum:

1. Útvarpsréttarnefnd, er Alþingi kýs og skipuð er 7 mönnum, skal gera tillögur til ráðherra um almennar reglur, sem gildi fyrir staðbundinn útvarpsrekstur, hvort sem um er að ræða útvarp eða sjónvarp. Í almennum reglum fyrir staðbundinn útvarpsrekstur skulu vera ákvæði um leyfisgjöld sem renna í ríkissjóð, um þátt innlendrar dagskrárgerðar í dagskrá staðbundinna stöðva, um verð og hlutfall auglýsinga í útsendri dagskrá og ákvæði sem tryggja óhlutdrægni í dagskrá og ábyrgð á útsendu efni. Að fengnum tillögum nefndarinnar setur ráðherra reglugerð um staðbundinn útvarpsrekstur í tilraunaskyni.

   Nefndin fjallar einnig um umsóknir til tilraunaútvarps og gerir tillögur til ráðherra um leyfisveitingar og um sviptingu leyfa. Að loknu tilraunatímabilinu skal nefndin semja skýrslu um reynslu af staðbundnu útvarpi annarra aðila en Ríkisútvarpsins og skal hún þá jafnframt gera tillögur um framtíðarskipan útvarpsmála og nauðsynlegar lagabreytingar í því sambandi.

   Útvarpsráð, sbr. 6. gr. laga þessara, fjallar ekki um útvarpsrekstur samkvæmt þessu ákvæði.
2. Brjóti leyfishafi gegn settum reglum um útvarpsrekstur skal ráðherra veita viðkomandi áminningu, en við nýtt brot getur ráðherra afturkallað leyfið.
3. Tilraunaútvarp það, er að framan greinir, geta leyfishafar sent út með þrenns konar hætti:
   a. Með því að leigja dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir sjónvarp á þeim tímum sem Ríkisútvarpið nýtir eigi kerfið. Er útvarpsstjóra heimilt að gera slíka samninga við þá aðila er hafa leyfi til útvarpsrekstrar. Í slíkum tilvikum er heimilt að láta útsendingar ná til landsins alls.
   b. Með því að leigja rásir í boðveitukerfum sveitarfélaga, en sveitarfélögum og samtökum þeirra skal heimilt að koma á fót slíkum kerfum þrátt fyrir ákvæði fjarskiptalaga um einkarétt Landssíma Íslands.

      Búnaður boðveitna skal uppfylla almennar reglur Póst- og símamálastofnunarinnar um senditíðni og aðra eiginleika senditækja og aðgangur að notkun þeirra skal öllum frjáls sem fengið hafa leyfi til útvarpsrekstrar og uppfylla almenn skilyrði um notkun boðveitna sem viðkomandi sveitarstjórnir hafa sett.
   c. Með eigin senditækjum sem hafa skulu takmarkaða sendiorku og fullnægja almennum reglum Póst- og símamálastofnunarinnar um senditíðni og aðra eiginleika senditækja. Við það skal miða að sendingar séu staðbundnar og miðist við sveitarfélag leyfishafa og næsta nágrenni.
4. Leyfishafar geta aflað sér tekna til að standa undir útvarpsrekstri með eftirfarandi hætti:
   a. Með afnotagjöldum sem innheimt eru með notkun sérstaks búnaðar hjá viðtakendum útvarpssendinga.

b. Með auglýsingum sem miðist við verslun og þjónustu á starfssvæði leyfishafa, enda fari hlutfall auglýsinga af útsendri dagskrá eftir nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar.

5. Öllum er heimil móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings og heimilt er að dreifa slíkri dagskrá um boðveitukerfi, enda brjóti dagskrárefni eða auglýsingar, sem því fylgja, eigi í bága við íslensk lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar þetta frv. til breytinga á gildandi útvarpslögum er lagt fram virðist stefna í það að frv. ríkisstjórnarinnar til nýrra útvarpslaga verði afgreitt frá Alþingi með stuðningi færri en 30 þingmanna, þannig að málið hefur ekki meirihlutastuðning á Alþingi. Þetta er að mati flm. býsna alvarlegt mál þar sem hér er um að ræða mál sem snertir þjóðina alla, mál sem mikilvægt er að sæmilegur friður ríki um og mál sem ætti að kappkosta að ná sem víðtækastri samstöðu um.

Þetta frv. er flutt til þess að sýna fram á að með því að breyta núgildandi útvarpslögum er unnt að skapa aukið frelsi og ná ýmsum þeim markmiðum sem menn segjast vilja keppa að. Frv. felur það í sér að við núgildandi útvarpslög bætist ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér afnám á einkarétti Ríkisútvarpsins til útvarps og gerir öðrum kleift að hefja útvarpsrekstur á tilraunatímabili sem gert er ráð fyrir að hefjist 1. janúar 1986 og ljúki 31. desember 1988, með öðrum orðum í þrjú ár.

Á tilraunatímabilinu væri eðlilegt að reynt yrði að ná sem víðtækustu samkomulagi um nýja útvarpslöggjöf er yrði þá væntanlega lögð fram á Alþingi einu ári áður en tilraunatímabilinu lýkur.

Flm. er ljóst að ef svo heldur fram sem nú horfir um þinglausnir þá er næsta lítil von til þess að þetta frv. geti komið til umræðu. Það er hins vegar flutt fyrst og fremst til að undirstrika að vilji menn raunverulega auka frelsi í útvarpsmálum þá er þetta einfaldasta og greiðasta leiðin sem samstaða ætti að geta skapast um.

Ed. 1266. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Upplýst hefur verið að fyrirkomulag á greiðslum sjúkradagpeninga er til endurskoðunar. Nefndin leggur áherslu á að við þá endurskoðun verði tryggt að allir sitji við sama borð hvað varðar slíkar greiðslur.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. júní 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Árni Johnsen.	Karl Steinar Guðnason.	Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 1267. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. málsl. 6. mgr. 45. greinar laganna orðist svo:

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum ½ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp ½ dag í viku, allt að fullum dagpeningum.

Ed. 1268. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

Við 3. gr. Við 2. mgr. bætist nýr tl. er verði 9. tl. og hljóði svo:

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að ákveða hlutfall auglýsinga í dagskrá.

Hún skal ganga frá samningum við Póst- og símamálastofnun eða sveitarfélög um boðveitukerfi, sem kunna að verða sett upp, er tryggi að þau séu öllum opin að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Útvarpsréttarnefnd setur reglur um jafnan tíma er gilda skuli við stjórnmálaumræðu og pólitíska kynningarstarfsemi.

Nd. 1269. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá Halldóri Blöndal og Ellert B. Schram.

1. Í stað 1. gr. komi sex nýjar greinar svohljóðandi:

a. (1. gr.) 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

b. (2. gr.) 7. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

c. (3. gr.) 8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

d. (4. gr.) 9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

e. (5. gr.) 1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

f. (6. gr.) 3. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

2. Við 2. gr., sem verði 7. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1986.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu af þeim fyrir árslok 1988.

Sþ. 1270. Þingsályktun [353. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. júní.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem gerður var í New York 18. desember 1979.

Sþ. 1271. Þingsályktun [474. mál]

um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

(Afgreidd frá Sþ. 13. júní.)

Samhljóða þskj. 819.

Sþ. 1272. Þingsályktun [272. mál]

um námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að haldin verði fyrir fatlaða námskeið í meðferð og notkun á tölvum, sem félagsmálaráðuneytið standi fyrir þeim að kostnaðarlausu, eða fötluðum gert kleift að taka þátt í almennum tölvunámskeiðum til að auðvelda þeim að fá störf á vinnumarkaðnum.

Sþ. 1273. Þingsályktun [172. mál]

um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna, í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum, hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi.

Sþ. 1274. Þingsályktun [268. mál]

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra, svo og yfirvöld heilbrigðismála.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt í sér mat á fjárþörf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum.

Ed. 1275. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Við **ákvæði til bráðabirgða.**

a. 2. mgr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal útvarpsréttarnefnd kjörin fyrsta sinni fyrir 15. nóvember 1985 og sitja til ársloka 1988.

b. 3. mgr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skipuð fyrsta sinni fyrir árslok 1985.

c. 5. mgr. orðist svo:
Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára og skal frumvarp til nýrra útvarpslaga lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1988.

Nd. 1276. Frumvarp til laga [522. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. júní.)

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 12 000 kr. en hámarksfjárhæð 120 000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar skv. byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 3 000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 30 000 kr.

Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a. m. k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem bera skulu nafn og nafnnúmer eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, um innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski banki eða sparisjóður eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok þess ársfjórðungs er það skyldi lagt inn skv. samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveim árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings samkvæmt 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan þriggja mánaða frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, samanber þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjárhæðir þær, er um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. des. 1984 til 31. des. 1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga frá 1. júlí 1985. Skattafsláttur skv. 1. gr. vegna innleggs á tveim síðustu ársfjórðungum ársins 1985 kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 1986.

Nd. 1277. Frumvarp til laga [523. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. júní.)

1. gr.

3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innstæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innstæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lokamálsliðir 1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. l. nr. 121/1984, orðist svo:

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

3. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. nr. 121/1984, orðist svo:

Skattafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal annars vegar vera persónuafsláttur að fjárhæð 35 000 kr. en hins vegar 25% af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á bundinn reikning vegna húsnæðissparnaðar skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, allt að því hámarki er þar getur.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

Bankaráð ákveður hver skuli taka sæti af hálfu bankans í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað.

Hlutafélagsbankar.

14. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða. Málefni hlutafélagsbanka falla stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra.

15. gr.

Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

Aðalfundur hluthafa ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

16. gr.

Bankastjórn skipuð einum eða fleiri bankastjórum hefur með höndum framkvæmdastjórn hvers banka. Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf og ákveður verkaskiptingu þeirra að fengnum tillögum bankastjórnar.

17. gr.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt nema að fengnu leyfi bankaráðs að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Sameiginleg ákvæði.

18. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum viðskiptabanka í samræmi við lög þessi, reglugerð eða samþykktir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans.

19. gr.

Auk bankastjóra ræður bankaráð útibússtjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir þeim upp starfi. Bankaráði er heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra. Leita skal tillagna bankastjórnar áður en ráðið er í stöður aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þessara starfsmanna.

20. gr.

Bankaráð ákveður hverjum sé heimilt að rita firma banka. Til að skuldbinda banka þarf undirskrift minnst tveggja starfsmanna nema undanþága hafi fengist hjá bankaeftirlitinu. Bankaráði er heimilt að ákveða aðrar takmarkanir á ritunarrétti.

21. gr.

Bankaráð tekur ákvarðanir um eftirtalin mál:

a) byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum bankans,
b) kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum (stofnunum) sem bankinn á aðild að,
c) stofnun útibúa,
d) samruna bankans við aðrar innlánsstofnanir, sbr. 50. gr.,
e) afskriftir af útlánum bankans.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skal taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða bankans. Bankaráð hlutafélagsbanka skal leggja fyrir aðalfund tillögu um ráðstöfun tekjuafgangs.

Áður en ákvörðun er tekin samkvæmt 1. og 2. mgr. skal leitað tillagna bankastjórnar.

Bankaráð mótar stefnu bankans í vaxtamálum. Bankaráð setur og, að fenginni umsögn bankastjórnar, almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál sem bankastjórn leggur fyrir ráðið eða það skal annast samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir.

23. gr.

Bankastjórn viðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerð eða samþykktum, og ákvörðunum bankaráðs.

24. gr.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerð eða samþykktum. Bankaráðsfund skal ætíð halda ef formaður ráðsins eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

Formaður bankaráðs og bankastjórn undirbúa bankaráðsfundi. Bankaráðsfundir eru lögmætir ef meiri hluti bankaráðsmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

Um það, sem gerist á bankaráðsfundum, skal haldin gerðabók sem undirrituð er af þeim er fund sitja. Bankastjórn skal reglulega gefa upplýsingar um rekstur og hag bankans á bankaráðsfundum.

Bankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði. Þeir sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð ákveði annað.

25. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans, og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

IV. KAFLI
Starfsemi.

26. gr.

Starfsemi viðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

27. gr.

Viðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem bankastjórn Seðlabanka Íslands ákveður að fengnu samþykki ráðherra.

28. gr.

Viðskiptabanka er heimilt að eiga hlut í félögum (stofnunum) með takmarkaðri ábyrgð sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku félagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 20% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í félögum samkvæmt þessari mgr. og lánum, sem hann hefur veitt þeim, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 60% af eigin fé bankans. Ákvæði þetta tekur eigi til samruna banka samkvæmt 50. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr. nema hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 3. málsl. 18. gr. laga um hlutafélög. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku hlutafélagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 2% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs. Bókfært heildarvirði á hlutum viðskiptabanka í hlutafélögum samkvæmt þessari mgr. má eigi nema hærri fjárhæð en svarar 15% af eigin fé bankans.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga.

29. gr.

Viðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans.

Viðskiptabanka er þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar.

30. gr.

Viðskiptabanki getur starfrækt veðdeild innan bankans.

31. gr.

Viðskiptabanki tekur við geymslufé (depositum).

Innlánsfé í viðskiptabanka ásamt vöxtum og verðbótum er undanþegið kyrrsetningu.

32. gr.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur bankanum samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal bankinn þá að ósk

upphaflegs eiganda hins fyrra innlánsskilríkis eða viðtökuskírteinis gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila, og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

33. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og skoðunarmenn mega ekki vera skuldugir þeim banka sem þeir starfa við, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Hið sama gildir um maka þeirra. Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við bankann eftir reglum sem bankaráð setur að fengnum tillögum bankastjórnar.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, skoðunarmenn og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn.

34. gr.

Bækur viðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

V. KAFLI

Um laust fé og eigið fé.

35. gr.

Viðskiptabanki skal kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

36. gr.

Eigið fé viðskiptabanka má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankans. Við niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal bæta samanlagðri fjárhæð veittra ábyrgða en draga frá eftirtalda liði:

a) eigið fé,
b) peninga í sjóði,
c) innlán í Seðlabanka Íslands,
d) innlán í öðrum innlendum og erlendum innlánsstofnunum.

Bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, má eigi vera hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans.

VI. KAFLI

Ársreikningur.

37. gr.

Reikningsár viðskiptabanka skal ákveðið í reglugerð eða samþykktum. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra setur nánari reglur um gerð ársreiknings.

38. gr.

Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri athugasemdir fram að færa við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

39. gr.

Ársreikningur viðskiptabanka skal liggja frammi í afgreiðslu bankans og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar.

VII. KAFLI

Endurskoðun.

40. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, og skoðunarmanni, sem er löggiltur endurskoðandi, eða endurskoðunarstofu sem ráðherra skipar til sama tíma.

Á aðalfundi hlutafélagsbanka skulu kjörnir hlutbundinni kosningu a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Í samþykktum hlutafélagsbanka má ákveða að löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu skuli tilnefna á annan hátt.

Skoðunarmaður viðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun.

Þóknun skoðunarmanna ríkisviðskiptabanka er háð samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs. Þóknun skoðunarmanna hlutafélagsbanka er háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

Skylt er að veita skoðunarmanni aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skulu bankaráð og starfsmenn bankans veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

41. gr.

Við viðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 19. gr.

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi banka og þáttur í eftirlitskerfi hans.

42. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi upplýsingaskyldu banka.

43. gr.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn, að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram, skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við bankaráð eða bankastjórn, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara.

Skoðunarmönnum er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans, skulu skoðunarmenn gera bankaráði og bankaeftirlitinu viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja bankaráðsfundi þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hafa þeir rétt til að sitja hluthafafundi hlutafélagsbanka.

44. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og skoðunarmönnum reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VIII. KAFLI

Slit og samruni viðskiptabanka.

45. gr.

Hafi bankaráð, bankastjórn eða skoðunarmenn viðskiptabanka ástæðu til að ætla að eigið fé hans sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 36. gr., ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka sé undir lágmarki 36. gr., skal það krefja skoðunarmenn viðskiptabankans þegar í stað um reikningsuppgjör sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr., að eigið fé hlutafélagsbanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr., skal bankaráð án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana það hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr., að eigið fé ríkisviðskiptabanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr., skal bankaeftirlitið tafarlaust krefja bankaráð um greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana það hyggst grípa. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni. Skal ráðherra síðan leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til af þessu tilefni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn samkvæmt 3. mgr. eða lokið er meðferð samkvæmt 4. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki samkvæmt 36. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni viðskiptabankans til úrbóta muni ekki bera árangur.

46. gr.

Bú viðskiptabanka verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta að hætti III. kafla gjaldþrotalaga.

Slíta ber viðskiptabanka í eftirtöldum tilvikum:

a) ef ráðherra synjar viðskiptabanka um frest að hætti 5. mgr. 45. gr. eða frestur

samkvæmt því ákvæði er á enda, án þess að bankanum hafi tekist að auka eigið fé fram yfir lágmark samkvæmt 36. gr.,

b) ef skylt er að slíta hlutafélagsbanka samkvæmt lögum um hlutafélög eða samþykktum félagsins,

c) ef hluthafafundur ákveður að slíta hlutafélagsbanka,

d) ef Alþingi ákveður að ríkisviðskiptabanka verði slitið.

Í þeim tilvikum, sem getið er í b-, c- og d-liðum 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs skoðunarmanna hlutaðeigandi viðskiptabanka á sama hátt og samkvæmt 2. mgr. 45. gr. og afhenda það ráðherra ásamt álitsgerð sinni um það hvort eignir viðskiptabankans hrökkvi fyrir skuldum hans.

47. gr.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka samkvæmt a-lið 2. mgr. 46. gr. eða fram kemur af álitsgerð bankaeftirlitsins í tilvikum, sem eiga undir b-, c- eða d-lið sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir viðskiptabankans hrökkvi til greiðslu skulda hans, skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi viðskiptabankans kröfu um að bú viðskiptabankans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eru ákvæði 2. tl. 13. gr. gjaldþrotalaga ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka samkvæmt b-, c- eða d-liðum 2. mgr. 46. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt, að eignir hans hrökkvi fyrir skuldum, skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi viðskiptabankans kröfu um að bú hans verði tekið til skipta til slita á viðskiptabankanum.

Er skiptaráðandi hefur kannað, hvort fullnægt sé skilyrðum 46. gr. fyrir kröfunni, skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Þegar er úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn skal skiptaráðandi auglýsa skiptin í Lögbirtingablaði með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga og skal í auglýsingunni tekið fram hvort búið sé tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

48. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka gilda ákvæði IV.—XIX. kafla gjaldþrotalaga eftir því sem við á að því undanteknu að ákvæði VIII. kafla þeirra gilda ekki um skipti sem komin eru til samkvæmt 2. mgr. 47. gr.

Þegar ákvæði gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 1. mgr., miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 5. mgr. 45. gr., en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem skiptaráðanda berst krafa ráðherra samkvæmt 1. eða 2. mgr. 47. gr.

49. gr.

Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal viðskiptaráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

50. gr.

Samruni hlutafélagsbanka, hvort sem er innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir, má því aðeins fara fram að fengið sé leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda um samrunann ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt.

Hlutafélagsbanka, sem slitið er vegna samruna við annan hlutafélagsbanka eða aðra innlánsstofnun, er eigi skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.

Ríkisviðskiptabönkum er því aðeins heimilt að yfirtaka starfsemi annarra innlánsstofnana að fengið sé leyfi ráðherra.

IX. KAFLI

Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

51. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag og hefur það markmið að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að samkvæmt 1. mgr. 47. gr. Stefnt skal að því að heildareign tryggingarsjóðs nái 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Yfirstjórn tryggingarsjóðs er í höndum viðskiptaráðherra og skal hann setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð, s. s. um skipan stjórnar og verksvið hennar, ávöxtun á fé sjóðsins og tilhögun greiðslna úr sjóðnum er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um töku bús viðskiptabanka til skipta er genginn.

X. KAFLI

Refsiákvæði.

52. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XI. KAFLI

Gildistaka o. fl.

53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Ákvæði VI. kafla um ársreikning taka gildi fyrir það reikningsár sem hefst á árinu 1985. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. tekur til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 12. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra sem föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

54. gr.

Viðskiptabankar, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og bankar, sem verða stofnaðir með samruna þessara banka, skulu koma eigin fé í það horf, sem áskilið er samkvæmt 36. gr., innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Hlutafé hlutafélagsbanka, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, og banka, sem stofnaðir verða með samruna þessara banka, skal hafa náð því lágmarki, sem ákveðið er í 2. mgr. 5. gr., innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

55. gr.

Innan árs frá gildistöku laga þessara skal ráðherra gefa út reglugerð er hafi að geyma nánari ákvæði um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Leita skal tillagna ríkisviðskiptabankanna og umsagnar bankaeftirlitsins áður en reglugerðin er sett.

Samþykktir hlutafélagsbanka skulu staðfestar af ráðherra að fenginni umsögn banka-

eftirlitsins. Hlutafélagsbankar, sem stofnaðir eru fyrir gildistöku laga þessara, skulu breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

56. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a) Lög nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 35/1983 um breyting á þeim lögum,
b) lög nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 37/1983 um breyting á þeim lögum,
c) lög nr. 34/1957 um Útvegsbanka Íslands,
d) lög nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 og 89/1984 um breyting á þeim lögum,
e) lög nr. 113/1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 31/1963, 59/1984 og 88/1984 um breyting á þeim lögum,
f) lög nr. 46/1960 um Verslunarbanka Íslands h/f, sbr. lög nr. 93/1973,
g) lög nr. 46/1962 um Samvinnubanka Íslands h/f,
h) lög nr. 71/1970 um Alþýðubankann h.f.,
i) ákvæði 11. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,
j) lög nr. 51/1905 um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf sem hljóða upp á handhafa,
k) lög nr. 6/1921 um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.,
l) lög nr. 62/1928 um hlunnindi fyrir lánsfélag,
m) lög nr. 31/1930 um sveitabanka,
n) lög nr. 49/1931 um Ríkisveðbanka Íslands,
o) lög nr. 51/1932 um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara starfa þrír ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur starfa fjórir hlutafélagsbankar, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Verslunarbanki Íslands h/f, Samvinnubanki Íslands h/f og Alþýðubankinn h.f.

II.

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðum ríkisviðskiptabanka.

III.

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa tvo skoðunarmenn fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra endurskoðenda er síðast voru kjörnir af Alþingi.

IV.

Innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal viðskiptaráðherra setja reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka. Ráðherra er heimilt að fela Seðlabanka Íslands vörslu sjóðsins.

Nd. 1338. Breytingartillaga [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein er hljóði svo:
Óheimilt er að kjósa alþingismann í bankaráð ríkisviðskiptabanka.

Nd. 1339. Frumvarp til laga [457. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.
Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.

5. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs eru:
1. Eignir Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, sbr. 4. gr. laga þessara.
2. Tekjur af starfsemi samkvæmt 2. gr. laga þessara.
3. Fjármagnstekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdasjóðs.

9. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóðs eða annarra stofnana.

10. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda. Ársreikninga sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nánari ákvæði um skipulag Framkvæmdasjóðs og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ed. 1340. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og klofnaði hún við afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 19. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form. Valdimar Indriðason, frsm. Egill Jónsson.

Guðrún Tryggvadóttir.

Ed. 1341. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og klofnaði hún við afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 19. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Egill Jónsson. Guðrún Tryggvadóttir.

Valdimar Indriðason.

Ed. 1342. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er eitt af þremur þingmálum sem öll fjalla um þau áform stjórnarflokkanna að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir.

Erfitt er að koma auga á hvað vinnst við þessa breytingu. Framkvæmdastofnunin lifir bersýnilega áfram í afkomendum sínum, þessum þremur stofnunum sem taka við af henni, enda hefur Framkvæmdastofnunin sama hlutverk og allar sömu heimildir og væntanlegum dótturstofnunum hennar er ætlað að hafa.

Ókostirnir við þessa uppstokkun á starfsemi Framkvæmdastofnunar eru hins vegar ýmsir og skal hér á þá bent:

1. Miðstýring og ólýðræðislegir stjórnarhættir einkenna þessa breytingu, þar sem tvær stofnananna, sem hér er um að ræða, Framkvæmdasjóður og þróunarfélagið, verða ekki undir lýðræðislegri, þingkjörinni stjórn eins og á við um núverandi Framkvæmdastofnun heldur eru þessir voldugu sjóðir alfarið settir á ábyrgð ráðherra án nokkurs eftirlits eða íhlutunarréttar Alþingis.
2. Hætt er við að kostnaður við rekstur þessara þriggja stofnana verði miklu meiri en við rekstur Framkvæmdastofnunar og skriffinnska að sama skapi umsvifameiri.
3. Stefnumótun er engin í þessum nýju frumvörpum, hvorki í byggðamálum né atvinnumálum, og ekki er á nokkurn hátt komið til móts við þau sjónarmið sem nú eru víða uppi, og við Alþýðubandalagsmenn höfum tekið undir, að færa beri völd og ábyrgð í auknum mæli heim í héruð.
4. Í frumvörpunum er ekki gert ráð fyrir því að birtar séu opinberlega upplýsingar um allar lánveitingar Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs og þróunarfélags eins og gildir um lánveitingar Framkvæmdastofnunar, sbr. 15. gr. núgildandi laga.

Undirritaður leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta er liður í breytingu sem miðar að því einu að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir með auknu forstjóraveldi, aukinni miðstýringu og auknum tilkostnaði og þar sem nýskipan þessi virðist ekki hafa neina sérstaka kosti í för með sér en hins vegar ýmsa augljósa ágalla frá núverandi skipan mála telur deildin ástæðulaust að fjalla frekar um frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. júní 1985.

Ragnar Arnalds.

Ed. 1343. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er eitt af þremur þingmálum sem öll fjalla um þau áform stjórnarflokkanna að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir.

Erfitt er að koma auga á hvað vinnst við þessa breytingu. Framkvæmdastofnunin lifir bersýnilega áfram í afkomendum sínum, þessum þremur stofnunum sem taka við af henni, enda hefur Framkvæmdastofnunin sama hlutverk og allar sömu heimildir og væntanlegum dótturstofnunum hennar er ætlað að hafa.

Ókostirnir við þessa uppstokkun á starfsemi Framkvæmdastofnunar eru hins vegar ýmsir og skal hér á þá bent:

1. Miðstýring og ólýðræðislegir stjórnarhættir einkenna þessa breytingu, þar sem tvær stofnananna, sem hér er um að ræða, Framkvæmdasjóður og þróunarfélagið, verða ekki undir lýðræðislegri, þingkjörinni stjórn eins og á við um núverandi Framkvæmdastofnun heldur eru þessir voldugu sjóðir alfarið settir á ábyrgð ráðherra án nokkurs eftirlits eða íhlutunarréttar Alþingis.
2. Hætt er við að kostnaður við rekstur þessara þriggja stofnana verði miklu meiri en við rekstur Framkvæmdastofnunar og skriffinnska að sama skapi umsvifameiri.
3. Stefnumótun er engin í þessum nýju frumvörpum, hvorki í byggðamálum né atvinnumálum, og ekki er á nokkurn hátt komið til móts við þau sjónarmið sem nú eru víða uppi, og við Alþýðubandalagsmenn höfum tekið undir, að færa beri völd og ábyrgð í auknum mæli heim í héruð.
4. Í frumvörpunum er ekki gert ráð fyrir því að birtar séu opinberlega upplýsingar um allar lánveitingar Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs og þróunarfélags eins og gildir um lánveitingar Framkvæmdastofnunar, sbr. 15. gr. núgildandi laga.

Undirritaður leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta er liður í breytingu sem miðar að því einu að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir með auknu forstjóraveldi, aukinni miðstýringu og auknum tilkostnaði og þar sem nýskipan þessi virðist ekki hafa neina sérstaka kosti í för með sér en hins vegar ýmsa augljósa ágalla frá núverandi skipan mála telur deildin ástæðulaust að fjalla frekar um frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. júní 1985.

Ragnar Arnalds.

Ed. 1344. Breytingartillaga [455. mál]

við frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar, styrkveitingar og hlutafjárframlög félagsins.

Ed. 1345. Breytingartillögur [456. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Í stað orðsins „forsætisráðherra“ í 1. gr. komi: félagsmálaráðherra.
2. 6. gr. orðist svo:
   Stjórn Byggðastofnunar ræður einn forstjóra til 6 ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Kjaradómur ákveður laun og starfskjör forstjóra.
3. Við 10. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar Byggðastofnunar.

Ed. 1346. Nefndarálit [491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og á fund hennar komu til viðræðna fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, Neytendasamtökunum, Landssambandi kartöflubænda og Samtökum alifuglabænda.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt en minni hl. munu skila sérálitum.

Alþingi, 19. júní 1985.

Egill Jónsson, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Davíð Aðalsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 1347. Nefndarálit [499. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kallaði til fundar við sig Höskuld Jónsson og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra. Mælir nefndin einróma með samþykkt frv. eins og það var afgreitt í efri deild.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er ásátt afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. júní 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Kjartan Jóhannsson. Svavar Gestsson.

Halldór Blöndal. Þorsteinn Pálsson.

Nd. 1348. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kallaði á sinn fund Stefán Pálsson bankastjóra. Nefndin er einhuga í að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 958 með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er ásátt afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. júní 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Svavar Gestsson. Kjartan Jóhannsson.

Þorsteinn Pálsson. Halldór Blöndal.

Nd. 1349. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallaði á sinn fund Svein Björnsson frá viðskiptaráðuneyti og Gunnar Þorsteinsson frá Verðlagsstofnun.

Nefndin var einhuga um að mæla með samþykkt frv. eins og efri deild afgreiddi það.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er ásátt afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. júní 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Þorsteinn Pálsson. Halldór Blöndal.

Svavar Gestsson. Kjartan Jóhannsson.

Gengi 2. maí 1985

	BENSÍN KR/LTR.	GASOLÍA KR/LTR				SVARTOLÍA KR/TONN	KR/LTR.
	"Mogas regular 93 ron"	"Gasoil automotive grade" (automotive diesel oil)				"Fueloil - if 25" (25 centistrokes at 50°C) (Sulphur content, 2% max) (150 redwood/sec at 100°F)	
	Á bifr. frá dælu	Á bifr. frá dælu	Á skip frá leiðslu	Á skip frá bifr.	Til iðnaðar	Frá leiðslu	
ÍSLAND	26,70	11,90	11,10	11,10	11,10	11.800 pr. tonn	10,92 pr.ltr.
BELGÍA							
Delisland	22,56	16,99	10,76	10.76	10,76	8.195 pr.tonn (Extra Heavy, 3,5% sulphur) =ca.If-420 4500 redwood/sek , þyngri olía.	
BRETLAND							
Icembassy	22,53[1]	22,19	13,41	13,41		"British eq. B.S. 2896 Class E" = ca If-35 (250 redwood/sek)	12,98-13,58 pr.ltr.
DANMÖRK							
Isambassade	23,76[6]	15,41	13,97	13,97	14,06	13.704 pr.tonn til iðn. ("2 1/2 F.O. 45 centist. at 50C° = ca If-60 þykkri olía. 9.718 pr.tonn til innl. skipa ("2 1/2 F.O. 45 centist. at 50C° = ca If-60 þykkri olía.	
FRAKKLAND							
Isambassade	23,65-27,15[2]	17,96-20,58[2]	—— 18,66-19,53[2] [3] ——			("F.O. nr 2 ASTM, 7,5 centist. við 20C° = 37/redwood/sek) = Marine diesel-oil, ekki F.O.	14,23-14,72[2] pr.ltr. /á skip
						("F.O. nr 2 ASTM, 7,5 centist. við 20C° = 37/redwood/sek) = Marine diesel-oil, ekki F.O.	13,43-15,43 pr.ltr. /frá bifreið
FÆREYJAR							
Ísl.Handilsstovan	20,43[4]		10,90-10,94[5]	10,97	10,97	9.089 pr.tonn ("Redwood 1000", þykkri olía ca. If-220)	
NOREGUR							
Isambassade	23,86-24,19[2]	13,42-13,56[2]	—— 9,05 ——		9,52	Fyringsolje,	12,16 pr.ltr.
SVÍÞJÓÐ							
Isambassade	21,81	15,20		14,26-14,98	14,26-14,98	(" Villaolja, 650 redwood/sek") = IF-80.	ca. 14,45 pr.ltr. á skip
						(" Villaolja, 650 redwood/sek") = ca IF-80	12,12-12,99 pr.ltr. /til iðn. o.fl.
V-ÞÝSKALAND							
Isambassade	18,83	18,83	10,69	10,69	14,69	(" Viscosity 20C°, centist. 6,0) = 35 redwood/sek, langt um þynnri olía.	10,29 pr.ltr.

1) "3 star min. 94,0 ron"
2) Eftir afgreiðslustað
3) Eftir magni
4) "97 ron"
5) 10,94 magn undir 5000 ltr.
6) 92 ron

Nd. 1350. Breytingartillaga [509. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný gr. er hljóði svo:
1. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:
Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum.

Ed. 1351. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. 3. gr. orðist svo:
Um heimili og varnarþing viðskiptabanka fer eftir samþykktum þeirra. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.
2. 8. gr. hljóðar svo:
Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja banka hér á landi. Bönkunum er heimilt að taka við innlánum, veita útlán og stunda verðbréfaviðskipti.
Ákvæði laga um hlutafélög gilda um þá er setja á stofn banka samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Ráðherra ákveður gjald fyrir veitingu leyfis til starfrækslu erlendra banka.
Tilkynningar, sem senda skal hlutafélagaskrá samkvæmt XVII. kafla laga um hlutafélög, skulu einnig sendar bankaeftirlitinu.
3. Við 9. gr. 2. mgr. hljóði svo:
Viðskiptaráðherra skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þessara manna.
4. Á eftir 9. gr. komi ný gr. er orðist svo:
Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþingismenn í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.
5. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður er orðist svo:
Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagsbanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagsbanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. janúar 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.
Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5 af hundraði hlutafjár.
Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. desember 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.
Viðskiptaráðherra fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi.

Ed. 1352. Nefndarálit [491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd efri deildar hefur ekki gefist mikill tími til þess að gaumgæfa þetta mál eða eiga viðræður að gagni við þá mörgu hagsmunaaðila er þetta mál snertir. Veldur þar mestu um sú vinnutilhögun landbúnaðarnefndar neðri deildar að hafa í engu samráð um meðferð frv. við nefnd efri deildar.

Frv. hefði, svo viðamikið sem það er, þurft mjög nákvæma athugun, ítarlega kynningu og umræðu í þjóðfélaginu, ekki síst meðal bænda, þar sem það fjallar um flest veigamestu atriðin í lífskilyrðum þeirra og framtíðarstöðu.

Mörg atriði frv. eru óljós og erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þeirra í framkvæmd. Til þess hefði þurft nánari athugun, frekari upplýsingar og betri kynningu málsins.

Með þessu frv. tekst alls ekki að nálgast þá nauðsynlegu sátt sem þarf að takast sem allra best milli framleiðenda og neytenda sem eiga hér sameiginlegra hagsmuna að gæta. Sú sátt er þjóðarnauðsyn, en hún kostar mikla vinnu sem því miður hefur ekki verið lögð í þetta frv.

Enn skortir allar tryggingar fyrir því að öruggt sé um greiðslu afurðaverðs til bænda eins og frv. gefur svo fögur fyrirheit um, sbr. VI. kafla frv.

Ekkert liggur fyrir um líkleg áhrif þessa frv. á byggð og búsetu í landinu. Engir þjóðhagslegir útreikningar á áhrifum frv. liggja fyrir.

Óskýrð eru að mestu ákvæði frv. um verðlagningarkerfi búvara (þrefalt kerfi), verðábyrgð, framleiðslustjórn eða samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu. Alls staðar virðist vera látið skeika að sköpuðu.

Undirritaður er algerlega andvígur hraðafgreiðslu þessa frv. nú og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd allra stjórnmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. þess eðlis verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Alþingi, 19. júní 1985.

Helgi Seljan.

Ed. 1353. Breytingartillaga [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
Alþingismenn eru ekki kjörgengir í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

Ed. 1354. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [491. mál]

í málinu: Frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Eiði Guðnasyni.

Þar sem frv. þetta

— hefur alls ekki fengið eðlilegan athugun, skoðun og umræðu í landbúnaðarnefnd efri deildar,

— byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,

— byggir á úreltum hugmyndum um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhögg við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,

— lokar síðustu smugunum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,

— útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðlar þannig að rekstrarlegu ábyrgðarleysi og offjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðaila,

— felur í sér hóflausa skattlagningu á búgreinar, sem miðstýringarkerfinu eru ekki þóknanlegar, og mismunar þannig einstaklingum fyrir lögum,

— tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna og mun að öllum líkindum hækka verulega tilkostnað við framleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótaþörf“ á næstu árum,

— viðheldur því fáranlega reikningskerfi að rekaviður og laxveiðileyfi séu undirstaða útflutningsbóta,

— slær enn á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og milliliðakerfi í landbúnaði sem skaðar jafnt neytendur sem bændur,

— mun verða þjóðarheildinni dýrt verði það að lögum

telur Alþingi ótækt að samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir, vísar því málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 1355. Nefndarálit [404. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á tveim fundum. Sjávarútvegsráðherra sat annan fund nefndarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

Fiskveiðasjóði er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. l. nr. 44/1976.

Guðmundur Einarsson mun gera grein fyrir séráliti sínu.

Alþingi, 19. júní 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Gunnar G. Schram.

Halldór Blöndal. | Ingvar Gíslason.

Nd. 1356. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Við 1. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Atkvæðagreiðslan, sem er ráðgefandi fyrir Alþingi og ríkisstjórn, skal fara fram eigi síðar en 15. september. Skal hún snúast um það hvort gerðar skuli eftirtaldar breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgr. svohljóðandi:

Fallist meiri hluti kjósenda á framangreindar breytingar á lögunum skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi, við upphaf næsta þings, frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum til staðfestingar á niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Nd. 1357. Nefndarálit [438. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er ásátt með þessa afgreiðslu.

Alþingi, 19. júní 1985.

Páll Pétursson, form. | Halldór Blöndal, frsm. | Þorsteinn Pálsson.

Svavar Gestsson.

Nd. 1358. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. júní 1985.

Pétur Sigurðsson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Kjartan Jóhannsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Níels Á. Lund.

Nd. 1359. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá efri deild.

Alþingi, 19. júní 1985.

Pétur Sigurðsson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Kjartan Ólafsson, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Níels Á. Lund.

Ed. 1360. Breytingartillaga [275. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Í ráðinu eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.

Ed. 1361. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. júní 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm. | Stefán Benediktsson, fundaskr. | Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir.

Nd. 1362. Breytingartillaga [247. mál]

við frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

Frá Páli Péturssyni.

Við 6. gr. Orðin „sem ætluð er til nota í utanlandsflugi“ í síðari málsl. falli brott.

Ed. 1363. Nefndarálit [491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin tók þetta frv. fyrir á fundi sínum nú í morgun til efnislegrar umfjöllunar. Til viðræðna voru kallaðir fulltrúar Stéttarsambands bænda, Samtaka alifuglabænda, Neytendasamtakanna og Félags kartöflubænda. Enginn þessara aðila taldi hag sinn bættari með samþykkt þessa frv.

Vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið við meðferð eins veigamikils frv. sem þessa, verða að teljast forkastanleg, þar sem sama dag og frv. er rætt í nefndinni þurfti, vegna tímaskorts, að afgreiða málið til annarrar umræðu og atkvæðagreiðslu.

Undirrituð telur að frv. tryggi hvorki hag neytenda né bænda. Það eykur aðeins á miðstýringu á öllum sviðum landbúnaðarframleiðslu.

Undirrituð telur að hagsmunir bænda og neytenda fari saman. Þar af leiðandi þurfi þessir aðilar að vera með í ráðum þegar samið er frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þessu var ekki sinnt við samningu þessa frv. Starfshópur þingmanna á vegum stjórnarflokkanna hefur í tæp tvö ár hnoðað þessu frv. saman og stjórnarflokkarnir ákveðið að gera þetta frv. að lögum hvað sem liði þinglegri meðferð málsins.

Að framansögðu mun undirrituð greiða atkvæði gegn þessu frv.

Alþingi, 19. júní 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 1364. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. verður best skoðað í samhengi við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands og frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Saman fela þessi frv. það í sér að verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins er skipt í þrjá staði og úr verða Byggðastofnun, Framkvæmdasjóður Íslands og svonefnt hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Þar sem hér er um þrjár stofnanir að ræða í stað einnar fela þessi frv. í sér umtalsverða aukningu á því bákni sem þegar er fyrir hendi á þessu stjórnarsviði og virðast því til þess fallin að magna ágalla þess í stað þess að draga úr þeim.

Að auki má ljóst vera að ýmsir ágallar eru á þeim nýju stofnunum sem hér um ræðir. Þannig mun hin nýja Byggðastofnun hafa í för með sér aukna miðstýringu byggðamála og hið sama gildir um þau mál er heyra eiga undir hinn nýja Framkvæmdasjóð Íslands. Þeim skal nú stýrt af fulltrúum ráðherra og Seðlabanka. Þar sem stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins er þó kosin af Alþingi er hér einnig um aukna miðstýringu að ræða. Slíkri miðstýringu eru kvennalistakonur eindregið mótfallnar, enda segir í stefnuskrá Kvennalistans: „Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur. ... Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu ...“

Hvað varðar hið nýja hlutafélag sem ætlað er að örva nýsköpun í atvinnulífinu þá fylgir því engin stefnumótun í atvinnumálum sem væntanlega er þó undirstaða þess að hlutafélagið geti í raun stuðlað að nýsköpun og beitt sínu takmarkaða fjármagni í þá veru.

Þessi frv. eru því ekki líkleg til að bæta um betur í íslensku efnahagslífi og þar sem þessi mál þurfa bersýnilega nánari umfjöllunar við leggur undirrituð til að þessu frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. júní 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1365. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til nál. 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um frv. til l. um Byggðastofnun leggur undirrituð til að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. júní 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 1366. Frumvarp til laga [98. mál]

um sóknargjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

Samhljóða þskj. 762 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986 og falla þá úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Á meðan innheimtumaður ríkissjóðs nýtur óbreyttra lögkjara samkvæmt bráðabirgðaákvæði I laga nr. 41/1984 skal þóknun fyrir innheimtu sóknargjalda renna til innheimtumannsins og fara eftir því sem um semst.

Nd. 1367. Frumvarp til laga [509. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum deildarinnar er:
1. veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum,
2. varasjóður deildarinnar,
3. ábyrgð Búnaðarbankans.

2. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:
Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1368. Frumvarp til laga [247. mál]

um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

Samhljóða þskj. 1184 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:
Sérstakur innkaupajöfnunarreikningur skal haldinn af sérhverjum innflytjanda sem starfar við endursölu á bifreiðabensíni, gasolíu, svartolíu eða öðrum olíutegundum eftir nánari ákvörðun Verðlagsstofnunar. Undanþegið innkaupajöfnun er flugbensín og flugsteinolía ásamt öðrum olíutegundum sem eru seldar úr landi til erlendra aðila.

Nd. 1369. Frumvarp til laga [404. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

1. gr.

Á árinu 1985 er stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands heimilt að kaupa skuldabréf af viðskiptabönkum og sparisjóðum fyrir allt að 500 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Fjár til kaupanna skal sjóðurinn afla með yfirtöku lána úr Framkvæmdasjóði Íslands, sbr. lög nr. 43 30. maí 1984 og bráðabirgðalög nr. 102 30. júlí 1984.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður stimpilgjald af skuldabréfalánum samkvæmt 1. mgr. í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Við kaup á skuldabréfum samkvæmt 1. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976, en skuldabréf þessi skulu vera tryggð með veði í fiskiskipum og/eða fasteignum og á þann hátt sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að veita lán eða ábyrgðir vegna stofnframkvæmda við fiskeldisstöðvar með veði í fasteignum eða gegn ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. l. nr. 44/1976.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1370. Lög [48. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Afgreidd frá Ed. 19. júní.)

Samhljóða þskj. 1280.

Ed. 1371. Lög [479. mál]

um skipulag ferðamála.

(Afgreidd frá Ed. 19. júní.)

Samhljóða þskj. 1189.

Ed. 1372. Frumvarp til laga [275. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. júní.)

Samhljóða þskj. 453.

Nd. 1373. Lög [528. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

(Afgreidd frá Nd. 19. júní.)

Samhljóða þskj. 1220.

Nd. 1374. Lög [499. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 19. júní.)

Samhljóða þskj. 1129.

Nd. 1375. Lög [57. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 19. júní.)

Samhljóða þskj. 1312.

Nd. 1376. Frumvarp til laga [398. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum, og nefnist það fræðsluskylda. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum 7 til 15 ára er skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Fyrri málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Grunnskóli er tíu ára skóli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1377. Lög [456. mál]

um Byggðastofnun.

(Afgreidd frá Ed. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1253.

Ed. 1378. Lög [455. mál]

um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

(Afgreidd frá Ed. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1309.

Ed. 1379. Lög [98. mál]

um sóknargjöld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1366 (sbr. 762).

Ed. 1380. Frumvarp til laga [537. mál]

um áfengismál.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Óheimilt er þrátt fyrir ákvæði annarra laga að blanda saman óáfengu öli og áfengum drykkjum til sölu á veitingastöðum. Einnig er óheimilt þrátt fyrir ákvæði annarra laga að flytja með sér áfengt öl inn í landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að afstaða Alþingis til áfengismála verði skýrð til fullnustu. Eðlilegt hlýtur að teljast að bjórlíki verði ekki á boðstólum á veitingastöðum frekar en áfengt öl. Einnig hlýtur það að vera sjálfsögð afstaða löggjafans að mönnum verði ekki mismunað með þeim hætti að sumum leyfist að kaupa áfengt öl og flytja með sér inn í landið til neyslu en öðrum ekki, þar eð landsmenn geta ekki allir jafnt notað þá heimild eða hafnað henni. Hlýtur þetta frumvarp því, ef samræmi er í afstöðu þingsins, að hljóta skjóta afgreiðslu og samþykki því að ekki mun þingið vilja stuðla að tvískinnungi í þessum málum frekar en öðrum.

Ed. 1381. Nefndarálit [334. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. júní 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.	Valdimar Indriðason.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1382. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. júní 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Árni Johnsen.

Karl Steinar Guðnason.

Ed. **1383. Lög** [509. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1367.

Ed. **1384. Lög** [247. mál]

um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns.

(Afgreidd frá Ed. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1368 (sbr. 1184).

Ed. **1385. Lög** [404. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1369.

Nd. **1386. Breytingartillaga** [398. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Við 2. gr. Greinin falli brott.

Ed. **1387. Nefndarálit** [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er eitt af þremur þingmálum sem öll fjalla um þau áform stjórnarflokkanna að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir.

Erfitt er að koma auga á hvað vinnst við þessa breytingu. Framkvæmdastofnunin lifir bersýnilega áfram í afkomendum sínum, þessum þremur stofnunum sem taka við af henni, enda hefur Framkvæmdastofnunin sama hlutverk og allar sömu heimildir og væntanlegum dótturstofnunum hennar er ætlað að hafa.

Ókostirnir við þessa uppstokkun á starfsemi Framkvæmdastofnunar eru hins vegar ýmsir og skal hér á þá bent:

1. Miðstýring og ólýðræðislegir stjórnarhættir einkenna þessa breytingu, þar sem tvær stofnananna, sem hér er um að ræða, Framkvæmdasjóður og þróunarfélagið, verða ekki undir lýðræðislegri, þingkjörinni stjórn eins og á við um Framkvæmdastofnun heldur eru þessir voldugu sjóðir alfarið settir á ábyrgð ráðherra án nokkurs eftirlits eða íhlutunarréttar Alþingis.
2. Hætt er við að kostnaður við rekstur þessara þriggja stofnana verði miklu meiri en við rekstur Framkvæmdastofnunar og skriffinnska að sama skapi umsvifameiri.
3. Stefnumótun er engin í þessum nýju frumvörpum, hvorki í byggðamálum né atvinnumálum, og ekki er á nokkurn hátt komið til móts við þau sjónarmið sem nú eru víða uppi, og við Alþýðubandalagsmenn höfum tekið undir, að færa beri völd og ábyrgð í auknum mæli heim í héruð.
4. Í frumvörpunum er ekki gert ráð fyrir því að birtar séu opinberlega upplýsingar um allar lánveitingar Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs og þróunarfélags eins og gildir um lánveitingar Framkvæmdastofnunar, sbr. 15. gr. núgildandi laga.

Undirritaður leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta er liður í breytingu sem miðar að því einu að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir með auknu forstjóraveldi, aukinni miðstýringu og auknum tilkostnaði og þar sem nýskipan þessi virðist ekki hafa neina sérstaka kosti í för með sér en hins vegar ýmsa augljósa ágalla frá núverandi skipan mála telur deildin ástæðulaust að fjalla frekar um frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ragnar Arnalds.

Ed. 1388. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar, og viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar eða samvinnufélagsbankar.

   Einungis hlutafélögum og samvinnufélögum er heimilt að reka aðra viðskiptabanka en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka og ákvæði laga um samvinnufélög um samvinnufélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

   Til þess að stofna nýjan banka þarf sérstaka lagaheimild.
2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Skuldbindingar ríkisviðskiptabanka erlendis mega aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar eigin fé bankans, sbr. 36. gr. Til þess að taka lán erlendis, sem er umfram eigið fé bankans, þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild.

3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Um hluti í hlutafélagsbanka gilda þær samþykktir sem ráðherra hefur staðfest fyrir viðkomandi banka.
4. Við 9. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
   Bankaráð skal leggja fram árlega skýrslu um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Skýrslan skal send viðskiptaráðherra sem kynnir efni skýrslna um viðskiptabanka ríkisins á Alþingi er hann gefur þinginu skýrslu um heildarþróun peningamála á næstliðnu ári og horfur í þeim efnum.
5. 10. gr. orðist svo:
   Ráðherra og Alþingi geta hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans.
6. 12. gr. orðist svo:
   Kjaradómur ákveður laun og önnur starfskjör bankastjóra. Að öðru leyti skulu laun bankamanna ákveðin í kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna.
7. Við 21. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin ákveður almenna stefnu í vaxtamálum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Bankaráðin ákveða heildarkjör á einstökum flokkum útlána og innlána samkvæmt tillögum bankastjórnar.
8. Við 23. gr. bætist ný málsgr. sem orðist svo:
   Heimilt er ráðherra að setja reglur um hámark lánveitinga til einstakra viðskiptamanna bankanna. Bankaeftirlitið gerir tillögur til ráðherra um takmörkun þessa.
9. Á eftir 25. gr. komi ný gr. sem verður 26. gr. og orðist svo:
   Bankarnir skulu birta opinberlega lista yfir öll útlán sem veitt hafa verið sama aðila á liðnu ári er nema hærri fjárhæð en 20 milljónum króna og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 40 milljónir í viðkomandi stofnun. Upphæðum þeim, er að framan greinir, skal breyta árlega með reglugerð, sem ráðherra setur, í samræmi við breytingar á verðlagi.
10. Við 28. gr. 2. og 3. mgr. falli niður.
11. Við 36. gr. Aftan við gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi: Þó er óheimilt að stofna ný bankaútibú nema með samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ed. 1389. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stærsta viðfangsefnið í bankamálum er að fækka bönkum, sameina ríkisbanka í tvo banka og stuðla að því að einkabankar sameinist og myndi stærri heildir. Markmiðið verður að vera að gera bankabáknið í landinu ódýrara, mannfærra og léttbærara fyrir þjóðarheildina.

Því miður fjallar þetta frv. ekki um sameiningu banka. Þvert á móti virðist það staðfesta að stjórnarflokkarnir hafi gefist upp á því yfirlýsta áformi sínu að sameina ríkisbanka, þótt ekki séu nema fáir mánuðir síðan forsætisráðherra gaf um það yfirlýsingu í sjónvarpi.

Frv. er aðeins ætlað að lagfæra nokkur atriði í óbreyttu kerfi og eru sum til bóta en önnur ekki. Til bóta er að allir viðskiptabankar og allar innlánsstofnanir verði undir

yfirstjórn eins og sama ráðherra og að bankastjórar viðskiptabankanna gegni ekki öðrum launuðum störfum en þeim sem beinlínis fylgja bankastjórastarfi þeirra, svo og ákvæði er varða endurskoðun bankanna og innra eftirlitskerfi þeirra. Til bölvunar eru þau ákvæði frv. sem greiða fyrir fjölgun útibúa og veita bönkunum svigrúm til að ákveða vaxtakjör, sem þó kemur ekki að fullu til framkvæmda fyrr en áformuð breyting hefur verið gerð á lögum um Seðlabanka.

Í séráliti Lúðvíks Jósepssonar, sem sæti átti í svonefndri bankamálanefnd, bendir hann á eftirfarandi ágalla þessa frumvarps:

„1. Samkvæmt frumvarpinu er stofnun nýrra hlutafélagsbanka gefin frjáls, að vísu með nokkrum takmörkunum. Ég tel þetta ákvæði óþarft þar sem augljóslega er fyrst og fremst þörf á því að fækka bönkum og gera þá að stærri einingum.
2. Þá er með ákvæðum frumvarpsins nánast gefið fullt frjálsræði til að stofna ný útibú, eftir því sem stjórnendur bankanna vilja. Þær hömlur, sem settar eru í frumvarpinu um eiginfjárstöðu og hlutfall fasteigna af eigin fé bankans, hafa sáralítil áhrif. Ég tel mikla hættu á að þetta ákvæði frumvarpsins leiði til fjölgunar útibúa og ofþenslu í bankakerfinu. Með því ákvæði að einn ráðherra, í stað þriggja nú, hafi með yfirstjórn bankamálanna að gera ætti að vera auðvelt að stjórna fjölda bankaútibúa og sjá svo um að þau verði sett þar sem þeirra er eðlileg þörf.
3. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti „veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja umboðsskrifstofur hér á landi". Þessu ákvæði er ég mótfallinn. Tel ekkert knýja á um þetta mál, nema ætlunin sé að með þessu sé stigið fyrsta skrefið til stofnunar erlendra banka hér á landi, sem ég er andvígur.
4. Gert er ráð fyrir að ákvörðun vaxta af útlánum og innlánum verði færð frá Seðlabanka og ríkisstjórn til hverrar einstakrar innlánsstofnunar. Tekið er fram að innlánsstofnunum sé óheimilt að hafa samráð um ákvörðun vaxta og þóknunargjalda. Ég er andvígur þessari breytingu. Tel að hér skorti stórlega á að einstakir bankar og sparisjóðir geti ákveðið vaxtagjöld og innlánsvexti. Blind samkeppni á þessu sviði er að mínum dómi fráleit og gæti sett hagsmuni sparifjáreigenda í hættu og skapað mikinn vanda hjá þeim sem lán þurfa að taka til lengri tíma, t. d. í sambandi við útflutningsframleiðslu.
5. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bankar geti orðið hluthafar í almennum rekstrarfyrirtækjum sem ekki tengjast bankarekstrinum á neinn hátt. Ég er andvígur þessu. Tel að innlánsstofnanir eigi áfram að halda sig við það meginverkefni að taka sparifé til ávöxtunar og lána það út á öruggan hátt en leiða hjá sér áhættuþátttöku í atvinnurekstri.
6. Ég er andvígur 36. gr. frumvarpsins sem fjallar um eigið fé banka. Sú skilgreining á eigin fé, sem þar er sett fram, er mjög ónákvæm og segir í raun harla lítið um raunverulega getu viðkomandi stofnunar til að standa við skuldbindingar sínar. Greinin sem heild og þær hömlur, sem settar eru um hlutfall fasteigna af eigin fé, munu lítil sem engin áhrif hafa á stofnun nýrra útibúa. Þrátt fyrir ákvæði greinarinnar munu nær allir núverandi bankar og margir sparisjóðir hafa fullan rétt til að stofna til margra útibúa.

Eitt af aðalvandamálum íslenska bankakerfisins, eins og sakir standa, er að bankastofnanir eru of margar, dreifing þeirra er óeðlileg og rekstrareiningar þeirra eru flestar of litlar.

Af þessum ástæðum eru flestir bankar illa færir um að þjóna stærri atvinnufyrirtækjum og óeðlileg misskipting verður í verkaskiptingu bankanna.

Annar mikill galli á bankakerfinu er að Seðlabankinn er kominn langt út fyrir eðlileg mörk seðlabanka og hefur dregið til sín fjármagn sem á að vera í viðskiptalífinu. Vald hans er orðið of mikið í ýmsum greinum.

Leiðin til úrbóta í þessum efnum er ekki að gefa vexti frjálsa, ekki stjórnleysi í stofnun útibúa og ekki stofnun nýrra banka.

Ríkið á að ganga á undan og fækka viðskiptabönkum sínum í tvo og síðan á að setja almennar reglur sem leiða munu til þess, hér eins og erlendis, að hlutafélagsbankar sameinist og myndi stærri heildir."

Með hliðsjón af framansögðu er það skoðun minni hl. að frv. þetta hafi miklu stærri ágalla en kosti. Undirritaður flytur brtt. á sérstöku þskj., verði þær felldar leggur hann til að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ragnar Arnalds.

Ed. 1390. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta felur ekki í sér neina raunverulega skipulagsbreytingu aðra en þá að auka á yfirstjórn með kosningu sérstakrar stjórnar yfir Framkvæmdasjóð einan.

Hlutverk sjóðsins, eins og það hefur verið og eins og það verður eftir samþykkt þessa frumvarps og hugmynda um atvinnuvegasjóði, er hins vegar af því tagi að sjóðurinn getur sem best verið í umsjón fjármálaráðuneytisins án sérstakrar stjórnar eða skrifstofubákns, ellegar þá vistast í Seðlabanka, ef frekar þætti henta, svo framarlega sem menn treystast ekki til þess að leggja sjóðinn niður.

Samþykkt þessa frumvarps nú tefur vafalaust fyrir því að nauðsynleg skref verði stigin til einföldunar eins og að framan hefur verið lýst.

Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. júní 1985.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Ed. 1391. Breytingartillaga [493. mál]

við frv. til l. um sparisjóði.

Frá Eiði Guðnasyni.

Á eftir 37. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með samþykki stjórnar sparisjóðsins í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæði 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Ed. 1392. Nefndarálit [533. mál]

um till. til þál. um breytta nýtingu útvarpshúss.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir meiri hl. með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.
Eiður Guðnason, fundaskr., frsm.
Guðrún Tryggvadóttir.
Valdimar Indriðason.

Ed. 1393. Nefndarálit [493. mál]

um frv. til l. um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá neðri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.
Egill Jónsson.
Guðrún Tryggvadóttir.
Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Valdimar Indriðason.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Ed. 1394. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir meiri hl. með samþykkt frv. eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.
Guðrún Tryggvadóttir, frsm.
Egill Jónsson.
Valdimar Indriðason.

Ed. 1395. Nefndarálit [438. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., frsm.	Egill Jónsson.
Guðrún Tryggvadóttir.	Ragnar Arnalds.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 1396. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um Ríkisendurskoðun.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og fengið til viðræðna ýmsa aðila. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með brtt. sem hann flytur á sérstöku þskj. Eru þær annars vegar um að forsetar Alþingis skipi forstöðumann stofnunarinnar og hins vegar um sjálfstæði hans í starfi. Vill meiri hl. leggja áherslu á sjálfstæði ríkisendurskoðanda og er í tillögunni gert ráð fyrir að hann njóti svipaðrar réttarstöðu gagnvart forsetum Alþingis og ríkissaksóknari hefur gagnvart dómsmálaráðherra. Loks er brtt. um brottfall þriggja greina úr upphaflega frv. og er það aðeins til leiðréttingar.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Guðrún Tryggvadóttir.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 1397. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Hefur hún klofnað í afstöðu sinni til málsins og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt en minni hl. mun skila séráliti. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Valdimar Indriðason. frsm.
Guðrún Tryggvadóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.	Egill Jónsson.

Ed. 1398. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um Ríkisendurskoðun.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EgJ, GT, VI).

1. 1. málsl. 2. gr. orðist svo: Forsetar Alþingis skipa í sameiningu forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi.
2. Upphaf 3. gr. orðist svo:
   Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsetar Alþingis geta þó, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hann skýrslna um einstök mál.
3. 12.—14. gr. falli brott.

Ed. 1399. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Við 19. gr. bætist: að fengnu samþykki ráðherra.
2. Við 21. gr.
   a. 4. mgr. orðist svo:
      Bankaráð mótar stefnu bankans í vaxtamálum og setur að fenginni umsögn bankastjórnar og bankaeftirlits almennar reglur um lánveitingar bankans.
   b. Við greinina bætist ný mgr. sem orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. skal ráðherra heimilt að fresta stofnsetningu allra nýrra útibúa um eins árs skeið ef hann telur nauðsyn á því.
3. Á eftir 25. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Í hverjum banka skal vera starfandi starfsmannaráð skipað fjórum fulltrúum starfsfólks, tveimur kjörnum af bankaráði og einum fulltrúa bankastjórnar, og skal kjör fara fram árlega í janúarmánuði. Starfsmannaráð kýs sér formann og ritara. Starfsmannaráð skal fjalla um þau málefni er varða starfsaðstöðu, nýjungar eða breytingar í rekstri og vinnufyrirkomulagi og önnur þau mál er varða starfsfólk sérstaklega. Sérhver sá, er sæti á í starfsmannaráðinu, getur tekið upp slík mál á fundi.
   Bankaráð og bankastjórn skulu vísa málum af þessu tagi til starfsmannaráðsins til umfjöllunar. Starfsmannaráðið gerir tillögur og skilar ályktunum til bankaráðs og bankastjórnar.
4. Á eftir 27. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé bankans. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar gagnvart viðskiptabanka í einu lagi.
   Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við bankann, þ. m. t. ábyrgðir sem bankinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með einróma samþykki bankastjórnar og samþykki meiri hluta bankaráðs í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæði 1.—2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum skv. ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

5. Við 28. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga hlut í félögum sem reka aðra starfsemi en um getur í 1. mgr.

6. Við 37. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi fjórar nýjar málsgr. er orðist svo:

Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. **Launagreiðslur:**
   a. Heildarlaunagreiðslur.
   b. Föst yfirvinna.
   c. Önnur yfirvinna.
   d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

   Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í a-, b- og c-lið.

II. **Bifreiðakostnaður:**
   a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b. Notkun bílaleigubifreiða.
   c. Notkun leigubifreiða.
   d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. **Risnukostnaður:**
   a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
   b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. **Ferðakostnaður:**
   a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
   b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:
   a. Húseignir, lóðir og lendur.
   b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
   c. Bifreiðar.
   d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:
   1. Keypt og byggt á árinu.
   2. Selt á árinu.
   3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
   4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

7. Við 40. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Á aðalfundi hlutafélagsbanka skulu kjörnir hlutbundinni kosningu a. m. k. tveir skoðunarmenn til eins árs í senn. Jafnframt skal ráðherra skipa einn skoðunarmann til sama tíma og sé hann löggiltur endurskoðandi.

8. **Ákvæði til bráðabirgða I** orðist þannig:

Sameina skal Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í einn banka fyrir gildistöku laga þessara og tekur hinn sameinaði banki við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Ráðherra skal með reglugerð ákveða nánar um framkvæmd sameiningarinnar.

Við gildistöku laga þessara starfa tveir ríkisviðskiptabankar, Landsbanki Íslands og Útvegs- og Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur starfa fjórir hlutafélagsbankar, Iðnaðarbanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf., Samvinnubanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf.

Ed. 1400. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til nál. 3. minni hl. um frv. til l. um Byggðastofnun leggur undirrituð til að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 20. júní 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 1401. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 20. júní 1985.

Páll Pétursson, form., með fyrirvara.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorsteinn Pálsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Kjartan Jóhannsson.	Svavar Gestsson.

Sþ. 1402. Þingsályktun [383. mál]

um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði. Slík upplýsingamiðlun gæti t. d. orðið með eftirtöldum hætti: Útgáfu handbóka, námskeiðahaldi og söfnun tölvutækra gagna. Hafa skal samráð við eftirtalda aðila: Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, Byggingarþjónustuna, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reiknistofnun Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins og Landssamband iðnaðarmanna.

Sþ. 1403. Þingsályktun [84. mál]

um könnun á nýrri legu Vesturlandsvegar með sérstakri gerð brúa er hannaðar væru með tilliti til hafbeitarmöguleika í Kollafirði og Leiruvogi.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 86.

Sþ. 1404. Breytingartillaga [60. mál]

við till. til þál. um aukna þjónustu vegna tannréttinga.

Frá Ellert B. Schram.

Úr tillögugreininni falli niður orðin „úti á landsbyggðinni“.

Sþ. 1405. Þingsályktun [60. mál]

um bætt skipulag á þjónustu vegna tannréttinga.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til að koma á ákveðinni, skipulegri þjónustu í tannréttingum. Skal um málið leitað samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa.

Sþ. 1406. Þingsályktun [156. mál]

um nýtingu ríkissjóðs á hluta af Seðlabankabyggingu fyrir Stjórnarráð Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við Seðlabanka Íslands með það að markmiði að verulegur hluti af nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti verði nýttur í þágu Stjórnarráðs Íslands.

Sþ. 1407. Þingsályktun [112. mál]

um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 116.

Nd. 1408. Lög [275. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

(Afgreidd frá Sþ. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 453.

Nd. 1409. Frumvarp til laga [503. mál]

um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. júní.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 1990.

2. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraunum Öryrkjabandalagsins (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði miða hverju sinni skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna og efni 5. gr., að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1410. Lög [236. mál]

um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

(Afgreidd frá Nd. 20. júní.)

Samhljóða þskj. 1231.

Ed. 1411. Frumvarp til laga [398. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

(Eftir 3. umr. Nd., 20. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum, og nefnist það fræðsluskylda. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum 7 til 15 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1412. Breytingartillaga [491. mál]

við frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Ragnari Arnalds.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður svo hljóðandi:

Lög þessi gilda til bráðabirgða í tvö ár og skulu tekin til endurskoðunar þegar á næsta þingi.

Meðan lög þessi gilda skal framkvæmd þeirra við það miðuð að ríkisstjórnin tryggi eftirfarandi:

1. að afurðasölufélög fái rekstrarlán sem geri þeim kleift að standa að fullu skil á greiðslum til framleiðenda samkvæmt ákvæðum laganna;
2. að Áburðarverksmiðjan fái rekstrarlán og aðra þá fyrirgreiðslu er geri henni kleift að selja áburð á verði sem ekki sé hærra en gildir að jafnaði í nálægum löndum;
3. að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum verði ekki lægri en þær voru að meðaltali árin 1978—1983.

Ed. 1413. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um Ríkisendurskoðun.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta miðar að því að efla eftirlit Alþingis með fjármálum ríkisins og framkvæmd fjárlaga og stefnir að því leyti í rétta átt. Hins vegar getur engum dulist sem kynnir sér málið að frv. er illa undirbúið og margt svo óljóst í væntanlegri starfsemi þessarar nýju ríkisendurskoðunar að með öllu er óverjandi að samþykkja frv. án frekari athugunar.

Það er aðeins til marks um hroðvirknisleg vinnubrögð við gerð þessa frv. og meðferð þess í neðri deild að nú er viðurkennt af öllum að í frv. er stjórnarskrá landsins brotin tvívegis og verður því frv. þegar af þessari ástæðu að fara aftur til neðri deildar.

Samkvæmt frv. er ríkisendurskoðun gerð að stofnun sem heyrir beint undir Alþingi en ekki undir ríkisstjórn. Starfsmenn ríkisendurskoðunar, sem nú eru fast að 40 talsins, eru gerðir að starfsmönnum Alþingis.

Í nefndinni hefur verið spurt að því hvort forsetum Alþingis sé ætlað annað og meira hlutverk í þessu sambandi en að skipa ríkisendurskoðanda, þ. e. hvort þeim sé ætlað að hafa eftirlit með embættisrekstri hans, líkt og ráðherra er yfirmaður forstjóra og framkvæmdastjóra ríkisstofnana, og hvort þeir geti gefið ríkisendurskoðanda fyrirmæli sem varða störf hans. Svör við þessari spurningu voru harla óljós til að byrja með. Forsætisráðherra hefur nú svarað spurningunni algerlega neitandi og hefur fengið meiri hl. nefndarinnar til að flytja brtt. við frv. til að staðfesta þá stefnu. Forseti sameinaðs þings hefur hins vegar lýst yfir á fundum þingflokksformanna að hann hafi allt annan og andstæðan skilning á þessu máli og hefur hann því svarað fyrrnefndri spurningu játandi.

Staða þessa nýja embættis ríkisendurskoðanda verður óneitanlega harla sérstæð ef hann er hvorki háður Alþingi né ríkisstjórn í störfum sínum og hlýtur að vakna sú spurning hvort þessi nýi embættismaður eigi hvorki að heyra undir löggjafarvald, framkvæmdarvald né dómsvald.

Enn flóknara verður þetta mál þegar spurt er hvaða starfsemi eigi að fara fram hjá þessari stofnun. Verulegur hluti af starfsemi núverandi ríkisendurskoðunar er hrein stjórnsýslustörf, dagleg endurskoðun allra tollpappíra og umfangsmikil þjónusta við innheimtumenn ríkissjóðs í samvinnu við fjármálaráðuneyti. Fulltrúi ríkisendurskoðunar, sem kom á fund nefndarinnar, taldi að starfsemi ríkisendurskoðunar yrði óbreytt í öllum aðalatriðum. En aðrir hafa dregið það í efa. Ljóst er þó að mikill hluti þeirrar starfsemi, sem nú fer fram hjá ríkisendurskoðun, á ekkert erindi undir beina stjórn Alþingis.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar eru ítarleg ákvæði um viðfangsefni þessa frv., þ. e. um það hlutverk Alþingis að hafa eftirlit með reikningsskilum ríkisstofnana og gerð ríkisreiknings. Samkvæmt þessari grein stjórnarskrárinnar ber Alþingi að kjósa þrjá yfirskoðunarmenn er séu í launuðum störfum til að vinna þetta verk. Allir ættu að geta verið sammála um að löngu sé tímabært að gjörbreyta starfsháttum og vinnuaðstöðu yfirskoðunarmanna svo að þeim verði gert kleift að rækja störf sín í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og gjörbreyttar aðstæður á síðari tímum.

En í þessu frv., sem fjallar um framkvæmd þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar, er ekki lengur minnst einu orði á verkefni og störf yfirskoðunarmanna. **Þeir eru ekki til í þessu nýja kerfi.** Í upphaflegu frv. var þeim þó ætlað að sitja í stjórn ríkisendurskoðunar. En við meðferð málsins í neðri deild fuku þeir út úr frv. og svífa nú algjörlega í lausu lofti samkvæmt þessu nýja kerfi.

Ýmislegt annað orkar tvímælis í þessu frv., en þetta ætti að nægja til að sýna fram á að það er langt fyrir neðan virðingu Alþingis að afgreiða mál sem ekki er betur undirbúið en þetta, með svo marga lausa enda og stjórnarfarslega vankanta — ekki síst þegar þar við bætist að málið varðar Alþingi sjálft og störf þess — og með frv. er verið að fjölga starfsmönnum þingsins um nokkra tugi. Að auki er það álit margra að samþykkt frv. muni hafa í för með sér tvöfalt endurskoðunarkerfi hjá ríkinu og talsverða fjölgun starfsmanna.

Með hliðsjón af þessum rökum leggur minni hl. nefndarinnar til að frv. verði endurskoðað fram að næsta þingi og í því skyni verði því **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Stefán Benediktsson, sem ekki á sæti í nefndinni en fylgist með störfum hennar, er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 20. júní 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1414. Lög [491. mál]

um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 1308 (sbr. 915).

Ed. 1415. Lög [457. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 1339.

Ed. 1416. Lög [423. mál]

um viðskiptabanka.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 1337.

Ed. 1417. Lög [493. mál]

um sparisjóði.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 1336 (sbr. 917).

Ed. 1418. Lög [262. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 440.

Ed. 1419. Lög [334. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 1334.

Ed. 1420. Lög [438. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. júní.)

Samhljóða þskj. 742.

Ed. 1421. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. júní 1985.

Valdimar Indriðason, form., frsm.
Árni Johnsen.
Björn Dagbjartsson.
Guðrún Tryggvadóttir.
Kolbrún Jónsdóttir, með fyrirvara.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.
Eiður Guðnason.

Sþ. 1422. Nefndaskipun.

(107. löggjafarþing.)

I. FASTANEFNDIR.

A. Í SAMEINUÐU ÞINGI.

1. Fjárveitinganefnd:

Pálmi Jónsson, formaður,
Guðmundur Bjarnason, varaformaður,
Geir Gunnarsson, fundaskrifari,
Árni Johnsen,
Egill Jónsson,
Friðjón Þórðarson,
Karvel Pálmason,
Kolbrún Jónsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir,
Þórarinn Sigurjónsson.

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1985 (1, n. 280 (meiri hl.), n. 283 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pálmi Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Geir Gunnarsson.
2. Fjáraukalög 1980 (587, n. 825).
   Frsm.: Pálmi Jónsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (227, n. 826).
   Frsm.: Pálmi Jónsson.
2. Listskreyting Hallgrímskirkju (136).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Saga íslenskra búnaðarhátta (156).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Vegáætlun 1985–1988 (583, n. 948).
   Frsm.: Pálmi Jónsson.

2. Utanríkismálanefnd:

Aðalmenn:	Varamenn:
Tómas Árnason, formaður,[1])	Birgir Ísl. Gunnarsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson, varaformaður,	Friðjón Þórðarson,
Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari,	Guðrún Agnarsdóttir,
Gunnar G. Schram,	Haraldur Ólafsson,
Hjörleifur Guttormsson,	Karl Steinar Guðnason,
Ólafur G. Einarsson,	Steingrímur J. Sigfússon,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Þorsteinn Pálsson.

[1]) Við afsögn hans, 27. des., varð Haraldur Ólafsson aðalmaður. Eftir það gegndi Eyjólfur Konráð Jónsson formennsku í nefndinni.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Frysting kjarnorkuvopna (14).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða (3).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Afvopnun (105).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Geymsla kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði (239).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum (232).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Nýjar hernaðarratsjárstöðvar á Íslandi (241, n. 735 (meiri hl.), n. 743 (1. minni hl.), n. 769 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
   Frsm. 2. minni hl.: Haraldur Ólafsson.
7. Afnám misréttis gagnvart konum (563, n. 983).
   Frsm.: Haraldur Ólafsson.
8. Fullgilding hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna (817, n. 962).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Þingsályktunartillögur er nefndin flutti:

1. Þróunaraðstoð Íslands (947).
   Frsm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
2. Afvopnunarmál (922).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
3. Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða (819).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

3. Atvinnumálanefnd:

Birgir Ísl. Gunnarsson, formaður,
Þórarinn Sigurjónsson, varaformaður,
Kristín S. Kvaran, fundaskrifari,[1])
Björn Dagbjartsson,
Eggert Haukdal,[2])
Garðar Sigurðsson,[3])
Jóhanna Sigurðardóttir.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Þingnefnd vegna rekstrarvanda í sjávarútvegi (104, n. 618 (meiri hl.), n. 628 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Björn Dagbjartsson.
   Frsm. minni hl.: Garðar Sigurðsson.
2. Síldarverksmiðjur ríkisins (16).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum (189, n. 728).
   Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

---

[1]) Í forföllum hennar, frá þingbyrjun til 20. des., gegndi störfum hennar í nefndinni Kristófer Már Kristinsson.
[2]) Í fjarveru hans, frá 4. til 18. febr., tók sæti hans í nefndinni Siggeir Björnsson.
[3]) Í forföllum hans, frá þingbyrjun til 31. jan., tók sæti hans í nefndinni Margrét Frímannsdóttir.

4. Ríkismat sjávarafurða (21, n. 577 (meiri hl.), 593 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
   Frsm. minni hl.: Kristín S. Kvaran.
5. Fiskifélag Íslands (22).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Fræðslukerfi og atvinnulíf (76).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Heimaöflun í landbúnaði (101, n. 864).
   Frsm.: Björn Dagbjartsson.
8. Skipaútgerð ríkisins (17).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Samanburður á launakjörum launafólks á Íslandi og Norðurlöndum (117).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Rekstrargrundvöllur sláturhúsa (163).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Varnir gegn fisksjúkdómum (449, n. 795).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
12. Framleiðslustjórn í landbúnaði (106).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Stofnun og rekstur smáfyrirtækja (269, n. 1034 (minni hl.), n. 1038 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Kristín S. Kvaran.
    Frsm. meiri hl.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
14. Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum (447, n. 1116).
    Frsm.: Björn Dagbjartsson.
15. Veiðileyfastjórn á fiskveiðum (107).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum (127).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Sala á íslenskri sérþekkingu erlendis (126).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Ferðaskrifstofa ríkisins (18).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Jarðboranir ríkisins (19).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins (20).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Framleiðni íslenskra atvinnuvega (305).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Könnun á launum og lífskjörum (467).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Fullvinnsla sjávarafla (429).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Orkufrekur iðnaður á Suðurlandi (504).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Þróunarverkefni á Vestfjörðum (523).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Vesturlandsvegur (86, n. 1250).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

27. Svört atvinnustarfsemi (199).
    Nefndarálit kom ekki.
28. Rannsókn á innflutningsversluninni (427).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Námskeið fyrir fiskvinnslufólk (486).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Efling atvinnulífs á Norðurlandi vestra (186).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Brunavarnir í fiskvinnslufyrirtækjum (310).
    Nefndarálit kom ekki.
32. Þróunarstofur landshlutanna (557).
    Nefndarálit kom ekki.
33. Sölu- og markaðsmál (496).
    Nefndarálit kom ekki.
34. Búnaðarfélag Íslands (24).
    Nefndarálit kom ekki.
35. Orkufrekur iðnaður á Vesturlandi (535).
    Nefndarálit kom ekki.
36. Þátttaka ríkisfyrirtækja í uppbyggingu atvinnulífs (564).
    Nefndarálit kom ekki.
37. Alþjóðleg tækni í rekstri (575).
    Nefndarálit kom ekki.
38. Frelsi í innflutningi á olíuvörum (533).
    Nefndarálit kom ekki.
39. Frelsi í útflutningsverslun (534).
    Nefndarálit kom ekki.
40. Atvinnumál á Norðurlandi eystra (638).
    Nefndarálit kom ekki.
41. Fiskeldismál (712, n. 1333).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
42. Fjárhagsvandi bænda (680).
    Nefndarálit kom ekki.
43. Fiskiræktarmál (764, n. 1332).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
44. Ferðaþjónusta (810).
    Nefndarálit kom ekki.
45. Fiskeldismál (828, n. 1331).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
46. Upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál (612, n. 1252).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
47. Nýting jarðhita í heilsubótarskyni (829).
    Nefndarálit kom ekki.

4. Allsherjarnefnd:

Ólafur Þ. Þórðarson, formaður,[1])
Eggert Haukdal, varaformaður,[2])
Stefán Benediktsson, fundaskrifari,[3])
Birgir Ísl. Gunnarsson,[4])
Guðrún Helgadóttir,[5])
Jóhanna Sigurðardóttir,
Pétur Sigurðsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur (13, n. 544).
   Frsm.: Guðrún Helgadóttir.
2. Þjónusta við farþega í innanlandsflugi (2, n. 1241 (meiri hl.), n. 1285 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
   Frsm. minni hl.: Kjartan Ólafsson.
3. Leit að brjóstakrabbameini (12, n. 702).
   Frsm.: Ólafur Þ. Þórðarson.
4. Leiguaðstoð við láglaunafólk (9).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Aukin sjúkra- og iðjuþjálfun (59).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Aukin þjónusta vegna tannréttinga (60, n. 1316).
   Frsm.: Kjartan Jóhannsson.
7. Endurmat á störfum kennara (54).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Stuðningur við ungmenna- og íþróttahreyfinguna (58).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Málefni aldraðra (64).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Endurreisn Viðeyjarstofu (78, n. 790).
    Frsm.: Ólafur Þ. Þórðarson.
11. Almenn stjórnsýslulöggjöf (116, n. 1315).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
12. Staðgreiðsla skatta (128).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Lækkun á gjaldtöku af lyfja- og læknisþjónustu (11).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Fjárframlög til níunda bekkjar grunnskóla (142).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Lífeyrisréttindi húsmæðra (33).
    Nefndarálit kom ekki.

---

